Hæstaréttardómar 1980 - 2. bindi

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Skrifað inn á bls. 785.
Meiriháttar gallar á bls. 1273 og 1546.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

1980

LI, 2

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1980

Efnisskrá til bráðabirgða

Bls.

Ábúðarréttur 1455
Ábyrgð 1239
Aðflutningsgjald 698
Aðstöðugjald 1115
Áfengislög 702, 1344, 1378, 1501, 1572, 1680, 1707, 1899
Afplánun 1568
Áfrýjun 1702
Áfrýjunarleyfi 1585
Afturvirkni laga 1732
Almannahætta 1344
Bifhjól 1673
Bifreiðaárekstur 675, 1654, 1905, 1958
Bifreiðar:
a) einkamál 675, 713, 1654, 1754, 1905, 1958
b) opinber mál 702, 1344, 1378, 1479, 1501, 1572, 1578, 1680, ... 1707, 1727, 1899
Blóðrannsókn, bifreiðarstjórn (bifhjól) 1344, 1378, 1501, 1572, ... 1673, 1680, 1707, 1899
Bráðabirgðaökuleyfissvipting 1479
Búskipti 768, 827, 992, 1451, 1489, 1669
Byggingargallar 1091, 1927
Dómarar, vanhæfi 1401, 1751
Dómssátt 673, 681, 1360
Eignarnám 920, 1763
Endurgreiðslukrafa 686
Farbann 1946, 1979
Fasteignakaup 1415, 1527, 1627
Fasteignaskipti, söluþóknun 1621
Félagsdómur 1409
Félagsfundur, lögmæti 1180
Firma 1715
Fiskkaup 1362
Fiskveiðabrot 976
Fjárnám 681 998
Fjárnámsgerð úr gildi felld 681
Fjársvik 722
Flugvél, húftrygging 778, 1329
Frávísun
a) frá héraðsdómi 943, 1510
b) frá Hæstarétti 998, 1542, 1560, 1585, 1702, 1806, 1961
c) frávísunardómur úr gildi felldur 951, 1409

Bls.
Fundarsköp 1180
Gáleysi 883
Gallar 1091, 1627
Geðheilbrigðisrannsókn 1558
Gerðardómur 1198
Gjaldþrotaskipti 1669
Gæssluvarðhald 742, 941, 1034, 1222, 1236, 1446, 1483, 1485, 1522, ... 1558, 1651, 1794
Hafning máls 1167, 1651, 1654, 1748, 1794, 1896, 1897
Heimvísun 951, 1225, 1317, 1405, 1515, 1811, 1817, 1946
Hjón, búskipti 827
Húftrygging 778, 1329
Hylming 1744
Íkveikja 1344
Ítrekun 722, 733, 1344, 1378, 1501, 1673, 1680, 1707
Kaupgjaldsmál 812, 819, 968
Kaupkrafa, ráðskonulaun 768, 1692
Kærumál:
1) Afplánun 1568
2) Bráðabirgðaökuleyfissvipting 1479
3) Búskipti 827, 992, 1451
4) Dómarar, vanhæfi 1405, 1751
5) Dómssátt 673, 1360
6) Farbann 1946, 1979
7) Félagsdómur 1409
8) Frávísun:
a) frá héraðsdómi 943, 1510
b) frá Hæstarétti 1542, 1806
c) frávísunardómur úr gildi felldur 951
d) kröfu um frávísun hrundið 1409
9) Geðheilbrigðisrannsókn 1558
10) Gerðadómur 1198
11) Gjaldþrotaskipti 1669
12) Gæsluvarðhald 742, 941, 1222, 1236, 1446, 1483, 1485, ... 1522, 1558, 1651, 1794
13) Heimvísun 951, 1405, 1946
14) Hjón 827
15) Lögmannafélag Íslands, úrskurður 1198
16) Lögmannsréttindi 1647
17) Málflutningslaun 1198
18) Ómerking 1405
19) Óskipt bú 992
20) Radarmælingar 1479
21) Réttarneitun 1065
22) Sératkvæði 1409

Bls.
23) Skiptalok ... 1669
24) Skiptamál ... 833, 1451, 1489, 1669
25) Vanhæfi dómara ... 1405
26) Verjandi, skipun ... 946
27) Vitnaskylda ... 1474
Leigusamningur ... 1291
Lífsgjöf ... 1955
Líkamsárás ... 883
Lögbann ... 916, 1180, 1961
Löghald ... 1692
Lögmannafélag Íslands, úrskurður stjórnar ... 1198
Lögmannslaun ... 1034
Lögmannsréttindi ... 1647
Lögskráning sjómanna ... 976
Lögtak, lögtakslög ... 880, 1115, 1426, 1732, 1749, 1809, 1948
Lögveð ... 1809
Málflutningslaun ... 1198
Málsástæður ... 787
Málskostnaðarstrygging ... 1224
Málskostnaður ... 1167, 1651, 1748, 1794, 1896, 1897
Manndráp ... 883, 1021
Menningarsjóðsgjald ... 686
Misneyting ... 1415
Nytjastuldur ... 702
Ógildi samnings ... 957, 1415
Ómaksbætur ... 948, 1544, 1726
Ómerking ... 1225, 1317, 1405, 1515, 1811, 1817
Opinberir starfsmenn ... 1068
Orsakasamband ... 1239
Óskipt bú ... 992
Óvígð sambúð ... 1692
Radarmælingar ... 1479
Ráðningarsamningur ... 1068
Ráðskonulaun ... 768
Réttarneitun ... 1065
Sambúð, óvígð ... 1692
Samdómendur ... 1239
Samningar ... 745, 957, 1362, 1396, 1415
Sáttaumleitun ... 1817
Sératkvæði 675, 681, 702, 745, 778, 883, 916, 1008, 1021, 1091, 1115, 1225, 1239, 1291, 1409, 1426, 1455, 1568, 1572, 1585, 1627, 1654, 1702, 1715, 1727, 1732, 1809, 1817, 1905, 1927, ... 1948, 1955, 1974
Sjómenn, lögskráning ... 976
Skaðabótamál 839, 998, 1034, 1068, 1091, 1207, 1239, 1455, 1545,

Bls.
..... 1596, 1627, 1754, 1775, 1905, 1920, 1927
Skattar, Skattamál 686, 1115, 1426, 1732, 1948
Skemmtanaskattur 686
Skiptalok 1669
Skiptamál, skipti 833, 957, 1451, 1489, 1669
Skipun verjanda 946
Skjalafals 909, 1642, 1791, 1831, 1892
Skuldabréf 1974
Skuldamál 1396, 1968
Skyldusparnaður 1732
Stjórnarathöfn 1763
Stjórnarskrá 1732
Stjórnsýsla 745, 1763
Stjórnvald, vanhæfi 745
Söluþóknun, fasteignaviðskipti 1621
Sönnun 1239
Tékkamisferli 883
Tilboð 1008
Tilraun 1491
Tollskrá 698
Umboð 1968
Umferðarlög 675, 702, 1344, 1378, 1501, 1572, 1578, 1654, 1673,
..... 1680, 1707, 1727, 1754, 1899, 1905
Undirverktakar 1008
Uppboð 698, 1811, 1974
Uppboðsandvirði, úthlutun 1168
Uppsögn, starf 998
Útburður 1702
Útivistardómar, útivist 698, 948, 949, 950, 1544, 1654, 1725, 1726,
..... 1898, 1958
Vanhæfi dómara 1405, 1751
Vanhæfi stjórnvalds 745
Vátrygging 713, 778, 787, 1329, 1754
Vegir 920
Verðlagsbrot, sýkna 1126, 1146
Verðtrygging 1291
Verjandi, skipun 946
Verksamningur 1008, 1091, 1239, 1596
Vextir 778, 920, 1396, 1692, 1968
Vinnusamningur 1797
Vinnuslys 1775
Vitnaskylda 1474
Vörumerki 1715
Þjófnaður 722, 733, 883, 1491, 1519, 1827
Ökuhraði 1578, 1727

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXI. árgangur. 2. hefti 1980

Þriðjudaginn 26. febrúar 1980.

Nr. 15/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhanni Svavari Ísleifssyni.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. febrúar 1980, sem barst dóminum sama dag. Krefst hann þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld.

Varnaraðilja hefur verið gert kunnugt um kröfu ríkissaksóknara. Frá honum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 14. júlí 1975 var varnaraðilja í sakadómi Þingeyjarsýslu dæmt 10 daga varðhald og svifting ökuleyfis í eitt ár frá 9. desember 1974 að telja fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Varnaraðili var því saksóttur fyrir ítrekað brot, framið 7. desember 1979, gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt. Óheimilt var að ljúka málinu með þeim hætti, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. nefndrar 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Akureyrar 23. janúar 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 23. janúar, var sakadómur Akureyrar settur í skrifstofu bæjarfógetans á Akureyri og haldinn af Sigurði Eiríkssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið að halda rannsókn vegna kæru um brot á umferðar- og áfengislögum. SV bls. 180.

Dómurinn leggur fram nr. 1 skjalaskrá máls nr. 1/1980.

Í réttinum var mættur kærður: Nafn: Jóhann Svavar Ísleifsson. Stétt og atvinna: sjómaður. Heimili: Vöglum, Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu. Fæðingardagur: 11. júní 1954. Fæðingarstaður: Akureyri. Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærður játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt, sem varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög 52/1978.

Hann fellst á að greiða kr. 120.000 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu.

Sektin greiðist fyrir 15. mars 1980, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Málskostnaður kr. greiðist fyrir 15. mars 1980. Með vísan til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga er kærði sviptur ökuleyfi í 1 ár frá og með deginum í dag að telja. Kærði getur þess, að hann hafi glatað ökuskírteini sínu.

Brotið hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Þriðjudaginn 26. febrúar 1980.

Nr. 196/1978. **Óskar Gíslason og**
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
(Hilmar Árnason hrl.)
gegn
Eysteini Guðmundssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1978. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsvörn sína fyrir héraðsdómi reistu áfrýjendur á því tvennu, að stefndi hefði ekið of hratt og bifreið hans verið vanbúin til aksturs vegna slitinna hjólbarða og bilaðs hemlabúnaðar, áður en áreksturinn varð. Ekki verður með vissu ráðið af skýrslu Sigþórs R. Steingrímssonar bifreiðaeftirlitsmanns eða öðrum gögnum máls, að hemlar bifreiðarinnar, sem brugðust, þegar á reyndi, hafi verið í lagi fyrir árekstur-inn, en það stóð stefnda næst að hlutast til um, að reynt væri að leiða þetta í ljós. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að skipta beri tjóni stefnda milli málsaðilja. Þykir rétt samkvæmt 68., 69., 70. og 74. gr. laga nr. 40/1968, að áfrýjendur bæti honum tjónið að hálfu, en sjálfur beri hann það að hálfu.

Ágreiningslaust er, að tjón stefnda nam 340.720 krónum. Af því ber áfrýjanda samkvæmt framansögðu að bæta honum helming, eða 170.360 krónur. Frá þeirri fjárhæð verða

dregnar 115.000 krónur, sem stefndi hefur þegar fengið goldnar. Standa þá eftir 55.360 krónur, sem áfrýjendur verða dæmdir til að greiða stefnda óskipt með vöxtum, svo sem krafist er, enda er vaxtakröfunni ekki mótmælt fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Óskar Gíslason og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnda, Eysteini Guðmundssyni, óskipt 55.360 krónur með 19% ársvöxtum frá 30. mars 1978 til greiðsludags og samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ljóst verður að telja, að aðalhemlakerfi bifreiðarinnar R 53278 hafi bilað við hemlunarálag, er ökumaður reyndi að forðast árekstur. Ósannað er, að því hafi verið áfátt áður. Verður bilun þessi eigi lögð stefnda til lasts við sakarmat skv. 68. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Hins vegar reyndist handhemill óvirkur og hjólbarðar á afturhjólum sléttslitnir. Samkvæmt lögregluskýrslu var sólskin og hvorki ísing né hálka á akbraut, er árekstur varð. Verður brot stefnda á 1. gr. reglugerðar nr. 102/1973 um breytingu á reglugerð nr. 51/1964 um gerð og búnað ökutækja o. fl., sem honum er gefið að sök í héraðsdómi, svo og vanbúnaður handhemils eigi talið geta hafa átt nema lítinn þátt í árekstrinum og að minnsta kosti eigi meiri en sem nemi þeim einum þriðja hluta, sem stefndi er talinn bera ábyrgð á í héraðsdómi.

Þar sem hinum áfrýjaða dómi hefur ekki verið gagnáfrýjað, þykir bera að staðfesta hann að niðurstöðu til samkvæmt

því, sem hér hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjendur til þess að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 120.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Óskar Gíslason og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnda, Eysteini Guðmundssyni, óskipt 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. október 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 12. þ. m., hefur Eysteinn Guðmundsson, Flúðaseli 90, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. apríl 1978, á hendur Óskari Gíslasyni bifreiðarstjóra, Skeggjagötu 5, Reykjavík, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, til heimtu skaðabóta að eftirstöðvum kr. 225.720 með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum lánastofnana (19% ársvöxtum) frá 30. mars 1978 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Þess er krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða fjárhæðir þessar in solidum.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 30. mars 1978, laust fyrir kl. 0900 að morgni, ók stefnandi bifreið sinni, R 53278, Saab 96, fólksbifreið, árgerð 1970, norður Snorrabraut hér í borg. Kveðst hann telja, að hann hafi ekið á 40—45 km hraða. Er hann átti stutt ófarið að Njálsgötu, ók stefndi Óskar bifreið sinni, R 453, Mercury Comet fólksbifreið, austur Njálsgötu áleiðis yfir Snorrabraut og stöðvaði bifreið sína við eyju þá, er skilur að akbrautir Snorrabrautar. Stefndi Óskar leit eftir umferð um Snorrabraut og kveðst enga bifreið hafa séð, og því ók hann aftur

af stað yfir eystri akrein Snorrabrautar þvert í veg fyrir bifreið stefnanda. Stefnandi kveðst þegar hafa nauðhemlað, en hemlakerfið hafi brostið undan hinu mikla átaki, þannig að bifreið hans hafi runnið lengra fyrir þá sök og leitað jafnframt til hægri. Bifreið stefnanda rakst aftast á hægri hlið bifreiðar stefnda Óskars og sneri henni í hálfhring og rann síðan áfram og upp á gangstétt norðan Njálsgötu, þar sem hún stöðvaðist.

Lögreglumenn komu á vettvang eftir slysið, tóku skýrslur af ökumönnum og gerðu uppdrátt af vettvangi. Í skýrslu þeirra segir, að sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum hafi verið þær, að hægra afturbretti, afturhorn og afturhöggvari á bifreiðinni R 453 hafi beyglast, en R 53278 sé mikið skemmd að framan og óökufær.

Þar sem hemlar bifreiðarinnar R 53278 virtust ekki virka eftir áreksturinn, var bifreiðaeftirlitsmaður fenginn til þess að athuga það, hvort um skyndibilun hefði verið að ræða. Í skýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins, Sigþórs R. Steingrímssonar, segir m. a. svo:

„Við skoðun og reynslu í akstri kom í ljós, að bifreiðin var óökuhæf. Fóthemill gekk að gólfi, en festi hægra framhjól þar, en ekki það vinstra. Á afturhjólum voru ekki hemlar, þar sem vökvi lak út úr hægra afturhjóli. Þessi bifreið er búin tvöföldu hemlakerfi. Handhemill var óvirkur. Bifreiðin var búin slétt-slitnum hjólbörðum á afturhjólum, en vetrarhjólbörðum að framan með nöglum. Annað, sem hægt var að athuga vegna skemmda, virtist vera í lagi.

Rúður voru nokkuð hreinar."

Bæði formaður dómsins og lögmaður stefnanda hafa haft samband við Sigþór R. Steingrímsson bifreiðaeftireftirlitsmann og innt hann eftir því, hvort hann gæti eitthvað borið frekar um þessa skoðun sína á bifreiðinni R 53278 en í skýrslu hans greinir. Sigþór lýsti því yfir, að hann myndi ekkert eftir þessu og gæti engu bætt við það, sem hann hefur skráð í skýrslu sína.

Stefnandi hefur borið hér fyrir dóminum, að hemlar bifreiðar hans hafi verið góðir fyrir áreksturinn. Hann kvaðst hafa athugað það eftir áreksturinn með fyrrgreindum bifreiðaeftirlitsmanni, hvort um skyndibilun hefði verið að ræða á bremsukerfinu eða ekki, og þá hefði komið í ljós, að bremsuglussi í forðabúrinu hafi minnkað um leið og stigið var á hemlana. Þannig taldi hann, að hér hefði verið um skyndibilun að ræða.

Það er ágreiningslaust í málinu, að eignatjón stefnanda af völdum árekstursins nemi kr. 310.000 og tjón vegna afnotamissis kr.

30.720. Stefnandi hefur fengið tjón sitt bætt að einum þriðja hluta, þ. e. kr. 115.000, þannig að eftir stendur stefnufjárhæðin. Hið stefnda vátryggingarfélag, sem hafði bifreiðina R 453 í lögboðinni ábyrgðartryggingu, hefur eigi reynst fáanlegt til að gangast við ríkari bótaábyrgð á tjóni hans. Kvittaði stefnandi því fyrir móttöku greiðslunnar með fyrirvara og áskilnaði um málssókn.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi Óskar, hafi einn átt sök á árekstrinum með því að rækja ekki biðskyldu við framangreind gatnamót, sbr. 2. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. nr. 40/1968, heldur aka í blindni út á fjölfarna aðalbraut í veg fyrir bifreið stefnanda, sem þá hafi verið skammt undan. Það sé ljóst, að akstur stefnda Óskars hafi verið mjög gáleysislegur og sérstaklega fallinn til þess að raska umferðaröryggi á fjölfarinni aðalbraut.

Stefndu styðja sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi sjálfur alla höfuðsök á árekstrinum með háskalegum vanbúnaði bifreiðar sinnar og of hröðum akstri. Stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hafi þegar bætt stefnanda tjón hans að 1/3 hluta, en ekki talið efni til ríkari bótaábyrgðar. Í þessu sambandi benda stefndu enn fremur á, að árekstur inn hafi ekki orðið á Snorrabraut, heldur Njálsgötu, en þangað hafi stefnandi elt bifreið stefnda uppi. Orsök þess sé að leita í ólöglegum dekkjabúnaði bifreiðar stefnanda og biluðum hemlabúnaði og hafi þar ekki verið um neina skyndibilun að ræða, sbr. skýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins hér að framan. Þá bendi lengd hemlafara og harka árekstursins til þess, að bifreið stefnanda hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður. Af þessum ástæðum telja stefndu ekki rök til annars en sýknu.

Niðurstaða dómsins.

Stefndi Óskar Gíslason virti að vettugi biðskyldu gagnvart umferð eftir Snorrabraut. Þar með braut hann ákvæði 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og telst því eiga höfuðsök á árekstrinum. Hins vegar verður að telja, að stefnandi eigi einnig nokkra sök á árekstrinum, þar sem hjólbarðar bifreiðar hans voru þannig, að á framhjólum voru negldir vetrarhjólbarðar, en að aftan var bíllinn á sléttslitnum hjólbörðum. Þetta er brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugerðar nr. 102/1973 um breytingu á reglugerð nr. 51/1964 um gerð og búnað ökutækja o. fl. Þá er og á það að líta, að hemlakerfi bifreiðar stefnanda bregst, þegar á reynir, og á því verður lögð objektiv ábyrgð á stefnanda, sem telst heim-

ilt samkvæmt niðurlagi 68. gr. nefndra umferðarlaga. Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, telur dómurinn rétt að skipta tjóninu þannig milli málsaðilja, sbr. 68. gr. margnefndra umferðarlaga, að stefndu bæti stefnanda tjón hans að 2/3 hlutum, en hann beri 1/3 hluta tjóns síns sjálfur.

Tjón stefnanda af völdum árekstursins nemur samtals kr. 340.720. Tveir þriðju hlutar þeirrar fjárhæðar eru kr. 227.146. Stefnandi hefur þegar fengið greiddar kr. 115.000 af þeirri fjárhæð. Eftir standa þá kr. 112.146, sem stefndu eru dæmdir in solidum til þess að gjalda stefnanda auk 19% ársvaxta frá 30. mars 1978 til greiðsludags, enda eru það nú lögleyfðir innlánsvextir, og þykja mótmæli af hálfu stefndu gegn vaxtakröfunni því ekki hafa við rök að styðjast.

Eftir þessum málalokum verða stefndu dæmdir in solidum til að gjalda stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 85.000.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Bent Jörgensen og Finnboga Eyjólfssyni bifvélavirkjameisturum

Dómsorð:

Stefndu, Óskar Gíslason og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnandanum, Eysteini Guðmundssyni, kr. 112.146 með 19% ársvöxtum frá 30. mars 1978 til greiðsludags og kr. 85.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. febrúar 1980.

Nr. 202/1978. **Bragi Þór Stefánsson**
(Kristinn Einarsson hrl.)
gegn
Málningu h/f og
(Brandur Brynjólfsson hrl.)
Unnsteini Beck skiptaráðanda
f. h. þrotabús Breiðholts h/f
(enginn).

Fjárnámsgerð úr gildi felld. Dómssátt. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson, Gaukur Jörundsson prófessor og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 21. nóvember 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. nóvember 1978. Hann gerir þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi að því er varðar íbúð að Krummahólum 6 í Reykjavík, 1. hæð, sem merkt er DE. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndi Málning h/f krefst staðfestingar á fjárnámsgerðinni og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bú Breiðholts h/f var tekið til gjaldþrotaskipta 5. janúar 1979. Hefur þrotabúið tekið við aðild málsins. Krefst það sýknu af kröfu áfrýjanda um málskostnað, en gerir að öðru leyti engar kröfur í máli þessu.

I.

Hinn 10. janúar 1978 var tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur gerðarbeiðni stefnda Málningar h/f, þar sem þess var beiðst, að kyrrsettar yrðu eignir Breiðholts h/f til tryggingar nánar tilteknum kröfum. Var þá skráð í þingbók svofelld bókun:

„Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 — 7 víxla, samþykkta af gerðarþola.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Brandur Brynjólfsson hrl. og krefst löghalds fyrir kr. 4.857.886,- með 3% mánaðav. af kr. 590.594,- frá 15/9 s. l. til 12/10 s. á., af kr. 1.788.387,- frá þ. d. til 15/11 s. á., af kr. 2.688.387,- frá þ. d. til 1/12 s. á., af kr. 3.683.905,- frá þ. d. til 10. jan. 1978, af kr. 4.257.886,- frá þ. d. til 15. jan. s. á., og af kr. 5.587.886,- frá þ. d. til greiðsludags, kr. 10.660,- í stimpilgjald, málskostnaður skv. gjaldskrá L.M.F.Í., kr. 5.000 fyrir beiðni kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi staðfestingarmál og fullnustugerðin (sic), ef til kemur.

Fyrir gerðarþola er mættur Sigmundur Helgason, gjaldkeri og prókúruhafi gerðarþola.

Með aðilum varð svofelld sátt:

Gerðarþoli lofar að greiða löghaldskröfurnar fyrir 1. febrúar 1978 til gerðarbeiðanda. Greiðslustaður er skrifstofa Brands Brynjólfssonar hrl., Baldursgötu 12.

Sátt þessi er aðfararhæf.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Gerðinni lokið".

Hinn 24. febrúar 1978 sendi Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður yfirborgarfógetanum í Reykjavík svofellda fjárnámsbeiðni:

„Jafnframt því að senda yður, hr. yfirborgarfógeti, hjálagða réttarsátt í fógetaréttarmálinu nr. C-3/1978: Málning h.f. gegn Breiðholti h.f., leyfi ég mér að beiðast þess, að fjárnám verði gert í eignum sáttarþola til tryggingar greiðslu kr. 4.857.886 með 3% mánaðarvöxtum af kr. 590.594 frá 15/9 s. l. til 12/10 s. á., af kr. 1.888.387.- frá þ. d. til 15/11 s. á., af kr. 2.688.387.- frá þ. d. til 1/12 s. á., af kr. 3.683.905 frá þ. d. til 10/1 1978, af kr. 4.257.886.- frá þ. d. til 15/1 s. á. og af kr. 4.857.886.- frá þ. d. til greiðsludags, kr. 10.660.- í stimpilgjöld, kr. 319.710.- í málskostnað, kr. 5.000.- fyrir beiðni í löghaldsmáli, kr. 50.600.- í réttargjöld, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi fullnustugerðir.

Gerðin fari fram á ábyrgð Málningar h.f."

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður kaupsamningur, dagsettur 18. ágúst 1975, þar sem Breiðholt h/f selur áfrýjanda íbúðina DE á 1. hæð í húsinu nr. 6 við Krummahóla. Kaup-

samningur þessi var afhentur til þinglýsingar 15. nóvember 1978. Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt vottorð Sigmundar R. Helgasonar, er sótti þing af hálfu Breiðholts h/f við fjárnámið, og segir svo í vottorði þessu, sem er dagsett 12. september 1978:

„. . . Mér var uppálagt að benda á bifreiðina Y 5026, sem er af Henschel árgerð 1970, og ekkert annað. Lögmaður gerðarbeiðanda spurði, hvort ég gæti ekki bent á einhverjar íbúðir, sem Breiðholt væri þingl. eigandi að. Ég benti á, að Breiðholt ætti engar íbúðir, þó nokkrar væru enn á nafni Breiðholts, þar sem afsöl hefðu ekki verið gefin út ennþá, en þessar íbúðir allar í eigu einstaklinga. Þá fékk lögm. gerðarbeiðanda uppgefin hjá starfsstúlku fógeta númer íbúða í Krummahólum 6, sem enn voru á nafni Breiðholts. Þá tók ég skýrt fram, að ég hefði enga heimild til þess að benda á þessar íbúðir og mótmælti þessu við ftr. fógeta. Lögmaður gerðarbeiðanda sagðist þá mundu notfæra sér heimild í lögum til þess einhliða að benda á þessar íbúðir . . .“.

Sigmundur hefur staðfest vottorð þetta fyrir dómi, og er ekki vefengt af hálfu stefnda Málningar h/f, að þar sé rétt frá greint.

II.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að sátt sú, er lögð var til grundvallar fjárnáminu, sé þannig úr garði gerð, að hún hafi ekki verið löglegur aðfarargrundvöllur. Í öðru lagi hafi stefnda Málningu h/f verið kunnugt um, að Breiðholt h/f var ekki eigandi íbúðarinnar. Loks hafi sá fulltrúi yfirborgarfógeta, er fjárnámið framkvæmdi, ekki gætt leiðbeiningarskyldu sinnar.

Stefndi Málning h/f heldur því fram, að hin umrædda sátt sé gild aðfararheimild og að fógeti hafi gætt leiðbeiningarskyldu sinnar, þótt ekki væri það fært til bókar. Ekki skipti heldur máli, hvort Málning h/f var grandlaus um hinn óþinglýsta eignarrétt eða ekki.

III.

Sátt er löglegur aðfarargrundvöllur með hliðstæðum hætti

og dómur, sbr. 16. og 19. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vanda frágang sáttar bæði um form og efni. Í samræmi við 19. gr., sbr. 15. gr., sömu laga skal rita bókun um sátt skýrt og greinilega í þingbók. Samkvæmt þessu verður hin bókaða sátt að geyma í sjálfu meginmáli sínu skýra og tæmandi greinargerð fyrir skyldum þeim, sem fullnægja má með aðför, sbr. til hliðsjónar 193. gr. laga nr. 85/1936. Er ófullnægjandi í þeim efnum að vísa til bókana um önnur atriði. Af bókun um sátt þá, sem í máli þessu greinir og áður hefur verið rakin, verður ekki sjálfstætt ráðið, hvers efnis sáttin sé, þar sem þar er látið sitja við tilvísun til kröfugerðar löghaldsbeiðanda fyrir fógetarétti. Auk þess er þess að gæta, að tilvísun þessi getur ekki átt við kröfugerðina í heild og að um tiltekin atriði er kröfugerðin ekki ákveðin, en meðal annars var krafist „ . . . málskostnaður skv. gjaldskrá L.M.F.Í., kr. 5000,- fyrir beiðni kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi staðfestingarmál og fullnustugerðin, ef til kemur.“ Af þessum sökum var sáttin ekki þannig úr garði gerð, að hún væri viðhlítandi grundvöllur aðfarar. Ber því að ómerkja hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Við erum sammála því, sem segir í I.—II. kafla atkvæðis meiri hluta dómara.

Sátt sú, sem er grundvöllur hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar, er að vísu ekki svo vel úr garði gerð, sem æskilegt væri. Ekki verður samt talið, að á henni séu slíkir annmarkar, að þeir girði fyrir, að hún sé lögmætur aðfarargrund-

völlur, að öðru leyti en að því er varðar „málskostnað". Fjárhæð hans er ekki tiltekin, og verður fjárnám því ekki gert fyrir honum. Eignarrétti áfrýjanda að íbúð þeirri, sem í málinu greinir, hafði ekki verið þinglýst, er fjárnáminu var þinglýst, sbr. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 19/1887, sbr. nú lög nr. 69/1978, og víkur hann því fyrir fjárnámi skuldheimtumanns Breiðholts h/f, en ekki skiptir máli, hvort stefndi Málning h/f var grandlaus um hinn óþinglýsta eignarrétt. Ekki er sýnt fram á, að fulltrúi yfirborgarfógeta hafi vanrækt leiðbeiningarskyldu sína þannig, að réttarspjöllum hafi valdið fyrir áfrýjanda, sem ekki var viðstaddur gerðina og átti þess ekki kost að gæta þar réttar síns. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að þeir annmarkar séu á fjárnámsgerðinni, að ómerkingu varði. Ber því að staðfesta hana að öðru leyti en um málskostnað, 319.710 krónur, sbr. það, sem áður segir, og kostnað „við löghald kr. 55.000-", þar sem engin kyrrsetning var gerð.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest nema fyrir málskostnaði, 319.710 krónum, og kostnaði við löghald, 55.000 krónum.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 10. mars 1978.

Ár 1978, föstudaginn 10. mars, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skólavörðustíg 11 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-517/1978: Málning h/f gegn Breiðholti h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 sátt fógetaréttar Reykjavíkur í málinu C-3/1978. *Nr. 1 og 2* fylgja með í ljósriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 4.857.886 með 3% mánaðarvöxtum af kr. 590.594 frá 15. september sl. til 12. október s. á., af kr. 1.788.387 frá þeim degi til 15. nóvember s. á., af kr. 2.688.387 frá þeim degi til 1. desember s. á., af kr. 3.683.905 frá

þeim degi til 10. janúar 1978, af kr. 4.257.886 frá þeim degi til 15. janúar s. á. og af kr. 4.857.886 frá þeim degi til greiðsludags, í endurritskostnað kr. 300, kr. 10.660 í stimpilkostnað, kr. 319.710 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 5.000 fyrir gerðarbeiðni, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, auk kostnaðar við löghald, kr. 55.000.

Fyrir gerðarþola er mættur Sigmundur Helgason. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni Y 5026, sem er Henschel, árgerð 1970, og íbúðum að Krummahólum 6, 1. hæð, annarri merktri J og hinni merktri DE.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu/löghaldinu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 29. febrúar 1980.

Nr. 59/1978. **Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Þórshöll h/f
(Hjörtur Torfason hrl.).

Skemmtanaskattur. Menningarsjóðsgjald. Endurgreiðslukrafa. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson, Gaukur Jörundsson prófessor og Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í mál-

inu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 7.013.832 krónur með 7% ársvöxtum af 615.496 krónum frá 1. janúar 1972 til 1. janúar 1973 og af 1.524.873 krónum frá þeim degi til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til 1. janúar 1974 og af 2.752.815 krónum frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1975, af 4.489.966 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1976, af 6.172.895 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1977 og af 7.013.832 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum af þeirri upphæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, krefst stefndi í máli þessu endurgreiðslu á ofgreiddum skemmtanaskatti samkvæmt 2. gr. laga um skemmtanaskatt nr. 58/1970 og gjaldi til Menningarsjóðs samkvæmt 8. gr. sömu laga fyrir tímabilið 1. janúar 1971 til 30. júní 1976. Telur hann, að starfsmenn tollstjórans í Reykjavík hafi reiknað gjöld þessi með öðrum hætti og hærri en rétt sé samkvæmt nefndum lagaákvæðum.

Endurgreiðslukröfu sinni beinir stefndi að ríkissjóði og hefur stefnt menntamálaráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega til fyrirsvars fyrir hann. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1970, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili, rennur skemmtanaskattur í Félagsheimilasjóð, en hitt gjaldið, sem út af er stefnt, rennur óskipt til Menningarsjóðs, sbr. 2. mgr. 8. gr. hinna fyrrnefndu laga svo og a lið 3. gr. laga nr. 50/1957 um Menningarsjóð og Menntamálaráð. Félagsheimilasjóður lýtur stjórn menntamálaráðherra, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 107/1970 og 3. gr. laga nr. 54/1979, sbr. 8. tl. 10. gr. auglýsingar nr. 96/1969. Menntamálaráð fer með yfirstjórn Menningarsjóðs, sbr. a lið 7. gr.

laga nr. 50/1957, en málefni ráðsins bera undir menntamálaráðuneyti, sbr. 4. tl. 10. gr. auglýsingar nr. 96/1969. Eigi að síður hefur stefndi beint kröfum sínum um endurgreiðslu á hluta þessara gjalda, svo sem þau voru innheimt, að ríkissjóði, en ekki þeim sjóðum, sem þau runnu í.

En hvað sem þessu líður, þykir ekki verða fallist á það með stefnda, að umrædd gjöld hafi verið ofreiknuð. Er það eðlilegastur skilningur á orðunum „brúttóverð aðgöngumiða" í lögum nr. 58/1970, að með þeim sé átt við söluverð aðgöngumiða að meðtöldum skemmtanaskatti og menningarsjóðsgjaldi, svo sem þau gjöld eru greind á aðgöngumiðanum, án alls frádráttar vegna annarra opinberra gjalda eða kostnaðar. Er þá haft í huga, að samkvæmt niðurlagsákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 127/1937, sem sett var samkvæmt heimild í lögum um skemmtanaskatt nr. 56/1927, ber að prenta verð aðgöngumiða og upphæð skemmtanaskatts á hvern aðgöngumiða að þeim skemmtunum, sem greiða ber skemmtanaskatt af. Var reglugerð þessi enn í gildi, er lög nr. 58/1970 leystu lög nr. 56/1927 af hólmi, sbr. og reglugerð nr. 73/1963.

Þegar af þeim ástæðum, sem raktar hafa verið, ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 1.100.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Þórshallar h/f.

Stefndi greiði áfrýjanda 1.100.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. janúar 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 19. þ. m., hefur Ellert B. Schram héraðsdómslögmaður, Tryggvagötu 8, Reykjavík, höfð-

að f. h. Þórshallar h/f, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. maí 1977, á hendur menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á ofgreiddum skemmtanaskatti og menningarsjóðsgjaldi að fjárhæð samtals kr. 7.013.832 ásamt vöxtum að fjárhæð kr. 355.254, sem stefnandi sundurliðar sem hér segir:

„1½%	v. af kr.	614.496.00	01.01.72. —	31.12.72.	9.217.00
1½%	v. af kr.	1.524.873.00	01.01.78. —	31.12.73.	22.873.00
1½%	v. af kr.	2.752.815.00	01.01.74. —	15.07.74.	22.367.00
2%	v. af kr.	2.752.815.00	15.07.74. —	31.12.74.	25.234.00
2%	v. af kr.	4.489.966.00	01.01.75. —	31.12.75.	89.799.00
2%	v. af kr.	6.172.895.00	01.01.76. —	20.11.76.	108.026.00
2%	v. af kr.	6.173.895.00	20.11.76. —	31.12.76.	19.290.00
2½%	v. af kr.	7.013.832.00	01.01.77. —	01.05.77.	59.448.00
					355.254.00“

Þá krefst stefnandi enn fremur málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, þó eigi lægri en samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ og aukatekjulögum.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Varakrafa stefndu er sú, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Málsaðiljar eru sammála um það að skjóta ágreiningsmáli þessu beint til dómstóla, enda sé þýðingarlaust að leggja það fyrir sáttanefnd.

Stefnandi kveður málavexti þá, að á þeim tíma, sem krafa hans nær yfir, hafi Þórshöll h/f rekið veitingahúsið Þórscafé, Brautarholti 22, Reykjavík. Rekstur hússins hafi verið í því fólginn að standa fyrir almennum dansskemmtunum flest kvöld vikunnar árið um kring. Veitingahúsið hafi ekki haft vínveitingaleyfi á umræddu tímabili. Af þeim sökum hafi viðskiptavinir hússins greitt aðgangseyri, sem samþykktur hafi verið af lögreglustjóra og verðlagsyfirvöldum hverju sinni. Auk aðgangseyris, sem runnið hafi til veitingahússins sjálfs, hafi verið innheimtur skemmtanaskattur, menningarsjóðsgjald og söluskattur fyrir hönd ríkissjóðs. Hafi þessi gjöld verið innifalin í því miðaverði, sem viðskiptamenn hafi innt af hendi.

Mál þetta er risið vegna ágreinings um þá aðferð, sem notuð hefur verið við álagningu umræddra opinberra gjalda.

Allt frá því að lög nr. 58/1970 um skemmtanaskatt hafi verið sett, hafi verið innheimtur 20% skemmtanaskattur og 3% menningarsjóðsgjald, sem ákveðið sé með sömu lögum, svo og söluskattur, nú 20% af hverjum seldum miða.

Embætti tollstjóra f. h. fjármálaráðherra hafi annast útreikninga og innheimtu þessara gjalda f. h. ríkissjóðs og allt umrætt tímabil hafi gjöldin verið reiknuð með eftirfarandi hætti, ef dæmi er tekið af kr. 400, sbr. framlagður miði í málinu:

„Skemmtanaskattur (20%)	kr.	80.00
Menningarsjóðsgj. (3%)	kr.	12.00
Söluskattur (20%)	kr.	63.86
Samtals		155.86
Grunnverð:		245.14
Samtals		400.00“

Svo sem sjá megi af þessu, sé söluskattur bakreiknaður með þeim hætti, að fundin sé söluskattsstofn af heildarupphæðinni, það er grunnverði, skemmtanaskatti og menningarsjóðsgjaldi. Skemmtanaskatturinn sé reiknaður af grunnverði, söluskatti og menningarsjóðsgjaldi og menningarsjóðsgjaldið sé reiknað af söluskatti og skemmtanaskatti.

Samkvæmt þessari aðferð hafi stefnandi greitt á árunum 1971 til 1976 í skemmtanaskatt og menningarsjóðsgjald samtals kr. 23.620.443, sbr. bókhaldsgögn og bréf endurskoðanda, dagsett 10. mars 1977, er lögð hafa verið fram í máli þessu og sundurliðast sem hér segir:

„Ár,	Skemmtanaskattur	Menningarsjóðsgjald
1971	1.953.352.00	293.060.00
1972	2.953.630.00	443.055.00
1973	3.750.450.00	562.583.00
1974	4.944.370.00	741.661.00
1975	4.670.040.00	700.640.00
1976	2.267.480.00	340.122.00“

Í fyrstu kveðst stefnandi ekki hafa kynnt sér nákvæmlega, hvernig tollstjóraembættið hafi reiknað út þær fjárhæðir, sem honum hafi verið gert að greiða af hverjum seldum aðgöngumiða,

en þar hafi komið, að hann hafi talið, að hér væri ekki rétt að staðið og mótmælt nefndri reikningsaðferð bæði munnlega og skriflega. Vísar stefnandi til bréfa, annars vegar til fjármálaráðherra, dagsetts 21. desember 1974, og hins vegar til menntamálaráðherra, dagsetts 15. ágúst 1974, þar sem beiðst var úrskurðar ráðuneytisins um þetta atriði, enda hafði í „memorandum" til fjármálaráðherra verið sagt, að úrskurður um þetta atriði heyrði undir menntamálaráðuneytið. Lögmaður stefnanda lýsti því yfir við munnlegan málflutning, að menntamálaráðuneytið hefði í engu sinnt þessari úrskurðarbeiðni, og er það brýnt brot gegn ákvæðum 9. gr. laga nr. 58 12. maí 1970 um skemmtanaskatt.

Þegar allar tilraunir stefnanda til þess að fá leiðréttingu mála sinna hafi reynst árangurslausar, kveðst hann hafa neyðst til þess að skjóta máli sínu til úrlausnar dómstóla.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar á eftirfarandi hátt: Skemmtanaskattur, menningarsjóðsgjald og söluskattur séu gjöld, sem viðskiptamanni veitingahússins, en ekki húsinu sjálfu, beri að greiða. Með þeirri aðferð, sem beitt hafi verið, lendi gjaldið hins vegar að hluta til, eða sem nemur stefnufjárhæðinni, óréttilega á veitingahúsinu. Skýrir stefnandi þetta með dæmi: Veitingahús telji sig þurfa kr. 271, til að rekstur þess beri sig, og fái það samþykkt. Ofan á þá fjárhæð beri að leggja 20% skemmtanaskatt, eða kr. 54, 3% menningarsjóðsgjald, eða kr. 8. Þessar fjárhæðir geri samtals kr. 333, er sé söluskattsstofninn, sem 20% söluskattur sé reiknaður af, eða kr. 67, og sé þá aðgöngumiðinn seldur á kr. 400.

Samkvæmt aðferð tollstjóra sé hins vegar tekin til viðmiðunar upphæðin, er viðskiptamaðurinn greiði, þ. e. kr. 400, og bakreiknað frá henni, skattur reiknaður af skatti og öfugt og í hlut hússins komi kr. 245.10.

Stefndi hafi að vísu haldið því fram, að útreikningur hans styðjist við lög um skemmtanaskatt nr. 58/1970, 2. gr., en þar segi, að skemmtanaskattur skuli greiðast af brúttóverði seldra aðgöngumiða. Spurningin sé því, hvað sé brúttóverð? Í umræðum á Alþingi um frumvarp til laga um skemmtanaskatt árið 1918 hafi nokkrar umræður orðið um hugtökin brúttó og nettó. Í þeim umræðum hafi kom fram sú skilgreining, að nettó séu tekjur, þegar búið sé að draga kostnað frá. Með brúttó sé hins vegar átt við það, þegar kostnaður hafi ekki verið dreginn frá, eða heildartekjur. Umræður hafi spunnist um það, hvernig ætti að haga innheimtu skattsins. Þetta hafi jafnframt verið spurning um það,

hvern væri verið að skattleggja, viðskiptamanninn eða fyrirtækið. Með því að innheimta skatt af nettótekjum hafi fyrirtækið verið skattgreiðandinn, en með gjaldi í hlutfalli við brúttóverð hafi viðskiptamaðurinn verið skattlagður.

Sú grundvallarregla hafi orðið ofan á, að það ætti að skattleggja gestinn, hann reiddi af höndum skatt, sem nam 20% af andvirði aðgöngumiðans. Flutningsmenn frumvarpsins með Einar Arnórsson í broddi fylkingar hafi lagt dæmið mjög greinilega fyrir allan þingheim. Þeir hafi tekið talnadæmi og sagt: „Ef aðgöngumiðinn kostar 15 aura, þá er skatturinn 3 aurar, samtals 18 aurar". Þarna komi skýrt fram, að brúttóverð aðgöngumiðans sé sama og heildartekjur hússins, áður en skatturinn leggst ofan á, enda fái húsið þær tekjur óskertar. Gesturinn reiði aðeins af höndum skatt í hlutfalli við grunnverð miðans. Skemmtanaskattur sé ekki kostnaður hússins. Á það megi minna, að hér sé um að ræða nákvæmlega sömu skilgreiningu og gildi um söluskatt.

Af því, sem að framan er rakið, hafi skemmtanaskattur lengst af verið reiknaður af brúttóandvirði miðans, sem hafi þá verið grunnverð hans, en ekki sú upphæð, sem á miðann hafi verið sett, eftir að söluskattur og aðrir skattar höfðu verið á lagðir.

Söluskattur sé jafnan lagður á heildarandvirði vöru eða þjónustu, það er brúttóandvirði, en þó ekki reiknaður af sjálfum sér. Í 9. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt sé beinlínis tekið fram, að söluskattur teljist ekki með heildarandvirði.

Í 25. gr. reglugerðar nr. 169/1970, 4. mgr., sé tekið fram, að af skemmtun, sem seldur sé aðgangur að, skuli söluskattur reiknaður af söluverði aðgöngumiða að meðtöldum skemmtanaskatti. Með hliðsjón af þessu ákvæði heldur stefnandi fram, að söluskattur skuli lagður á á síðasta stigi. Áður en hann sé á lagður, þurfi því að liggja fyrir, hversu skemmtanaskatturinn sé hár, að öðrum kosti sé ekki unnt að reikna út söluskatt af „aðgöngumiðaverði að meðtöldum skemmtanaskatti."

Þetta sé og í samræmi við þá viðurkenndu reglu, að söluskattur sé lagður á, þegar verðið sjálft, álagning og önnur gjöld liggi fyrir.

Stefnandi telur hina réttu aðferð við útreikninga þessa vera þá að finna söluskattsstofn þeirra upphæða, sem inn hafa komið fyrir selda aðgöngumiða. Síðan verði fundin hlutfallstala skemmtanaskatts og menningarsjóðsgjalds, hvors fyrir sig, í söluskattsstofni og þeim hlutfallstölum beitt til þess að finna, hverju

greiðslur gjaldanna eigi að nema. Í þessu sambandi vísar stefnandi til bréfs hins löggilta endurskoðanda frá 10. mars 1977, sbr. dskj. nr. 7, þar sem sýnt er, hver hafi verið söluskattsstofninn framangreind ár, hversu mikið hafi verið greitt og hvað greiða hefði átt, ef réttri aðferð hefði verið beitt.

Stefnandi færir fram eftirfarandi dæmi:

Sé grunnverð miða kr. 1.000, verði hlutföllin sem hér segi:

			%
„Grunnverð miða	kr.	1.000.00	81.30
20% skemmtanask.	kr.	200.00	16.26
3% menningarsj.gj	kr.	30.00	2.43
Söluskattstofn.	kr.	1.230.00	
20% söluskattur		246.00	
	kr.	1.476.00“	

Eins og fram kom í dæmi þessu, sé skemmtanaskattur 16.26% af söluskattsstofni og menningarsjóðsgjald verði 2.43%. Samkvæmt þessari aðferð hafi stefnandi átt að greiða á tímabilinu 1971 til júlí 1976 kr. 16.606.611 í stað kr. 23.620.443. Mismunurinn sé kr. 7.013.832, eða sú upphæð sem stefndu eru krafðir um, og sundurliðar stefnandi þetta á hin einstöku ár sem hér segir:

„Ár,	Skemmtanaskattur,	Menningarsjóðsgjald
1971	534.295.00	80.201.00
1972	783.608.00	117.552.00
1973	1.055.887.00	158.399.00
1974	1.489.059.00	223.364.00
1975	1.504.693.00	225.838.00
1976	731.249.00	109.688.00“

Við munnlegan flutning málsins benti stefnandi á það til frekari áréttingar kröfum sínum, að ef útreikningsaðferð tollstjóraembættisins sé viðhöfð, þá leiði hækkun á söluskatti sjálfkrafa til þess, að bæði skemmtanaskattur og menningarsjóðsgjald af aðgöngumiðum hækki, án þess þó að hróflað hafi verið við skattprósentum þessara gjalda.

Stefnandi hefur ekki viljað sætta sig við, að embætti tollstjóra f. h. ríkissjóðs beiti, að mati stefnanda, röngum aðferðum við út-

reikninga þeirra opinberra gjalda, sem Þórshöll h/f hafi innheimt fyrir ríkissjóð. Eins og fyrr segi, hafi margsinnis verið gerð tilraun til leiðréttingar, en án árangurs.

Í 9. gr. laga um skemmtanaskatt nr. 58/1970 segi, að „Ef ágreiningur verði um skattskyldu, sker ráðherra úr, en bera má úrskurð hans undir dómstólana." Embætti tollsjóra heyri undir fjármálaráðherra, sem beri ábyrgð á innheimtu opinberra gjalda. Lög um skemmtanaskatt séu sett að frumkvæði menntamálaráðuneytisins og framkvæmd þeirra sé á ábyrgð menntamálaráðherra. Af þeim sökum sé þessum tveimur ráðherrum stefnt f. h. ríkissjóðs.

Stefndu mótmæla alfarið þeim skilningi stefnanda og staðhæfingum, að almennt megi ekki reikna skatt af skatti og að einungis sé heimilt að reikna einn skatt, það er söluskatt á síðasta stigi. Bann við slíkri skattlagningu sé hvergi að finna, hvorki í stjórnarskrá né öðrum heimildum. Svo lengi sem lagaheimildir séu fyrir hendi, sé heimilt að reikna hvern einstakan skatt um sig á þann veg, að upphæðir annarra gjalda séu inni í viðmiðunargrundvellinum. Þess séu fjölmörg dæmi bæði í núverandi löggjöf og í eldri skattalögum. Vitna stefndu máli sínu til stuðnings í dóm Hæstaréttar í 22. bindi, bls. 435.

Samkvæmt þessu telja stefndu það víðsfjarri, að til sé einhver grundvallarregla í íslenskum rétti, er banni að reikna skatt af skatti eða að ekki megi reikna nema einn skatt á síðasta stigi. Úrlausn þess fari eftir því, hvort fullnægjandi lagaheimild sé fyrir hendi hverju sinni. Hvað söluskattinn varðar, þá verði því eigi í móti mælt, að heimilt sé að reikna hann af öðrum skattaálögum, enda virðurkennt af stefnanda. Í því sambandi benda stefndu á 9. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt og 25. gr. reglugerðar nr. 169/1970, en í 4. mgr. hennar sé beinlínis tekið fram, að af skemmtunum, sem seldur sé aðgangur að, skuli söluskattur reiknaður af söluverði aðgöngumiða að meðtöldum skemmtanaskatti.

Á sama hátt telja stefndu einsýnt, að skemmtanaskatt beri að leggja á eftir sömu meginaðferð og söluskattinn. Þannig beri að leggja söluskatt og menningarsjóðsgjald ofan á söluverð aðgöngumiða, áður en skemmtanaskattur er reiknaður. Þessi niðurstaða leiði beint af ákvæðum áðurgreindra laga um skemmtanaskatt, 2. gr., en þar séu tilgreindar þær skemmtanir, sem teljist skattskyldar skv. lögum. Skattur þessi sé mishár eftir því, um hvers konar skemmtun sé að ræða, ýmist 10, 15 eða 20%. Um hvern einstakan flokk skemmtana sé tekið fram, að skemmtanaskatturinn skuli greiðast af „brúttóverði seldra aðgöngumiða". Sam-

svarandi ákvæði um menningarsjóðsgjald sé að finna í 8. gr. laganna.

Það, sem hér skiptir meginmáli, sé, hvað felist í orðinu „bruttóandvirði". Bein orðskýring lagaákvæðanna styðji eindregið þann skilning, að hér sé átt við andvirði aðgöngumiða, eftir að öll gjöld, hverju nafni sem nefnast, hafi verið reiknuð inn í verðgrundvöllinn og endanlegt verð aðgöngumiða þannig fundið. Hugtakið „brúttó" hafi í íslensku máli alveg ákveðna merkingu. Skeytt framan við önnur orð tákni það heildar- eða án nokkurs frádráttar. Óþarfi sé að tína til mörg dæmi í þessu sambandi, en nefna megi þó til hliðsjónar t. d. „bruttóþyngd" vöru, sem tákni heildarþyngd að meðtöldum umbúðum, og „bruttótekjur", sem tákni heildartekjur, áður en frá þeim sé dregin nokkur rekstrarkostnaður eða þvílík útgjöld. „Bruttóandvirði" aðgöngumiða í áðurgreindum lagaákvæðum tákni því heildarandvirði miðans eins og það sé, þegar lögboðin gjöld hafi verið lögð ofan á það. Söluskatturinn og menningarsjóðsgjaldið sé þannig augljóslega hluti af „bruttóandvirðinu" og innifalið í því og af því bruttóandvirði reiknist síðan skemmtanaskatturinn.

Þess sé enn að gæta, að í hugtakinu „brúttó" felist jafnframt, að skattinn skuli reikna af sjálfum sér, eins og altítt sé um neysluskatta á síðasta stigi. Sú hafi og verið framkvæmdin frá gildistöku laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt.

Auk þess sem bein orðskýring bendi eindregið til ofangreindrar niðurstöðu, styðji enn fremur tilgangur laganna, eins og hann hafi verið yfirlýstur í greinargerð með lögunum, þann skilning, sem haldið er fram af stefndu. Fram að gildistöku laga nr. 58/1970 hafi skemmtanaskatturinn verið reiknaður af nettóandvirði aðgöngumiða. Þetta hafi reynst tafsamt og erfitt í framkvæmd. Sú breyting, sem gerð hafi verið með lögunum frá 1970, hafi falist í því að lækka prósentutölu skemmtanaskatts jafnframt því að stækka þann stofn, sem hin lækkaða skattprósenta var lögð á. Einföldunin í framkvæmd laganna hafi því fyrst og fremst verið tilgangur með lagabreytingunni, en ekki hækkun skattsins. Þessum tilgangi löggjafans verði ekki náð nema með þeirri túlkun á orðinu „bruttóandvirði", er að ofan getur, og því sé einsýnt, að ætlun löggjafans hafi verið, að hugtakið yrði þannig framkvæmt. Rétt sé og að benda á, að á þeim tíma, sem lögin tóku gildi, hafi breytingin haft svolitla lækkun á skemmtanaskatti í för með sér, enda þótt ofangreindur skilningur á „bruttóandvirði" sé lagður til grundvallar. Annar skilningur hefði leitt til verulegra lækkaðra

tekna af skattinum, en alls ekki verði ráðið, að slíkt hafi verið tilgangurinn með lagasetningunni.

Þá benda stefndu á, að þessi aðferð, er stefnandi telji ólöglega, hafi allt frá gildistöku laganna verið beitt við allan útreikning skemmtanaskatts og menningarsjóðsgjalds og hafi réttmæti hennar ekki verið dregið í efa fyrr en með málssókn stefnanda þessa máls. Þar á meðal muni stefnandi sjálfur hafa greitt skattinn án mótmæla framan af. Slík löng og óslitin framkvæmd, er sé í samræmi við eðlilegustu túlkun á orðum laganna, hljóti að vega þungt um úrslit þessa máls. Stefnandi hafi því með athugasemdalausri greiðslu skattsins um langan tíma og tómlæti firrt sig öllum hugsanlegum rétti.

Þá benda stefndu á það, að þegar skemmtanaskattur hafi fyrst komið til umræðu á Alþingi árið 1918, hafi engin söluskattur verið til. Varðandi hugtökin „brúttó" og „nettó", sem þá hafi komið til umræðu á Alþingi, hafi því engin spurning risið um það, hvort aðrir skattar skyldu vera með í þeim viðmiðunargrundvelli, sem skemmtanaskattur reiknaðist af. Hugleiðingar stefnanda hér að framan skipti því ekki máli í sambandi við það ágreiningsefni, sem hér sé til úrlausnar.

Röksemdir dómsins.

Í 40. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944 segir m. a. svo: „Engan skatt má á leggja ..... nema með lögum." Túlka ber ákvæði þetta þannig, að ekki einasta þurfi sett lög til skattlagningar, heldur þurfi þau lög einnig að vera skýr og ótvíræð, þannig að ekki orki tvímælis um það, hvernig beita megi skattlagningarheimildinni. Sé álagningarheimild tvíræð, er það skoðun dómsins, að túlka beri hana skattþegni í hag eins og önnur ákvæði, er íþyngja borgurunum. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt, 3. flokkur, segir, að innheimta skuli 20% skemmtanaskatt af „brúttóverði" seldra aðgöngumiða að dansleikjum.

Og í 8. gr. sömu laga segir svo um álagningu menningarsjóðsgjalds, að leggja skuli á „3% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum".

Orðið brúttóverð er tvírætt. Það má skilja það á tvo vegu, annars vegar brúttóverð það, sem veitingahús fær fyrir aðgöngumiða að dansleik, og hins vegar það verð, sem viðskiptamaður greiðir fyrir miðann. Stefnanda verður að telja innheimtumann skatta þessara, en ekki greiðanda. Ef útreikningsaðferð stefndu á skött-

um þessum er viðhöfð, leiðir hún til þess, að stefnandi verður að hluta skattgreiðandi. Og ef t. d. söluskattur er hækkaður, hækka bæði skemmtanaskattur og menningarsjóðsgjald sjálfkrafa, ef reikningsaðferð stefndu er viðhöfð, en í 25. gr. reglugerðar nr. 169/1970 um söluskatt segir m. a. svo: „Af skemmtunum, sem aðgangur er seldur að, skal söluskatturinn reiknaður af söluverði aðgöngumiða að meðtöldum skemmtanaskatti."

Þegar þetta er haft í huga, telur dómurinn, að stefndu hafi eigi sýnt fram á það á fullnægjandi hátt, að þeir hafi lagaheimild til innheimtu á skemmtanaskatti og menningarsjóðsgjaldi hjá stefnanda samkvæmt þeirri reikningsaðferð, sem beitt hefur verið af þeirra hálfu, heldur beri að reikna skatta þessa á þann veg, sem stefnandi hefur haldið fram í máli þessu. Ber því að dæma stefndu til að endurgreiða stefnanda hina ofgreiddu skatta, enda hafa stefnukröfurnar ekki sætt tölulegri vefengingu, og dómurinn telur kröfur stefnanda heldur eigi fallnar niður fyrir tómlæti, þar sem hér er um mannréttindamál að ræða, sem tryggt er með 40. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 67. gr.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda kr. 7.013.832 ásamt vöxtum að fjárhæð kr. 355.254.

Eftir þessum málalokum verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 867.500.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þórshöll h/f, kr. 7.013.832 ásamt vöxtum að fjárhæð kr. 355.254 og kr. 867.500 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. mars 1980.

Nr. 160/1979. **Sjófang h/f**
gegn
Jökli h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sjófang h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 6. mars 1980.

Nr. 172/1977. **Böðvar Bjarnason s/f**
(Logi Guðbrandsson hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík
(Sigurður Ólason hrl.).

Uppboð. Aðflutningsgjöld. Tollskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 30. september 1977. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði um hið umbeðna uppboð. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 9. september 1977.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að steypumót í eigu gerðarþola, Böðvars Bjarnasonar s/f, hér í borg, verði seld á opinberu uppboði til lúkningar tolli, kr. 586.057, söluskatti, kr. 122.456, 1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 708.513 frá 16. desember 1975 til greiðsludags svo og til lúkningar kostnaðar við uppboðið. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Geraðarþoli krefst þess, að synjað verði um uppboðið. Þess er krafist, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 26. ágúst sl.

Í ársbyrjun 1975 flutti gerðarþoli, Böðvar Bjarnason s/f, hingað til lands steypumót (Formwork equipment). Komudagur var 29. janúar 1975, en aðflutningsskýrsla er dagsett 11. febrúar s. á. Vara þessi er á aðflutningsskýrslu flokkuð undir tollskrárnúmer 84-60-00 og var því ekki tollskyld, en gerðarþoli greiddi söluskatt, kr. 408.287, og fékk varninginn afhentan.

Að tilhlutan ríkisendurskoðunar, sbr. bréf dags. 12. ágúst 1975, rannsökuðu starfsmenn gerðarbeiðanda varning þennan þann 11. desember 1975, þar sem mótin voru standandi í uppslætti við byggingu. Um þessa athugun gáfu þeir síðan skýrslu á rskj. 5 í máli þessu, lýsa gerð mótanna og telja, að flokka beri þau undir tollskrárnúmerið 73-21-09. Gerð vörunnar bendi ótvírætt í þá átt, að höfuðtilgangur hennar sé að vera uppsláttur fyrir húsbyggingar eða önnur svipuð mannvirki, er steypt séu úr steinsteypu, en ekki til að nota við steypu húshluta, enda notuð fyrst og fremst til uppsláttar fyrir veggi og jafnvel heilar hæðir.

Fyrir liggur bréf gerðarbeiðanda til gerðarþola, dags. 28. janúar 1976, þar sem krafist er greiðslu viðbótartollgjalda að

upphæð kr. 708.542, og er vísað til fyrra bréfs gerðarbeiðanda sama efnis, dags. 16. desember 1975. Í máli þessu er krafa gerðarbeiðanda um dráttarvexti talin frá dagsetningu hins síðarnefnda bréfs, og er viðtöku þess eigi synjað af gerðarþola.

Uppboðsbeiðni er dagsett þann 10. ágúst 1976. Kröfugerð gerðarbeiðanda byggist á úrskurði fjármálaráðuneytisins um tollnúmer, sbr. lög nr. 6/1974, 33. gr., 1. mgr., er í gildi voru, er hér umrædd vara var afhent úr tolli. Er þessi úrskurður gerður þann 23. maí 1977, og er þar kveðið svo á, að varan flokkist undir tollskrárnúmer 73-21-09 í 1. gr. laga nr. 6/1974. Vísar gerðarbeiðandi til 33. gr., 1. mgr., laganna um, að slíkir úrskurðir séu fullnaðarúrslausnir, og jafnframt bendir hann á, að með það, er 54. gr. laga 59/1969 veitir kröfu um aðflutningsgjöld, skuli haldast, enda þótt vara sé afhent viðtakanda, og að vöruna megi selja á uppboði án undangengins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar gjöldum, þar með söluskatti, sem leggist á gjöldin, dráttarvöxtum og kostnaði.

Því er haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að ráðuneytið hafi fyllilega gætt réttra aðferða og lagasjónarmiða við gerð úrskurðar síns, þar á meðal gefið gerðarþola kost á að tala máli sínu, sbr. bréf til hans, sem getið sé í póstbók, rskj. 12, en gerðarþoli hafi ekki hirt um það. Formsatriði hafi ráðið því, að málefni þetta hafi verið til endurtekins úrskurðar í ráðuneytinu.

Gerðarþoli bendir á það, að hér umrædd vara hafi verið athugasemdalaust tollafgreidd undir tollskrárnúmeri 84-60-00. Þessi afgreiðsla hafi engan veginn byggst á upplýsingum af hans hálfu, heldur á athugun tollgæslumanna. Síðan hafi varan verið í notkun og reikningar við viðskiptamenn gerðir upp á þeim grundvelli, að öllum greiðsluskyldum vegna innflutningsins væri endanlega lokið. Hafi því mjög komið á óvart, er gerðarbeiðandi hóf kröfugerð þessa, nærri heilu ári eftir að hann lét afhenda vöruna, og verði að telja, að veðréttur sá, er 54. gr. laga 59/1969 tiltekur, hafi fallið niður við athugasemdalausa afhendingu. Þessi grein eigi því aðeins við, að vara sé afhent, en frestur veittur á greiðslu, enda sé á það að líta, að alls staðar í þessum kafla laganna sé gert ráð fyrir því, að gjöld greiðist, áður en afhending fari fram. Megi gerðarbeiðandi því ekki neyta úrræða 54. gr. til þess að koma fram uppboði án undangengins dóms og aðfarar. Gerðarþoli heldur því fram, að því aðeins sé úrskurður fjármálaráðuneytis fullnaðarúrlausn, að gætt hafi verið lagasjónarmiða við gerð hans, og fari því fjarri, að svo hafi verið gert í þessu falli,

og komi þetta berlega fram við athugun á texta tollskrárflokkunar 73-21 annars vegar og 84-60-00 hins vegar. Síðarnefndum tollskrárflokki sé þannig lýst, að undir hann falli „mótakassar til málmsteypu; steypumót fyrir málma (þó ekki hrájárnssteypumót), málmkarbída, gler, steinkennd efni (t. d. leirdeig og steinsteypa), gúmmí og plast". En undir hinn falli „mannvirki" og hlutar af mannvirkjum ýmiss konar og verði mót þau, sem hér um ræðir, ómögulega færð undir þann flokk. Fyrirsagnir kaflanna skipti hér engu máli. Er á þetta sé litið, verði ljóst, að úrskurður ráðuneytisins sé rangur, og raunar einber endaleysa.

Í 33. gr. (sic) laga nr. 59/1969 segir, að ef rís ágreiningur um tollflokkun, skuli fjármálaráðuneytið skera úr þeim ágreiningi og sé sá úrskurður fullnaðarúrlausn þar að lútandi. Slíkur úrskurður liggur fyrir í máli þessu, og segir þar, að hér umrædd vara falli undir tollskrárnúmer 73-21-09 í 1. gr. laga 6/1974. Það hefur ekki komið fram í máli þessu, að ráðuneytið hafi við úrlausn þessa beitt röngum aðferðum eða mat þess hafi ekki verið efnislegt. Með tilliti til 54. gr. laga 59/1969, sem segir, að þargreindur veðréttur haldist, þótt vara sé afhent innflytjanda, verður ekki talið, að um hafi verið að ræða fullnaðarskuldaskil, er gerðarþoli fékk þessa vöru afhenta, og jafnframt verður að telja, að gerðarbeiðandi geti neytt uppboðsheimildar til lúkningar hinum ógreiddu gjöldum, sem leiða af úrskurði ráðuneytisins um tollskrárflokkun. Ber að geta þess, að engar tölulegar athugasemdir hafa komið fram við kröfu gerðarbeiðanda, ef hún teldist réttilega færð undir númer 73-21-09 í tollskrá.

Þykir verða að láta hið umbeðna uppboð ná framgangi til lúkningar kröfum gerðarbeiðanda, tolli kr. 586.057, söluskatti, kr. 122.456, 1½% dráttarvöxtum á mánuði frá 16. desember 1975 til greiðsludags og kostnaði öllum við uppboðið.

Málskostnaður fellur niður í uppboðsréttarmáli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboð fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda til lúkningar tolli, kr. 586.057, söluskatti, kr. 122.456, 1½% dráttarvöxtum á mánuði frá 16. desember 1975 til greiðsludags og til lúkningar öllum kostnaði við uppboðið.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 7. mars 1980.

Nr. 90/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Þórði Magnússyni
(Sigurður Helgason hrl.).

Bifreiðar. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Guðmundur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Grindavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu er máli þessu áfrýjað að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Hér fyrir dómi var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þ. á m. endurrit dómprófa, er fram fóru eftir uppkvaðningu héraðsdóms að ósk skipaðs verjanda ákærða og að kröfu ríkissaksóknara.

Sigmar Vilhjálmur Björnsson skýrði svo frá við framhaldsrannsókn málsins, að hann hefði þriðjudagskvöldið 27. desember 1977 farið um borð í bát sinn Þórshamar, GK 75, sem lá næst fyrir framan m/b Þórkötlu. Hafi hann þá séð vörubifreið af gerðinni Mercedes Benz, eign Hraðfrystihúss Þórkötlustaða h/f, standa á bryggjunni við m/b Þórkötlu. Hann hafi séð mann eða menn við bifreiðina, þó frekar einn en fleiri, en hvorki veitt manni þessum neina athygli né tekið eftir klæðaburði hans. Þegar hann fór frá borði, segist Sigmar Vilhjálmur hafa séð vörubifreiðina standa við fiskverkunarhús, sem heiti Sævík, en að öðru leyti ekki veitt bifreiðinni athygli. Ekki kveðst hann hafa orðið var neinna

mannaferða eða bifreiðaumferðar, er hann fór frá bátnum og heim til sín, og ekki séð ákærða kvöld þetta, en hann kannist við hann í sjón.

Sigmar Vilhjálmur segist hafa verið óviðbúinn, er hann gaf skýrslu sína fyrir rannsóknarlögreglu, og ekkert hugsað um mál þetta fyrr en eftir skýrslutökuna. Hann hafi rætt um málið við Heiðar Júlíus Sveinsson og þá hafi rifjast upp fyrir sér, að hann hafi orðið var mannaferða við bifreiðina og annað það, er hann skýrði frá við framhaldsrannsóknina, en „hann haldi, að hann verði að segja það, að framburður hans fyrir lögreglu verði að víkja fyrir framburði hans hér fyrir dómi í þeim atriðum, sem á milli ber."

Sesselja Anita Kristjánsdóttir, eiginkona vitnisins Sigtryggs Þorsteinssonar, nú til heimilis að Túngötu 21 í Grindavík, skýrir svo frá, að hún hafi farið til dyra, þegar ákærði kom í heimsókn til þeirra hjóna að kvöldi þriðjudagsins 27. desember 1977, er sjónvarpsdagskrá var nýlokið. Hafi hann haft á orði, að hann ætlaði að heimsækja mann, Jakob að nafni, er bjó á neðri hæð húss þess, er þau hjón bjuggu þá í, að Túngötu 20. Kveður hún sig ekki hafa heyrt ákærða hringja dyrabjöllu Jakobs. Hún segir, að ákærði, er hún var mjög lítið málkunnug, hafi spurt eftir Sigtryggi og beðið um að fá að koma inn til þeirra og spjalla við þau. Ákærði hafi verið kurteis og rólegur, en með víni, þó ekki mikið. Að beiðni ákærða kveðst hún hafa hringt til eiginkonu hans og látið hana vita, hvar hann væri.

Samkvæmt vottorði Ríkisútvarpsins lauk sjónvarpsdagskrá kvöld þetta klukkan 2308.

Við framhaldsrannsókn málsins kannaðist ákærði ekki við að hafa framið brot það, sem honum er gefið að sök. Hann hafi ekki farið niður á bryggju greint kvöld, ekki komið nálægt hafnarvigtinni, og hann minnist þess ekki að hafa farið þá lengra niður Ránargötu en að Mánagötu.

Ákærði kveðst hafa viðurkennt brotið, þar eð rannsóknarlögreglumaðurinn John Hill hefði tjáð sér, að fjöldi vitna, þar á meðal Sigmar Vilhjálmur Björnsson, hefði séð til ferða hans á svipuðum slóðum og bifreiðin var. Að aflok-

inni annarri eða þriðju lögregluyfirheyrslu hafi rannsóknarlögreglumaðurinn fært hann í fangaklefa og sagt, að þar yrði hann að vera til klukkan 1000 næsta morgun, en þá yrði hann úrskurðaður í gæsluvarðhald, sem hann kynni að verða látinn sæta í marga daga, vikur eða jafnvel mánuði. Jafnframt hafi rannsóknarlögreglumaðurinn spurt hann, hvort hann væri ekki á förum til útlanda, en hann hafi ætlað til suðlægra landa fyrstu vikuna í janúar 1978 og þegar greitt fargjaldið. Hafi rannsóknarlögreglumaðurinn sagt við hann, að hann skyldi gera sér þetta ljóst.

John Earl Kort Hill rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóm við framhaldsrannsóknina. Hann kannast hvorki við að hafa nefnt nafn Sigmars Vilhjálms Björnssonar við yfirheyrslur yfir ákærða né hafa haft orð á gæsluvarðhaldi.

Framburðir ákærða eru allmikið á reiki og ósamkvæmir sjálfum sér, svo sem skilmerkilega er rakið í héraðsdómi. Neitaði hann ýmist sakargiftum eða viðurkenndi að hafa farið upp í bifreiðina G 1075, þar sem hún stóð á Miðgarðsbryggju, og sagði sig ráma í að hafa ekið henni upp bryggjuna. Verður að byggja á þessum framburði ákærða, enda þykir afturköllun hans á honum ekki marktæk. Fær það og stoð í framburðum vitna, að hann hafi verið á þessum slóðum á þeim tíma, er bifreiðinni var ekið af bryggjunni.

Að svo vöxnu máli þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau, er í ákæru getur. Eru þau þar réttilega færð til lagaákvæða, sbr. og 77. gr. almennra hegningarlaga að því er refsiákvörðun varðar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms samþykkti ákærði í sakadómi Keflavíkur hinn 25. júlí 1978 að greiða 18.000 króna sekt vegna brots á 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eins og kröfugerð af hálfu ákæruvalds er háttað, ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar til ríkissjóðs. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málsvarnarlauna er einnig staðfest.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs,

100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Það athugast, sbr. 37. gr. laga nr. 74/1974, að vottur var ekki viðstaddur, er rannsóknarlögreglumaður tók skýrslu í máli þessu, utan einu sinni.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Ákærði, Þórður Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Áfellisdómur á hendur ákærða er byggður á játningu hans í sakadómi Grindavíkur að kvöldi 30. desember 1977 svohljóðandi: „Kærði segir nú, að hann kannist við að hafa farið inn í bifreiðina G-1075, þar sem hún stóð á Miðgarðsbryggju í Grindavík þriðjudagskvöldið 27. desember s.l. Hann rámar í að hafa ekið bifreiðinni upp bryggjuna, en síðan man hann ekki meir . . . Kærði kveðst hafa neytt áfengis heima hjá sér snemma umrætt kvöld og man, að hann horfði á fréttirnar í sjónvarpinu, en man hinsvegar ekkert eftir það . . .“ Ákærði hafði tvisvar sama dag neitað því fyrir rannsóknarlögreglu, að hann hefði ekið bifreiðinni G 1075 hinn 27. desember 1977, en í þriðja sinn sama dag er framburður hans hjá rannsóknarlögreglu svohljóðandi: „Eftir öllum sólarmerkjum að dæma þá virðist fullvíst, að ég hafi tekið vörubifr. G 1075 á bryggjunni í Grindavík og ekið henni ofan í holu, neðarlega á Ránargötu. Ég man alls ekki eftir þessum atburði, en finnst þó sem þetta hafi skeð“. Játningin í sakadómi er svo gerð í framhaldi af þessari síðast-

greindu lögregluyfirheyrslu. Er ákærða var birt ákæra í sakadómi Grindavíkur hinn 14. febrúar 1978, kvaðst hann ekki minnast þess að hafa framið brot það, sem hann var ákærður fyrir. „Segist hann hafa verið í mikilli geðshræringu, er lögreglurannsóknin stóð yfir, og hafi yfirlýsing rannsóknarlögreglumannsins um yfirvofandi gæsluvarðhald orðið til þess, að hann kannaðist við að hafa framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, án þess að hann myndi eftir því í raun".

Engin sönnunargögn önnur en framangreind játning ákærða liggja fyrir í málinu um sekt hans. Skilja verður játningu hans í sakadómi Grindavíkur hinn 30. desember 1977, „að hann kannist við að hafa farið inn í bifreiðina . . ." í nánu samhengi við síðustu skýrslu hans fyrir lögreglu þá rétt áður, þar sem hann segir, að „eftir öllum sólarmerkjum að dæma þá virðist fullvíst . . .", þó að hann muni alls ekki eftir atburðinum. Séu framburðir þessir skoðaðir í því samsamhengi, virðist játning þessi fram komin vegna rangra eða vafasamra ályktana, sem ákærði hefur dregið af vitnaframburðum um veru hans í námunda við brotstað nálægt þeim tíma, er brot var framið, en hann hafði áður staðfastlega neitað því að hafa verið þar. Verður því ekki á henni einni byggt.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, tel ég ekki fram komna óyggjandi sönnun fyrir sekt ákærða. Tel ég því, að sýkna beri hann af ákæruatriðum og leggja allan kostnað málsins í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 200.000 krónur.

Dómur sakadóms Grindavíkur 25. apríl 1978.

Mál þetta, sem þingfest var 14. febrúar og dómtekið 5. apríl sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 16. janúar sl., „á hendur Þórði Magnússyni, bifreiðarstjóra, Heiðarhrauni 5 í Grindavík, fæddum 9. apríl 1940 þar í bæ, fyrir að taka í heimildarleysi bifreiðina G 1075 og aka henni, undir áhrifum áfengis, þriðju-

dagskvöldið 27. desember 1977, frá Miðgarðsbryggju í Grindavíkurhöfn um götur bæjarins, uns bifreiðin hafnaði í holu á Ránargötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Þriðjudagskvöldið 27. desember sl., kl. 2345, kom Vilberg Ármannsson, Hvassahrauni 6, Grindavík, á lögreglustöðina þar í bæ og kærði þjófnað á vörubifreiðinni G 1075, af gerðinni Mercedes Benz, í eigu Hraðfrystihúss Þórkötlustaða h/f. Skýrði hann svo frá, að hann hefði lagt bifreiðinni um kl. 2230 við m/b Þórkötlu II., sem lá við Miðgarðsbryggju. Fór hann um borð í bátinn til að tala við skipverja. Um kl. 2325 sá hann bifreiðina á sínum stað, en er hann ætlaði að fara um kl. 2343, var bifreiðin horfin. Sagðist hann hafa haldið áleiðis á lögreglustöðina, en á leiðinni þangað hefði hann fundið bifreiðina við fiskverkunarhúsið Vísi s/f við Ránargötu, en þar hafði henni verið ekið í holu, svo að skemmdir hlutust af.

Fyrir rannsóknarlögreglu þann 30. desember sl. sagði kærandinn, að skömmu áður en hann ók niður á nefnda bryggju, hefði hann ekið bifreiðinni upp Ránargötu í átt frá höfninni. Skammt norðan við mót Ránargötu og Mánagötu hefði hann mætt manni á gangi í átt að bryggjunni, og þekkti hann þar fyrir ákærða. Kveðst hann sérstaklega hafa tekið eftir honum vegna þess, að hann var gangandi, sem hann sagði mjög óvenjulegt. Kærandinn sagði ákærða hafa verið klæddan í græna nylonúlpu með skinnkraga á hettunni. Sýndist honum hann vera undir áhrifum áfengis. Eftir að kærandinn mætti ákærða, ók hann hring um plássið og síðan niður á bryggju, þar sem hann fór um borð í m/b Þórkötlu II. Kveðst hann ekki hafa séð til ferða ákærða þá.

Kærandinn kom fyrir dóm í máli þessu og lýsti því yfir, að framanlýstur framburður hans væri sannleikanum samkvæmt. Hann kvað það engum vafa undirorpið, að það var ákærði, sem hann mætti á Ránargötu umrætt kvöld, en hann sagðist kannast vel við hann. Sýndist honum ákærði vera ölvaður og byggði það

á því, hversu óstyrkur og óstöðugur hann var í göngulagi. Kærandinn kvaðst eiga úlpu, græna að lit, með litlum skinnkraga, en ekki hefði hann verið í henni þetta kvöld.

Hinn 29. desember sl. mætti Heiðar Sveinsson, Arnarhrauni 1, Grindavík, hjá lögreglunni þar í bæ til skýrslugjafar í máli þessu. Kvaðst hann hafa ekið um Miðgarðsbryggju milli kl. 2300 og 2330 umrætt kvöld ásamt fleira fólki. Á móts við m/b Þórshamar mætti hann bifreiðinni G 1075, þar sem henni var ekið suður bryggjuna, og sá hann, að ökumaður hennar var í kuldaúlpu með skinnkraga á. Sagði hann Hermann Guðmundsson, Arnarhrauni 8, Grindavík, einn samferðarmanna sinna, hafa spurt sig, hver hefði verið við stýri G 1075, eftir að þeir höfðu mætt henni, og kvaðst Heiðar þá hafa svarað, að honum hefði sýnst það vera Hermann Guðmundsson, Heiðarhrauni 1, Grindavík. Mætti kvað Sigmar Björnsson, Mánasundi 1, Grindavík, hafa verið að stíga upp í bifreið sína þarna á bryggjunni, rétt áður en hann mætti G 1075.

Heiðar kvaðst síðan hafa ekið þarna um og loks beygt norður Ránargötu. Á móts við fiskverkunarstöð Vísis s/f hefði Hermann kallað á hann og beðið hann að stansa. Sáu þeir þarna og skoðuðu bifreiðina G 1075, þar sem hún stóð í holu nokkurri. Héldu þeir síðan áfram ferðinni, og er þeir voru komnir fram hjá mótum Ránargötu og Hafnargötu, kvaðst Heiðar hafa séð mann koma fyrir hornið á hafnarvigtarhúsinu. Var hann klæddur kuldaúlpu með skinnkraga og þó nokkuð ölvaður að sjá. Gekk maðurinn yfir móann í átt að Mánagötu. Sagðist Heiðar hafa beygt upp götu þessa og á móts við hús nr. 13 hefði hann séð, að um ákærða var að ræða. Sá hann jafnframt, að úlpa hans var græn á litinn.

Heiðar staðfesti þennan framburð sinn fyrir dómi. Kveðst hann þekkja ákærða í sjón og var ekki í vafa um, að það var hann, sem hann sá þarna á ferð í umrætt sinn. Hefði hann verið með greinilegum áfengisáhrifum, því að hann hefði slagað mjög, er hann gekk yfir móann milli Hafnargötu og Mánagötu. Ekki kvaðst Heiðar hafa veitt bílstjóra G 1075 neina sérstaka athygli og hefði það verið hrein ágiskun hjá sér að nefna Hermann Guðmundsson, Heiðarhrauni 1, sem slíkan. Sagði mætti (sic), að Hermann þessi væri mjög oft bílstjóri G 1075 og oft í kuldaúlpu með skinnkraga á.

Hermann Þorvaldur Guðmundsson, Arnarhrauni 8, Grindavík, gaf einnig skýrslu hjá lögreglunni 29. desember sl. Segir þar, að hann hafi verið að rúnta um í bifreið með nefndum Heiðari og tveimur stúlkum. Sat hann fram í. Ók Heiðar niður á bryggju, og

mundi hann, að þeir mættu þar vörubifreiðinni G 1075. Í sömu mund sá hann, hvar Sigmar Björnsson var að ganga að bifreið sinni. Ekki sá Hermann, hver var ökumaður, en sá, að hann var klæddur úlpu. Spurði hann Heiðar, hver hefði verið ökumaður vörubifreiðarinnar, og hefði Heiðar sagst ekki hafa séð það, en giskað á annan hvorn þeirra Hermann Guðmundsson eða Vilberg Ármannsson, sem oftast óku bifreiðinni.

Hermann lýsti síðan aðkomunni að G 1075 með sama hætti og Heiðar og gat þess, að bifreiðin hefði verið skemmd að framan. Ekki sáu þeir nokkurn mann við hana. Eftir þetta óku þeir áfram Ránargötu, og móts við hafnarvigtina sáu þeir mann á gangi. Var hann ölvaður. Héldu þeir upp Mánagötu, en þangað virtist maðurinn ætla að ganga. Sá vitnið þá, að hér var um Þórð Magnússon að ræða, og mundi, að hann var klæddur úlpu, en kunni ekki að lýsa henni nánar.

Hermann hefur staðfest þennan framburð sinn fyrir dómi. Hann sagðist þekkja ákærða í sjón og hafi hann verið sá, er þeir óku fram hjá á Mánagötu. Voru þau þá búin að fylgjast með ákærða, allt frá því að hann kom fyrir hornið á hafnarvigtinni. Kvað hann ákærða hafa verið greinilega ölvaðan og hefði hann slagað.

Loks gaf Sigmar Björnsson lögregluskýrslu í máli þessu sama dag og Heiðar og Hermann, þ. e. 29. desember sl. Kvaðst hann hafa farið að bát þeim, sem hann var vélstjóri á, að kvöldi þess 27. des. sl. Mundi hann, að hann hefði séð kyrrstæða vörubifreið við næsta bát, en ekki sá hann neinar mannaferðir í kringum hana. Eftir að hafa lokið verki sínu um borð kvaðst Sigmar hafa ekið upp Ránargötu og heim til sín. Sagðist hann ekki hafa orðið var við umrædda vörubifreið á þessari leið sinni.

Ákærði mætti til skýrslugjafar hjá rannsóknarlögreglu um hádegisbil þann 30. desember sl. út af máli þessu.

Kvaðst hann um kvöldið þann 27. desember sl. hafa byrjað áfengisdrykkju heima hjá sér. Ekki mundi hann, hvenær hann fór að heiman frá sér, en líklega var það seinni hluta kvöldsins. Ætlaði hann þá til bróður síns að Mánagötu 11. Er hann var rétt kominn inn á Mánagötuna, sá hann ljós í glugga hjá kunningja sínum á Túngötu 20. Fór hann þangað, dvaldist þar nokkra stund og drakk kaffi. Hélt hann síðan heim til sín, en hvaða leið hann fór og hvenær hann kom þangað, mundi hann ekki.

Ákærði kvaðst hafa verið vel hífaður í umrætt sinn, en sagðist muna vel atburðarás kvöldsins. Hann kvaðst ekki hafa farið nið-

ur á hafnargarðinn umrætt kvöld og því síður stolið þaðan vörubifreið og valdið á henni skemmdum. Ekki hefði hann heldur komið nálægt hafnarvigtinni eða farið niður fyrir Mánagötu í umrætt sinn. Þá sagðist hann hafa verið klæddur grænni kuldaúlpu með hettu. Ákærði var færður í gæslu að skýrslugjöf þessari lokinni.

Eftir að ákærði hafði gefið framannefnda skýrslu, mætti hjá rannsóknarlögreglunni Sigríður Jónsdóttir, Suðurvör 8, Grindavík. Kvaðst hún hafa verið að aka um í bifreið með fyrrnefndum Heiðari og Hermanni svo og Ástu nokkurri Harðardóttur. Var framburður hennar samhljóða framburði piltanna. Ekki kvaðst hún þá hafa þekkt ákærða í sjón, en sagði, að samferðafólk hefði sagt, að þetta væri Tóti. Framburð þennan ítrekaði Sigríður fyrir dómi og gat þess þá, að hún vissi nú, að hér var ákærði á ferð.

Síðar sama dag var enn tekin skýrsla af ákærða. Kvaðst hann alls ekki muna eftir því að hafa farið norður á hafnargarðinn umrætt kvöld eða verið nálægt hafnarvigtinni. Hann mundi, að hann horfði á sjónvarpsfréttirnar, en mundi ekki, hvort hann fór að heiman frá sér að þeim loknum. Hann kvaðst hafa farið út og haldið sem leið liggur til Sigtryggs Þorsteinssonar, Túngötu 20. Minntist hann þess alls ekki að hafa farið út á Ránargötu, en hefði svo verið, væri það efst á henni.

Nefndur Sigtryggur hefur borið, að umrætt kvöld, milli kl. 2300 og 2400, hafi dyrabjöllu verið hringt á heimili hans. Var þar kominn ákærði, og virtist Sigtryggi hann vera undir áhrifum áfengis eftir útliti hans og hreyfingum. Ekkert kvaðst Sigtryggur þekkja ákærða, hann kvaðst hafa talað við hann nokkrum sinnum á vinnustað sínum, en engin kynni hefðu tekist með þeim. Hann sagði ákærða hafa verið rólegan og prúðan þarna og hefðu þeir rætt um daginn og veginn og ákærði síðan farið um kl. 0100 um nóttina.

Enn var tekin lögregluskýrsla af ákærða þennan sama dag, þ. e. 30. desember sl. Segir hann þar, að eftir öllum sólarmerkjum að dæma virðist fullvíst, að hann hafi tekið vörubifreiðina G 1075 og ekið henni ofan í hola neðarlega á Ránargötu. Minntist hann alls ekki þessa atburðar, en fannst þó sem þetta hefði gerst. Kvað hann það hafa komið fyrir áður, að hann myndi ekki, hvað gerst hefði, þegar hann hefði verið undir áhrifum áfengis, og þyrfti hann ekki að vera mikið drukkinn, til að slíkt henti. Myndi hann alls ekki eftir öðru en að hafa farið að heiman frá sér og stystu leið heim til Sigtryggs Þorsteinssonar. Sagðist hann telja skv.

framburðum vitna, „að hann hafi verið þarna að verki, og kveðst hann því taka þetta á sig."

Við réttarrannsókn í máli þessu föstudagskvöldið 30. des. sl. segir ákærði, að hann kannist við að hafa farið inn í bifreiðina G 1075, þar sem hún stóð á Miðgarðsbryggju í Grindavík, þriðjudagskvöldið 27. desember sl. Rámaði hann í að hafa ekið bifreiðinni upp bryggjuna, en síðan man hann ekki meir. Mundi hann ekki, hvar og hvenær akstrinum lauk. Sagðist hann hafa verið talsvert ölvaður á þessum tíma og gat þess, að hann þyrfti ekki að verða mjög ölvaður til þess að missa minnið eða gleyma hlutum. Ákærði mundi, að hann horfði á fréttirnar í sjónvarpinu, en mundi hins vegar ekkert eftir það. Taldi hann sig hafa farið út skömmu síðar. Þá sagðist ákærði eiga græna kuldaúlpu með hettu og hefði hann verið í henni umrætt kvöld.

Við þingfestingu máls þessa þann 14. febrúar sl. kvaðst ákærði ekki minnast þess að hafa framið umrætt brot. Kvaðst hann hafa verið í mikilli geðshræringu, er lögreglurannsóknin stóð yfir, og hefði yfirlýsing rannsóknarlögreglumannsins um yfirvofandi gæsluvarðhald orðið til þess, að hann kannaðist við að hafa framið þá háttsemi, sem hann er hér ákærður fyrir, án þess að hann myndi eftir því í raun.

Loks er að geta framburðar Ástu Gunnlaugar Harðardóttur fyrir dómi, en hún var í bifreiðinni með Heiðari, Hermanni og Sigríði. Mundi hún, að þau mættu vörubifreið umrætt kvöld á bryggjunni, sem er í framhaldi af Ránargötu. Ekki sá hún bílstjóra hennar. Nokkru síðar hefðu þau séð mann á göngu á Ránargötu, sem síðar hefði gengið yfir hraunið eða móann að Mánagötu. Bar maðurinn þess merki að vera ölvaður. Ekki kvaðst hún hafa séð hann greinilega, er þau óku fram hjá honum á Mánagötu, en henni hefði sýnst það vera Tóti í Brú, þ. e. ákærði.

Verjandi ákærða krefst sýknu honum til handa, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa. Segir hann sakargögn ekki fullnægjandi fyrir sekt hans og bendir þar á m. a. mótsagnir í framburðum Sigmars Björnssonar og Heiðars og farþega hans. Jafnframt nefnir hann framburð Sigtryggs Þorsteinssonar, þar sem segir, að ákærði hafi verið rólegur og prúður og ekki borið nein merki geðshræringar. Segir hann þetta sýna eindregið, að ákærði hafi ekki lent í vandræðum út af akstri vörubifreiðarinnar, en töluverðar skemmdir hlutust á henni við aksturinn í holuna.

Niðurstöður.

Með framburðum vitnanna Heiðars, Hermanns, Sigríðar Jónu,

Ástu Gunnlaugar og Vilbergs Magnússon (sic) þykir sannað, að ákærði var á ferð í námunda við Miðgarðsbryggju umrætt kvöld, um það leyti sem nefndur akstur bifreiðarinnar G 1075 átti sér stað. Var hann þá talsvert ölvaður samkv. eigin framburði og vætti vitnanna. Ekkert þessara vitna sá, hver ók bifreiðinni í greint sinn, en með eigin framburði ákærða í réttarhaldi 30. des. sl., þykir sannað, að hann hafi verið ökumaðurinn. Telst nefndur framburður hans vera studdur framburðum nefndra vitna. Ekki verður á það fallist, að þessi framburður ákærða fyrir dómi eða skýrslur hans fyrir lögreglu hafi verið gefnar við erfiðari aðstæður en gengur og gerist eða að hann hafi játað á sig brotið vegna mikillar geðshræringar. Afturhvarf ákærða við þingfestingu málsins frá fyrri framburði fyrir dómi breytir í engu hér um.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði ók vörubifreiðinni G 1075 í heimildarleysi og með áfengisáhrifum frá Miðgarðsbryggju í Grindavík, þar til akstrinum lauk á Ránargötu, þriðjudagskvöldið 27. desember sl. Er háttsemi þessari rétt lýst í ákæru, og varðar hún við lagaákvæði þau, er þar greinir.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 9. apríl 1940 í Grindavík. Hann hefur ekki sætt neinni refsingu, sem máli skiptir hér.

Refsing ákærða samkv. 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 45. gr. áfengislaga þykir hæfilega ákveðin kr. 120.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í tuttugu daga til afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði skal einnig sviptur ökuleyfi samkv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, og þykir sviptingin hæfilega ákveðin í 6 mánuði frá dómsbirtingunni.

Loks skal ákærði greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Magnússon, greiði kr. 120.000 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í tuttugu daga til afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingunni.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Þriðjudaginn 11. mars 1980.

Nr. 114/1977. **Almennar Tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Olíufélaginu h/f
(Vilhjálmur Árnason hrl.).

Bifreiðar. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. júlí 1977. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna lögreglustjórans í Reykjavík fyrir Hæstarétt til að gæta réttar síns í máli þessu.

Réttargæslustefndi hefur látið sækja þing. Krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjanda og stefnda.

Aðrir varnaraðiljar í héraði en Almennar Tryggingar h/f hafa ekki áfrýjað málinu af sinni hendi.

Gjalddagi iðgjalds vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar R 27175 var hinn 1. mars 1974, og er því ekki andmælt af hendi stefnda, að áfrýjandi hafi krafið eiganda bifreiðarinnar um greiðslu þess, er það féll í gjalddaga.

Samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 20/1954 fellur vátryggingarsamningur úr gildi uppsagnarlaust að þremur mánuðum liðnum frá því að iðgjalds var krafist, ef það er enn ógreitt, enda hafi vátryggingarfélagið ekki byrjað lögsókn til heimtu þess. Þessi frestur var löngu liðinn, þegar áfrýjandi sendi eiganda bifreiðarinnar R 27175 greiðslukröfu sína 21. nóvember 1974 og setti honum lokafrest til greiðslu iðgjaldsins til 10. desember s. á., en ella yrði viðkomandi yfirvaldi tilkynnt um vanskilin og númerin fjarlægð af bifreiðinni. Verður að telja, að ákvæði 11. gr. vátryggingarskilmálanna um þriggja mánaða uppsagnarfrest eigi ekki við, eins og hér stóð á, og hafi vátryggingin, hvað sem öðru líður, ekki verið í gildi síðastgreindan dag. Þar sem áfrýjandi tilkynnti lögreglustjóranum í Reykjavík þann dag, að vátryggingin væri gengin úr gildi og liðinn var frestur sá, sem í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 88/1929 tiltekur, þegar ökuóhapp það varð, sem málið er risið af, verður að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 250.000 krónur.

Ekki eru efni til að dæma réttargæslustefnda málskostnað í málinu.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Olíufélagsins h/f, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. apríl 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 17. mars sl., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. febrúar 1976, af Olíufélaginu h/f, Suðurlandsbraut 16 hér í borg, gegn Almennum Tryggingum h/f, Pósthússtræti 9, og Jörgínu R. Júlíusdóttur, Flókagötu 62, vegna hennar

sjálfrar og f. h. ófjárráða sonar hennar, Júlíusar Ólafssonar, báðum hér í borg, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð 59.720 kr. ásamt 13% ársvöxtum frá 19. janúar 1975 til greiðsludags. Til vara er stefnt fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna lögreglustjórans í Reykjavík til greiðslu ofangreindra skaðabóta in solidum ásamt meðstefndu, ef Almennar Tryggingar h/f verða sýknaðar í máli þessu. Stefnandi krefst og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda, Jörgína R. Júlíusdóttir, sótti aldrei þing í málinu. Hún lést, eftir að málið var höfðað, og fékk eiginmaður hennar, Ólafur Björnsson, Flókagötu 62, Reykjavík, leyfi til setu í óskiptu búi eftir konu sína. Tók dánarbúið við meðferð málsins skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936. Við munnlegan málflutning féll stefnandi frá öllum kröfum á hendur Júlíusi Ólafssyni, syni stefndu Jörgínu, þar sem lögráðamanni hans var ekki stefnt fyrir hans hönd eftir andlát Jörgínu.

Dánarbú stefndu Jörgínu hefur ekki sótt þing í máli þessu.

Af hálfu stefnda Almennra Trygginga h/f er krafist algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu varastefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, var í upphafi gerð krafa um frávísun málsins, en fallið var frá þeirri kröfu. Varastefndi krefst algerrar sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Varastefndi gerir þá varakröfu, að hann verði sýknaður að svo stöddu og honum tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til þrautavarna krefst varastefndi þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega, en málskostnaður verði felldur niður.

Sáttatilaunir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 19. janúar 1975 ók Júlíus Ólafsson bifreiðinni R 27175 á gasolíudælu Olíufélagsins h/f að Brúarlandi í Mosfellssveit. Skráður eigandi bifreiðarinnar var Jörgína heitin. Áreksturinn gerðist þannig, að ökumaður stöðvaði bifreiðina rétt hjá söluskála. Þegar hann var búinn að fá afgreiðslu þar, fór hann inn í bifreiðina og byrjaði að snúa henni við. Tók hann þá ekki eftir því, hvar olíudælan var, og bakkaði bifreiðinni á dæluna, og lenti hægri hlið bifreiðarinnar, frambretti og hurð á dælunni. Við það brotnaði dælan og skekktist til á stæðinu. Á bifreiðinni urðu skemmdir á frambretti og hurð. Olíufélagið h/f taldi ljóst, að ökumaður ætti alla sök á tjóni þessu, og krafði skráðan eiganda bifreiðarinnar um greiðslu tjóns-

ins skv. reikningi, samtals að fjárhæð kr. 59.720, en það var viðgerðarkostnaður á umræddri dælu. Olíufélaginu h/f hafði verið tjáð, að vátryggjandi bifreiðarinnar væri Almennar Tryggingar h/f, og sneri það sér þangað með kröfur sínar. Almennar Tryggingar h/f höfnuðu kröfunni á þeim grundvelli, að umrædd bifreið væri ekki lengur í tryggingu hjá þeim. Ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar hefði verið sagt upp í desember 1974 vegna vanskila eigandans á greiðslu iðgjalda. Olíufélagið h/f sneri sér þá beint til skráðs eiganda og tjónvalds, en allt fór á sömu leið, enga greiðslu var að fá á umræddri kröfu. Höfðaði stefnandi því mál þetta.

Málsástæður.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að upplýst sé og óumdeilt, að Júlíus Ólafsson, sonur Jörgínu Júlíusdóttur og Ólafs Bjarnasonar, hafi með akstri sínum 19. janúar 1975 valdið tjóni á bensíndælu stefnanda. Viðgerð á dælunni hafi numið stefnufjárhæðinni, en stefnandi hafi ekki fengið tjón sitt greitt. Bifreið Jörgínu hafi verið tryggð hjá stefnda Almennum Tryggingum h/f og því sé kröfunni beint að tryggingarfélaginu ásamt eiganda bifreiðarinnar, sem nú sé dánarbú Jörgínu heitinnar. Tryggingarfélagið hafi borið því við, að tryggingin hafi verið fallin niður, þar sem iðgjald hennar hafi ekki verið greitt. Félagið byggi þetta á 3. gr. reglugerðar nr. 88/1929. Hins vegar hafi verið í gildi milli félagsins og vátryggingartaka samningur um ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. Samkvæmt samningsskilmálunum sé ekkert kveðið á um slíka niðurfellingu, sem félagið beri nú fyrir sig. Tryggingarskilmálarnir segi beinlínis í 2. gr., að tryggingin framlengist um eitt ár í senn, nema henni verði slitið eða sagt upp samkvæmt þeim reglum, er síðar greini í skilmálum þessum „sbr. 5., 10. og 11. gr.“ Í 3. gr. skilmálanna segi, að félagið veiti 14 daga gjaldfrest á greiðslu endurnýjunar iðgjaldsins. Sé iðgjaldið eigi greitt að þeim fresti liðnum, sé félaginu heimilt að láta banna notkun ökutækisins. Samkvæmt umferðarlögunum megi félagið enn fremur gera lögtak hjá tryggingartaka til tryggingar ógoldnu iðgjaldi. Umræddar 5., 10. og 11. gr. skilmálanna kveði ekkert á um niðurfellingu, ef iðgjald er ekki greitt, og sé það út af fyrir sig óumdeilt í málinu. 11. gr. segi beinlínis, að trygging sé óuppsegjanleg að undanskildu því, sem segi í 5. og 10. gr., nema með minnst þriggja mánaða fyrirvara miðað við hinn árlega gjalddaga. Félagið haldi því fram, að þeir hafi sagt upp umræddri tryggingu 10. desember 1974 í bréfi til lögreglustjórans í Reykjavík og að

félagið hafi, áður en bréfið var sent, aðvarað eigandann um, að þetta væri yfirvofandi. Rétt sé, að í bréfi félagsins til lögreglustjórans í Reykjavík 10. desember 1974 segi: „Í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 88/1929 tilkynnum vér yður hr. lögreglustjóri, að ábyrgðartrygging eftirtaldra bifreiða er ekki lengur í gildi hjá oss, og ábyrgð vor vegna bifreiðanna fellur niður eftir 14 daga, frá því að þér móttakið bréf þetta. Þessar tryggingar hafa fallið úr gildi vegna greiðslufalls.“ Síðan komi listi, og þar sé m. a. bifreið Jörgínu heitinnar, R 27175. Hins vegar segi ekkert um slíka niðurfellingu í bréfi félagsins til Jörgínu sjálfrar, dags. 21. nóvember 1974. Þar segi aðeins, að iðgjaldið hafi fallið í gjalddaga 1. mars 1974 og það sé enn ógreitt og það séu vinsamleg tilmæli félagsins, að hún greiði þetta nú þegar eða eigi síðar en 10. desember 1974. Síðan komi athugasemd, að sé iðgjaldið eigi greitt fyrir þann tíma, verði viðkomandi yfirvaldi tilkynnt vanskil hennar og númerin fjarlægð af bifreiðinni. Ljóst sé af þessu, að jafnvel þótt niðurfellingarákvæði væri í samningi aðilja eða annars staðar, hafi því ekki verið beitt. Verði hins vegar litið svo á, að félagið hafi raunverulega á lögmætan hátt sagt upp tryggingunni við stefndu, þá gildi um þá uppsögn þrír mánuðir og því hafi bifreiðin verið í fullri ábyrgðartryggingu, þegar atburðurinn gerðist. Stefnandi bendir og á, að efnisrök mæli eindregið með því, að félagið sé ekki laust úr ábyrgð í máli þessu. Tilgangur 74. gr. umferðarlaga sé að tryggja aðgang að bótagreiðslu, verði tjón af notkun vélknúins ökutækis. Forsendur og ástæður greinar þessarar séu þær, að vélknúin ökutæki hafi mikla hættu í för með sér og því verði auðveldlega tjón af notkun þeirra. Eigendum sé því skylt að vátryggja sig, til þess að tjónþoli fái skjóta greiðslu á tjóni sínu. Geti félagið fellt lögboðna ábyrgðartryggingu einhliða niður á þann hátt sem félagið haldi fram, þá sé ljóst, að fleiri hundruð bifreiðar gætu ekið um bæinn án þess að vera skyldutryggðar. Slíkt sé beinlínis andstætt anda laganna og tilgangi þeirra. Trygging verði að koma í staðinn, sé trygging hjá einu félagi felld niður, og til þessarar niðurstöðu bendi einmitt upphaf reglugerðarinnar frá 1929 og tilgangur hennar. Sé litið á stöðu félagsins í slíkum tilvikum, verði að telja, að hún sé traust. Félagið hafi fullan endurkröfurétt, enda hafi félagið haft lögtaksrétt til þess að innheimta iðgjaldið. Réttur félagsins sé því algerlega tryggður.

Stefnandi gerir þá kröfu til vara, að verði tryggingarfélagið sýknað af kröfu stefnanda, þá verði fjármálaráðherra f. h. ríkis-

sjóðs vegna lögreglustjórans í Reykjavík dæmdur sólidariskt með bifreiðareigandanum. Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að samkvæmt 18. gr. nefndrar reglugerðar sé þung og ótvíræð skylda lögreglustjóra að taka bifreið umsvifalaust úr umferð, sé hún ekki skyldutryggð. Komist dómurinn að því, að bifreiðin hafi ekki verið það, sé ljóst, að lögreglustjóri hafi brugðist þessari miklu skyldu og tjónsatburðurinn hefði ekki átt sér stað, ef búið hefði verið að stöðva bifreiðina og taka hana úr umferð. Nægur tími hefði verið til þess, þar sem bréfið barst 10. desember 1974, en atburðurinn gerðist 19. janúar 1975. Engin haldbær skýring hafi komið fram af hálfu stefnda lögreglustjórans við því, hvers vegna bifreiðin var enn í umferð.

Stefndi Almennar Tryggingar h/f styður sýknukröfu sína þeim rökum, að félagið beri ekki greiðsluskyldu gagnvart tjónþola, Olíufélaginu h/f. Sök ökumannsins sé alls ekki vefengd og fjárhæð tjónsins sé alls ekki mótmælt, heldur komi tjónið Almennum Tryggingum h/f ekkert við. Bifreiðin hafi upphaflega verið tryggð ábyrgðartryggingu með samningi, gerðum 27. júlí 1971, milli stefndu Jörgínu og Almennra Trygginga h/f og hafi samningur þessi verið framlengdur árlega eftir það skv. ákvæðum hans. Árið 1974 hafi samningurinn enn verið framlengdur 1. mars og hafi iðgjaldið þá fallið í gjalddaga. Jörgína R. Júlíusdóttir hafi þó ekki greitt iðgjaldið og hafi greiðsla dregist allt það ár þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir félagsins. Loks 21. nóvember 1974 hafi Jörgínu verið sent bréf með síðustu aðvörun venju samkvæmt, þar sem sagt var, að félagið vildi minna hana á, að iðgjaldið á ábyrgðartryggingunni hefði fallið í gjalddaga 1. mars og væri enn ógreitt. Það séu vinsamleg tilmæli félagsins, að hún greiði þetta nú þegar eða eigi síðar en 10. desember 1974. Í bréfinu hafi síðan verið með skýrum stöfum svofelld athugasemd: „Ath. sé iðgjalld eigi greitt fyrir þann tíma, verður viðkomandi yfirvaldi tilkynnt um vanskil yðar og númerið fjarlægt af bifreiðinni.“ Iðgjaldið hafi ekki verið greitt fyrir þann tíma og hafi þá lögreglustjóranum í Reykjavík verið sent bréf, einnig venju samkvæmt, eins og hér að ofan sé rakið. Bréf þetta hafi skrifstofa lögreglustjóra móttekið sama dag, þ. e. 10. desember 1974, og skv. efni bréfsins féll ábyrgð félagsins niður 14 dögum síðar, þ. e. 24. desember. Félagið hafi litið svo á, að þarna væri félagið að fella niður tryggginguna vegna vanskila bifreiðareigandans á greiðslu iðgjaldsins. Þarna væri alveg rétt að farið og viðkomandi yfirvöldum tilkynnt um þessa ákvörðun og beðið um, að bifreiðin

væri tekin úr umferð. Nægur tími hefði verið til þess og hafi félagið því verið laust frá samningnum og úr ábyrgð gagnvart tryggingartakanum 24. desember 1974. Hinn 19. janúar 1975 hafi bifreiðin valdið tjóni og það hafi því verið 40 dögum eftir að lögreglustjóra barst ofangreint bréf og hafi þá að sjálfsögðu enginn tryggingarsamningur verið milli aðilja og ábyrgð félagsins algerlega fallin niður. Eins og félagið bendi á í bréfi sínu til lögreglustjóra, byggi það niðurfellinguna á reglugerð nr. 88/1929 um bifreiðatryggingar, sem enn sé í gildi. 3. gr. reglugerðarinnar fjalli um þetta tilvik, en þar segi orðrétt: „Félagið má ekki segja upp tryggingarsamningi með minna en 14 daga fyrirvara, og er uppsögn með skemmri fyrirvara ógild. Nú er tryggingu sagt upp af öðrumhvorum aðilja, eða hún gengur úr gildi vegna vanrækslu á iðgjaldagreiðslu eða annarra vanskila, og er þá félaginu skylt að tilkynna það lögreglustjóranum í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Enda þótt tryggingin sé gengin úr gildi, ber félagið þó ábyrgð á sérhverju tjóni, sem að höndum ber innan 14 daga frá því að tryggingin gekk úr gildi, nema því aðeins að lögskipuð trygging sé keypt annarsstaðar. Sé tryggingin gengin úr gildi, áður en hlutaðeigandi lögreglustjóri hefur fengið tilkynningu frá félaginu, ber félagið ábyrgðina 14 daga frá þeim degi, er tilkynningin komi til lögreglustjóra."

Grein þessi sé svo skýrt orðuð, að eigi verði um það deilt, hvað við sé átt. Félagið hafi í öllu hagað sér skv. grein þessari. Það hafi fellt niður tryggginguna vegna vanrækslu á iðgjaldsgreiðslu og það hafi, eins og því var skylt, tilkynnt það lögreglustjóranum í því umdæmi, sem bifreiðin var skrásett. Félagið telji, að það hafi borið ábyrgð 14 daga, frá því að þetta gerðist, og ábyrgð þess hafi því lokið 24. desember 1974. Þetta sé bein lagaheimild skv. reglugerð, sem í gildi sé um þessi atriði. Vátryggingarsamningurinn, sem gerður var milli aðilja, hafi í skilmálum sínum ákvæði um það, að tryggingin famlengist um eitt ár í senn, nema henni verði slitið eða sagt upp skv. þeim reglum, er síðar greinir í skilmálum þessum, sbr. 5., 10. og 11. gr. Þannig geri samningurinn ráð fyrir, að unnt sé að gera hvort tveggja, að slíta tryggingunni og segja henni upp. Samningurinn fjalli hins vegar ekki um þriðju leiðina til að fella niður tryggingarsamning, þ. e. niðurfellingarleiðina. Ákvæði um slit samningsins séu í 5. gr. skilmálanna og ákvæði um uppsögn sé í 10. og 11. gr. skilmálanna, en niðurfellingarleiðin sé þarna ekki orðuð. Ljóst sé, að í samningi aðilja sé ekki kveðið að fullu á um öll réttindi þeirra og allar skyldur. Hafa verði

til hliðsjónar lög um vátryggingarsamninga og önnur viðkomandi lög og hér sé reglugerð höfð til hliðsjónar. Ljóst sé, að stórfelld vanskil á iðgjaldagreiðslu séu alvarleg brot á skyldu aðilja og sé félaginu í slíkum tilvikum heimilt að nota leiðina, sem reglugerðin gerir ráð fyrir, þ. e. að fella niður samninginn. Félagið hafi staðið við allar sínar skyldur í því efni og tilkynnt viðkomandi yfirvöldum um þessa ákvörðun. Uppsagnarheimildin, sem samningurinn gerir ráð fyrir, sé þýðingarlaus í tilvikum sem þessu, þ. e. þegar svo stórfelld vanskil á iðgjaldagreiðslu er um að ræða, enda sé félaginu sem og öðrum löggiltum félögum skylt að taka að sér tryggingu á bifreiðum. Niðurfellingarleiðin sé því eina leiðin, sem tiltæk sé í slíkum tilvikum. Þegar allt þetta sé haft í huga, sé leið þessi sjálfsögð vegna þessarar sérstöku tegundar tryggingar.

Varastefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóð, bendir hins vegar á til stuðnings sýknukröfu sinni, að aðiljar hafi samið um tryggingu fyrir bifreiðina og sé samningur þeirra skýrt tilgreindur í skilmálum þeirra. Þar sé skýrt tekið fram, hvernig tryggingunni geti lokið, og þar hafi aðiljar samið um það, að henni geti lokið annað hvort með slitum á samningi eða með uppsögn. Upplýst sé í máli þessu, að samningnum hafi ekki verið slitið, eins og skilmálarnir gera ráð fyrir, og hafi honum verið sagt upp, þá sé um að ræða þriggja mánaða uppsagnarfrest og sé ábyrgð félagsins því í fullu gildi, þegar tjónsatburðurinn gerðist. Félagið haldi því hins vegar fram, að það geti einhliða fellt niður tryggginguna með 14 daga fyrirvara, eins og oftnefnd 3. gr. reglugerðar geri ráð fyrir. Að vísu sé rétt, að reglugerðin geri ráð fyrir þessari heimild, en heimild þessi hafi hins vegar ekki verið nýtt í samningi aðilja og komi hún því ekki til álita í máli þessu. Til þess að nýta þessa heimild hefðu aðiljar þurft að semja um það sérstaklega og þar að auki hefði félagið þurft að fella tryggginguna niður á þennan hátt. Það hafi félagið hins vegar alls ekki gert, þar sem einhliða yfirlýsing félagsins til lögreglustjórans í Reykjavík sé ekki niðurfelling á samningi gagnvart samingsaðilja. Reglugerðina beri að skýra þröngt og þegar greinar hennar séu skýrðar í samhengi, þá komi í ljós, að dagsetning, sem um ræðir, er 1. mars ár hvert, og við þá dagsetningu verði að miða uppsagnir samninganna.

Varastefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, bendir auk þess á til stuðnings sýknukröfu sinni, að engin sök sé hjá lögreglunni í máli þessu. Skammur tími hafi liðið, frá því þeir fengu bréfið í hendur, og nóg sé um bifreiðar til þess að leita uppi og stöðva.

Þessi bifreið hafi verið utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og þess vegna erfitt að ná til hennar. Varastefndi styður og varakröfu sína um sýknu að svo stöddu með þeim rökum, að fyrst beri stefnanda að sannreyna, að hvorugur aðalstefnda geti raunverulega greitt tjónið, en fyrst þá geti hugsanleg krafa átt rétt á sér gagnvart varastefnda.

Niðurstaða.

Af gögnum málsins er ljóst, að ökumaður bifreiðarinnar R 27175 hafi valdið tjóni því, er stefnandi varð fyrir 19. janúar 1975. Eigandi bifreiðarinnar ber fébótaábyrgð á því skv. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Eigandinn, dánarbú Jörgínu R. Júlíusdóttur, sem tók við aðild málsins eftir lát hennar, hefur ekki sótt þing í málinu fremur en Jörgína heitin, og var henni þó löglega stefnt. Þar sem fjárhæð tjóns stefnanda þykir ekki ósanngjörn, ber að taka kröfur stefnanda á hendur dánarbúinu til greina að öllu leyti.

Ber þá að athuga, hvort meðstefndi, Almennar Tryggingar h/f, beri fébótaábyrgð gagnvart stefnanda ásamt dánarbúinu.

Meðstefndi, Almennar Tryggingar h/f, neitar greiðsluskyldu sinni á þeim forsendum, að hann hafi í bréfi sínu til lögreglustjórans í Reykjavík 10. desember 1975 fellt niður einhliða vátryggingarsamninginn við Jörgínu R. Júlíusdóttur. Vátryggingarsamningurinn gerir ekki ráði fyrir slíkri niðurfellingarleið, en á honum byggjast lögskipti aðilja, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Tilkynningin til lögreglustjórans getur á engan hátt talist niðurfelling á vátryggingarsamningnum, þar sem henni var ekki beint til samningsaðilja og ekki komið til hans, eins og meginreglur um löggerninga gera ráð fyrir. Fór því engin niðurfelling á vátryggingarsamningnum fram, jafnvel þótt slík leið hefði talist vera fyrir hendi. Þegar af þessari ástæðu ber að hrinda sýknukröfu meðstefnda, Almennra Trygginga h/f. Verður meðstefndi í aðalsök því dæmdur til að greiða stefnukröfuna in solidum með dánarbúi Jörgínu R. Júlíusdóttur, enda hefur hann ekki andmælt stefnukröfunni tölulega. Verður stefndu einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 45.000.

Krafa stefnanda á hendur varastefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kemur því eigi til álita í máli þessu, en rétt er af málsatvikum öllum, að varastefndi beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kvað upp Garðar Gíslason, settur borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, dánarbú Jörgínu R. Júlíusdóttur og Almennar

Tryggingar h/f, greiði in solidum stefnanda, Olíufélaginu h/f, kr. 59.720 með 13% ársvöxtum frá 19. janúar 1975 til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Varastefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, beri sinn kostnað af máli þessu.

Þriðjudaginn 11. mars 1980.

Nr. 86/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Hannesi Höjgaard Jónssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Fjársvik. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Í ákæruskjali 9. febrúar 1978 er ákærða m. a. gefið að sök að hafa horfið af Hótel Borgarnesi hinn 5. júlí 1977, „án þess að greiða skuld sína við hótelið, kr. 70.000". Ákærði hefur viðurkennt skuld sína við hótelið, að fjárhæð 62.130 krónur. Með reikningsgögnum hótelsins þykir sannað, að ákærði, sem bjó á hótelinu nokkra daga í júní og júlí 1977, hafi staðið í 70.000 króna skuld við það, er hann hvarf þaðan. Leggja verður til grundvallar dómi í málinu, að ákærði hafi tekið 78.000 krónur ófrjálsri hendi í Bogahlíð 11. Með þessari athugasemd ber að fallast á úrlausn héraðsdóms um sakfellingu, og eru brot ákærða réttilega færð til refsiákvæða.

Með dómi þessum er ákærði sakfelldur fyrir fjársvik, framin í eitt skipti, svo og 17 innbrotsþjófnaði og tilraun til þjófn-

aðar í eitt skipti. Er andlagi brotanna lýst hér að framan og í héraðsdómi. Ákærði er síbrotamaður. Ber við ákvörðun refsingar hans að vísa til 71., 72., 77. og 255. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 30 mánuði. Draga ber gæsluvarðhaldsvist ákærða, 55 daga, frá refsingu hans, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem ákæruskjali 9. febrúar 1978 er farið, verður að lækka fjárkröfu Haralds Haraldssonar um 3.000 krónur, og ber ákærða að greiða honum 28.000 krónur. Þá ber ákærða að greiða Hótel Borgarnesi fébætur að fjárhæð 70.000 krónur. Að öðru leyti ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um fébætur, en ákærði hefur samþykkt bótakröfu Hinriks Karcher.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 200.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Höjgaard Jónsson, sæti fangelsi 30 mánuði, en frá refsingu hans ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans í 55 daga.

Ákærði greiði Haraldi Haraldssyni 28.000 krónur og Hótel Borgarnesi 70.000 krónur. Ákvæði héraðsdóms um fébætur eiga að öðru leyti að vera óröskuð svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 26. maí 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. maí sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með tveim ákærum á hendur Hannesi Höjgaard

Jónssyni, Löngubrekku 22 í Kópavogi, fæddum 21. ágúst 1951 í Reykjavík, en mál þessi voru sameinuð í dómsmeðferð.

Í fyrri ákæru, sem dagsett er 9. febrúar 1978, er ákærða gefið að sök „eftirtalin auðgunarbrot framin árið 1977, svo sem rakið verður.

I. Fjársvik.

Með því að hafa þriðjudaginn 5. júlí horfið af Hótel Borgarnesi í samnefndu kauptúni, þar sem ákærði hafði búið frá 28. júní, án þess að greiða skuld sína við hótelið, kr. 70.000.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Þjófnaðarbrot.

1) Með því að hafa í júnímánuði brotist inn í neðangreind hús og stolið verðmætum:

— Sunnudaginn 19. í íbúð að Álfaskeiði nr. 125 í Hafnarfirði, þar sem ákærði stal 20 sænskum krónum, 4 bandarískum dölum og gæddi sér á kæfu úr dós.

— Sama dag í aðra íbúð þar í húsinu, þar sem ákærði stal 50.000 krónum í peningum.

— Fimmtudaginn 23. í íbúð í Hvassaleiti 30 í Reykjavík, þar sem ákærði gæddi sér á sviðum úr dós.

— Sama dag í íbúð í Safamýri 46 þar í borginni, þar sem ákærði stal 40.000 krónum í peningum og bankabók með 350.762 króna innstæðu, sem hann tók út úr 140.000 krónur.

2) Með því að hafa í júlímánuði brotist inn í eftirtalda sumarbústaði við Þingvallavatn og stolið úr þeim verðmætum eða farið þar inn í þeim tilgangi:

— Í landi Heiðarbæjar, eign Þorsteins Sigurðssonar, þar sem ákærði stal fötu fullri af kexpökkum, sjónauka, útvarpstæki og nokkrum dósum með niðursoðnum matvælum.

— Í landi Kárastaða, eign Þorgeirs H. Jónssonar, þar sem ákærði stal vasahníf og gæddi sér á matvælum.

— Í landi Heiðarbæjar, eign Valdimars Valdimarssonar, þar sem ákærði stal rafmagnsrakvél, nokkrum dósum af matvælum og dósahníf.

— Í landi Heiðarbæjar, eign Ævars Jóns Karlssonar, þar sem ákærði gæddi sér á fiskbollum úr dós.

— Í landi Skálabrekku, eign Erlings Brynjúlfssonar, þar sem ákærði stal sjónauka.

— Í landi Heiðarbæjar, eign Margrétar Dungal, þar sem ákærði stal sjónauka og útvarpstæki.
— Í landi Heiðarbæjar, eign Bergs Gíslasonar, þar sem ákærði át upp úr kexpökkum.
— Í landi Heiðarbæjar, eign Sveins Valfells.

Telst ofangreint atferli ákærða í 1 og 2 varða við 244 gr. almennra hegningarlaga, nema brot það, sem nefnt er síðast í 2, þykir varða við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Í síðari ákærunni, sem dagsett er 29. mars 1978, er ákærða gefið að sök „eftirtalin þjófnaðarbrot:

1) Á tímanum frá 17. til 20. júní 1977 braust ákærði inn í mannlausa íbúð í húsinu nr. 70 við Álfaskeið í Hafnarfirði og stal þar gaskveikjara og allt að 1.000 krónum í peningum.
2) Mánudaginn 30. janúar 1978 braust ákærði inn í mannlausa íbúð í húsinu nr. 11 við Bogahlíð í Reykjavík og stal þar peningakassa, sem í voru allt að 80.000 krónur í peningum ásamt margvíslegum skjölum.
3) Föstudaginn 10. febrúar 1978 braust ákærði inn í íbúð í Efstalandi 20 í Reykjavík og stal þar 2 bankabókum, samtals með 40.000 króna innstæðu, og 10 dollurum.
4) Þennan sama dag braust ákærði inn í íbúð í húsinu nr. 2 þar við götuna og stal armbandsúri.
5) Þennan dag braust ákærði enn inn í íbúð í húsinu nr. 68 við Hraunbæ í Reykjavík, stal þar tveimur bankabókum með samtals 456.121 krónu innstæðu og allt að 25.000 krónum í reiðufé og tók samdægurs 131.121 krónu út úr annarri bókinni í Landsbanka Íslands, aðalbanka.

Telst atferli ákærða, eins og því er lýst hér að framan, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburðum vitna, játningum ákærða svo og öðrum gögnum málsins eru málavextir svo sem rakið verður:

Á tímabilinu 17.—20. júní sl. mun ákærði hafa brotist inn í íbúð að Álfaskeiði 70 í Hafnarfirði, en þar bjó Sighvatur Jóhannsson. Saknaði hann úr íbúðinni u. þ. b. 1.000 kr. í peningum og kveikjara, en við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins

þann 8. mars sl. kom í ljós, að ákærði hafði kveikjara þennan í fórum sínum, sbr. dskj. nr. 28. Ákærði hefur viðurkennt að hafa farið inn í íbúð þessa í leit að peningum og hafa brotið upp skrifborðsskáp í sama tilgangi, en hann taldi sig hins vegar ekki muna, hvort hann hefði fundið nokkuð fémætt.

Sunnudaginn 19. júní braust ákærði inn í íbúð við Álfaskeið 125 í Hafnarfirði. Mun hann hafa komist inn í íbúðina með því að spenna lista af hurðarkarmi og stinga síðan upp læsingarjárn smekklássins. Kvaðst ákærði hafa tekið þarna eitthvað af útlendum peningum, en húsráðandi saknaði 20 sænskra króna og 4 bandaríkjadollara. Þegar ákærði var handtekinn þann 13. júlí s. á., hafði hann á sér tvo bandaríkjadollara, nokkra dinara og austurríska schillinga. Ákærði hefur ekki borið á móti því að hafa tekið úr íbúðinni þá peninga, sem húsráðandi saknaði, og taldi hann líklegt, að hann hefði týnt þeim.

Sama dag mun ákærði hafa komist inn í aðra íbúð í sama húsi. Þar mun ákærði hafa tekið 50.000 kr. í peningum og eytt þeim, að eigin sögn, í daglegrar þarfir.

Fimmtudaginn 23. júní sl. mun ákærði hafa farið inn í íbúð að Hvassaleiti 30 í Reykjavík og rótað í skúffum í leit að peningum. Þar mun ákærði hafa tekið sviðadós og borðað úr henni, en fingrafar ákærða fannst á dósinni, sbr. dskj. nr. 5, bls. 2.

Sama dag var rannsóknarlögreglu Reykjavíkur tilkynnt um þjófnað á bankabók með 350.000 kr. innstæðu og 40.000 kr. í peningum úr íbúð að Safamýri 46 í Reykjavík. Við rannsókn málsins kom í ljós, að þann dag hafði ákærði brotist inn í nefnda íbúð, stolið þaðan fyrrgreindum verðmætum og tekið út úr bankabókinni 140.000 kr., en úttektarseðill er lagður fram sem dómskjal nr. 6 í máli þessu.

Sunnudaginn 28. júní s. á. kom ákærði á Hótel Borgarnes og fékk þar á leigu herbergi. Greiddi hann þegar inn á reikning sinn 25.000 kr. Var hann talinn mjög eyðslusamur og sagður hafa neytt mikils áfengis. Mun hann hafa greitt síðar aðrar 25.000 kr. inn á reikning sinn, en fengið aftur til baka kr. 15.000. Sem tryggingu fyrir endanlegri greiðslu afhenti ákærði bankabók þá, er hann stal úr íbúð í Safamýri 46 í Reykjavík og frá greinir hér að framan. Þann 5. júlí mun ákærði hafa horfið af hótelinu án þess að greiða reikning að upphæð kr. 70.000 eða hirða um fyrrgreinda bankabók.

Þriðjudaginn 12. júlí s. á. handtók lögreglan í Árnessýslu

ákærða í landi Heiðarbæjar í Þingvallasveit, þar sem hann var grunaður um innbrot í sumarbústaði þar í sveit.

Rannsóknarlögreglu ríkisins bárust eftirtaldar kærur vegna þessara innbrota:

1) Kæra Þorgeirs H. Jónssonar, Akurgerði 24, Reykjavík, en hann mun vera eigandi sumarbústaðar vestast í landi Kárastaða í Þingvallasveit, sbr. dskj. nr. 16. Kvaðst kærandi hafa komið í bústað sinn þann 13. júlí og tekið þá eftir, að búið var að brjótast þar inn. Hefði rúða verið brotin og listi tekinn úr gluggafalsi, en skemmdir höfðu orðið á veggfóðri og gólfklæðningu, þar sem rignt hafði inn. Kærandi saknaði vasahnífs og matvæla.

2) Kæra Þorsteins Sigurðssonar, Sporðagrunni 9, Reykjavík, en hann mun vera eigandi sumarbústaðar í Heiðarbæjarlandi, sbr. dskj. nr. 17. Er synir kæranda komu í bústaðinn þann 17. júlí, kom í ljós, að brotist hafði verið inn þar og að sögn kæranda stolið fullri plastfötu af kexti, kjötvörum úr frystiskáp, niðursoðnum matvörum, ferðaútvarpstæki og þýskum sjónauka.

3) Kæra Valdimars Valdimarssonar, Háaleitisbraut 153, Reykjavík, sbr. dskj. nr. 18, vegna innbrots í sumarbústað í landi Nesja við Þingvallavatn. Kærandi kvaðst hafa komið í nefndan bústað að kvöldi 12. júlí. Hafi þá sést, að reynt hefði verið að spenna upp útidyrahurð og að opnanlegt gluggafag var brotið. Saknaði kærandi rafmagnsrakvélar, niðursuðuvöru og dósahnífs. Hélt kærandinn því fram, að sést hefði til manns á hlaupum skömmu áður frá bústaðnum í áttina til Heiðarbæjar.

4) Kæra Ævars Jóns Karlssonar, Hraunbæ 90, Reykjavík, dskj. nr. 19. Þegar komið var að bústað hans 12. júlí, hafði verið brotist inn í hann, rúða var brotin og mikil óreiða innan dyra. Tekin hafði verið upp dós af fiskibollum og matur eldaður.

5) Kæra Erlings Brynjúlfssonar, Eskihlíð 11, Reykjavík, dskj. nr. 20. Brotin hafði verið rúða í sumarbústað kæranda í landi Skálabrekku í Þingvallasveit, en hann kom í bústað sinn þann 14. júlí sl. Farið hafði verið inn og rótað þar til og sjónauki horfið.

6) Kæra Margrétar Dungal, Miklubraut 20, Reykjavík, dskj. nr. 21. Kærandi kvaðst hafa komið í bústað sinn í landi Heiðarbæjar hinn 16. júlí sl., en þá hefði rúða verið brotin í hurð, greinilega hefði verið gist í bústaðnum og matur eldaður, en umgengni þar öll slæm og sóðaleg. Þá var horfið úr bústaðnum ferðaútvarpstæki og sjónauki, en ákærði mun hafa verið með sjónauka þennan á sér, er hann var handtekinn, sbr. dskj. nr. 21, bls. 2.

7) Kæra Bergs Gíslasonar, Laufásvegi 64 A, Reykjavík, dskj.

nr. 22. Í tilefni af þeirri kæru fóru þeir Jónas Bjarnason rannsóknarlögreglumaður og Haraldur Árnason fá tæknideild rannsóknarlögreglu ásamt kæranda í sumarbústað síðastnefnda í landi Heiðarbæjar. Kom þá í ljós, að stunginn hafði verið upp smekkláslæsing fyrir útidyrum. Teknir höfðu verið upp kexpakkar, en fingrafar ákærða fannst á einum þeirra, sbr. dskj. nr. 22, bls. 3.

8) Kæra Sveins Valfells, Blönduhlíð 15, Reykjavík, dskj. nr. 23. Stungin hafði verið upp læsing fyrir útidyrum í sumarbústað kæranda, en bústaðurinn mun vera í landi Heiðarbæjar. Þar hafði verið eldaður matur og sofið, en engu stolið. Skilið hafði verið eftir ferðaútvarpstæki með innbyggðu segulbandi og nokkrar spólur í tækið.

Þegar lögreglan á Selfossi handtók ákærða, hafði skömmu áður sést til hans á hlaupum í grennd við Heiðarbæ.

Í fyrstu neitaði ákærði að vera valdur að innbrotum þeim, er hann var grunaður um að hafa framið.

Var hann í sakadómi Reykjavíkur þann 13. júlí sl. úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. ágúst s. á.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa dvalist á Hótel Borgarnesi og farið þaðan án þess að greiða reikninga hótelsins. Einnig hefur ákærði viðurkennt að hafa brotist inn í íbúð að Safamýri 46, stolið þaðan 40.000 krónum og bankabók, tekið út úr bókinni 140.000 krónur í Samvinnubankanum í Reykjavík, en skilið síðan bókina eftir á Hótel Borgarnesi.

Þá hefur ákærði enn fremur viðurkennt að vera valdur að innbrotum þeim, sem hér að framan frá greinir í sumarbústaði við Þingvallavatn. Taldi hann í réttarhaldi þann 12. maí sl., að hann hefði stolið þeim munum, sem eigendur sumarbústaðanna söknuðu, þótt hann teldi sig ekki geta munað um hvern einstakan hlut.

Mánudaginn 30. janúar sl. var brotist inn í íbúð að Bogahlíð 11 í Reykjavík. Hvarf þaðan peningakassi, en í honum voru, að sögn eiganda, 75—80 þúsund kr. í peningum og ýmis skjöl. Við rannsókn á brotastað fannst hluti úr lófafari ákærða, sbr. dskj. nr. 29, bls. 7. Peningakassi þessi fannst sama dag í Öskjuhlíð, og voru peningarnir horfnir. Ákærði hefur viðurkennt verknaðinn og að hafa eytt peningum þeim, sem í kassanum voru, í skemmtanir. Taldi hann, að einungis 60.000 kr. hefðu verið þar fyrir. Vitnið Jón Einarsson, Bogahlíð 11, kom fyrir dóm þann 17. maí sl. Staðfesti hann þá, að hann hefði geymt fyrrnefndan kassa læstan í læstum skáp og hefði hann talið peningana tveim dögum

áður en kassanum var stolið. Hefðu þá verið í kassanum 75.000 kr. í 5 þúsund króna seðlum, 3.000 kr. í hundrað króna seðlum og þar að auki eitthvað af erlendri mynt.

Föstudaginn 10. febrúar sl. mun ákærði hafa brotist inn í íbúð að Efstalandi 20 í Reykjavík. Ákærði hefur viðurkennt að hafa stungið upp forstofuhurð að þeirri íbúð og einnig að hafa brotið upp skápa og skúffur í leit að peningum. Kvaðst ákærði hafa tekið þar 10 dollara. Í kæru húsráðanda kom fram, að úr einum læsta skápum, sem brotinn hafði verið upp, hefðu horfið sparilánabækur. Við vitnaleiðslu þann 17. maí sl. kom fram, að bækur þessar hefðu fundist ofan í rúmfatakassa, u. þ. b. mánuði eftir að innbrotið var framið.

Sama dag mun ákærði hafa brotist inn í íbúð að Efstalandi 2 í Reykjavík og stolið þaðan armbandsúri, en úr þetta fannst á ákærða, þegar hann var handtekinn á Húsavík þann 15. febrúar sl.

Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa sama dag og hann framdi tvö framangreind innbrot brotist inn í íbúð að Hraunbæ 68 í Reykjavík, stolið þaðan 20.000 kr. í peningum og bankabók á aðalbanka Landsbanka Íslands. Innstæðu bókarinnar, kr. 131.121, tók ákærði út í útibúi Landsbankans í Árbæjarhverfi, en úttektarseðill er framlagður sem dskj. nr. 34. Úr íbúðinni söknuðu húsráðendur einnig bankabókar á Vegamótaútibúi Landsbanka Íslands með 325.000 kr. innstæðu. Þann 11. maí sl. kom vitnið Valur Waage, Hraunbæ 68, fyrir dóm. Samkvæmt eiðfestum framburði vitnisins taldi það, að fyrrgreind bankabók hefði horfið úr stofuskáp, en hulstur bókarinnar verið skilið eftir. Taldi vitnið bókina glataða, en innstæða væri óhreyfð. Í réttarhaldi 12. maí sl. taldi ákærði sig ekki vita, hvort hann hefði tekið nefnda bók eða ekki.

Ákærði var handtekinn á Húsavík 15. febrúar sl. Var hann færður til Reykjavíkur og úrskurðaður þar í sakadómi til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 15. mars s. á.

Eftirtaldar bótakröfur hafa komið fram:

1) Frá Hinrik Karcher, Álfheimum 48, Reykjavík, að fjárhæð 20 kr. sænskar og 2 bandaríkjadollarar, sbr. dskj. nr. 3, bls. 4.

2) Frá Haraldi Haraldssyni, Álfaskeiði 125, Hafnarfirði, að fjárhæð kr. 31.000 sbr. dskj. nr. 4, bls. 4.

3) Frá Jóhanni Ólafssyni, Safamýri 46, Reykjavík, að fjárhæð kr. 186.000, sbr. dskj. nr. 6, bls. 7.

4) Frá Ólafi Reynissyni f. h. Hótels Borgarness að fjárhæð kr. 70.000, sbr. dskj. nr. 14 og nr. 15.

5) Frá Ævari Jóni Karlssyni, Hraunbæ 90, Reykjavík, að fjárhæð kr. 10.000, sbr. dskj. nr. 19, bls. 2.

6) Frá Erlingi Brynjúlfssyni að fjárhæð kr. 900, sbr. dskj. nr. 20.

7) Frá Samvinnutryggingum annars vegar vegna innbrotstryggingar Þorgeirs H. Jónssonar, Akuregrði 24 í Reykjavík, að fjárhæð kr. 58.000, sbr. dskj. nr. 24, og hins vegar vegna innbrotstryggingar Haralds Haraldssonar, Álfaskeiði 125, Hafnarfirði, að fjárhæð kr. 42.789, sbr. dskj. nr. 25.

8) Frá Jóni Einarssyni, Bogahlíð 11, Reykjavík, að fjárhæð kr. 80.000.

9) Frá Val Waage, Hraunbæ 68, Reykjavík, að fjárhæð kr. 101.621, sbr. dskj. nr. 37, bls. 7.

Ekki er krafist vaxta af ofangreindum fjárhæðum.

Ákærði hefur viðurkennt kröfur þær, sem taldar eru í liðum 1—3, 5—7 og 9.

Kröfum samkvæmt liðum 4 og 8 hefur ákærði mótmælt sem of háum. Telur ákærði sér einungis skylt að greiða kvittaða reikninga frá Hótel Borgarnesi, en fjárhæð þeirra nemi 62.130 kr., sbr. dskj. nr. 37, bls. IV. Þá telur ákærði, að hann hafi einungis stolið 60.000 kr. úr læstum peningakassa Jóns Einarssonar, og hefur ákærði talið sér einungis skylt að greiða þá fjárhæð.

Aðrar bótakröfur hafa ekki komið fram, en viðkomandi hefur þó verið gefinn kostur á að koma þeim að.

Þann 25. maí sl. lagði verjandi ákærða fram vörn í málinu.

Gerir hann þær kröfur, að ákærði hljóti þá vægustu refsingu, sem lög leyfa, gæsluvarðhaldsvist komi að fullu til frádráttar refsingu og að sér verði tildæmd málsvarnarlaun.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa framið þau brot, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali dskj. nr. 2 og í 1) og 4) lið ákæruskjals dskj. nr. 27. Með þeim játningum, framburði vitna svo og öðrum gögnum málsins þykir nægjanlega sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem þar er tilgreind.

Í 2) lið ákæruskjals dskj. nr. 27 er ákærða gefið að sök að hafa stolið peningakassa, sem í voru allt að 80.000 kr., úr íbúð í húsinu nr. 11 við Bogahlíð í Reykjavík. Ákærði hefur viðurkennt verknaðinn að öðru leyti en því, að hann taldi, að einungis hefðu verið 60.000 kr. í kassanum. Samkvæmt eiðsvörnum framburði eiganda kassans munu hafa verið í honum 78.000 kr. í íslenskum peningum og eitthvað af erlendri mynt. Verður því ekki unnt að leggja

framburð ákærða til grundvallar varðandi fjárhæð þá, er hann tók úr kassanum, og telst hann því sekur um þá háttsemi, sem honum er að sök gefin í þessum lið ákæruskjals.

Þá hefur ákærði viðurkennt brot það, sem tilgreint er í 3. lið sama ákæruskjals, að öðru leyti en því, að hann kvaðst ekki hafa stolið bankabókum þeim, sem þar eru nefndar. Bækur þessar hafa fundist í íbúð þeirri, sem ákærði braust inn í, og verður hann því ekki sakfelldur fyrir þjófnað á þeim. Að öðru leyti telst ákærði sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í nefndum lið ákæruskjals.

Í 5. tl. sama ákæruskjals er ákærða gefið að sök að hafa stolið 2 bankabókum og allt að 25.000 kr. í peningum úr íbúð í húsinu nr. 68 við Hraunbæ í Reykjavík. Ákærði hefur viðurkennt að hafa stolið annarri þessara bóka og tekið út úr henni 131.121 kr. og hafa tekið 20.000 kr. í peningum. Við rannsókn málsins hefur ekkert komið fram um afdrif hinnar bókarinnar. Verður ekki unnt að telja fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnað á þeirri bók, og skal hann því vera sýkn af þeirri háttsemi, en að öðru leyti sekur um þau þjófnaðarbrot, sem honum er að sök gefin í nefndum tölulið ákæruskjalsins.

Framangreind háttsemi ákærða þykir réttilega heimfærð til refsiákvæða í ákæruskjölum.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1974 26/4 í Kópavogi: Dómur: 20 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga og 248. gr. hegningarlaga.

1976 9/4 í Kópavogi: Dómur: 1. árs fangelsi, ÷ 26 daga gæsluvarðhald, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244 gr. hegningarlaga.

1977 7/5 í Kópavogi: Dómur: 4. mán. fngelsi fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaga, 244. og 246. gr. sömu laga.

1978 13/1 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. og 155. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt þeim refsilagaákvæðum, sem hann er ákærður eftir, svo og með hliðsjón af 77. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga fangelsi í 20 mánuði, og komi 55 daga gæsluvarðhald til frádráttar refsivistinni. Gæsluvarðhald ákærða frá 16. apríl mun ekki vera til komið vegna

brota þeirra, sem hér er ákært fyrir, og kemur því refsivist ákærða ekki nú til frádráttar.

Þá dæmist ákærði til greiðslu skaðabóta, en kröfur þær, sem fram hafa komið og hér að framan greinir, eru allar studdar fullnægjandi gögnum nema krafa frá Hótel Borgarnesi, sem þykir réttilega rökstudd að fjárhæð kr. 62.130, og frá Jóni Einarssyni að fjárhæð kr. 78.000. Aðrar kröfur verða teknar til greina að fullu.

Þá dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 60.000, og réttargæslulaun Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns vegna réttargæslu gæsluvarðhalds ákærða frá 13. júlí 1977—10. ágúst s. á. og 15. febrúar 1978—15. mars s. á., sem þykja hæfilega ákveðin skv. framlögðum reikningi kr. 30.000.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Höjgaard Jónsson, sæti fangelsi í 20 mánuði, og komi 55 daga gæsluvarðhald til frádráttar refsivistinni.

Ákærði greiði Hinrik Karcher, Álfheimum 48, Reykjavík, jafnvirði 20 kr. sænskra kr. og tveggja bandaríkjadollara miðað við sölugengi á greiðsludegi.

Ákærði greiði Haraldi Haraldssyni, Álfaskeiði 125, Hafnarfirði, kr. 31.000.

Ákærði greiði Jóhanni Ólafssyni, Safamýri 46, Reykjavík, kr. 186.000.

Ákærði greiði Ævari Jóni Karlssyni, Hraunbæ 90, Reykjavík, kr. 10.000.

Ákærði greiði Erlingi Brynjúlfssyni kr. 900.

Ákærði greiði Samvinnutryggingum, Ármúla 3, Reykjavík, kr. 100.789.

Ákærði greiði Val Waage, Hraunbæ 68, Reykjavík, kr. 101.621.

Ákærði greiði Jóni Einarssyni, Bogahlíð 11, Reykjavík, kr. 78.000.

Ákærði greiði Hótel Borgarnesi kr. 62.130.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar héraðs-

dómslögmanns, kr. 60.000, og réttargæslulaun skipaðs réttargæslumanns síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. mars 1980.

Nr. 179/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Hannesi Höjgaard Jónssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfellt ákærða fyrir brot þau, sem í ákæru greinir. Eru þau færð til réttra refsiákvæða. Ákærði er með dómi þessum sakfelldur fyrir 10 innbrotsþjófnaði. Er andlagi brotanna lýst í héraðsdóminum. Ákærði er síbrotamaður. Ber að vísa til 71., 72., 77., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun á refsingu hans, sem þykir hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði. Frá refsingu ákærða ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans í 223 daga, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfu Sigurðar Inga Margeirssonar. Ákvæði héraðsdóms um fébætur og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Höjgaard Jónsson, sæti fangelsi 18 mánuði. Frá refsivist hans ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans í 223 daga.

Ákvæði héraðsdóms um fébætur og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 6. desember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. nóvember sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 18. maí 1978, „á hendur Hannesi Höjgaard Jónssyni, Löngubrekku 22 í Kópavogi, fæddum 21. ágúst 1951 í Reykjavík, fyrir þjófnaði í Reykjavík (nema annars sé getið) í marsmánuði 1978, svo sem rakið verður:

1) Fimmtudaginn 16. braust ákærði inn í íbúð að Efstalandi 2, braut þar upp skúffu og sló eign sinni á tölvuúr.
2) Sama dag braust ákærði inn í kjallaraíbúð að Efstalandi 12 og stal sólgleraugum.
3) Föstudaginn 17. braust ákærði inn í íbúð að Reynimel 88 og stal þar sparisjóðsbók frá Landsbanka Íslands með 95.787 króna innstæðu, 10 dollurum, 5 sterlingspundum og allt að 300 grískum drökmum. Tók ákærði 95.000 krónur út úr bókinni samdægurs.
4) Sunnudaginn 19. braust ákærði inn í íbúð að Álfaskeiði 125 í Hafnarfirði og stal þar 100 dollurum og allt að 30 sterlingspundum.
5) Mánudaginn 20. braust ákærði inn í íbúð að Eskihlíð 22 og stal þar 130.000 krónum í peningum.

Telst þetta atferli ákærða varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

Með ákæru, dagsettri 26. júní 1978, er mál höfðað „á hendur

Hannesi Höjgaard Jónssyni, Löngubrekku 22 í Kópavogi, fæddum 21. ágúst í Reykjavík, fyrir innbrotsþjófnaði í júnímánuði 1978, svo sem rakið verður:

1) Fimmtudaginn 8. braust ákærði inn í íbúð í húsinu nr. 21 við Hjallabraut í Hafnarfirði og stal þar peningakassa með 70.000 krónum í peningum, dönskum og sænskum krónum og þýskum mörkum, jafnvirði allt að 70.000 krónum, tveimur sparisjóðsbókum með lítilli innstæðu auk vasatölvu.
2) Sunnudaginn 11. braust ákærði inn í sumarbústaðinn Brekkukot við Hafravatn og stal þar 7.800 krónum í peningum, sjónauka, útvarpstæki og penna.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta."

Þá er mál höfðað með ákæru, dagsettri 7. nóvember 1978, „á hendur Hannesi Höjgaard Jónssyni, gæslufanga. Löngubrekku 21 í Kópavogi, fæddum 21. ágúst 1951 í Reykjavík, fyrir eftirtalda þjófnaði í ágústmánuði árið 1978:

1) Þriðjudaginn 8. braust ákærði inn í mannlausa íbúð að Háaleitisbraut 52 í Reykjavík og stal þar bankabók með 380.000 króna innstæðu og veski með 17.000 krónum og skilríkjum. Ákærði fénýtti sé bókina samdægurs og tók út úr henni 140.000 krónur í Útvegsbanka Íslands.
2) Þriðjudaginn 22. braust ákærði inn í íbúð að Tjarnarbóli 14 á Seltjarnarnesi og stal þar tveimur bankabókum með samtals 548.202 króna innstæðum ásamt skilríkjum. Ákærði fénýtti sér samdægurs aðra bókina og tók út úr henni 140.000 krónur í Útvegsbanka Íslands á Seltjarnarnesi.
3) Föstudaginn 25. braust ákærði inn í íbúð að Blikahólum 10 í Reykjavík og stal þar allt að 220 bandarískum dölum, 55 sterlingspundum og 10 vestur-þýskum mörkum.

Telst ofangreint atferli ákærða varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta."

Mál þessi voru öll sameinuð hér fyrir dómi þann 10. nóvember sl. og hafa síðan verið rekin sem eitt mál.

I. Málavextir.

Samkvæmt skýrslu lögreglu, rannsóknarlögreglu svo og fram-

burði ákærða hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi eru málavextir þessir:

Fimmtudaginn 16. mars sl. braust ákærði inn í læsta íbúð að Efstalandi 2 í Reykjavík. Spennti hann þar upp skrifborðsskúffu í leit að peningum, en fann, að eigin sögn, ekkert verðmætt nema tölvuúr, sem hann tók með sér, en fleygði síðan í sorptunnu.

Sama dag fór ákærði inn í læsta íbúð að Efstalandi 12 með því að losa lista úr hurðarkarmi og stinga síðan upp skrána með hníf eða skrúfjárni. Ákærði hefur viðurkennt að hafa stolið úr íbúðinni sólgleraugum.

Þann 17. mars sl. braust ákærði inn í íbúð að Reynimel 88 í Reykjavík á svipaðan hátt og hér að framan greinir. Tók ákærði úr hirslum í skrifborði 10 dollara, fimm ensk pund og gríska peninga, sem voru að sögn eiganda 250—300 drökmur. Enn fremur mun ákærði hafa tekið þarna bankabók á Vegamótaútibú Landsbanka Íslands, farið með bókina í bankann og tekið út úr henni 95.000 kr., en ljósrit af úttektarseðli er lagt fram sem dskj. nr. 9 í máli þessu. Ákærði hefur játað að hafa framið þessi brot.

Þann 19. mars sl. braust ákærði inn í íbúð að Álfaskeiði 125 í Hafnarfirði og stal þar 100 dollurum og 25—30 enskum pundum.

Þann 20. mars sl. braust ákærði inn í íbúð í húsinu nr. 22 við Eskihlíð og stal þaðan 130.000 krónum í peningum.

Í skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins kemur fram, að ákærða var mikið leitað af lögreglu frá 21. mars sl. Var hann handtekinn í samkomuhúsinu Ingólfskaffi í Reykjavík sunnudaginn 16. apríl sl. Kvaðst ákærði þá hafa dvalist á Akureyri frá 22. mars til 15. apríl sl. Var úrskurðað í sakadómi Reykjavíkur þann 16. apríl sl., að ákærði skyldi sæta gæsluvarðhaldi frá þeim degi til 3. maí s. á. Þann dag, er ákærði skyldi látinn laus úr gæslu, var hann að kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins úrskurðaður í sakadómi Reykjavíkur til að sæta áframhaldandi gæslu til 7. júní sl., og var hann látinn laus úr gæslu þann dag.

Þann 26. maí sl. var ákærði dæmdur í sakadómi Kópavogs í 20 mánaða fangelsi, að frádregnum 55 dögum, sem ákærði sat í gæsluvarðhaldi vegna brota á 244. gr., sbr. 20. gr., og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er ákærða var birtur dómur þessi þann 2. júní sl. óskaði hann eftir, að dóminum yrði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands.

Þann 8. júní sl. kærði Sigríður Lúðvíksdóttir, Hjallabraut 21, Hafnarfirði, innbrot og þjófnað á peningakassa, sem hún og Ás-

grímur Kristjánsson töldu, að hefði innihaldið 70.000 krónur, erlendan gjaldmiðil að jafnvirði 70.000 krónum íslenskum og 2 sparisjóðsbækur. Þá söknuðu þau einnig vasatölvu, og var ákærði samkvæmt lögregluskýrslu, dskj. nr. 26, bls. 2, með tölvuþessa á sér, er hann var handtekinn nokkrum dögum síðar. Ákærði hefur viðurkennt að hafa brotist inn í fyrrgreinda íbúð og að hafa stolið þaðan erlendum gjaldeyri, peningakassa og vasatölvu. Ákærði kveðst síðar hafa spennt upp peningakassann og tekið úr honum þá peninga, sem í honum voru. Kvaðst hann ekki hafa talið peningana, en þeir gætu hafa verið 60—70 þúsund krónur. Ekki kvaðst ákærði hafa talið allan erlenda gjaldeyrinn, en hluti hans hefði verið 4—5 hundruð danskar krónur og álíka magn af sænskum krónum.

Þann 11. júlí sl. var komið að ákærða við sumarbústað við Hafravatn, en hann hljóp á brott, er hann varð var við mannaferðir. Leitaði lögregla Hafnarfjarðar og lögreglan í Árbæ ákærða, og fannst hann skammt frá Úlfarsfelli þar sem hann var handtekinn. Hafði ákærði þá í fórum sínum sjónauka, vasatölvu, blekpenna og 55.700 krónur. Saknaði eigandi sumarbústaðarins sjónauka, blekpenna og 7.800 króna í peningum, og þekkti hann muni þá, sem teknir voru af ákærða, sem sína. Þá kvaðst hann einnig sakna útvarpstækis, og hefur ákærði viðurkennt að hafa stolið því og fleygt því í Hafravatn. Voru kærandanum afhentir sjónaukinn, blekpenninn og krónur 7.800, en þær 49.900, sem einnig fundust á ákæranda, er hann var handtekinn, voru afhentar Ásgrími Kristjánssyni, sem ákærði braust inn hjá þann 8. júní sl.

Í sakadómi Reykjavíkur var þann 12. júní sl. úrskurðað, að ákærði skyldi sæta gæsluvarðhaldi til 2. ágúst sl., og sat hann í gæsluvarðhaldi til þess dags.

Þann 8. ágúst sl. braust ákærði inn í íbúð að Háaleitisbraut 52 í Reykjavík með því að losa lista af hurðarkarmi og stinga síðan með skrúfjárni upp læsingu. Íbúi í þeirri íbúð, Árni Konráð Bjarnason, saknaði úr skrifborðsskúffu bankabókar á aðalbanka Útvegsbanka Íslands, nr. 59962, og peningaveskis, en í því taldi hann, að verið hefðu 17.000 krónur í peningum og skilríki.

Ákærði viðurkenndi við yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa tekið þessa muni, en taldi, að í veskinu hefðu verið 12—13 þúsund krónur, sem hann hefði síðar eytt. Fyrir dómi þann 10. nóvember sl. taldi ákærði sig ekki muna, hve miklir peningar hefðu verið í veskinu. Þá hefur komið fram, að ákærði fór í Útvegs-

banka Íslands með bankabók þá, sem nefnd er hér að framan, og tók úr henni krónur 140.000, en ljósrit af úttektarseðli er lagt fram sem dskj. nr. 53, en ákærði viðurkenndi bæði hjá rannsóknarlögreglu svo og fyrir dómi að hafa útfyllt seðil þennan. Ákærði kvaðst hafa notað peningana í eigin þágu og hann hefði síðan fleygt bankabókinni og peningaveskinu. Peningaveski þetta ásamt bankabókinni og persónuskilríkjum Árna Konráðs Bjarnasonar fannst síðan þann 3. september sl. í tómum barnavagni í þvottahúsi að Hverfisgötu 137 í Reykjavík.

Þriðjudaginn 22. ágúst sl. braust ákærði inn í íbúð í fjölbýlishúsi að Tjarnarbóli 14, Seltjarnarnesi. Komst ákærði inn í húsið, þar sem útihurð var ólæst, en í íbúðina komst ákærði með því að losa falslista af dyrakarmi og stinga síðan upp skrána. Í íbúðinni fann ákærði 2 bankabækur og skilríki í skúffu, og tók hann þetta með sér. Fór hann í útibú Útvegsbankans á Seltjarnarnesi og tók þar út úr annarri bókinni, sem er nr. 10115 á þann banka, kr. 140.000, en úttektarseðill er lagður fram sem dskj. nr. 43. Kvaðst ákærði hafa eytt peningunum í eigin þágu, en sett síðan bankabækurnar og skilríkin í ónefndan póstkassa í vesturbænum. Var munum þessum síðan komið til eigenda þeirra.

Föstudaginn 25. ágúst sl. var brotist inn í íbúð í fjölbýlishúsi að Blikahólum 10, Reykjavík, og þaðan stolið erlendum gjaldeyri. Þar bjó þá Gunnar Jóhannsson. Íbúðin hafði verið mannlaus þann dag, en kona, sem býr í næstu íbúð, hafði veitt því athygli, að rifa var á dyrum að íbúð Gunnars. Heyrði hún skömmu síðar hurðarskell og sá á eftir manni niður stigann og út úr húsinu. Gat hún gefið lýsingu á manninum. Var hún þá fengin til að skoða nokkrar myndir úr myndasafni rannsóknarlögreglunnar, en lýsing konunnar gat átt við alla þá, sem á myndunum voru. Taldi konan mynd af ákærða í máli þessu líkjast manni þeim, er hún sá hverfa frá Blikahólum 10 fyrrgreindan dag.

Sama dag var ákærði handtekinn og færður í fangageymslu í Síðumúla.

Er ákærði var yfirheyrður daginn eftir hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, vildi hann ekkert segja um það, hvort hann hefði brotist inn í fyrrgreinda íbúð. Er ákærði var yfirheyrður þann 28. ágúst sl. hjá rannsóknarlögreglu, viðurkenndi hann að hafa brotist inn í íbúð í Blikahólum 10 þann 25. ágúst sl. Kvaðst hann hafa komist inn í íbúðina með því að losa huðarlista frá karmi og stinga upp lásinn. Hefði hann leitað peninga og fundið þar og tekið með sér 220 dollara, 25—26 ensk pund og 10 vesturþýsk mörk. Ákærði

sagðist hafa selt gjaldeyririnn fyrir 70.000 kr., en síðan hefði hann eytt hluta af þeirri fjárhæð, en það, sem þá var eftir, hefði hann verið með á sér, er lögreglan handtók hann. Samkvæmt lögregluskýrslu, dskj. nr. 37, voru það 56.700 kr. Gunnar Jóhannsson, kærandi að innbroti þessu, staðfesti, að ekki hefðu verið tekin nema 25 ensk pund, 220 dollarar og 10 vesturþýsk mörk skv. dskj. nr. 38, bls. 3. Þann 26. ágúst sl. var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp úrskurður þess efnis, að ákærði skyldi sæta gæsluvarðhaldi í allt að 90 dögum með vísan til 1., 3. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

II. Bótakröfur.

Eftirtaldar bótakröfur hafa komið fram:

1. Einar Þorkelsson, Efstalandi 2, Reykjavík kr. 35—40.000, sbr. dskj. nr. 4, bls. 2.
2. Sigurður Ingi Margeirsson, Reynimel 88, Reykjavík, 95.000 kr., 10 USA dollarar, 5 ensk pund og 250 drökmur, sbr. dskj. nr. 8, bls. 2.
3. Tómas Guðmarsson, Eskihlíð 22, Reykjavík, kr. 130.000, sbr. dskj. nr. 14, bls. 2.
4. Ásgrímur Kristjánsson, Hjallabraut 21, Hafnarfirði, kr. 91.100, sbr. dskj. nr. 23, bls. 3.
5. Sverrir Sigurðsson, Sævargörðum 1, Seltjarnarnesi, kr. 27.800, sbr. dskj. nr. 28, bls. 2.
6. Árni Konráð Bjarnason, Háaleitisbraut 52, Reykjavík, kr. 119.500, sbr. dskj. nr. 52, bls. 2.
7. Gunnar Jóhannesson, Blikahólum 10, kr. 14.954, dskj. nr. 38, bls. 3.

Af ofangreindum fjárhæðum er ekki krafist vaxta.

Ákærði hefur samþykkt allar framkomnar kröfur, en taldi sig ekki geta greitt þær vegna peningaleysis.

Aðrar bótakröfur hafa ekki komið fram, og hefur þó öllum, sem hlut eiga að máli, verið gefinn kostur á að koma þeim að.

Ákærði óskaði eftir að halda uppi vörnum í máli þessu, og var Páll Arnar Pálsson héraðsdómslögmaður skipaður verjandi hans með bréfi, dags. 22. júní 1978.

Skilaði verjandinn skriflegri vörn í réttarhaldi þann 23. nóvember sl., dskj. nr. 54. Krefst hann þess, að ákærði hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að gæsluvarðhaldstími, alls 193 dagar, komi til frádráttar refsingu. Þá krefst verjandinn málsvarnar-

launa sér til handa og að sér verið tildæmd réttargæslulaun, þar sem hann hafi verið réttargæslumaður, þá er ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi.

III. Niðurstöður.

Ákærði hefur játað að hafa framið þau brot, sem í ákæruskjölum greinir, að öðru leyti en því, að í 3. tl. ákæruskjals, dags. 7. nóvember, dskj. nr. 35, er ákært m. a. fyrir þjófnað á 55 sterlingspundum. Í lögregluskýrslu, dskj. nr. 38, bls. 2, telur ákærði, að hann hafi stolið 25—26 sterlingspundum, og á sama dskj., bls. 3, staðfestir kærandinn, að tekin hefðu verið 25 ensk pund. Með hliðsjón af þessu verður ákærði talinn sekur um þjófnað á 25 enskum pundum. Að öðru leyti þykir með játningum ákærða svo og öðrum gögnum málsins nægjanlega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjölum og er þar réttilega heimfærð til 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í ákæruskjali, dags. 7. nóvember sl., er ákærði talinn til heimilis að Löngubrekku 21, en hann telur sjálfur, að heimilisfang sitt sé að Löngubrekku 22. Eigi þykir þetta misræmi hafa á nokkurn hátt áhrif á niðurstöður málsins.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1974 26/4 í Kópavogi: Dómur: 20 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga og 248. gr. hegningarlaga.

1976 9/4 í Kópavogi: Dómur: 1 árs fangelsi, ÷ 26 daga gæsluvarðhald, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1977 7/5 í Kópavogi: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaga, 244. gr. og 246. gr. sömu laga.

1978 13/1 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. og 155. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

1978 26/5 í Kópavogi: Dómur: 20 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr., 244. gr., sbr. 20. gr., og 248. gr. hegningarlaga, ÷ 55 daga gæsluvarðhald.

Brot þau, sem ákærða eru gefin að sök í ákæruskjali, dags. 18. maí 1978, dskj. nr. 2, framdi ákærði í mars 1978, eða áður en dómur féll í sakadómi Kópavogs þann 26. maí sl. Verður honum

því dæmdur hegningarauki fyrir brot þau, sem í nefndri ákæru greinir, sbr. 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt þessu svo og samkvæmt því refsilagaákvæði, sem ákært er eftir, svo og með hliðjón af 71. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði (að hluta hegningarauki). Gæsluvarðhald ákærða frá 16. apríl til 7. júní sl., frá 12. júní til 2. ágúst sl. og frá 26. ágúst til 25. nóvember sl., eða samtals 193 dagar, er rétt, að komi refsivistinni til frádráttar.

Þá dæmist ákærði til greiðslu skaðabóta svo sem hér segir, en ákærði hefur viðurkennt allar framkomnar kröfur.

Ákærði greiði:

Einari Þorkelssyni, Efstalandi 2, Reykjavík kr. 35.000.

Sigurði Inga Margeirssyni, Reynimel 88, Reykjavík, kr. 95.000 auk jafnvirði 10 USA dollara, 5 enskra punda og 250 drakma í íslenskum krónum miðað við sölugengi á greiðsludegi.

Tómasi Guðmarssyni, Eskihlíð 22, Reykjavík kr. 130.000.

Ásgrími Kristjánssyni, Hjallabraut 21. Hafnarfirði kr. 91.000.

Sverri Sigurðssyni, Sævargörðum 1, Seltjarnarnesi, kr. 27.800.

Árna Konráði Bjarnasyni, Háaleitisbraut 52, Reykjavík, kr. 119.500.

Gunnari Jóhannessyni, Blikahólum 10, Reykajvík, kr. 14.954.

Þá dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar héraðsdómslögmanns, svo og réttargæslulaun, sem þykja hæfilega ákveðin samtals kr. 114.000.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Höjgaard Jónsson, sæti fangelsi í 8 mánuði að frádregnum 193 dögum, sem ákærði hefur setið í gæsluvarðhaldi.

Ákærði greiði bætur sem hér segir:

Einari Þorkelssyni, Efstalandi 2, Reykjavík, kr. 35.000.

Sigurði Inga Margeirssyni, Reynimel 88, Reykjavík, kr. 95.000 auk jafnvirði 10 USA dollara, 5 enskra punda og 250 drakma í íslenskum krónum miðað við sölugengi á greiðsludegi.

Tómasi Guðmarssyni, Eskihlíð 22, Reykjavík, kr. 130.000.

Ásgrími Kristjánssyni, Hjallabraut 21, Hafnarfirði, kr. 91.100.

Sverri Sigurðssyni, Sævargörðum 1, Seltjarnarnesi, kr. 27.800.

Árna Konráði Bjarnasyni, Háaleitisbraut 52, Reykjavík, kr. 119.500.

Gunnari Jóhannssyni, Blikahólum 10, Reykjavík, kr. 14.954.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun og réttargæslulaun til Páls Arnórs Pálssonar héraðsdómslögmanns, kr. 114.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. mars 1980.

Nr. 38/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhanni Jóhannssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. mars 1980 í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Gögn máls bárust Hæstarétti 10. s. m.

Svo sem málsatvik eru rakin í hinum kærða úrskurði, er fram kominn rökstuddur grunur um, að varnaraðili hafi falsað og notfært sér tékka þá, er þar greinir. Varða slík brot við 155. gr. almennra hegningarlaga, og liggur fangelsisrefsing við þeim.

Með þessari athugasemd og skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. mars 1980.

Ár 1980, laugardaginn 8. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 7. þ. m. gerði rannsóknarlögregla ríkisins þá kröfu til dómsins, að kærði í máli þessu, Jóhann Jóhannsson, er telur sig eiga lögheimili að Bjarnarstíg 9 hér í borg, fæddur 22. júní 1945, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald til 19. s. m. vegna gruns um brot gegn 155., 244. og 248 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Rannsóknarlögreglan handtók kærða 6. þ. m. vegna máls þessa. Hann var leiddur fyrir dóm í gær, 7. þ. m., og var ákveðið að hafa hann í haldi, uns úrskurður gengi um framangreinda kröfu.

Málsatvik eru þau, að hinn 6. þ. m. kærði Hafsteinn Blandon, Skeggjagötu 8 hér í borg. f. h. verkfræðistofunnar Kvasir h/f, Veltusundi 3, þjófnað á 4 tékkaeyðublöðum úr tveimur tékkheftum, en í ljós hafði komið, að tékkar höfðu verið falsaðir á eyðublöð þessi og seldir í útibúum Iðnaðarbanka Íslands h/f hér í borginni. Tékkar þessir, sem eru nánar raktir í skjölum málsins, eru samtals að fjárhæð 1.911.880 krónur. Komið hefur í ljós, að allar nafnritanir á tékkunum eru falsaðar og reikningsnúmer ekki rétt.

Samkvæmt upplýsingum útibússtjóra Breiðholtsútibús Iðnaðarbankans var stofnuð þar sparisjóðsbók nr. 23547 hinn 28. f. m. Innlegg var samkvæmt gögnum málsins kr. 7.000. Nafn bókareiganda var gefið upp Lúðvík Lárusson, Suðurhólum 4, Reykjavík, nafnnúmer 6189 - 5779. Samkvæmt beiðni eiganda var merki fyrir bókina „Lúðv.Lár."

Andvirði umræddra tékka var lagt inn á sparisjóðsbókina 29. febrúar sl., en sama dag voru teknar út úr henni krónur 1.915.000 við framvísun hennar í aðalbanka í Lækjargötu. Þetta er hægt, þar sem Iðnaðarbanki Íslands h/f hefur nýlega tekið í notkun tölvukerfi, sem virkar þannig, að þegar peningar eru lagðir inn í eitthvert útibúa bankans, kemur það strax fram í tölvu í aðalbankanum.

Gjaldkeri sá í Breiðholtsútibúi, er annaðist framangreind viðskipti, hefur gefið lýsingu á manni þeim, sem opnaði sparisjóðs-

bók þá, er áður greinir, og getur sú lýsing komið heim við kærða. Þá fór fram sakbending, og benti gjaldkerinn á kærða. Kvað hún hann vera líkastan þeim manni, sem hún afgreiddi í bankanum, og þann eina, sem kæmi til greina af þeim mönnum, sem hafðir voru í sakbendingunni, en þeir voru sex að tölu auk kærða.

Kærði hefur neitað að vita nokkuð um mál þetta. Hann hefur verið spurður um tekjur sínar undanfarið, og sagðist hann ekki sjá ástæðu til að greina frá þeim. Kærði hefur unnið í Þjóðleikhúskjallaranum í vetur, og kveður hann síðustu greiðslur hafa verið inntar af hendi til sín um mánaðamótin janúar/febrúar sl.

Þegar kærði var handtekinn, var hann með á sér í reiðufé kr. 745.200 og auk þess með kvittun um, að hann hefði greitt víxil í Landsbankanum að fjárhæð kr. 100.000 sama dag og hann var handtekinn. Kærði hefur gefið þá skýringu á peningaeign sinni, að hann hafi selt húsgögn fyrir um kr. 800.000 og frystikistu fyrir kr. 250.000, en ekki getað upplýsi, hverjir voru kaupendur. Komið hefur fram í málinu, að kærði hefur ávísanareikninga við Alþýðubankann og Múlaútibú Landsbanka Íslands. Hinn 29. febrúar lagði hann inn á reikninginn við Múlaútibúið kr. 500.000, en sú upphæð var tekin út 6. þ. m. Á reikninginn við Alþýðubankannn lagði kærði inn hinn 3. þ. m. kr. 250.000, en eftir standa nú kr. 150.000.

Tæknideild rannsóknarlögreglu ríkisins hefur hafið rannsókn á hinum fölsuðu tékkum, er að framan greinir, og gert m. a. samanburð á þeim og tékkum úr málum frá árinu 1976, sem kærði kannaðist við að hafa falsað. Segir í skýrslu rannsóknarlögreglunnar, að allir framangreindir tékkar séu skrifaðir á ritvél með sams konar leturgerð og kærði notaði við tékkafals haustið 1976. Þá kemur og fram, að fjárhæðir allra tékkanna í tölustöfum eru skrifaðar allra fremst á þar til gerðan reit á tékkaeyðublöðunum. Enn segir í skýrslunni, að rannsókn sé að hefjast á því, hvort sérkenni sé að finna í vélritaða textanum, sem séu einkennandi fyrir ritvélina, sem þeir séu skrifaðir með. Loks greinir frá því, að á þekk einkenni hafi komið fram í ritöndinni á tékkunum og tékkum þeim, sem kærði hefur viðurkennt að hafa falsað.

Í álitsgerð Maríu Bergmann rithandarsérfræðings, dags. í dag, segir, að ritun á sýnum, þ. e. þrír af tékkum þeim, sem kærði er grunaður um að hafa falsað, og sönnuð rithönd kærða á þremur sýnum sýni, að um skrift sömu persónu sé að ræða. Telur hún einstaklingseinkenni viðkomandi rithandar koma sérstaklega

greinilega fram í stöfum, sem hún tilgreinir nánar í 9 töluliðum í álitsgerðinni.

Í beiðni rannsóknarlögreglunnar um gæsluvarðhald segir, að rannsókn málsins sé á byrjunarstigi. Eftir sé að kanna m. a. fjárreiður kærða og ýmisleg atriði í skýrslu hans, svo sem sölu á húsgögnum o. fl. Þá muni tæknideild rannsóknarlögreglunnar eiga mikið starf eftir við rannsókn tékka þeirra, sem mál þetta er sprottið af.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir vera fram komin rökstuddur grunur um, að kærði kunni að eiga þátt í fölsun og notkun framangreindra tékka. Þykir mega fallast á kröfu rannsóknarlögreglunnar með tilvísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi til 19 þ. m., enda samrýmist það 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhann Jóhannsson, sæti gæsluvarðhaldi til 19. mars nk.

Þriðjudaginn 11. mars 1980.

Nr. 95/1977. **Kristján Guðmundsson**
(Logi Guðbrandsson hrl.)
gegn
Stykkishólmshreppi
Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f og
(Skúli J. Pálsson hrl.)
samgönguráðherra f. h. samgönguráðuneytisins
(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Samningar. Stjórnsýsla. Vanhæfi stjórnvalds. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar 20. júní 1977. Hann hafði upphaflega áfrýjað málinu með stefnu 31. janúar það ár, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 1. júní 1977, en ný áfrýjunarstefna var gefin út fyrrnefndan dag með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur áfrýjanda eru, að „leigusamningi, dags. 9. júní 1971, á milli hreppsnefndar Stykkishólmshrepps og Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f um leigu á báðum dráttarbrautum Stykkkishólmshrepps verði rift og ákvörðun samgönguráðuneytisins í bréfi, dags. 16. júní 1971, um samþykki leigusamnings verði ógilt og að hreppsnefnd Stykkishólmshrepps verði gert skylt að veita áfrýjanda afnot af dráttarbrautum hreppsins. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar".

Stykkishólmshreppur og Skipasmíðastöðin Skipavík h/f krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Samgönguráðherra krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og málskostnaður fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Samgönguráðuneytið setti það skilyrði 16. júní 1971, þegar það staðfesti leigusamninginn, að í hann væri tekið ákvæði um varnarþing í Reykjavík. Verður á því byggt, að þetta ákvæði hafi orðið hluti samningsins.

Ekki var áfrýjandi aðili samnings þess, sem mál þetta snýst um, en honum er heimilt að fá með dómi úr því skorið, hvort hann eigi rétt, sem gangi framar ákvæðum samningsins.

Áfrýjandi styður kröfur sínar þeim rökum í fyrsta lagi, að fyrir liggi loforð af hálfu Stykkishólmshrepps þess efnis, að áfrýjandi héldi afnotum af dráttarbraut hreppsins. Af þeim ástæðum, sem greindar eru í upphafi IV. kafla hins áfrýjaða dóms, verður ekki á þetta fallist.

Þá byggir áfrýjandi kröfur sínar á því, að óheimilt hafi verið að leigja dráttarbrautir hreppsins með þeim hætti sem gert var með samningnum 9. júní 1971. Af 16. gr. hafnalaga

nr. 48/1967 verður ótvírætt ráðið, að sveitarstjórnir, sem hafa umráð slíkra mannvirkja, megi leigja þau aðiljum, sem einir hafi afnot þeirra á leigutímanum. Engin ákvæði, sem að þessu lúta, eru í hafnarreglugerð fyrir Stykkishólm nr. 152/1970. Verður því fallist á það með héraðsdómara, að þessi röksemd áfrýjanda sé ekki tæk.

Áfrýjandi ber þessu næst fyrir sig, eins og greinir í héraðsdómi, að við undirbúning samningsins, sem gerður var 9. júní 1971, eftir að hreppsnefnd hafði gert ályktun 15. desember 1970, hafi verið lagt hart að sér að ganga til samvinnu við stefnda Skipasmíðastöðina Skipavík h/f og hafi þetta, samþykkt hreppsnefndarinnar og samningsgerðin sjálf falið í sér þvingun, sem stefnt hafi að því að gera honum ókleift að stunda atvinnurekstur sinn. Sé þetta ólögmæt valdníðsla, sem leiða eigi til þess, að dómkröfur hans beri að taka til greina. Áfrýjandi hefur ekki fært fullnægjandi rök fyrir þessu, og verður af þeim sökum ekki á því byggt.

Loks byggir áfrýjandi á því, að menn, sem tóku þátt í hreppsnefndarfundinum 15. desember 1979, hafi verið vanhæfir til að hafa innan hreppsnefndarinnar afskipti af leigusamningnum, er mál þetta snýst um.

Meðal gagna máls er ljósrit úr fundargerðabók hreppsnefndar Stykkishólmshrepps af fundargerð 15. desember 1970. Segir þar um leigusamninginn við Skipasmíðastöðina Skipavík h/f:

„1) Oddviti gerði stuttlega grein fyrir viðhorfum varðandi leigusamning, sem fyrir liggur. Oddviti vék af fundi og varaoddviti Kristinn B. Gíslason tók við fundarstjórn, en Ólafur Guðmundsson tók sæti Ágústar Bjartmarz.

Ól. Guðmundsson tók til máls og taldi samninginn heldur hagstæðan hreppsfélaginu og benti á nauðsyn þess, að skipasmíðar í Stykkishólmi dragist ekki saman.

Þorvarður Guðmundsson gat þess, að hafnarnefnd hefði unnið að miklu leyti að fyrirliggjandi samningi, ræddi síðan aðstöðu til skipasmíða og kvað hana ekki góða. Síðan vék Þorvarður af fundi, og sæti hans tók Helgi Eiríksson.

Ásgeir Ágústsson tók til máls og hélt því fram, að óhagstætt væri fyrir hreppinn að gera nefndan leigusamning.

Jón Magnússon ræddi nokkuð tekjumöguleika dráttarbrautanna í framtíðinni og benti á, að þar gætu orðið sveiflur á.

Fleiri tóku til máls og ræddu málið frá ýmsum hliðum. Ásgeir Ág. taldi ekki óeðlilegt, að hreppurinn fengi 90% af öllum brautargjöldum. Gerði Ásgeir þetta að tillögu sinni, og var hún borin undir atkvæði. Þetta er breytingatillaga við 3ja lið leigusamningsins. Tillagan felld með 6 atkv. gegn einu.

Síðan var samningurinn borinn undir atkv. og samþykktur með 6 atkv. gegn einu."

Fyrir Hæstarétti er komið fram, að Ólafur Guðmundsson, sem tók sæti Ágústs Bjartmarz á hreppsnefndarfundinum, átti einungis 5.000 króna hlut í Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f. Verður ekki talið, að hlutafjáreign hans eða hreppsnefndarmanna Einars Karlssonar, Helga Eiríkssonar og Kristins B. Gíslasonar í skipasmíðastöðinni hafi verið að því marki, að samþykkt hreppsnefndar um gerð leigusamnings við skipasmíðastöðina um dráttarbrautir hreppsins verði metin ógild af þeim sökum, að þessir hreppsnefndarmenn tóku þátt í meðferð málsins á fundinum og atkvæðagreiðslu um það.

Eins og nánar greinir í framanritaðri fundargerð, viku hreppsnefndarmennirnir Ágúst Bjartmarz og Þorvarður Guðmundsson af hreppsnefndarfundinum, að því er virðist í upphafi umræðna um hin framlögðu drög að leigusamningi um dráttarbrautirnar, og tóku ekki þátt í atkvæðagreiðslu um það mál. Hefur ekki verið sýnt fram á, að þeir hafi átt þann þátt í meðferð málsins í hreppsnefndinni, að varði ógildi samþykktar hreppsnefndar.

Af því, sem nú hefur verið rakið, leiðir, að ekki þykja fram komin rök til þess, að nýnefnd samþykkt og samningsgerð sé lýst ólögmæt. Kemur því ekki til athugunar, hver afleiðing þeirrar niðurstöðu hefði orðið að lögum, heldur ber að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda.

Eftir atvikum og með tilliti til krafna samgönguráðherra hér fyrir dómi þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara og Gunnars G. Schram prófessors.

Fram er komið í málinu, að Þorvarður Guðmundsson, er undirritaði fyrir hönd Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f leigusamninginn um dráttarbrautir Stykkishólmshrepps, sem gerður var 9. júní 1971, var á þeim tíma hreppsnefndarmaður, en jafnframt stjórnarmaður og yfirverkstjóri hjá Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f. Þá er einnig upplýst, að hafnarnefnd Stykkishólmshrepps vann að miklu leyti að ofangreindum samningi, en Þorvarður var á þeim tíma formaður hafnarnefndar. Hann tók þátt í umræðum á þeim hreppsnefndarfundi, sem samningsuppkastið samþykkti 15. desember 1970, áður en hann vék af fundi.

Að því er varðar þátt Ágústs Bjartmarz í málinu, þá var hann hreppsnefndarmaður og oddviti hreppsnefndar, þegar leigusamningurinn var gerður. Jafnframt var hann á sama tíma stjórnarmaður í Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f og framkvæmdastjóri félagsins. Þeir Þorvarður og hann voru einnig báðir hluthafar. Á hreppsnefndarfundinum 15. desember 1970 gerði Ágúst Bjartmarz sem oddviti stuttlega grein fyrir viðhorfum varðandi umræddan leigusamning. Fyrir héraðsdómi bar hann, að hann hefði einnig tekið þátt í umræðum. Hann vék af fundi, áður en til atkvæðagreiðslu kom.

Svo sem hér er greint, voru mjög rík fjárhags- og atvinnutengsl milli Þorvarðar Guðmundssonar og Ágústs Bjartmarz annars vegar og Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f

hins vegar. Báðir störfuðu þeir hjá fyrirtækinu á þessum tíma og voru auk þess helstu stjórnendur þess. Ekki var því rétt, að þeir tækju sem hreppsnefndarmenn þátt í undirbúningi samningsgerðar við Skipasmíðastöðina Skipavík h/f vegna þeirra tengsla við fyrirtækið, sem að framan er lýst. Verður að telja samkvæmt grundvallarreglum stjórnarfarsréttar um hæfi stjórnvalda, að þeir hafi verið vanhæfir til þess að undirbúa og fjalla um greindan samning Stykkishólmshrepps við Skipasmíðastöðina Skipavík h/f. Á fundi hreppsnefndarinnar hinn 15. desember 1970 tóku þeir báðir til máls og ræddu samninginn og efni hans, áður en þeir viku af fundi. Gátu þeir því átt þátt í að móta afstöðu annarra fundarmanna til málsins. Ljóst er, að báðir voru þeir af fyrrgreindum ástæðum vanhæfir til þess að taka þátt í meðferð málsins á fundinum. Samþykktin frá 15. desember 1970 var því ólögmæt.

Þegar þess er hins vegar gætt, að með samningi hreppsnefndar Stykkishólmshrepps og Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f frá 14. maí 1969 tók hlutafélagið á leigu báðar dráttarbrautir hreppsins og fékk jafnframt einkarétt á rekstri þeirra, meðan á leigutíma stóð, verður að telja, að áfrýjandi hafi þá misst allan rétt til afnota af dráttarbrautunum, sem hann hafði áður haft. Ekki er upplýst í málinu, að áfrýjandi hafi öðlast þann rétt að nýju fyrir gildistöku hins umdeilda leigusamnings.

Með þessum athugasemdum erum við sammála úrlausn meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. maí 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 6. apríl sl., hefur Kristján Guðmundsson skipasmíðameistari, Stykkishólmi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. og 25. nóv. 1974, gegn hreppsnefnd Stykkishólmshrepps f. h. hreppsins, Halldóri E. Sigurðssyni samgönguráðherra f. h. samgönguráðuneytisins og Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f, Stykkishólmi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að leigusamningi, dags. 9. júní 1971, á milli hreppsnefndar Stykkishólmshrepps og Skipasmíða-

stöðvarinnar Skipavíkur h/f um leigu á báðum dráttarbrautum Stykkishólmshrepps verði rift og ákvörðun samgönguráðuneytisins í bréfi, dags. 16. júní 1971, um samþykki leigusamningsins verði ógild og hreppsnefnd Stykkishólmshrepps verði gert skylt að veita stefnanda afnot af dráttarbrautum hreppsins. Þá krefst stefnandi málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu.

Stefndu hreppsnefnd Stykkishólmshrepps og Skipasmíðastöðin Skipavík h/f gera þær dómkröfur að verða sýknuð af riftunarkröfu stefnanda og stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að mati dómsins.

Stefndi samgönguráðherra f. h. samgönguráðuneytisins gerir þær dómkröfur að verða sýknaður og tildæmdur málskostnaður að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Sáttaumleitanir í máli þessu hafa reynst árangurslausar.

II.

Málavextir virðast vera þeir, að um alllangan tíma hafi verið starfrækt fyrirtæki í Stykkishólmi, sem annast hafa skipaviðgerðir og skipasmíðar. Nöfn þessara fyrirtækja virðast til þess fallin að skapa rugling. Af fyrirtækjum þeim, sem hér koma við sögu, mun vera elst Skipasmíðastöðin h/f, Stykkishólmi, sem mun hafa verið stofnuð um 1941. Við þetta fyrirtæki mun stefnandi hafa unnið frá 1945, og var hann verkstjóri og að því er virðist aðalstjórnandi fyrirtækisins um margra ára skeið. Um líkt leyti og Skipasmíðastöðin h/f tók til starfa mun hafa verið reist dráttarbraut í Stykkishólmi. Í máli þessu gengur dráttarbraut þessi undir nafninu gamla dráttarbrautin. Í braut þessari var hægt að taka upp allt að 50 tonna báta. Skipasmíðastöðin h/f, Stykkishólmi, og Vélsmiðja Kristjáns Rögnvaldssonar virðast hafa haft afnot af braut þessari, og mun Skipasmíðastöðin h/f undir stjórn stefnanda hafa haft umsjón með brautinni.

Með bréfi, dags. 24. jan. 1959, sóttu tveir menn, þeir Þorvarður Guðmundsson og Axel Andrésson, til hafnarnefndar Stykkishólms um sams konar aðstöðu í dráttarbrautinni og Skipasmíðastöðin h/f hefur haft á undanförnum árum. Í tilefni af bréfi þessu skrifaði hafnarnefndin Skipasmíðastöðinni h/f, og er þar m. a. spurst fyrir um það, hvort Skipasmíðastöðin h/f geti aukið rekstur sinn svo, að rekstursafkoma dráttarbrautarinnar geti talist örugg og trygg. Þeim Þorvarði Guðmundssyni og Ólafi Guðmundssyni mun hafa verið falin umsjón með gömlu dráttarbrautinni á árinu 1963. Þeir munu þá hafa unnið hjá fyrirtæki, sem hét Skipavík h/f.

Á árinu 1963 var ákveðið að slíta Skipasmíðastöðinni h/f. Stefnandi hafði áfram afnot af dráttarbrautinni, eftir að þeim Þorvarði og Ólafi var falin umsjón hennar, að minnsta kosti til ársins 1966. Þessi afnot virðast hafa verið í sambandi við starfrækslu Skipasmíðastöðvarinnar h/f, þrátt fyrir að búið var að slíta félaginu.

Á dskj. nr. 3 er svohljóðandi bréf, dags. 13. des. 1966, frá sveitarstjóra Stykkishólms til stefnanda:

„Á fundum byggingarnefndar og hreppsnefndar dagana 6. og 9. þessa mánaðar var tekin til athugunar fyrirspurn frá yður um, hvort leyfð mundi verða bygging á lóð yðar við Smiðjustíg.

Nefndirnar töldu báðar, að vel kæmi til mála að leyfa byggingu á umræddum stað, en hreppsnefnd bendir yður hins vegar á, að svo gæti farið, að nýju fyrirtæki verði veitt einkaleyfi til viðgerða og smíði skipa í dráttarbrautum hreppsins.

Þetta tilkynnist yður hér með."

Hinn 4. mars 1967 skrifaði sveitarstjóri Stykkishólms stefnanda annað bréf, og er það svohljóðandi:

„Á fundum byggingarnefndar- og hreppsnefndar Stykkishólmshrepps dagana 1. og 3. þessa mánaðar var tekin til afgreiðslu umsókn yðar um leyfi til að byggja verkstæðishús á lóð yðar við Smiðjustíg.

Nefndirnar samþykktu báðar einróma að veita leyfið, en byggingarnefnd óskar eftir, að lagðar verði fram endanlegar teikningar af húsinu, áður en framkvæmdir við byggingu þess hefjast, og hreppsnefnd tekur það fram, að leyfið sé háð því skilyrði, að staðsetning hússins hindri á engan hátt notkun dráttarbrautarinnar."

Hinn 8. mars 1967 skrifaði sveitarstjóri Stykkishólms stefnanda svohljóðandi bréf:

„Á fundi hreppsnefndar Stykkishólmshrepps föstudaginn 3. þ. m. var tekið til umræðu bréf frá yður, þar sem þér kvartið um að geta ekki með eðlilegum hætti stundað atvinnu yðar við skipaviðgerðir vegna örðugleika á að fá báta tekna upp í dráttarbrautir hreppsins.

Hreppsnefndin áleit, að slíkt ástand væri með öllu óviðunandi, og samþykkti að leita þegar í stað ráða til úrbóta.

Á sunnudag síðastliðinn hélt svo hluti hreppsnefndar ásamt sveitarstjóra fund með núverandi umsjónaraðila dráttarbrautanna, Skipavík h.f., og varð þar samkomulag um, að Skipavík h.f. annist áfram upptöku fyrir hreppsins hönd fyrst um sinn, en

jafnframt slegið föstu, að allir hafi jafnan rétt til aðstöðu í brautum hreppsins, þar til hreppsnefnd kann að ákveða annað.

Samkvæmt framansögðu getið þér því hindrunarlaust tekið að yður hver þau verkefni, sem vinna þarf í dráttarbrautum hreppsins, að svo miklu leyti sem brautirnar anna, enda látið þér Skipavík h.f. vita með minnst eins dags fyrirvara um hverja upptöku."

Með afsali, dags. 25. maí 1968, seldi skilanefnd Skipasmíðastöðvarinnar h/f, Stykkishólmi, stefnanda eignir Skipasmíðastöðvarinnar h/f.

Hinn 9. des. 1967 var undirritaður stofnsamningur Skipasmíðasöðvar Stykkishólms h/f. Samkvæmt stofnsamningi var tilgangur félagsins að annast skipaviðgerðir, skipasmíði svo og annan skyldan atvinnurekstur. Stofnfé félagsins skyldi eigi vera lægra en kr. 1.500.000 og eigi hærra en kr. 3.000.000 og skiptast í fimm þúsund króna hluti. Hver stofnenda, en þeir voru samkvæmt stofnsamningi 20, skráði sig fyrir einum fimm þúsund króna hlut, að auki lofaði Stykkishólmshreppur félaginu hlutafé að fjárhæð kr. 1.000.000. Samkvæmt stofnsamningnum fylgja þau sérréttindi hlutum Stykkishólmshrepps, að við stjórnarkjör í félaginu á hreppurinn rétt til að tilnefna 2 menn af sinni hálfu í stjórn félagsins.

Með kaupsamningi, dags. 3. mars 1969, seldi Skipavík h/f Skipasmíðastöð Stykkishólms h/f eignir sínar. Hluthafar í Skipavík h/f skyldu fá hlutabréf í Skipasmíðastöð Stykkishólms h/f, sömu fjárhæðar og hver um sig hafði greitt inn til Skipavíkur h/f, og nam fjárhæðin í heild kr. 101.000. Í kaupsamningi þessum er jafnframt svohljóðandi ákvæði:

„Þegar endanlega hefur verið gengið frá öllum atriðum samnings þessa, skuldbindur Skipasmíðastöð Stykkishólms h.f. sig til þess að breyta nafni félagsins í „Skipasmíðastöðin Skipavík h.f."

Samningi þessum til staðfestu undirrita hann fulltrúar frá hvorum aðila, sem til þess hafa verið kosnir að ganga frá sameiningu þeirra."

Á sama tíma og unnið var að samningum vegna sameiningar Skipavíkur h/f og Skipasmíðastöðvar Stykkishólms h/f virðast hafa farið fram ítrekaðar samningatilraunir til þess að fá stefnanda til samstarfs við Skipasmíðastöð Stykkishólms h/f. Í málinu hefur verið lagt fram uppkast að ráðningarsamningi milli stefnanda og Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f frá árinu 1969. Í samningsuppkasti þessu er fjallað um kaup og kjör stefnanda sem verkstjóra hjá skipasmíðastöðinni, og í framhaldi þar af er ákvæði um, að skipasmíðastöðin taki á leigu smíðahús stefnanda

við Smiðjustíg ásamt þar töldum tækjum. Jafnframt er ákvæði um, að skipasmíðastöðin taki að sér verkefni, sem stefnandi hefur haft með höndum. Í samningsuppkasti þessu áskilur stefnandi sér allan rétt til skaðabóta á hendur sveitarsjóði Stykkishólmshrepps og Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f, eins og áður hefur komið fram í viðræðum og bréfaskrifum.

Ekki varð af samningi á milli stefnanda og Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur í samræmi við samningsuppkast þetta.

Í Stykkishólmi var byggð ný dráttarbraut fyrir skip allt að 400 tonnum. Þessi dráttarbraut er annars staðar en gamla dráttarbrautin, og mun hún hafa verið tekin í notkun á árinu 1969.

Hinn 14. maí 1969 gerðu Stykkishólmshreppur sem leigusali og Skipasmíðastöðin Skipavík h/f sem leigutaki með sér leigusamning um báðar dráttarbrautir hreppsins, og skyldi leigutaki samkvæmt samningnum hafa einkarétt á rekstri dráttarbrautanna, meðan leigutíminn varir. Leigutíminn skyldi hefjast 1. apríl 1969, og var leigusamningurinn uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara af hvorum aðilja, miðað við 31. desember 1969.

Hinn 9. júní 1971 gerðu Stykkishólmshreppur sem leigusali og Skipasmíðastöðin Skipavík h/f sem leigutaki leigusamning um báðar dráttarbrautir hreppsins til níu ára. Þetta er samningurinn, sem stefnandi krefst riftunar á.

Stefnandi hefur lýst málavöxtum á þá leið, að stefnandi hafi unnið að skipasmíðum í Stykkishólmi allt frá árinu 1945, ýmist sem verkstjóri hjá Skipasmíðastöð Stykkishólms h/f, en síðan, eftir að hann keypti eignir þess fyrirtækis árið 1966, hafi hann rekið kipasmíðastöð fyrir eigin reikning í Stykkishólmi. Árið 1942 hafi verið byggð í Stykkishólmi dráttarbraut, sem hægt sé að taka upp í skip allt að 50 tonnum, en árið 1969 hafi tekið til starfa ný dráttarbraut fyrir skip allt að 400 tonnum. Allt frá upphafi hafi Skipasmíðastöð Stykkishólms h/f og síðan stefnandi, eftir að hann keypti eignir félagsins, haft aðstöðu til að taka skip upp í dráttarbrautirnar og greitt fyrir þá aðstöðu til hreppsins, sem sé eigandi dráttarbrautanna, eftir reikningi. Hafi stefnandi rekið allumfangsmikla starfsemi og aflað sér vegna atvinnurekstrar síns fullkominna og dýrra véla og tækja og hafi árið 1969 lokið við byggingu verkstæðis og vélahúss á eignarlóð sinni við dráttarbrautina. Byggingar þessar hafi verið leyfðar af hreppsnefnd og byggingarnefnd Stykkishólms með bréfi, dags. 4. mars 1967. Um þetta leyti komi fram, að hreppsnefndin sem eigandi dráttarbrautarinnar leigi nýstofnuðu hlutafélagi aðstöðu við dráttarbrautina

og jafnframt einkarétt til þess að taka upp skip í brautinni. Stefnandi hafi ritað hreppsnefnd Stykkishólmshrepps bréf hinn 3. mars 1967, þar sem hann hafi kvartað undan því að geta ekki fengið báta tekna upp í dráttarbrautir hreppsins. Samkvæmt bréfi hreppsnefndar, dags. 8. mars 1967, hafi hreppsnefndin álitið, að slíkt ástand væri með öllu óunandi, og hafi samþykkt að leita þegar í stað ráða til úrbóta. Þær úrbætur hafi enn ekki fengist þrátt fyrir miklar og ítarlegar bréfaskriftir milli stefnanda og hreppsnefndarinnar. Hreppsnefndin hafi talið sig hafa leigt Skipavík h/f dráttarbrautirnar með einkarétti til þess að taka upp skip og samkomulag hafi ekki náðst við Skipavík h/f um afnot af dráttarbrautinni. Hinn 9. júní 1971 hafi svo hreppsnefnd Stykkishólmshrepps og Skipasmíðastöðin Skipavík h/f gert með sér leigusamning og samkvæmt þeim samningi séu Skipavík h/f leigðar báðar dráttarbrautir hreppsins og enginn fyrirvari tiltekinn í samningnum um afnot stefnanda að þeim. Þessi samningur hafi verið samþykktur af samgönguráðuneytinu hinn 16. júní 1971. Stefnandi hafi síðan ekki haft nein afnot af nefndum dráttarbrautum.

Fyrir dómi staðfesti stefnandi málavaxtalýsingu í stefnu. Stefnandi bar, að hann hefði ekki keypt eignir Skipasmíðastöðvar Stykkishólms h/f fyrr en þá er gengið var frá afsali, en áður hafi verið búið að ræða um það, að hann mundi geta fengið eigur skipasmíðastöðvarinnar keyptar, svo framarlega sem þær yrðu seldar. Athygli stefnanda var vakin á því, sem fram kemur á dskj. nr. 3, þar sem minnst er á lóð stefnanda við Smiðjustíg, og sagði stefnandi, að það muni vera ruglingslegt orðalag, þar sem lóð þessi við Smiðjustíg hafi verið eign skipasmíðastöðvarinnar, en ekki persónuleg eign stefnanda fyrr en eftir útgáfu afsalsins á árinu 1968.

Stefnandi kvaðst hafa hætt að hafa afnot af dráttarbrautinni á árinu 1966. Stefnandi sagði, að efndir bréfsins á dskj. nr. 5 hefðu engar orðið. Stefnandi var spurður vegna bréfsins á dskj. nr. 6 um það, hvort hann hefði snúið sér til sveitarstjóra varðandi upptöku báta, og játaði stefnandi því, en sagði, að því hafi ekki verið svarað.

Stefnandi kvaðst ekki muna, hvort hann hefði sérstaklega spurst fyrir um það, áður en hann byrjaði að byggja verkstæðishúsið, hvað yrði um væntanleg afnot hans af dráttarbraut hreppsins. En stefnandi kvaðst hafa talið það alveg öruggt, að hann mundi fá afnot af brautunum eða brautinni. Stefnandi sagði, að búið hefði verið að byggja helminginn af verkstæðishúsinu 1968 og efri hæðin hafi líklega verið byggð í kringum 1970.

Stefnandi sagði, að komið hefði til tals, að hann gerðist aðili að Skipasmíðastöðinni Skipavík, en hann hafi afþakkað það. Stefnandi kannaðist ekki við, að gert hefði verið uppkast af ráðningarsamningi á milli hans og Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f. Stefnandi neitaði því að hafa setið allmarga fundi með forráðamönnum Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur, þar sem rætt var um sameiningu fyrirtækis stefnanda og hinna fyrirtækjanna, sem slógu sig saman. Stefnandi sagði, að hann rámaði eitthvað í það, að talað hefði verið um, að eignir hans yrðu keyptar á matsverði.

Stefnandi sagðist hafa farið fram á aðstöðu í dráttarbrautunum gegn því að borga eins konar aðstöðugjald eða raunverulegan dráttarbrautarkostnað við hvern bát, en þessu hafi verið algerlega synjað.

Stefnandi kvaðst ekki hafa menn í vinnu, en í tengslum við hann vinni annar maður við trillusmíðina og vinni þeir við þetta bara yfir veturinn, aðra tíma ársins kvaðst stefnandi vinna úti í sveit, hingað og þangað.

Fyrir dómi bar Ágúst Bjartmarz, oddviti Stykkishólmshrepps, að stefnandi hefði verið yfirsmiður í Skipasmíðastöðinni h/f, sem stofnuð var 1941 og starfaði allt til 1963. Stefnandi hafi veitt skipasmíðastöðinni forstöðu frá því megi segja 1950. Á árinu 1957 hafi verið orðið dálítið erfitt með rekstur fyrirtækisins og hafi þá farið fram bréfaskipti milli hafnarnefndar og stefnanda. Árið 1959 hafi verið hert á, bæði í sambandi við uppgjör og viðhald brauta, því að stöðin hafi átt að sjá um viðhald að svona mestu leyti. Það hafi ekki verið gert og þá hafi henni verið gefinn frestur til þess að skila yfirliti yfir brautirnar og samið um, að uppgjör skyldi gert fyrir 10. hvers mánaðar. Seinna á árinu 1959 hafi hafnarnefnd krafist aðalfundar í skipasmíðastöðinni. Þá hafi tveir skipasmiðir, sem höfðu lært í stöðinni, sótt um aðstöðu í brautinni. Þeim hafi ekki verið svarað, heldur hafi skipasmíðastöðinni verið skrifað og hún beðin að segja álit sitt á þessu máli. Það hafi ekkert skeð fyrr en 1963, þá hafi stöðinni verið settir úrslitakostir, ef aðalfundur yrði ekki haldinn fyrir 18. júlí, þá yrðu brautirnar teknar af henni. Í maí 1963 hafi aðalfundur verið haldinn og stöðin leyst upp. Kosin hafi verið skilanefnd. Kannske hafi það riðið baggamuninn, að það hafi verið einn bátseigandi, sem hafi átt sinn bát uppi í brautinni og hafi ekki fengið hann settan niður, þannig að hafnarnefnd hafi orðið að skerast í málið og skipa verkstjóranum að setja hann niður. Ef hann gerði það ekki, yrðu aðrir beðnir um að gera það og það hafi verið gert.

Nýja dráttarbraut hreppsins hafi verið tilbúin, að því er oddvitann minnti, á árinu 1968. Af henni hafi stefnandi aldrei haft afnot. Lóð stefnanda og verkstæðishús séu við gömlu dráttarbrautina.

Oddvitinn bar, að mikið hefði verið rætt við stefnanda um það að sameinast bæði Skipasmíðastöð Stykkishólms og eins Skipavík, þá er þær voru báðar starfandi. Oddvitinn kvaðst bæði hafa átt viðræður við hann á fundum og eins heima hjá honum um þetta og hafi hann haft góð orð um þetta fyrst að sameinast stöðinni, það hafi komið fram á sameiginlegum fundi með hreppsnefndarmönnum, annað hvort að selja sínar eignir eða leigja. Þetta hafi tekið dálítið langan tíma, eins og gefi að skilja, og á meðan hafi ekki verið leyft, að neinn tæki upp í brautirnar. Það síðasta, sem skeði í þessu máli, hafi verið, að stefnanda hafi verið boðin verkstjórastaða hjá Skipavík. Þeir hafi viljað vita, hvað hann vildi fá fyrir að leigja byggingar hans þarna við gömlu stöðina, þó að lítil þörf hafi verið fyrir þær, þá hafi verið vilji til að leigja þær eða kaupa, eins og keypt hafi verið af Skipavík. Stefnandi hafi sagst skyldu gera uppkast að samningi við þá og það hafi hann gert ásamt Jóni Magnússyni sýslufulltrúa. Stefnandi hafi látið þá hafa hann og hafi átt að ræða um samninginn. Þetta hafi verið ráðningarsamningur, en margt fléttað inn í hann, t. d. með hvernig hans eigur kæmi inn í þetta. Oddvitinn sagði, að dskj. nr. 37 væri þessi umræddi ráðningarsamningur. Ekki hafi orðið af samningum. Þeir hafi talið, að þessi skilyrði, í fyrsta lagi í sambandi við leigu á húsinu, það hafi verið svo stór liður, að þeir hafi heldur viljað fá það keypt og það hafi stefnanda verið boðið. Stefnandi hafi ekki viljað selja. Einnig hafi verið erfitt að samþykkja síðustu grein samningsins, þar sem stefnandi áskilji sér allan rétt til þess að fara í mál við fyrirtækið. Það gæti verið erfitt fyrir yfirverkstjóra að vera einnig í máli við fyrirtækið.

Frá 1963—1966 hafi þeim Þorvarði Guðmundssyni, Sveini Guðmundssyni og Ólafi F. Guðmundssyni verið falin umsjón með brautunum. Þá hafi þeir tekið upp báta fyrir hvern, sem bað um það, bæði stefnanda og eins fyrir þá sjálfa. Þá hafi þeir verið búnir að stofna Skipavík. Þetta hafi gengið nokkuð vel í fyrstu og hafi hreppsnefndin haldið, að þarna væri komin góð lausn á þessu máli. En því miður hafi þá þetta farið öðruvísi, vegna þess að þegar á árinu 1966 hafi stefnandi enga menn haft til þess að taka upp bátana. Þessir menn, sem þarna voru, hafi bara átt að sjá um spilin og hífa bátana upp, en svo hafi sá, sem bað um upptöku,

átt að sjá um það að vera í bátunum og gera þá klára í sleðann. 1966 hafi verið orðið þannig háttað hjá stefnanda, að hann hafi ekki getað tekið báta upp, vegna þess að hann hafi enga menn haft til þess að vera í bátum og setja þá í sleðann. Þá hafi þurft að gera eitthvað í þessu sambandi og þá hafi Skipasmíðastöðinni Skipavík verið falið að annast um allar upptökur í dráttarbrautinni.

Oddvitinn vissi ekki, hvernig það var fyrir 1969, en eftir það hafi stefnandi ekki tekið upp bát. Hins vegar hafi verið samþykkt hjá stjórn Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f, að ef stöðin gæti ekki annað verkefnum, þá yrðu teknir bátur upp fyrir aðra aðilja til smíði. Einmitt þetta hafi verið rætt á stjórnarfundi með stefnanda, þar sem oddvitinn kvaðst hafa spurt hann að því, hvort hann vildi ekki ganga að því að greiða ákveðið aðstöðugjald fyrir það að geta gengið í brautirnar og unnið sitt verk. Til dæmis væri þar bæði þrif á brautunum, eftir að bátur væri búinn að vera þar, og eins rafmagn, sem ekki hafi verið innifalið þá í upptökugjöldunum. Þessu hafi stefnandi algerlega neitað og sagst ekki greiða neitt umframgjald og undir þá bókun hafi hann skrifað sjálfur.

Nú sé Vélsmiðja Kristjáns Rögnvaldssonar sameinuð Skipasmíðastöðinni Skipavík og ekki séu fleiri aðiljar í Stykkishólmi, sem hafi afnot af dráttarbrautum hreppsins.

Oddvitinn tók fram, að stefnandi væri búinn að smíða 8 trillubáta síðan 1969 og hafi Skipasmíðastöðin Skipavík h/f selt honum allt efni, sem hann hafi beðið um. Vélsmiðja Kristjáns Rögnvaldssonar hafi sett niður bæði vélar og allt járnverk fyrir hann og núna síðustu tvö árin hafi Skipavík einnig lagt rafmagnið fyrir hann í þessar trillur. Stefnandi hafi verið með annan mann við þessa iðju. Bátarnir, sem stefnandi smíði, séu allt upp í 10 tonna bátar. Smíðar þessar stundi stefnandi í gömlu stöðinni og hafi hann byggt hús sitt með það fyrir augum að geta tekið trillur inn í það, sem hann og hafi gert. Sérstök renna sé inn í húsið frá sjónum, sem hann taki trillur upp í til viðgerðar.

Oddvitinn var fyrir dómi spurður um það, hvort 85% af útgerðarmönnum við Breiðafjörð hefðu óskað eftir því, að stefnanda yrði leyfð aðstaða við dráttarbrautina. Oddvitinn sagði, að sér væri kunnugt um það sem hreppsnefndarmanni, því að þetta hafi komið til eftir 1970. Stefnandi væri matsmaður fyrir Bátatryggingar Breiðafjarðar og einnig fyrir Samábyrgð Íslands. Hann verði að skrifa upp á alla reikninga, til þess að þeir fáist greiddir. Einnig þurfi hann að skrifa nafnið sitt á sína reikninga til þess

að fá þá greidda. Allir aðiljar Bátatryggingar Breiðafjarðar séu eigendur báta og hafi þeir sennilega líka eigin hagsmuna að gæta.

Hér fyrir dómi bar Þorvarður Guðmundsson framkvæmdastjóri, að hann hefði verið í hreppsnefnd Stykkishólms síðasta kjörtímabil, en væri það ekki lengur. Þorvarður hafi þá verið formaður hafnarnefndar. Þorvarður er hluthafi í Skipasmíðastöðinni Skipavík, en er ekki lengur í stjórn fyrirtækisins. Þorvarður undirritaði leigusamning á milli Stykkishólmshrepps og Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f f. h. Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur hinn 9. júní 1971.

Fram kom hjá Þorvarði, að hann hefði verið einn af eigendum fyrirtækis, sem hét Skipavík, sem hafi verið með nýsmíðar. Leitað hafi verið til fyrirtækisins um að ganga til samstarfs við hreppinn um fyrirtæki ásamt öðrum aðiljum í Stykkishólmi til þess að mynda fyrirtæki í kringum nýju dráttarbrautina þar. Eitt af skilyrðunum, sem gert hafi verið fyrir því að ganga þarna til samstarfs, hafi verið, að stöðin fengi einkastöðu í brautunum til þess að geta staðið að byggingunni og staðið undir henni. Ekki hafi verið grundvöllur fyrir þeim framkvæmdum, sem þarna þurfti að fara út í, nema hafa einkaafnot af dráttarbrautunum. Þorvarður taldi, að það hefði getað truflað starfrækslu Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f, ef stefnandi hefði einnig haft afnot af brautunum.

Þorvarður kvaðst hafa lært skipasmíðar hjá stefnanda og hafa farið í nám um áramót 1946—1947 og þá hafi stefnandi verið nýkominn til fyrirtækisins og verið með umsjón brautanna allt fram til 1963, en þá hafi Þorvarði og Ólafi Guðmundssyni verið falin umsjón með brautunum, en stefnandi hafi haldið áfram aðstöðu í brautunum til 1967, að Þorvarð minnti. Síðan hafi þessu verið breytt og skipasmíðastöð, sem var nýstofnuð af sveitarfélaginu, falin umsjón með brautunum.

Stefnandi hafi byggt verkstæðishús og þar hafi hann byggt báta og tekið upp til viðgerðar upp í 10 tonna stærð. Hús stefnanda sé ætlað til upptöku inn í húsi á bátum upp í þessa stærð. Stefnandi hafi, áður en hann byggði hús þetta, annast viðgerðir á bátum í brautunum fram til 1967 og þar á eftir hafi hann tekið upp það sama lag og hann hafi haft, meðan Þorvarður var starfsmaður hjá honum, en það var að gera við við bryggju og úti í eyju, Súgandsey, þar hafi bátar verið málaðir. Þorvarður áleit, að það hefði að minnsta kosti verið í verkahring stefnanda að tilkynna, að brautirnar væru ekki orðnar starfshæfar.

Leitað hafi verið eftir því við stefnanda eins og Þorvarð, að hann sameinaðist þessu nýja fyrirtæki, og hafi þeim verið boðin sömu kjör varðandi sölu eigna og stefnanda hafi verið boðið viðgerðarverkstjórastarfið, en Þorvarði nýsmíðaverkstjórastarfið hjá fyrirtækinu. Þorvarður kannaðist við dskj. nr. 37 sem uppkast að ráðningarsamningi við stefnanda. Stefnandi hafi hafnað þessu.

III.

Stefnandi telur, að með leigusamningi hreppsnefndar Stykkishólmshrepps og Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f frá 9. júní 1971 hafi verið á ólögmætan hátt gengið á réttindi hans, þar sem hreppsnefndin hafi áður veitt honum heimild til byggingar í sambandi við skipasmíðastöð, en það hafi verið kunnugt, að starfsaðstaða stefnanda byggðist á því, að hann fengi þjónustu dráttarbrautanna, og því, að dráttarbrautirnar, sem séu almannaeign, séu leigðar einkafyrirtæki, þar sem m. a. hreppsnefndarmenn og hreppsnefndin sjálf hafi verið hluthafar.

Eins og fram komi í gögnum málsins, hafi stefnandi máls þessa um árabil stundað skipasmíðar í Stykkishólmi og byggt þar upp með samþykki hreppsnefndar atvinnurekstur, í því sambandi fjárfest mikið fé, en allt þetta byggist á því, að hann hafi afnot af dráttarbrautum hreppsins. Það verði því að telja, að hreppurinn hafi með því að samþykkja þessa uppbyggingu jafnframt skuldbundið sig til þess að tryggja stefnanda afnot af dráttarbrautunum. Ákvörðun hreppsnefndar um að leigja stefnda Skipavík h/f dráttarbrautirnar og útiloka þannig afnot stefnanda af þeim hljóti þannig að vera ólögmæt og ógildanleg.

Þá sé þess að geta, að hreppsnefnd Stykkishólmshrepps sé hluthafi í Skipavík h/f og að minnsta kosti tveir af þeim hreppsnefndarmönnum, sem samþykkt hafi leigusamninginn á dskj. nr. 19, séu hluthafar í Skipavík h/f og hafi verið jafnframt á þeim tíma starfsmenn félagsins, annar framkvæmdastjóri þess og hinn verkstjóri. Þeir hafi því samkvæmt almennum lagareglum verið vanhæfir til þeirrar ákvörðunartöku sem samþykkt leigusamningsins var og sé hann því ógildanlegur einnig af þeirri ástæðu, sbr. Ólafur Jóhannesson, Stjórnarfarsréttur, bls. 185—186.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að gamla dráttarbrautin skipti ein máli í þessu máli, en samt sé krafist riftunar á leigusamningnum í heild. Krafa sú sé byggð á vanhæfi hreppsnefndarmanna.

Af hálfu stefnanda voru fullyrðingar um ólögmæti leigusamningsins rökstuddar með eftirfarandi:

1. Veiting byggingarleyfis til stefnanda. Dskj. nr. 3 sýni, að hreppsnefndarmönnum sé ljóst, að afnot af dráttarbrautinni sé forsenda fyrir byggingu stefnanda. Stefnanda hafi síðar verið veitt byggingarleyfi án skilyrða að þessu leyti.
2. Bein loforð hreppsnefndar um afnot af dráttarbrautinni til stefnanda. Á dskj. nr. 5 og 6 komi fram, að hreppsnefnd telji þetta ástand með öllu óviðunandi. — Að allir hafi jafnan rétt til afnota — þetta verði að telja bindandi loforð.
3. Óheimilt sé að leigja opinber mannvirki með einkarétti, eins og hér var gert. Dráttarbrautir teljist hafnarmannvirki og séu þær reistar fyrir opinbert fé, sbr. dskj. nr. 50. Óheimilt sé að mismuna mönnum afnot af mannvirkjum, sem reist eru fyrir opinbert fé.
4. Ólögmæt sjónarmið við leiguna, þ. e. að ætla að þvinga stefnanda til að selja fyrirtæki sitt.
5. Hreppsnefndarmenn hafi verið vanhæfir vegna tengsla við leigutaka. Þorvarður Guðmundsson undirriti leigusamninginn fyrir Skipasmíðastöðina Skipavík h/f, en hann hafi verið hreppsnefndarmaður og svo stjórnarmaður og yfirverkstjóri hjá leigutaka. Á dskj. nr. 46 komi fram, að þeir Ágúst Bjartmarz og Þorvarður Guðmundsson hafi verið staddir á fundinum í upphafi og hafi þar tekið þátt í umræðum og vikið síðan af fundi. Þeir, sem við tóku á fundinum, hafi síðan samþykkt gerð leigusamningsins. 4 af 7 hreppsnefndarmönnum séu hluthafar í Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f, þ. e. leigutaka, þ. e. þeir Kristinn B. Gíslason, Helgi Eiríksson, Ólafur Guðmundsson og Einar Karlsson.

Af hálfu stefnda samgönguráðherra f. h. samgönguráðuneytisins eru sýknukröfur byggðar í fyrsta lagi á því, að stefndi samgönguráðuneytið sé ekki aðili þess samnings, sem stefnt sé út af. Hann hafi þar hvergi nærri komið. Hins vegar hafi hann samþykkt fyrir sitt leyti, að samningurinn yrði gerður, sbr. dskj. nr. 18, en að sjálfsögðu án allrar ábyrgðar á efni hans.

Verði þessi sýknuástæða ekki tekin til greina, þá er til vara byggt á þeirri sýknuástæðu, að umræddur samningur milli Skipavíkur h/f og Stykkishólmshrepps sé í alla staði lögmætur.

Stefnandi hafi ekkert fyrir sér í því, að ekki hafi mátt gera þennan samning. Þvert á móti sé tekið fram skv. dskj. nr. 3, að

hreppsnefndin í Stykkishólmi bendi stefnanda á, „að nýju fyrirtæki verði veitt einkaleyfi til viðgerðar og smíði skipa í dráttarbrautum hreppsins.“ Í upphafi hafi stefnanda verið bent á, að samningur skv. dskj. nr. 19 kynni að verða gerður, en hann hafi ekki sinnt aðvöruninni, enda hafi hann aldrei öðlast neinn rétt til afnota dráttarbrautanna af sjálfum sér eða á annan hátt.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda samgönguráðherra, að með dskj. nr. 3 hafi stefnanda verið bent á, að verið geti, að nýjum aðilja yrði veitt einkaleyfi til afnota af dráttarbrautinni. Heimilt sé að leigja opinber mannvirki, en dskj. nr. 50 sýni, að venja sé að leigja dráttarbrautir. Einnig var því haldið fram, að mikið hafi verið gert af hálfu ráðuneytisins til þess að miðla málum í ágreiningsmáli þessu.

Af hálfu hreppsnefndar Stykkishólmshrepps og Skipavíkur h/f er því alfarið mótmælt, að samningur sá, sem krafist er ógildingar á, hafi falið í sér óheimila ívilnun til handa stefnda Skipavík h/f, að hreppsnefndarmenn, sem hafi staðið að gerð samningsins, hafi fyrst og fremst verið að hugsa um eigin hag, þar sem þeir voru sjálfir hluthafar. Hið sanna sé, að um árabil hafi sú skoðun verið ríkjandi, að nauðsynlegt væri að stofna öflugt félag, sem annaðist nýsmíði og skipaviðgerðir fyrir útgerðarmenn við Breiðafjörð. Álitið hafi verið, að hentugt væri að tengja félagsstofnunina við byggingu hinnar nýju dráttarbrautar í Stykkishólmi. Af þessum sökum hafi stefnanda verið gert það ljóst þegar í upphafi, að svo kynni að fara, að félagi þessu yrði veitt einkaafnot af dráttarbrautum Stykkishólmshrepps, sbr. dskj. nr. 3.

Stefnandi hafi reist skipasmíðastöð sína þrátt fyrir þessa vitneskju og geti því ekki við aðra en sjálfan sig sakast, hvernig komið er.

Hlutafélagið Skipavík h/f hafi síðan verið stofnað með 1.5 milljón króna hlutafé hið minnsta, en 3 milljónum sem hámarki. Stofnendur hafi verið 20 að tölu og hafi þeir skráð sig fyrir kr. 5.000 hver, þ. e. lægsta hlut, en Stykkishólmshreppur hafi lagt fram 1 milljón króna í hlutafé þegar á stofnfundi. Hreppsnefndarmenn hafi verið meðal stofnenda og hafi þátttaka þeirra einungis verið gerð í því skyni að tryggja aðstöðu hreppsins í félaginu, sem hafi verið aðalhluthafinn, eins og áður segi, svo og til að fullnægja lagaskilyrðum. Aðild annarra stofnenda félagsins hafi verið fengin í því skyni að tryggja sem víðtækasta samstöðu um félagsstofnunina meðal framámanna í byggðarlaginu. Einnig hafi

verið fyrirhugað að leita eftir aðild sem flestra, sem að útgerð starfa á utanverðu Snæfellsnesi, til styrktar félaginu, en sú viðleitni hafi ekki borið þann árangur, sem vonir hafi staðið til, og hafi það orðið til þess, að hlutur Stykkishólmshrepps hafi verið aukinn umfram það, sem ráðgert hafi verið í upphafi.

Samkvæmt framansögðu sé fráleitt að halda því fram, að hreppsnefndarmenn hafi veitt félaginu einkaleyfi til notkunar dráttarbrauta Stykkishólmshrepps í því skyni að tryggja eigin hag. Til þess sé hlutur þeirra alltof smár. Eignaraðild hreppsins að umræddu félagi sé slík, að segja megi, að félagið sé eign hreppsins, en hlutafélagsformið hafi verið valið til þess að takmarka ábyrgð hreppsins, ef illa færi, og eins í því skyni að tryggja víðtækari áhrif félagsins út á við. Samkvæmt framansögðu hafi það ekki verið óeðlileg ráðstöfun hreppsins að veita umræddu félagi einkarétt að dráttarbrautum sínum, enda stuðst við fordæmi annars staðar að af landinu. Ekki hafi heldur verið hallað á stefnanda með því, þar sem honum hafi verið gert þetta ljóst, áður en hann réðst í byggingu skipasmíðastöðvar sinnar.

Af hálfu stefndu Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f og hreppsnefndar Stykkishólms var því haldið fram við munnlegan málflutning, að ætlun hreppsnefndar hafi verið að stofna öflugt fyrirtæki í Stykkishólmi og sameina alla þá, sem unnu að skipasmíðum og skipaviðgerðum. Á dskj. nr. 27 megi sjá hugmyndir hreppsnefndar. Á dskj. nr. 23—25 megi sjá tilraunir hreppsnefndar til að fá stefnanda til að gerast aðili að nýja fyrirtækinu.

Einnig var því haldið fram, að í Stykkishólmi hefði skapast sú hefð, að afnot af dráttarbraut hreppsins væri einkaafnot. Þegar stefnandi eða fyrirtæki það, sem hann veitti forstöðu, þ. e. Skipasmíðastöðin h/f, hafi haft afnot af dráttarbraut hreppsins, hafi það verið einkaafnot.

Fjárhagsleg tengsl hreppsnefndarmanna við Skipasmíðastöðina Skipavík h/f séu það lítil, að ekki geti verið um vanhæfi hreppsnefndarmanna að ræða. Hér eigi ekki við dómaraskilyrði.

Í bréfinu á dskj. nr. 3 hafi stefnanda verið bent á þann möguleika, að nýju fyrirtæki kynni að verða veitt einkaleyfi til reksturs dráttarbrautarinnar. Byggingarleyfið, sbr. dskj. nr. 4, breyti engu þar um. Hús það, sem stefnandi sótti um að fá að byggja, hafi ekki rekist á væntanleg afnot annarra af dráttarbrautinni. Húsið sé svo lítið, að þar sé bara hægt að smíða trillubáta.

Stefnanda hafi verið boðin afnot af dráttarbrautinni gegn

greiðslu umfram dráttarbrautargjald, en hann hafi neitað að greiða aðstöðugjald. Í þessu sambandi var vakin athygli á framburði Ágústs Bjartmarz um, að stefnandi hefði enga starfsmenn haft til að vinna við upptöku báta.

IV.

Álit dómsins.

Þegar litið er til bréfsins á dskj. nr. 3, verður ekki talið, að með bréfinu á dskj. nr. 4 hafi hreppsnefnd skuldbundið sig til þess að veita stefnanda afnot af dráttarbrautinni. Með bréfinu á dskj. nr. 4 var stefnanda tilkynnt, að byggingarnefnd og hreppsnefnd hefðu samþykkt að veita stefnanda byggingarleyfi, en byggingarnefnd óskaði eftir að lagðar yrðu fram endanlegar teikningar af húsinu, áður en framkvæmdir við byggingu þess hæfust, og hreppsnefnd tók fram, að leyfið væri háð því skilyrði, að staðsetning hússins hindraði á engan hátt notkun dráttarbrautarinnar. Í þessu sambandi er á framburð stefnanda hér fyrir dómi að líta, en hann kvaðst ekki muna eftir að hafa spurst fyrir um væntanleg afnot af dráttarbrautinni, áður en hann byrjaði á byggingu verkstæðishússins, þannig að ekki hefur verið sýnt fram á það, að stefnanda hafi verið gefið til kynna, að breyting hafi orðið á frá því, sem stefnanda var tilkynnt með bréfinu á dskj. nr. 3, þ. e., „að svo gæti farið, að nýju fyrirtæki verði veitt einkaleyfi til viðgerða og smíði skipa í dráttarbrautum hreppsins."

Ekki verður á þá skoðun stefnanda fallist, að með bréfunum á dskj. nr. 5 og 6 frá sveitarstjóra Stykkishólms til stefnanda hafi hreppsnefnd Stykkishólms skert rétt sinn til þess síðar eða á árinu 1970 að samþykkja gerð leigusamnings um dráttarbrautir hreppsins.

Í 16. gr. laga nr. 45 frá 1973 segir, að óheimilt sé án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær fasteignir hafnarsjóðs, er notið hafa ríkisstyrks. Samkvæmt 2. tl. 7. gr. sömu laga greiðir ríkissjóður 40% stofnkostnaðar af dráttarbrautum. Af þessum ákvæðum sést, að heimilt er með samþykki ráðuneytis að leigja dráttarbrautir. Í lögum þeim, sem í gildi voru á þeim tíma, er samningur sá, sem krafist er riftunar á, þ. e. lög nr. 29 frá 1946, er ekki sams konar ákvæði, en þar segir í 6. gr., að hlutaðeigandi sveitarstjórn hafi á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. Samkvæmt 1. gr. laganna teljast dráttarbrautir til hafnargerða og lendingarbóta. Í

8. gr. laganna segir, að óheimilt sé án samþykkis ráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnar- eða lendingarbótasjóðs. Af lögum þessum verður ekki séð, að bannað sé að leigja mannvirki eins og dráttarbrautir, svo framarlega að það sé gert með samþykki ráðuneytis. Bréfin á dskj. nr. 31—34 gefa til kynna, að Skipasmíðastöðin h/f hafi á sínum tíma haft einkaafnot af gömlu dráttarbrautinni. Verður því ekki á þá skoðun stefnanda fallist, að óheimilt hafi verið að leigja dráttarbraut Stykkishólmshrepps.

Fram er komið, að margar tilraunir hafa verið gerðar til þess að fá stefnanda til samstarfs við fyrirtækið, sem nú heitir Skipasmíðastöðin Skipavík h/f, og mun honum hafa verið boðin yfirverkstjórastaða við þá deild fyrirtækisins, sem vinnur að viðgerðum, og jafnframt mun hafa komið til tals að kaupa eða leigja eignir stefnanda. Stefnandi tók þátt í þessum viðræðum, sbr. samningsuppkastið á dskj. nr. 37. Ekki verður á þá skoðun fallist, að reynt hafi verið að beita hann ólögmætum þvingunum í þessu sambandi.

Á dskj. nr. 53 kemur fram, að hlutafé Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f var í árslok 1970 kr. 1.520.000. Hluthafar voru 67, og hlutur Stykkishólmshrepps var kr. 1.000.000.

Í framlagðri fundargerð hreppsnefndar Stykkishólmshrepps frá 15. des. 1970, en þá var leigusamningurinn samþykktur, kemur fram, að í upphafi fundar voru mættir Ágúst Bjartmarz, Jón Magnússon, Freyja Finnsdóttir, Einar Karlsson, Þorvarður Guðmundsson, Kristinn B. Gíslason og Ásgeir Ágústsson. Þeir Ágúst Bjartmarz og Þorvarður Guðmundsson viku af fundi, en við tóku Ólafur Guðmundsson og Helgi Eiríksson. Undir fundargerðina rituðu sveitarstjórinn Einar Flygenring, Kristinn B. Gíslason, Ásgeir Ágústsson, Freyja Finnsdóttir, Einar Karlsson, Jón Magnússon og Helgi Eiríksson. Ólafur Guðmundsson undirritar ekki fundargerðina. Í fundargerðinni kemur ekki fram, að hann hafi vikið af fundi, en samkvæmt 29. gr. laga nr. 58 frá 1961 ber öllum hreppsnefndarmönnum, sem mættir eru, að undirrita fundargerð.

Þegar ofanrituð nöfn eru borin saman við hluthafaskrána á dskj. nr. 53, kemur í ljós, að Kristinn B. Gíslason er skráður fyrir hlut kr. 5.000, Einar Karlsson kr. 5.000, Helgi Eiríksson kr. 35.000. Á hluthafaskránni eru tveir Ólafar Guðmundssynir, annar með kr. 5.000 hlut, en hinn 40.000. Á hluthafaskránni er enginn Ólafur B. Guðmundsson. Þorvarður Guðmundsson er á hlut-

hafaskránni með kr. 5.000 hlut og Ágúst Bjartmarz einnig, hans hlutur er kr. 5.000. Ef lögð er til grundvallar fullyrðing af hálfu stefnanda um, að hreppsnefndarmaðurinn Ólafur Guðmundsson sé hluthafi í Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f og miðað við, að hann sé sá hluthafinn með þessu nafni, sem meira hlutafé á, þá er samanlögð hlutafjáreign þessara manna kr. 95.000 af kr. 1.520.000, eða 1/6 hluti af samanlögðu hlutafé. Nöfn þriggja hreppsnefndarmanna, sem undirrituðu fundargerðina, eru ekki á hluthafaskránni. Það eru þau Ásgeir Ágústsson, Freyja Finnsdóttir og Jón Magnússon. Samkvæmt fundargerðinni var samningurinn samþykktur með 6 atkvæðum gegn einu. Ekki verður talið, að fjárhagslegir hagsmunir ofantalinna manna séu þess eðlis, að vanhæfi varði.

Um þá Ágúst Bjartmarz og Þorvarð Guðmundsson gildir það sama og hér að framan var rakið varðandi hreppsnefndarmennina, sem samþykktu leigusamninginn, þ. e. að ekki verður talið, að fjárhagslegir hagsmunir þeirra Ágústs og Þorvarðs vegna eignaraðildar þeirra að Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f séu þeir, að vanhæfi varði.

Á þeim tíma, sem leigusamningurinn varð gerður, var Ágúst Bjartmarz framkvæmdastjóri Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f og oddviti Stykkishólmshrepps. Þorvarður Guðmundsson var á sama tíma í stjórn Skipasmíðastöðvarinnar Skipavíkur h/f og yfirverkstjóri hjá félaginu, jafnframt var Þorvarður í hreppsnefnd Stykkishólmshrepps. Í fundargerð hreppsnefndar Stykkishólmshrepps frá 15. des. 1970 kemur fram, að áður en Ágúst Bjartmarz vék af fundi, hafi hann gert stuttlega grein fyrir viðhorfum varðandi leigusamninginn. Áður en Þorvarður Guðmundsson vék af fundi, gat hann þess, að hafnarnefnd hefði unnið að miklu leyti að fyrirliggjandi samningi. Síðan ræddi hann aðstöðu til skipasmíða og kvað hana ekki góða.

Við athugun á því, hvort það eigi að varða riftun leigusamningsins, að þeir Ágúst Bjartmarz og Þorvarður Guðmundsson tóku þátt í umræðum í upphafi hreppsnefndarfundarins, þykir verða að líta til aðdraganda máls þessa. Í framlagðri fundargerð hreppsnefndar Stykkishólmshrepps frá 22. apríl 1966 kemur fram, að hreppsnefndin samþykkir, að Stykkishólmshreppur verði einn um stofnun fyrirtækis, sem hafi með höndum viðgerðir og nýsmíði skipa í dráttarbrautum hans. Þróun málsins varð síðar sú, að hreppurinn gerðist stofnandi að Skipasmíðastöð Stykkishólms h/f, sem keypti eigur Skipavíkur h/f, og eftir þau kaup

hét fyrirtækið Skipasmíðastöðin Skipavík h/f, þannig að með leigusamningnum selur Stykkishólmshreppur dráttarbrautir hreppsins á leigu til félags, sem hreppurinn á að tæplega 2/3, eða eins og að framan hefur verið rakið, kr. 1.000.000 af kr. 1.520.000 hlutafé.

Í framlagðri fundargerð hreppsnefndar Stykkishólmshrepps frá 14. febrúar 1970 kemur fram, að samþykkt var að fela sveitarstjóra að gera uppkast að samningi við skipasmíðastöðina um framkvæmdir í dráttarbrautinni og leigu og leggja fyrir hreppsnefnd. Undir þessa fundargerð rita: Jón Magnússon, Njáll Þorgeirsson, Ólafur Guðmundsson, Ingvar Ragnarsson, Einar Karlsson, Friðjón Þórðarson, Leifur Kr. Jóhannesson og Sig. Pálsson. Hann mun hafa verið sveitarstjóri á þessum tíma. Af ofantöldum mönnum eru þeir Ólafur Guðmundsson, Einar Karlsson og Leifur Kr. Jóhannesson hluthafar í Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f, og er hlutafjáreign þeirra samtals kr. 20.000 eða kr. 55.000 eftir því, hvor af þeim hluthöfum, sem bera nafnið Ólafur Guðmundsson, átti sæti í hreppsnefndinni.

Þannig að hreppsnefndarfundur haldinn í febrúar 1970 samþykkti að fela sveitarstjóra að gera leigusamning, og svo samþykkti hreppsnefndarfundur 15. des. 1970 leigusamninginn, en hreppsnefndir þessar voru ekki skipaðar sömu mönnum að öllu leyti. Jón Magnússon, Ólafur Guðmundsson og Einar Karlsson sátu báða þessa hreppsnefndarfundi, að öðru leyti er ekki um sömu menn að ræða.

Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið, þá þykir það ekki eiga að varða riftun leigusamningsins, að þeir Ágúst Bjartmarz og Þorvarður Guðmundsson tóku þátt í umræðum á hreppsnefndarfundi þeim, sem samþykkti leigusamninginn.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dómkröfur stefnanda verða ekki teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna páskaleyfis og mikilla anna dómarans, sem er Auður Þorbergsdóttir.

Dómsorð:

Stefndu, Stykkishólmshreppur, Skipasmíðastöðin Skipavík h/f og samgönguráðuneytið, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Kristjáns Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. mars 1980.

Nr. 79/1979. **Guðjónína Jóhannesdóttir**
f. h. dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
skiptaráðanda í Kópavogskaupstað
f. h. dánarbús Ole Omundsen
og
Skúla Pálssyni hæstaréttarlögmanni
f. h. erfingja Ole Omundsen:
Sverre Jensen
Aslaug Davidsen
Marie Pedersen
Grace Haugen og
Harry Warhaug
og gagnsök
(Skúli Pálsson hrl.).

Búskipti. Krafa um ráðskonulaun. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1977, og gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 5. desember s. á. Aðalsök og gagnsök var vísað frá Hæstarétti með dómi Hæstaréttar 2. apríl 1979.

Aðaláfrýjandi skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1979 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess aðallega, að dánarbú Ole Omundsen verði dæmt til að greiða sér 1.500.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1976 til greiðsludags. Til vara er krafist lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar auk vaxta, svo sem í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi dánarbús Ole Omundsen.

Gagnáfrýjendur skutu málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1979. Krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi reisir kröfur sínar á hendur gagnáfrýjendum alfarið á því, að Margrét Jóhannesdóttir hafi búið í óvígðri sambúð með Ole Omundsen í 45 ár allt til dánardægurs hans, 19. október 1975. Eigi hún, og síðar dánarbú hennar, rétt til launa úr dánarbúi hans vegna starfa hennar við heimili þeirra þetta tímabil.

Dánarbú Margrétar Jóhannesdóttur, sem andaðist 25. janúar 1976, var tekið til einkaskipta 12. febrúar s. á. Var skiptum lokið hinn 18. s. m. Búið var enduruppteki̇ð til skipta 4. maí 1977.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, sætir dánarbú Ole Omundsen opinberum skiptum. Innköllun var gefin út til erfingja og skuldheimtumanna.

Þau Margrét Jóhannesdóttir og Ole Omundsen höfðu sameiginlegt heimilishald um 45 ára skeið. Þau voru barnlaus. Uppskriftir á búum þeirra veita vísbendingu um, að þau hafi átt nokkrar eignir hvort um sig. Ekkert er fram komið um það í málinu, að Margrét hafi litið á sig sem ráðskonu Ole Omundsen. Hafði hún sjálf eigi, svo að sýnilegt sé, uppi launakröfur á hendur honum eða búi hans vegna starfa á heimili þeirra. Þegar þetta er virt, þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Kópavogs 21. október 1977.

Sóknaraðili máls þessa, Guðjónína Jóhannesdóttir, Nönnugötu 1 í Reykjavík, hefur gert þær dómkröfur aðallega, að úrskurðað verði, að dánarbú Ole Omundsen greiði henni f. h. dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur kr. 3.917.526 auk 13% ársvaxta frá

1. janúar 1976 til greiðsludags svo og málskostnað, en til vara aðra lægri fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og að framan greinir.

Af hálfu varnaraðilja eru þær dómkröfur gerðar, að hrundið verði kröfu sóknaraðilja og honum verði dæmt að greiða varnaraðiljum málskostnað.

Varnaraðiljar auk búsins eru erfingjar þess, Sverre Jensen, fæddur 11. desember 1928, Aslaug Davidsen, fædd 18. janúar 1930, Marie Pedersen, fædd 28. mars 1931, Grace Haugen, fædd 2. júní 1928, og Harry Warhaug, fæddur 1. nóvember 1935, systkinabörn Ole Omundsen heitins og öll búsett í Noregi.

Málið var lagt undir úrskurð dómsins að loknum munnlegum málflutningi 6. þ. m.

Krafa um frávísun var ekki höfð uppi, og þykja málsskjöl ekki gefa tilefni til þess.

Málið ber að sem hér segir:

Hinn 19. október 1975 lést Ole Omundsen, til heimilis að Fífuhvammsvegi 25, Kópavogi. Með bréfi, dags. 20. nóvember sama ár, óskaði sambýliskona hans, Margrét Jóhannesdóttir, eftir uppskrift og virðingu eigna dánarbúsins. Það var framkvæmt 3. desember s. á., og reyndust helstu eignirnar vera helmingur neðri hæðar íbúðarhússins nr. 25 við Fífuhvammsveg, Kópavogi, á móti fósturdóttur Margrétar og Ole, Sigurlaugu Friðgeirsdóttur, Framnesvegi 40 í Reykjavík, innbú og peningainnstæður í bönkum. Innbú var selt á opinberu uppboði, en helming íbúðarinnar keypti fósturdóttirin með samþykki skiptafundar fyrir kr. 2.582.722. Peningaeign dánarbúsins pr. 31. desember 1976 nam kr. 758.099 og lýstar kröfur kr. 296.212, en innköllun til erfingja og skuldheimtumanna birtist síðast í 28. tbl. Lögbirtingablaðs hinn 12. apríl 1976.

Erfðaskrá fyrirfinnst ekki í dánarbúinu.

Hinn 25. janúar 1976 lést sambýliskona Ole heitins, Margrét Jóhannesdóttir. Alsystir hennar og einkaerfingi er sóknaraðili þessa máls. Hún óskaði eftir uppskrift eigna dánarbús systur sinnar, sem fram fór síðan 12. febrúar f. á. Að ósk sóknaraðilja var veitt leyfi til einkaskipta, og var erfðafjárskýrslu skilað 18. febrúar f. á. Reyndust hreinar eignir búsins kr. 435.810. Dánarbúið var síðan endurupptekið til framhaldsskipta vegna kröfu sóknaraðilja á hendur dánarbúi Ole Omundsen.

Niðurstaða bréfaskipta milli skiptaráðandans og lögmanns erf-

ingja Ole heitins, Johan Chr. Bull, Stavanger, varð sú, að erfingjarnir óskuðu eftir, að búi Ole heitins yrði skipt sem skuldafrágöngubúi. Jafnframt mótmæltu þeir öllum kröfum sóknaraðilja. Þegar ljóst varð, að um málssókn yrði að ræða, óskuðu þeir eftir með bréfi, dags. 28. febrúar þ. á., að Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður gætti hagsmuna þeirra.

Verður nú rakinn aðdragandi kröfugerðar sóknaraðilja:

1. Í bréfi lögmanns Margrétar heitinnar, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, dags. 20. nóv. 1975, til skiptaráðandans í Kópavogi varðandi beiðni um uppskrift og virðingu eigna dánarbús Ole heitins segir eftirfarandi: „Umbj. minn, Margrét, lítur svo á, að eignir búsins hafi verið sameign hennar og hins látna, þar sem þau hafi búið saman s.l. 45 ár."

2. Í bréfi sama lögmanns til Harry Warhaug, Noregi, dags. 30. desember 1975, segir eftirfarandi: „Tel ég, að svo verði að líta á, að þau hafi að jöfnu eignast búið."

3. Í kröfulýsingu sóknaraðilja í dánarbú Ole heitins, dags. 2. júní 1976, segir eftirfarandi: „Ég undirritaður vil hér með fyrir hönd db. Margrétar Jóhannesdóttur, Fífuhvammsvegi 25, sem lést hinn 25. janúar 1976, lýsa fjárkröfum í db. Ole Omundsen, en Margrét heitin var bústýra Ole heitins, og voru þau sameigendur að eignum búsins."

4. Á skiptafundi hinn 23. september 1976 óskaði sóknaraðili eftir því, að litið yrði á bú hinnar látnu og Ole Omundsen sem heild í sambandi við skiptin og eignum félagsbúsins skipt til helminga.

5. Í bréfi skiptaráðandans til lögmanns erfingja Ole heitins, Johan Chr. Bull, Stavanger, dags. 15. nóvember 1976, segir svo: „Lögmaður dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur hefur aðallega krafist helmings eigna hins látna, en til vara krafist ráðskonulauna." Síðarnefnda krafan byggðist á yfirlýsingu sóknaraðilja utanréttar.

6. Með bréfi sóknaraðilja til skiptaráðandans, dags. 21. desember 1976, var sendur útreikningur tryggingarfræðings á ráðskonulaunum Margrétar heitinnar hjá Ole Omundsen og þess getið, að skv. útreikningnum verði krafan í dánarbú Ole Omundsen allt að kr. 3.917.526 auk innheimtulauna.

Hinn 15. september sl. lýsti sóknaraðili yfir fyrir dómi, að hún hefði verið viðstödd viðtöl Inga Ingimundarsonar hæsta-

réttarlögmanns og hinnar látnu, þar sem fram hafi komið, að hin látna ætlaði sér að hafa uppi kröfur á hendur dánarbúi Ole Omundsen á grundvelli ráðskonulauna og/eða á grundvelli sameignarsjónarmiða.

Guðjónína Jóhannesdóttir kom fyrir dóminn og skýrði svo frá, að hin látnu hefðu kynnst í Kálfshamarsvík, sem er skammt utan við Skagaströnd, og hófu þau síðan sambúð skömmu síðar, eða á árinu 1930. Í fyrstu leigðu þau sér húsnæði, en byggðu síðan eftir nokkur ár húsið Lund á Skagaströnd og áttu þar heima til 1967 eða 1968. Eftir það fluttu þau til Kópavogs og bjuggu þar til dauðadags.

Margrét heitin vann utan heimilis, eða í fiskvinnu, fyrstu árin eftir að hún og hinn látni hófu sambúð, en síðan vann hún heima fyrir og hafði menn í fæði og húsnæði. Breytilegt var, hversu margir þeir voru, en 2 menn voru hjá henni um 14 ára skeið. Eftir að hin látna flutti til Kópavogs, vann hún ekkert, enda hafi heilsa hennar þá verið farin að bila.

Ekki vissi Guðjónína, hvort hin látna hefði beinlínis verið ráðin sem ráðskona, er hún hóf sambúð með hinum látna. Að minnsta kosti hafði hún ekki heyrt það, en hins vegar lýsti hún yfir á skiptafundi hinn 23. september f. á., að hún vissi til þess, að Margrét heitin hefði alls ekki þegið laun frá Ole Omundsen, á meðan þau bjuggu saman.

Í greinargerð lögmanns sóknaraðilja kemur fram, að hann hafi annast kröfugerð í dánarbú Ole Omundsen fyrir Margréti heitina, og eftir að hún lést, annaðist hann einkaskipti á búi hennar, sem hafi verið skuldaviðgöngubú. Hafi þeim búskiptum lokið hinn 18. febrúar 1976.

Síðan segir svo í greinargerðinni:

„Af hálfu Margrétar heitinnar var það haft á oddinum, að réttlátast væri, að eigur bús Ole Omundsen væru taldar sameign þeirra að jöfnu, sbr. dskj. no. 1 og 11. Jafnframt gerði ég henni ljóst, að næðist ekki samkomulag á þessum grundvelli við hina norsku erfingja, væri þó öruggur dómapraxis fyrir því, að sambýliskona ætti rétt á launum úr hendi sambýlismanns síns eða frá db. hans. Var ákveðið, að ég annaðist hagsmunagæslu fyrir Margréti heitina í sambandi við búið, en áður en á það reyndi, veiktist hún og lést hinn 25. janúar 1976, eins og áður segir.

Ég vil leyfa mér að taka hér fram, að í viðtölum við mig var Margrét heitin mjög bjartsýn á, að erfingjar Ole heitins myndu verða sanngjarnir og gera vel við sig, enda hefði ávallt verið

mjög gott samband þarna á milli. Gerði hún sér vonir um, að þeir myndu jafnvel afsala sér arfi og hún fengi umráð yfir fasteign búsins, þ. e. hálfri íbúð að Fífuhvammsvegi 25, en fyrir hinum helmingnum var fósturdóttir þeirra, Sigurlaug, skráð. Lét ég þetta sjónarmið hennar koma fram í bréfi, sem ég ritaði einum erfingjanna 30. des. 1975, dskj. nr. 11.

Í kröfulýsingu, dags. 2. júní, dskj. nr. 12, er sjónarmið Margrétar heit. um sameigin búsins enn haft á oddinum, en þar sem talað er um „fjárkröfur" í bréfinu, er að sjálfsögðu átt við launakröfur.

Óþarft virðist að taka fram, að sjálfsagt var að leggja saman eigur þeirra beggja, Ole heit. og Margrétar, ef samkomulag hefði verið um að skipta að jöfnu. Hins vegar taldi skiptaráðandi ástæðulaust að bíða með skipti eftir Margréti heit., því alltaf mætti endurupptaka skiptin og ná fram jöfnuði milli erfingja.

Hugmyndinni um skiptingu búsins á sameignargrundvelli var hafnað af erfingjum. Var þá Guðjón Hansen, tryggingafr., fenginn til að reikna út ráðskonulaun Margrétar heit. Jóhannesdóttur. Er útreikningur hans á dskj. no. 9 í máli þessu og er lagður til grundvallar kröfugerð í málinu.

Í útreikningi sínum styðst tryggingafræðingurinn við taxta Iðju og Dagsbrúnar. Hann skiftir sambúðartímanum í 3 tímabil sem hér segir:

Vegna áranna 1931—1939	kr.	373.847.00
Vegna áranna 1940—1967	kr.	3.370.828.00
Vegna áranna 1968—1975	kr.	2.625.289.00
Samtals	kr.	6.369.964.00

Til frádráttar kemur svo verðmæti fæðis og húsnæðis í árslok 1975, þannig:

Fæði:		
Vegna áranna 1931—1939	kr.	115.893.00
Vegna áranna 1940—1967	kr.	1.044.957.00
Vegna áranna 1968—1975	kr.	813.840.00
	Kr.	1.974.690.00
Húsnæði:		
Vegna áranna 1931—1939	kr.	28.039.00

Vegna áranna 1940—1967 kr.	252.812.00	
Vegna áranna 1968—1975 kr.	196.897.00	
Kr.	477.748.00	kr. 2.452.438.00
	Mismunur	kr. 3.917.526.00

sem er aðaldómkrafan í málinu.

Ég vísa að öðru leyti í dskj. nr. 9 og dskj. nr. 8, þar sem fram koma upplýsingar til tryggingafr. byggðar á frásögn Guðjónínu Jóhannesdóttur, systur Margrétar heit., sem er gerkunnug æfiferli systur sinnar og sambýlismanns hennar.

Af greinargerð tryggingafræðingsins kemur fram, að hann gerir ráð fyrir, að til lækkunar komi á tekjugrundvelli, einkum árin 1931—1939 og 1968—1975 af ástæðum, sem hann tilgreinir.

Í málinu er því gerð varakrafa um aðra lægri fjárhæð að mati dómara.

Rök og málsástæður:

Í máli þessu er um að ræða launakröfu. Ekki þarf að mínu viti blöðum um það að fletta, að launakrafa þessi gengur í arf eftir hina látnu og á að renna inn í db. hennar, sem á allan þann sama rétt og hún sjálf átti.

Eins og fram kemur hér að framan, hélt hin látna fram rétti sínum, meðan hún lifði, og hafði ekki fallið frá honum, áður en hún dó. Lá það ávallt fyrir, að krafa yrði gerð um ráðskonulaun, ef eigi næðust samningar um skipti eftir Ole Omundsen, þar sem þetta er hið eina úrræði sambýliskonu til að eignast hlutdeild í eignum sambýlismanns síns við sambúðarslit eða andlát, þegar svo er, sem venjulega er staðreyndin, að eignir eru á hans nafni.

Í Hrd. 35. b., bls. 843, var kröfu sambýlismanns um að verða talinn sameigandi að eignum db. sambýliskonu hafnað. Hins vegar voru honum dæmd laun úr búinu. Allmargir dómar kveða á um rétt sambýliskonu til launa (ráðskonulauna), og má í þessu sambandi benda á grein Harðar Einarssonar, hrl., í Úlfljóti, 4. tbl. 1970, þar sem raktir eru ýmsir dómar.

Mörgum munu þykja lágar fjárhæðir þær, sem dæmdar eru, en ég tel óhjákvæmilegt, að í framtíðinni verði breyting í þá átt að dæma hærri laun. Sambýlisformið verður æ algengar og réttur konu gróflega fyrir borð borin, ef sambýlismaður fær

einn þá fjármuni, sem þau bæði hafa aflað á sambúðartímanum, sem oft varir áratugum saman.

Hæstaréttardómur í 40. b., bls. 92, bendir ótvírætt í þá átt, að tilhneiging sé að rétta hlut konu. Þar voru sambýliskonu dæmdar kr. 70.000.00 í héraði, en Hæstiréttur hækkaði launin í kr. 120.000, eða um rúm 58%.

Víst er, að krafa umbj. míns er ekki fyrnd skv. 3. gr. 1. tl. i. f. laga nr. 14/1905, enda ótvírætt, að sambýli var hér óslitið."

Í greinargerð lögmanns varnaraðilja er sýknukrafa hans byggð á því, að ekki hafi myndast kröfuréttur sóknaraðilja á hendur varnaraðilja um ráðskonulaun úr dánarbúi Ole Omundsen. Síðan segir þar svo:

„Margrét heitin Jóhannesdóttir hafði ekki gert neinn samning við Ole Omundsen, meðan bæði lifðu, og heldur ekki gert reka að því að krefja db. hans um ráðskonukaup, áður en hún lést. Með öllu er óvíst, að hún hefði nokkurn tíma haft uppi slíkar kröfur, þótt hún hefði lifað.

Af þessu leiðir, að db. Margrétar heitinnar á ekki rétt til að fá úr hendi varnaraðila greiðslur, sem byggja rétt til ráðskonulauna. Ég vil sérstaklega benda á, að í Hrd. þeim, sem vitnað er til í greinargerð andstæðings míns, er krefjandinn sjálfur upphafsmaður að málssókn, og er málið þegar af þeirri ástæðu ósambærilegt við það úrlausnarefni, sem hér liggur fyrir."

Niðurstaða.

Ole Omundsen lést hinn 19. október 1975, og var bú hans tekið til opinberra skipta. Fjárhagsleg staða þess miðað við 1. nóvember 1977 er þessi:

1.	Peningar í sparisjóðsbók	kr. 1.284.550	
2.	Peningar í sjóði	kr. 62.947	
3.	Norskir peningar 1.663.08, ca ísl. ..	kr. 63.745	
4.	Vegna sölu eignarhluta dánarbúsins í jarðhæð hússins nr. 25 við Fífuhvammsveg, Kópavogi.		
4.	1. Greiðsla í peningum 2. febrúar 1978	kr. 750.000	
4.	2. Eftirstöðvar, er greiðast með 5 ára skuldabréfi	kr. 1.075.000	
5.	Lýstar kröfur fyrir utan kröfu sóknaraðilja		kr. 265.607
	Samtals	kr. 3.236.242	265.607

Margrét Jóhannesdóttir lést hinn 25. janúar 1976, og voru einkaskipti á dánarbúi hennar heimiluð skv. erfðafjárskýrslu, dags. 18. febrúar 1976, reyndust hreinar eignir búsins kr. 435.810.

Ekki er þess getið almennt í settum lögum, hvaða réttindi erfast, en á andlag erfða er þó drepið á nokkrum stöðum, og benda þau lagaákvæði til þess, að það séu eigur manns, fjármunir eða fé, þ. e. fjárréttindi, en ekki önnur réttindi, nema lög heimili það hverju sinni. Þegar þetta er virt, þykja hafa myndast réttindi að stofni til, er Margrét heitin var á lífi, og hefur erfingi hennar sama rétt og hún hafði og getur nýtt sér hann. Á meðan Margrét heitin var á lífi, ritaði lögmaður hennar bréf, dags. 20. nóv. 1975, til skiptaráðandans í Kópavogi, og segir þar svo:

„Umbj. minn, Margrét, lítur svo á, að eignir búsins hafi verið sameign hennar og hins látna, þar sem þau hafi búið saman s.l. 45 ár."

Í bréfi sama lögmanns, dags. 30. desember 1975, segir svo:

„Tel ég, að svo verði að líta á, að þau hafi að jöfnu eignast búið."

Sóknaraðili máls þessa hugleiddi í fyrstu að hafa uppi kröfur á grundvelli sameignarsjónarmiða, en hvarf frá því og krafði síðan dánarbú Ole Omundsen um ráðskonulaun á skiptafundi hinn 30. mars sl. Kröfu þessari mótmæltu varnaraðiljar, og verður því úrskurðað um réttmæti hennar, svo sem krafist hefur verið.

Samkvæmt málsskjölum munu hin látnu hafa búið saman um 45 ára skeið, en þar sem þau gengu ekki í hjúskap, gilda eigi um fjármál þeirra lög nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna né hafði Margrét heitin öðlast lögerfðarétt eftir Ole Omundsen skv. lögum nr. 8/1962. Erfðaskrá fyrirfannst ekki.

Samkvæmt framburði sóknaraðilja vissi hann ekki, hvort Margrét heitin hefði verið ráðin beinlínis sem ráðskona, er hún hóf sambúð með Ole Omundsen. A. m. k. hafði hún ekki heyrt það og taldi þau hafa búið saman sem hjón. Þá vissi sóknaraðili ekki, hvort Margrét hafi litið á stöðu sína á heimilinu sem hún væri ráðskona, en um þetta hafi aldrei verið rætt á heimilinu. Margrét hafi alls ekki þegið laun frá sambýlismanni sínum og vissi ekki til þess, að hún hefði krafið Ole Omundsen um þau, á meðan þau bæði voru á lífi.

Samkvæmt þessu er talið ólíklegt, að Margrét heitin hafi ætlast til sérstakra fjárgreiðslna, er hún hóf sambúð með Ole Omundsen, og virðist ekki hafa búið á heimilinu hans sem launþegi. Senni-

lega hefur sambúð þeirra orðið Margréti til nokkurs fjárhagslegs hagræðis, en hún mun ekkert hafa unnið utan heimilis, nema fyrstu árin eftir að þau hófu sambúð, síðan stundað fæðissölu um nokkurt árabil.

Samkvæmt uppskriftargerð eigna dánarbús Margrétar, er fram fór hinn 12. febrúar 1976, leiðir í ljós, að hún hafi haft sérgreindan fjárhag, er bendir til þess, að hún hafi haft nokkra sjálfstæða tekjuöflun í skjóli stöðu sinnar á heimili Ole Omundsen.

Samkvæmt þessu er talið, að Margrét hafi aðeins ætlast til að hafa fast heimili og fæði og uppihald í skjóli sambýlis við Ole Omundsen.

Ekki áttu þau börn saman, og hefur heimilishald ekki verið svo þungt, að hinn látni hafi þurft á heimilisaðstoð að halda, enda verður ekki séð, að heimilishaldið hafi verið léttar við sambýlið.

Með tilliti til aðstæðna, að því leyti sem upplýst hefur verið í máli þessu, þykir bera að líta svo á, að sóknaraðili eigi ekki rétt til fjárgreiðslna úr dánarbúi Ole Omundsen fyrir vinnu Margrétar í þágu heimilisins. Verða því kröfur umboðsmanns hennar ekki teknar til greina.

Eftir atvikum og með hliðsjón af 178. grein laga nr. 85/1936 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist nokkuð vegna starfsanna fógeta.

Sigurberg Guðjónsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðilja, Guðjónínu Jóhannesdóttur f. h. dánarbús Margrétar Jóhannesdóttur, um ráðskonulaun í dánarbúi Ole Omundsen er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. mars 1980.

Nr. 38/1978. **Almennar Tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Ólafi Pálssyni og Jóhanni Guðmundssyni
(Árni Guðjónsson hrl.).

Vátrygging. Húftrygging flugvélar. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. febrúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr þeirra hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vátryggingarsamningi 22. júní 1972 tók áfrýjandi að sér vátryggingar flugvélarinnar TF-JOI, meðal annars húftryggingu hennar fyrir 8.000 bandaríkjadali, ef um algert tjón væri að ræða. Eigin áhætta nam 150 dölum af hverju tjóni. Vátryggingartakar og vátryggðir voru stefndu, sem þá voru einir eigendur flugvélarinnar. Í vátryggingarskilmálunum er skilyrði þess efnis, að flugvélinni sé flogið af flugmönnum, sem vátryggðu samþykki og hafi flogið minnst 100 flugtíma. Þá segir í 8. tölulið kafla um almennar undanþágur í vátryggingarskilmálunum, að vátryggingin taki ekki til krafna, sem rísi af tjóni eða skemmdum, sem stafi af verkum drýgðum af ásetningi og illfýsi vátryggða, starfsmanna hans eða umboðsmanna.

Vátryggingarsamningur þessi gilti til eins árs og var síðan endurnýjaður og skyldi gilda til 22. júní 1974.

Hinn 26. mars 1974 gerðu stefndu kaupsamning við fjóra menn. Samkvæmt honum urðu allir samningsaðiljar eigendur flugvélarinnar að jöfnu, eða að 1/6 hluta hver. Nokkur

hluti kaupverðsins var þá þegar greiddur. Ekki var gert afsal, og engin opinber skráning fór fram vegna þessara viðskipta.

Þegar TF-JOI eyðilagðist 2. júní 1974, voru stefndu eigendur flugvélarinnar að 1/3 hluta. Eiga þeir því einungis rétt til þriðjungs vátryggingarfjárins, sbr. 39. gr. laga nr. 20/1954. Stefndu hafa ekki, svo að fram sé komið, fengið framsal frá öðrum eigendum á kröfum, sem þeir kunna að eiga á hendur áfrýjanda. Ber áfrýjanda því að greiða stefndu jafnvirði 2.616.67 bandaríkjadala í íslenskum krónum á greiðsludegi.

Staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um vexti af dæmdri fjárhæð, en málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur samtals fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, greiði stefndu, Ólafi Pálssyni og Jóhanni Guðmundssyni, jafnvirði 2.616.67 bandaríkjadala í íslenskum krónum á greiðsludegi svo og 9% ársvexti af þeirri fjárhæð frá 1. september 1974 til greiðsludags og 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms, þar á meðal vaxtaákvæðis hans, en áfrýjandi telur vaxtafót of háan, vegna þess að krafan er í erlendri mynt. Við teljum, að fallast verði á það með áfrýjanda, að skuldin sé verðtryggð að hluta, en vextir þeir, sem meiri hluti dómenda telur, að áfrýj-

anda beri að greiða, fela í sér verðtryggingu með vissum hætti. Er það ótæk lausn að okkar áliti að dæma áfrýjanda till að greiða höfuðstólinn miðað við bandaríkjadali og einnig vexti með verðbótaþætti. Teljum við rétt, að áfrýjandi greiði vexti, sem séu ákveðnir með hliðsjón af þeim vöxtum, sem greiddir eru nú af innlendum gjaldeyrisreikningum í bandaríkjadölum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. auglýsingu um vexti við innlánsstofnanir o. fl. frá 29. nóvember 1979. Við teljum því, að dæma ætti áfrýjanda til að greiða stefndu 7% ársvexti.

Að öðru leyti erum við sammála dómsatkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júlí 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. júní 1977, hafa Ólafur Pálsson flugvélstjóri, Brekkugerði 6, Reykjavík, og Jóhann Guðmundsson flugvirki, Álfaskeiði 87, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. maí 1975, gegn Almennum Tryggingum h/f, Pósthússtræti 9, Reykjavík, til greiðslu vátryggingarfjár flugvélarinnar TF-JOI, US $ 8.000.00 eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum á greiðsludegi auk 16% ársvaxta frá 1. september 1974 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi eða eftir mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins var og sú varakrafa gerð af hálfu stefnenda, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim 5/6 hluta stefnufjárhæðarinnar ásamt vöxtum, eins og að framan greinir, og til þrautavara, auk málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómsins.

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnenda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins. Til vara gerir stefndi þær dómkröfur, að stefnukröfurnar verði færðar niður til verulegra muna og málskostnaður verði látinn niður falla.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur hinn 10. maí 1977 var máli þessu vísað frá dómi vegna ófullnægjandi aðildar, að talið var. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum hinn 8. júní sl., var frávísunardóminum hrundið og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Málavexti kveða stefnendur vera þá, að hinn 2. júní 1974 hafi flugvélin TF-JOI farist í Svínadal í Dalasýslu og með henni flug-

maðurinn og 3 farþegar. Flugvélin hafi gerónýst og sé hér verið að krefja um tryggingarfé hennar eingöngu, en ekki annað tjón, og sé viðkomandi aðiljum geymdur allur réttur til þess síðar, ef til komi. Flugmaður vélarinnar í umrætt sinn hafi verið Pétur Sigvaldason og hafi hann haft full réttindi til þess að stjórna flugvélinni. Flugvélin hafi lagt af stað frá Reykjavík daginn fyrir slysið og flogið til Akureyrar. Síðari hluta dags daginn eftir hafi þessi flugvél lagt af stað ásamt öðrum flugvélum til Stykkishólms og haft þar um tveggja stunda viðdvöl. Síðan hafi verið flogið af stað til Reykjavíkur í samfloti við tvær aðrar flugvélar. Ein flugvélin hafi farið alla leið til Reykjavíkur, önnur snúið við til Stykkishólms, en þessi hafi farist, eins og áður greini.

Stefnendur hafa báðir komið fyrir dóm í máli þessu. Ólafur Hersir Pálsson hefur m. a. skýrt svo frá, að það hafi staðið til, að Pétur Sigvaldason yrði meðeigandi í umræddri flugvél, en það hafi ekki verið komið í kring, þegar hún fórst. Aðeins verið búið að gera drög að samningi um eignaraðild hans að vélinni, þegar hún fórst, en ekki hafi verið búið að undirrita kaupsamning þar að lútandi. Hann segir, að þeir stefnendur hafi báðir rætt við Almennar Tryggingar h/f um, að það stæði til, að Pétur Sigvaldason og fleiri yrðu meðeigendur að flugvélinni, og hafi þeir rætt þetta við Gísla Lárusson, starfsmann tryggingana, og hafi hann ekkert haft við það að athuga, en þar sem eftir hafi verið aðeins einn mánuður af tryggingartímabilinu, hafi Gísli óskað eftir því, að tryggingin væri á nöfnum stefnenda út þann tíma, en síðan yrði formlega gengið frá kaupunum og tryggingin þá færð á nöfn allra sameigendanna.

Er Ólafur kom fyrir dóm síðar í máli þessu, var honum sýndur kaupsamningur, sem þá hafði verið lagður fram, þar sem fram kemur, að stefnendur höfðu hinn 26. mars 1974 selt fjórum mönnum til viðbótar eignarhluta í umræddri flugvél, þar á meðal Pétri Sigvaldasyni, en samkvæmt samningnum verða þá eigendur að flugvélinni sex með jafnan eignarhluta hver. Er kaupsamningur þessi undirritaður af öllum sex eigendunum. Ólafur kvaðst eigi að síður líta svo á, að hér væri aðeins um drög að samningi að ræða, en ætlunin hefði verið að ganga til fullnustu frá samningnum, þegar búið væri að ræða við tryggingarfélagið og flugmálastjórnina. Ólafur kvað þá stefnendur hafa veitt viðtöku þeim kr. 400.000 í peningum, sem um getur í framangreindum samningi, en ekki hafi verið búið að ganga frá víxlum þeim, sem þar um ræði. Ólafi var einnig kynnt bréf þeirra stefnenda til Jóhannesar Snorra-

sonar yfirflugstjóra, sem frammi liggur í málinu (dómskj. nr. 14), og gerði hann engar athugasemdir við það, en segir tilefni bréfsins hafa verið það, að rannsóknarnefnd flugslysa hafi spurst fyrir um það, hvort flugvélinni hefði verið stolið.

Jóhann Guðmundsson hefur skýrt svo frá, að Pétur Sigvaldason hafi ekki verið orðinn meðeigandi í flugvélinni, þegar hún fórst, en það hafi verið í bígerð, að hann yrði það ásamt þremur öðrum mönnum. Kveður hann þetta allt hafa verið á umræðustigi, en ekki búið að undirrita neina samninga um það. Hann segir, að þeir stefnendur hafi báðir og samtímis rætt við Gísla, starfsmann Almennra Trygginga h/f, um, að það stæði til, að fleiri yrðu eigendur að flugvélinni, en þá hafi verið eftir um einn mánuður af tryggingarárinu. Hafi Gísli ekkert haft við það að athuga, en talið rétt, að tryggingarsamningurinn væri áfram á nöfnum stefnenda þennan mánuð, en síðan yrði gengið formlega frá eignaraðildinni og nýr vátryggingarsamningur gerður. Jóhann kveður Gísla hins vegar hafa samþykkt, að hinir væntanlegu meðeigendur mættu fljúga vélinni þann mánuð, sem eftir var af tryggingartímabilinu, enda hafi Gísla verið kunnugt um, að þeir hefðu allir réttindi til að fljúga slíkri vél.

Við síðari yfirheyrslu í málinu var Jóhanni sýndur hinn undirritaði kaupsamningur, sem áður getur, og kvaðst hann þá eigi að síður líta svo á, að aðeins væri um að ræða uppkast að samningi, sem eftir hafi verið að hreinrita og ganga endanlega frá. Hann segir, að þeir stefnendur hafi tekið við þeim peningum, kr. 200.000 hvor, sem um ræði í samningnum, en ekki hafi verið búið að ganga frá víxlum þeim, sem þar um ræði, enda hafi þeir aldrei fengið þá greidda. Jóhanni var og sýnt bréf þeirra stefnenda til Jóhannesar Snorrasonar flugstjóra, og kannaðist hann við undirskrift sína á því og að þar væri rétt frá skýrt. Kvað hann tilefni bréfsins hafa verið það, að rannsóknarnefnd flugslysa hefði viljað fá vitneskju um það, hvort Pétur Sigvaldason hefði haft leyfi til að fljúga vélinni í umrætt sinn eða hvort vélin hefði verið tekin í leyfisleysi.

Gísli Örn Lárusson, deildarstjóri hjá Almennum Tryggingum h/f, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og kannast við, að þeir Ólafur H. Pálsson og Jóhann Guðmundsson hafi komið til sín og skýrt sér frá því, að bæst hefðu við eigendur að flugvélinni, og hafi þeir tilgreint þá með nöfnum og spurt, hvort ekki væri í lagi, að nýju eigendurnir flygju einnig vélinni. Kveðst hann hafa sagt það vera, þó með þeim fyrirvara, að iðgjaldið mundi hækka

vegna aukinnar áhættu, sem fylgdi því, að fleiri menn flygju vélinni, og mundi iðgjaldið endurskoðað eftir einn mánuð, þegar þágildandi tryggingartímabili lyki. Gísli segir, að þegar stefnendur hafi komið til sín samkvæmt framansögðu, hafi þeir skýrt sér frá, að hinir nýju eigendur uppfylltu öll þau skilyrði, sem krafist væri í tryggingarskírteininu. Segir hann og, að einn þessara nýju eigenda, sem nefndir hafi verið við sig, Jón E. B. Guðmundsson, hafi nokkru eftir slysið komið til sín og gert fyrirspurn um tjónbætur.

Stefnendur reisa kröfur sínar á I. kafla vátryggingarskírteinisins, sem frammi liggur í málinu sem dómskj. nr. 3. Þeir séu aðiljar að vátryggingarsamningi þeim, sem skírteini þetta hafi að geyma og engar undantekningar eða fyrirvarar í skírteini þessu undanþiggi stefnda ábyrgð á tapi flugvélarinnar. Flugmaðurinn Pétur Sigvaldason hafi haft réttindi til þess að fljúga þessari tegund flugvélar og hafi hann haft heildarflugtíma 310 klst. og 10 mín., en áskilnaður í tryggingarskírteininu sé 100 klst. flugreynsla. Stefnendur hafi ekki getað haft minnstu áhrif eða afskipti af flugi flugvélarinnar, er hún hafi farið frá Stykkishólmi í umrætt sinn. Flugvélin hafi verið undir stjórn flugmanns, sem hafi haft til þess tilskilin réttindi og uppfyllt öll skilyrði tryggingarskilmálanna milli stefnenda og stefnda.

Stefndi reisir dómkröfur sínar á því meðal annars, að flugmaðurinn Pétur Sigvaldason hafi verið orðinn meðeigandi í flugvélinni, þegar slysið átti sér stað. Enginn vafi sé á því, að flugmaðurinn hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umræddri flugferð, svo sem fram komi í skýrslu rannsóknarnefndarinnar, sem frammi liggi í málinu. Megi í því tilefni benda á 2. málsgr. 18. gr. laga nr. 20/1954 til rökstuðnings kröfum stefnda. Ljóst sé, að flugmaðurinn hafi af vangá sinni valdið því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, og að sú vangá hafi verið stórkostleg, sbr. síðastnefnda lagagrein. Sérstaklega skuli á það bent, að samkvæmt skýrslum rannsóknarnefndarinnar hafi engin flugáætlun verið gerð fyrir brottför frá Stykkishólmi né heldur sé vitað til, að flugmaðurinn hafi kannað veðurútlit á leiðinni, sbr. gr. 1.1. í rannsókninni. Jafnframt komi fram á sama stað, að veður hafi verið mjög lélegt í Stykkishólmi, um tveggja km skyggni og skýjahæð um 300 fet. Jón Guðbjörnsson, starfsmaður Vængja h/f, sem hlustað hafi á samtal flugmannanna, hafi heyrt skv. fyrrgreindri skýrslu, að flugvélarnar tvær hafi flogið í um 300 feta hæð inn Hvammsfjörð. Benedikt Gíslason, bóndi í Miðgarði í Hvamms-

sveit, hafi séð flugvélina fljúga yfir túnið í Miðgarði og hafi hún þá flogið mjög lágt, í um 10—15 metra hæð. Séu þessar skýrslur bornar saman við sjónflugsreglurnar, sem frammi liggi í málinu, sé auðsætt, að flugmaðurinn hafi brotið allar sjónflugsreglur. Í grein 1.5. í rannsókninni komi það fram, að flugmaðurinn hafi svo til enga reynslu haft í blindflugi, hann hafi aðeins flogið í eina klst. og tíu mínútur blindflug. Nú komi það ekki fram í málinu, hvort flugvélin hafi haft nokkur tæki til blindflugs, en jafnvel þó svo hefði verið, telji sérfróðir menn einsætt, að flugmaðurinn hefði enga möguleika haft til að bjarga sér á leiðarenda með blindflugi, bæði sökum reynsluleysis auk þess sem slíkar flugvélar hafi mjög léleg tæki til blindflugs. Það liggi einnig fyrir, að flugmaðurinn hafi enga tilraun gert til blindflugs, sbr. orð rannsóknarnefndarinnar í niðurstöðum hennar 2.2.

Eins og þegar er fram komið, liggur frammi í málinu kaupsamningur, þar sem stefnendur selja þeim Pétri Sigvaldasyni, Erling Þ. Ólafssyni, Jóni E. B. Guðmundssyni og Sævari Þór Finnbogasyni hluta í flugvélinni TF-JOI þannig, að eignaraðild seljenda og kaupenda hvers um sig verður jöfn. Er kaupsamningur þessi dagsettur 26. mars 1974. Þá hafa stefnendur upplýst, að greiddar hafi verið af kaupendum þær kr. 400.000 í peningum, sem greinir í samningnum, en ekki hafi verið búið að ganga frá víxlum þeim, sem þar um ræði, enda hafi þeir aldrei fengið þá greidda. Og í bréfi stefnenda til Jóhannesar Snorrasonar á dskj. nr. 14 segir m. a. svo: „Samkvæmt meðfylgjandi kaupsamningi, sem dagsettur er 26. mars 1974, urðu eigendurnir sex, þ. e. a. s.: Jóhann Guðmundsson, Álfaskeiði 87, Hafnarfirði, Ólafur H. Pálsson, Tómasarhaga 13, Reykjavík, Erlingur Þ. Ólafsson, Pétur Sigvaldason, Jón E. Guðmundsson, Sævar Þ. Finnbogason."

Samkvæmt framanrituðu er ljóst, að eigendur að flugvélinni TF-JOI hafa verið sex, með jafnan eignarhluta hver, þegar hún fórst, og var flugmaðurinn Pétur Sigvaldason einn eigendanna. Þá er og upplýst í málinu, að stefnda var tilkynnt um hina nýju eigendur, og kveðst deildarstjóri stefnda, Gísli Lárusson, hafa samþykkt, að þeir flygju einnig vélinni, þó með þeim fyrirvara, að iðgjaldið mundi hækka vegna aukinnar áhættu, sem fylgdi því, að fleiri menn flygju henni, og mundi iðgjaldið endurskoðað eftir einn mánuð frá því hann fékk þessar upplýsingar, þegar þágildandi tryggingartímabili lyki, enda hafi stefnendur sagt hina nýju eigendur uppfylla öll þau skilyrði, sem krafist væri í tryggingarskírteininu.

Í skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa, sem liggur frammi í málinu, segir m. a., að engin flugáætlun hafi verið gerð fyrir brottförina frá Stykkishólmi í umrætt sinn og ekki sé vitað, að kannað hafi verið veðurútlit á leiðinni, en um þetta leyti hafi veður verið orðið mjög lélegt í Stykkishólmi, um tveggja km skyggni og skýjahæð um 300 fet. Og um orsök eða líklega orsök slyssins segir nefndin þetta: „Nefndin telur orsök eða líklega orsök slyssins vera þá, að flugmaðurinn villtist af réttri leið í ófærum sjónflugsskilyrðum. Vegna þrengsla og veðurskilyrða misheppnaðist flugmanninum að snúa við í dalnum."

Samkvæmt þessu og að mati hinna sérfróðu meðdómenda hefur flugmaðurinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi að hefja flug í umrætt sinn við þau veðurskilyrði, sem þá voru. Hins vegar er upplýst, að lofthæfnisskírteini flugvélarinnar hafi verið í gildi, þegar hún fórst, og flugskírteini flugmannsins einnig. Þá segir einnig í skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa, að áfengismagn hafi ekki verið mælanlegt í blóði eða þvagi hins látna flugmanns.

Í lögum um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, 18. gr., segir, að verði vátryggður þess valdur af ásettu ráði, að vátryggingaratburðurinn gerist, eigi hann enga kröfu á hendur félaginu. Hafi hann af vangá sinni valdið því, að vátryggingaratburðurinn gerðist og telja megi vangá hans stórkostlega eftir því, sem atvik lágu til, skuli úr því skorið, hvort greiða skuli bætur og hve háar eftir því, hversu mikil sökin sé, og eftir öðrum atvikum.

Líta verður svo á, að þær afleiðingar, sem stórkostlegt gáleysi getur haft í för með sér á rétt vátryggða til bóta, nái aðeins til þess vátryggða, sem valdur hefur orðið að tjóni með þeim hætti. Kemur þá til álita, hverjir voru vátryggðir í því tilfelli, sem hér um ræðir.

Stefnendur voru einir tryggingartakar og greiddu iðgjöld af tryggingunni. Í tryggingarskírteininu, gr. 12 í almennum skilmálum, segir svo: „Vátryggingarskírteini þetta má ekki framselja að öllu eða einhverju leyti nema með samþykki vátryggjenda, sem staðfest sé með framsali á skírteininu." Ekkert slíkt framsal hefur átt sér stað til hinna nýju eigenda, sem að framan getur, og hefur því ekkert beint réttarsamband skapast milli þeirra og stefnda. Verður því að líta á stefnendur sem rétta sóknaraðilja í máli þessu, enda fengu þeir ekki við það ráðið, að vátryggingaratburðurinn gerðist, né heldur hafa þeir brotið neina þá skilmála eða lagareglur, sem valdið geti því, að þeir verði sviptir bótarétti.

Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndi verður dæmdur til

að greiða stefnendum stefnukröfuna, jafnvirði 8.000.00 bandaríkjadala í íslenskum krónum, að frádreginni eigin ábyrgð, jafnvirði 150.00 bandaríkjadala í íslenskum krónum, eða alls jafnvirði 7.850.00 bandaríkjadala í íslenskum krónum á greiðsludegi.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu sem of hárri, þar sem stefnufjárhæðin sé í erlendum gjaldeyri og því gengistryggð. Verður að fallast á þessa röksemd, og með hliðsjón af þessu þykja vextir hæfilega ákveðnir 9% ársvextir.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 295.000.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Elíeser Jónssyni flugmanni og Þorgeiri Pálssyni flugverkfræðingi.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist lítið eitt um venju fram vegna fjarveru annars meðdómsmanns.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, greiði stefnendum, Ólafi Pálssyni og Jóhanni Guðmundssyni, jafnvirði 7.850.00 bandaríkjadala í íslenskum krónum á greiðsludegi ásamt 9% ársvöxtum frá 1. september 1974 til greiðsludags og kr. 295.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. mars 1980.

Nr. 178/1977. **Borgarstjórinn í Reykjavík**
f. h. borgarsjóðs vegna Húsatrygginga Reykjavíkur
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Iðnaðarbanka Íslands h/f
Félagi íslenskra iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna
og gagnsök
(Stefán Pálsson hdl.).

Vátrygging. Málsástæður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1977. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjenda í málinu og sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi þeirra bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 20. desember 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 13. s. m. Þeir krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að vextir af dæmdri fjárhæð verði ákveðnir 19.5% frá 21. nóvember 1977 til 21. febrúar 1978, 22.5% frá þeim degi til 1. júní 1979, 24.5% frá þeim degi til 1. september s. á., 27.5% frá þeim degi til 1. desember s. á., en 30% frá þeim degi til greiðsludags. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Í málinu krefja gagnáfrýjendur aðaláfrýjanda um fé, sem þeir telja, að á vanti, til að hann hafi goldið þeim vátryggingarbætur, sem þeir eigi kröfu til vegna brunaskemmda á húsinu Lækjargötu 10 B, nú Lækjargötu 12, í Reykjavík

hinn 10. mars 1967. Er þetta þriðja málssókn gagnáfrýjenda á hendur aðaláfrýjanda til heimtu hinna vangoldnu vátryggingarbóta. Lauk báðum fyrri málunum með frávísunardómum bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 26. júní 1972 og 8. janúar 1974. Síðargreinda dóminn kærðu gagnáfrýjendur til Hæstaréttar, en kæru þeirra var vísað frá Hæstarétti vegna ákvæða 22. gr. laga nr. 75/1973.

Í málinu hafa verið lagðar fram þrjár matsgerðir dómkvaddra manna um tjón gagnáfrýjenda vegna brunaskemmdanna á Lækjargötu 10 B, undirmatsgerð, yfirmatsgerð og matsgerð þriggja dómkvaddra manna, sem aðiljar hafa í málflutningi nefnt „hið sérlega mat". Tvær fyrsttöldu matsgerðirnar fóru fram að tilhlutan aðaláfrýjanda, sbr. 21. og 23. gr. vátryggingarskilmála hans. Þriðja matið var framkvæmt að beiðni gagnáfrýjenda. Þá var viðgerð hússins lokið, og mátu matsmennirnir tjónið með þeim hætti, að þeir könnuðu reikninga vegna viðgerða og endurbóta á húsinu, en drógu frá samanlagðri fjárhæð þeirra samtölur þeirra reikninga, sem þeir töldu óviðkomandi sjálfu brunatjóninu. Voru það annars vegar reikningar vegna ýmissa breytinga og endurbóta, samtals að fjárhæð 4.445.000 krónur, en hins vegar reikningar vegna ýmiss búnaðar o. fl., sem þeir töldu, að ekki félli undir vátryggingu hússins, samtals að fjárhæð 1.684.171 króna. Mat undirmatsmanna á brunatjóninu nam 18.996.000 krónum, yfirmatsmenn mátu það á 13.100.000 krónur, en í hinu sérlega mati var talið, að tjónið (viðgerðarkostnaðurinn) hefði numið 18.485.414 krónum (24.614.585 ÷ 4.445.000 ÷ 1.684.171 króna). Er gerð ítarleg grein fyrir öllum þessum matsgerðum og aðdraganda þeirra í hinum áfrýjaða dómi.

Það hefur frá öndverðu verið viðhorf aðaláfrýjanda, að honum sé ekki skylt að greiða gagnáfrýjendum hærri vátryggingarbætur en yfirmatsgerðin segir til um. Samkvæmt því greiddi hann yfirmatsfjárhæðina, 13.100.000 krónur, að frádregnum yfirmatskostnaði, að því er virðist 150.000 krónum, inn á sparisjóðsreikning nr. 32752 hjá gagnáfrýjandanum Iðnaðarbanka Íslands h/f á tímabilinu júlí til september

1967 og afhenti sparisjóðsbókina gagnáfrýjendum sem fullnaðargreiðslu með bréfi, dags. 4. nóvember 1968. Þar sem gagnáfrýjendur hins vegar vefengdu yfirmatið, veittu þeir bókinni viðtöku með fyrirvara, en beiddust næsta dag dómkvaðningar matsmanna þeirra, sem framkvæmdu hið sérlega mat. Luku þeir mati sínu hinn 22. febrúar 1969. Er það mat lá fyrir, leituðu gagnáfrýjendur eftir því við aðaláfrýjanda, að hann greiddi þeim mismun matsfjárhæða samkvæmt mati þessu og yfirmatinu, auk matskostnaðar og innheimtukostnaðar. Þessa synjaði aðaláfrýjandi. Hófst þá sá málarekstur gagnáfrýjenda gegn aðaláfrýjanda, sem getið var í upphafi. Var fyrsta málið þeirra þriggja, sem þeir hafa höfðað af þessu tilefni, þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 2. október 1969.

Í máli þessu lýtur ágreiningur aðilja eingöngu að fjárhæð tjóns gagnáfrýjenda vegna brunaskemmdanna á Lækjargötu 10 B. Skal í því sambandi tekið fram, að eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, ber aðaláfrýjandi í sjálfu sér hvorki brigður á skyldu sína til að greiða gagnáfrýjendum fullar brunabætur né heldur hann því fram, að koma eigi til lækkunar brunabótanna vegna of lágrar vátryggingarfjárhæðar, áhættuaukningar eða annars þess háttar. Enn fremur er engum athugasemdum hreyft út af því, að gagnáfrýjendur, sem áttu hver um sig tiltekinn hluta hússins, krefjast í málinu einnar fjárhæðar sameiginlega án nánari greinargerðar um tjón hvers og eins. Loks er ekki í þessu máli af hendi gagnáfrýjenda hreyft neinum mótmælum við þeim mötum, sem fram fóru, vegna þess að ekki hafi öllum gagnáfrýjendum verið gert aðvart, þegar þau fóru fram.

Í fyrsta málinu, sem gagnáfrýjendur höfðuðu á hendur aðaláfrýjanda til heimtu þeirra brunabóta, sem þeir töldu vangoldnar vegna brunaskemmdanna á Lækjargötu 10 B, var fjárhæð dómkröfu þeirra 5.535.414 krónur. Var sú fjárhæð mismunur matsfjárhæðar samkvæmt hinu sérlega mati, 18.485.414 krónum, og þeirri fjárhæð, sem aðaláfrýjandi galt þeim samkvæmt yfirmatinu, 12.950.000 krónum. Samkvæmt frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur í því máli, en dóm-

urinn liggur frammi í þessu máli, virðast gagnáfrýjendur hafa byggt framangreinda kröfu á því, að hið sérlega mat, sem gagngert lagði til grundvallar reikninga um viðgerðarkostnað, væri full sönnun um brunatjón gagnáfrýjenda, það er bæta bæri. Væri það réttur gagnáfrýjenda að velja, hvort þeir kysu að krefjast brunabóta samkvæmt mati og fá þær greiddar þegar að mati loknu eða láta gera við skemmdir og heimta vátryggingarbætur í samræmi við raunverulegan viðgerðarkostnað. Mótmæltu gagnáfrýjendur því, að yfir- eða undirmatið væru skuldbindandi fyrir sig, og vísuðu til galla, sem verið hefðu á framkvæmd þeirra.

Er gagnáfrýjendur höfðuðu málið öðru sinni, var fjárhæð dómkröfu þeirra 7.364.461 króna. Verður ekki glöggt ráðið af frávísunardóminum í því máli, á hverju sú hækkun kröfu þeirra var reist. Enn sem fyrr virðist það þó hafa verið viðhorf gagnáfrýjenda, að vátryggingarbætur bæri að greiða í samræmi við raunverulegan viðgerðarkostnað og hið sérlega mat, en hvorki undirmatsgerðin né yfirmatsgerðin yrðu lagðar til grundvallar.

Í þessu máli hafa gagnáfrýjendur alfarið reist kröfur sínar á undirmatsgerðinni í stað hins sérlega mats. Er nánari grein gerð fyrir því í hinum áfrýjaða dómi, hvernig fjárhæð dómkröfunnar er fundin. Er því rökstuðningur fyrir kröfugerð gagnáfrýjenda annar nú en í hinum fyrri málum.

Matsgerð undirmatsmanna lá fyrir í báðum fyrri málunum, en gagnáfrýjendur reistu kröfur sínar að engu leyti á henni, heldur fluttu mál sitt svo, að bæði matsgerð þessi og yfirmatið væri gölluð og mötin óskuldbindandi. Aðaláfrýjandi andmælti því í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi, að gagnáfrýjendur gætu að svo vöxnu máli byggt kröfur á undirmatsgerðinni, og krafðist frávísunar málsins. Frávísunardómi bæjarþings, sem féllst á þessa röksemd, var að vísu hrundið með dómi Hæstaréttar 18. desember 1975. Var þar talið, að gagnáfrýjendur ættu rétt á að fá efnisúrlausn um kröfur sínar, byggðar á þeim málsástæðum og gögnum, sem fram kæmu í málinu. Þetta breytir þó engu um það, að of seint var fyrir gagnáfrýjendur að hafa fyrst í þessu máli

uppi kröfur um brunabætur samkvæmt undirmatsgerðinni. Er því ekki unnt að taka til greina kröfur þeirra, reistar á matsgerð þessari. Og þar sem ástæður þær, sem þeir færa fram fyrir kröfum sínum, eru einskorðaðar við, að brunabætur beri að greiða samkvæmt margnefndri undirmatsgerð, verður að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum þeirra, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs vegna Húsatrygginga Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjenda, Iðnaðarbanka Íslands h/f, Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. ágúst 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. f. m., hafa Iðnaðarbanki Íslands h/f, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 16. september 1974, á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur vegna Húsatrygginga Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 7.958.080.80 auk 8.5% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 5. nóvember 1968 til 30. apríl 1974 og með 15% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnenda, en til vara, að kröfur stefnenda verði aðeins teknar til greina að hluta. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda, hver sem úrslit málsins verða.

Með dómi, uppkveðnum 31. október 1975, var málinu vísað frá bæjarþinginu. Með dómi Hæstaréttar 18. desember 1975 var frávísunardómurinn felldur úr gildi og lagt fyrir dómstólinn að taka málið til efnismeðferðar.

Með úrskurði, uppkveðnum 19. mars 1976, viku dómendur, Björn Þ. Guðmundsson borgardómari, Stefán Már Stefánsson,

settur prófessor, og Vilhjálmur Þorláksson verkfræðingur, sæti í málinu.

Málavextir eru þessir:

Húsatryggingar Reykjavíkur voru stofnsettar árið 1954 samkvæmt heimild í lögum nr. 25/1954. Voru vátryggingarskilmálar fyrir tryggingar stofnunarinnar samþykktir í bæjarstjórn Reykjavíkur 20. október 1955. Hafa hús í Reykjavík verið brunatryggð hjá stofnuninni, frá því hún tók til starfa.

Hinn 18. júní 1959 sótti Halldór H. Jónsson arkitekt fyrir hönd Iðnaðarbanka Íslands h/f um leyfi til að byggja skrifstofuhús á lóðinni nr. 10 B við Lækjargötu í Reykjavík. Var leyfi þetta veitt. Hinn 14. ágúst 1962 var framkvæmdum svo langt komið, að þess var óskað, að húsið yrði metið brunabótamati. Húsið var í upphafi metið á kr. 11.468.000.00, en matsfjárhæðin hækkaði síðan í samræmi við breytingar á verðlagi og ákvæði vátryggingarskilmála og nam á árinu 1967 kr. 27.948.000.00. Með afsali, dags. 24. janúar 1964, eignaðist Iðnaðarbanki Íslands h/f lóðina nr. 12 A við Lækjargötu í Reykjavík ásamt húsum þeim, er á lóðinni stóðu. Var hér um að ræða járnklætt timburhús.

Aðfaranótt 10. mars 1967 kom upp eldur í húsi því, sem stóð á lóðinni nr. 12 A við Lækjargötu, og magnaðist svo, að ekki varð við ráðið. Eldurinn breiddist út, og brann húsið til grunna svo og sambyggt timburhús nr. 12 B. Eldurinn náði einnig til hússins nr. 10 B við Lækjargötu, er rúður brustu á suðurhlið þess. Fjallar mál þetta um tjón á þessu húsi, en stefnendur eru allir eigendur að því. Í óskiptri sameign er anddyri, stigar, lyftur og annað, er telst óskipt sameign samkvæmt lögum og venju. Kjallari, 1. hæð, 2. hæð og 3. hæð svo og 5. hæð eru eign Iðnaðarbanka Íslands h/f, en eigandi austurhluta 4. hæðar er Félag íslenskra iðnrekenda, en vesturhlutann á Landssamband iðnaðarmanna. Síðarnefndu aðiljarnir keyptu húsnæði sitt af Iðnaðarbanka Íslands h/f samkvæmt afsali hinn 24. ágúst 1964. Í afsali er hið selda talið 15.5% allrar húseignarinnar. Sú kvöð er á hinu selda, að Iðnaðarbanki Íslands h/f áskilur sér endurkaupsrétt, hvenær sem hann eftir 31. desember 1972 telur sig þurfa á hinu selda húsnæði að halda til starfsemi sinnar, en segja skal hann til með minnst tveggja ára fyrirvara, áður en hann vill neyta endurkaupsréttar síns. Gerð er grein fyrir endurkaupsverðinu, þ. e. hvert það skuli vera, í afsalinu.

Við eldsvoðann 10. mars 1967 skemmdist húsið mjög mikið, en rekstur bankans stöðvaðist þó aldrei alveg. Opinber rannsókn

fór fram út af húsbrunanum. Henni lauk á þann veg, að saksóknari ríkisins sótti fjóra tiltekna menn til refsingar vegna brunans, en þeir voru allir sýknaðir af ákærunni með dómi sakadóms Reykjavíkur 10. apríl 1968.

Þann 22. mars 1967 rituðu Húsatryggingar Reykjavíkur yfirborgardómaranum í Reykjavík svohljóðandi bréf:

„Eins og yður er kunnugt, eru hinir dómkvöddu virðingarmenn brunatjóna í Reykjavík samkvæmt 4. gr. laga nr. 25/1954 byggingameistararnir Jón Bergsteinsson og Tómas Vigfússon.

Þar sem nú stendur fyrir dyrum mat á brunatjóni á húseign Iðnaðarbanka Íslands h.f. að Lækjargötu 10 B, sem báðir þessir menn eru sérstaklega tengdir, virðist oss rétt, að dómkvaddir verði aðrir menn til að meta þetta tjón.

Vér leyfum oss því að óska þess, að dómkvaddir verði svo fljótt sem verða má hæfir og óvilhallir menn til að framkvæma ofangreint mat."

Komið hefur fram, að Tómas Vigfússon byggingameistari var trúnaðarmaður stefnenda við endurbyggingu umræddrar húseignar og að hann hafði einnig sem slíkur haft með byggingu hússins að gera. Þá hefur komið fram, að Jón Bergsteinsson byggingameistari sá um að reisa húsið á sínum tíma og sá einnig um endurbyggingu húseignarinnar.

Þann 22. mars 1967 voru dómkvaddir til að framkvæma hið umbeðna mat þeir Gunnar Magnússon húsgagnaarkitekt og Þorsteinn Hjálmarsson húsgagnasmíðameistari. Var þeim gert að tilkynna matsbeiðanda svo og Sveini Valfells, formanni bankaráðs Iðnaðarbanka Íslands h/f, f. h. Iðnaðarbankans, hvenær matið ætti fram að fara.

Matsgerð sinni skiluðu matsmennirnir 20. apríl 1967.

Segir í matsgerðinni:

„Þann 4. mars 1967, kl. 2 eftir hádegi, mættum við undirritaðir matsmenn ásamt borgarlögmanni Páli Líndal, Sveini Valfells, formanni bankaráðs Iðnaðarbankans, og Ara Guðmudssyni, fulltrúa.

Einnig voru mættir bankastjórarnir Bragi Hannesson og Pétur Sæmundsen.

Undirritaðir hafa kynnt sér aðstæður á staðnum svo og teikningar af húsinu, innréttingum og öðru tjóninu viðvíkjandi. Ennfremur höfum við rætt við arkitekt hússins til að geta gert okkur sem gleggsta grein fyrir þeim verðmætum, sem hér um ræðir.

Auk þess hafa undirritaðir leitað álits sérfróðra manna í þeim faggreinum, sem snerta tjónið.

Samkvæmt framansögðu verður mat okkar sem hér segir:

1.	Múrvinna utan- og innanhúss, kostnaður vegna vinnupalla, viðgerð á stiga og vinnupöllum	kr.	1.826.000.00
2.	Málning utan- og innanhúss	—	430.000.00
3.	Frágangur á loftum og gólfum	—	450.000.00
4.	Gluggar, sólbekkir og frágangur á milli glugga innanverðu	—	1.860.000.00
5.	Þak og einangrun ásamt lyftuhúsi	—	750.000.00
6.	Lyfta, tveir álveggir með gleri á 2. og 4. hæð og stigahandrið	—	2.200.000.00
7.	Rafmagnslögn, lagnir fyrir síma og innanhústalkerfi	—	1.760.000.00
8.	Miðstöðvarlögn, niðurföll, hreinlætistæki, hitarör í þakrennu og loftræstingakerfi	—	1.880.000.00
9.	Innréttingar almennt á öllum hæðum, þar með talið tjón í afgreiðslusal og snyrtiherbergjum á 1. hæð	—	6.850.000.00
10.	Hreinsun á brunastað	—	940.000.00
		Samtals kr.	18.996.000.00

Framantalið mat okkar miðast við það að koma húsinu í sama ástand og það var fyrir brunann."

Húsatryggingar Reykjavíkur vildu ekki una mati þessu og óskuðu þess við yfirborgardómarann í Reykjavík þann 26. apríl 1967, að hann kveddi til þrjá menn til að framkvæma yfirmat á brunatjóninu, sbr. 23. gr. hinna almennu vátryggingarskilmála Húsatrygginga Reykjavíkur. Beiðni þessari fylgdi greinargerð til væntanlegra matsmanna. Í greinargerð þessari segir m. a.:

„Af hálfu Húsatrygginga Reykjavíkur er litið svo á, að mat það, sem framkvæmt hefur verið á ofangreindu tjóni, sbr. matsgerð, dags. 20. þ. m., sé allt of hátt og þess krafizt, að það verði stórlega lækkað.

Umrætt hús er talið 7168 rúmmetrar, og brunabótamatsverð þess var alls kr. 27.948.000.00. Brunabótamatsverðið var sérstaklega endurskoðað árið 1965 og þá hækkað verulega. Verður varla litið svo á, að það hafi verið of lágt, því að það svarar til þess, að verðmæti hússins hafi verið um 3.900 kr. á rúmmetra. Í hinu svokallaða vísitöluhúsi er verð á rúmmetra nú talið 2.860 kr.

Niðurstaða matsmanna er sú, að tjónið sé kr. 18.996.000.00, sem er um 68% af brunabótamatsverðinu. Þetta merkir það, að verðmæti þess hluta hússins, sem eftir stóð, hafi verið innan við 9 milljónir króna. Sjá allir, sem kynna sér málavöxtu, hvílík fjarstæða matið hlýtur að vera."

Magnús Thoroddsen borgardómari kvaddi hinn 3. maí 1967 þá Magnús Árnason múrarameistara, Magnús K. Jónsson trésmíðameistara og Ríkharð R. Steinbergsson byggingaverkfræðing til að framkvæma yfirmatið. Var þeim gert að tilkynna þessum aðiljum, hvenær matið færi fram: Páli Líndal borgarlögmanni f. h. Húsatrygginga Reykjavíkur, Braga Hannessyni, bankastjóra Iðnaðarbanka Íslands h/f, og Sveini Valfells, stjórnarformanni bankans, f. h. bankans.

Yfirmatsmennirnir skiluðu matsgerð sinni þann 26. maí 1967, og segir þar svo:

„Fyrsta athugun á brunastað fór fram 6. maí 1967 að viðstöddum þeim aðilum, sem tilgreindir eru í dómkvaðningunni.

Vér höfum kynnt okkur núverandi ástand hússins eftir beztu föngum, uppdrætti og lýsingar, sem fáanlegar hafa verið af húsinu, og rætt við þá aðila, sem vér álitum, að gætu gefið gagnlegar upplýsingar við matsgjörð þessa.

Það er samhljóða álit vort, að tjónsbætur séu hæfilega metnar á kr. 13.100.000.00."

Með bréfi Iðnaðarbanka Íslands h/f, dags. 4. júlí 1967, var þess óskað, að yfirmatsmennirnir létu í té sundurliðun á matinu. Segir orðrétt í bréfi bankans, „að þér látið oss í té sundurliðun á mati yðar, dags. 26. maí s.l., varðandi brunatjón á húseign Iðnaðarbankans."

Þann 14. ágúst 1967 svöruðu yfirmatsmennirnir bréfi þessu, og segir í því bréfi: „Sem svar við bréfi yðar, dags. 4. júlí 1967, sendum við yður eftirfarandi sundurliðun á mati voru á brunatjóni á húseign Iðnaðarbanka Íslands h/f, Lækjargötu 10 B, Reykjavík.

Heildarmat vort var kr. 13.100.000.00, og sundurliðast það þannig:

1.	Þak og þakrými	kr.	200.000.00
2.	5. hæð	—	1.320.000.00
3.	4. hæð	—	1.950.000.00
4.	3. hæð	—	1.040.000.00
5.	2. hæð	—	1.210.000.00
6.	1. hæð og kjallari	—	330.000.00

7.	Handrið og marmaralögn	kr.	440.000.00
8.	Lyfta	—	1.310.000.00
9.	Raflögn	—	880.000.00
10.	Hitalagnir og hreinlætislagnir	—	960.000.00
11.	Frágangur, utanhúss	—	500.000.00
	Hreinsun á brunarústum	—	470.000.00
	Verkstjórn, akstur, rekstur á vinnustað ..	—	780.000.00
	Samtals	kr.	11.390.000.00
	Yfirumsjón, ófyrirséð o. fl. ca. 15%	—	1.710.000.00
	Samtals	kr.	13.100.000.00“

Þann 7. september 1967 skrifaði Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður borgarlögmanni, Páli Líndal, bréf. Segir í bréfi þessu: „Í tilefni yfirmatsgjörðar, sem framkvæmd var hinn 26. maí 1967 af Magnúsi Árnasyni, Magnúsi K. Jónssyni og Ríkharði Steinbergssyni til yfirmats á matsgerð í matsmálinu nr. 53/1967 vegna brunatjóns á húseign Iðnaðarbanka Íslands h/f hinn 10. marz 1967, þá vil ég í umboði Iðnaðarbanka Íslands h/f mótmæla því, að matsgjörð þessi hafi nokkra þýðingu til ákvörðunar um bótaskylt tjón Iðnaðarbanka Íslands h/f af völdum nefnds bruna, því þar hljóti að ráða raunverulegur kostnaður samkvæmt reikningum til að koma húsinu aftur í nothæft lag, enda hafi engin greiðsla verið innt af hendi Húsatrygginganna til þess að ljúka greiðslu skyldutrygginganna, eftir að yfirmatsgjörðin lá fyrir.

Það tilkynnist yður hér með, að yfirmatsgjörðinni er mótmælt sem þýðingarlausri, rangri og óstaðfestri og skorað á yður að hlutast til þess, ef þér ætlið að byggja greiðsluskyldu Húsatrygginga Reykjavíkur að einhverju leyti á niðurstöðu matsgerðarinnar, að yfirmatsnefndarmenn komi fyrir dóm, gefi skýringar á matsgjörðinni og staðfesti hana, ef þeir eru reiðubúnir til þess.

Frestur í þessu skyni er gefinn til 20. þ. m.“

Fram er komið, að þann 12. júlí 1967 afhentu Húsatryggingar Reykjavíkur Iðnaðarbanka Íslands h/f sparisjóðsbók að innstæðu kr. 5.000.000.00 á sparisjóðsreikningi nr. 32752 í bankanum. Þann 31. júlí voru samkvæmt reikningnum teknar út kr. 128.125.00, en sú upphæð mun vera í samræmi við reikning yfirmatsmanna. Samkvæmt sömu heimild voru þann 4. ágúst 1967 lagðar inn kr. 5.000.000.00 í viðbót á nefndan reikning, og þann 13. september 1967 voru lagðar inn á þennan reikning kr. 3.073.125.00.

Þannig var búið að leggja kr. 12.950.000.00 inn á reikning þennan þann 13. september 1967.

Í málinu er fram komið bréf skrifstofu borgarstjóra Reykjavíkur, borgarbókhald, dags. 4. nóvember 1968, þar sem tekið er fram, að til Iðnaðarbanka Íslands h/f beri að greiða kr. 12.950.000.00 til lokagreiðslu brunabóta vegna tjóns að Lækjargötu 10 B samkvæmt ávísun Húsatrygginga. Samkvæmt ákvörðun borgarlögmanns skuli inna greiðslu þessa af hendi með því að afhenda Iðnaðarbankanum sparisjóðsbók nr. 32752, en hún sýni reikningsinnstæðu að upphæð kr. 12.950.000.00 og skuli ekki krefja vexti af innstæðunni.

Þann 5. nóvember 1968 svöruðu bankastjórar Iðnaðarbankans fyrir hans hönd ofangreindu bréfi og segja m. a. svo:

„Jafnframt því að viðurkennd er móttaka á ofangreindri fjárhæð sem greiðslu vegna brunatjóns, er Iðnðarbanki Íslands h/f varð fyrir, er húsið Lækjargata 10 B varð fyrir stórskemmdum af bruna hinn 10. mars 1967, þá er tekið á móti fjárhæð þessari með þeim fyrirvara, að þetta er á engan hátt viðurkennt sem lokagreiðsla, enda var af hálfu bankans gerður fyrirvari vegna yfirmatsgerðar í bréfi Páls S. Pálssonar, hrl., dags. 7. september 1967, og gerðar hafa verið nú ráðstafanir af hendi bankans og annarra eigenda nefnds húss til þess að fá sannreynt, hvert brunatjónið varð.

Jafnframt er því mótmælt, að Iðnaðarbankanum verði gert að greiða yfirmatskostnað."

Meðan öllu þessu fór fram, var endurbyggingu hússins haldið áfram. Viðræður munu einnig hafa farið fram á milli Iðnaðarbankans og Húsatrygginga Reykjavíkur um greiðslu brunatjónsins. Upp úr þeim viðræðum mun hafa slitnað á haustmánuðum 1968.

Á fundi bankaráðs og beggja bankastjóra Iðnaðarbanka Íslands h/f mánudaginn 7. október 1968 var Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni falið að undirbúa málssókn á hendur Húsatryggingum Reykjavíkur til viðurkenningar á rétti bankans til að heimta úr hendi Húsatrygginga fullar tjónbætur vegna brunans.

Þann 5. nóvember 1968 skrifaði Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður yfirborgardómaranum í Reykjavík og fór þess á leit fyrir hönd stefnenda máls þessa, að hann dómkveddi þrjá óvilhalla sérfróða menn til þess að, eins og segir í beiðninni:

„1. Kynna sér matsgerð í málinu nr. 53/1967, gerða af Gunnari Magnússyni, húsgagnaarkitekt, og Þorsteini Hjálmarssyni, verk-

stæðisformanni, hinn 20. apríl 1967, varðandi mat á brunatjóni að Lækjargötu 10 B (nú Lækjargötu 12) í Reykjavík hinn 10. marz 1967 og á sama hátt: Að kynna sér svonefnda matsgerð í málinu nr. 76/1967, undirritaða 26. maí 1967 af Magnúsi Árnasyni, Magnúsi K. Jónssyni og Ríkharði Steinbergssyni, og að gefa sérfræðilega umsögn um möt þessi með hliðsjón af ósamræmi þeirra eftir að hafa aflað skýrslna hjá matsmönnum fyrir dómi, ef með þarf, og eftir að hafa kynnt sér kostnaðarreikninga yfir viðgerðir hússins eftir brunann og eftir skoðun á viðgerðum og þá einkum að rekja sérfræðilega þá galla, sem á síðari matsgerðinni reynast vera.

2. Að meta sjálfstætt að þessu athuguðu og fengnum skýrslum frá fyrirsvarsmönnum aðilja, hve mikið brunatjónið var miðað við ástand hússins eins og ætla má, að það hafi verið fyrir brunann, þannig að brunatjónið sé að fullu metið, en viðaukar eða breytingar til dýrleika séu ekki teknar með."

Þess var farið á leit, að matsbeiðanda svo og Páli Líndal borgarlögmanni vegna matsþola, Húsatrygginga Reykjavíkur, yrði tilkynnt, hvenær mat skyldi fara fram.

Matsbeiðni þessari fylgdu ýmis skjöl og þar með matsgerðir þær báðar, er til er vitnað.

Þann 22. nóvember 1968 dómkvaddi Hákon Guðmundsson yfirborgardómari þá Braga Þorsteinsson verkfræðing, Braga Sigurbergsson húsasmíðameistara og Jón Ólafsson húsgagnaarkitekt til þess að framkvæma hið umbeðna mat. Við dómkvaðninguna var mætt af hálfu aðilja máls þessa og þess óskað af hálfu stefnenda, að dómkvaðning færi fram samkvæmt beiðninni. Af hálfu Húsatrygginga Reykjavíkur var því lýst yfir, að því væri ekki út af fyrir sig mótmælt, að útnefning matsmanna færi fram samkvæmt matsbeiðninni, en þeir fyrirvarar gerðir:

1. Að Iðnaðarbankinn einn væri vátryggjandi hússins gagnvart Húsatryggingum Reykjavíkur og fulltrúar hans hefðu komið fram sem slíkir við yfirmat eða sem umboðsmenn húseigenda allra, enda hefði svo jafnan verið við vátrygginguna.
2. Húsatryggingar Reykjavíkur áskildu sér allan rétt til þess að lýsa matið, sem hinir dómkvöddu matsmenn framkvæmdu, marklaust og þýðingarlaust.
3. Húsatryggingar Reykjavíkur teldu allan kostnað við umbeðið mat sér óviðkomandi og áskildu sér rétt til þess að krefjast málskostnaðar svo og annars kostnaðar matsþola vegna máls þessa og matsgerðar.

Af hálfu matsbeiðenda var þessum fyrirvörum mótmælt sem röngum og þýðingarlausum.

Síðastgreindu matsmennirnir skiluðu matsgerð sinni 22. febrúar 1969. Kemur fram í henni, að þeir hafi fyrst boðað málsaðilja til fundar þann 17. desember 1968 og hafi þá af hálfu matsbeiðanda verið mættir Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, Bragi Hannesson bankastjóri og Pétur Sæmundsen bankastjóri, en f. h. Húsatrygginga Reykjavíkur hafi verið mættur Ari Guðmundsson fulltrúi. Ari hafi látið þess í upphafi getið, að hann væri mættur til að vekja athygli á því f. h. Húsatrygginga Reykjavíkur, að stofnunin teldi sér þetta mat óviðkomandi. Þar næst hafi þeir Bragi Hannesson og Pétur Sæmundsen í fáum orðum gert grein fyrir viðgerð, endurnýjungum og umbótum þeim, sem gerðar höfðu verið á húsi Iðnaðarbankans, og sýnt því næst matsmönnum húsið. Matsmenn hafi síðan óskað eftir nánari gögnum í málinu og beðið um að fá í sínar hendur:

1. Teikningar, er gæfu til kynna ástand hússins fyrir og eftir brunann.
2. Skrá yfir viðgerðir þær, endurnýjanir og umbætur, sem gerðar höfðu verið á húsinu.
3. Skrá yfir þær umbætur, sem leitt hafi til verðmætisaukningar á húsinu.
4. Ljósmyndir, sem teknar hafi verið af húsinu, utan og innan, fyrir og eftir brunann, er gætu gefið til kynna ástand hússins á hvorum tíma.
5. Reikninga yfir kostnað við viðgerð, endurnýjun og umbætur á húsinu.
6. Skrá yfir þá iðnaðarmenn, er staðið hafi fyrir verkum við viðgerð hússins.

Þann 7. janúar 1963 var annar fundur haldinn af matsmönnum í Iðnaðarbankahúsinu. Var þar mætt af hálfu matsbeiðanda, en ekki af hálfu matsþola.

Lögð voru þar fram eftirfarandi gögn:

1. Skrá yfir viðgerðir, endurnýjanir og umbætur.
2. Skrá yfir kostnað við framkvæmdir skv. lið 1, að öðru leyti lágu allir reikningar frammi.
3. Skrá yfir umbætur, sem hafi haft í för með sér verðmætisaukningu.
4. Ljósmyndir.
5. Skrá yfir verkfræðinga, arkitekta og meistara, er unnu við húsbygginguna.

Þann 14. janúar 1969 héldu matsmenn enn fund í Iðnaðarbankahúsinu, Lækjargötu 12. Voru þar mættir á fundi matsnefndin og Halldór H. Jónsson arkitekt að ósk matsnefndar. Gerði Halldór grein fyrir endurbyggingu hússins. Lagðar voru fram byggingarnefndarteikningar af húsinu, eins og það var fyrir brunann. Að lokinni greinargerð Halldórs var farið um húsið, það skoðað og borið saman við teikningar fyrir og eftir brunann. Hafist var handa um að yfirfara reikninga með það fyrir augum að flokka þá.

Í matsbeiðninni er tekin upp greinargerð Halldórs H. Jónssonar arkitekts um endurbyggingu hússins Lækjargötu 12, Reykjavík, eftir brunatjónið.

Matsmenn öfluðu teikninga, sem á vantaði, báru saman teikningar af húsinu, eins og það var fyrir og eftir brunann.

Eftir að þeir höfðu yfirfarið alla reikinga og fylgiskjöl varðandi endurbyggingu hússins, gerðu matsmenn eftirfarandi yfirlit, þar sem byggingarkostnaður er flokkaður niður:

„Trésmíði	kr.	8.433.644.00
Handrið, Héðinn h.f.	—	488.014.00
Loftkerfi	—	1.332.183.00
Akstur	—	78.300.00
Dverghamar h/f	—	953.512.00
Héðinn h/f, hreinsun	—	585.745.00
Raflagnir	—	1.654.310.00
Málning og veggfóður	—	1.751.256.00
Stálumbúðir h/f, lampar	—	581.071.00
Pípulögn	—	2.248.439.00
Teppi	—	570.980.00
Öryggisgler	—	293.896.00
Gler —	—	340.582.00
Lyftur	—	1.993.313.00
Ráðgefandi aðilar	—	459.840.00
Múrverk	—	1.772.943.00
Rafha, álveggir	—	423.463.00
Ýmsir reikningar	—	653.094.00
	Alls kr.	24.614.585.00

Segir síðan í matsgerðinni, að matsmenn hafi verið sammála um að leggja þessa tölu til grundvallar matinu. Við skoðun fylgiskjala hafi komið í ljós ýmsir reikningar, sem matsmenn töldu óviðkomandi brunatjóni á húsinu. Hafi það aðallega verið reikn-

ingar vegna húsgagnakaupa og annars búnaðar, sem ekki falli inn í brunatryggingu hússins. Reikningar þessir hafi samtals verið kr. 836.730.00. Auk þess hafi aðrir reikningar, sem sérstaklega séu tilgreindir í yfirliti, brátt verið felldir.

Við endurbyggingu hússins segir í matsgerðinni, að ýmsu hafi verið breytt frá því, sem áður hafði verið, innréttingum breytt, lyftu og lyftuhúsi bætt við, loftrásakerfi mjög aukið o. fl., sem allt stefndi í átt til verðmætisaukningar. Þessa verðmætisaukningu mátu matsmenn og drógu hana frá upphaflegum endurbyggingarkostnaði samkvæmt fylgiskjölum og reikningum:

Verðmætisaukning:

Lyftur	kr.	1.050.000.00
Flísar í stigahús	—	160.000.00
Stækkun lyftuhúss	—	150.000.00
Loftkerfi	—	1.050.000.00
Stjórntæki, dælur o. fl. vegna hitalagnar	—	100.000.00
Viðbót við álveggi	—	250.000.00
Hringstigi	—	150.000.00
Öryggisgler á vesturhlið	—	270.000.00
Palisander þiljur	—	105.000.00
Hreinlætisherbergi	—	100.000.00
Grásteinn	—	100.000.00
Niðurhengd loft	—	450.000.00
Teppi í stað tile	—	360.000.00
Eldvarnarhurðir	—	120.000.00
Eldavél	—	30.000.00
	Alls kr.	4.445.000.00

Búnaður, sem ekki sé með í húsatryggingu o. fl.

Lampar	kr.	530.000.00
Afgreiðsluborð	—	168.441.00
Ýmsir reikningar	—	336.730.00
Selt efni	—	149.000.00
	Alls kr.	1.684.171.00

Þegar báðir þessir liðir séu dregnir frá byggingarkostnaði, segja matsmenn, að út komi matsfjárhæð þeirra, kr. 18.485.414.00.

Að lokum segir í matsgerðinni: „Varðandi lið 1 í matsbeiðni, þar sem þess er óskað, að matsmenn gefi „sérfræðilega umsögn um möt þessi með hliðsjón af ósamræmi þeirra", og er þá átt við undir- og yfirmat, viljum við taka fram, að við treystum

okkur ekki til að svara þessu á annan hátt en matsgerð okkar ber með sér og vísum til hennar, hvað þetta atriði snertir."

Þann 5. mars 1969 skrifaði Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður Húsatryggingum Reykjavíkur bréf og sendi jafnframt ljósrit af síðastgreindri matsgerð.

Segir í bréfinu, að eigendur Lækjargötu 10 B, nú Lækjargötu 12, hafi falið honum að tilkynna Húsatryggingum Reykjavíkur, að þeir telji rétt og skylt, að þær greiði fjárhæð matsins í brunatjón ásamt kostnaði við það, kr. 182.000.00, kostnað við lögfræðilega aðstoð og innheimtu ásamt vöxtum. Var þess óskað, að Húsatryggingar Reykjavíkur tækju afstöðu til eftir að hafa kynnt sér matsgerðina, hvort þær hefðu eitthvað við hana að athuga og hvort þær mundu óska einhvers konar yfirmats til vefengingar á niðurstöðu hennar. Frestur í þessu skyni var í bréfinu gefinn til 15. mars 1969.

Bréfi þessu var svarað með bréfi Húsatrygginga Reykjavíkur 16. maí 1969. Í því bréfi er til þess vitnað, að undirmat og yfirmat hafi farið fram vegna brunans. Jafnframt að samkvæmt mati yfirmatsmanna hafi tjónið numið kr. 13.100.000.00, sem Húsatryggingar Reykjavíkur hafi greitt til Iðnaðarbankans h/f sem endanlegar bætur, bankinn hafi tekið við greiðslunni með fyrirvara um fjárhæð, en án annarra athugasemda. Segir síðan í bréfinu, að Húsatryggingar Reykjavíkur álíti, að yfirmat það, sem fram hafi farið á brunatjóni stefnenda, sé endanlegt mat þess og síðara matinu sé því mótmælt sem þýðingarlausu og málinu algerlega óviðkomandi. Ekkert hafi komið fram, er hnekkt hafi getað yfirmatinu í sérstökum greinum, og reyndar engin tilraun verið gerð til að gagnrýna það með rökum, heldur sé gripið til þess ráðs að hálfu öðru ári liðnu að láta fara fram nýtt mat, gagnstætt lögum og réttarvenju. Þá er til þess vitnað, að stefnendur virðast álíta, að formsatriða hafi eigi verið gætt við framkvæmd undir- og yfirmats. Þessu sé eindregið mótmælt og bent á, að Iðnaðarbanki Íslands h/f hafi jafnan komið fram sem húseigandi gagnvart Húsatryggingum Reykjavíkur. Talsmönnum bankans hafi borið að benda matsmönnum á, ef þeir teldu sig ekki hafa umboð annarra húseigenda í þessu efni eftir brunann eins og fyrir hann. Ekkert komið fram, sem bendi til þess, að matsmennirnir hafi að einhverju leyti unnið starf sitt miður en ella fyrir þá sök, að Landssamband iðnaðarmanna telji sig ekki hafa átt kost á að gæta hagsmuna sinna við matið, en Félagi íslenskra iðnrekenda muni hafa verið vel kunnugt um fram-

kvæmd þess og matsmennirnir jafnvel leitað til þess um upplýsingar.

Þá er í bréfinu farið nokkrum orðum um hið nýja mat, er stefnendur byggja kröfugerð sína á. Er til þess vitnað, að matsmenn hafi stuðst við frásögn Halldórs H. Jónssonar arkitekts, trúnaðarmanns húseigenda, um ástand hússins fyrir og eftir brunann svo og um allar breytingar, sem gerðar hafi verið á húsinu. Við samanburð lýsingar arkitektsins og niðurstöðu matsmanna komi í ljós, að ekki hafi verið tekið tillit til ýmissa endurbóta og breytinga, er á húsinu hafi verið gerðar, sem eru nánar raktar síðar í bréfinu. Jafnframt er á það bent, að grundvöllur matsins að öðru leyti virðist eingöngu vera reikningar þeirra aðilja, sem unnið hafi að viðgerð, endurbótum og breytingum hússins eftir brunann. Reynt sé að draga út úr reikningum þessum það, sem ekki komi brunatjóninu við, en ekki verði þó séð, að það sé gert á sannfærandi hátt. Síðan eru talin upp í bréfinu nokkur atriði, sem mótmælt er í lýsingu Halldórs H. Jónssonar arkitekts og niðurstöðu matsmannanna. Sagt er, að þarna séu aðeins nefnd nokkur atriði, sem geri matið tortryggilegt, en því fari fjarri, að um tæmandi upptalningu sé að ræða og engin viðurkenning á matinu felist í þessari upptalningu.

Þann 22. júlí 1969 skrifaði Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður matsmanninum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi bréf, þar sem hann segir, að hann telji óhjákvæmilegt að fara þess á leit við matsmennina, að þeir ljúki fyrri þætti á matsbeiðninni, þannig að fyrir liggi nógu glöggur samanburður á undir- og yfirmati vegna brunatjónsins. Segir í bréfinu, að til þess að hægt sé að bera saman undir- og yfirmat, þurfi yfirmatsmenn að gefa sams konar sundurliðun og gert sé við undirmatið. Færist yfirmatsmenn undan slíkum skýringum, sé sú leið til að fara nú þegar í matsmál og láta gefa þar skýringar fyrir dómi. Jafnframt var með bréfi þessu sent ljósrit af fyrrgreindu bréfi Húsatrygginga Reykjavíkur og þess óskað, að í væntanlegri viðaukaskýrslu við matsgerð yrðu gefin svör við þeirri gagnrýni, sem komi fram á matinu.

Þann sama dag skrifaði Bragi Þorsteinsson fyrir hönd þeirra matsmannanna yfirmatsmönnunum Magnúsi Árnasyni, Magnúsi K. Jónssyni og Ríkharði Steinbergssyni bréf, þar sem þeim er kynnt, að þeir, er bréfið rita, hafi verið dómkvaddir samkvæmt beiðni stefnanda til þess að bera saman undirmat og yfirmat með hliðsjón af ósamræmi þeirra og enn fremur að meta sjálft

brunatjónið. Af ofangreindu tilefni óska bréfritarar eftir því að fá sundurliðun á mati yfirmatsmannanna á sama hátt og undirmatsmenn hafi sundurliðað sitt mat svo og að þeir gefi í stuttu máli skýringar á því, hvers vegna mat þeirra víki svo verulega frá mati undirmatsmanna, þ. e. hvaða liði þeir telji þar ofmetna.

Bréfi þessu svöruðu yfirmatsmennirnir ekki.

Þann 2. október 1969 höfðuðu stefnendur svo mál á hendur Húsatryggingum Reykjavíkur til heimtu endanlegra tjónbóta brunans á húsinu nr. 10 B, nú 12, við Lækjargötu. Með dómi, uppkveðnum 26. júní 1972, var því máli vísað frá dómi. Var frávísunardómurinn ekki kærður.

Með stefnu, birtri 15. febrúar 1973, höfðuðu stefnendur á ný mál á hendur Húsatryggingum Reykjavíkur til heimtu endanlegra tjónbóta vegna brunatjónsins. Með dómi, uppkveðnum 8. janúar 1974, var því máli einnig vísað frá dómi. Frávísunardómurinn var kærður til Hæstaréttar, en kærumálinu var vísað frá Hæstarétti með dómi 18. mars 1974.

Höfðuðu stefnendur svo mál það, sem hér er til úrlausnar.

Stefnendur gera þá grein fyrir fjárhæð dómkröfu sinnar, að þrátt fyrir ákvæði og meginreglu 24. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga um gjalddaga vátryggingarbóta, þegar eftir að tjón hafi orðið, hafi engin greiðsla borist frá Húsatryggingum Reykjavíkur þegar eftir tjónið. Hins vegar hafi Húsatryggingar Reykjavíkur hinn 12. júlí 1967 opnað reikning í sínu nafni hjá Iðnaðarbanka Íslands nr. 32752 með innstæðu

	kr.	5.000.000.00
hinn 31. júlí 1967 hafi innstæðueigandi tekið út	—	128.125.00
Sama dag hafi innstæðan því numið	kr.	4.871.875.00
Hinn 4. ágúst hafi verið lagðar inn á reikninginn	—	5.000.000.00
Þann dag hafi innstæðan því numið	kr.	9.871.875.00
Hinn 13. september hafi verið lagðar inn á reikninginn	—	3.078.125.00
Sama dag hafi innstæðan því numið	kr.	12.950.000.00

Þessi innstæða hafi svo verið afhent Iðnaðarbanka Íslands h/f 5. nóvember 1967 sem fyrsta greiðsla Húsatrygginga Reykjavíkur upp í brunatjónið og hafi móttakandi gefið kvittun með fyrirvara. Samtímis hafi Iðnaðarbanki Íslands h/f veitt viðtöku vöxtum af reikningnum, kr. 1.120.777.00. Samkvæmt 24. gr. laga

nr. 20/1954 beri stefnda að greiða vexti af fjárhæð brunatjónsins, sem séu 1% lægri ársvextir en víxilvextir Landsbanka Íslands. Því beri stefnda að greiða 8.5% ársvexti af fjárhæð brunatjónsins frá 10. mars 1967 til 5. nóvember 1968. Fjárhæð undirmats hefði numið ..... kr. 18.998.000.00
Síðan hafi komið í ljós, að fallið hafi niður við matið verðmæti að fjárhæð ..... — 174.200.00

Brunatjón hafi því numið ..... kr. 19.172.200.00
Hinn 5. nóvember 1968 hafi stefnendur fengið greiddar ..... — 14.070.777.00
Frá þeirri fjárhæð beri að draga vexti af heildarskuld til sama tíma ..... — 2.856.657.80

Nettógreiðsla 5. nóvember 1968 nemi því ..... kr. 11.214.119.20
Endanleg fjárhæð dómkröfunnar nemi því .... — 11.214.119.20
Stofnfjárhæð ..... — 19.172.200.00
frá þeirri fjárhæð beri að draga nettógreiðslu 5. nóvember 1968 ..... — 11.214.119.20

Skuld stefnda 5. nóvember 1968 nemi því .... kr. 7.958.080.80

Krafa stefnenda er byggð á því, að umrædd húseign þeirra við Lækjargötu hafi verið tryggð hjá Húsatryggingum Reykjavíkur, sem sé eign Reykjavíkurborgar, er tekið hafi í eigin hendur brunatryggingar húseigna í Reykjavík skv. heimild í lögum nr. 25/1954. Hafi Iðnaðarbanki Íslands h/f átt kjallara, 1. hæð, 2. hæð, 3. hæð og 5. hæð, en Félag íslenskra iðnrekenda hafi átt austurhluta 4. hæðar, en Landssamband iðnaðarmanna vesturhluta þeirrar hæðar. Sameign í anddyri, stigum, lyftum og öðrum óskiptilegum hlutum hússins hafi verið í óskiptri sameign samkvæmt lögum og venju. Öll skilyrði hafi verið til, að tjónið yrði bætt að fullu, svo að eigendur hússins yrðu jafnvel settir og fyrir brunann, og hafi ekki verið um það deilt. Hins vegar hafi verið deilt um það, með hvaða fjárhæð tjónið skyldi bætt. Vegna sérstakra aðstæðna hafi Húsatryggingar Reykjavíkur óskað eftir, að dómkvaddir yrðu tveir virðingarmenn til að meta brunatjónið í stað hinna reglulegu virðingarmanna. Því hafi ekki verið mótmælt af stefnda, að rétt og löglega hafi verið að farið við það mat, en hins vegar hafi stefnda þótt niðurstaða matsins of há. Hafi stefndi því óskað eftir dómkvaðningu þriggja yfirmatsmanna. Af hálfu stefnenda hafi þeirri matsgerð verið

mótmælt sem rangri, þýðingarlausri og óstaðfestri og jafnframt skorað á stefnda að láta yfirmatsmennina koma fyrir dóm til að staðfesta matsgerðina og gefa skýringar á henni fyrir 30. september 1967. Stefnendur hafi síðan fengið dómkvadda sérfróða menn til að kynna sér undirmatsgerð og yfirmatsgerð og gefa sérfræðilega umsögn um þær og leggja sjálfstætt mat á brunatjónið miðað við ástand hússins, eins og ætla megi, að það hafi verið fyrir brunann. Hafi þessir matsmenn metið brunatjónið á kr. 18.485.414.00. Síðan hafi komið í ljós, að utan mats hafi orðið verðmæti að fjárhæð kr. 174.200.00, eldhúsinnrétting o. fl., eign Félags íslenskra iðnrekenda, sem sé hluti af hinu sameiginlega brunatjóni. Stefnendur hafi svo höfðað mál til heimtu tjónbóta og byggt kröfur sínar á mati þeirra Braga Þorsteinssonar, Braga Sigurbergssonar og Jóns Ólafssonar. Með dómi, uppkveðnum 26. júní 1972, hafi málinu verið vísað frá dómi. Í dómsforsendum komi fram, að yfirmati hafi verið hnekkt, en starf hinna sérlegu matsmanna viðurkennt, þó taldir væru á því annmarkar, sem leiddu til þess, að matið hefði ekki fullt sönnunargildi. Hafi frávísunardómurinn verið byggður á því, að tjónbætur yrðu hvorki byggðar á yfirmatinu né hinu sérlega mati. Hins vegar hefði hvorugur aðili byggt á undirmatinu, sem dómurinn hafi ekki tekið til sérstakrar athugunar. Nú hafi stefnendur valið þá leið að höfða mál að nýju og reyna að bæta úr þeim annmörkum, sem þóttu vera í hinni sérlegu matsgerð. Dómur hafi fallið í því máli 8. janúar 1974 og hafi dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu, að hann væri bundinn af frávísunardóminum 28. júní 1972 og að ekki hefði tekist að bæta úr ágöllum sérstaka matsins. Dómur þessi hafi verið kærður til Hæstaréttar, sem hafi með dómi, uppkveðnum 18. mars 1974, vísað málinu frá. Í máli því, sem hér er til úrlausnar, hafi sú leið verið farin að byggja á undirmati þeirra Gunnars Magnússonar og Þorsteins Hjálmarssonar, sem sé í fullu gildi. Til þess hafi verið stofnað að frumkvæði stefnda og hafi verið löglega að því staðið, enda falli stefnendur frá mótmælum byggðum á því, að ekki hafi verið rétt að farið við boðun matsins. Þar sem ekki verði lengur byggt á yfirmatinu, sé undirmatið í fullu gildi, þar til því hafi verið hnekkt, en það verði aðeins gert með yfirmati samkvæmt vátryggingarskilmálunum og hafi stefndi ekkert aðhafst að nýju í því efni. Því sé stefnendum heimilt að byggja á undirmatinu, þótt það hafi ekki verið gert áður. Eigi stefnendur rétt á, að dómur verði lagður á matið, þótt dómstóllinn kunni að hafa aðra skoðun en

matsmenn á verðmætaskiptum einstakra matsliða. Hafi stefnendur, sem ekki hafi fengið tjón sitt bætt að fullu, því höfðað mál þetta.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að brunatjón það, sem mál þetta er risið af, hafi verið bætt að fullu. Samkvæmt 21. gr. vátryggingarskilmála þeirra, sem Húsatryggingar Reykjavíkur hafi gefið út, hafi verið óhjákvæmilegt að meta brunatjónið og hafi þá borið að miða við ástand hússins eins og það var fyrir brunann. Í framkvæmd mats felist þó ekki viðurkenning á greiðsluskyldu og gjalddagi bóta sé þá fyrst, er endurbyggingu húss eða viðgerðum á því sé lokið, sbr. 27. gr. vátryggingarskilmálanna. Ekki hafi verið ugglaust, að tjónið á húsi stefnenda yrði bætt, og hafi þar einkum borið til, að gluggar voru á suðurhlið hússins, en 2.86—3.33 m frá húsinu hafi staðið járnklætt timburhús. Af því tilefni hafi byggingarnefnd Reykjavíkur mælt fyrir um, að gluggaop á suðurhlið húss stefnenda væru fyllt með 25 cm þykkum vikri. Þessu hafi ekki verið hlýtt og megi rekja tjón stefnenda til þeirrar vanrækslu. Opinber rannsókn hafi farið fram út af brunanum og hafi ekki þótt rétt að greiða brunabótafé fyrirvaralaust af hendi á meðan. Til að auðvelda viðgerð hússins hafi að tilmælum fyrirsvarsmanna Iðnaðarbanka Íslands og í samráði við þá verið lagðar kr. 5.000.000.00 inn á sparisjóðsreikning í bankanum 12. júlí 1967. Hafi tvívegis verið bætt við þessa fjárhæð og einu sinni tekið út af reikningnum, en frá 13. september 1967 hafi staðið á reikningnum kr. 12.950.000.00. Hafi með þessu verið svo um búið, að húseigendur hafi haft vátryggingarfé til afnota og ráðstöfunar við viðgerð brunaskemmdanna, þó að formleg greiðsla hafi ekki farið fram. Hinni opinberu rannsókn hafi svo lokið með því, að fjórir menn hafi verið sóttir til refsingar vegna brunans, en þeir hafi allir verið sýknaðir af ákærunni með dómi sakadóms Reykjavíkur 10. apríl 1968. Með því hafi að vísu ekki verið sagt, að réttur stefnenda til brunabóta væri viðurkenndur, en Húsatryggingar Reykjavíkur hafi nú talið rétt að bæta tjónið með þeirri fjárhæð, sem stóð á sparisjóðsreikningnum í Iðnaðarbanka Íslands h/f, án þess að í því fælist nein viðurkenning á bótaskyldu stofnunarinnar og beri að skoða þá greiðslu innta af hendi „ex gratia." Greiðsla þessi hafi verið í algeru samræmi við fjárhæð yfirmatsins og telji stefndi tjón stefnenda þar með að fullu bætt. Verði ekki á þetta fallist, er því hins vegar haldið fram, að óskylt hafi verið að bæta brunatjónið nokkuð eða meira en gert var, þar sem eld-

varnarveggur hafi ekki verið á suðurhlið hússins auk þess sem stigagangur hafi verið með þeim hætti, að mjög hafi auðveldað útbreiðslu eldsins. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnda, að undirmati á brunatjóninu hafi verið hnekkt með yfirmati því, sem fram fór, en auk þess, sem ljóst sé, að fjárhæð undirmatsins fái á engan hátt staðist, sé ljóst, að hinir dómkvöddu matsmenn, sem framkvæmdu undirmatið, hafi ekki búið yfir þeirri sérþekkingu, sem nauðsynleg hafi verið, til að þeir gætu rækt starfið. Þá er því mótmælt, að dómar þeir, sem áður hafa gengið um brunatjónið á húsi stefnenda, séu bindandi um gildi yfirmatsgerðarinnar, sem stefndi styðji mál sitt við. Ef ekki verður fallist á framangreind rök, er til vara krafist lækkunar á kröfum stefnenda. Er aðferð stefnenda við útreikning tjónbóta mótmælt sem rangri og löglausri, m. a. virðist vextir til 5. nóvember 1968 reiknaðir í stofnfjárhæðinni. Vexti skuli hins vegar reikna frá gjalddaga bóta, en hann hafi verið 14 dögum eftir að stefndi hafi átt kost á að afla þeirra upplýsinga, sem hann þurfti til að meta bótaskyldu sína og bótafjárhæð lá fyrir. Stefndi hafi ekki getað tekið afstöðu til bótaskyldu sinnar, fyrr en ljóst hafi verið, hvort áfrýja hafi átt til Hæstaréttar fyrrgreindum dómi sakadóms Reykjavíkur. Gjalddagi tjónbóta hafi því í fyrsta lagi getað verið 10. maí 1968, en ákvörðun muni ekki hafa verið tekin, fyrr en stefndi ritaði Iðnaðarbanka Íslands h/f bréf sitt 4. nóvember 1968. Megi því líta svo á, að gjalddagi hafi verið 5. nóvember 1968. Þá er því mótmælt, að viðbótarfjárhæðum verði bætt við undirmatið. Matið sé það sundurliðað, að enginn grundvöllur sé til að líta svo á, að þar sé ekki talið allt tjón stefnenda. Miðað við þetta gæti krafa stefnenda orðið kr. 18.998.000.00 ÷ 14.070.777.00, eða kr. 4.927.223.00. Af þessari fjárhæð ætti svo að reikna vexti í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 20/1954.

Álit dómsins.

Eins og atvikum málsins er háttað, þykir stefnendum hafa verið heimilt að höfða mál þetta saman og krefjast einnar fjárhæðar sem eftirstöðvar heildartjónbóta fyrir brunatjónið.

Með bréfi því, sem stefndi ritaði Iðnaðarbanka Íslands h/f 4. nóvember 1968, þar sem gerð var grein fyrir lokagreiðslu tjónbóta, kom ekki fram, að stefndi teldi sér óskylt að lögum að bæta brunatjónið og að greiðsla væri innt af hendi af góðvild umfram lagaskyldu, „ex gratia." Hafði þá farið fram rannsókn á atvikum að brunanum og sýknudómur gengið um refsiábyrgð þeirra, sem stóðu að byggingu hússins og ákærðir voru af því

tilefni. Verður að líta svo á, að stefndi hafi þá fallist á að greiða réttmætar tjónbætur. Þykir stefndi því nú ekki geta borið fyrir sig, að hann hafi innt umrædda greiðslu af hendi „ex gratia" og að tjón stefnenda hafi þar með verið að fullu bætt.

Hér að framan hefur verið getið dóma, sem áður hafa gengið um ágreining aðiljanna um greiðslu tjónbóta. Er fram komið, að dómur í fyrra málinu hafi byggst á því, að hvorki yrði byggt á yfirmatinu né mati þeirra Braga Þorsteinssonar, Braga Sigurbergssonar og Jóns Ólafssonar, en hvorugur aðilinn hefði byggt á mati þeirra Gunnars Magnússonar og Þorsteins Hjálmarssonar. Síðari dómurinn hafi hins vegar byggst á því, að ekki hefði verið bætt úr þeim ágöllum á síðara matinu, sem stefnendur byggðu á, og því væri dómstóllinn bundinn af niðurstöðinni í fyrra málinu sem res judicata. Það er álit dómstóls þess, er fer með mál þetta, að hann sé bundinn af dómum þeirra hliðsettu dómstóla, sem fóru með fyrri mál milli þessara sömu aðilja um yfirmatið og mat þeirra Braga Þorsteinssonar, Braga Sigurbergssonar og Jóns Ólafssonar, enda er ekki annað fram komið en að matsgerðir þessar standi óbreyttar frá því, sem áður var. Verða þær því ekki lagðar til grundvallar við úrlausn málsins og því ekki tekin frekari afstaða til þeirra.

Við þessar aðstæður verður að telja, að stefnendum sé heimilt að leita til matsgerðar þeirra Gunnars Magnússonar og Þorsteins Hjálmarssonar um grundvöll fyrir kröfugerð á hendur stefnda til heimtu bóta fyrir brunatjónið, þótt ekki hafi verið byggt á henni áður, enda verður ekki talið, eins og málum er nú komið, að því mati hafi verið hnekkt með matsgerðum þeim, sem á eftir komu.

Það var að ósk stefnda, að dómkvaddir voru matsmenn til að meta brunatjónið í stað hinna reglulegu virðingarmanna sökum sérstakra aðstæðna. Voru þá dómkvaddir Gunnar Magnússon húsgagnaarkitekt og Þorsteinn Hjálmarsson húsgagnasmiður. Ekki hefur komið fram, að af hálfu stefnda hafi við framkvæmd matsins verið hreyft athugasemdum við hæfi matsmannanna til að vinna verkið. Brunatjónið var svo umfangsmikið, að matið tekur til atriða, sem ekki falla beint undir sérsvið matsmannanna, en telja verður, að stærsti liðurinn í matsgerðinni falli undir sérsvið þeirra og auk þess nokkrir aðrir liðir að meira og minna leyti, en alkunna er, að um árabil hafa húsgagnaarkitektar og húsgagnasmiðir unnið við alls konar innréttingar á sambærilegu húsnæði og hér er fjallað um. Matsmennirnir hafa komið

fyrir dóm og staðfest matsgerðina. Verður ekki talið, að matsmennirnir hafi verið vanhæfir til að framkvæma matið. Hefur og ekki verið sýnt fram á, að þeir hafi ekki gætt réttra sjónarmiða við matið í heild eða einstaka þætti þess, þannig að það verði ekki lagt til grundvallar í málinu. Þykir því hvorki einstökum þáttum matsins né matinu í heild hafa verið hnekkt. Verður það því lagt til grundvallar kröfugerð stefnenda í málinu óbreytt.

Með hliðsjón af afstöðu stefnda til kröfugerðar stefnenda í heild og með hliðsjón af mótmælum við munnlegan flutning málsins verður að telja ósannað, að matsgerð matsmannanna taki ekki til alls brunatjóns stefnenda. Verður krafa um bætur fyrir eldhúsinnréttingu o. fl. að fjárhæð kr. 174.200.00, er stefnendur telja, að fallið hafi niður við matið, ekki tekin til greina.

Til þess að unnt væri að hefja endurbyggingu hússins eftir brunann, var óhjákvæmilegt að hreinsa til í brunarústunum. Þykir sá þáttur matsins, eðli málsins samkvæmt, hluti af brunatjóninu. Þykir mega skýra ákvæði 18. gr. hinna almennu vátryggingarskilmála Húsatrygginga Reykjavíkur um, að kostnaður við að ryðja brunarústir skuli ekki bættur á þann veg, að það taki ekki til þeirrar hreinsunar brunarústa, sem nauðsynlegar eru til endurbyggingar húss, sem orðið hefur fyrir brunatjóni, svo sem telja verður, að sé um að ræða hér. Verða mótmæli gegn þessum þætti málsins því ekki tekin til greina.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnendur ættu að greiða allan matskostnað. Í vátryggingarskilmálunum er gerður greinarmunur á nývirðingum, endurmötum og yfirmötum á þeim annars vegar og mötum á brunatjóni hins vegar. Í 21. gr. vátryggingarskilmálanna er kveðið á um, að tjónbætur skuli metnar af sömu mönnum og meta hús til brunabóta og að tryggingarnar greiði matskostnað. Ekki þykir ákvæði 6. gr. laga nr. 25/1954 um brunatryggingar í Reykjavík svo ótvírætt að því er tekur til matskostnaðar, að það verði talið víkja til hliðar greindu ákvæði 21. gr. tryggingarskilmálanna. Verður kostnaður við mat þeirra Gunnars Magnússonar og Þorsteins Hjálmarssonar því ekki felldur á stefnendur.

Þegar litið er til sögu málsins, þar á meðal matsgerða, sem aðiljar létu framkvæma, rannsóknar þeirrar, sem fram fór, og refsimáls þess, sem höfðað var, þá verður að telja, sbr. 24. gr. laga nr. 20/1954, að stefnendum hafi verið rétt að beina til stefnda kröfu um greiðslu tjónbóta 14 dögum eftir að dómur

gekk í sakadómi Reykjavíkur í máli því, sem höfðað var í framhaldi af hinni opinberu rannsókn. Dómur í málinu gekk 10. apríl 1968. Þrátt fyrir ákvæði hinna almennu vátryggingarskilmála var stefnendum því rétt að beina til stefnda kröfu um greiðslu tjónbóta eða hluta þeirra 25. apríl 1968. Ekki verður séð, að formleg krafa hafi komið fram frá stefnendum um greiðslu tjónbóta fyrr en með bréfi, dags. 5. mars 1969, en ekki gat stefndi verið í vafa um vilja stefnenda til að fá tjón sitt bætt. Verður því við það að miða, að frá 25. apríl 1968 hafi stefnda borið að greiða vexti samkvæmt ákvæði 24. gr. laga nr. 20/1954.

Ljóst er, að í kröfugerð stefnenda felst krafa um vexti allt frá því bruninn varð, þótt formleg vaxtakrafa í stefnu miðist við 5. nóvember 1968. Eftir öllum atvikum málsins þykir því mega dæma stefnda til að greiða vexti frá 25. apríl 1968.

Fram er komið, að hinn 4. nóvember 1968 greiddi stefndi Iðnaðarbanka Íslands h/f kr. 12.950.000.00, sem var innstæða á sparisjóðsreikningi nr. 32752 í bankanum auk vaxta með innstæðunni, kr. 1.120.777.00. Samkvæmt því og með vísan til þess, sem að framan er rakið, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum óskipt kr. 18.996.000.00 ÷ (12.950.000.00 + 1.120.777.00) eða kr. 4.925.223.00 með vöxtum, sem með hliðsjón af framangreindu lagaákvæði reiknast 8.5% ársvextir af kr. 18.996.000.00 frá 25. apríl 1968 til 5. nóvember s. á., af kr. 4.925.223.00 frá þeim degi til 16. maí 1973, með 11.5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 15% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum óskipt málskostnað, sem ákveðst kr. 635.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson borgardómari og meðdómendurnir Gunnar Torfason verkfræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur vegna Húsatrygginga Reykjavíkur, greiði stefnendum, Iðnaðarbanka Íslands h/f, Félagi íslenskra iðnrekenda og Landssambandi íslenskra iðnaðarmanna, kr. 4.925.223.00 ásamt 8.5% ársvöxtum af kr. 18.996.000.00 frá 25. apríl 1968 til 5. nóvember s. á., af kr. 4.925.223.00 frá þeim degi til 16. maí 1973, með 11.5% ársvöxtum af þeirri

fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 15% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 635.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. mars 1980.

Nr. 62/1978. **Daníel Friðriksson**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. mars 1978. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 131.227 krónur með 18% ársvöxtum frá 16. september 1976 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum. Áfrýjandi fékk íslenskan ríkisborgararétt með lögum nr. 39/1977, og eftir það breyttist nafn hans úr Dieter Meyer í Daníel Friðriksson.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að áfrýjandi fékk greitt kaup með 30% yfirborgun á hinn almenna, umsamda kauptaxta járniðnaðarmanna á þeim tíma, er hann fékk námskeiðsskírteini frá Fræðslunefnd málmiðnaðarins 23. desember 1974. Var það 20% yfirborgun á kaup í samræmi við yfirlýsingu, sem fylgdi kjarasamningi 27. febrúar 1974 og aðiljar eru sammála um, að ekki hafi mátt skerða, og sérstök 10% yfirborg-

un, sem stefndi hafði síðar fallist á að greiða starfsmönnum sínum.

Eftir að áfrýjandi fékk námskeiðsskírteini sitt, hækkaði kaup hans ekki. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi þá gert áfrýjanda grein fyrir því, að framvegis mundi hann greiða honum 10% námskeiðsálag, en fella jafnframt niður hina sérstöku yfirborgun. Þegar af þessari ástæðu ber að taka kröfur áfrýjanda til greina, en þær hafa ekki sætt andmælum tölulega. Vextir verða þó aðeins dæmdir 13% á ári frá 16. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% á ári frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 18% á ári frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Meðferð máls þessa var með þeim hætti í héraði, að aðfinnsluvert er í þessum atriðum:

Af hálfu aðilja hafa verið lögð fram skjöl, sem hafa að geyma skriflegan málflutning.

Lagt hefur verið fram endurrit bókana um annað mál á dómþingi bæjarþings Hafnarfjarðar 17. maí 1977. Kom þá Guðjón Jónsson, formaður Félags járniðnaðarmanna, fyrir dóm til skýrslugjafar, en það, sem fram kom, var að verulegu leyti munnlegur málflutningur. Á dómþingi 6. október 1977 voru Guðjón Jónsson og Guðjón Tómasson, framkvæmdastjóri Sambands málm- og skipasmiðja. Kom hinn síðarnefndi fyrst fyrir dóm til skýrslugjafar, en það, sem hann sagði, var að verulegu leyti munnlegur málflutningur, og að auki kom til orðaskipta fyrir dómi milli hans og Guðjóns Jónssonar með þeim hætti, að ekki á við á dómþingi.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðja Hafnarfjarðar h/f, greiði áfrýjanda, Daníel Friðrikssyni, 131.227 krónur með 13% ársvöxtum frá 16. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og

18% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 16. febrúar 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. þ. m., hefur Dieter Meyer, Langeyrarvegi 15, Hafnarfirði, (lögm. Egill Sigurgeirsson hrl.) höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 15. nóvember 1976, til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 131.227 ásamt 18% ársvöxtum frá 16. september 1976 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu á hendur Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f, Hafnarfirði (lögm. Guðjón Steingrímsson hrl.).

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins, en til vara lækkunar á vaxtafæti.

II.

Stefnandi, Dieter Meyer, er sveinn í járnsmíði og starfsmaður stefnda, Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f. Stefnukrafan í máli þessu er kaupkrafa, og er deila málsaðilja sprottin af því, að ágreiningur er um skyldu stefnda til að greiða stefnanda fjárhæð, er nemur 10% á grunnkaup stefnanda fyrir tímabilið 1. janúar 1975 til 16. september 1976, en útreikningur kaupeftirstöðva er miðaður við þann dag. Af hálfu stefnanda eru þessar kaupeftirstöðvar taldar svonefnt 10% námskeiðsálag, en stefndi telur sig hafa greitt námskeiðsálag að fullu.

Í stefnu er grundvelli málssóknarinnar svo lýst:

„Í kjarasamningum járniðnaðarmanna, sem stefndi er aðili að, segir svo í 10. gr.: „Þeim sveinum, sem sótt hafa 60 kennslustunda námskeið (kennslustund 45 mín.) til að auka verkþekkingu og vinnuhæfni sína, skal greiða 10% álag á hverja vinnustund, samkvæmt samningi þessum.“ Ekki er ágreiningsefni í málinu, að námskeiðsálag er 10% á grunnkaup með vísitölu. Stefndi hefir verið ófáanlegur til að greiða skuld þessa.“

Í skriflegri aðiljayfirlýsingu framkvæmdastjóra stefnda segir m. a.:

„Ekki er dreginn í efa réttur starfsmanna, sem lokið hafa framhaldsnámskeiði fyrir sveina, til 10% viðbótarlauna við umsamið lágmarkskaup. Hins vegar þarf slíkt námskeið ekki að sama skapi að gilda við mat atvinnurekanda á viðkomandi starfsmanni til hærri launa heldur en samningar kveða á um."

Samkvæmt þessu telur stefndi, að sér hafi verið heimilt að lækka yfirborgun til stefnanda, er hann ávann sér rétt til námskeiðsálags, þannig að heildarlaun yrðu hin sömu. Þessu hefur stefnandi mótmælt og vitnað til svofellds ákvæðis í kjarasamningi málmiðnaðarmanna, er gilti frá 27. febrúar 1974 til 13. júní 1975:

„Vinnuveitendur í Málm- og skipasmíði lýsa því yfir, að yfirgreiðslur til meðlima sveinafélaganna í málm- og skipasmíði, sem aðilar eru að kjarasamningum, dagsettum í dag, eins og þær voru 19. febrúar 1974, skuli haldið óbreyttum og greiðast á útborgað kaup á samningstímabilinu, því sem nú er að hefjast."

Þetta samningsákvæði var endurnýjað *orðrétt* (viðmiðunardagur áfram 19. febrúar 1974) með samningi, er gilti frá 13. júní 1975 til 1. mars 1976, og aftur með samningi, er gilti frá 1. mars 1976 til 25. júní 1977.

III.

Helstu þættir í launataxta málmiðnaðarmanna á því tímabili, sem hér um ræðir, voru:

1. GRUNNKAUP
2. ÁLÖG (er reiknast sem prósentutala á grunnkaup)
   Meðal þeirra eru:
   a) Óþrifaálag 10%
   b) Námskeiðsálag 10%
3. YFIRBORGANIR
4. VÍSITALA

Það kemur fram bæði í kjarasamningi og taxtatöflum, útgefnum af atvinnurekendafélagi stefnda, Félagi málm- og skipasmiðja, svo og í aðiljaskýrslum, að *álag* hefur aðra merkingu en *yfirborgun*. Álög eru bundin í kjarasamningi. Í kjarasamningunum er tæmandi skilgreint, hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi, til þess að álag beri að greiða, og enn fremur, hversu mörg % viðkomandi tiltekið álag sé á grunnkaup. Yfirborgun er hins vegar notuð um annan kaupauka, er byggist upphaflega á vinnusamningi starfsmanns og atvinnurekanda.

IV.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf Sambands málm- og skipasmiðja til stefnda, dagsett 11. október 1976, þar sem m. a. segir:

„Samband málm- og skipasmiðja og Vinnuveitendasamband Íslands hafa haft til umfjöllunar kröfu Félags járniðnaðarmanna samkvæmt bréfi hr. hrl. Egils Sigurgeirssonar, dagsettu 28. september 1976.

Samtökin vilja í þessu sambandi taka eftirfarandi fram:

1. Að í kjarasamningnum eru tvö atriði, sem eru ákvarðandi um laun þeirra manna, sem sótt hafa framhaldsnámskeið málmiðnaðarmanna. Annarsvegar er, að þeir, sem lokið hafa umræddu framhaldsnámskeiði . . . skulu fá 10% álag á hverja vinnustund samkvæmt gjaldandi kjarasamningi. (Álag þetta er krónutöluálag, sem reiknast af grunnkaupi að viðbættri vísitölu). Hins vegar er um að ræða yfirlýsingu um yfirborganir, þar sem segir, að yfirgreiðslur til félagsmanna sveinafélags Málm- og skipasmiðasambands Íslands, sem eru aðilar að gildandi kjarasamningi, eins og þær voru 19. febrúar 1974, skuli haldið óbreyttum og greiðast á útborgað kaup.

   Þetta þýðir, að lágmarkslaun sveins, sem lokið hefur námskeiði . . . eru lágmarkslaun samkvæmt gildandi kjarasamningi að viðbættu námskeiðsálagi fyrir þá sveina, sem hefja störf eða ljúka sveinsprófi eftir 19. febrúar 1974.

   Fyrir þá sveina, sem voru í starfi 19. febrúar 1974 og eru enn í starfi (óslitið ráðningartímabil) og lokið hafa framhaldsnámskeiði, verða lágmarkslaun þeirra sem hér segir:

   Lágmarkslaun samkvæmt gjaldandi kjarasamningi að viðbættri þeirri yfirborgun, sem þeir höfðu 19. febrúar 1974 og námskeiðsálagi.

   Dæmi:

   Hafi sveinn t. d. haft 15% yfirborgun 19. febrúar 1974, og hefur lokið framhaldsnámskeiði, þá skal lágmarkskaup hans ekki vera lægra en sveinakaup með 15% námskeiðsálagi.

2. Hafi sveinn hins vegar ráðið sig til starfa, eftir að hann lauk námskeiði . . . þá má lágmarkskaup hans ekki vera lægra en lágmarkskaup samkvæmt gildandi kjarasamningi að viðbættu námskeiðsálagi . . .“

V.

Óumdeilt er í málinu, eftir því sem lögmenn lögðu það fyrir við dómtöku eftir ítarlegar spurningar dómarans um það, hvað væri ágreiningslaust:

1. Að stefnandi hóf störf hjá stefnda 31. júlí 1972 og hefur starfað þar síðan.
2. Að stefnandi hafði 20% yfirborgun 19. febrúar 1974.
3. Að stefnandi öðlaðist rétt til námskeiðsálags um áramótin 1974—1975 (námskeiðsskírteini útgefið 25. 12. 1974).
4. Að heildarkaupauki stefnanda hækkaði ekki, er hann öðlaðist rétt til námskeiðsálags 1. janúar 1975.
5. Að heildarkaupauki stefnanda á því tímabili, sem stefnukrafan tekur til, var eigi minni en 30%.
6. Að yfirborgun, eins og hún var 19. febrúar 1974, og námskeiðsálag 10%, frá því námskeiðsskírteini er gefið út, er hvort tveggja bundið í kjarasamningi og því lágmarkskjör skv. 7. gr. laga nr. 80/1938 og 1. gr. laga nr. 9/1974, en yfirborgun umfram það, er atriði, sem launþegi og vinnuveitandi semja um sín á milli í vinnusamningi.

Samkvæmt þessu liggur það því fyrir, að kaupauki stefnanda á því tímabili, sem stefnukrafan tekur til, var eigi minni en lágmarkskjör, þ. e. 20% + 10% = 30%, svo og að yfirborgun stefnanda lækkaði um 10%, þegar stefnandi ávann sér rétt til námskeiðsálags, enda var heildarkaupauki hans óbreyttur þrátt fyrir námskeiðið.

Stefndi hefur á því byggt í málinu, að sér hafi verið heimilt að skerða einhliða og án uppsagnar yfirborgun þá, sem hér um ræðir.

Til vara hefur stefndi talið, að sér hafi verið heimilt að segja upp með lökmæltum og kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti, vinnusamningi aðilja, þ. e. þeim þætti, er að yfirborgun laut.

Á fyrrnefndu málsástæðuna verður eigi fallist. Það er álit dómsins, að stefnda hafi verið með öllu óheimilt að lækka umsamda yfirborgun einhliða og gegn eindregnum mótmælum stefnanda og það á miðju gildistímabili kjarasamnings. Á hitt má fallast með stefnda, að honum hafi verið heimilt að segja yfirborguninni upp með lögmæltum uppsagnarfresti, sem óumdeilt er, að var einn mánuður miðað við mánaðamót.

Samkvæmt framburði aðilja sýndi stefnandi framkvæmdastjóra stefnda námskeiðsskírteini sitt, þegar er hann fékk það í hendur í janúarmánuði 1975, og krafðist greiðslu námskeiðs-

álags til viðbótar fyrra kaupi. Framkvæmdastjórinn synjaði þessu þegar í stað og gerði stefnanda ljóst, að hann teldi „sig ekki þurfa að borga þetta“, eins og segir í aðiljaskýrslu stefnanda. Telja verður, að eins og atvikum var háttað, þá hafi falist fullnægjandi uppsögn í ofangreindum ummælum framkvæmdastjórans, en samkvæmt kjarasamningi málsaðilja frá 27. febrúar 1974, er þá var í gildi, gr. 4.2., var uppsagnarfrestur stefnanda 1 mánuður miðað við mánaðamót. Úrslit málsins verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda fyrir janúar- og febrúarmánuði 1975 þá skerðingu, er stefnandi varð fyrir á þáverandi yfirborgun sinni um áramótin 1975, er honum bættist réttur til námskeiðsálags.

Umboðsmenn aðilja lýstu því yfir við dómtöku, að ekki væri tölulegur ágreiningur um, að 10% kaupauki stefnanda fyrir janúar og febrúar 1975 mundi nema sem næst kr. 5.000 á mánuði, eða samtals kr. 10.000 fyrir þessa tvo mánuði, og verður það sú fjárhæð, sem stefnda ber samkvæmt framansögðum úrslitum málsins að greiða.

Málskostnaður ákveðst kr. 50.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðja Hafnarfjarðar h/f, greiði stefnanda, Dieter Meyer, kr. 10.000 með 13% ársvöxtum frá 16. september 1976 til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 50.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. mars 1980.

Nr. 64/1978. **Lúðvík J. Hauksson**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. mars 1978. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 58.229 krónur með 18% ársvöxtum frá 9. september 1976 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að áfrýjandi fékk greitt kaup með 30% yfirborgun á hinn almenna, umsamda kauptaxta járniðnaðarmanna á þeim tíma, er hann fékk námskeiðsskírteini frá Fræðslunefnd málmiðnaðarins 6. janúar 1976. Ekki hækkaði kaup hans, eftir að hann fékk skírteinið. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi þá gert áfrýjanda grein fyrir því, að framvegis mundi hann greiða honum 10% námskeiðsálag, en fella jafnframt niður hluta yfirborgunar sem því nam. Þegar af þessari ástæðu ber að taka kröfur áfrýjanda til greina, en þær hafa ekki sætt andmælum tölulega. Vextir verða þó aðeins dæmdir 13% á ári frá 16. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% á ári frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 18% á ári frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 260.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Meðferð máls þessa var með þeim hætti í héraði, að aðfinnsluvert er í þessum atriðum:

Af hálfu aðilja hafa verið lögð fram skjöl, sem hafa að geyma skriflegan málflutning.

Lagt hefur verið fram endurrit bókana um annað mál á dómþingi bæjarþings Hafnarfjarðar 17. maí 1977. Kom þá Guðjón Jónsson, formaður Félags járniðnaðarmanna, fyrir dóm til skýrslugjafar, en það, sem fram kom, var að verulegu leyti munnlegur málflutningur. Á dómþingi 6. október 1977 voru Guðjón Jónsson og Guðjón Tómasson, framkvæmdastjóri Sambands málm- og skipasmiðja. Kom hinn síðarnefndi fyrst fyrir dóm til skýrslugjafar, en það, sem hann sagði, var að verulegu leyti munnlegur málflutningur, og að auki kom til orðaskipta fyrir dómi milli hans og Guðjóns Jónssonar með þeim hætti, að ekki á við á dómþingi.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðja Hafnarfjarðar h/f, greiði áfrýjanda, Lúðvík J. Haukssyni, 58.229 krónur með 13% ársvöxtum frá 16. september 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 18% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og samtals 260.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 21. febrúar 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. þ. m., hefur Lúðvík J. Hauksson, Hverfisgötu 36, Hafnarfirði, (lögm. Egill Sigurgeirsson hrl.) höfðað fyrir dóminum á hendur Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f (lögm. Guðjón Steingrímsson hrl.) með stefnu, birtri 15. nóvember 1976, til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 58.229 ásamt 18% ársvöxtum frá 9. september 1976 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

II.

Stefnandi, Lúðvík J. Hauksson, er sveinn í járnsmíði og starfsmaður stefnda, Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f. Stefnukrafan í máli þessu er kaupkrafa, og er deila málsaðilja sprottin af því, að ágreiningur er um skyldu stefnda til að greiða stefnanda fjárhæð, er nemur 10% á grunnkaup stefnanda fyrir tímabilið 6. janúar 1976 til 16. september 1976, en útreikningur kaupeftirstöðva er miðaður við þann dag. Af hálfu stefnanda eru þessar kaupeftirstöðvar taldar svonefnt 10% námskeiðsálag, en stefndi telur sig hafa greitt námskeiðsálag að fullu.

Í stefnu er grundvelli málssóknarinnar svo lýst:

„Í kjarasamningum járniðnaðarmanna, sem stefndi er aðili að, segir svo í 10. gr.: „Þeim sveinum, sem sótt hafa 60 kennslustunda námskeið (kennslustund 45 mín.) til að auka verkþekkingu og vinnuhæfni sína, skal greiða 10% álag á hverja vinnustund, samkvæmt samningi þessum.“ Ekki er ágreiningsefni í málinu, að námskeiðsálag er 10% á grunnkaup með vísitölu. Stefndi hefir verið ófáanlegur til að greiða skuld þessa.“

Í skriflegri aðiljayfirlýsingu framkvæmdastjóra stefnda segir m. a.:

„Ekki er dreginn í efa réttur starfsmanna, sem lokið hafa framhaldsnámskeiði fyrir sveina, til 10% viðbótarlauna við umsamið lágmarkskaup. Hins vegar þarf slíkt námskeið ekki að sama skapi að gilda við mat atvinnurekanda á viðkomandi starfsmanni til hærri launa heldur en samningar kveða á um.“

Samkvæmt þessu telur stefndi, að sér hafi verið heimilt að lækka yfirborgun til stefnanda, er hann ávann sér rétt til námskeiðsálags, þannig að heildarlaun yrðu hin sömu. Þessu hefur stefnandi mótmælt og vitnað m. a. til svofellds ákvæðis í kjarasamningi málmiðnaðarmanna, er gilti frá 23. febrúar 1974 til 13. júní 1975:

„Vinnuveitendur í málm- og skipasmíði lýsa því yfir, að yfirgreiðslur til meðlima sveinafélaganna í málm- og skipasmíði, sem aðilar eru að kjarasamningum, dagsettum í dag, eins og þær voru 19. febrúar 1974, skuli haldið óbreyttum og greiðast á útborgað kaup á samningstímabilinu, því sem nú er að hefjast.“

Þetta samningsákvæði var endurnýjað *orðrétt* (viðmiðunar-

dagur áfram 19. febrúar 1974) með samningi, er tók gildi 13. júní 1975, og aftur með samningi, er tók gildi 1. mars 1976.

III.

Helstu þættir í launataxta málmiðnaðarmanna á því tímabili, sem hér um ræðir, voru:

1. GRUNNKAUP
2. ÁLÖG (er reiknast sem prósentutala á grunnkaup)
   Meðal þeirra eru:
   a) Óþrifaálag 10%
   b) Námskeiðsálag 10%
3. YFIRBORGANIR
4. VÍSITALA

Það kemur fram bæði í kjarasamningi og taxtatöflum, útgefnum af atvinnurekendafélagi stefnda, Félagi málm- og skipasmiðja, svo og í aðiljaskýrslum, að álag hefur aðra merkingu en *yfirborgun*. Álög eru bundin í kjarasamningi. Í kjarasamningunum er tæmandi skilgreint, hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi, til þess að álag beri að greiða, og enn fremur, hversu mörg % viðkomandi tiltekið álag sé á grunnkaup. Yfirborgun er hins vegar notuð um annan kaupauka, er byggist upphaflega á vinnusamningi starfsmanns og atvinnurekanda.

IV.

Við aðiljayfirheyrslu var eftir stefnanda bókað:

„Hann kveðst hafa lokið sveinsprófi árið 1974. Hann segist hafa hafið störf hjá Vélsmiðju Hafnarfjarðar í nóvember 1973. Hann man ekki nákvæmlega, hver ráðningarkjörin voru, en minnir þó, að hann hafi fengið sveinskaup strax frá byrjun og síðar hafi verið samið um hækkanir, meðal annars eftir að stefnandi fékk sveinsbréfið.

Stefnandi telur, að það hafi engin breyting orðið á launum sínum, eftir að hann lauk námskeiðinu."

Námskeiðsskírteini stefnanda er út gefið 6. janúar 1976.

Við aðiljayfirheyrslu sagði framkvæmdastjóri stefnda, Stefán Jónsson, m. a.:

„Varðandi Lúðvík Hauksson skal þetta tekið fram. Rétt mun vera farið með um nám, námskjör og annað, sem fram kemur í greinargerð stefnanda. Lauk stefnandi námi sínu í Vélsmiðju Hafnarfjarðar síðasta námsárið. Fékk þriggja ára sveinskaup,

sem mun hafa verið ólíkt hagstæðara heldur en hjá fyrri meistara. Fékk síðan viðbótarlaunahækkanir allt upp í 30% til viðbótar þriggja ára sveinskaupi.

Var honum þegar gert fullljóst, að hærra kaup yrði ekki fallist á að greiða, enda langt yfir ákvæðum kjarasamninga, sem tiltaka 10% viðbótarkaup vegna námskeiðs, við annars árskaup sveina í þessu tilviki, þar sem nemandinn lauk sveinsprófi í desember 1974, og því er rétt lokið við fyrsta árið sem sveinn, er námskeiði lauk. Launagreiðslum veitt móttaka jafnan án nokkurra athugasemda. En launagreiðslur umfram ákvæði kjarasamnings er algjörlega mál vinnuveitanda og starfsmanna og ófrávíkjanleg nauðsyn, að báðir aðilar viti ávallt gjörla um raunhæft kaup hverju sinni. Hér er ekki deilt um greiðslu vegna námskeiðs, heldur um umframgreiðslu umfram það hámark, sem vinnuveitandi tjáði starfsmanni, að hann væri reiðubúinn að greiða og framkvæmd hefur verið án mótmæla. Umframkaupgreiðsla hlýtur jafnan að byggjast annars vegar á lágmarkslaunarétti starfsmanns og hinsvegar á mati vinnuveitanda og þörf fyrir starfsmann og hæfni hans. Hafi starfsmanni þótt umframgreiðsla sín of lítil, eftir að lágmarkslaunaréttur hækkaði með tilkomu námskeiðs, var það að sjálfsögðu á hans valdi, hvort hann vildi starfa á þeim kjörum eða ekki. Ítrekað skal, að starfsmanni hefur ávalt verið fullljóst, að vinnuveitandi vildi ekki greiða hærri laun en 30% til viðbótar þriggja ára sveinakaupi þrátt fyrir tilkomu námskeiðs, sem þýðir 20% greiðslu umfram tilskilið lágmarkskaup. Kröfu um 30% umframgreiðslu til viðbótar þriggja ára sveinskaupi plús 10% námskeiðsálags er algjörlega vísað á bug, aldrei komið til tals á milli aðila, en starfsmaður tekið við vikulegum greiðslum skv. framansögðu mótmælalaust. Mat vinnuveitanda á starfsmanni fyrir sig og getu til launagreiðslu er í engu beinu sambandi við rétt manns til launahækkana vegna námskeiðs. Hins vegar tryggir slíkt starfsmanni, að lágmarkslaun hans hækka, sem vinnuveitanda hans er skylt að greiða, vilji hann halda starfsmanni í þjónustu sinni."

Af hálfu stefnda hefur verið lagt fram í málinu svofelldur útreikningur á yfirborgun til stefnanda:

„Lúðvík J. Hauksson. Lauk sveinsprófi 7. 12. 1974. Lauk námskeiði 6. 1. 1976.

Lágmarkslaun Lúðvíks eftir 6. jan. 1976 hefðu átt að vera sem hér segir:

Dagvinna kr. 391.00

Eftirvinna	kr. 547.40
Næturvinna	kr. 703.80

Lúðvík var hins vegar greitt sem hér segir:

Dagvinna	kr. 446.90
Eftirvinna	kr. 625.70
Næturvinna	kr. 804.40

Yfirborgun kr. 55.90 pr. klst. í dagvinnu. Þess skal getið, að yfirborgun pr. 10% var þá kr. 27.40, þannig að yfirborgun var þá 20.5%.

Þess skal getið, að yfirlýsing kjarasamninga um yfirborganir ná ekki til Lúðvíks, þar sem hann hóf ekki störf sem sveinn fyrr en eftir 19. feb. 1974.

Kaup Lúðvíks J. Haukssonar.

Lágmarkskaup í september 1976 hefði átt að vera sem hér segir:

Dagvinna	kr. 451.00
Eftirvinna	kr. 631.40
Næturvinna	kr. 811.80

Lúðvík var hins vegar greitt sem hér segir:

Dagvinna	kr. 544.20
Eftirvinna	kr. 761.90
Næturvinna	kr. 979.60

Yfirborgun kr. 93.20 pr. klst. í dagvinnu. Þess skal getið, að yfirborgun pr. 10% var þá kr. 31.70, þannig að yfirborgun var þá 20.4%."

V.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf Sambands málm- og skipasmiðja til stefnda, dagsett 11. október 1976, þar sem m. a. segir:

„Samband málm- og skipasmiðja og Vinnuveitendasamband Íslands hafa haft til umfjöllunar kröfu Félags járniðnaðarmanna, samkvæmt bréfi hr. hrl. Egils Sigurgeirssonar, dagsettu 28. september 1976.

Samtökin vilja í þessu sambandi taka eftirfarandi fram:

1. Að í kjarasamningum eru tvö atriði, sem eru ákvarðandi

um laun þeirra manna, sem sótt hafa framhaldsnámskeið málmiðnaðarmanna. Annarsvegar er, að þeir, sem lokið hafa umræddu framhaldsnámskeiði . . . skulu fá 10% álag á hverja vinnustund samkvæmt gjaldandi kjarasamningi. (Álag þetta er krónutöluálag, sem reiknast af grunnkaupi að viðbættri vísitölu). Hins vegar er um að ræða yfirlýsingu um yfirborganir, þar sem segir, að yfirgreiðslur til félagsmanna sveinafélags Málm- og skipasmiðasambands Íslands, sem eru aðilar að gildandi kjarasamningi, eins og þær voru 19. febrúar 1974, skuli haldið óbreyttum og greiðast á útborgað kaup. Þetta þýðir, að lágmarkslaun til sveins, sem lokið hefur námskeiði . . ., eru lágmarkslaun samkvæmt gildandi kjarasamningi að viðbættu námskeiðsálagi fyrir þá sveina, sem hefja störf eða ljúka sveinsprófi eftir 19. febrúar 1974.

Fyrir þá sveina, sem voru í starfi 19. febrúar 1974 og eru enn í starfi (óslitið ráðningartímabil) og lokið hafa framhaldsnámskeiði, verða lágmarkslaun þeirra sem hér segir:

Lágmarkslaun samkvæmt gjaldandi kjarasamningi, að viðbættri þeirri yfirborgun, sem þeir höfðu 19. febrúar 1974 og námskeiðsálagi.

Dæmi:

Hafi sveinn t. d. haft 15% yfirborgun 19. febrúar 1974 og hefur lokið framhaldsnámskeiði, þá skal lágmarkskaup hans ekki vera lægra en sveinskaup með 15% og námskeiðsálagi.

2. Hafi sveinn hinsvegar ráðið sig til starfa, eftir að hann lauk námskeiði . . ., þá má lágmarkskaup hans ekki vera lægra en lágmarkskaup samkvæmt gildandi kjarasamningi að viðbættu námskeiðsálagi . . .“

Vitnið Guðjón Jónsson, formaður Félags járniðnaðarmanna, sagði m. a.:

„Einnig vildi ég ítreka það, að á dskj. 12, sem er bréf undirritað af Barða Friðrikssyni og Guðjóni Tómassyni, þar sem þeir koma með dæmi um, hvernig námskeiðsálag skuli reiknað út, þar nota þeir töluna 15% sem yfirborgun, það skiftir ekki máli, hvaða tölu er um að ræða, en þar er greinilega gert ráð fyrir því, að yfirborgun og námskeiðsálag er sundurgreint, en ekki í sama pakkanum.“

VI.

Álit réttarins.

Stefnandi lauk sveinsprófi 7. desember 1974. Hann var því nemi hinn 19. febrúar 1974. Af hálfu stefnanda hefur ekki verið sýnt fram á, að yfirlýsingin frá 19. febrúar hafi gilt gagnvart honum, t. d. með því að leggja fram og upplýsa um efni kjarasamnings iðnnema frá þessum tíma (kjarasamningur Alþýðusambands Íslands f. h. Iðnnemasambands Íslands, vísar hann til kjarasamnings járniðnaðarmanna og þá með hvaða hætti?). Stefnandi hefur heldur ekki upplýst, hver var yfirborgun hans 19. febrúar 1974, eða skorað nægilega á stefnda að upplýsa það. Af þessum sökum kemur yfirlýsingin frá 19. febrúar 1974 ekki frekar til álita í máli þessu, heldur verður við það að miða, að öll sú yfirborgun, er stefnandi hafði, áður en hann öðlaðist rétt til námskeiðsálags, hafi verið umfram lágmarkskjör.

Það er ágreiningslaust í málinu, að kaupauki stefnanda hækkaði ekki, er hann öðlaðist rétt til námskeiðsálags. Yfirborgun stefnanda lækkaði því um 10%, þegar stefnandi ávann sér rétt til námskeiðsálags, enda var heildarkaupauki hans óbreyttur þrátt fyrir námskeiðið.

Stefndi hefur á því byggt í málinu, að sér hafi verið heimilt að skerða einhliða og án uppsagnar yfirborgun þá, sem hér um ræðir.

Til vara hefur stefndi talið, að sér hafi verið heimilt að segja upp með lögmæltum og kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti, vinnusamningi aðilja, þ. e. þeim þætti, er að yfirborgun laut.

Á fyrrnefndu málsástæðuna verður eigi fallist. Það er álit dómsins, að stefnda hafi verið með öllu óheimilt að lækka umsamda yfirborgun einhliða og gegn eindregnum mótmælum stefnanda og það á miðju gildistímabili kjarasamnings. Á hitt má fallast með stefnda, að honum hafi verið heimilt að segja yfirborguninni upp með lögmæltum uppsagnarfresti, sem óumdeilt er, að var einn mánuður miðað við mánaðamót.

Framkvæmdastjóri stefnda sagði m. a. við aðiljayfirheyrslu: *„Var honum þegar gert fullljóst, að hærra kaup yrði ekki fallist á að greiða,* enda langt yfir ákvæðum kjarasamninga, sem tiltaka 10% viðbótarkaup *vegna námskeiðs,* við annars árskaup sveina í þessu tilviki, þar sem nemandinn lauk sveinsprófi í desember 1974, og því er rétt lokið við fyrsta árið sem sveinn, *er námskeiði lauk.“*

Þessa yfirlýsingu virðist mega skilja svo, að framkvæmda-

stjóri stefnda hafi þegar synjað stefnanda um hækkun kaupauka, er námskeiði lauk. Þetta virðist raunar óumdeilt í málinu. Telja verður, að eins og atvikum var háttað, þá hafi falist fullnægjandi uppsögn í ofangreindri afstöðu og ummælum framkvæmdastjórans, en samkvæmt kjarasamningi málsaðilja, er þá var í gildi, var uppsagnarfrestur stefnanda 1 mánuður miðað við mánaðamót. Úrslit málsins verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda fyrir tímabilið frá 6. janúar til 1. mars 1976 þá skerðingu, er stefnandi varð fyrir á þáverandi yfirborgun sinni, er honum bættist réttur til námskeiðsálags 6. jan. 1976, en óumdeilt er í málinu, að sú fjárhæð er kr. 11.376.

Málskostnaður ákveðst kr. 60.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðja Hafnarfjarðar h/f, greiði stefnanda, Lúðvík Haukssyni, kr. 11.376 með 13% ársvöxtum frá 16. september 1976 til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 18% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 60.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. mars 1980.

Nr. 41/1980. **Katrín Indiana Valentínusdóttir**
gegn
Þrotabúi Ómars Egilssonar.

Kærumál. Hjón. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Með kæru 4. mars 1980, er barst Hæstarétti 14. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Hafnar-

fjarðar 22. febrúar s. á. Krefst hún þess, að hrundið verði kröfu varnaraðilja um, „að svonefnt félagsbú“ sóknaraðilja og Ómars Egilssonar verði tekið til opinberra skipta. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með dómi Hæstaréttar 21. desember 1979 var dæmt, að fjárskiptasamningur Katrínar Indiönu Valentínusdóttur og Ómars Egilssonar frá 17. maí 1974 væri eigi skuldbindandi fyrir Ómar að því er varðar skipti á búi þeirra. Á varnaraðili lagakröfu á því, að búið sé tekið til opinberra skipta. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til, en ýmis þau álitamál, sem greinir í úrskurðinum, kunna að koma til úrlausnar við skiptameðferðina, og verður ekki tekin afstaða til þeirra í kærumáli þessu.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað á að vera óraskað. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Skiptaráðanda ber að taka bú Katrínar Indiönu Valentínusdóttur og Ómars Egilssonar til opinberra skipta.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Katrín Indiana Valentínusdóttir, greiði varnaraðilja, þrotabúi Ómars Egilssonar, 50.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 28. febrúar 1980.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 21. þ. m., var þingfest hinn 7. þ. m.

Sóknaraðili er þrotabú Ómars Egilssonar, Tunguvegi 1, Hafnarfirði, sem úrskurðaður var gjaldþrota hinn 5. maí 1979, (lögm. Jón E. Ragnarsson hrl.), en varnaraðili Katrín Valentínusdóttir, Álfaskeiði 44, Hafnarfirði (lögm. Páll S. Pálsson hrl).

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að fram fari opinber skipti á félagsbúi málsaðilja, þ. á m. uppskriftargerð. Krefst hann þess aðallega, að upphaf skiptanna miðist við 1. mars 1975, þ. e. taki til þeirra eigna og skulda, er þá voru fyrir hendi, en til vara, að upphafið miðist við 17. maí 1974. Auk þess krefst sóknaraðili málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að kröfum sóknaraðilja um opinber skipti og uppskrift verði hrundið og málinu verði vísað frá skiptaréttinum. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar.

II.

Hinn 17. maí 1974 mættu hjónin Ómar Egilsson og Katrín Valentínusdóttir hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði, óskuðu leyfis til skilnaðar að borði og sæng og lögðu fram skriflegan samning um skilnaðarkjör, þ. á m. um skiptingu eigna, dagsettan sama dag. Samdægurs, hinn 17. maí 1974, gaf bæjarfógetinn í Hafnarfirði út leyfi til skilnaðar að borði og sæng þeim til handa á grundvelli þessa samnings. Hinn 16. september 1975 veitti dómsmálaráðuneytið þeim leyfi til lögskilnaðar. Hinn 9. desember 1975 höfðaði maðurinn mál til þess, eins og segir í kröfugerð hans í því máli, „að fá viðurkennt með dómi, að skilnaðarleyfi til skilnaðar að borði og sæng, sem út var gefið ásamt tilskildu samkomulagi þann 17. maí 1974, sé niður fallið. Ennfremur . . . að leyfisbréf til lögskilnaðar milli aðilanna, sem út var gefið þann 16. september 1975, verði með dómi metið ólögmætt. Til vara er krafist riftunar eða ógildingar á samkomulagi aðilanna um eignaskiptinguna frá 17. maí 1974."

Með dómi, uppkveðnum hinn 10. febrúar 1977 á bæjarþingi Hafnarfjarðar, var konan sýknuð af kröfum mannsins. Héraðsdóminum var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu, birtri 9. maí 1977. Dómur gekk í Hæstarétti hinn 21. desember 1979, og segir þar m. a. í dómsorði:

„Samningur áfrýjanda, Ómars Egilssonar, og stefndu, Katrínar Indiönu Valentínusdóttur, frá 17. maí 1974 er eigi skuldbindandi fyrir áfrýjanda að því er varðar skipti á búi þeirra. Að öðru leyti skal stefnda vera sýkn af kröfum áfrýjanda í máli þessu."

Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m. a.:

„Svo sem greint er hér að framan, bjuggu málsaðiljar saman, eftir að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng. Verður ekki hjá því komist að telja grundvöll samningsins að því er

fjárskipti varðar brostinn vegna sambúðar málsaðiljanna, sbr. 33. gr. laga nr. 60/1972. Ber því að dæma, að þessi þáttur í samningi málsaðiljanna frá 17. maí 1974 sé eigi skuldbindandi fyrir áfrýjanda."

Með bréfi, dagsettu 16. janúar 1980, krefst svo lögmaður mannsins þess f. h. þrotabús hans skv. heimild skiptafundar í þrotabúinu, er hann aflaði síðar, að félagsbú málsaðilja verði tekið til opinberra skipta. Sú krafa var tekin fyrir í skiptarétti hinn 7. febrúar 1980. Lagði lögmaður konunnar þá fram skriflega greinargerð, þar sem m. a. segir svo:

„Þó að Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu í dómi 21. des. 1979, að samningur hjónanna frá 17. maí 1974 hafi ekki verið skuldbindandi fyrir Ómar Egilsson, þá gilda þó um fjárskiptin almennar reglur, svo sem fyrning.

Í 8. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905 segir, að kröfur, sem hjón hafi hvort á annað, fyrnist ekki fyrr en 4 ár eru liðin frá því að hjónabandinu var slitið, og má af því ráða, að fjárkrafa stefnanda hafi að fullu og öllu fallið niður vegna fyrningar hinn 16. sept. 1979, en þá voru 4 ár liðin frá því að hjónabandinu var að fullu og öllu slitið með útgáfu lögskilnaðarleyfis dómsmálaráðuneytisins hinn 16. sept. 1975.

Hæstiréttur hrinti einmitt kröfu Ómars Egilssonar um, að lögskilnaðarleyfið yrði dæmt ólögmætt.

Þess vegna byggi ég það á dómi Hæstaréttar frá 21. des. 1979 og 8. gr. laga nr. 14/1905, að krafan sé niður fallin fyrir fyrningu. Ennfremur mótmæli ég harðlega, að uppskriftargerð fari fram, því að miða verður við þær upplýsingar einar, sem fyrir liggja eða unnt kann að vera að afla um eignir og skuldir búsins hinn 17. maí 1974, er fjárskilnaður hjónanna komst á."

III.

Í skilnaðarsamningnum frá 17. maí 1974, sem úr gildi féll, kemur fram framtal eigna og skulda 17. maí 1974 í grófum drættum, en sá kafli samningsins, sem um það efni fjallar, hljóðar svo:

„Íbúð okkar að Álfaskeiði 44, kjallarahæð, skal verða eign konunnar. En hún tekur að sér greiðslu tveggja lána, er á íbúðinni hvíla, annað við Veðdeild Landsbanka Íslands, að upphæð kr. 200.000.00, en hitt við Lífeyrissjóð Verkamannafélags Hlífar, Hafnarfirði, að upphæð kr. 250.000.00. Þá tekur og konan að sér greiðslu skuldar okkar hjónanna við Egil Egilsson, Suðurgötu 35 B, Hafnarfirði, skv. skattframtali 1974, að upphæð kr.

250.000.00. Hún tekur og að sér greiðslu allra lausra skulda við Egil, sem fyrir hendi kunna að vera vegna íbúðar okkar að Álfaskeiði. Konan tekur og að sér greiðslu á víxilláni við Samvinnubankann, að upphæð krónur 150.000.00. Innbú allt verður eign konunnar.

Lán, er nú hvílir á íbúðinni með III. veðrétti, að upphæð kr. 650.000.00 við Sparisjóð Hafnarfjarðar, sem tekið var vegna kaupa á bifreiðinni G 8750, má hvíla á íbúðinni áfram, en maðurinn skuldbindur sig til greiðslu á láni þessu, og skal umrædd bifreið sett að veði sem baktrygging fyrir skilvísri greiðslu lánsins.

Bifreiðin G 8750 verður eign mannsins. Auk greiðslu kr. 650.000.00, sem að ofan getur, tekur hann að sér greiðslu skuldar við Alþýðubankann, að upphæð krónur 150.000.00, svo og greiðslu allra annarra skulda (nema beinlínis hafi verið um annað rætt), þar með skuldar við Bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði, sem sjónvarpstæki heimilisins stendur til tryggingar fyrir. Hann greiðir og öll opinber gjöld, þar með gjöld þau, sem Skattskrá Hafnarfjarðar kemur til að tilskilja vegna tekna og eigna okkar hjónanna á árinu 1973."

Fasteign búsins var þinglesin á nafn mannsins skv. afsali, dags. 28. júlí 1971, en var þinglýst á nafn konunnar með skilnaðarsamkomulaginu frá 17. maí 1974. Hún er enn (febr. 1980) þinglesin eign konunnar og nú séreign hennar skv. kaupmála, en konan hefur gengið í hjónaband að nýju.

IV.

Krafa varnaraðilja um, að synjað verði um opinbera skiptameðferð, er, sem fyrr greinir, einkum byggð á því, að hugsanlegar kröfur sóknaraðilja vegna búskiptanna séu niður fallnar vegna fyrningar. Á þessa málsástæðu verður ekki fallist. Hér er ekki um kröfuréttarsamband í merkingu fyrningarlaga að ræða, heldur tilkall til búshluta. Í því sambandi verður að hafa í huga, að félagsbú hjóna er eignaheild og réttur til búshluta sérstakur skilyrtur eignarréttur. Þar sem búi hjónanna var ekki löglega skipt við skilnaðinn, liggur nú fyrir að framkvæma þau skipti. Málsaðiljar hafa eftir því sem tilefni gafst til og án nokkurs óeðlilegs dráttar rekið deilumál sín um grundvöll búskiptanna fyrir dómstólunum, og gætir því tómlætisverkana ekki svo, að þær komi hér frekar til álita.

Ljóst er, að umrædd skipti geta farið fram með venjulegum

hætti og án nokkurra verulegra afbrigða, þ. e. í samræmi við fyrirmæli VII. kafla laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna og samkvæmt skiptalögum nr. 3/1878, einkum 6. kafla þeirra laga, svo og samkvæmt VI. kafla laga um stofnun og slit hjúskapar, allt eftir því sem við á og á reynir og samkvæmt síðari ákvörðunum skiptaráðanda, þegar þar að kemur.

Það liggur þó nú þegar fyrir, að upphafsviðmiðun þessarra skipta getur eftir atvikum ekki miðast við annað tímamark en útgáfu lögskilnaðarleyfis hinn 16. september 1975, en þá í síðasta lagi áttu hjónin að hafa gert með sér gildan skiptasamning eða hafa vísað búskiptum til skiptaréttar og uppskrift farið fram.

Alltraustan grundvöll fyrir því, hvaða eignir og skuldir eiga að koma til skipta, er að finna í eigna- og skuldaframtalinu í skiptasamningnum frá 17. maí 1974. Verðmætasta eignin, íbúðin, er enn fyrir hendi, og fyrir liggur, hvert söluverð bifreiðarinnar var, en hún var seld daginn áður en lögskilnaðarleyfi var gefið út, og verður að ætla, að andvirði hennar hafi runnið til greiðslu skulda, er maðurinn tók á sig 17. maí 1974. Að öðru leyti hvílir sú skylda á málsaðiljum að upplýsa eignahreyfingar frá 17. maí 1974 til 16. september 1975. Undanbrögð í því efni yrðu metin viðkomandi til óhags.

Ljóst er, að uppskrift verður að fara fram, eftir atvikum á skrifstofu skiptaráðanda, þar sem hjónin gefi skýrslur um síðastgreint atriði svo og önnur þau atriði, er uppskrift lýtur að, sbr. 64. gr. laga nr. 3/1878, svo og upplýsingar um, hvaða eignir hafa eyðst og hverjum hefur verið ráðstafað og við hvaða verði, og í framhaldi þar af uppboðssala á þeim eignum búsins, föstum og lausum, sem enn eru fyrir hendi og ekki verða lagðar út samkvæmt virðingu, sem þá yrði einnig að fara fram og miðast við verðlag á virðingardegi, ef ekki næst samkomulag um að ráðstafa eignunum með öðrum hætti.

Jafnframt þessu og til þess að skiptauppgjöri megi verða lokið verða málsaðiljar að gera grein fyrir þeim fjárhæðum, sem þau hafa hvort fyrir sig lagt fram til greiðslu skulda, er fyrir hendi voru hinn 16. september 1975, svo og hvenær þær greiðslur fóru fram, til þess að reikna megi þeim vexti af útlögðu fé í þágu búsins. Loks þurfa að koma fram greinargerðir um þær skuldir frá 16. september 1975, er málsaðiljar hyggjast yfirtaka við skiptalok, fari svo, að eigi verði þær allar greiddar af innkomnu andvirði eigna búsins.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Taka ber félagsbú málsaðilja, þrotabús Ómars Egilssonar og Katrínar Valentínusdóttur, til opinberrar skiptameðferðar.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. mars 1980.

Nr. 28/1980. **Ingibjörg Eggertsdóttir**
gegn
Eggert Ó. Sigurðssyni
Sigurði Eggertssyni og
Böðvari Bragasyni, skiptaráðanda í Rangárvallasýslu.

Kærumál. Skiptamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 27. febrúar 1980, sem barst Hæstarétti 5. mars s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Rangárvallasýslu, uppkveðinn 19. febrúar 1980. Krefst hún þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir skiptaráðanda að láta fram fara „opinbera uppskriftar- og virðingargerð á dánar- og félagsbúi foreldra kæranda, þ. e. Önnu Sigurðardóttur, sem andaðist 11. maí 1949, og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, þegar í stað". Hún krefst einnig kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Eggerts Ó. Sigurðssonar.

Af hálfu varnaraðilja Eggerts Ó. Sigurðssonar er krafist

staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Engar kröfur eru gerðar á hendur varnaraðiljunum Sigurði Eggertssyni og Böðvari Bragasyni skiptaráðanda og engar kröfur gerðar af þeirra hálfu.

Anna Sigurðardóttir, Ámundakoti í Fljótshlíð, lést 11. maí 1949. Bú hennar og eftirlifandi eiginmanns hennar, Eggerts Ó. Sigurðssonar, varnaraðilja í máli þessu, var skrifað upp og virt af hreppstjóra með einum votti 14. desember s. á. Við framkvæmd gerðar þessarar brast nokkuð á, að farið væri að lögum. Vottur var einn, eins og fyrr segir, en þeir skyldu vera tveir samkvæmt 16. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Ekki var hinum ófjárráða erfingjum skipaður fjárhaldsmaður, er gæti gætt hagsmuna þeirra við gerðina, sbr. 14. gr. sömu laga. Samkvæmt uppskriftargerðinni eru skuldir 1.711 krónum hærri en eignir. Þess er þó að gæta, að jörðin Ámundakot virðist ekki hafa verið metin til verðs, heldur hefur fasteignamat hennar, 12.200 krónur, verið lagt til grundvallar. Kaupverð jarðarinnar 7 árum áður hafði þó að sögn varnaraðilja Eggerts Ó. Sigurðssonar verið 15.000 krónur. Meðal skulda eru taldar skuldir við ýmsa 6.000 krónur án sundurliðunar, og eru engin gögn í máli þessu, er renni stoðum undir þennan skuldalið. Samkvæmt þessu verður við það að miða, að skilyrði hefðu verið til þess að veita varnaraðilja Eggert Ó. Sigurðssyni leyfi til setu í óskiptu búi með ófjárráða börnum sínum eftir lát eiginkonu sinnar 1949. Af gögnum máls verður séð, að áðurgreind uppskrifta- og virðingargerð hefur verið send skiptaráðanda. Aldrei tók hann þó búið í sína umsjá né gerði reka að því, að búskipti færu fram. Sóknaraðili hefur haft full umráð búsins síðan kona hans lést. Eignir þess og skuldir eru allt aðrar nú en þær voru, er Anna Sigurðardóttir lést, og búinu hefur ekki verið skipt. Við þessar aðstæður þykir verða að fara með bú þetta, eftir að krafa um opinber skipti hefur komið fram, eins og varnaraðili Eggert Ó. Sigurðsson hefði setið í óskiptu búi eftir andlát eiginkonu sinnar. Ber skiptaráðanda því að láta skrifa upp og virða eignir og skuldir óskipts bús varnar-

aðilja Eggerts Ó. Sigurðssonar og Önnu Sigurðardóttur, eins og það er nú, og miða skiptin við þá uppskriftar- og virðingargerð.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Skiptaráðandi skal láta fram fara uppskriftar- og virðingargerð á óskiptu búi Eggerts Ó. Sigurðssonar og Önnu Sigurðardóttur, eins og það er nú.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Rangárvallasýslu 19. febrúar 1980.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 15. febrúar sl. og upp er risið við skipti á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur, Ámundakoti, Fljótshlíðarhreppi, sem lést 11. maí 1949, varðar ágreining um uppskrift búsins sem grundvöll skiptameðferðar. Erfingjar búsins eru: Eftirlifandi maki, Eggert Ó. Sigurðsson, fæddur 4. ágúst 1916, til heimilis að Smáratúni, Fljótshlíðarhreppi, tvö börn þeirra hjóna, Ingibjörg Eggertsdóttir, fædd 11. mars 1947, til heimilis að Stórateigi 21, Mosfellssveit, og Sigurður Eggertsson, fæddur 20. september 1942, til heimilis að Efri-Þverá, Fljótshlíðarhreppi.

Skiptabeiðandi og sóknaraðili máls þessa er Ingibjörg Eggertsdóttir.

Varnaraðili er Eggert Ó. Sigurðsson.

Sigurður Eggertsson hefur lýst sig andvígan aðild að málinu.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að dánar- og félagsbú foreldra hennar, Önnu Sigurðardóttur, sem andaðist 11. maí 1949, og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, verði þegar í stað tekið til opinberrar uppskriftar- og virðingargerðar. Þá krefst sóknaraðili og málskostnaðar. Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að lokið verði búskiptum á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur í framhaldi af uppskrift, er fram fór hinn 14. desember 1949. Jafnframt gerir varnaraðili kröfu til þess, að synjað verði beiðni sóknaraðilja um, að uppskrift verði endurtekin. Þá er þess krafist, að sóknaraðilja verði gert að greiða varnaraðilja hæfilegan málskostnað í þessum þætti málsins.

Ítrekaðar sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

Aðdragandi máls þessa er sá, að með bréfi, dags. 17. júlí 1979, fór sóknaraðili þess á leit við sýslumann Rangárvallasýslu, að fram færu opinber skipti á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur, Ámundakoti, Fljótshlíð. Beiðni þessari var mótmælt af hálfu varnaraðilja, Eggerts Ó. Sigurðssonar.

Skiptaréttinum var falið ágreiningsefnið til úrlausnar, og með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Rangárvallasýslu hinn 19. nóvember 1979, var kröfu sóknaraðilja um opinber skipti synjað. Úrskurðinum var skotið til Hæstaréttar, þar sem dómur féll í málinu hinn 17. desember 1979 og á þá lund, að dánarbú Önnu Sigurðardóttur skyldi tekið til opinberra skipta.

Í forsendum dóms Hæstaréttar, sem er meðal framlagðra skjala í máli þessu, segir svo m. a.: „Líta ber á uppskrift þá, sem að framan greinir, sem fyrstu aðgerðir opinberra skipta, sbr. 15. og 16. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Af gögnum máls þessa verður ekki séð, að varnaraðili Eggert hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi."

Hinn 1. febrúar sl. var síðan fram haldið opinberri skiptameðferð dánarbús Önnu Sigurðardóttur fyrir skiptarétti Rangárvallasýslu. Í þinghaldi þessu voru bókaðar kröfur aðilja og málinu frestað til sameiginlegrar gagnaöflunar.

Hinn 15. febrúar sl. lögðu aðiljar fram greinargerðir sínar, gagnaöflun lauk, og var málið tekið til úrskurðar þann dag að loknum munnlegum málflutningi, svo sem fyrr greinir.

Í máli þessu hafa verið lögð fram og þingmerkt sem dskj. nr. 4 frumskjöl nr. 1—11 í hæstaréttarmálinu nr. 213/1979, þ. m. t. uppskriftargerðin frá 14. desember 1949. Gerð er grein fyrir gögnum þessum í úrskurði skiptaréttarins frá 19. nóvember sl., og verða þau ekki frekar rakin hér.

Ekki þykir ástæða til að rekja gögn máls þessa frekar.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 213/1979 sé skylt að taka kröfur sínar til greina um, að búið verði tekið til opinberra skipta. Hrundið hafi verið andmælum mótaðilja og sáttatilraunir reynst árangurslausar. Sú uppskrift, er fyrir liggi, frá 14. desember 1949, sé þannig framkvæmd, að hún sé algerlega þýðingarlaus, enda þá hugsanlegu skiptamáli eigi rétt fram haldið eða rétt haldið til laga.

Auk þess séu þær eignir, er upp eru taldar þar, nú eigi fyrir hendi né hægt að staðreyna þær. Upptalning skulda sé og á þann

veg, að um markleysu sé að ræða. Sóknaraðili vísar í þessu efni til framlagðra skjala og gagna í skiptamálinu nr. 3/1979 svo og hæstaréttarmálinu nr. 213/1979.

Því sé haldið fram af mótaðilja, að uppskrift nú eigi ekki fram að fara. Þó í forsendum dóms Hæstaréttar segi, að líta beri á uppskrift þá, er fram fór, sem fyrstu aðgerðir opinberra skipta, sé þar ekki að finna neina staðfestingu, að leggja beri þá uppskrift nú til grundvallar 30 árum seinna, enda beinlínis fram tekið í áðurgreindum forsendum, að uppskriftin hafi verið framkvæmd af hreppstjóra og einum virðingarmanni, sem sé andstætt lögum, enda komi fram, að ekki hafi verið um neina raunverulega virðingargerð að ræða, svo sem lög mæla fyrir um, sbr. og áður framlagðar greinargerðir. Þær eignir, er taldar séu fram í áðurgreindri uppskriftargerð, séu og ekki nú fyrir hendi og geti því ekki orðið grundvöllur skipta. Vakin er og athygli á því, að fram sé tekið í dómsorði Hæstaréttar, að búið skuli nú tekið til skipta, en ekki að skiptum skuli fram haldið, eins og hefði verið, ef staðhæfing mótaðilja fengi staðist. Búið sé því nú fyrst til löglegrar skiptameðferðar og gefi auga leið, að staðreyna beri efnahag þess nú, er búið sé tekið til skipta, sbr. fyrrnefndan dóm Hæstaréttar. Staðreyna þurfi nú eignir búsins með lögmætri uppskriftar- og virðingargerð, þar sem sbr. dómsorð Hæstaréttar í áðurnefndu máli segi, að búið skuli tekið til opinberra skipta. Ekki sé hægt að taka bú til opinberra skipta, sem fyrir er í opinberum skiptum.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að þar sem uppskriftin, sem fram fór hinn 14. desember 1949, hafi verið fyrstu aðgerðir opinberra skipta, sbr. 15. og 16. gr. skiptalaga nr. 3/1878, beri að ljúka búskiptum í framhaldi af henni, enda hafi varnaraðili ekki setið í óskiptu búi síðan, sbr. hæstaréttardóminn frá 17. des. sl.

Varðandi uppskriftar- og virðingargerð dánarbúsins, er fram fór hinn 14. desember 1949, hafi Hæstiréttur þegar kveðið á um, að séu fyrstu aðgerðir opinberra skipta í máli þessu. Með því hafi því verið slegið föstu af Hæstarétti, að uppskriftin sé í alla staði gild. Útilokað sé nú að finna fram og skrifa upp eignir búsins, eins og þær voru á þessum tíma, eða framreikna verð jarðarinnar, sem var lítt ræktuð og húslítil á þessum tíma. Þá sé erfitt að meta og virða að nýju skuldir búsins, því ef eignunum verður breytt, t. d. með nýju matsverði, yrði að leggja sams konar og sama mat á skuldirnar og slíkt sé ekki viðlit.

Eignir voru taldar nema alls kr. 79.770, en skuldir búsins námu alls kr. 81.481, þannig að gamla búið, sem um sé fjallað í máli þessu, eigi ekki fyrir skuldum. Varnaraðili hafi skýrt frá því fyrir rétti, að uppskriftargerðin hafi verið mjög ítarleg, t. d. hafi verið skrifaðir upp ónýtir hlutir, svo sem sláttuvél og reipi, auk þess hafi verið skrifaðar upp bækur, sem voru búinu að miklu leyti óviðkomandi. Þá hafi kommóða, sem keypt var á kr. 90, verið metin á kr. 130. Jörðin hafi verið metin á þágildandi fasteignamati, en ekki kvaðst varnaraðili geta sagt um það, hvort það hafi verið raunverð jarðarinnar á þeim tíma. Erfitt hafi verið að selja jarðir á þessum tíma og jarðaverð lægra en árið 1942, er varnaraðili keypti jörðina Ámundakot. Þegar varnaraðili keypti jörðina, hafi íbúðarhúsið verið eina mannvirkið á jörðinni, en það hús brann árið 1951 ásamt öllu innbúi. Árið 1949 var búið að byggja hlöðu á jörðinni, og herbraggi, sem keyptur var á kr. 500, var notaður sem fjós. Land jarðarinnar var að mestu ógirt og óræktað. Varnaraðili hafi byggt nýtt hús á jörðinni eftir brunann og reynt að selja jörðina 1954, sem þó hafi ekki tekist. Varnaraðili taldi sig ekki þurfa samþykki skiptaráðanda til ráðstöfunar á jörðinni, enda ekkert um slíkt skráð í þinglýsingarbækur sýslumannsembættisins á Hvolsvelli. Varnaraðilja sé það nú fyrst ljóst eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar í des. sl., að félagsbú hans telst hafa verið undir opinberum skiptum, sem ljúka þurfi.

Varðandi jörðina og virðingarmat hennar bendir varnaraðili á, að er uppskrift fór fram árið 1949, þá giltu um fasteignamat lög nr. 65/1945. Þar segi í 2. gr., að hver fasteign skuli metin sanngjörnu söluverði. Þess vegna var uppskriftin að þessu leyti óvefengjanleg.

Búskiptum skuli ljúka með þeim hætti, að þar sem í ljós hafi komið, að búið hafi ekki átt fyrir skuldum, er uppskrift lauk, en eftirlifandi maki hafi í raun tekið við greiðslu skuldanna og tekist að ljúka þeim með afrakstri vinnu sinnar, eftir að uppskriftargerð fór fram, þá sé ekki meira um að fást í sambandi við þessi búskipti og skuli þau formlega felld niður.

Niðurstaða.

Svo sem fram hefur komið, hófst opinber skiptameðferð búsins með uppskriftargerð hinn 14. desember 1949. Skiptum þessum lauk hins vegar ekki, og varnaraðili fékk ekki leyfi skiptaráðanda til setu í óskiptu búi. Réttarreglur og lagasjónarmið um óskipt bú koma því ekki til álita við skiptameðferð nú, en

skýra ber réttarstöðu varnaraðilja í því sambandi með hliðsjón af ákvæðum 5. kapitula skiptalaga nr. 3/1878, sbr. og 47. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923, enda verður að telja, að varnaraðili hafi í raun ábyrgst skuldir búsins.

Til grundvallar skiptameðferðinni ber því að leggja stöðu búsins, eins og hún var við upphaf skipta hinn 14. desember 1949 og án tillits til þess, sem varnaraðili hefur síðar eignast.

Líta ber því á uppskriftargerðina frá 14. desember 1949 sem grundvöll við skipti búsins nú.

Samkvæmt framansögðu verður eigi fallist á þá kröfu sóknaraðilja, að uppskrift fari fram að nýju, og ber að synja þeirri kröfu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Kröfu sóknaraðilja, Ingibjargar Eggertsdóttur, um opinbera uppskrift og virðingargerð á dánar- og félagsbúi Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 26. mars 1980.

Nr. 38/1976. **Einar Th. Hallgrímsson**
(Sigurður Reynir Pétursson hrl.)
gegn
Ólafi Ragnari Sigurðssyni
Karli Helgasyni og
Magnúsi Ásgeirssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. febrúar 1976. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 19.007.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 17. mars 1970 til 15. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 29. desember 1976. Þá krefst áfrýjandi „sjóveðréttar í skipsbúnaði m/b Guðmundar Þórðarsonar áður RE 70“ til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn.

Áfrýjandi fékk 26. september 1977 dómkvadda tvo menn til að skoða aðstæður um borð í v/b Guðmundi Þórðarsyni við járnhurð þá, sem lokar bakborðsgangi. Var þess óskað, að hinir dómkvöddu menn gæfu svör við þessum spurningum:

„1. Telja þeir útilokað, að Einar Hallgrímsson hafi getað orðið fyrir umræddu axlar- og höfuðhöggi af járnhurðinni á þann hátt, sem vitni skýra frá, og við þær aðstæður, sem í gögnum málsins greinir.

2. Ef slíkt telst útilokað, hvernig þeir geti hugsað sér, að hurðin hafi lent á öxl og höfði Einars“.

Í ítarlegri álitsgerð hinna dómkvöddu manna, Garðars Pálssonar skipherra og Jóns B. Hafsteinssonar skipaverkfræðings, 20. nóvember 1977 segir, „að ekki sé útilokað, að Einar Hallgrímsson hafi getað orðið fyrir umræddu axlar- og höfuðhöggi við það, að stálhurðin lenti á honum“. Hinir dómkvöddu menn hafa staðfest álitsgerð sína fyrir dómi.

Lagt hefur verið fram bréf frá Ole B. Styri yfirlækni, dags. 18. nóvember 1977. Í bréfi þessu segir m. a. svo í íslenskri þýðingu:

„Ég hef litið yfir allstutta greinargerð mína frá 23. október 1970. Mér finnst það koma skýrt fram í yfirlýsingu minni,

að ég taldi, að yfirgnæfandi líkur bentu til, að áverki (trauma) hefði verið ástæðan til þess, að æðapokinn myndaðist. Meðfæddir aneurysmar eru oft pokalaga, en þeir, sem eru til komnir vegna áverka, eru oft „fusiforme" eins og sá, er kom í ljós hjá Hallgrímssyni. Þegar um er að ræða snúningsáverka (rotasjonstrauma) á höfuð, eru auknar líkur á þrýstingi í æðum og heilavef um aftari rönd fremri hluta falx cerebris (bakre margo av falx cerebris fremre parti). Skemmda æðin liggur einmitt þarna nálægt.

Þetta er sjaldgæft ástand, það verður að viðurkenna. Það er m. a. á 20 árum búið að safna saman skýrslum frá 1954 um 850 tilfelli af aneurysmum frá General Hospital í Toronto, og eiga aðeins fjögur þeirra með vissu rót sína að rekja til áverka (5‰). Þetta er þó þekkt fyrirbæri, þar sem O. Bollinger lýsti slíku ásigkomulagi þegar árið 1891 í „Beitrag zur Lehre von der Hirnerschütterung in Festschrift Rudolf Virchow" . . . Hvað sjálfum mér viðvíkur, þá hef ég starfað að heilaskurðlækningum frá árinu 1954 og get aðeins bent á tvö slík tilfelli, svo það liggur í augum uppi, að slíkt getur ekki talist til almennrar læknisfræðilegrar þekkingar".

Þá hefur verið lagt fram bréf frá Ólafi Hallgrímssyni, sérfræðingi í geð- og taugasjúkdómum, bróður áfrýjanda, og tímaritsgrein úr sérfræðitímaritinu Surgical Neurology um flysjugúlpa á hjartaslagæð af völdum áverka.

Í vottorði Páls Sigurðssonar læknis 13. mars 1980, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að heilsa áfrýjanda er óbreytt og hann alger öryrki.

Með úrskurði Hæstaréttar 15. mars 1979 var málið enn lagt fyrir Læknaráð. Var óskað svars ráðsins við þessum spurningum:

„1. Telur Læknaráð enn „yfirgnæfandi líkur" á, að blæðing sú, er Einar Th. Hallgrímsson fékk hinn 17. mars 1970, sé afleiðing af höfuðhöggi?

2. Eru þess dæmi, að menn hafi fengið blæðingu á sama stað og Einar, þ. e. frá æðinni arteria anterior communis, af höfuðhöggi?"

Í tillögu réttarmáladeildar Læknaráðs 15. nóvember 1979,

sem staðfest var sem ályktun Læknaráðs 28. desember 1979, er spurningum þessum þannig svarað:

„Ad. 1: Lýsing á röntgenmyndum, sem teknar voru á Neurologisk Avdeling, Rikshospitalet, Oslo (sbr. m. a. bréf þeirrar stofnunar, dags. 20. 10. 1970), samrýmist því, að æðaskemmd sú, sem olli blæðingu milli heilahimna (hæmmorhagia subarachnoidale), hafi orsakast af höfuðhöggi. Lýsing á ofangreindum röntgenmyndum samrýmist því hins vegar ekki, að um meðfæddan æðagúlp (aneurysma congenita sacculare) hafi verið að ræða. Þá verður að teljast mjög ólíklegt, að æðakölkun hafi legið hér að baki, m. a. miðað við aldur sjúklingsins. Niðurstaðan verður því sú, að líklegast verður að telja, að ofangreind blæðing milli heilahimna hafi hlotist af höfuðhöggi.

Ad. 2: Æðin arteria anterior communicans („communis") er örlítill hluti af Circulus Willisi (tengir saman vinstri og hægri arteria cerebri anterior) og þeim aðalslagæðastofnum, sem frá Circulus Willisi ganga, en í æðakerfi þessu hefur verið lýst æðagúlpum, sem hlotist hafa af höfuðhöggum (aneurysmata traumatica). Í bréfi frá Neurologisk Avdeling, dags. 20. 10. 1970, er sagt, að skemmdin liggi í arteria cerebri anterior á A_1—A_2 svæðinu, en í þessari æð sérstaklega hefur verið lýst æðagúlpum, sem hlotist hafa af höfuðhöggum (aneurysmata traumatica)."

Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur hefur 30. nóvember 1978 enn reiknað með líkindatölum tjón áfrýjanda vegna örorku hans, þar sem tekið er tillit til breytinga þeirra, sem orðið hafa á kauplagi hér á landi frá þeim tíma, er síðasti reikningur var gerður.

Fyrir Hæstarétti var upplýst, að v/b Guðmundur Þórðarson, RE 70, hafi nú verið strikaður út af skipaskrá og eyðilagður.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing áfrýjanda um, að eiginkona hans hafi haft umboð hans til að höfða málið fyrir hans hönd. Hafa vottar staðfest undirritun áfrýjanda undir yfirlýsinguna og að hann hafi gert sér grein fyrir efni

hennar. Eru engin andmæli höfð uppi gegn þessum málssóknarhætti.

Leggja verður til grundvallar álitsgerð þeirra Garðars Pálssonar skipherra og Jóns B. Hafsteinssonar skipaverkfræðings um, að „ekki sé útilokað", að áfrýjandi hafi getað orðið fyrir axlar- og höfuðhöggi af járnhurð þeirri, er í málinu greinir.

Til frásagnar um, að áfrýjandi hafi orðið fyrir höfuðhöggi af umræddri járnhurð, líklega hinn 10. mars 1970, eru nokkrir skipsfélaga hans. Eru skýrslur þeirra um þetta atriði raktar í hinum áfrýjaða dómi. Í þeim skýrslum kemur fram, að enginn skipverjanna var sjálfur sjónarvottur að þeim atburði, sem þeir segja frá. Byggja þeir vitneskju sína um höfuðhögg áfrýjanda á öðru, svo sem ummælum hver annars eða ályktunum, sem þeir drógu af hátterni áfrýjanda eða kvörtunum hans um höfuðverk og lasleika. Sumir þeirra hafa þó vísað til ummæla áfrýjanda sjálfs um höfuðhögg, sem hann hafi orðið fyrir. Svo sem nánar kemur fram í hinum áfrýjaða dómi, eru vættin þó ekki afdráttarlaus um frásögn áfrýjanda. Dregur þetta allt úr sönnunargildi vitnaframburðanna um, að áfrýjandi hafi orðið fyrir höfuðhöggi.

Áfrýjandi greindi ekki sjálfur skipstjórnarmönnum frá því á einn eða annan hátt, að hann hefði orðið fyrir meiðslum af hurðinni, og ekki heldur skipverjar, fyrr en eftir að áfrýjandi veiktist og upp kom sú tilgáta meðal þeirra, að veikindi hans mætti rekja til þess, að hann hefði orðið fyrir höfuðhöggi. Þá er ekki heldur neitt komið fram í málinu um það, að áfrýjandi hafi getið þess, er hann var á sjúkrahúsinu í Keflavík eða á Landspítalanum, taugasjúkdómadeild, að hann hefði nýlega orðið fyrir höfuðhöggi, sem valdið hefði honum höfuðverk og öðrum óþægindum. Var þó sjúkrasaga áfrýjanda skráð eftir honum sjálfum við komu hans á deildina 19. mars 1970. Var áfrýjandi þá „skýr í hugsun, vakandi, alveg orienteraður", að því er segir í sjúkraskýrslu. En þar sem ekki verður séð, að áfrýjandi hafi verið sérstaklega um það spurður, hvort hann hefði orðið fyrir höfuðhöggi,

er þó óvarlegt að draga víðtækari sjálfstæða ályktun af þögn hans um þetta atriði en þá, að ólíklegt sé, að hann hafi á þessum tíma sett veikindi sín í samband við höfuðhögg.

Bókun í sjúkraskýrslu taugasjúkdómadeildar 23. mars 1970, sem orðrétt er greind í héraðsdómi, styðst bersýnilega við frásögn einhvers annars en áfrýjanda sjálfs, þar sem hann var á þessum tíma farinn á Ríkissjúkrahúsið í Osló. Hefur hún því ekki sjálfstætt sönnunargildi um, að áfrýjandi hafi orðið fyrir höfuðhöggi.

Í sjúkraskýrslu Ríkissjúkrahússins í Osló, taugasjúkdómadeildar I, hinn 21. mars 1970, en þann dag kom áfrýjandi í sjúkrahúsið, er eftirfarandi skráð um höfuðhögg, sem hann kunni að hafa fengið: „. . . Det foreligger opplysninger om at pasienten fikk en dør, som løsnet, slengt på seg og denne traff ham angivelig i skulderen, men angivelig ikke i hodet". Kemur fram í skýrslunni, að áfrýjandi hefur verið spurður um og sjálfur gefið upplýsingar um heilsuhagi sína. Við mat á þeim upplýsingum, er áfrýjandi þá gaf, ber að hafa í huga það, sem í sömu skýrslu segir: „Pasienten virker ved innkomsten somnolent, men klar for sted, tid og situasjon". Einnig ber að hafa í huga, að það var íslenskur læknir, bróðir áfrýjanda, sem skýrslu tók af honum við komu hans á sjúkrahúsið.

Í sömu bókun er þetta haft eftir áfrýjanda: „Pasienten har ikke tidligere vært plaget av hodepine. Han opplyser dog at han siste måned før det aktuelle intraff av og til kjente noe ubehag i hodet når det var dårlig sjø." Bendir þetta til þess, að höfuðverkur, sem skipverjar tala um, að áfrýjandi hafi kvartað yfir, áður en hann veiktist, hafi ekki hlotist af höggi af járnhurðinni hinn 10. mars, svo sem þeir virðast gera ráð fyrir, heldur hafi hann átt sér lengri aðdraganda.

Þegar öll framangreind gögn eru virt, þykja þau ekki í heild sinni renna nægum stoðum undir þá fullyrðingu, að áfrýjandi hafi orðið fyrir höfuðhöggi í umrætt sinn.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, var málið þrisvar lagt fyrir Læknaráð, áður en það var dæmt í héraði. Er það allt rækilega rakið í héraðsdómi. Aðeins skal tekið fram, að

í tvö fyrstu skiptin virðist málið hafa verið lagt þannig fyrir ráðið, að byggt hafi verið á því sem staðreynd, að margnefnd járnhurð hafi skollið á höfuð áfrýjanda.

Í máli þessu greinir lækna á um líkur fyrir því, að heilablæðing áfrýjanda hafi orsakast af höfuðhöggi. Ole B. Styri yfirlæknir sagði í skýrslu sinni 23. október 1970: „Þar sem ekki er hægt að sanna sacculært aneurysme hjá Einari Hallgrímssyni, er ekki hægt að útiloka þann möguleika, að slík æðaskemmd hafi átt upphaf sitt við höfuðsköddun þann 13. mars 1970 . . .“ Hins vegar segir hann í bréfi sínu 18. nóvember 1977, sem að framan er rakið, að yfirgnæfandi líkur séu til þess, að áverki hafi verið ástæða til myndunar gúlps (aneurysma) á hjarnaslagæð áfrýjanda, en tekur fram, að viðurkenna verði, að þetta sé sjaldgæft. Læknaráð hefur í hinni nýju ályktun sinni sagt líklegast, að blæðingin hafi orsakast af höfuðhöggi, en hafði áður talið á þessu yfirgnæfandi líkur. Hinn viðurkenndi sérfræðingur í heilaskurðlækningum, sem sat í héraðsdómi, telur það hins vegar ekki verða stutt læknisfræðilegum líkum, að áfrýjandi hafi hlotið þann höfuðáverka, sem haldið er fram af hans hálfu í málinu. Einnig er það niðurstaða héraðsdóms, að ekki sé unnt að leiða líkur að því, að höfuðhögg af járnhurðinni hinn 10. mars 1970 hafi orsakað heilablæðinguna, þótt það högg væri sannað.

Samkvæmt þeim gögnum, sem liggja fyrir Hæstarétti, verður við það að miða, að blæðing undir innri heilahimnu geti stafað af höfuðhöggi, þó að þetta virðist vera álitið sjaldgæft. Þá verður og samkvæmt gögnum að leggja til grundvallar, að veikindi áfrýjanda geti verið afleiðing höfuðhöggs, þó að ekki verði þetta talið fullvíst. En jafnvel þótt gert sé ráð fyrir þessu, veitir það ekki vissu fyrir því, að áfrýjandi hafi hlotið höfuðhögg af járnhurðinni á v/b Guðmundi Þórðarsyni hinn 10. mars 1970, svo sem haldið er fram af hans hálfu.

Þegar alls þess er gætt, sem að framan hefur verið rakið, verður eigi talið sannað, að áfrýjandi hafi orðið fyrir meiðslum af járnhurðinni í v/b Guðmundi Þórðarsyni, RE 70, hinn

10. mars 1970, sem veikindi hans síðan 17. mars 1970 verði rakin til.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 1.400.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Einars Th. Hallgrímssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Sigurðar Reynis Péturssonar hæstaréttarlögmanns, 1.400.000 krónur.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 21. nóvember 1975.

I. Kröfur aðilja.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 24. október sl., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 3. og 18. mars 1971, af Valgerði Helgadóttur, Túngötu 12, Ytri-Njarðvík, f. h. eiginmanns síns, Einars Thorlacius Hallgrímssonar, s. st., gegn Ólafi Ragnari Sigurðssyni, Holtsgötu 30, Ytri-Njarðvík, Karli Helgasyni, Víkurbraut 16, Grindavík, og Magnúsi Ásgeirssyni, Borgarhrauni 10, Grindavík, eigendum og útgerðarmönnum m/b Guðmundar Þórðarsonar, RE 70, in solidum svo og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, til réttargæslu, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 5.067.983 með 8% ársvöxtum frá 13. mars 1970 til greiðsludags og málskostnaðar skv. taxta LMFÍ. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Guðmundi Þórðarsyni, RE 70, fyrir tildæmdum fjárhæðum í málinu.

Með framhaldsstefnu, birtri 21. júní 1974, er krafist hækkunar á stefnukröfum, vegna nýrra örorkutjónsútreikninga, um kr. 3.906.920 ásamt nýjum vaxtakröfum. Við sameiningu málanna varð kröfugerð stefnanda sú, að stefndu greiði in solidum kr. 8.970.103 með 7% ársvöxtum frá 17. mars 1970 til 16. maí 1973

og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað skv. taxta Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gjafsóknarleyfi var veitt 13. júlí 1971.

Við munnlegan málflutning 20. júní sl. var fjárhæð höfuðstóls stefnukröfu breytt af stefnanda hálfu vegna nýs örorkutjónsútreiknings og inngreiðslu, þannig að krafist var kr. 8.512.727 með þeim vöxtum, sem krafist var í framhaldssök, og fyrrgreindri kröfu um viðurkenningu á sjóveðrétti. Sama krafa var gerð við munnlegan málflutning 24. október sl.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Af hálfu réttargæslustefnda eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur, enda er kröfum ekki beint að honum.

Sáttatilraunir dómsins báru ekki árangur.

II. Málavextir.

1. Einar Th. Hallgrímsson, skipasmiður úr Ytri-Njarðvík, réð sig á v/s Guðmund Þórðarson, RE 70, 209 rúmlesta fiskiskip, sem háseta á vetrarvertíð 1970 og hóf störf í vertíðarbyrjun. Einar var þá 28 ára að aldri, fæddur 26. september 1941. Skipið var gert út frá Grindavík. Skipstjóri var stefndi Ólafur, sem einnig bjó í Ytri-Njarðvík, og urðu þeir oft samferða í róðra. Meðstefndi Magnús var stýrimaður, og meðstefndi Karl var vélstjóri, en þetta voru eigendur skipsins. Sunnudaginn 15. mars 1970 voru netin lögð á 40—50 faðma dýpi út af Krísuvíkurbjargi, og síðan var siglt til hafnar. Daginn eftir var landlega, og var Einar á heimili sínu, en þriðjudaginn 17. mars átti að róa, og kom skipstjóri árla morguns og tók Einar með sér í bifreiðinni til Grindavíkur. Þegar til kom, var hætt við róður vegna veðurs, og settust menn að spilum um borð í v/s Guðmundi Þórðarsyni. Eitt skip var á milli v/s Guðmundar Þórðarsonar og v/s Bergvíkur. Einar tók ekki þátt í spilunum, en gekk út fyrir. Þá gerðist það, að skipstjórinn á v/s Bergvík kom skyndilega í v/s Guðmund Þórðarson og sagði skipstjóra, að maður frá honum væri veikur í skipi hans. Menn flýttu sér út í skipið, og í stýrishúsinu á v/s Bergvík lá Einar á gólfinu með uppköst og miklar höfuðkvalir. Skipstjóri sá, að alvara var á ferðum, og kallaði á lækni og sjúkrabifreið frá Keflavík. Skipstjóri og nokkrir aðrir voru hjá Einari, meðan beðið var, og hafði hann sífelld uppköst og mikla höfuðverki. Sjúkrahúslæknirinn í Keflavík, Jón K. Jóhannsson, kom og rannsakaði Einar, og spurði hann, hvort hann hefði orðið fyr-

ir einhverju áfalli, dottið eða fengið á sig högg. Einar svaraði því neitandi, en var mjög máttfarinn. Hann var borinn í sjúkrakörfu í sjúkrabifreiðina, og skipstjóri og skipsfélagar aðstoðuðu. Skipstjóri spurði menn, hvort þeir vissu, hvort Einar hefði orðið fyrir áverka eða slíku, og vissi enginn neitt slíkt. Skipstjórinn sat aftur í hjá Einari í sjúkrabifreiðinni, en tveir skipsfélaga hans, þeir Kristófer Þorvarðsson matsveinn og Anton Hjörleifsson háseti, komu á eftir í bifreið skipstjóra. Einar var lagður á sjúkrahúsið í Keflavík og stundaður þar af lækninum, en félagar hans sneru heim á leið. Læknirinn skráði í dagannál:

„Diagnosis spitalans Haemorrhagia subarachnoidalis“ og „Sat í stól um borð í bát í Grindavíkurhöfn, er hann skyndilega féll niður. Kvartaði um miklar höfuðkvalir og fékk mikil uppköst. Í ætt kom fyrir, að tvö hálfsystkini hafa dáið úr subarachnoid blæðingum. Fluttur á S. K. Við komu er maðurinn ekki með neinar finnanlegar lamanir, en kvartar mjög um höfuðverk, kastar upp, ekki hnakkastífleiki. Púls hægur 40/m. Bþ. 150/90. Lagður inn og gefin 1000 cc glucosa 5% i. v. 18. 3. '70. Ástand miklu betra, með fullri meðvitund. Áætlað að flytja manninn til angiografi á Lsp. 19. 3. '70. Fer í dag á taugadeild Lsp. til nánari rannsóknar.“

Á Landspítalanum var skráð í dagannál þennan dag:

„Sjúkrasaga frá sj. sjálfum.

2. *Ætt:* 2. hálfsystk. dáið úr heilablæðingu. Í móðurætt þessara hálfsystk. eru fleiri tilfelli af heilablæðingu. Sj. er aftur á móti skyldur þessum hálfsystk. sínum í föðurætt. Móðir sj. hafði M. S.

Félagssaga:

28 ára kvæntur sjómaður, á 3 börn, búsettur í Ytri-Njarðvík. Á sjálfur 4 systk. og 8 hálfsystk. samfeðra. Reykir ca. 1/2 pakka af sígarettum daglega. Áfengi einstaka sinnum.

Fyrri sjúkdómar:

Yfirleitt verið hraustur, aldrei áður legið á sjúkrahúsi. Sumarið 1969 var hann nokkuð slæmur á „taugum“. Segist hafa verið kvíðinn og spenntur. Hafði róandi lyf á tímabilinu ágúst—des. 1969. Segist alveg hafa verið búinn að ná sér af þessu. Einstaka sinnum þyngslaverkur í höfði, en engin bein höfuðverkjarköst og a. ö. l. verið hraustur.

Núverandi sjúkdómur:

Þann 17. 3. 1970 um hádegisbil, var sj. staddur á bát frá Grindavík. Skyndilega fannst honum hljóðið í nærliggjandi bát aukast og samfara þessu fékk hann kröftugan höfuðverk, sem jókst tiltölulega, og hafði hann sprengjandi verk í öllu höfðinu. Samfara þessu þá fann hann til máttleysis í ganglimum, alveg upp að mitti, og einnig til dofa í ganglimum, einnig upp að mitti. Honum fannst dofinn mestur í h. ganglim. Hringt var á sjúkrabíl og sj. fluttur til Keflavíkur. Á leiðinni þangað, ca. 1½ klst. síðar, fer hann aftur að geta hreyft ganglimi og dofinn hvarf smátt og smátt. Segir, að nú sé allt í lagi og að hann hafi hvorki dofa né máttleysi neins staðar. Fyrsta sólarhringinn hafði hann mikla ógleði og kastaði upp. Einnig hafði hann svimatilfinningu, mest sem óöryggi, ekki rotatoriskan svima. Smátt og smátt hefur verkurinn minnkað, og nú klagar hann aðeins yfir léttum þyngslaverk upp í hvirfli. A. ö. l. er líðan góð. Sj. er fyrst tekinn inn á sjúkrahús Keflavík og kemur nú hingað til nánari athugunar.

Neurolog status:

Skýr í hugsun, vakandi, alveg orienteraður. Létt hnakkastífur. Cranialtaugar eðlil. Augnhreyfingar eðlil. Pupillur jafn stórar og reagera eðlil. fyrir ljósi. Augnbotnar eðlil. Sinareflexar jafnir og eðlil. bilateralt nema patillar reflex, sem er svol. líflegri, en v. Babinski negativur bilat. Hreyfir handleggi og ganglimi eðlil. Engar paresur sjáanlegar. Sensibilitet status eðlil. og coordinationspróf sj. ath. liggjandi í rúminu eðlil.

Somatisk status:

Kroppsbygging og útlit eðlil. Thorax og kviður eðlil. Blþr. 160/100. Cor et pulm eðlil. Púls 80/mín.

Samantekt:

28 ára maður, sem veiktist skyndilega þann 17.3.1970 með kröftugum höfuðverk, samfara þessu dofa og máttleysi í ganglimum, mest h. megin. Við komu hingað á spítalann hefur sj. léttan höfuðverk staðsettan í hvirfli. H. Patillarreflex er heldur líflegri en v. Annars ekkert ákveðið fokalt í nerve status. Sterkur grunur um hæmmorrhagia subarachnoidalis. Aneurysm á arteria anterior communis.

Skoðun 19.3.1970 kl. 14.00:

Gerð hefur verið lumbalpunktion á sj. Hann hefur magrascopiskt blóðugan liqu . . ., sem við sendum í centrifugeringu og í athugun fyrir frumum og eggjahvítu. Akut carotis angiografia sin. Evt. dxt. verður gerð í dag. Eftir þetta ákvörðun tekin um flutning til útlanda og þá til Oslóar, þar sem bróðir sj. er starfandi á Neurologisku deildinni við Ríkisspítalann í Osló."

Og hinn 21. mars var skráð í dagannál Landspítalans:

„Tilraun var gerð til v. carotis angiografiu, sem mistókst vegna angiospasma. Mjög líklegt er, að sj. hafi aneurysm. Bróðir sj., Ólafur Hallgrímsson, neurolog í Osló, hefur haft samband við deildina (Dr. Gunnar Guðmundsson), og er ákveðið að senda sj. utan til Ríkisspítalans í Osló til nánari athugunar og meðferðar. Líðan sj. er óbreytt. Hann er vakandi, vel orienteraður, hefur ekkert fokal. í taugastatus, heldur meira hnakkstífur en við komu á sjúkrahúsið. Fer til Osló í dag."

Magnús Hallgrímsson verkfræðingur, bróðir Einars, frétti um veikindi Einars kvöldið 17. mars, og fór hann til Keflavíkur um kvöldið og hitti Einar í herbergi hans í sjúkrahúsinu. Magnús heimsótti bróður sinn einnig á Landspítala og ræddi við hann, og hann fór með honum í flugvélinni til Osló morguninn 21. mars, sem var laugardagur fyrir pálmasunnudag. Þegar verið var að flytja Einar í sjúkrakörfu um borð í flugvélina, kom mágur Magnúsar, Guðmundur Ólafsson, sem þá vann í frystihúsi í Keflavík, út á flugvöll og sagði Magnúsi, að hann hefði heyrt það suður í Njarðvík, að Einar hefði orðið fyrir höggi. Magnús sat hjá bróður sínum í flugvélinni, og þeir ræddu eitthvað saman, og þótti Magnúsi ástand og líðan Einars betri þarna í flugvélinni en dagana á undan. Ólafur Hallgrímsson, bróðir þeirra, tók á móti þeim á flugvellinum í Osló, þegar vélin kom kl. 1230, og var ekið rakleitt á taugadeild Ríkisspítalans. Magnús sagði Ólafi það, sem hann vissi um veikindi Einars. Það kom í hlut Ólafs sjálfs að skrá sjúkrasögu Einars og gera fyrstu rannsókn, og í dagannál skráði Ólafur þessi orð 21. mars:

„Tidligere sygdommer og skader:

Patienten har tidligere stor sett været frisk. Han hadde en influenza i mai '69 av nokså lang varighet, men der var ikke feber og ikke innskrenket bevissthetstilstand med denne.

Pasienten hadde etter denne influenza en periode med senket stemningsleje og følte seg slapp i flere måneder, hadde vanskeligheter med å arbeide. Han kom seg imidlertid ganske raskt av dette og følte seg sterk og opplagt utover høsten og helt inn til den aktuelle lidelse. Det er ikke kjent at pasienten hadde hatt noen hodeskader av betydning, men det foreligger opplysninger om at pasienten fikk en dør som løsned slengt på seg og denne traff ham angivelig i skulderen men angivelig ikke i hodet. Pasienten har ikke hatt noen febersykdommer med tap av bevissthet.

Sosialt:

Pasienten er skipsbygger av yrke, han er gift og har 3 barn i alderen 7, 5 og 2 år gamle. Barna er friske. P.g.a. pasientens økonomiske situasjon i sammenheng med kjøp av leilighet bestemte han seg for å arbeide en sesong på påskefiske. Han hadde arbeidet ca. 1 måned på en fiskerbåt før det aktuelle inntraff.

Aktuelt:

Pasienten har ikke tidligere vært plaget av hodepine. Han opplyser dog at han siste måned før det aktuelle inntraff av og til kjente noe ubehag i hodet når det var dårlig sjø. Dette var imidlertid ikke uttal og han la ingen vekt på dette. Han følte seg helt frisk og hadde god arbeidslyst. Tirsdag 17.3. ved middagstider lå båten, samt flere andre i havn og ventet på vær for å kunne reise ut på fiskefeltet. Pasienten stakk over i en båt som lå ved siden av for å slå en prat med en kamerat. De satte oppe i styrehuset på båten og han satt lenet bakover på en stol. Han kjente da plutselig smerter i hodet, til å begynne med i takt med maskinslagene i båten. Noen få sekunder senere fikk han en voldsom smerte som han følte i hele hodet, kanskje mest fortil og opp i issen, en følelse av at hodet skulle sprekke. Nesten samtidig sviktet bena under ham og gled ned på gulvet, ble lagt til rette der inntil sykebil med lege inntraff en halv time senere. Han hadde i mellomtiden fått brekninger og svimmelhet og smertene holdt seg voldsomt sterke og konstante. Han mistet aldri helt bevisstheten og kunne således følge noenlunde med i samtalene rundt seg. Han kjente nummenhet i høyre underekstremiet strekkende seg oppover til navlen. Pasienten

ble så båre over i sykebilen og kjørt til lokalt sykehus i Keplavik. Underveis i sykebilen kjente han at følelsen vendte tilbake i høyre underekstremitet og at han etterhvert kunne bevega på bena. Ved innkomsten i sykehuset fikk han en del sprøyter og intravenøst glykose (Det foreligger ingen opplysninger fra sykehuset om terapien)."

Í dagannál er þess einnig getið, að angiografi hafi verið reynd samdægurs og vel hafi gengið að komast í hægri „carotis"-æð, en í vinstri „carotis"-æð hafi ekki tekist þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Rannsókninni hafi því verið frestað til mánudagsins 23. mars og þann dag hafi hvort tveggja tekist. Niðurstaða var skráð þessi: „Carotisangiografi har vist aneurisme men med vanskelig beliggenhet." Samkvæmt bréfi, dags. 22. maí 1970, dskj. 99, var diagnosis Ríkisspítalans: „Haemmorrhagia subarachnoidalis post aneurisma art. Cerebri communis anterior." Einar var fluttur á skurðlæknisdeild spítalans 24. mars, og skyldi þar framkvæma skurðaðgerðina daginn eftir. Um kvöldið þann 24. mars fékk Einar nýja heilablæðingu og féll í djúpt ómegin með víðtækum lömunum og samdrætti í öllum fjórum útlimum. Var þá hætt við skurðaðgerð, og lá Einar síðan á taugasjúkdómadeild spítalans milli heims og helju. Klukkustundu eftir að síðari heilablæðingin kom, hringdi Guðmundur Ólafsson til Ólafs Hallgrímssonar og sagði honum nánari fregnir af höggi því, sem hann hafði heyrt, að Einar hefði orðið fyrir. Hann sagði, að Einar hefði fengið högg á öxl og höfuð af þungri járnhurð um borð í v/s Guðmundi Þórðarsyni. Höggið hafi verið mikið og Einar hafi kastast í þilfarið. Eftir langa legu í Oslo raknaði Einar við og gat seinna hreyft hendur og fætur og haft samband við umheiminn, en hafði orðið fyrir svo miklum heilaskemmdum, að hann var og er talinn 100% öryrki ævilangt. Hann var fluttur heim til Íslands 17. mars 1971 og hefur af og til legið á taugasjúkdómadeild og endurhæfingardeild Landspítalans og fleiri sjúkrahúsum. Hann hefur takmarkað samband við umheiminn, og minni hans er mjög skert.

2. Matsveinninn Kristófer Þorvarðsson og Anton Hjörleifsson háseti höfðu farið í bifreið skipstjórans á eftir sjúkrabifreiðinni, og óku þeir þrír saman heim aftur. Við heimkomuna voru veikindi Einars rædd þeirra í milli, og veltu þeir fyrir sér, hvað hafi getað komið fyrir. Minnst var á það, að einn hásetanna á skipinu, Valdimar Birgisson, hafði tveimur dögum áður fengið stein í höfuðið, þegar netin voru lögð, og féllu orð um það, að

hefði slíkt komið fyrir Einar, þá væri um hugsanleg tengsl að ræða. Um kvöldið hitti matsveininn Kristófer Þorvarðsson Oddberg Eiríksson, hreppsnefndarmann og fyrrverandi vinnuveitanda Einars, og sagði honum frá veikindum Einars og einnig að nokkrum dögum áður hefði Einar fengið á sig járnhurðina bakborðsmegin á skipinu, þegar net hafi verið dregin, og að Einar hafi eftir þetta kvartað um vanlíðan og verið lystarlaus. Kristófer bað Oddberg hafa samband við Geir Gunnarsson, sem ætti sæti í tryggingaráði, til þess að kanna aðstöðu Einars og fjölskyldu hans vegna veikinda þessara, hvort um sjúkrabætur eða slysabætur úr tryggingum væri að ræða eða aðeins sjúkradagpeninga og „hvernig ætti að bregðast við svona." Eftir næsta róður sagði Oddbergur Kristófer, að Geir Gunnarsson hefði sagt sér, að sjópróf þyrftu að fara fram. Nokkrir skipsfélaganna ræddu sín í milli, að þeir minntust þess, að Einar hefði kvartað yfir því nokkrum dögum áður, að hann hefði fengið á sig járnhurð, sem er á bakborðsgangi skipsins, þegar dregin voru net úr sjó og net voru sett inn í bakborðsgang þennan, og nokkrir minntust þess að hafa séð Einar liggja á netatrossu fyrir framan hurð þessa, þegar netin voru dregin aftur í ganginn. Þetta komst í hámæli, og hinn 19. mars sagði matsveininn skipstjóranum frá þessu. Skipstjórinn skráði þessa frásögn í dagbók skipsins þannig:

> „Fyrir hádegi þann 19.3. færir matsveininn það í tal við mig, að hann muni eftir því, að Einar hafi fengið höfuðhögg af ganghurðinni stjórnborðsmegin" (sic).

Hinn 23. mars, þ. e. mánudaginn eftir að Einar var fluttur út til Osló, var skráð í dagannál Landspítala:

> „Nú upplýsist, að sj. hefur skömmu áður en hann veiktist (sennilega dögum) fengið högg á herðar og hnakka, er þungt stykki skall á hann. Erfitt er að setja þetta atvik í samband við sjúkdómseink. Einars. Maður gæti látið sér detta í hug thrombosis í carotis v. trauma og það væri svo skýringin á því, að ekki tókst að fá carotis angiografi dxt. Sj.sagan er þó öll í þá áttina, að um hafi verið að ræða aneurysma sem orsök. S. A. M."

Að loknum róðri hinn 24. mars tók skipstjóri sig til og afhenti öllum skipverjum blöð og bað þá skrifa hver í sínu lagi og án samvinnu það, sem þeir vissu um þetta atvik. Þeir settust niður og skrifuðu eftirfarandi vottorð:

„Við vorum að draga þorskanet í Grindavíkursjó er Einar Th. Hallgrímsson varð fyrir höfuðhöggi af gangahurð bakborðsmegin. Ég opnaði hurð þessa til að draga net sem tekið var úr trossu inní ganginn, mun hurðin þá hafa skollið á Einar, en ekki sá ég er það varð. Mér virtist Einar verða fyrir nokkuð miklu höggi því hann lagðist ofan á netatrossu sem var í b.b. gangi, kvartaði hann um sáran verk í höfði og öxl. Ég minnist þess einnig að hann talaði um flökurleika og máttleysi í nokkra daga á eftir.

Anton Hjörleifsson“

„Grindavík 24. mars 1970

Þann 13 mars síðastliðinn, er við skipverjar á Guðmundi Þórðarsyni RE 70 vorum að draga þorskanet á miðunum út af Grindavík tók ég undirritaður eftir því að Einar Th. Hallgrímsson einn af hásetum um borð, lá ofan á netatrossunum er við vorum búnir að draga og hélt um höfuðið. Spurði ég þá Gunnar Bílddal háseta hvað hefði komið fyrir Einar. Sagði hann (Gunnar) að hurðin á bakborðsgangi skipsins hefði skollið á höfuð Einars er hann átti eitthvert erindi aftur í ganginn. Sirka tveimur dögum seinna heyrði ég Einar kvarta um höfuðverk.

Eiríkur Guðbjartsson, Suðurgötu 33, Keflavík.“

„Jeg undirritaður votta það hér að Einar Hallgrímsson kvartaði við mig um meiðsli er hann hefði orðið fyrir er ganghurð hefði skollið á sér, og minnist ég þess einnig að hann kvartaði undan flökurleika daginn eftir. Og mun þetta slys hafa skeð fjórum dögum áður en hann veiktist.

Kristófer Þorvarðsson“

„Grindavík 24. marz '70.

Þann 13. marz varð Einar Th. Hallgrímsson fyrir höfuðhöggi af járnhurð bakborðsmegin á m/s Guðmundi Þórðarsyni RE 70 í slæmu veðri. Einar var miður sín á eftir og lagðist fyrir ofan á netatrossum til að jafna sig. Einar kvartaði undan höfuðverk og slappleika næstu daga á eftir. Svo varð það þann 17. marz sem Einar varð alvarlega veikur og það varð að flytja hann á sjúkrahús. Rétt sagt frá.

Gunnar Ásmundsson háseti á Guðmundi Þórðarsyni.“

„Grindavík 23/3'70

Þann 13.3. vorum við að störfum á sjó á m/b Guðmundi Þórðarsyni RE 70 í nokkrum velting að draga net og vorum að taka ónýt net úr trossu, og settum það inn í gang. Stóð Einar við það í dyragættinni er stór járn hurð skall á hann er skipið valt til. Eftir að hurðin skall á hann kvartaði hann um eymsli í upp handlegg og höfði og sagðist vera hálf ringlaður. Næstu daga kvartaði hann um eymsli eftir hurðina og sagðist vera hálf slappur.

Gunnar H. Bílddal,
Víkurbraut 6, Grindavík."

„Grindavík 24/3'70

Ég undirritaður Karl Arnar Helgason, Víkurbraut 16 Grindavík, var veikur 15. þessa mánaðar, er Einar Th. Hallgrímsson var fluttur í sjúkrahús og hafði ekki heyrt að hann hefði orðið fyrir höggi fyrr en skipsfélagar mínir voru að tala um þetta á eftir.

Karl A. Helgason"

„Ég undirritaður vissi ekki um atburðinn né sá er hurð lenti á höfði Einars Th. Hallgrímssonar, en heyrði aðeins talað um hann nokkrum dögum seinna.

Magnús Ásgeirsson,
skipverji á m/b Guðmundi Þórðarsyni."

„Valdimar Birgisson,
Hvassahraun 10, Grindavík.

Veit ekkert, heyrði þá tala um þetta seinna.

Valdimar Birgisson."

Fimm fyrstgreindu vottorðin komust í hendur skyldmenna Einars, og hinn 8. maí s. á. sendi Bergur Bjarnason hæstaréttarlögmaður beiðni um sjópróf hingað til dómstólsins, svohljóðandi:

„Hinn 13. marz 1970 var vélbáturinn Guðmundur Þórðarson RE 70 á netaveiðum út af Grindavík. Einar Hallgrímsson, háseti á bátnum, var við vinnu á framdekki. Vildi þá svo til, að járnhurð, sem er á dekkinu, skall á öxl og höfuð Einars með þeim afleiðingum, að við höggið kastaðist hann niður á netahrúgu, sem var á dekkinu. Greip Einar til höf-

uðsins og grúfði sig niður í netahrúguna um stund. Vann Einar áfram á skipinu þennan dag 13/3, en kvartaði yfir höfuðverk og ógleði. Næstu daga vann Einar störf sín, en hinn 17. marz, þriðjudag um hádegisbil, þá skeður það, að Einar hnígur skyndilega niður og er fluttur þegar í stað á sjúkrahúsið í Keflavík. Þar lá hann meðvitundarlítill í tvo daga, þ. e. til hádegis hinn 19. marz, en var þá fluttur á taugadeild Landspítalans í Reykjavík. Eftir athugun lækna á Landspítalanum var Einar síðan sendur á laugardagsmorgun hinn 21. marz á Ríkisspítalann í Osló, eftir að það var fullkomlega ljóst, að blætt hefði inn á heila Einars. Á Ríkisspítalanum átti að framkvæma heilaaðgerð á Einari, en skömmu áður en aðgerðina átti að framkvæma, blæddi að nýju inn á heila hans, þannig að eigi varð úr aðgerð. Síðan mun svo enn hafa blætt inn á heila Einars, svo að hann liggur nú milli heims og helju á Ríkisspítalanum í Osló og er vart hugað líf.

Óskað er eftir, að sjópróf fari fram út af atviki því, sem skeði um borð í m/b Guðmundi Þórðarsyni, R.E. 70, hinn 13. marz s.l., með hliðsjón af því, að líkur eru miklar fyrir, að högg það, sem Einar fékk áðurgreindan dag, sé orsök blæðinganna.

M/b Guðmundur Þórðarson, R.E. 70, er tryggður hjá Samvinnutryggingum.

Óskast sjóprófum hraðað."

Ákveðið var að halda sjóprófið 20. maí, og sendi lögmaðurinn skipstjóra bréf þess efnis og tjáði honum, að hann ætti að mæta og sjá um, að þeir Eiríkur Guðbjartsson, Gunnar H. Bílddal, Gunnar Ásmundsson, Kristófer Þorvarðsson og Anton Hjörleifsson mættu einnig í dóminum. Við sjóprófið lagði lögmaðurinn fram sjóprófsbeiðnina og ofangreind fimm vottorð. Skipstjórinn kom fyrstur fyrir dóminn og sagði, að hann hefði ekki fengið vitneskju um, að Einar hefði orðið fyrir höggi af umræddri hurð, fyrr en 19. mars. Hann sagði einnig, að hurðin kynni að hafa skollið á Einar, án þess að hann hefði orðið þess var. Anton Hjörleifsson kom næstur fyrir dóminn og staðfesti vottorð sitt. Hann lýsti vinnubrögðunum við að færa ónýt og gölluð net úr trossunni inn í hinn lokaða bakborðsgang. Hurðin hafi því verið opin og Einar hafi staðið við hurðina með bakið í hana og lempað netin yfir þröskuldinn til Antons, sem gekk frá þeim inni í ganginum. Hurðin hafi getað slegist sitt á hvað við velting

og hún sé tvískipt og hafi báðir hlutarnir getað slegist til. Næstur kom Gunnar Bílddal og staðfesti vottorð sitt og kvaðst ekki beinlínis hafa séð, er hurðin skall á Einari. Dagsetningin á vottorði hans geti skeikað um einn dag, þar sem hann hafi miðað eingöngu við ákveðna ferð. Eiríkur Guðbjartsson kom þá fyrir dóminn og staðfesti vottorð sitt, en kvað dagsetningu geta skeikað um einn dag. Hann kvaðst muna eftir því, að Einar hafi eftir atvikið talað um sjóveiki, en þó getið þess, að það væri ekki venjuleg sjóveiki, heldur meira höfuðverkur. Kristófer Þorvarðsson kom síðastur fyrir dóminn og staðfesti vottorð sitt og kvað Einar hafa kvartað við sig um flökurleika og slappleika daginn eftir umrætt atvik og að hann hefði verið áheyrandi að því, að Einar hefði kvartað við skipsfélaga sína um flökurleika og slappleika eftir atvikið. Kristófer taldi, að Einar hefði komið beint aftur í til sín, eftir að hann varð fyrir hurðinni, og kvartað undan meiðslunum. Kristófer kannaðist við að hafa sagt skipstjóra frá þessu 19. mars, eins og skipstjórinn skráði. Aðrir voru ekki kallaðir fyrir dóminn, og var sjóprófinu lokið. Lögmaður stefnanda lét þýða endurritið úr sjóprófinu á norsku og sendi það yfirlæknunum á taugasjúkdómadeildinni á Ríkisspítalanum í Osló, Styri og Engeset, ásamt bréfi, dags. 29. maí 1970, þess efnis, að Einar hefði orðið fyrir þungri járnhurð um borð í skipinu hinn 13. mars 1970 og hinn 17. mars hefði hann skyndilega hnigið niður af heilablóðfalli. Voru læknarnir beðnir um að gefa álit sitt á sjúkdóminum og hvort tengsl gætu verið á milli slyssins og sjúkdómsins. Ole B. Styri yfirlæknir svaraði bréfi þessu með bréfi til lögmannsins, dags. 23. október 1970, og segir þar í löggiltri þýðingu:

„Veikindi sjúklingsins með einkennum, er bentu til subarachnoidalblæðingar hófust skyndilega þann 17. mars 1970. Samkvæmt ábyggilegum heimildum varð sjúklingurinn fyrir sköddun á höfði við vinnu þann 13. mars 1970, það er 4 dögum á undan. Sköddunin var sú, að hann fékk þunga járnhurð í höfuðið og missti meðvitund stutta stund. Síðan var sjúklingurinn til þess að gera hress og í vinnu til 17. mars. Sjúklingurinn var mjög illa haldinn í upphafi, en hresstist smám saman það mikið, að talið var, að hann þyldi flutning og skurðaðgerð“ . . .

„ . . . Sjúklingurinn hefur nú legið á Nevrologisk avdeling og endurhæfingardeildinni og hefur rankað við. Hann getur nú hreyft hendur og fætur og haft samband við umheiminn.

Þó verður að ganga út frá því sem vísu, að þær miklu heilaskemmdir, sem hann hefir orðið fyrir, munu valda 100% varanlegri örorku.

Það er spurt um ástæðuna til þessarar subarachnoidalblæðingar. Subarachnoidalblæðingar frá sacculere aneurismer eiga sér oft stað hjá ungu fólki án fyrirvara. Við höfum þó séð heilablæðingar (intracerebrale), sem hafa átt sér stað 3—4 dögum eftir sköddun á höfði og sem stendur í öruggu sambandi við þessa sköddun. Skýringuna á þessum blæðingum teljum vér þá, að höfuðsköddunin hafi orsakað tognun á æðum heilans, þannig að innri þekja æðarinnar hefir sprungið (ruptur) og flettst upp með blóðstraumnum, og hefir þetta orðið þess valdandi annaðhvort að blóðstraumurinn hefir stöðvast eða þá æðarveggurinn veikst til muna, þannig að hann hefir sprungið á 3—4 dögum. Blæðingin hefir síðan stöðvast sjálfkrafa af samdrætti í æðum, (sekundære karrspasmer) og er dregið hefir úr honum, hafa blæðingar komið á ný. Þar sem ekki var hægt að sanna sacculært aneurisme hjá Einari Hallgrímssyni, er ekki hægt að útiloka þann möguleika, að slík æðaskemmd hafi átt upphaf sitt við höfuðsköddun þann 13. mars 1970 og hafi leitt til, að æðin rifnaði með kröftugri heilablæðingu þann 17. mars, og daginn áður en skurðaðgerðin átti fram að fara."

Sama efnis var dagbókarúrdráttur sjúkrahússins, sem fylgdi bréfi þessu, dskj. nr. 8, að öðru leyti en því, að þar er getið um „subarachnoidal/intracerebrale" blæðingu.

3. Um haustið 1970 kom tengdafaðir Einars til skipstjórans og fór fram á, að hann gæfi skýrslu um slysið til Tryggingastofnunar ríkisins á þar til gerðu eyðublaði stofnunarinnar, til þess að stofnunin greiddi bætur. Oddbergur Eiríksson kom sömu erinda til skipstjóra, en skipstjórinn vildi þá ekki viðurkenna, að slys hefði orðið með þeim hætti, sem fram kom í sjóprófinu, en þeir urðu ásáttir um, að skipstjórinn vísaði í sjóprófið og undirritaði skýrsluna, eins og dskj. 34 ber með sér. Þá um haustið fékk lögmaður stefnanda tryggingafræðing til að reikna út örorkutjón Einars, og er það dags. 11. nóvember 1970. Segir Bjarni Þórðarson, cand. act., að útreikningurinn sé gerður sem liður í skaðabótakröfu á hendur útgerðarmanni skipsins og muni því í forsendum útreikningsins miðað við, að örorkan sé afleiðing umrædds slyss. Á grundvelli örorkutjónsútreikningsins gerði lögmaðurinn kröfu á hendur tryggingarfélagi skipsins, réttar-

gæslustefnda, um skaðabætur að fjárhæð kr. 5.543.183, dags. 16. nóvember 1970. Lögmaður réttargæslustefnda sneri sér þá til Siglingamálastofnunar ríkisins og bað um álit þeirra á umræddri járnhurð og útbúnaði hennar. Svar stofnunarinnar, dags. 6. janúar 1971, er á þá leið, að hurðin hafi verið skoðuð 4. janúar 1971 og þetta sé tvískipt stálhurð af venjulegri gerð og hafi henni og búnaði hennar ekkert verið ábótavant. Krókur sé á lunningu til að krækja neðri hluta hurðarinnar við lunninguna, þegar dyrnar standi opnar, og þá haldist efri hluti hurðarinnar einnig að lunningunni, þar sem hann gangi niður á neðri hlutann að utanverðu. Hinn 5. janúar 1971 gerði lögmaður stefnanda einnig bótakröfurnar á hendur eigendum og útgerðarmönnum skipsins, og var stefna í máli þessu síðan út gefin 1. mars 1971. Málssóknin var á því byggð, að hinn 13. mars 1970 hefði járnhurðin skollið á öxl og höfuð Einars með þeim afleiðingum, að hann hafi við höggið kastast niður á netahrúgu, sem var á dekkinu. Hann hafi unnið áfram á skipinu þennan dag, en kvartað yfir höfuðverk og ógleði. Næstu daga hafi hann unnið störf sín, en skyndilega fengið heilablóðfall 17. mars með fyrrgreindum afleiðingum. Slysið megi rekja til vanbúnaðar skipsins, þar sem ekki hafi verið unnt að festa hurðina og halda opinni, svo og að víst sé, að höfuðhögg þetta sé bein orsök að blæðingu þeirri og heilaskemmdum, sem valdið hafi örorku hans. Greinargerð með málsástæðum þessum var af hendi stefnanda lögð fram í lok júní 1971, en greinargerð af hálfu stefndu var síðan lögð fram 17. september s. á. Þar var kröfunum mótmælt á þeim forsendum, að ósannað væri, að Einar hafi orðið fyrir slysi um borð í skipinu, svo sem um ræði í sóknargögnum, og að ósannað væri, að sjúkleiki Einars ætti rætur að rekja til áverka, er hann hefði hlotið í slysi um borð í skipinu. Auk þessa sé ekki skilyrði til að leggja á stefndu fébótaábyrgð á slysi, þótt talið yrði sannað, að sjúkleiki Einars hafi átt rætur að rekja til slyss þess, sem sóknargögn halda fram.

III. Gangur málsins og skýrslugjafir fyrir dómi.

1. Emil Ágústsson borgardómari fékk mál þetta til meðferðar, en hann hafði einnig haldið sjóprófið 20. maí 1970. Þingað var í málinu 15. maí 1972, og voru þá af stefnanda hálfu lögð fram gögn, er sýndu, að milli járnhurðarinnar og lunningar væri sett netarenna úr tré, þegar verið væri á netaveiðum, sem gerði það að verkum, að krókurinn væri óvirkur. Er óumdeilt í málinu,

að netarenna þessi hafi verið til staðar, og kemur hún skýrt fram á ljósmyndum, er teknar voru af bróður Einars, Ólafi Hallgrímssyni lækni, í róðri snemma í mars 1970, dskj. 35 og 36. Magnús Hallgrímsson verkfræðingur, bróðir Einars, hafði farið til Grindavíkur 6. mars 1972 og séð netarennu þessa í skipinu og tekið af henni myndir, sem lagðar voru fram á dskj. nr. 27—32. Agnar Norland skipaverkfræðingur og Björn Árnason vélaverkfræðingur sömdu álitsgerðina um hurðina og netarennuna, og hafði skoðun þeirra farið fram 10. mars 1972. Kom þar og fram, að jafnvel þótt netarennan væri ekki á sínum stað, væri samt ekki unnt að krækja hurðina að lunningunni, þar sem festiklossi rennunnar á þilfari hindraði það. Staðfestu þeir álitsgerð sína í dóminum. Síðan hófust yfirheyrslur yfir skipsmönnum, og stóðu þær fram eftir vori 1972 og fram í desember það ár. Er rétt að rekja það, sem fram kom um slys Einars af járnhurðinni.

Kristófer Þorvarðsson matsveinn kom fyrir dóminn 15. maí 1972. Hann staðfesti að nýju vottorð sitt og lýsti nánar atvikum. Hann hafi verið við störf sín í eldhúsi, er Einar hafi komið þangað og sagt: „Helvíti meiddi ég mig illa." Hann hafi spurt Einar, hvað komið hefði fyrir, og hafi Einar þá sagt, að gangahurðin hefði slegist á hann. Einar hafi lýst fyrir honum, hvernig hann hafi orðið fyrir hurðinni. Þeir skipverjarnir hafi verið að flytja ónýt net aftur í ganginn. Netin hafi fest í þröskuldinum og hann hafi þá beygt sig til að greiða úr þeim og þá hafi hurðin skollið á hann. Kristófer kvaðst ekki hafa tekið eftir áverkum á Einari, en Einar hafi dvalist nokkra stund í eldhúsinu eins og til að jafna sig. Einar hafi verið nokkuð miður sín og m. a. ekki þegið kaffi, sem Kristófer hafi boðið honum. Einar hafi síðan farið aftur til starfa. Eftir þetta hafi Einar kvartað um flökurleika og daginn eftir hafi Einar kvartað um slíkt eftir kvöldmatinn og þá í áheyrn skipsfélaga sinna. Þarna eftir matinn hafi Einar sérstaklega kvartað um þetta við sig, en þá hafi hann verið orðinn einn eftir af þeim skipverjum. Nánar aðspurður sagði Kristófer, að Einar hefði skýrt sér frá því, að hurðin hafi skollið á höfuð sér og axlir, enda hafi Einar haldið um höfuð sér, er hann hafi komið aftur í til hans. Ekki hafi farið á milli mála milli hans og Einars, að hurðin hafi skollið á höfuð hans. Hann hafi verið búinn að þekkja Einar í mörg ár og hafi hann ekki vitað annað en að hann væri hraustur og aldrei heyrt hann kvarta um neina vanlíðan. Aðspurður, hvers vegna hann hafi ekki skýrt skipstjóranum frá atviki þessu fyrr en 19. mars, svar-

aði Kristófer, að hann hefði ekki álitið, að hér væri um alvarleg meiðsl að ræða, og í önn dagsins hafi hann ekki talið ástæðu til að skýra sérstaklega frá kvörtunum Einars.

Ólafur Sigurðsson skipstjóri kom fyrir dóminn 19. maí 1972. Þá tók hann fram, að við athugun sína í leiðabók skipsins hafi hann komist að raun um, að atvik það, sem málið snýst um, hafi átt sér stað 10. mars 1970, en ekki 13. mars 1970. Veður hafi þá farið mjög versnandi og hafi gert grimmdarfrost. Hafi skipverjar þá fært net aftur í ganginn bakborðsmegin, en það hafi verið í fyrsta og eina skipti, sem slíkt hafi verið gert á vertíðinni. Yfirleitt hafi ónýt net verið sett fram í skipið eða til hliðar á dekkinu. Hann hafi verið í brúnni, þegar skipverjarnir voru að færa netin, en hann kvaðst ekki hafa orðið þess var, að hurðin hafi skollið á Einar.

Gunnar Ásmundsson háseti kom fyrir dóminn 23. maí 1972. Hann staðfesti vottorð sitt, en hann hafði ekki komið í sjóprófið. Hann kvaðst þó ekki vera viss um, að réttar dagsetningar væru greindar í vottorðinu. Hann kvaðst ekki hafa séð, hvernig umrætt atvik átti sér stað, en það, sem hann segi í vottorðinu, hafi hann eftir sögusögn Einars sjálfs. Hann hafi hins vegar séð Einar liggjandi á netahrúgunni. Einar hafi kvartað um slappleika og að hann væri miður sín þá um kvöldið, er þeir ræddust við í lúkar skipsins, að því er Gunnar minnti. Eftir umræddan atburð hafi þeir bundið upp hurðina, en það hafi ekki verið gert áður.

Ólafur Sigurðsson skipstjóri sagði hér fyrir dóminum 12. júní 1972, að hann hefði vitneskju um það, að þeir Kristófer, Gunnar Ásmundsson og Gunnar Bílddal hafi verið á heimili Gunnars Bílddal og rætt þar um atvikið varðandi Einar og hafi þetta verið áður en honum var skýrt frá atvikinu í sambandi við hurðina. Gunnar Bílddal hafi sjálfur sagt honum þetta eftir síðustu áramót (þ. e. í janúar 1972, innsk.). Tók skipstjóri fram, að í frásögn Gunnars Bílddal hafi þó ekki sérstaklega falist það, að þeir skipverjarnir hafi verið að sammæla sig um ákveðna skýrslugjöf varðandi atvikið. Einnig hafi meðal annarra Gunnar Bílddal sagt skipstjóranum áður, að Einar hafi áður kennt flökurleika, „m. a. hafi strákarnir getið þess, að Einar hafi stundum lagst á lausahurð, sem var fram undir hvalbak.“ Einnig bar skipstjóri, að viku eða hálfum mánuði áður en sjópróf um atvikið fóru fram og vitandi um þau hafi hann verið í borðsal skipsins ásamt fleiri skipverjum. Orð hafi komið upp um, að

þeir þyrftu að mæta í sjóprófinu, og hafi hann þá heyrt á tal þeirra Gunnars Ásmundssonar og Eiríks Guðbjartssonar og hafi orð fallið hjá öðrum hvorum þeirra í þá átt, að það væri sjálfsagt, að þeir gerðu allt, sem í þeirra valdi stæði, til þess að kona Einars fengi eitthvað „út úr þessu".

Jón Karl Sigurðsson matsveinn kom fyrir dóminn 5. október 1972. Hann bar, að hann hefði af og til verið matsveinn á skipinu frá árinu 1970, en ekki verið það, þegar umræddur atburður gerðist. Haustið 1970 hafi hann heyrt á samtal skipverjanna um borð í skipinu, þar sem þeir hafi verið að ræða umrætt slys. Í samtali þessu hafi komið fram af vörum Antons Hjörleifssonar, að þeir skipsfélagarnir hafi hist á heimili Gunnars Bílddal, áður en sjópróf fóru fram, til að ræða saman um sameiginlegan framburð varðandi slysið, „til þess að þeir yrðu ekki sundurorða það varðandi." Í önnur skipti hafi Anton rætt þessi mál við vitnið og hafi sér skilist á orðræðum skipverjanna og orðum Antons, að þeir skipverjarnir hafi ekki séð, er margnefnt atvik átti sér stað, heldur hafi þeir síðar sammælst um að skýra frá atburðum á sama veg í þeim tilgangi, að kona Einars fengi „eitthvað út úr þessu" vegna heimilisástæðna.

Karl Helgason vélstjóri kom fyrir dóminn 5. október 1972. Hann kvaðst ekki hafa séð eða vitað um margnefnt atvik, en þó hafa heyrt eitt sinn af þeim skipverjum í samtölum þeirra, að Einar hefði orðið fyrir hurðinni í umrætt sinn. Sérstaklega aðspurður gat hann ekki skýrt nánar frá orðræðunum, að öðru leyti en því, að Einar muni hafa fengið hurðina á öxlina.

Magnús Ásgeirsson stýrimaður kom þá einnig fyrir dóminn og bar, að hann hefði ekki neitt vitað um umrætt atvik, fyrr en hann hafi heyrt um það frá skipverjum sínum, eftir að Einar var kominn á spítala. Þetta hafi verið í sambandi við það, að skipverjarnir gáfu vottorðin.

Kristófer Þorvarðsson kom þá aftur fyrir dóminn og bar, að hann og Gunnar Ásmundsson hafi orðið samferða upp í verslun, eftir að Einar varð fyrir áfallinu um borð í v/s Bergvík, og þá hafi hann spurt Gunnar, hvort hann hafi vitað um það, að Einar hafi fengið hurðina á sig og hafi Gunnar svarað því játandi. Þeir hafi síðan farið heim til Gunnars Bílddal og þá spurt hann að því, hvort hann hafi vitað um hurðaratvikið, og hafi Gunnar Bílddal svarað því játandi. Þeir hafi á engan hátt verið að sammælast um það, hvernig þeir skyldu bera um atvikið í væntanlegum sjóprófum, heldur hafi eingöngu verið í orðræðum þeirra

verið að komast að raun um, hvort eitthvert samhengi væri á milli þess, er Einar hafi fengið hurðina á sig, og áfalls þess, er hann varð síðar fyrir um borð í v/s Bergvík. Hann hafi rætt við Oddberg Eiríksson og spurt hann, hvernig þeir skipverjarnir ættu að snúa sér til að koma á framfæri vitneskju þeirra skipverjanna um það, er Einar hafi fengið hurðina á sig, þar sem þeir hafi ekki vitað um, hvernig þeir ættu að snúa sér um slíkt.

Gunnar Bílddal kom fyrir dóminn 17. nóvember 1972. Hann staðfesti framburð sinn í sjóprófinu 20. maí 1970 og tók fram, að Einar hafi verið meira fram í skipinu til hvíldar eftir atvikið með hurðina heldur en ella, en þangað fari skipverjar til hvíldar á milli þess sem trossur eru dregnar. Eftir að Einar hafi orðið fyrir áfallinu um borð í v/s Bergvík, hafi þeir skipverjarnir rætt atvikið, þar sem það hafi komið nokkuð flatt upp á þá. Það hafi verið algengt á þessum tíma, að þeir skipverjarnir hafi hist á heimili sínu. Allt, sem hann hafi borið fyrir dóminum um atvikið varðandi Einar, sé sannleikanum samkvæmt og þeir skipverjarnir hafi ekki sammælst um að skýra frá um atvikið fyrir dóminum en sem satt var. Að sínu mati sé enginn vafi á því, að hurðin hafi skollið á Einar, enda hafi Einar þá farið frá verki. Hann hafi ekki séð, er hurðin skall á Einar, en séð þessar afleiðingar þess. Gunnar Bílddal kvaðst ekki minnast þess sérstaklega, hvort Einar hafi sagt sér, að hann hafi orðið fyrir hurðinni.

Ólafur Sigurðsson skipstjóri fylgdist með þessum framburði Gunnars Bílddal og kom þá á ný fyrir dóminn til samprófunar við hann. Skipstjóri bar undir Gunnar Bílddal, að Gunnar hefði sagt sér um vorið, að Einar hefði fyrir umræddan atburð legið á hurð við hvalbakinn vegna slappleika. Kannaðist Gunnar við samtal sitt við skipstjóra, en taldi Einar hafa farið meira til að leggja sig á hurð þessa, eftir að hann varð fyrir járnhurðinni.

Gunnar Ásmundsson háseti kom fyrir dóminn 9. desember 1972 og staðfesti fyrri framburð sinn og sagði, að það hefði oft komið til orða hjá þeim skipsfélögum, að þeir gerðu allt til þess að kona Einars „fengi eitthvað út úr atvikinu“, og kvaðst hann ekki telja neitt rangt við það, að þeir hafi talað um þetta.

Eiríkur Guðbjartsson háseti kom fyrir dóminn 9. desember 1972 og staðfesti vottorð sitt, sem lagt var fram í sjóprófinu. Hann kvaðst ekki hafa séð, að hurðin hafi skollið á Einari, en hann hafi séð Einar liggja á netatrossunum. Hann hafi sjálfur verið að draga net í skipið úr sjó og hann hafi ekki áttað sig á því,

hvers vegna Einar lægi á netatrossunni. Hann hafi spurt Gunnar Bílddal um þetta og hafi Gunnar svarað því til, að ganghurðin hefði skollið á Einari. Hann minntist þess ekki, að Einar hefði sagt sér frá því, að hann hefði orðið fyrir hurðinni. Einar hafi nefnt við sig eftir þetta, að hann væri sjóveikur, og hafi Einar verið hissa á því, að hann skyldi vera sjóveikur eftir að hafa verið svo lengi á skipinu. Hafi Einar sérstaklega getið þess, að hann væri hissa á því að fá höfuðverk með sjóveikinni.

Anton Hjörleifsson háseti kom þá fyrir dóminn og kannaðist við vottorð sitt. Hann hafi verið inni í ganginum við að hringa niður netin. Hann hafi séð, að Einar hafi dottið á netatrossurnar. Hann hafi spurt Einar, hvað væri að, og hafi Einar þá svarað því, að hurðin hafi skollið á sig, en sjálfur hafi hann ekki séð það. Þeir skipverjarnir hafi verið búnir að ræða atvikið, eftir að Einar varð fyrir áfallinu um borð í Bergvíkinni, en það hafi ekki haft nein áhrif á vottorðsgjöfina. Hann mótmælti gersamlega, að nokkuð hafi átt sér stað, sem Jón Sigurðsson matsveinn bar hér fyrir dóminum 5. október 1972. Hann bar og, að Einar hafi borið sig illa, þá er hann hafi legið á netatrossunum, eftir að hann féll, og hann hafi eftir það farið aftur í borðsal.

2. Árið 1973 fór mestmegnis í að senda málið til Læknaráðs Íslands. Með úrskurði, uppkveðnum 12. apríl 1973, beiddist þáverandi dómari málsins umsagnar Læknaráðs um, „hvort samband kunni að vera milli lömunar Einars Hallgrímssonar og höfuðhöggs þess, sem hann hlaut í róðri, nokkrum dögum áður en hann veiktist.“ Þessu svaraði Læknaráð játandi 20. júlí 1973, og var það staðfest af forseta ráðsins 17. október s. á. Með úrskurði, uppkveðnum 21. nóvember s. á., beiddist dómari svars við eftirfarandi spurningum:

1. Verður fullyrt, að núverandi heilsuleysi Einars Hallgrímssonar, sem um ræðir í málinu, sé afleiðing af höfuðáverka þeim, er um ræðir. Verði því játað, hver eru þá helstu læknisfræðilegu rök fyrir þeirri niðurstöðu?

2. Verði þetta ekki fullyrt, hverjar eru þá líkur til orsakasambands og á hverju byggðar?

3. Getur annarri orsök en áverka af slysi verið til að dreifa? Og hverjar eru þá líkur með og móti hvorri hinna hugsanlegu orsaka um sig?

Spurningunum svaraði Læknaráð 7. mars 1974 þannig:

„Ad. 1. Nei.

Ad. 2. Samkvæmt því, sem ritað hefur verið um svipuð tilvik

í læknarit, má telja yfirgnæfandi líkur til þess, að núverandi heilsuleysi Einars Hallgrímssonar sé afleiðing höfuðáverka þess, sem um ræðir.

Ad. 3. Já, en til þess eru mjög litlar líkur, sbr. svar við spurningu nr. 2". Var svar þetta staðfest af forseta ráðsins 18. apríl 1974. Framhaldssök var síðan höfðuð 21. júní 1974. Vegna forfalla Emils Ágústssonar tók undirritaður dómsformaður við meðferð málsins, en þá höfðu meðdómsmenn þegar tekið sæti í dóminum. Dómurinn taldi rétt, að aðiljar og vitni kæmu á ný fyrir dóminn, áður en málið yrði flutt, og fór yfirheyrslan fram 25. nóvember 1974, en dómurinn hafði þá farið á vettvang og skoðað skipið 9. nóvember 1974.

3. Verða nú raktir framburðir, sem fram komu haustið 1974.

Magnús Ásgeirsson stýrimaður kvaðst muna, að net hefðu verið dregin aftur í bakborðsganginn og inn í hann til þess að leysa af þeim þar. Þetta væri hagræði í frosti og kuldum. Hann taldi alla vera á dekki, þegar net væru dregin. Hann kvaðst ekkert hafa heyrt, að Einar hefði orðið fyrir hurðinni, fyrr en vottorðin voru skrifuð, en þá hafi hann heyrt þetta frá nokkrum skipverjum. Þá hafi verið talað um, að Einar hefði slasast á ákveðinni hurð eða rekið sig á hurð eða hurðapóst eða eitthvað í kringum það. Hann minnti, að Einar hefði verið ágætur til heilsu á vertíðinni.

Anton Hjörleifsson háseti kom þá aftur fyrir dóminn og lýsti nánar atburðinum. Hann kvaðst hafa séð Einar liggja á netahrúgu, sem var fyrir framan hurðina. Þetta hafi hann séð út um hurðina, þar sem hann sjálfur var innarlega í lokaða ganginum. Hurðin hafi þá verið laus og slegist til eftir því sem skipið valt, þar sem Einar studdi ekki við hana. Hann taldi, að net hefðu áður á vertíðinni verið lempuð á sama hátt inn í ganginn og Einar hefði tekið þátt í því. Þegar Einar hafi lagst á netahrúguna, hafi dráttur netanna stöðvast og þeir hafi nokkrir farið til Einars, þar sem hann lá, og spurt, hvað hefði gerst. Einar hafi þá farið óstuddur aftur í borðsal. Einar hafi þá sagt, að hann hafi fengið hurðina í sig, að hún hefði slegist í höfuðið á honum og í öxlina. Hann hafi ekki misst meðvitund. Vitnið kvaðst sjálft hafa staðið við hurðina og haldið henni opinni í veltingi og hann hafi orðið fyrir því að missa tök á henni í veltingnum, þannig að hann hafi þurft að halla sér áfram til að halda jafnvægi, en síðan aftur á bak og þá komi efri partur hurðarinnar á móti. Nánar aðspurður kvaðst hann hafa litið út ganginn, þeg-

ar allt stoppaði, og þá hafi hann séð Einar, þar sem hann lá. Hann sagði þetta hafa verið fyrstu vertíð sína á sjó og þeir hefðu einnig verið óvanir og að þeir hafi þurft nokkra tilsögn frá stýrimanni. Hann taldi, að óþægilegt hefði verið að binda hurðina fasta, og kvaðst halda, að honum hafi þótt þetta sjálfsagt eins og það var, þar sem enginn útbúnaður var til að festa hurðina. Einar hafi legið í kuðung á netahrúgunni og haldið um höfuðið og meiningin frá orðum Einars hafi verið sú, að hann hafi fengið hurðina á sig á höfuðið og öxlina. Hann taldi, að allir á dekkinu hefðu átt að verða varir við þetta, vegna þess að drátturinn stöðvaðist. Hann kvaðst hafa þekkt Einar frá því þeir voru saman í barnaskóla í Grímsnesi, en þeir hafi ekki unnið saman fyrr en þarna á vertíðinni, en enginn annar samgangur hafi verið þeirra í milli. Þegar lesið var fyrir vitnið úr vottorði þess, kannaðist vitnið fyrst í stað ekki við lýsinguna og taldi þetta vera ónákvæma bókun dómsins með löguðu orðalagi dómara og þarna gætti því misskilnings. Þegar vitninu var bent á, að það hefði sjálft skrifað þetta, rétt eftir að Einar veiktist, útskýrði vitnið, að þetta hafi ekki verið nákvæmlega orðað, þar sem hann hefði hespað þessu af og ekki vitað, hvert framhaldið yrði. Vildi vitnið því leiðrétta frásögn sína úr vottorðinu, enda hafi verið búið að draga nokkur net inn í ganginn, þegar atburðurinn gerðist.

Eiríkur Guðbjartsson háseti bar þá fyrir dóminum, að þegar hann hefði séð Einar liggja á netatrossunni, hafi hann sjálfur staðið úti við borðstokkinn stjórnborðsmegin. Dráttur netanna hafi stöðvast. Hafi hann spurt Gunnar Bílddal, sem stóð bakborðsmegin við borðið, hvað hefði komið fyrir Einar. Hann kvaðst ekki muna greinilega, hvernig Einar hafi legið, og hann hafi ekki gengið til hans, og hann mundi ekki, hvort aðrir hefðu gert það. Svar Gunnars Bílddal hafi verið í þá átt, að hurðin hafi skollið á Einar, er hann hafi átt eitthvað erindi aftur í ganginn. Hann hafi séð, að þeir hafi verið að draga net aftur í bakborðsganginn. Hann kvaðst muna, að hlé hafi orðið á drættinum, og hann kvaðst telja alveg víst, að allir þeir, sem á dekkinu voru, hafi séð Einar liggja þarna. Hann kvaðst sjálfur hafa tekið þátt í að færa net aftur í gang þennan og þá hafi einhver staðið við hurðina, og hann kvaðst telja, að flestir hafi gert sér grein fyrir því, að „það mætti passa sig á hurðinni", þegar staðið væri við hana undir slíkum kringumstæðum.

Gunnar Ásmundsson háseti kom aftur fyrir dóminn og bar,

að hann minntist þess ekki að hafa gengið til Einars, þar sem hann lá, en hann hafi sjálfur verið að greiða úr fiski við rennuna. Einar hafi legið á netahrúgunni fyrir framan járnhurðina og haldið báðum höndum um höfuðið. Hægt hefði verið að binda hurðina upp, meðan netin voru færð inn í ganginn, en það hafi ekki verið gert, og það hafi aldrei verið gert, þegar þetta verk var unnið. Einar hafi oftar en einu sinni kvartað um það við sig, að hann væri miður sín eftir að hafa fengið hurðina á sig, en vitnið kvaðst ekki muna, hvort Einar hafi sagt, hvar hurðin hafi komið á hann. Hann sagði, að skipstjóra hafi ekki verið tilkynnt um þetta og þess vegna hafi þeir orðið að skrifa vottorðin. Hann taldi menn hefðu getað verið á dekkinu án þess að sjá Einar liggjandi á netatrossunni.

Kristófer Þorvarðsson matsveinn kom aftur fyrir dóminn og bar, að þegar Einar hafi komið aftur í til hans, hafi hann haldið um höfuðið og sagt „helvíti meiddi ég mig illa“ og sagt, að hurðin hafi skollið á hann. Síðan hafi hann farið aftur í borðsal og verið þar í góðan tíma, en vitnið hafi verið að vinna í eldhúsinu á meðan. Síðan hafi Einar farið fram að vinna eftir einhvern tíma. Vitnið byrjaði á skipinu um áramótin. Eftir áfall Einars um borð í Bergvíkinni hafi vitnið verið miður sín lengi eftir að horfa upp á þjáningar Einars og hann hafi ekki sett þetta strax í samband við járnhurðina.

Karl Helgason vélstjóri kom aftur fyrir dóminn og bar, að þegar net séu dregin, standi hann yfirleitt við spilið. Hann kvaðst ekki minnast þess, að dráttur neta hafi stöðvast og Einar hafi legið á netatrossunni.

Valgerður Helgadóttir, eiginkona Einars Hallgrímssonar, stefnandi málsins, kom þá fyrir dóminn. Hún bar, að heilsa Einars hefði verið góð, og minntist þess ekki, að hann hafi kvartað yfir höfuðverkjum eða svima. Einar hafi orðið mjög veikur eftir að hafa haft influensu með háum hita í fleiri sólarhringa, en síðan hafi hann náð sér að fullu. Hún lýsti því, að daginn áður en hann varð veikur um borð í Bergvíkinni 17. mars, hafi hann verið heima og verið mjög slappur og hafi kastað upp um kvöldið og sofið allan seinni part dagsins. Hann hafi lagt sig, þegar hann kom heim, og bað hana að vekja sig um kvöldið, þar sem hann hugðist horfa á íþróttir í sjónvarpinu. Hún hafi vakið hann og hann hafi farið fram úr og þá hafi hann kvartað um þennan flökurleika og kastað upp og verið mjög slappur. Um morguninn hafi hún nefnt við hann, að hann skyldi ekki fara í róðurinn,

en hann hafi þó farið. Einar hafi ekki sagt henni, að hann hefði fengið hurðina á sig, og hann hafi ekki talað um, að hann hefði höfuðverk eða sljóleika. Um kvöldið hafi hann ekki kvartað um höfuðverk, heldur flökurleika.

Ólafur Sigurðsson skipstjóri kom aftur fyrir dóminn og bar, að hann verði var við það í brúnni, ef dráttur á netum stöðvast. Hann lýsti því, að net hefðu verið dregin í bakborðsganginum 10. mars 1970, til þess að hægara væri að leysa af þeim. Ónýt net hafi verið tekin úr trossunni, eitt, tvö eða þrjú, og önnur ný voru sett í trossurnar, og þessi ónýtu net hefðu síðan verið færð inn í bakborðsganginn, en hin netin lögð niður, eins og venja er, á dekkið. Drátturinn hafi sennilega stöðvast eða tafist af þessu. Þennan dag hafi drátturinn byrjað í birtingu og ónýtu netin hafi aðeins verið tekin úr fyrstu trossunni. Semma hafi verið hætt að draga vegna veðurs og þeir hafi snúið til lands og verið lengi á leiðinni vegna mótbyrs. Skipstjóri lýsti fyrir dóminum, að honum hefði skilist það á sjúkrahúslækninum í Keflavík eftir áfall Einars, að ekki væri á valdi skipstjórans að gera meira í málinu fyrir Einar, þar sem læknirinn hefði ekki fengið upplýsingar frá Einari um neitt slys eða högg. Læknirinn hafi spurt Einar beint að því, hvort eitthvað hefði komið fyrir hann, fengið högg eða dottið eða slíkt, en Einar hafi svarað neitandi. Þegar hann hafi gefið skýrsluna til Tryggingastofnunar hafi Oddbergur Eiríksson lagt hart að honum að gefa sér þessa skýrslu, til þess að kona Einars fengi þær bætur, sem henni bæri, en hann hafi ekki talið sig vera að samþykkja neitt í skýrslunni. Skýrslan, eins og hún liggi fyrir, sé gerð samkvæmt samkomulagi hans og Oddbergs, þeir hafi komið saman á miðri leið, Oddbergur hafi áður komið fram fyrir hönd aðstandenda Einars, þegar gert hafi verið upp eftir vertíðina. Skipstjóri lýsti því, að hann væri sannfærður um það, að það hefði verið í siglingunni 15. mars að Krísuvíkurbergi sem hásetarnir hefðu verið með stökk og íþróttaæfingar á þilfari. Hann sagði einnig, að hann teldi framburð skipverjanna um höggið á Einar af járnhurðinni vera ýktan. Verið gæti, að Einar hafi raunverulega fengið hurðina á sig 10. mars í veltingnum. Skipstjóri minntist þess ekki, að Einar hefði um morguninn 17. mars í bílnum minnst á lasleika, en hann sagði, að hann hefði alltaf ekið Einari í sínum bíl, þegar heim var farið úr róðrum. Skipstjóri upplýsti, að tveir skipverjanna, þeir Gunnar Bílddal og Anton Hjörleifsson, hefðu sagt við sig utan dómssalarins, að þeir ætluðu að „hætta þessum skrípaleik“

og segja sannleikann, og af þessu hafi hann dregið þá ályktun, að þeir bæru annað fyrir réttinum en rétt væri. Einnig hafi komið fram, að skipverjarnir hafi hist á heimili Gunnars Bílddal kvöldið 18. mars og komið sér saman um framburð um slysið.

Valdimar Birgisson háseti bar fyrir dóminum 29. nóvember 1974, að hann hefði heyrt talað um, að hurðin hefði farið í Einar. Hann bar, að hefði hann verið á dekkinu og Einar hefði lagst á netahrúgu, hefði hann séð það. Hann kvaðst aldrei hafa séð Einar liggja á dekkinu, og hann kvaðst muna eftir Einari í íþróttastökki á dekkinu. Hann kvaðst muna, að hurðin hafi verið bundin upp, þegar net hafi verið færð inn í bakborðsganginn.

Magnús Hallgrímsson, bróðir stefnanda, kom fyrst fyrir dóminn 29. nóvember 1974 og bar, að tvö hálfsystkini þeirra Einars hafi dáið úr heilablæðingu og móðir þeirra einnig, að talið væri, að þetta hafi verið sjúkdómur, sem gangandi sé í ætt fyrri eiginkonu föður þeirra. Móðir þeirra Einars, seinni kona föður þeirra, hafi dáið úr „multiple sclerosis", sjúkdómi, sem hún hafi fengið um það leyti sem Einar fæddist, en hún hafi dáið 1953 eftir langa legu. Faðir þeirra hafi dáið, þegar Einar var sjö ára gamall. Einar hafi alla tíð verið heilsuhraustur.

Magnús Ásgeirsson stýrimaður kom aftur fyrir dóminn 29. nóvember og bar, að útilokað væri, að það hefði farið fram hjá honum, ef Einar hefði legið á dekkinu og haldið um höfuðið og hann hefði sjálfur verið á dekkinu. Hafi dráttur stöðvast, hefði hann orðið var við það og athugað, hverju það sætti. Ekki gæti heldur hafa farið fram hjá honum, ef maður hefði farið úr verki og verið nokkra stund í burtu.

Gunnar Bílddal kom aftur fyrir dóminn 3. desember 1974 og bar, að Einar hafi farið frá verki, þegar verið var að lempa netin inn í bakborðsganginn, og hann hafi staðið við hurðina og maður hafi þurft að fara í hans starf og af þessu hafi vitnið dregið þá ályktun, að Einar hefði fengið hurðina í sig. Hann hafi séð Einar nudda vinstri upphandlegg og Einar hafi kvartað um eymsli í handleggnum og höfði. Stýrimaðurinn hafi sagt manni að fara í stað Einars, en vitnið man ekki, hvaða maður það hafi verið. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann sá Einar liggja á netahrúgunni, en aðspurður um það, á hverju hann hafi byggt þá fullyrðingu sína, að járnhurðin hafi skollið á Einar, sagði hann: „Einar stóð við hurðina, hurðin var laus, hurðin slóst til, Einar fór frá verki," annað geti ekki hafa skeð. Hann minnti, að næstu daga hafi Einar kvartað yfir því að hafa fengið hurðina í sig, þ. e.

kvartað yfir sárindum eftir hana og eymslum og hafi það verið í upphandlegg, en hann sagðist ekki muna, hvort Einar hafi kvartað yfir eymslum í höfði, en upphaflega vottorð hans hafi verið rétt. Þegar vottorð Eiríks Guðbjartssonar var borið undir vitnið, minntist vitnið þess ekki, að Eiríkur hafi spurt um þetta, og ekki að hafa sagt Eiríki þetta. Strax eftir veikindi Einars um borð í Bergvíkinni hafi menn talað um járnhurðina í þessu sambandi.

4. Oddbergur Eiríksson kom fyrir dóminn 11. júlí sl. og bar, að Kristófer Þorvarðsson hafi sagt sér frá veikindum Einars strax eftir og Kristófer hafi þá einnig sagt, að Einar hefði nokkrum dögum áður fengið járnhurðina á sig og Kristófer hafi beðið vitnið að hafa samband við Geir Gunnarsson út af þessu. Þegar vitnið hafi talað við skipstjóra fljótlega þá á eftir, hafi skipstjóri verið mjög jákvæður og sagst vera allur af vilja gerður, til þess að Einar fengi út af slysi þessu fullar bætur. Um haustið, þegar vitnið hafi komið til skipstjóra til að fá hann til að gera skýrsluna til tryggingaráðs, hafi skipstjóri ekki viljað segja neitt til um ástæðuna fyrir veikindunum, þ. e. hann hafi ekki viljað segja, að járnhurðin hafi skollið á Einar. Þannig hafi afstaða skipstjóra verið orðin breytt frá því áður. Vitnið þekkti Einar vel og hafi Einar aldrei talað um, að hann fengi höfuðverki eða flökurleika eða neitt slíkt, enda hafi Einar verið vaskleikamaður í fremstu röð.

Magnús Hallgrímsson kom aftur fyrir dóminn og lýsti því, hvernig hann heyrði fyrst um, að Einar hefði orðið fyrir höggi, en frásögnin hafi verið óljós, og ekki hafi fylgt, hvar höggið hafi komið á Einar. Þetta hafi skýrst, þegar Guðmundur hafi hringt kvöldið 24. mars til Oslo, en þá hafi Einar fengið síðara heilablóðfallið klukkutíma áður. Nánari fregnir hafi borist til Oslo í bréfi til hans frá eiginkonu hans. Hann hafi sjálfur farið heim í miðri vikunni á eftir og leitað upplýsinga um högg þetta. Oddbergur hafi upplýst hann um það, sem skipverjarnir hafi sagt, en skipstjóra hafi hann ekki náð til. Skipstjóri hafi loks sagt, að engin sjópróf yrðu haldin, þar eð hann vissi, að ekkert samband væri milli veikinda Einars og höggsins af hurðinni. Magnús kom aftur fyrir dóminn 23. september sl. og var þá spurður, hvort hann hefði spurt Einar bróður sinn um högg það, sem Guðmundur Ólafsson sagði frá. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann hafi spurt Einar um þetta. Hann minntist þess að hafa setið hjá Einari, sem var í sjúkrakörfu í flugvélinni, og að þeir

hafi rætt saman í vélinni og að líðan Einars hafi verið betri þarna í vélinni en dagana á undan.

5. Með úrskurði, uppkveðnum 20. desember 1974, var málið sent Læknaráði Íslands í þriðja sinn, og var beiðst umsagnar Læknaráðs um það:

„1. Hvort Læknaráð hafi í svörum sínum 7. mars sl. byggt á því, að Einar Hallgrímsson hafi orðið fyrir höfuðáverka þeim, sem um ræðir í máli þessu.

2. Sé því ekki slegið föstu, að Einar Hallgrímsson hafi orðið fyrir höfuðáverka, hvaða öðrum orsökum getur þá einnig verið til að dreifa, og hverjar eru þá læknisfræðilegar líkur með og móti hverri hinna hugsanlegu orsaka um sig, og séu þá áverkar meðtaldir sem hugsanleg orsök."

Svar Læknaráðs, dags. 26. mars 1975, var svohljóðandi:

„Ad. 1: Í úrskurði sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 21. nóvember 1973, sbr. bréf Emils Ágústssonar borgardómara, dags. 28. nóv. 1973, var spurt um það, hvort fullyrt yrði, að „núverandi heilsuleysi Einars Hallgrímssonar, sem um ræðir í málinu, sé afleiðing af *höfuðáverka þeim*, er um ræðir."

Ad. 2: Vísast til svars við 2. spurningu sama úrskurðar, sbr. ályktun læknaráðs, dags. 18. apríl 1974." Í bréfi Læknaráðs er síðan svofelld setning: „Framanrituð greinargerð og tillaga réttarmáladeildar um ályktun læknaráðs staðfestist hér með fyrir hönd ráðsins í samræmi við fyrirmæli laga nr. 14, 15. maí 1942 og reglugerðar nr. 192, 24. nóvember sama ár sem álitsgerð og úrskurður læknaráðs.

Reykjavík, 27. maí 1975

Benedikt Tómasson / Þorkell Jóhannesson

settur".

Í ljós kom síðar, að skipaður talsmaður stefnanda hafði sent Læknaráði afrit af bréfi, sem hann hafði skrifað formanni dómsins 28. janúar 1975, og að bréf þetta hafi fylgt málsskjölum til Læknaráðs. Í bréfi þessu sagði hæstaréttarlögmaðurinn m. a.:

„Athugasemdir mínar í sambandi við úrskurð dómenda til læknaráðs eru aðallega þessar

að ónauðsynlegt hafi verið með öllu að leggja mál þetta nú fyrir læknaráð í þriðja sinn

að málavöxtum í forsendum úrskurðar sé eigi lýst á nægilega hlutlægan hátt

að ofaukið sé í forsendum úrskurðarins athugasemdum þess

efnis, að læknaráð virðist hafa „slegið því föstu", að Einar hafi fengið áverka af járnhurð og að slíkt sé „skiljanlegt", en slíkar athugasemdir tel ég til þess fallnar að laða fram tiltekin svör að spurningum skv. tl. 2 í úrskurði sé þegar svarað af læknaráði."

IV. Málsástæður.

1. Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að ljóst sé af framburðum fimm skipverja, að Einar hafi orðið fyrir þungu höfuðhöggi af járnhurð þeirri, er hann stóð við, þegar verið var að færa net aftur í bakborðsganginn 10. mars eða 13. mars 1970. Einar hafi fallið á þilfarið, haldið höndum um höfuð sér og sagt félögum sínum, að hann hefði fengið hurðina á höfuðið og hann hafi verið svo miður sín af höggi þessu, að hann hafi farið frá verki og ekki komið fljótt aftur til starfa. Næstu daga hafi hann kvartað um höfuðverk, ógleði og eymsli í handlegg og höfði, en hinn 17. mars hafi hann síðan skyndilega hnigið niður af heilablæðingu, sem síðan hafi leitt til núverandi ástands hans. Augljóst samband sé milli höfuðhöggs þessa og núverandi heilsuleysis Einars, þar sem Læknaráð Íslands hafi með úrskurði 18. apríl 1974 sagt, að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því, að höggið sé orsök lömunarinnar, og að mjög litlar líkur séu fyrir því, að um aðra orsök sé að ræða. Ljóst sé, að úrskurður Læknaráðs um orsakasambandið sé meira en nægilega sterkur grundvöllur fyrir dómfellingu hinna stefndu, þar sem hingað til hafi verið talið nægilegt í slíkum tilfellum, í dómum, að heilsuleysi sé sennileg afleiðing áfalla eða áverka. Ábyrgð stefndu byggist á því, að umrædd járnhurð og útbúnaður hennar hafi verið óforsvaranlegur, þar sem krókurinn, sem halda átti hurðinni opinni, hafi verið óvirkur vegna netarennu. Slíkur vanbúnaður á skipinu sé á ábyrgð eigenda og útgerðarmanna skipsins í samræmi við gildandi reglur um hlutlæga ábyrgð eigenda á því, að vinnubúnaður sé í lagi. Hér komi og til bein sök skipstjórnarmanna, sem hafi látið skipverja vinna við slíkar stórháskalegar aðstæður, en Einar og aðrir skipverjar hafi að sjálfsögðu verið við umræddan starfa með vitund og vilja skipstjóra og stýrimanns og undir þeirra stjórn.

Nánari rökstuðningur stefnanda um höggið af járnhurðinni er þannig:

Þótt enginn skipverjanna hafi beinlínis séð eða horft á, þegar

járnhurðin hafi skollið á höfuð og öxl Einari, hafi þeir séð afleiðingar þess, þar sem hann hafi fallið á netatrossu, er var fyrir framan hurðina, og haldið um höfuðið. Um þetta beri vitnin Anton Hjörleifsson, Gunnar Ásmundsson, Eiríkur Guðbjartsson og Gunnar Bílddal, en þeir hafi allir verið á þilfarinu við störf með Einari, þegar þetta gerðist. Einar hafi einnig sagt þeim Antoni og Gunnari Ásmundssyni, að hurðin hefði lent á höfði sér, og þetta hafi Einar einnig sagt Kristófer Þorvarðssyni matsveini, þegar Einar af þessum sökum fór úr verki og aftur í borðsal til að jafna sig. Þessi vitni séu áreiðanleg, hlutlaus og óvilhöll og ekki megi telja, að það dragi úr sannleiksgildi frásagnar þeirra, að þeir hafi upphaflega talið atburðinn hafa gerst 13. mars, þar sem þeir hafi aðeins miðað við ákveðna ferð og ákveðið starf, sem síðar hafi komið í ljós með dagbókarfærslum og veðurskýrslum, að hafi sannanlega verið 10. mars. Slíkt sé frekar til að styðja sannleiksgildi frásagnar þeirra, þar sem þeir hafi sagt frá atburði, sem enginn af skipstjórnarmönnum hafi viljað kannast við, að hafi gerst, þótt þeir hafi fylgst með þessu. Við þetta bætist svo, að frásögn skipverjanna um höfuðhögg Einars sé beinlínis studd af úrskurðum Læknaráðs, fyrst 18. apríl 1974 og síðan 27. maí 1975, en þar úrskurði Læknaráð, að orsökin að heilablóðfalli Einars 17. mars sé höfuðhögg, en ekki meðfæddur eiginleiki. Læknaráð hafi 18. apríl 1974 sagt, að mjög litlar líkur væru fyrir því, að um geti verið að ræða aðra orsök en áverka af slysi, *þar sem* yfirgnæfandi líkur séu til þess, að núverandi heilsuleysi Einars sé afleiðing af höfuðáverka þeim, er um ræðir, samkvæmt því, sem ritað hafi verið um svipuð tilvik í læknarit. Dómurinn hafi með úrskurði 20. desember 1974 ítrekað spurningu til Læknaráðs og orðað hana þannig: „Sé því ekki slegið föstu, að Einar Hallgrímsson hafi orðið fyrir höfuðáverka, hvaða öðrum orsökum getur þá einnig verið til að dreifa, og hverjar eru þá læknisfræðilegar líkur með og móti hverri hinna hugsanlegu orsaka um sig, og séu þá áverkar meðtaldir sem hugsanleg orsök.“ Læknaráð hafi svarað þessu með úrskurði 27. maí 1976 án nokkurs fyrirvara og vísað í sitt fyrra svar. Þetta verði að túlka svo, að Læknaráð taki gersamlega af skarið um, að heilablóðfall Einars 17. mars 1970 og eftirfarandi heilsuleysi hljóti með yfirgnæfandi líkum að hafa orsakast af höfuðáverka þeim, sem vitnin hafa borið um. Þannig styðji framburður vitnanna fimm og álit lækna hvað annað og sé hér því um tvöfalda sönnun að ræða, enda sé í málinu upplýst, að Einar Hallgrímsson hafi alla tíð verið heilsu-

hraustur og vaskleikamaður og aldrei kennt flökurleika né höfuðverkja fyrr en eftir slys þetta. Gegn slíkum rökum leggist sönnunarbyrðin á stefndu um, að önnur orsök sé að heilablæðingu Einars, en slíkt hafi stefndu ekki getað sýnt fram á. Ekki megi í þessu sambandi byggja á því, að Einar hafi ekki sjálfur skýrt frá höfuðhögginu, eftir að hann varð fyrir heilablóðfallinu 17. mars, þar sem hann hafi verið mjög máttfarinn og rænulítill, og ekki megi ætlast til, að maður skýri frá atburðum, sem gerst hafi dögum fyrir slíkt áfall, undir slíkum kringumstæðum.

2. Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum,
   að ósannað sé, að Einar Hallgrímsson hafi orðið fyrir slysi um borð í skipi stefndu, svo sem stefnandi haldi fram,
   að ósannað sé, að áfall Einars 17. mars 1970 sé afleiðing af höfuðáverka, jafnvel þótt talið væri, að Einar hafi fengið höfuðáverka af járnhurð 10. mars 1970, sem mótmælt sé,
   að skilyrði séu ekki að lögum að leggja á stefndu fébótaábyrgð, jafnvel þótt talið yrði sannað, að veikindi Einars hafi átt rætur að rekja til slyss þess, er stefnandi heldur fram, sem þó hvort tveggja sé ósannað.

Enginn sjónarvottur hafi verið að því, að járnhurðin í bakborðsgangi skipsins hafi slegist í Einar. Þar sé eingöngu um að ræða sögusagnir, sem komist hafi á kreik meðal skipverja, *eftir* að Einar veiktist 17. mars. Matsveinninn, Kristófer Þorvarðsson, hafi sagt skipstjóra frá slíku atviki 18. mars og það hafi verið það fyrsta, sem skipstjóra hafi verið sagt. Áður hafi matsveinninn verið búinn að ræða við Oddberg Eiríksson og segja honum þetta og Oddbergur hafi skilað því til hans, að athuguðu máli, að sjópróf þyrftu að fara fram, enda fengjust ekki greiddar bætur fyrir veikindi Einars, nema þau stöfuðu af slysi. Hinar miklu yfirheyrslur í máli þessu hafi leitt í ljós, að öllum á skipinu hafi verið gersamlega ókunnugt um, að nokkuð hafi komið fyrir Einar, þegar þeir horfðu upp á hann kveljast af hinum miklu veikindum um borð í Bergvíkinni 17. mars. Læknirinn, sem kom á staðinn, hafi spurt Einar um áverka og Einar hafi svarað neitandi. Skipstjórinn hafi spurt menn sína og þeir hafi ekkert vitað. Þetta hafi verið rætt á leiðinni frá sjúkrahúsinu í Keflavík og þá hafi þeir munað eftir, að annar háseti hafi nokkrum dögum áður fengið í sig stein af neti, en ekkert hafi verið talað um, að Einar hefði fengið járnhurðina á sig. Síðan verði þetta altalað og greinilegt sé, enda viðurkennt af skipsmönnum, að þeir hafi

rætt þetta sín á milli og viljað aðstoða fjölskyldu Einars við að ná bótum í áfalli þessu. Fimm skipverjanna hafi fullyrt 24. mars í vottorðum, að Einar hafi orðið fyrir höfuðhöggi af járnhurð 13. mars, og vottorðin hafi verið lögð fram í sjóprófi og staðfest þar af fjórum þeirra, þeim Antoni Hjörleifssyni, Gunnari Bílddal, Kristófer Þorvarðssyni og Eiríki Guðbjartssyni. Í sjóprófinu hafi komið fram, að þeir hafi ekki séð þetta, en þeir hafi ályktað þetta, og þrír þeirra sögðu, að Einar hefði sagt þeim, að járnhurðin hefði skollið á höfuð honum. Síðari vitnaleiðslur hafi leitt í ljós, að framburður vitnanna um þetta atriði væri mjög á reiki og óljós og bendi það til, að þeir hafi ályktað þetta eftir á, þ. e. eftir að Einar varð veikur um borð í Bergvíkinni 17. mars, og síðan vilji þeir ekki segja meira en þeir raunverulega vissu. En sú vitneskja sé alls ekki þannig, að talist geti sönnun í dómsmáli. Við þetta bætist, að erfitt sé að gera sér í hugarlund, hvernig Einar, sem sneri baki í hurðina við þetta ákveðna verk og hallaði sér fram, hafi getað fengið hurðina á höfuðið, þótt hún kynni að hafa lent á öxl og upphandlegg, eins og skipverjar þó segja. Þetta sé engan veginn augljóst, og alls ekki líklegt. Ekki hefði farið fram hjá neinum, sem á þilfari voru, ef dráttur netanna hefði stöðvast og Einar hefði legið á netahrúgunni, eins og haldið hefur verið fram, en stýrimaðurinn, Valdimar Birgisson háseti og skipstjórinn í brúnni hafi ekki orðið varir við neitt slíkt og þeim hafi ekkert verið sagt fyrr en eftir áfallið 17. mars. Einar hafi engum öðrum sagt frá þessu, ekki eiginkonu sinni, ekki lækninum, sem fyrst kom og stundaði hann fyrstu dagana, ekki læknum á Landspítala, sem stunduðu hann í tvo næstu daga, og hafi hann þó verið með góðri meðvitund og sagt sjúkrasögu sína, ekki bróður sínum Magnúsi, sem hafi komið til hans oft á sjúkrahúsið, og fékk að vita um slíka sögusögn, áður en farið var til Osló 21. mars, ekki bróður sínum Ólafi, sem hafi skráð sjúkrasögu hans í Osló við komuna þangað og heyrt frá Magnúsi sögu um, að Einar hefði fengið járnhurð í öxlina, en „að því er virtist" ekki á höfuðið. Engum læknum hafi verið sagt frá þessu, meðan Einar var enn á sjúkrahúsum á Íslandi til 21. mars, og hafi skipverjar þó vitað, að læknir hefði einmitt spurt um slíkt. Allt þetta bendi til þess, að óljósar fregnir um, að járnhurðin hafi slegist í Einar, hafi orðið að fregnum um, að hurð þessi hafi lent á höfði hans. Slíkt sé ekki upplýsingar vitna um staðreyndir, sem unnt sé að leggja til grundvallar í dómsmáli.

Ósannað sé í máli þessu, að áfall Einars 17. mars sé afleiðing

af höfuðáverka, þótt talið væri, að slíkur höfuðáverki hafi átt sér stað 10. mars. Hr. Ole B. Styri, yfirlæknir í Osló, sérfræðingur í slíkum sjúkdómum, hafi sagt, að ekki væri hægt að útiloka þann möguleika, að æðaskemmd hafi átt upphaf sitt við höfuðsköddun og hafi leitt til, að æðin rifnaði með kröftugri heilablæðingu 17. mars og 24. mars í Osló. Þetta álit læknisins, sem þó hafi verið sagt, að Einar hefði fengið þunga járnhurð í höfuðið og að hann hafi við það misst meðvitund stutta stund, sé eina, sem unnt sé að segja um slíkt orsakasamband, þ. e. að þetta geti hafa gerst. Líkur séu hvorki á móti né með og slík læknisfræðileg vitneskja sé ekki nægileg til að sýna orsakasamband í dómsmáli. Heilablæðing sé algengt fyrirbæri og læknisfræðin hafi ekki skýringar á öllum orsökum hennar. Í máli þessu hafi læknum verið gefnar rangar eða villandi upplýsingar og Læknaráð Íslands hafi afgreitt málið án nokkurra röksemda, að því er virðist með gögn stefnanda eingöngu í huga.

Jafnvel þótt ekki yrði fallist á þessar röksemdir stefndu, sé ljóst, að í máli þessu séu ekki skilyrði að lögum fyrir bótaábyrgð stefndu vegna veikinda Einars, þar sem hann hafi umrætt sinn verið að vinna venjulegt starf við venjulegar aðstæður. Járnhurðin hafi verið laus, en unnt hafi verið að binda hana fasta, ef menn töldu ástæðu til. Þetta hafi því ekki verið vanbúnaður á skipinu og þarna hafi ekki verið slæleg verkstjórn, hvað þá að hún hafi verið stórháskaleg. Yrði talið, að þrátt fyrir þetta bæru stefndu ábyrgð á tjóni Einars, hljóti eigin sök Einars að vega þar þungt á móti. Hugleiðingum stefnanda um hlutlæga ábyrgð stefndu er sérstaklega mótmælt.

V. Niðurstaða.

Telja verður í ljós leitt með vottorðum Veðurstofu Íslands og framburðum aðilja og vitna, að netin hafi verið dregin aftur í bakborðsgang skipsins 10. mars, en ekki 13. mars 1970.

Þegar virtur er framburður vitna í máli þessu um það, að Einar Hallgrímsson hafi við það tækifæri fengið höfuðhögg af járnhurðinni, kemur eftirfarandi í ljós:

Eiríkur Guðbjartsson kveðst hafa séð Einar liggja á netatrossum og halda um höfuðið. Hann hafi spurt Gunnar Bílddal, hvað gerst hefði, og Gunnar hafi sagt honum, að járnhurðin hefði skollið á höfuð Einari. Gunnar Bílddal kannaðist ekki við það hér fyrir dómnum að hafa sagt Eiríki þetta né að Eiríkur hefði spurt hann. Gunnar Bílddal hefur hér fyrir dóminum bor-

ið, að hann hafi sjálfur ályktað, að hurðin hafi lent á höfði Einars, en Einar hafi aldrei sagt honum það. Hvorugt þessara vitna verður því talið bera um, að hurðin hafi lent á höfði Einars, en með framburði annarra vitna verður eigi gengið fram hjá framburði þessara tveggja um, að Einar hafi legið á netatrossu og farið frá verki. Kristófer Þorvarðsson hefur borið, að Einar hafi komið aftur í borðsal og eldhús og sagt, að hann hefði meitt sig illa á hurðinni, og að Einar hafi þá sagt honum, að hurðin hafi lent á höfði hans, „enda hafi Einar haldið um höfuð sér", eins og bókað var 15. maí 1972. Anton Hjörleifsson bar hér fyrir réttinum, að Einar hefði sagt sér, að hurðin hefði lent á höfði hans, nánar spurður sagði hann, „ . . . sko ég man þetta náttúrulega ekki alveg, en meiningin var sú, að hann hefði fengið þetta á höfuðið og öxlina." Gunnar Ásmundsson sagði, að Einar hefði sagt sér, að hurðin hefði lent á höfði hans, en nánar aðspurður sagði Gunnar hér fyrir réttinum 25. nóvember 1974: „Hann sagði, að hún hefði komið á sig, ég man ekki, hvort hún kom hérna einhvers staðar og þá hlýtur hún að hafa komið einhvers staðar hérna." Dómari spurði þá: „Á hægri öxl?" og Gunnar svaraði: „Ég man það ekki". Dómari spurði: „Og höfuðið?", en Gunnar svaraði: „Ég man það ekki."

Með framburðum þessara vitna verður talið í ljós leitt, að Einar hafi af einhverjum ástæðum lagst á netahrúgu á þilfari fyrir framan járnhurðina og að þær ályktanir hafi því verið dregnar, að hurðin muni hafa slegist í höfuð honum og öxl. Enginn sá, að hurðin slóst í hann, og voru þó tveir menn nálægt Einari við starfið og aðrir skipverjar á þilfari við netadráttinn. Einar hefur aldrei sagt frá því sjálfur, eftir að hann fékk heilablæðinguna 17. mars, en af dagannál á dskj. nr. 98 verður að ályktа, að hann hafi 21. mars í Osló verið spurður, hvort hann hafi orðið fyrir áverka og að laus hurð hafi þá verið nefnd. Þótt hurðin kunni að hafa slegist í Einar, er erfitt fyrir sérfróða og vana menn að hugsa sér, hvernig hún hafi getað lent á höfði hans við þessar aðstæður. Telja verður, að framburður vitna skeri ekki úr um þetta. Ber því að athuga, hvort læknisfræðileg gögn og rök styðji framburð vitnanna um þetta atriði og ályktanir þær, sem vitnin drógu.

Upplýst er, að heilablæðing Einars hafi orðið á æðinni „arteria anterior communis" og að á æðinni hafi sést „óregluleg útþaning" eða „aneurysm". Slík heilablæðing flokkast undir „subarachnoid" heilablæðingu eftir staðsetningu blæðingarinnar. Læknisfræðin skiptir heilablæðingum í fjóra flokka eftir upptökum þeirra:

1. blæðing yfir ytri heilahimnu (extradural), 2. blæðing undir ytri heilahimnu (subdural), 3. blæðing undir innri heilahimnu (subarachnoid) og 4. blæðing inni í heilanum (intracerebral). Fyrsti flokkurinn á alltaf og annar flokkurinn á oftast upptök sín af höfuðáverkum, en það verður ekki sagt um þann fjórða né heldur um blæðingu eins og í máli þessu greinir. Gögn þau og ritgerðir, er stefnandi hefur lagt fram í máli þessu, fjalla flest um stíflun í miðhjarnaslagæð, sem ekki kemur til í máli þessu, tvær ritgerðanna fjalla almennt um skemmdir á heilaæðum af áverkum, en ekki um tilvik svipað þessu. Ein greinin fjallar um blæðingu í beinum tengslum við höfuðkúpubrot, þar sem blæðing varð á brotlínu. Engin ritgerða þessara né gagna fjalla þannig um skemmdir á æð svipað því, sem mál þetta fjallar um. Læknaráð Íslands hefur ekki rökstutt álit sitt um, að „samkvæmt því, sem ritað hefur verið um svipuð tilvik í læknarit, megi telja yfirgnæfandi líkur til þess, að núverandi heilsuleysi Einars Hallgrímssonar sé afleiðing höfuðáverka þess, sem um ræðir", þrátt fyrir ítrekun dómsins, og er því ekki unnt að taka afstöðu til álits ráðsins á annan hátt en með vísan til almennrar vitneskju sérfræðinga læknisfræðinnar um slíkar heilablæðingar. Í máli þessu verður að byggja á því, að blæðingin hafi orðið frá aneurysma þeim eða óreglulegu útþaningu, sem sást á fyrrnefndri tengiæð. Í málinu er ekki vitað, á hvern hátt sjálf blæðingin hefur myndast. Af *útliti* aneurysmans verður ekki ráðið, hvort hann er meðfæddur eða ekki, en almennt er talið, að *staðsetning* hinnar skömmu æðar í þessu tilviki bendi til, að um meðfæddan galla sé að ræða. Læknar hafa upplýst, að þessi blæðing geti hafa byrjað vegna meðfæddra galla á æðinni og einnig að hún geti hafa byrjað frá skemmdum, sem gerst hafi á æðinni af höfuðhöggi. Þegar meta skal, hvort líkur séu fyrir því, að blæðingin hafi komið af höfuðhöggi, verður að athuga, hvort slík tilvik þekkist yfirleitt og þá tíðni þeirra. Dr. Ole B. Styri yfirlæknir kveðst þekkja til „intracerebrale" og „subarachnoidal" heilablæðinga, sem gerst hafi nokkrum dögum eftir höfuðáverka. Þrátt fyrir þetta er ekki kunnugt um læknarit, þar sem greint er frá slíkum tilvikum. Hvorki er vitað til, að þung eða snögg höfuðhögg hafi orsakað slíkar skemmdir á þessari æð, sem um ræðir, né að slíkar blæðingar frá aneurysma hafi komið í ljós á eftir höfuðhöggum í einhverjum mæli, þannig að unnt sé að meta líkur fyrir slíkum orsakatengslum. Gegn líkunum fyrir því, að þarna sé um meðfæddan galla á æðinni að

ræða, sem byggist á staðsetningu gallans, er því eigi unnt að ræða líkur fyrir því, að gallinn sé af áverka. Almennt er talið, að blæðing geti gerst í meðfæddri skemmd án sérstakra tilgreindra orsaka, og jafnframt að menn með slíkar meðfæddar skemmdir geti verið hraustir og lifað við góða heilsu, þar til blæðing gerist. Slíkur meðfæddur galli er ekki arfgengur og á heldur ekkert skylt við sjúkdóm þann, sem hálfsystkin Einars hafa þjáðst af.

Af þessu leiðir, að ekki verður talið, að framburður vitnanna um, að Einar Hallgrímsson hafi hlotið höfuðhögg af járnhurðinni, verði studdur læknisfræðilegum líkum, og verður því að telja ósannað, að Einar Hallgrímsson hafi hlotið höfuðáverka þann, sem haldið er fram af stefnanda í máli þessu.

En af þessu leiðir einnig, að jafnvel þótt talið væri upplýst eða sannað, að Einar hafi hlotið höfuðhögg af járnhurðinni 10. mars, yrði ekki unnt að leiða líkur að því, að slíkt högg hafi orsakað heilablæðinguna. Til þess skortir læknisfræðilegar líkur, hvort sem litið er á orsök sjálfra skemmdanna á æðinni eða orsök blæðingarinnar frá meðfæddum galla. Þá er og haft í huga, að höfuðhöggið hefði ekki getað verið svo mikið, þar sem fregnir af því voru svo óljósar, og einnig, að hugsanlegt er, að höfuðóþægindi þau, er Einar sagði 21. mars í Osló, að hefðu hrjáð hann mánuðinn fyrir áfallið, hafi getað stafað frá meðfæddri skemmd á heilaæðinni og verið undanfari blæðingarinnar. Einnig er haft í huga, að vikutími leið frá því, að Einar átti að hafa fengið höfuðhöggið, þar til hann fékk heilablæðinguna um borð í v/s Bergvík, og væri því ekki, tímans vegna, um augljós tengsl milli þessara tveggja atburða að ræða.

Af þessum sökum verður að telja, að ósannað sé í máli þessu, að veikindi Einars eigi rætur að rekja til þess, sem stefnandi heldur fram, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Við mat á því, hver beri málskostnað í máli þessu, verður að hafa allan aðdraganda málsins í huga. Þegar þess er gætt, að skipstjórinn, stefndi Ólafur Ragnar Sigurðsson, lét ekki fara fram sjópróf, þegar hann heyrði 19. mars 1970, að Einar mundi hafa fengið höfuðhögg af járnhurðinni, og einnig að skipstjóri tilkynnti ekki læknum, hvorki á sjúkrahúsi Keflavíkur né á Landspítala um þessar upplýsingar, sem hefði verið mjög þýðingarmikið í þessu máli, er rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Skipaður talsmaður stefnanda, Sigurður Reynir Pétursson

hæstaréttarlögmaður, hefur lagt fram sundurliðaðan málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 711.099, þ. e. málflutningslaun skv. taxta LMFÍ, kr. 630.000, og útlagður kostnaður, kr. 81.099. Verður reikningur yfir útlagðan kostnað tekinn til greina með kr. 80.000, en málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda þykja hæfilega ákveðin kr. 470.000. Málskostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, samtals kr. 550.000.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason, settur borgardómari, Guðmundur Hjaltason, fyrrv. skipstjóri, og Kristinn Guðmundsson læknir.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Ragnar Sigurðsson, Karl Helgason og Magnús Ásgeirsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Valgerðar Helgadóttur f. h. eiginmanns síns, Einars Th. Hallgrímssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málskostnaður stefnanda ákveðst kr. 550.000 og greiðist úr ríkissjóði. Af þessari fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Sigurði Reyni Péturssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 470.000.

Föstudaginn 28. mars 1980.

Nr. 205/1978. **Grétar Haraldsson og Þengill s/f**
(Grétar Haraldsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur V. Jósefsson hrl.).

Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Valtýr Guðmundsson, settur borgarfógeti, hefur framkvæmt hið áfrýjaða lögtak.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 24. nóvember 1978. Krefjast þeir þess, að lögtak það, sem gert var í eignarhluta áfrýjandans Grétars í fasteigninni nr. 19 við Seljaveg í Reykjavík hinn 31. október 1978 til tryggingar þinggjöldum áfrýjandans Þengils s/f, verði úr gildi fellt. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar til tryggingar 4.111.960 krónum, en til vara til tryggingar 3.289.372 krónum. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi var sameignarfélagið Þengill eign nokkurra manna, er ráku það með ótakmarkaðri ábyrgð. Meðal eigenda voru þeir áfrýjandinn Grétar og Guðmundur Þengilsson.

Hinn 16. janúar 1978 var að kröfu stefnda gert lögtak í vinnuvél, eign Þengils s/f, til tryggingar opinberum gjöldum félagsins ásamt dráttarvöxtum, að fjárhæð samtals 3.289.372 krónur. Er vinnuvél þessi skyldi seld á nauðungaruppboði til fullnustu lögtakskröfunni, kom í ljós, að hún hafði þegar verið seld. Varð ekki af nauðungarsölunni.

Hinn 21. september 1978 var að kröfu stefnda gert lögtak í fasteigninni Depluhólum 5 hér í borg, eign Guðmundar Þengilssonar, til tryggingar ógreiddum opinberum gjöldum Þengils s/f frá árinu 1978, samtals að fjárhæð 7.226.347 krónur að meðtöldum bókuðum dráttarvöxtum. Þessi eign var seld á nauðungaruppboði 9. maí 1979, og var hæsta boð 56.000.000 krónur. Ekkert kom upp í fyrrgreinda lögtakskröfu stefnda af uppboðsandvirðinu.

Enn krafðist stefndi lögtaks hjá Þengli s/f, nú til tryggingar opinberum gjöldum félagsins 1977 og 1978, samtals 10.515.719 krónur (3.289.372 + 7.226.347) auk áfallandi dráttarvaxta, kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi. Mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti Reykja-

víkur 31. október 1978. Áfrýjandinn Grétar sótti nú þing, en hann var einn af sameignarmönnum í Þengli s/f. Í fógetagerðinni segir m. a. svo: „Mætti kveður firmað hafa hætt starfsemi allri og séu eignir þess þegar seldar og það eignalaust utan verðbréfa. Mætti upplýsir, að hann eigi íbúð að Seljavegi 19 og hún skrifuð upp. Fallið var frá virðingu". Var síðan lýst lögtaki í fasteign þessari til tryggingar lögtakskröfunni. Þessi lögtaksgerð er hér til endurskoðunar.

Ríkisskattstjóri ákvað 2. nóvember 1979, að opinber gjöld áfrýjandans Þengils s/f, álögð árið 1978, skyldu lækka úr 6.533.500 krónum í 346.203 krónur.

Hér fyrir dómi hefur stefndi krafist þess, að hið áfrýjaða lögtak verði staðfest til tryggingar eftirstöðvum opinberra gjalda áfrýjandans Þengils s/f 31. desember 1977, 3.289.372 krónum, opinberum gjöldum félagsins, álögðum árið 1978, 346.203 krónum auk dráttarvaxta, 476.385 krónum. Samtals nemur þetta 4.111.960 krónum, sem er aðalkrafa stefnda. Varakrafa hans er miðuð við skuldina hinn 31. desember 1977, 3.289.372 krónur.

Áfrýjendur, sem ekki hafa andmælt tölulegum kröfum stefnda, byggja kröfur sínar um, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði úr gildi felld, á ákvæðum 7. gr. laga nr. 29/1885. Þegar lögtakið hinn 31. október 1978 hafi verið gert, hafi enn verið í gildi lögtak það, sem gert var til tryggingar sömu kröfum í fasteigninni nr. 5 við Depluhóla. Við það lögtak hafi þess ekki verið gætt að meta þá eign til verðs. Óljóst hafi verið, þegar lögtakið var gert 31. október 1978, hvort krafa stefnda væri nægilega tryggð með lögtakinu í Depluhólum 5. Hafi því verið óheimilt að gera lögtakið.

Áfrýjandinn Grétar Haraldsson hæstaréttarlögmaður var sjálfur viðstaddur, er lögtaksgerðin 31. október 1978 fór fram. Hann hreyfði þá engum andmælum gegn framgangi gerðarinnar. Koma málsástæður þær, sem hann hefur nú uppi fyrir Hæstarétti, því ekki til álita, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu lögtaksgerð til tryggingar 4.111.960 krónum auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er staðfest til tryggingar 4.111.960 krónum auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Áfrýjendur, Grétar Haraldsson og Þengill s/f, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. mars 1980.

Nr. 72/1978. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Antonssyni og
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
Grétari Þórarni Vilhjálmssyni
(Örn Clausen hrl.).

Manndráp. Gáleysi. Líkamsárás. Þjófnaður. Tékkamisferli. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

I.

Af hálfu ákæruvalds er þess m. a. krafist, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt því, er í ákæru 1. nóvember 1977 segir,

og verði ákærðu dæmdir til tímabundinnar refsingar, en til vara er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Verjendur beggja hinna ákærðu hafa krafist sýknu af ákæru fyrir brot á 211. gr. almennra hegningarlaga. Ef ákærðu verða sakfelldir, er þess m. a. krafist, að tímabundin refsing verði dæmd, en eigi öryggisgæsla.

II.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms beindi ríkissaksóknari með bréfi 20. október 1978 eftirfarandi spurningum til Læknaráðs og óskaði umsagnar um þær:

„1. Fellst Læknaráð á niðurstöður álitsgerðar dr. med. Lárusar Helgasonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða Guðmundar Antonssonar . . . ?

2. Fellst Læknaráð á niðurstöður álitsgerðar dr. med. Lárusar Helgasonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða Grétars Þórarins Vilhjálmssonar . . .?".

Tillaga réttarmáladeildar um ályktun Læknaráðs, sem staðfest var hinn 1. október 1979 sem álitsgerð og úrskurður Læknaráðs, er þessi:

„Ad. 1: Læknaráð fellst í meginatriðum á niðurstöður álitsgerðar dr. med. Lárusar Helgasonar um geðheilbrigði og sakhæfi Guðmundar Antonssonar. Hins vegar getur læknaráð ekki af gögnum málsins skorið úr um það, hvort um er að ræða kleifhugasýki (paranoid schizophrenia) eða geðveiki vegna ofneyslu fíkniefna.

Ad. 2: Já."

III.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

III.1. Ákæra um brot á 211. gr. almennra hegningarlaga, I. kafli ákæru 1. nóvember 1977.

Hinir ákærðu í máli þessu voru vistaðir sökum ölvunar í fangaklefa í fangageymslu lögreglunnar að Hverfisgötu 113, Reykjavík, hinn 19. júlí 1977 rétt fyrir kl. 2200. Í klefa þessum voru þá fyrir tveir menn, sem höfðu verið vistaðir

þar einnig sökum ölvunar rétt eftir kl. 2100, og var annar þeirra Hrafn Jónsson.

Af gögnum máls verður ráðið, að fangaverðir urðu þess áskynja laust eftir kl. 2300, að ráðist hafði verið að Hrafni, og var hann blóðugur í framan. Var ákærði Guðmundur fluttur í annan klefa, en fangaverðir þvoðu blóð af andliti Hrafns. Mælti aðstoðarvarðstjóri svo fyrir, að fangaverðir fylgdust með líðan Hrafns. Fáum mínútum síðar veittu fangaverðir því athygli, að eitthvað alvarlegt væri að Hrafni, og var þá hringt eftir sjúkrabifreið og Hrafn fluttur í henni að slysadeild Borgarspítalans. Kom bifreiðin þangað kl. 2335, og töldu læknar Hrafn þá látinn.

Samkvæmt sakargögnum er sannað, að hinir ákærðu veittust í sameiningu að Hrafni Jónssyni, sem var ofurölvi og svaf þarna ölvunarsvefni, að því er vitni telja, en alkóhólmagn í blóði hans samkvæmt blóðsýni, er tekið var eftir lát hans, reyndist vera 3.38‰. Er aðför hinna ákærðu að Hrafni lýst rækilega í hinum áfrýjaða dómi. Er aðferð sú, sem þeir ákærðu beittu, stórháskaleg, og var um stórfellda líkamsárás að ræða. Samkvæmt skýrslum um réttarkrufningu á líki Hrafns er dánarorsök talin vera „samverkan áverkanna á hálsinum og alkóhóls".

Hinir ákærðu kváðust ekki hafa þekkt Hrafn. Allt er á huldu um, hvað þeim hafi gengið til verksins. Eigi telja þeir Hrafn hafa gert neitt á hluta sinn. Ákærði Guðmundur kveður svo að orði, að „eitthvert brjálæði hefur gripið mig þarna". Ákærði Grétar Þórarinn kveðst hafa æst upp við atferli ákærða Guðmundar gagnvart Hrafni og eigi staðist frýjuorð meðákærða, er ögrað hefði sér til átaka. Hann kveður ákærða Guðmund eigi hafa látið sér um munn fara orð, er hníga að því, að drepa ætti Hrafn. Kveðst hann „ekki hafa trúað því, að sú væri ætlunin, þetta hafi bara einhvern veginn farið svona". Hann kveðst ekki hafa hugsað út í, að aðfarir þeirra gætu verið lífshættulegar.

Enginn skýr hvati er að verknaði þeirra. Þegar það er haft í huga, og tekið er tillit til brenglaðs hugarástands þeirra á þeim tíma, er brotið var framið, þykir varhugavert að telja

sannað, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974, að með þeim hafi búið ásetningur til að ráða Hrafni bana. Verður brot ákærðu því ekki fært til 211. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar var líkamsárásin þeim viljaverk, og mátti þeim vera ljóst, að af henni gæti hlotist líftjón. Háttsemi þeirra þykir varða við 218. og 215. gr. almennra hegningarlaga. Er heimilt að beita þeim refsiákvæðum, þótt þau séu eigi greind í ákæru, sbr. 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, og var saksóknara og verjendum veittur kostur á að reifa málið á þeim grundvelli, að háttsemin kynni að varða við þau refsiákvæði.

III.2. Ákæra um þjófnað og fjársvik, II. og III. kafli ákæru 1. nóvember 1977.

Með vísan til héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn dómsins um þessa þætti ákærunnar.

IV.

Í héraðsdómi eru raktar skýrslur dr. med. Lárusar Helgasonar um geðheilbrigði og sakhæfi hinna ákærðu, og hér að framan er reifuð álitsgerð og úrskurður Læknaráðs um þær. Með vísan til þeirra gagna verður að telja, að hinir ákærðu hafi verið sakhæfir, þegar þeir frömdu brot sín. Geðhagir ákærða Guðmundar vekja að vísu efasemd um, að refsing muni bera árangur, sbr. 16. gr. almennra hegningarlaga, en eins og mál þetta liggur fyrir Hæstarétti, þykir þó rétt að dæma honum tímabundna refsingu. Við ákvörðun refsinga hinna ákærðu ber að líta til þess, að þeir frömdu brot, er greinir í III, 1, í sameiningu, sbr. 2. málsgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, og að þeir vega gegn sofandi manni, sem ekki getur björg sér veitt sakir ofurölvunar, með stórháskalegri aðferð. Hitt ber einnig að virða, að varhugavert var að vista þá, svo sem þeir voru á sig komnir, í fangaklefa með tveimur öðrum dauðadrukknum mönnum.

Ákærði Grétar Þórarinn var með dómi sakadóms Reykjavíkur 12. maí 1978 sakfelldur fyrir brot gegn 259. gr. al-

mennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 24. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Honum var eigi dæmd refsing, en hann var sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá uppsögu dómsins að telja. Við ákvörðun refsinga beggja ber að vísa til 77. gr. almennra hegningarlaga og einnig til 78. gr. sömu laga að því er varðar ákærða Grétar Þórarin. Refsing hvors um sig þykir hæfilega ákveðin 8 ára fangelsi. Frá refsivist ber samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að draga gæsluvarðhaldsvist ákærðu, en þeir hafa sætt henni óslitið frá 20. júlí 1977.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð svo og ákvæði hans um bótagreiðslu.

Ákærði Guðmundur greiði málsvarnarlaun verjanda síns, 350.000 krónur, og ákærði Grétar Þórarinn greiði málsvarnarlaun verjanda síns, 350.000 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 350.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, Guðmunduur Antonsson og Grétar Þórarinn Vilhjálmsson, sæti hvor um sig 8 ára fangelsi. Gæsluvarðhaldsvist þeirra óslitið frá 20. júlí 1977 komi refsingu til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og fébótagreiðslu eiga að vera óröskuð.

Ákærði Guðmundur Antonsson greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 350.000 krónur, og ákærði Grétar Þórarinn greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 350.000 krónur í málsvarnarlaun. Ákærðu greiði óskipt allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 350.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Ákærðu brugðu leðurbelti um háls Hrafns Jónssonar, þar sem hann lá í óviti í fangaklefa 19. júlí 1977, og hertu að. Er ekki vafamál, að yfirgnæfandi líkur eru á, að slíkt atferli leiði til bana. Er verknaður ákærðu þess vegna slíkur, sem lýst er í 211. gr. almennra hegningarlaga.

Eftir að héraðsdómur var kveðinn upp, hefur verið aflað nýrra gagna, svo sem um ræðir í atkvæði meiri hluta dómenda. Meðal gagna þessara eru umsagnir Brynleifs H. Steingrímssonar fangelsislæknis 17. mars 1980 um báða hina ákærðu. Um ákærða Grétar Þórarin Vilhjálmsson segir fangelsislæknirinn meðal annars:

„... Ef leggja á dóm á skaphöfn og skynsemi Grétars eftir samtölum mínum við hann, teldi ég hann hafa dómgreind, sem nægði til eigin afkomu og bjargræðis í þjóðfélaginu, en hann hefir áberandi „character disorders", þ. e. skapgerðargalla, sem hleypa honum oft í ógöngur. Hann er „addict" á alcohol og lyf, en þessir eiginleikar hans munu hafa ráðið ferðinni undanfarin ár, þegar hann hefur verið frjáls maður. Í dag tel ég Grétar vera með dágóða dómgreind, vilja til að bæta líferni sitt og gera sér sæmilega góða grein fyrir stöðu sinni og horfum."

Meginmál umsagnar Brynleifs H. Steingrímssonar um ákærða Guðmund Antonsson er þannig:

„Varðandi fangann Guðmund Antonsson, f. 07.04. 31, Skólavörðustíg 6, Rvík, nú á Vinnuhælinu Litla-Hrauni.

Guðmundur hefir dvalist á hælinu frá 13. febr. 1978.

Varðandi hegðun og framkomu Guðmundar er það helzt að segja, að hann hefir þau tvö ár, sem hann hefir nú dvalist á hælinu, verið mjög afbrigðilegur í öllum háttum, og verður hegðun hans ekki dæmd annað en sjúkleg.

Guðmundur er að mínum dómi geðsjúkur með ofsóknar- og þráhyggjueinkenni. Dómgreind hans er brengluð, og er hann með öllu ósjálfbjarga sem þjóðfélagsþegn. Guðmundur er auk þessa mikið líkamlega fatlaður og gengur haltur og mjög skakkur og virðist burðalítill.

Hér er um að ræða sjúkan mann með slæmar batahorfur. Að mínum dómi ætti hann heima á sjúkrahúsi eða hjúkrunarheimili, enda á hann mjög erfitt með að aðlaga sig meðföngum og tilhögun fangelsisins".

Með hliðsjón af því, sem fram er komið af læknisfræðilegum gögnum varðandi ákærða Grétar Þórarin Vilhjálmsson, tel ég, að honum verði að refsa fyrir brot á 211. gr. almennra hegningarlaga svo og fyrir þjófnað. Er ég sammála meiri hluta dómenda um refsingu þessa manns.

Með hliðsjón af læknisfræðilegum gögnum varðandi ákærða Guðmund Antonsson tel ég fram komið, að mjög verulegar líkur séu til, að hann hafi verið geðveikur 19. júlí 1977 og ósakhæfur, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga. Vafalaust er að mínu áliti, að hann var þá andlega miður sín vegna hrörnunar af völdum langvarandi neyslu áfengis og annarra vímugjafa. Ekki hefur verið leitað sérstaklega læknisumsagnar um, hvort ætla megi, að refsing geti borið árangur, og er þó skylt að leita slíkrar umsagnar eftir 16. gr. almennra hegningarlaga. Nú liggur fyrir umsögn Brynleifs H. Steingrímssonar, þar sem fjallað er um þetta atriði á þann hátt, að unnt er að dæma málið. Verður af umsögninni og öðrum gögnum málsins ráðið, að ekki er líklegt, að refsing geti borið árangur. Ber því að mínu áliti að staðfesta héraðsdóm að því leyti, að Guðmundur Antonsson skuli sæta öruggri gæslu á viðeigandi stofnun.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og um fébætur til Emils Jónssonar úr hendi ákærða Guðmundar Antonssonar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. desember 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 8. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Jóni A. Ólafssyni og Sverri Einarssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 537-538/1977: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Antonssyni og Grétari Þórarni Vilhjálmssyni, sem tekið var til dóms 30. nóvember.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 1. f. m., gegn:

1. Guðmundi Antonssyni, heimilislausum gæslufanga, fæddum 7. apríl 1931 á Siglufirði,
2. Grétari Þórarni Vilhjálmssyni, heimilislausum gæslufanga, fæddum 7. maí 1932 í Reykjavík,

fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

I. Manndráp.

Báðum ákærðu er gefið að sök að hafa í sameiningu þriðjudagskvöldið 19. júlí 1977, um kl. 23, svipt Hrafn Jónsson, fæddan 26. nóvember 1927, til heimilis að Bjargarstíg 6, Reykjavík, lífi í fangageymslu lögreglunnar að Hverfisgötu 113, Reykjavík, þar sem þeir höfðu fyrr um kvöldið verið vistaðir saman í fangaklefa sökum ölvunar ásamt fjórða manni, með því að ákærði Guðmundur brá buxnabelti sínu, sem láðst hafði að taka af honum, um hálsinn á Hrafni, sem svaf ölvunarsvefni á bekk í fangaklefanum, og dró beltisendann í gegnum beltissilgjuna og herti síðan að hálsinum af afli jafnframt því sem ákærði Grétar Þórarinn hélt fótum Hrafns, meðan Guðmundur togaði og rykkti í beltisendann, en tók síðan við beltisendanum af Guðmundi og herti með sama hætti nokkra hríð að hálsi Hrafns, eða allt þar til fangaverðir komu á vettvang, sem létu flytja Hrafn litlu síðar á slysavarðstofuna í Reykjavík, þar sem hann var úrskurðaður látinn.

Framanlýst háttsemi beggja ákærðu telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Þjófnaður.

Ákærða Grétari Þórarni er gefið einum að sök að hafa þriðjudagskvöldið 12. júlí 1977 brotist inn í mannlaust íbúðarhús að Suðurlandsbraut 49 A, Reykjavík, og stolið þar frá húsráðandanum, Ágúst Guðjónssyni, kr. 77.200 í peningum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Tékkasvik.

Ákærða Guðmundi Antonssyni er einum gefið að sök að hafa í maímánuði 1977 gefið út í eigin nafni tékka nr. 167898 á Búnaðarbanka Íslands, útibúið í Búðardal, að fjárhæð kr. 1.800 á ávísanareikning nr. 91671 án þess að eiga þar í banka tékkareikning né innstæðu, en tékkann notaði síðan ákærði til greiðslu á

ökugjaldi til Emils Jónssonar leigubifreiðarstjóra, Skúlagötu 70, Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði báðir dæmdir til refsingar, ákærði Guðmundur til greiðslu skaðabóta og ákærðu báðir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu hefur komið fram fébótakrafa frá Emil Jónssyni bifreiðarstjóra, Skúlagötu 70, sem krefst þess, að ákærði Guðmundur verði dæmdur til þess að greiða andvirði tékka þess, sem ákæruliður III lýtur að, 1.800 kr.

Málsatvik.

I. Að kvöldi þriðjudagsins 19. júlí sl. voru ákærðu Guðmundur Antonsson og Grétar Þórarinn Vilhjálmsson handteknir af lögregluþjónum við húsið nr. 44 við Hávallagötu í Reykjavík. Samkvæmt skýrslu Guðmundar Árna Stefánssonar lögregluþjóns hafði lögregluaðstoðar verið óskað að húsi þessu vegna manna, sem þar höfðu haft í frammi ölvunarlæti. Guðmundur var á reiki í garðinum við húsið, er að var komið, en Grétar Þórarinn kom síðan út um dyr á þvottahúsi á bakhlið hússins. Ákærðu voru fluttir í lögreglustöðina við Hverfisgötu, og voru þeir þar settir í klefa nr. 2 í fangageymslunni. Samkvæmt skýrslu Einars Bjarnasonar aðstoðarvarðstjóra hefur Guðmundur verið vistaður í fangageymslu kl. 2156, en Grétar Þórarinn mínútu síðar.

Klefi nr. 2 í fangageymslunni er fjögurra manna klefi við hlið varðstofu. Er ákærðu komu í klefann, voru þar fyrir tveir aðrir fangar, Sigurlaugur Jón Sigurðsson, Skólavörðustíg 29, fæddur 25. jan. 1917, er settur hafði verið í klefann kl. 2103, og Hrafn Jónsson, Bjargarstíg 6, fæddur 26. nóv. 1927, settur inn kl. 2107.

Þetta kvöld urðu þeir atburðir í klefa nr. 2, er leiddu til þess, að á milli kl. 23 og 24 lét lögreglan flytja fangann Hrafn Jónsson í slysadeild Borgarspítalans, en er hann kom þangað, kl. 2335, reyndist hann látinn. Þykir rétt að rekja hér fyrst framburði þeirra starfsmanna lögreglunnar, sem þarna komu við sögu og borið hafa vitni, en þeir eru Einar Bjarnason aðstoðarvarðstjóri, Amalía Jónsdóttir fangavörður og Sigurður Tryggvi Sigurðsson nemi, sem starfaði við fangavörslu sem afleysingamaður á þessum tíma.

Einar Bjarnason segir, að þeir fjórir menn, sem áður var frá

greint, hafi verið settir í klefa 2, sem hjá lögreglunni sé kallaður Almenningur, af því að þeir hafi verið tíðir gestir hjá lögreglunni og taldir mjög rólegir og meinlausir. Engum hafi komið í hug, að þeir mundu vinna nein ofbeldisverk. Þeir höfðu oft áður verið vistaðir í Almenningnum. Þetta kvöld var ástand þeirra svipað og oft endranær. Þeir voru báðir drukknir og virtist líða illa, voru eirðarlausir og upptrektir, en í fangageymslunni kveður Einar það ekki vekja sérstaka athygli, þótt menn í því ástandi séu færðir þangað. Framan af var allt kyrrt, en síðan kölluðu þau Amalía og Sigurður Tryggvi í Einar, og fór hann til þeirra, þar sem þau voru stödd í klefa 2. Þá lá Hrafn Jónsson á dýnu á gólfinu með andlitið niður og var blóðugur í framan. Einar þerraði blóðið af honum með rökum klút, og þá blæddi ekki meira. Hrafn hafði skrámu á vör, og taldi Einar, að blætt hefði úr henni. Einar telur andardrátt Hrafns hafa verið eðlilegan, og hann kveðst hafa tekið á púlsinum, sem verið hafi kröftugur. Hrafn var látinn liggja áfram á dýnunni á hliðinni. Sigurlaugur lá á bekk og virtist í þungum ölvunarsvefni. Ákærðu sátu á bekk. Amalía hafði orð á því, að Guðmundur mundi hafa barið Hrafn, en Guðmundur varð afundinn við og sagði eitthvað í þá átt, að Hrafn hefði slegið hann fyrst. Einar lét nú flytja Guðmund í annan klefa, en fór svo fram og mælti svo fyrir, að fylgst skyldi með líðan Hrafns. Þremur til fimm mínútum síðar kallaði Amalía til hans á ný og sagði, að eitthvað væri að Hrafni. Einar fór þá inn í klefann og athugaði Hrafn og fann nú ekki andardrátt hjá honum, lét síðan hringja eftir sjúkrabifreið og ná í súrefnistæki, er hann setti á vit Hrafni. Þá virtist honum veikur andardráttur hjá Hrafni, en púls ekki merkjanlegur. Meðan þessu fór fram, var Grétar Þórarinn þarna inni hjá þeim og sagði, að átök hefðu orðið og Hrafn átt upptök að þeim. Hann hefði sjálfur tekið um fætur Hrafni, en Guðmundur um háls honum. Einar segir, að þegar Hrafn var settur inn í fangaklefann um kvöldið, hafi ekki verið að sjá á honum blóð né neina áverka.

Amalía Jónsdóttir skýrir svo frá, að hún hafi ekki fylgst með, þegar fangar þeir, sem voru í klefa 2, voru settir þangað um kvöldið. Hún var stödd í varðstofu, er hún heyrði dynk frá klefa 2. Þá fór hún inn á bakgang, en milli hans og klefans er rimlagluggi. Ákærðu sátu þá báðir á bekk vinstra megin séð frá henni, Sigurlaugur svaf á bekknum hægra megin og Hrafn á bekknum beint á móti. Amalía spurði ákærðu, hvort þeir væru að slást, en þeir neituðu. Hún spurði, hvaða dynkur þetta hefði

verið, og benti Guðmundur þá á Hrafn og sagði: „Hann hérna réðst á mig.“ Amalía svaraði, að það stæðist ekki, Hrafn væri steinsofandi. Guðmundur stóð þá upp og hafði belti í höndum og bjó sig til að þræða það í buxur sínar. Amalía skipaði honum að afhenda beltið, og rétti hann henni það gegnum rimlaglugg-ann. Þá sá hún blóð á skyrtu Guðmundar og á jarka hægri hand-ar hans. Kallaði hún þá á Sigurð Tryggva, og þau fóru saman inn í klefann. Þau tóku Hrafn upp í dýnunni og lögðu hann á gólfið. Hann var blóðugur um vitin, en blóðið sýndist eins og hálf-storknað. Hann andaði og púlsinn sló. Amalía kallaði nú í Ein-ar Bjarnason. Náð var í blautt handklæði og blóð þerrað úr and-liti Hrafns, sem var skrámaður á munni. Þá var hætt að blæða. Guðmundur var svo fluttur í annan klefa, en hinir þrír skildir eftir í klefa 2. Fáum mínútum síðar leit Amalía inn í klefann, og var Hrafn þá í svipuðum stellingum, en þó enn meira á grúfu, og hrygglukennd andvörp heyrðust frá honum. Þá kallaði Amalía í Einar, og fóru þau inn í klefann, en báðu Sigurð Tryggva áður að ná í sjúkrabifreið. Síðan voru súrefnistæki sett á vit Hrafns. Amalía gætti að púlsinum og fann veikan púls. Hrafn var síðan fluttur burt í sjúkrabifreið, en síðar kom frétt um, að hann væri látinn. Þá fór Amalía og talaði við Grétar Þórarin og spurði hann, af hverju ákærðu hefðu verið að berja Hrafn, en hann svar-aði, að hann hefði ekki barið hann, aðeins haldið löppunum á hon-um, meðan Guðmundur hefði barið hann.

Sigurður Tryggvi Sigurðsson skýrir frá á þessa leið: Hrafn Jónsson var svo ölvaður, er hann var færður í fangaklefa, að það varð að styðja hann. Ekki sást á honum blóð né ákomur. Sigurður sá einnig um að setja ákærðu í fangaklefann síðar um kvöldið. Hann leit svo öðru hverju inn í klefann og sá ekki neitt athugavert. Milli kl. 23 og 2330 kallaði Amalía til hans, en þá voru að áliti Sigurðar 15—20 mínútur síðan hann hafði síðast litið inn í klefann. Sigurður var í eftirlitsgöngu, er Amalía kall-aði. Þau Amalía fóru saman inn í klefann. Þá lá Hrafn á sama bekk og hann hafði verið lagður á. Hann lá upp í loft og korraði í honum. Blóð var á andliti hans og hægra eyra. Þau tóku dýn-una með Hrafni á og lögðu á gólfið. Sigurður náði í blautt hand-klæði, sem blóð var þerrað af Hrafni með. Talsvert blóð hafði einnig komið í dýnuna. Þau töldu, að blætt hefði úr sári, sem Hrafn hafði á vör. Einar Bjarnason gætti að púls og andardrætti og taldi hvort tveggja í lagi, og var svo ákveðið að sjá til smá-stund. Fóru þau þrjú síðan út úr klefanum, en Guðmundur var

færður í annan klefa. Sigurður færði Guðmundi vatn þangað og spurði þá, hvað gengið hefði á, en Guðmundur sagði þá, að Grétar hefði slegið Hrafn. Fáum mínútum síðar kallaði Amalía, sem þá hafði gætt í klefa 2. Sigurður hringdi í sjúkrabifreið og undirbjó, að Hrafn yrði fluttur burt. Eftir að það hafði verið gert, var talað við Grétar um, hvað gerst hafði, en hann kvað Hrafn þá hafa ráðist á Guðmund, sem síðan hefði slegið Hrafn. Eftir það hefðu þeir lagt Hrafn á bekkinn, Guðmundur tekið um háls honum og hann sjálfur (Grétar) haldið um fætur hans. Guðmundur hélt því einnig fram, er rætt var við hann, að Hrafn hefði ráðist á hann, svo að hann hefði dottið utan í vegginn, Grétar slegið Hrafn að því búnu og hann sjálfur (Guðmundur) þjarmað að honum.

Sigurður Tryggvi segir, að sér hafi bersýnilega orðið á sú skyssa að leita ekki nógu vel á Guðmundi, svo að hann hafi verið með mittisól sína, er hann var settur í klefann, en skv. 8. gr. reglna fyrir lögreglumenn og fangaverði um meðferð handtekinna manna skal taka af föngum hluti, er geta orðið þeim hættulegir, meðal annars mittisól.

Sigurður Tryggvi skýrði svo frá, er hann bar vitni við meðferð málsins, að hann hefði séð Guðmund vera að pukrast með eitthvað, er þau Amalía komu inn í klefann, og hafi komið í ljós, að Guðmundur var með mittisól sína. Afhenti hann Amalíu hana eftir kröfu hennar. Greindi þau Sigurð Tryggva og Amalíu á í framburði sínum að þessu leyti. Við samprófun kvaðst Amalía örugg um, að hún hefði verið búin að taka ólina af Guðmundi, áður en hún kallaði í Sigurð, og hefði Guðmundur rétt henni ólina gegnum rimlagluggann, er hún var stödd í bakganginum. Sigurður Tryggvi kvaðst þá ekki vilja vefengja vætti Amalíu og hefði þetta líklega skolast til í minni hans vegna þess mikla umtals, sem orðið hefði um mittisólina.

Við meðferð máls þessa hefur ákærði Guðmundur neitað því, að hann hafi átt þátt í að svipta Hrafn Jónsson lífi, og er sá framburður mjög í ósamræmi við skýrslur, sem hann hafði gefið við rannsókn málsins, bæði fyrir rannsóknarlögreglu svo og fyrir sakadómi. Ákærði Grétar Þór hefur hins vegar í öllum skýrslum sínum haldið fast við það, að bæði Guðmundur og hann hafi hert ól að hálsi Hrafns og slegið hann.

Framburður hinna ákærðu verður nú rakinn nánar og þá fyrst skýrslur þær, sem Guðmundur hefur gefið í máli þessu.

Guðmundur gaf fyrst skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu kl.

1335 miðvikudaginn 20. júlí. Hann skýrði svo frá, að þeir Grétar hefðu verið töluvert saman að undanförnu og neytt bæði áfengis og lyfja. Kvöldið áður höfðu þeir svo verið teknir vestur í bæ og settir í varðhald. Í klefanum hefðu tveir menn verið fyrir, báðir sofandi. Einhvern veginn hefði svo tekist til, að hann hefði tekið belti af sér og sett á háls öðrum manninum og hert að, einnig slegið manninn. Síðan hefði bráð af sér og þá hefði hann séð, að þetta gæti verið hættulegt. Hann kvaðst hafa verið með beltið í höndunum, er fangaverðir komu að. Guðmundur sagði, að hann minntist þess ekki, að maðurinn hefði gert neitt á hluta þeirra félaga, og hefði það bara verið eitthvert brjálæði, sem greip þá.

Við þessa skýrslu hefur Guðmundur gert þá athugasemd við meðferð málsins, að sér hafi verið ógnað, og er hann var spurður, í hverju ógnanir hefðu verið fólgnar, sagði hann, að sér hefði verið bent á, að hann ætti börn og hvort honum væri ekki annt um líf þeirra.

Þegar Guðmundur hafði skýrt frá á þann veg, sem nú var lýst, var hann spurður, hvort fleiri hefðu ógnað honum við rannsókn málsins. Því svaraði hann einungis þannig: „Ja, já eiginlega að ég held, ég man það ekki."

Þegar Guðmudur kom fyrir dóm 20. júlí kl. 1555 vegna kröfu um gæsluvarðhald, kvaðst hann ekki muna til nema eins manns, er verið hefði fyrir í klefanum, er þeir Grétar voru færðir þangað. Guðmundur kveðst hafa sett mittisól sína um háls manninum, einu sinni að því er hann minnti, og hert að. Um tilefni þessa eða aðdraganda kvaðst hann ekki muna, en minnti, að maðurinn hefði verið að rífast við hann. Ekki gat hann um það sagt, hvort Grétar hefði átt þátt í afskiptum af manninum, en minntist þess þó við nánari athugun, að Grétar hefði danglað í höfuð mannsins með höndunum. Guðmundur sagði, að eftir að hann herti beltið að hálsi mannsins, hefði hann séð, að augu hans voru blóðhlaupin, og þá hefði hann tekið beltið af hálsinum. Hann kvaðst hafa verið mjög ölvaður, er hann var færður í klefann, en rankað við sér um það leyti, er hann tók beltið af hálsi mannsins.

Þegar skýrsla þessi var borin undir Guðmund við meðferð málsins, sagði hann einungis, að það væri sama, þetta gæti ekki verið, þetta hlyti að vera einhver heilaspuni.

Hinn 13. september hafði Guðmundur gefið allrækilega skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Í skýrslu þessari lýsir hann fyrst æviferli sínum og lifnaðarháttum sínum að undanförnu, en síðan

er hann spurður um sakarefnið. Hann skýrir svo frá, að hann hafi reynt að rifja upp málsatvik, en muni þau samt óljóst. Sig minni, að maður, sem var á bekk í klefanum, hafi risið upp og farið að rífast við Grétar, sem þá hafi lent í átökum við manninn. Guðmundur kveðst hafa farið að hjálpa Grétari og muni hann, að hann hafi tekið mittisól sína, sem ekki hafi verið tekin frá honum við vistun hans í klefanum. Hafi hann í þessum stimpingum sett ólina um háls manninum. Grétar hafi verið búinn að berja manninn og blætt hafi úr andliti hans, er hann (Guðmundur) var að koma beltinu fyrir. Hann kveðst svo hafa sett ólina gegnum sylgjuna og hert að, en verið svo máttlaus, að hann hafi ekki náð neinu taki og sleppt. Grétar hafi þá einnig tekið í ólina. Guðmundur kveðst ekki hafa slegið manninn, en Grétar hafi slegið hann eða slengt honum niður á bekkinn. Um það, hvað honum hafi gengið til þessa, minnist Guðmundur þess ekki, að önnur ástæða væri en sú, að hann hafi verið að aðstoða Grétar.

Þegar athygli Guðmundar var við meðferð málsins vakin á skýrslu þessari, sagði hann aðeins: „Ég held, að ég hafi ekki verið fær um að hjálpa manninum til neinna hluta."

Framkoma Guðmundar við meðferð málsins var að flestu leyti mjög annarleg. Framburður hans var oftast ruglingslegur og óskýr. Stundum svaraði hann spurningum seint eða alls ekki og stundum algerlega út í hött, þannig að svör hans voru ekki í neinum tengslum við spurningarnar. Fyrir kom, að hann rauk upp með illyrði, svo sem er hann hlýddi á vitnið Guðbjörn Helga Ríkharðsson, er síðar verður vikið að. Þá er síðar í dómsforsendum lýst rannsókn, sem fram fór á geðheilbrigði Guðmundar.

Ákærði Grétar Þórarinn heldur því fast fram, að hann hafi tekið þátt í atlögu að Hrafni Jónssyni í félagi við ákærða Guðmund og séu þeir samsekir og þáttur þeirra í verkinu mjög svipaður. Hann hefur gefið margar skýrslur fyrir rannsóknarlögreglu við rannsókn málsins, einnig fyrir dómi, áður en hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Vísar hann til skýrslna þessara.

Grétar kveðst hafa verið í félagsskap með Guðmundi daginn, sem atburðurinn gerðist, en þeir höfðu hist í Gistiheimilinu í Þingholtsstræti. Kveðst hann hafa tekið inn töluvert af valíumtöflum, sem Guðmundur hafi haft meðferðis, og drukkið eitthvað af spritti. Þeir hafi svo verið handteknir vestur í bæ og færðir í fangageymslu. Þar hafi tveir menn verið fyrir í fasta svefni, en annar þó eitthvað verið að rumska. Guðmundur hafi tekið belti sitt og brugðið um háls öðrum manninum, dregið ólina gegnum

sylgjuna og hert að. Grétar kveðst hafa haldið um fætur mannsins, sem hafi hreyft sig eitthvað. Síðan hafi hann einnig tekið í beltisólina og rykkt í oftar en einu sinni. Þá hafi þeir Guðmundur báðir til skiptis slegið manninn. Síðan hafi þeir hætt afskiptum af manninum og Guðmundur verið að setja á sig beltið, er fangavörður kom að.

Grétar skýrði á þennan veg frá atvikum í fyrstu skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu, og við þennan framburð hélt hann, er hann var yfirheyrður í dómi 20. júlí svo og við meðferð máls þessa.

Í skýrslu, sem Grétar Þórarinn gaf 25. júlí, skýrði hann frá því, að Guðmundur hefði áður verið búinn að snúa sér að hinum manninum (þ. e. Sigurlaugi Jóni) og leita á honum að sígarettum, en síðan hafi hann tekið af sér beltið og sett um háls manninum og hert að. Þá kveðst Grétar Þórarinn hafa kallað til hans, að fangavörður væri að koma, og þá hafi Guðmundur tekið ólina í skyndi til sín aftur og sett í buxnastreng sinn. Rétt á eftir hafi fangavörður litið inn og tekið manninn, sem þá hafi verið dottinn á gólfið, upp og lagt hann á bekkinn. Það hafi svo verið eftir að fangaverðirnir voru farnir burt aftur sem Guðmundur sneri sér að Hrafni.

Frásögn þessi hefur eigi stoð í öðrum gögnum málsins. Fangaverðir kannast alls ekki við, að þeir hafi komið inn í klefann á þessum tíma. Sigurlaugur Jón kveðst reyndar hafa verið eitthvað aumur í hálsi næsta dag, en framburður hans verður rakinn nánar á eftir.

Grétar Þórarinn hefur litla sem enga skýringu getað gefið á því, hvað þeim félögum hafi gengið til með atlögu sinni að Hrafni. Í fyrstu kveðst hann hafa haldið, að Guðmundur væri að gera að gamni sínu, „djóka“, eins og hann orðar það, eða að hann væri að leita að sígarettum, ellegar að hann væri að kvelja manninn af einhverjum sadisma. Einhvern veginn hafi hann sjálfur æst upp við þetta, enda minnir hann, að Guðmundur segði við hann: „Við hvern djöfulinn ertu hræddur?“ Ekkert hafi Guðmundur þó sagt í þá átt, að þeir skyldu drepa manninn, og Grétar kveðst fyrst ekki hafa trúað því, að sú væri ætlunin, þetta hafi bara einhvern veginn farið svona. Hann kveðst sjálfur ekkert hafa hugsað út í, að aðfarir þeirra gagnvart manninum gætu verið lífshættulegar.

Grétar Þórarinn hefur í skýrslum sínum vikið að því, að þeir Guðmundur hafi umgengist hvor annan allmikið, áður en þetta

gerðist. Guðmundur hafi verið argur út í samfélagið, talið, að hann væri ofsóttur og lífið væri tilgangslaust. Hann hafi tæpt á því, að þeir yrðu að gera eitthvað til þess að fá varanlegt húsaskjól, jafnvel drepa einhvern í því skyni. Hann hafi haft við orð, að þeir skyldu drepa Tyrfing í Gistiheimilinu, en Grétar kveðst ekki hafa tekið þetta alvarlega.

Ekki er kunnugt um nein tengsl eða kunningsskap milli hinna ákærðu og Hrafns Jónssonar, og hvorugur þeirra segist hafa þekkt Hrafn neitt.

Ákærðu voru, eins og áður er fram komið, yfirheyrðir af rannsóknarlögreglumönnum daginn eftir atburðinn, og að því búnu voru þeir skv. kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins úrskurðaðir í gæsluvarðhald, er þeir hafa setið í síðan.

Ákærðu var tekið blóðsýni kl. 0430 aðfaranótt 20. júlí. Í blóði Guðmundar reyndist alkóhólmagn 0.81‰ og í blóði Grétars Þórarins 0.13‰. Bendir þetta eigi til þess, að ákærðu hafi verið mjög ölvaðir um kvöldið, en hafa ber í huga, að um 6½ klst. var liðin frá handtöku, er blóðsýni voru tekin.

Vitnið Guðbjörn Helgi Ríkharðsson, Eiríksgötu 11, 42 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að hann hafi í fyrri hluta júlímánaðar hitt ákærða Guðmund í Gistiheimilinu í Þingholtsstræti og Guðmundur hafi þá verið að tala um, hvað hann ætti að gera til þess að fá ævilangt fangelsi. Guðbjörn Helgi kveðst þá hafa spurt hann, hvort hann vildi hafa það 99 ár eins og í Bandaríkjunum eða 16 ár eins og hér á landi. Guðmundur hafi verið að tala um, að brátt færi að hausta og hann þyrfti húsaskjól eða hvíld. Þá kveðst Guðbjörn Helgi hafa sagt við hann, að hann skyldi þá bara drepa mann. Þetta kveður Guðbjörn Helgi hafa rifjast upp fyrir sér, er hann frétti skömmu síðar, að ákærðu væru sakaðir um manndráp.

Um vætti Guðbjörns Helga hafði Guðmundur þau ummæli, að þetta væri lygaþvættingur, og æstist hann mjög upp við að hlýða á vitnið, eins og áður segir.

Sigurlaugur Jón Sigurðsson hafði verið handtekinn vegna ofurölvunar og illdeilna á heimili sínu, og var það eftir ósk konu hans, að hann var settur í geymslu. Sigurlaugur hafði haft áverka eftir viðureign við konu, er hafði verið stödd á heimili hans, og lögregluþjónar létu gera að sárum hans í slysavarðstofu, áður en farið var með hann í lögreglustöðina. Sigurlaugur hefur borið það sem vitni, að hann muni ekkert eftir sér frá því, er hann sat að drykkju með konu sinni heima, og þar til hann vaknaði

í fangageymslu morguninn eftir. Man hann ekkert eftir handtökunni né hverjir voru með honum í klefanum, og kveður hann sér með öllu ókunnugt um atburði þá, er urðu í klefanum um kvöldið. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem mælir gegn því, að framburður þessi sé réttur.

Eftir að Grétar hafði látið þess getið, að Guðmundur hefði hert ól að hálsi Sigurlaugs, var Sigurlaugur spurður um líðan sína morguninn eftir að þessir atburðir urðu. Hann kvaðst hafa haft einhverjar húðrispur á hálsi hægra megin, er hann fór að raka sig. Hann hafi ekki verið tiltakanlega slæmur í hálsi. Af gögnum málsins sést, að Sigurlaugur var illa til reika eftir drykkju og hafði orðið fyrir höfuðáverkum, eins og áður segir.

Samkvæmt vottorði slysadeildar Borgarspítalans, undirrituðu af Hauki Kristjánssyni yfirlækni, var komið með Hrafn Jónsson þangað kl. 2335. Í vottorðinu segir síðan m. a.:

„ . . . Sjúkraflutningsmenn töldu sig ekki hafa greint nokkurt lífsmark með manninum á leiðinni til Slysadeildarinnar.

Við skoðun í Slysadeild sást, að maðurinn var látinn. Engin einkenni fundust um hjartslátt né öndun. Húðlitur var gráfölur og sumstaðar lítið eitt bláleitur (cyanotiskur). Ljósop voru víð og engin viðbrögð (reflexar) í augum. Framan á hálsi sást mar.

Sett var í skyndingu niður barkaslanga (gerð intubation), og sást þá rauðleit fyrirferðaraukning efst í barka (larynx), sem gat verið marblettur.

Hjartahnoð ásamt loftdælingu í lungu báru engan árangur."

Jónas Bjarnason rannsóknarlögreglufulltrúi fór í slysadeild Borgarspítalans, eftir að tilkynnt hafði verið, að þangað hefði verið komið með látinn mann. Hann segir svo frá ástandi líks Hrafns Jónssonar:

„Andlit líksins var mikið blóðugt og blóð í munni. Einnig virtist blóð hafa runnið út um hægra eyra. Mikið var af marblettum framan á hálsi og niður á bringuna. Blóð var einnig í hári á höfðinu. Við lauslega athugun virtist maðurinn vera óeðlilega laus í hálsliðnum."

Rannsóknastofu Háskólans var falið að kryfja lík Hrafns, og annaðist Jónas Hallgrímsson læknir krufninguna. Í skýrslu hans segir m. a. á þessa leið:

„ . . . Skyrtan er talsvert blóðug. Blóð rennur úr hægra eyra. Lítilsháttar húðblæðing er einnig fyrir neðan hægra auga, 1 cm í þv.m. Skrámur eru á höku. Báðar varir eru höggvnar nálægt hægra munnviki, og er blæðing þar í kring. Framan á hálsi og

hægra megin á hálsi eru nokkrar þverlægar skrámur, sem eru nálægt 1 mm í þv.m. Liggja þær óreglulega, en allar þó nokkuð þvert. Af útliti þeirra er ekki hægt að ráða, hvað hafi valdið þeim, en líklegt er þó, að það hafi verið eitthvað, sem hafi verið bundið um eða herzt að hálsi hans. Framan til á hálsinum neðanverðum og rétt yfir bringuna ofanverða eru punktblæðingar í húð. Á hálsi má einnig sjá dauf, föl för eins og eftir þrýsting, og eru þau framan á og á hliðum. . . .

Munnur: Við tungurætur er nýleg blæðing. Tungan sjálf er eðlileg. Síðan er nýleg blæðing í kverkar og aðallega niður við og ofan við opið ofan í barkakýlið. Blæðing sú er 5 cm í þv.m. og er aðallega hægra megin við barkakýlisopið og er allt að því 1 cm á þykkt. Síðan sést 3 cm stór blæðing í vélindanu undir þekjunni, og er hún um 0.3 cm á þykkt og er 3 cm neðan við barkakýlisopið. Sömuleiðis eru blæðingar í mjúku vefina neðan við tunguræturnar og framan á hálsinum ofanverðum, undir og á milli vöðvanna þar og báðum megin við og bak við skjaldkirtilinn. . . .

. . . Barki og berkjur innihalda nokkurt blóðugt slím. . . .

. . . Þegar höfuðsverði er flett af, kemur í ljós blæðing beint ofan á hvirfli, 2 cm í þv.m. . . .

. . . Réttarefnafræðilegt mat var framkvæmt í Rannsóknastofu í Lyfjafræði við Háskóla Íslands. Magn alkohóls í blóði var 3.38‰ og í þvagi 4.32‰. Leitað var að barbitúrötum og diazepam og fannst það ekki.

Niðurstaða: Við krufninguna sáust áverkar á hálsi, sem benda til þess, að hert hafi verið að hálsi mannsins. Sáust þar ummerki á húð og blæðingar í vöðva og umhverfis skjaldkirtil. Stærsta blæðingin var við opið niður í barkakýlið og hafði mjög þrengt að því opi vegna blæðingarinnar. Maðurinn var mjög ölvaður, er hann lézt. Telja verður, að maðurinn hafi látizt af samverkan áverkanna á hálsi og alkohóls. Áverkarnir á höfði geta ekki talist alvarlegir."

Í málinu hafa verið lagðar fram myndir af líki Hrafns, er sýna ytri áverka greinilega. För þau á hálsi, sem vikið er að í krufningarskýrslunni, sjást einkum greinilega á myndum, teknum af Sævari Þ. Jóhannessyni frá tæknideild rannsóknarlögreglunnar.

Jónas Hallgrímsson hefur komið fyrir dóm og borið vitni við meðferð málsins. Hann segir, að blæðingarnar í hálsi Hrafns Jóns-

sonar hljóti að hafa stafað af einhverjum áverka og sé ekkert því til fyrirstöðu, að þær hafi orsakast af því, að hert hafi verið að hálsinum með ól. Jónas var að því spurður, hvort hann teldi hugsanlegt miðað við alkóhólmagn í blóði Hrafns, að hann hafi látist af alkóhóleitrun. Hann kvaðst ekki vera eiturefnafræðingur, en almennt mundi ekki talið líklegt, að blóðalkóhól 3.38‰ gæti valdið bana, þótt ekki sé hægt að útiloka það með öllu. Mikið blóðalkóhól, t. d. yfir 3‰, slævi hins vegar örugglega heilastarfsemina og valdi mikilli ölvun, jafnvel drykkjusvefni. Um það, hvort hugsanlegt sé, að áverkarnir á hálsi Hrafns hefðu einir út af fyrir sig getað valdið dauða, segir Jónas, að það sé hugsanlegt, en ekki líklegt, ef um hefði verið að ræða mann, sem haft hefði möguleika á að leita sér læknisaðstoðar, en sennilega hefði læknisaðgerða þurft með, svo sem að koma loftröri fram hjá blæðingunni eða gefa súrefni.

II. Föstudaginn 15. júlí sl. var ákærði Grétar Þórarinn Vilhjálmsson færður úr fangageymslu lögreglunnar til rannsóknarlögreglu ríkisins. Hafði komið í ljós, að ákærði hafði haft á sér 77.200 kr. í peningum, og þótti ekki einleikið, þar sem ekki var til þess vitað, að ákærði hefði haft tekjur. Ákærði skýrði svo frá, að þriðjudagskvöldið áður hefði hann farið inn í íbúðarbragga í Múlahverfi til þess að leita skjóls fyrir illviðri. Þar hefði hann svo opnað ólæsta skúffu í kommóðu og séð þar peningabúnt, er hann hefði slegið eign sinni á. Hann hafði svo eytt einhverju af peningunum, en 77.200 krónurnar væru eftirstöðvar af fé því, sem hann tók þarna.

Við könnun rannsóknarlögreglu kom í ljós, að maður að nafni Agúst Guðjónsson hafði búið í skála þessum, en var fluttur þaðan. Hann kvaðst munu hafa átt nokkra peningafúlgu geymda í skálanum, en gat þó ekki sagt um, hve mikla fjárhæð. Rannsóknarlögreglan afhenti honum áðurgreinda fjárhæð, 77.200 kr.

III. Hinn 21. maí sl. greiddi ákærði Guðmundur Antonsson Emil Jónssyni leigubifreiðarstjóra, Skúlagötu 70, ökugjald með 1.800 króna tékka, útgefnum á ávísanareikning 91671 í útibúi Búnaðarbanka Íslands í Búðardal. Ákærði átti ekki reikning í banka þessum, og kveðst hann hafa tilgreint reikningsnúmer af handahófi. Hann kveðst hafa fengið tékkaeyðublaðið hjá einum kunningja sínum og telur einnig, að sá hafi eggjað hann á að rita tékkann, er þeir voru saman við drykkju og á flækingi um borgina í leigubifreiðum.

Emil Jónsson hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til

þess að greiða honum tékkafjárhæðina, og hefur ákærði samþykkt þá kröfu.

Persónulegir hagir ákærðu.

Ákærði Guðmundur er fæddur á Siglufirði og mun að miklu leyti alinn þar upp hjá afa sínum til 10 ára aldurs, fluttist þá suður og var nokkur ár í Reykholti, síðan í Reykjavík. Hann hóf 16 ára að aldri klæðskeranám hér í borg, lauk námi og fékk meistarabréf, vann síðan um 11 ár við iðn sína hjá fyrirtæki því, þar sem hann hafði lært. Síðan tók að koma los á vinnu hans og hagi alla. Hann gekk í hjónaband árið 1957 og eignaðist í því 3 börn, en hann skildi við konu sína eftir 6 ár, og hefur hann ekki kvænst né tekið upp sambúð við konur síðan. Guðmundur hafði fengið lömunarveiki 3 ára að aldri og ber þess merki. Vöðvar vinstri ganglims eru rýrir, og hann gengur mjög haltur.

Guðmundur tók að neyta áfengis um 18 ára aldur, og ágerðist drykkjuhneigð hans eftir því sem árin liðu, og nú hefur hann um langt árabil verið ofdrykkjumaður, sem engin störf hefur stundað. Hann var fyrst kærður fyrir ölvun og spell árið 1965, og 17 sinnum hefur hann sæst á greiðslu ölvunarsekta. Á árinu 1957 var ákæru á hendur honum fyrir lyfseðilsfölsun frestað skilorðsbundið. Hinn 20. mars 1959 sættist hann á að greiða 800 kr. sekt fyrir brot gegn 244., sbr. 256. gr. hegningarlaga. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

1965 25/8 4 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir svik.
1966 22/10 6 mán. fangelsi fyrir fjárdrátt og svik.
1967 13/2 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1967 7/7 45 daga fangelsi fyrir svik.
1968 9/5 Sakfelldur fyrir fjársvik, refsing ekki dæmd.
1970 5/2 3.000 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1972 8/6 30 daga fangelsi fyrir svik.
1973 8/10 30 daga fangelsi fyrir svik.
1973 10/12 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað og svik.
1973 14/3 2 mán. fangelsi fyrir skjalafals.
1975 3/6 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað, svik og spell.
1976 18/11 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1977 27/4 3 mán. fangelsi fyrir þjófnaðartilraun og svik.

Lárus Helgason, dr. med., var við rannsókn málsins fenginn til þess að rannsaka geðhagi Guðmudar. Í skýrslu sinni segir hann, að rannsóknin hafi reynst erfiðleikum bundin og Guð-

mundur reynst ósamvinnuþýður. Rétt þykir að taka hér upp síðari hluta af skýrslu dr. Lárusar um Guðmund:

„Guðmundur er 46 ára gamall með rytjulegt alskegg, farinn að grána. Hann er grindhoraður, lotinn og þreytulegur. Augnaráð hans er heiftugt og hatursfullt. Almennt er hann þögull í viðtölum og tortrygginn. Hann virðist hlýða á það, sem sagt er, en svarar ekki. Stöku sinnum í einu viðtalinu segir hann skyndilega og án tilefnis „nei" og hristir höfuðið. Erfitt er vegna skorts á samvinnu að segja til um, hvort hann líði af ofskynjunum, svo sem ofheyrnum, en almenn framkoma eða látbragð hans að öðru leyti mælir ekki með slíku. Hann er með ranghugmyndir og hugsanagangur hans er brenglaður, en ástand hans lagast nokkuð síðar í rannsókninni. Helst talaði hann við mig í einu viðtali, en þá komu fram samhengislausar og ruglingslegar setningar eins og: „Þú ert að leita eftir stelpum í gegn um fanga." Er hann átti að vinna úr persónuleikaprófi, sem Gylfi Ásmundsson lagði fyrir hann, skrifaði hann niður á prófblöðin eftirfarandi setningar: „Sálfræðingurinn hefur réttindi sem leppur ríkislögreglu sem hefur aðstöðu á Kleppsspítalanum. Það er að vera ekki sjentilmaður á rökréttan mælikvarða frjálsra manna í frjálsu umhverfi." Og einnig skrifar hann: „Jesús Kristi var útrýmt af Krists Olíufjalli í Júðalandinu Judeu, sem var stærra en 11 milljónir manna. 600 milljónir Júða hafa þeir verið á dögum Krists fjölskyldu. 11 milljónir manna hafa verið drepnir og útrýmt þegar síðasta ættliði Krists ættar var tekinn af lífi að rómverskum sið og blóð Krists ættartölu drukkið af lögregluvaldi Krists ættartölu."

Telja má víst, að hin sérkennilegu viðbrögð Guðmundar við geðrannsókn séu orsökuð af geðveiki (paranoid Schizophrenia).

Guðmundur fékk lömunarveiki 3ja ára gamall og skaðaðist verulega, þannig að hann var lamaður á vinstri ganglim og gengur síðan verulega haltur. Hann gerðist meistari í klæðskeraiðn. Fram að þrítugsaldri vann hann síðan sem klæðskeri á sama vinnustað hér í Reykjavík. Á þeim tíma giftist hann og eignaðist 3 börn. Vínneyslu hóf hann um 18 ára aldur, og virðist svo sem vínneyslan hafi aukist verulega upp úr tvítugsaldri. Um þrítugsaldur fer félagsleg uppbygging hans að hrynja og þá víni kennt um. Hann missti vinnuna, síðar skildu hjónin. Um líkt leyti leitar hann fyrst inn á geðsjúkrahús, tíðari skipti verða á vinnustöðum og bilin milli starfstíma verða æ lengri, og hann gerist

afbrotamaður. Andlegri og líkamlegri heilsu hrakar mjög vegna langvinnrar ofneyslu vímugjafa, hann er orðinn atvinnulaus, félaus og heimilislaus öryrki, er hann lenti í verknaði þeim, sem hann er nú ákærður fyrir.

Við fyrstu skoðun, er fór fram 4. ágúst 1977, eða 16 dögum eftir að manndrápið átti sér stað, var Guðmundur með einkenni um geðveiki eða kleyfhugasýki (paranoid schizophrenia) í slíkum mæli, að hann gat ekki talist sakhæfur. Vegna takmarkaðra tengsla við sjúkling verður ekki unnt að segja með vissu, hvort hann hafi verið geðveikur, er hann framdi afbrot sitt. Telja má víst, að skaðlegir lifnaðarhættir hans, einkum ofneysla fíkniefna, hafi í miklum mæli aukið veilur í skapgerð hans og haft áhrif á hugsanagang hans þannig, að hann varð geðveikur. Líklega hafa þó fíkniefnin haldið niðri geðveikiseinkennunum, meðan hann gat neytt þeirra. Guðmundur segist hafa neytt þann dag, er verknaðurinn var framinn, bæði brennsluspritts og diazepams. Blóðrannsókn tekin nokkrum klukkustundum síðar sýndi magn alkohols í blóði 0.81‰. Hann hefur því verið nokkuð mikið ölvaður. Það er því mögulegt, að Guðmundur hafi ekki verið með einkenni geðveiki í slíkum mæli, að hann teldist ekki sakhæfur, er hann tók þátt í manndrápinu. Þess ber einnig að gæta, að þessi tegund geðveiki felst í mikilli tortryggni og ofsóknarkennd, og er hugsanlegt, að þau einkenni hafi líka aukist við innilokun og yfirheyrslur, er áttu sér stað, eftir að afbrotið var framið. Alls var fylgst með Guðmundi í 6 vikur eftir fyrsta viðtal. Reglubundið fæði og hvíld í fangelsinu hafði greinilega góð áhrif á líkamsástand Guðmundar. Af viðskiptum hans við fangaverði og af skýrslu þeirri, er Guðmundur gaf þriðjudaginn 13.09.77, má ráða, að Guðmundur hafi einnig lagast mikið andlega. Einkenni geðveikinnar virtust dvínandi, líklega það mikið, að hann gæti talist bættur af geðveikinni.

Niðurstaða.

Við fyrstu rannsókn þ. 4. ágúst s.l., eða um 16 dögum eftir að afbrotið var framið, var Guðmundur í því ástandi, að hann taldist geðveikur og ósakhæfur. Hins vegar verður ekki sagt um með vissu, hvort hann hafi verið ósakhæfur, þá er hann framdi afbrot það, sem hann er nú ákærður fyrir. Síðar í rannsókninni benda líkur sterklega til þess, að einkennin hafi dvínað í það miklum mæli, að hann teldist bættur af geðveiki sinni. Verður það fremur þakkað reglubundnu lífi í fangavist en meðhöndlun, þar sem hann tók ekki reglubundið geðlyf, meðan á rannsókninni stóð."

Ákærði Grétar Þórarinn er fæddur og uppalinn í Reykjavík. Á árinu 1952 var hann saksóttur fyrir manndráp af gáleysi (umferðarslys). Niðurstaðan varð sú, að þótt hann hefði verið heill geðheilsu, er slysið varð, hefði hann síðar tekið vefrænan geðsjúkdóm. Leiddi það til þess, að honum var ekki dæmd refsing, sbr. 63. gr. hegningarlaga, og heldur var ekki mælt fyrir um önnur viðurlög honum til handa nema ökuleyfissviptingu. Hann hefur síðan um langt árabil verið ofdrykkjumaður og notað alls konar lyf sem vímugjafa. Síðan 1955 hefur hann 10 sinnum sæst á sektargreiðslu fyrir ölvun. Hann sætti einnig 2 refsidómum fyrir þjófnað á árinu 1976. Í hinum fyrri (26. mars) var ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið, en með hinum síðari (17. nóv.) var hann dæmdur í 3 mán. fangelsi skilorðsbundið til 2 ára. Hefur hann þá verið talinn sakhæfur.

Lárus Helgason, dr. med., rannsakaði einnig geðheilsu Grétars Þórarins, eftir að rannsókn máls þessa hófst. Er þar rakinn lífsferill hans og greint frá rannsóknum og prófunum, sem á honum voru gerðar. Meðal þeirra er sálfræðirannsókn Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, en niðurstaða hennar er þessi:

„Niðurstöður af þessari rannsókn, eins og hinum fyrri, sem gerðar hafa verið á Grétari, sýna ákaflega lítt þroskaðan persónuleika, sem er á mörkum þess að vera vangefinn, hefur grunnt tilfinningalíf og fátæklegt hugmyndalíf. Hefur litla stjórn á hvötum sínum og myndar léleg geðtengsl við annað fólk. Hann hefur því verulega skapgerðar- og hegðunargalla, sem m. a. koma fram í áfengissýki hans og algjörlega festulausu líferni. Merki koma fram um truflanir á greindarfari, sem kynnu að eiga rætur til vefræns skaða á miðtaugakerfi, en ekkert kom fram við rannsókn, sem bendir til meiri háttar geðveiki."

Lokakafli (ályktun) skýrslu dr. Lárusar um Grétar Þórarin er á þessa leið:

„Hér er um að ræða 45 ára gamlan treggefinn mann, sem þó lauk barnaskólanámi. Hann ólst upp hjá foreldrum, en er ekki sáttur við uppeldið, einkum vegna skorts á umhyggju eða athygli foreldra sinna. Þegar á stráksaldri bar á viðkvæmni og nokkrum skapgerðarbrestum. Hann telur, að fyrstu alvarlegu kvíða- og öryggisleysisköstin hafi byrjað nokkrum vikum eftir að hann fékk höfuðhögg, en þá var hann 15 ára gamall. Upp úr því fór að bera á æsings- og reiðiköstum. Um 18 ára aldur er hann farinn að neyta víns í óhófi. 19 ára gamall leitar hann fyrst til geðlækna og á að baki nær 40 innlagningar á geðsjúkrahús eða dval-

arstaði tengda þeim. Takmörkuð greind ásamt vanþroskuðum tilfinningum og dómgreindarleysi hafa átt sinn þátt í skapgerðar- og hegðunargöllum hans, sem koma fram m. a. í ofneyslu vímuvaldandi efna, úthaldsleysi í starfi, heimilisleysi og árekstrum við samfélagið. Líf hans hefur í vaxandi mæli og nú síðustu árin nær einvörðungu snúist um það að komast yfir vín eða aðra vímugjafa til að svala líkamsþurftum. Hann var, er hann tók þátt í manndrápi, atvinnulaus og heimilislaus, vannærður öryrki, er neytti víns eða annarra efna daglega.

Grétar er ekki haldinn neinni meiri háttar geðveiki og telst því sakhæfur. Niðurstöður greindarprófs sýna hins vegar greindarvísitölu (Intelligence Quotience) 69. Samkvæmt alþjóðlegum skilningi (International Classification of diseases, 8th Revision, gefin út á vegum WHO) telst hann treggefinn (Borderline Mental Retardation, I.Q. 68—85). Hann er hins vegar á mörkum þess að vera vægt vangefinn (Mild Mental Retardation, I.Q. 52—67). Ég þekki ekki til neinna ákvæða, er kveða á um mörk sakhæfni með tilliti til niðurstöðu mælinga á greindarvísitölu, reyndar eru niðurstöður slíkra mælinga stundum ónákvæmar. Af niðurstöðu greindarprófsins svo og af viðtölum við Grétar verður hann að geta talist sakhæfur og ábyrgur gerða sinna. Við manndrápið var Grétar undir fremur vægum áhrifum víns (0.13‰). Hann mun, að eigin sögn, þá hafa tekið inn allmikið af Valiumtöflum. Í fylgiskjölum er ástandi hans, er hann var settur í fangaklefa, lýst þannig: „Áberandi ölvaður". Hann hefur því mjög líklega verið undir áhrifum sljóvgandi efna, sem hafa skert dómgreind hans og getað haft áhrif á þátttöku hans í verknaði þeim, sem hann er nú ákærður fyrir. Ekki er ljóst, hvers vegna Grétar er treggefinn, greinileg merki um heilaskaða koma ekki fram. Ástand Grétars nú gefur ekki tilefni til meðhöndlunar á geðsjúkrahúsi."

Álit dómsins.

Ákærðu játuðu það við rannsókn málsins, að þeir hefðu báðir hert ól að hálsi Hrafns og slegið hann. Grétar Þórarinn heldur við meðferð málsins fast við þennan framburð sinn, en Guðmundur hefur skýrt frá á annan veg. Framburður hans er þó að flestu leyti ruglingslegur og óskýr og skýringar hans á því, hvers vegna hann hafi skýrt öðruvísi frá við rannsókn málsins, verða að teljast einber markleysa.

Önnur gögn málsins renna stoðum undir játningar hinna ákærðu, og þykir rétt að taka sérstaklega fram eftirtalin atriði:

a) Telja verður sannað, að Hrafn Jónsson hafi látist af völdum áverka, sem hann hafi hlotið í fangageymslunni umrætt kvöld. Er þar ekki öðrum til að dreifa en klefanautum hans, en það voru auk ákærðu einungis Sigurlaugur Jón Sigurðsson, sem ljóst þykir, að sofið hafi þungum ölvunarsvefni.

b) Telja verður sannað, að Guðmundur hafi haft mittisól sína með sér inn í klefann. Á mittisólinni eru blóðblettir svo og ákoma á þeim stað, að samræmst gæti því, að hún hefði verið notuð eins og fram kemur í skýrslum ákærðu.

c) Far á hálsi Hrafns þykir benda til þess, að hert hafi verið að hálsinum með ól eða einhverju slíku.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja sannað, að ákærðu hafi í sameiningu orðið Hrafni Jónssyni að bana. Torvelt er að greina á milli þátta ákærðu hvors um sig í verknaðinum, en Guðmundur hefur þó orðið fyrri til að hefjast handa og verið öllu atkvæðameiri. Ekki verður neinum getum að því leitt, hvað vakað hafi fyrir ákærðu, enda hafa hugmyndir þeirra efalaust verið óljósar, og verður þá bæði að hafa í huga geðheilbrigði þeirra og ástand, er atburðurinn varð, en þeir höfðu þá sennilega neytt lyfja í óhófi auk áfengis. Aðdragandi að verknaðinum virðist raunverulega enginn hafa verið. Með tilliti til þeirra aðferða, sem sannað verður að telja, að ákærðu hafi beitt, þ. e. að herða ól að hálsi Hrafni og berja hann, verður að líta á verknað ákærðu sem ásetningsverknað, og varðar hann því við 211. gr. alm. hegningarlaga, eins og í ákæru greinir.

Talið verður sannað með framburði ákærðu og öðrum gögnum, að þeir hafi framið brot þau, sem lýst er í II. og III. kafla ákæru og eru þar rétt færð til refsiákvæða.

Andlegu ástandi og heilsu ákærðu hefur áður verið lýst. Nokkur vafi er á því, hvort Guðmundur hafi, er hann varð Hrafni Jónssyni að bana, verið í því ástandi, að hann hafi verið ábyrgur gerða sinna. Ekki þykir þó leitt í ljós, að hann hafi þá verið alls ófær um að ráða gerðum sínum í skilningi 15. gr. alm. hegningarlaga Hins vegar er einsætt, að hann er svo andlega miður sín, að ekki verður talið, að refsing geti borið árangur gagnvart honum.

Grétar Þórarinn er að vísu ekki talinn haldinn meiri háttar geðveiki, og verður hann því ekki talinn hafa verið með öllu ófær um að stjórna gerðum sínum, er hann vann verkið. Engu síður verður þó með hliðsjón af gáfnatregðu hans, tilfinningalegum vanþroska og skapgerðar- og hegðunargöllum, sem hann virð-

ist hafa verið haldinn frá unga aldri, að telja, að tilgangslaust sé að refsa honum.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til 16. gr. alm. hegningarlaga verður því hvorugum hinna ákærðu dæmd refsing. Hins vegar er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að varna því, að háski verði af ákærðu. Ber því skv. 62. gr. alm. hegningarlaga að ákveða, að ákærðu sæti öruggri gæslu á viðeigandi stofnun.

Samkvæmt lögjöfnun frá 178. gr. laga 74/1974 ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Fjárkrafa Emils Jónssonar á hendur ákærða Guðmundi verður tekin til greina.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga 74/1974 ber að ákveða, að ákærðu skuli greiða allan kostnað sakarinnar. Verður Guðmundur dæmdur til að greiða réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 130.000 kr., og Grétar Þórarinn réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 130.000 kr. Annan sakarkostnað verða ákærðu dæmdir til þess að greiða óskipt, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 kr., en sókn í málinu flutti Jónatan Sveinsson saksóknari.

Dómsorð:

Ákærðu, Guðmundur Antonsson og Grétar Þórarinn Vilhjálmsson, sæti öruggri gæslu á viðeigandi stofnun. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði Guðmundur Antonsson greiði Emil Jónssyni 1.800 kr.

Ákærði Guðmundur greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 130.000 kr., og ákærði Grétar Þórarinn réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 130.000 kr. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 kr.

Föstudaginn 28. mars 1980.

Nr. 92/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Hallmari Thomsen
(Gylfi Thorlacius hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ríkharður Másson, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu og allmörg ný gögn lögð fram, aðallega að því er varðar innheimtuaðgerðir á fjárhæðum víxla þeirra, er mál þetta er af risið. Frekari skýrslur voru teknar af ákærða og þrem vitnum.

Með bréfi, dags. 31. október 1973, sendi Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður sýslumanninum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu ljósrit af fjórum víxlum, er greinir undir tl. 2, 3, 4 og 5 í ákæruskjali. Kvað hæstaréttarlögmaðurinn ákærða hafa falsað nafn Ólafs Helga Gestssonar á víxla þessa, og óskaði þess, að mál þetta yrði rannsakað.

Hinn 8. nóvember 1973 var Tómas Enok Thomsen pípulagningamaður, Ólafsbraut 36 í Ólafsvík, yfirheyrður sem vitni í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Er hann albróðir ákærða. Voru honum sýnd ljósrit víxla þeirra, er greinir undir tl. 2 og 3 í ákæruskjali, en nafn hans er ritað á báða víxla þessa sem útgefanda og ábekings. Ekki kannaðist hann við að hafa ritað nafn sitt á víxla þessa og sagði það falsað. Kvaðst hann hafa fengið tilkynningar frá útibúi Útvegsbankans í Kópavogi, Verzlunarbanka Íslands h/f og Alþýðubankanum h/f um vanskil víxlanna og kröfu um

greiðslu þeirra, en við framhaldspróf í málinu 22. febrúar 1980 var borið undir hann ljósrit víxils þess, er greinir undir tl. 1 í ákæruskjali, og kannaðist hann ekki heldur við að hafa ritað nafn sitt sem útgefandi og ábekingur á þann víxil. Kvað hann nafn sitt falsað og nafnritunina á víxlinum ekkert líkjast sinni nafnritun.

Eftir að honum bárust framangreindar tilkynningar, kveðst Tómas Enok hafa spurt ákærða, hvernig á víxlum þessum stæði. Hann hafi svarað því til, að hér væri um einhvern misskilning að ræða og hann mundi kippa þessu í lag. Segist Tómas Enok hafa treyst þessu og því ekkert frekar aðhafst í málinu, enda haldið, að það væri úr sögunni.

Ólafur Helgi Gestsson kom fyrir sakadóm við framhaldsrannsókn málsins 22. febrúar 1980. Voru borin undir hann ljósrit víxla þeirra, er greinir undir tl. 2 til 5 í ákæruskjali. Kveðst hann ekki hafa ritað nafn sitt á víxla þessa og væri það falsað, en ekki hefði verið reynt að líkja eftir rithönd sinni. Þá kvað hann nafn sitt og hafa verið falsað á víxil þann, er getur undir tl. 1 í ákæruskjali.

Ákærði skýrir svo frá, að í júnímánuði 1973 hafi hann vegna fjárhagsörðugleika sinna leitað til Guðbjarts Þórðar Pálssonar bifreiðarstjóra, Bragagötu 38 A í Reykjavík, og beðið hann um að útvega sér fé að láni. Af því tilefni hafi hann „fyllt út" fimm víxla og afhent Guðbjarti fjóra þeirra, þá er greinir undir tl. 1, 2, 4 og 5 í ákæruskjali. Hafi Guðbjartur lofað að selja þá fyrir ákærða og útvega honum þannig fé.

Víxli þeim, er greinir undir tl. 3 í ákæruskjali, kveðst ákærði hafa ráðstafað sjálfur í Alþýðubankanum h/f í Reykjavík sem „framlengingarvíxli" í stað víxils að fjárhæð 50.000 krónur, sem hann hefði selt þar, sennilega í febrúarmánuði 1973.

Ekki kveðst ákærði hafa vitað um sölu Guðbjarts á víxlunum, fyrr en hann var krafinn um greiðslu þeirra af viðkomandi bönkum, enda hafi áður verið svo um talað milli Guðbjarts og sín, að Guðbjartur geymdi víxlana, uns ákærði hefði útvegað sér fé til að leysa þá út, en Guðbjartur hafi

haft góð orð um að selja fyrir hann á gangverði fasteignatryggt skuldabréf.

Hinn 4. febrúar 1974 gaf Guðbjartur Þórður Pálsson skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Skýrði hann svo frá, að vorið 1973 hefði ákærði komið að máli við hann og beðið hann að kaupa af sér nokkra víxla eða koma þeim í peninga fyrir sig. Nokkru síðar kveðst Guðbjartur hafa tjáð ákærða, sem þá muni hafa verið búinn að afhenda honum 4 eða 5 víxla, alla „stílaða", að hægt væri að koma út einhverjum víxlum gegn greiðslu í vörum, svo sem fatnaði og skákpeningum. Hafi ákærði fallist á þetta. Guðbjartur kveðst nokkru síðar hafa látið ákærða fá 75.000 krónur, að því er hann minnti, og haft á orði, að hann fengi fljótlega meiri peninga. Nokkru síðar kveðst Guðbjartur hafa látið ákærða fá 100.000 krónur, að hann taldi, og greitt með víxli frá honum skuld við útibú Útvegsbankans í Kópavogi. Þá kveðst Guðbjartur hafa látið ákærða fá „fatapartý", sem ákærði hafi ætlað að selja og metið hafi verið á 260.000 eða 270.000 krónur. Fatnað þennan kvað ákærði hafa verið óseljanlegan og Guðbjart ófáanlegan til að láta kaup þessi ganga til baka, en við þetta kannaðist Guðbjartur ekki. Enn fremur kveðst Guðbjartur hafa afhent ákærða tvö sett af skákpeningum, er hvort um sig muni hafa verið metið á 23.000 krónur. Loks kvaðst Guðbjartur hafa greitt að beiðni ákærða 11 eða 12 þúsund krónur fyrir erlendan gjaldeyri vegna utanfarar hans.

Ekki kveðst Guðbjartur hafa vitað, er hann tók við víxlunum af ákærða, að hann hefði falsað nafnritanir á þá, en víxlana hafi hann notað í ýmsum viðskiptum, m. a. til öflunar framangreinds varnings.

Við framhaldspróf í máli þessu fyrir sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hinn 11. desember 1979 kveðst ákærði hafa greitt þrjá af framangreindum víxlum. Víxil, er greinir undir tl. 2 í ákæruskjali, hafi hann greitt fyrir nokkrum árum, en ekki getað fundið hann. Víxla, er getur undir tl. 4 og 5 í ákæruskjali, sagði ákærði báða greidda. Guðbjartur Þórður Pálsson hafi afhent sér annan þeirra, en hinn hafi

Alexander Stefánsson, fyrrverandi sveitarstjóri, greitt. Sjálfur hafi hann síðan endurgreitt Alexander víxilfjárhæðina, en víxillinn sé enn í vörslum hans.

Ljósrit víxils þess, er greinir undir tl. 1 í ákæruskjali, ber með sér, að hinn 5. júlí 1973 hafi verið greiddar 1.500 krónur upp í víxilfjárhæðina. Ekki kvaðst ákærði vita, hver hefði innt þessa greiðslu af höndum, en taldi Guðbjart Þórð Pálsson hafa gert það. Sagði hann víxil þennan ógreiddan svo og víxil þann, er getur undir tl. 3 í ákæruskjali, en um greiðslu þess víxils hafi hann samið.

Við flutning málsins hér fyrir dómi lagði skipaður verjandi ákærða fyrir Hæstarétt tvær yfirlýsingar, dags. 20. mars 1980, aðra frá Verzlunarbanka Íslands h/f, en hina frá Inga R. Helgasyni hæstaréttarlögmanni. Í þeirri fyrri segir, að hinn 22. febrúar 1980 hafi ákærði greitt 25.000 krónur vegna víxils þess, er greinir undir tl. 1 í ákæruskjali, og sé skuld ákærða þá við bankann út af víxlinum 305.890 krónur, en ákærði hafi lofað að greiða inn á hana mánaðarlega frá 22. febrúar 1980.

Í síðari yfirlýsingunni segir, að ákærði hafi samið um skuld sína við Alþýðubanka Íslands h/f.

Alexander Stefánsson alþingismaður bar við framhaldspróf í málinu, að á árinu 1973 hefði hann tekið að sér að reyna að koma fjármálum ákærða í lag. Taldi hann, að af heildarskuldum ákærða væru ekki aðrar ógreiddar en þær tvær, er stöfuðu af tveim síðastgreindum víxlum.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa í heimildarleysi ritað nöfn þeirra Tómasar Thomsen og Ólafs Gestssonar sem útgefanda og ábekinga á framangreinda víxla, svo sem um getur í ákæruskjali, og hagnýtt sér þá, en sjálfur hafi hann samþykkt víxlana með nafnritun sinni. Varðar atferli ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber að ákvarða refsingu hans með hliðsjón af 77. gr. þeirra laga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Í þinghaldi 22. febrúar 1980 getur héraðsdómari þess, að mál þetta hafi verið þingfest 21. október 1976 og dómtekið 17. ágúst 1977, en misritast hafi á dómþingi þá, að málið hafi verið dómtekið 21. október 1976.

Á rekstri máls þessa hefur orðið vítaverður dráttur. Með bréfi 22. apríl 1974 sendi héraðsdómari ríkissaksóknara málsskjöl. Ákæra er síðan ekki gefin út fyrr en 23. september 1975 og send dómara með bréfi, dags. sama dag. Ekkert er síðan aðhafst í málinu fyrr en 21. október 1976, er málið er þingfest og ákæra birt ákærða. Héraðsdómur er síðan ekki kveðinn upp fyrr en 17. ágúst 1977 og ekki birtur ákærða fyrr en 9. maí 1978.

Rannsókn máls þessa var ófullkomin, og samningu héraðsdóms er ábótavant.

Dómsorð:

Ákæði, Hallmar Thomsen, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 17. ágúst 1977.

Mál þetta, sem höfðað er með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 23. september 1975, gegn ákærða, Hallmari Thomsen bifreiðarstjóra, Lindarholti 3, Ólafsvík, fæddum 7. maí 1932 á Siglufirði, fyrir víxilfals með því að falsa á eftirgreinda fimm víxla, sem ákærði var sjálfur samþykkjandi á, nafnritanir útgefanda og ábyrgðarmanna, eins og rakið verður, og hagnýta sér síðan víxlana í viðskiptum:

1. Víxil, vistaðan í Verzlunarbanka Íslands, kr. 100.000, útgefinn 1. maí 1973, með gjalddaga 15. júní s. á.

2. Víxil, vistaðan í Útvegsbanka Íslands, kr. 200.000, útgefinn 15. júlí 1973, með gjalddaga 15. ágúst s. á.

3. Víxil, vistaðan í Alþýðubankanum h/f, kr. 40.000, útgefinn 22. maí 1973, með gjalddaga 21. ágúst s. á.

Á þessa víxla ritaði ákærði sem útgefanda nafnritunina Thomas Thomsen, Ólafsvík, sem er bróðir ákærða, og sem ábyrgðarmenn nöfn Thomasar Thomsen og Ólafs Gestssonar, Ólafsvík.

4.—5. Tvo víxla, vistaða í Búnaðarbanka Íslands, hvorn að fjárhæð kr. 130.000, útgefna 20. júní og 2. júlí 1973, með gjalddögum 29. ágúst og 25. september s. á.

Á þessa víxla ritaði ákærði sem útgefanda og ábyrgðarmann nafn Ólafs Gestssonar, Ólafsvík.

Framangreinda víxla, að undanskildum þeim, er í 3. lið greinir, afhenti ákærði Guðbjarti Þórði Pálssyni bifreiðarstjóra, Bragagötu 38 A í Reykjavík, í viðskiptum þeirra á milli og fékk andvirði þeirra greitt ýmist í vörum eða peningum.

Víxil samkv. 3. lið notaði ákærði í Alþýðubankanum h/f sem framlengingarvíxil í stað víxils að fjárhæð kr. 50.000, sem ákærði hafði áritað sömu nafnritunum og áður selt Alþýðubankanum.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 7. maí 1932 í Siglufirði, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1971 19/10 Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla: Dómur: Ákærður fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing látin niður falla, en dómur óljós um heimfærslu til refsiákvæða.

Af hálfu ákærða hefur ekki verið haldið uppi vörnum í máli þessu.

Málavextir eru þessir:

Í júní 1973 kom ákærði, Hallmar Thomsen, að máli við Guðbjart Pálsson, Bragagötu 38 A, Reykjavík, og bað hann að útvega sér peningalán. Ákærði segir, að hann hafi fyllt út 5 víxla, tvo að fjárhæð kr. 130.000 hvorn, einn að fjárhæð kr. 200.000, einn að fjárhæð kr. 40.000 og einn að fjárhæð kr. 98.000. Fjóra víxlana lét ákærði Guðbjart Pálsson hafa gegn einhverri greiðslu. Ákærði

falsaði nöfn þeirra: Thomasar Thomsen sem útgefanda og ábyrgðarmanns, Ólafs Gestssonar, Ólafsvík, sem ábyrgðarmanns á þrjá víxlana, þ. e. víxil, vistaðan í Verzlunarbanka Íslands, kr. 100.000, útgefinn 1. maí 1973, með gjalddaga 15. júní s. á., víxil, vistaðan í Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 200.000, útgefinn 15. júlí 1973, með gjalddaga 15. ágúst s. á., og víxil, vistaðan í Alþýðubankanum h/f, að fjárhæð kr. 40.000, útgefinn 22. maí 1973, með gjalddaga 21. ágúst s. á. Á hina tvo víxlana, vistaða í Búnaðarbanka Íslands, hvorn að fjárhæð kr. 130.000, útgefna 20. júní og 2. júlí 1973, með gjalddögum 29. ágúst og 25. september s. á., falsaði ákærði nafn Ólafs Gestssonar, Ólafsvík, sem útgefanda og ábyrgðarmanns.

Eins og áður sagði, afhenti ákærði Guðbjarti Pálssyni framangreinda víxla, að undanskildum þeim að fjárhæð kr. 40.000, sem ákærði seldi sjálfur í Alþýðubankanum h/f.

Ákærði staðfesti falsanir sínar á nafnritununum fyrir sakadómi 9. nóvember 1973, og lofaði hann þá einnig að greiða þessa víxla.

Varðar þetta atferli ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, hve mál þetta hefur dregist á langinn, og ákærði hefur ekki gerst sekur um hegningarlagabrot síðan á miðju ári 1973, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga, en fresta þykir mega fullnustu refsingar eða láta hana niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Hallmar Thomsen, sæti varðhaldi í 15 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. mars 1980.

Nr. 75/1979. **Eiríkur Ásmundsson**
(Árni Halldórsson hrl.)
gegn
Síldarvinnslunni h/f
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Lögbannskröfu synjað. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. apríl 1979. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn þeirri tryggingu, sem ákveðin kann að verða. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að áfrýjanda verði gert að setja tryggingu að fjárhæð 200.000.000 krónur vegna væntanlegs tjóns síns, ef lögbannskrafan verður tekin til greina.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Áfrýjandi krafðist lögbanns við loðnuflutningi stefnda í geymslugrunn þann, sem í málinu greinir, hinn 10. febrúar 1979. Hann áfrýjaði ekki synjunarúrskurði fógeta, uppkveðnum næsta dag, fyrr en 5. apríl 1979, en þá var loðnubræðslu stefnda á þeirri vertíð lokið fyrir nokkru, að því er upplýst var við málflutning fyrir Hæstarétti. Einnig kom þar fram, að loðnubræðslu stefnda á vetrarvertíð 1980 er nú lokið. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að leggja fyrir fógeta, að verða við lögbannskröfu áfrýjanda að sinni. Á áfrýjandi þess kost að leita dóms í almennu einkamáli um ágreining aðilja.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Björns Sveinbjörnssonar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal uppdráttur af vettvangi og „minnispunktar" Heilbrigðiseftirlits ríkisins 5. febrúar 1980.

Samkvæmt því, sem fram kemur af gögnum máls, stendur íbúðarhús áfrýjanda ofan og norðan við Naustahvamm og er nr. 12 við þá götu. Húsgrunnur sá, sem stefndi notar til loðnugeymslu, er neðan og sunnan við götuna, milli hennar og sjávar.

Í „minnispunktum" Heilbrigðiseftirlits ríkisins kemur m. a. fram eftirfarandi: „Grunnurinn er um tuttugu metra frá húsi Eiríks, sem er eina húsið svona nálægt, en um 100 m eru í næstu tvö hús og um 500 metrar í aðalbyggðina. . . .

Aðalvegur frá bænum liggur fyrir ofan hús Eiríks, en sá vegur, sem ekið er um að nefndum grunni, þar sem hráefnið er geymt, er gamli aðalvegurinn, og liggur hann við húsgarð hjá Eiríki um 10 m frá húsinu, en neðan götunnar er nefndur húsgrunnur.

Byrjað var að nota húsgrunninn sem hráefnisgeymslu 1976, og er hann óyfirbyggður, um 60 m langur og 17 m á breidd og veggir um 2½ m, og mun hann taka í kring um 3 þús. tonn. Þetta mótsvarar því, að 3—400 bílhlöss fari í grunninn, en það mótsvarar 6—800 ferðum . . .".

Framangreindur húsgrunnur var notaður til loðnugeymslu um tíma á loðnuvertíðinni í vetur, og fram kom við munnlegan flutning máls þessa fyrir Hæstarétti, að stefndi hefur í hyggju að nota hann til loðnugeymslu á næstu loðnuvertíð.

Áfrýjandi hefur ítrekað kvartað til heilbrigðisnefndar Neskaupstaðar yfir notkun stefnda á húsgrunninum til geymslu fyrir loðnu. Af fundargerðum heilbrigðisnefndar kemur fram,

að nefndin hefur ekki bannað loðnugeymslu í húsgrunninum, en krafist þess á fundi sínum 7. febrúar 1978, að stefndi hlítti ákveðnum reglum við loðnugeymsluna. Af bréfi nefndarinnar til stefnda 6. febrúar 1980 verður séð, að misbrestur hefur orðið á, að hann færi eftir þessum reglum.

Lögbannskrafa áfrýjanda er á því byggð, að notkun húsgrunnsins til loðnugeymslu valdi honum óþolandi fnyk og loftmengun. Þá valdi flutningur loðnu í húsgrunninn og úr honum með bifreiðum, sem fram fari á öllum tímum sólarhrings, slíkum hávaða, að ekki sé svefnfriður í húsi hans. Áframhaldandi notkun húsgrunnsins til loðnugeymslu sé fyrirhuguð af stefnda og sé áfrýjanda því nauðsynlegt að koma í veg fyrir það með lögbanni.

Af hálfu stefnda er lögð áhersla á, að hann mundi verða fyrir tugmilljóna króna fjárhagstjóni, ef honum yrði meinuð notkun húsgrunnsins til loðnugeymslu. Hagsmunir þeir, sem séu í húfi fyrir hann, séu miklum mun meiri en hagsmunir áfrýjanda. Hann byggir einnig á því, að tilefni lögbannskröfunnar sé niður fallið, þar sem krafan hafi upphaflega verið bundin við geymslu loðnu á vertíð þeirri, sem lauk í mars 1979.

Eins og áður segir, hyggst stefndi nota umræddan húsgrunn áfram til loðnugeymslu. Áfrýjandi á því rétt á að fá úrlausn um það, hvort lögbannskrafa hans skuli tekin til greina. Ekki verður skorið úr ágreiningi aðilja um hagsmunamat í fógetaréttarmáli þessu. Ljóst er af því, sem að framan er rakið, að ástand það, sem áfrýjandi hyggst koma í veg fyrir með lögbanni, hefur í för með sér veruleg og óvenjuleg óþægindi fyrir hann. Þykir ekki ástæða til, eins og hér stendur á, að synja lögbannsbeiðni hans, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 26. gr. laga nr. 18/1949. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn þeirri tryggingu, sem hann metur gilda.

Ekki verður séð, að áfrýjandi hafi haft uppi málskostnaðarkröfu í héraði, en rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn þeirri tryggingu, sem hann metur gilda.

Stefndi, Síldarvinnslan h/f, greiði áfrýjanda, Eiríki Ásmundssyni, 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Neskaupstaðar 10. febrúar 1979.

Eiríkur Ásmundsson, Naustahvammi 12, Neskaupstað, hefur með lögbannsbeiðni, dags. 10. febrúar 1979, krafist þess, að lagt verði lögbann við því, að Síldarvinnslan h/f í Neskaupstað flytji loðnu í skemmugrunn fyrir neðan íbúðarhús sitt að Naustahvammi 12 í Neskaupstað. Skuli gerðin fara fram á hans ábyrgð gegn þeirri tryggingu, er ákveðin kunni að verða.

Gerðarþoli, Síldarvinnslan h/f, hefur krafist þess, að synjað verði um framgang gerðarinnar.

Sáttatilraunir fógeta hafa engan árangur borið.

Gerðarbeiðandi telur loðnuflutning í nefndan grunn, sem þegar er hafinn og stendur til að halda áfram, raska með ólögmætum hætti rétti sínum með mengun, er af honum hlýst.

Gerðarþoli hefur bent á, að nefndur grunnur, sem er á lóð gerðarþola, hafi verið notaður til þess að geyma loðnu í af og til allt frá árinu 1976, og telur hann þessa notkun hans eigi lögbrot.

Þar sem ljóst þykir, að hagsmunir þeir, er metnir verða til peningaverðs og tengdir eru því að nota nefndan skemmugrunn til geymslu á loðnu eru mun meiri en þeir, sem tengjast því að banna umrædda notkun þegar í stað og að hér er ekki um varanlega röskun að ræða, þar sem ganga verður út frá því, að loðnan, sem sett er í grunninn, verði tekin til vinnslu innan stutts tíma, þykja eigi efni til þess að verða við kröfu gerðarbeiðanda um lögbann.

Engin krafa hefur verið gerð um málskostnað í máli þessu, og verður hann því eigi úrskurðaður.

Þorsteinn Skúlason bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna lögbannsgerð skal eigi ná fram að ganga.

Málskostnaður úrskurðast eigi.

Mánudaginn 31. mars 1980.

Nr. 99/1978. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Vegagerðar ríkisins**
(Gunnlaugur Claessen hdl.)
gegn
Guðmundi Magnússyni og Hlyni Þór Magnússyni, eigendum Leirvogstungu í Mosfellssveit, og gagnsök
(Jón Steinar Gunnlaugsson hdl.).

Vegir. Eignarnám. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1978. Eru dómkröfur hans þessar:

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjenda.

Fyrsta varakrafa: Að aðaláfrýjandi verði einungis dæmdur til að greiða 400.000 krónur með vöxtum frá 4. júní 1976 til greiðsludags.

Önnur varakrafa: Að aðaláfrýjanda verði einungis dæmt að greiða 600.000 krónur með vöxtum frá 4. júní 1976 til greiðsludags.

Þriðja varakrafa: Að aðaláfrýjandi verði einungis dæmdur til að greiða 1.200.000 krónur með vöxtum frá 4. júní 1976 til greiðsludags.

Fjórða varakrafa: Að aðaláfrýjandi verði ekki dæmdur til að greiða hærri fjárhæð en 1.600.000 krónur með vöxtum frá 4. júní 1976 til greiðsludags.

Þrautavarakrafa: Að kröfur gagnáfrýjenda verði lækkaðar að mati réttarins.

Verði aðalkrafa tekin til greina, krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Ef einhverjar af vara-

kröfunum verða teknar til greina, er þess krafist, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 12. júlí 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Eru dómkröfur þeirra sem hér segir:

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum eignarnámsbætur að fjárhæð 1.915.000 krónur með 7% ársvöxtum af 315.000 krónum frá 1. nóvember 1971 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 4. júní 1976, með 13% ársvöxtum af 1.915.000 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt 1. gr. laga um dómvexti, viðauka við lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags, þ. e. 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags „og áframhaldandi dómvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir frá þeim degi til greiðsludags".

Fyrsta varakrafa: Að aðaláfrýjandi greiði eignarnámsbætur að fjárhæð 1.600.000 krónur með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu af þeirri fjárhæð frá 4. júní 1976.

Önnur varakrafa: Að aðaláfrýjandi greiði eignarnámsbætur að fjárhæð 1.335.000 krónur með sömu vöxtum og í aðalkröfu, nema að því leyti að vextir frá 4. júní 1976 reiknist af 1.335.000 krónum.

Þriðja varakrafa: Að aðaláfrýjandi greiði eignarnámsbætur að fjárhæð 1.020.000 krónur með sömu vöxtum frá 4. júní 1976 og greinir í aðalkröfu.

Fjórða varakrafa: Að aðaláfrýjandi greiði 400.000 krónur með sömu vöxtum af þeirri fjárhæð og greinir í aðalkröfu frá 4. júní 1976.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Af hálfu aðaláfrýjanda eru „ekki gerðar athugasemdir við, að gagnáfrýjendur fái komið að breytingu á vaxtakröfu sinni, sbr. kröfugerð þeirra fyrir Hæstarétti, vegna breyttra vaxtaákvarðana stjórnvalda frá því málið var dómtekið í héraði hinn 17. febrúar 1978".

Stefnendur máls þessa í héraði voru áfrýjendurnir Guðmundur Magnússon og Hlynur Þór Magnússon ásamt móður sinni, Steinunni Guðmundsdóttur. Steinunn andaðist 29. apríl 1977, og tóku þeir Guðmundur og Hlynur Þór þá við rekstri málsins. Samkvæmt veðbókarvottorði 5. mars 1980, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, eru áfrýjendurnir Guðmundur og Hlynur Þór sameigendur að jörðinni Leirvogstungu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð bréf skipulagsstjóra ríkisins 13. febrúar 1980 til lögmanns aðaláfrýjanda og bréf sveitarstjórnar í Mosfellshreppi 22. s. m. til lögmanna málsaðilja. Í bréfunum er talið, að aðalskipulag Mosfellshrepps, sem ætlað er að gilda næstu 20 ár, muni ekki taka til lands Leirvogstungu.

Meðal gagna, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er skýrsla Hagstofu Íslands um íbúafjölda ár hvert í Mosfellshreppi frá 1960 til 1. desember 1979.

I.

Af hálfu Vegagerðar ríkisins var þess óskað í bréfi 18. júní 1970 til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að hann dómkveddi tvo menn til að meta lönd, sem taka þyrfti eignarnámi vegna lagningar hraðbrautar á Vesturlandsvegi frá Korpúlfsstaðaá í Kollafjörð, svo og til að meta jarðrask og annan átroðning, sem af framkvæmdum hlytist. Var um þetta efni vísað til X. kafla þágildandi vegalaga nr. 71/1963. Fór dómkvaðning fram 26. júní 1970, 3. maí 1971 og 3. júní 1975. Er fyrsta matsgerð dagsett 2. desember 1974, og tekur hún til verðmætis malarefnis, sem aðaláfrýjandi nýtti sér í landi gagnáfrýjenda vegna framangreindra framkvæmda. Matsgerð þessari var ekki skotið til yfirmats, og er einn þáttur í kröfum gagnáfrýjenda á henni reistur. Þá skiluðu matsmenn matsgerð hinn 26. ágúst 1975 með viðauka 28.

s. m. Tekur hún til landspildu, sem tekin var eignarnámi, og annarrar spildu, sem Vegagerð ríkisins notaði, meðan á lagningu vegarins stóð, og einnig til bóta fyrir átroðning á landi gagnáfrýjenda og óþægindi, sem þeim stafaði af framkvæmdum. Mati þessu var skotið til yfirmats þriggja manna, sem dómkvaddir voru 19. september og 17. október 1975. Er yfirmatsgerð dagsett 4. júní 1976. Grein er gerð fyrir niðurstöðum matsgerða þessara í héraðsdómi svo og stærð landspildu og efnismagni malarefnis, sem eignarnámið nær til.

Samkvæmt gögnum máls tók Vegagerð ríkisins landspildu þá, er mál þetta fjallar um, eignarnámi vorið 1971. Framkvæmdir við vegagerðina á því svæði, sem hér er um að ræða, eru taldar hafa hafist 23. júlí 1971, og hraðbrautin var tekin í notkun á þessu vegsvæði 3. nóvember 1972.

Dómkvaðning um fyrra matsefnið fór til hlítar fram fyrir gildistöku laga nr. 11/1972, og fór matið fram samkvæmt reglum laga nr. 61/1917, sbr. 19. gr. laga nr. 11/1973. Matsmenn um síðara matsefnið voru dómkvaddir 26. júní 1970 og 3. maí 1973, en þar sem annar þeirra óskaði eftir því að verða leystur frá störfum, var maður dómkvaddur í hans stað 3. júní 1975. Verður á það að fallast með vísan til 19. gr. laga nr. 11/1973, að einnig í þessu tilviki eigi mat að hlíta reglum laga nr. 61/1917.

II.

Aðiljar hafa í málflutningi sínum verið sammála um að leggja til grundvallar matsfjárhæðir um einstaka verðmætisþætti, er kröfugerð gagnáfrýjenda lýtur að, þ. e. matsgerð 2. desember 1974 um verðmæti malarefnis og yfirmatsgerð 4. júní 1976 um aðra þætti.

III.

Bætur fyrir eignarnám á landspildu úr jörð gagnáfrýjenda.

III. 1.

Yfirmatsmenn töldu, „að undirbúningur að hinni nýju hraðbraut og lagning hennar hafi ekki aðeins haft áhrif til

hækkunar landverðs í Leirvogstungu, heldur að öllu verulegu leyti í svipuðum mæli á lönd í nágrenninu." Þeir létu í ljós þá skoðun, að „samkvæmt almennum reglum um eignarnámsbætur" beri „venjulega aðeins að meta til frádráttar þann hagnað, sem eignarnámsþola hlotnast einum við eignarnámið". Þeir töldu orka tvímælis, hvernig túlka beri 61. gr. vegalaga um þetta atriði „og þá 67. gr. stjórnarskrárinnar með hliðsjón af þessu". Völdu þeir þá úrkosti að leysa af hendi matið annars vegar miðað við, að „hugsanleg almenn verðhækkun, sem af framkvæmdunum leiðir, komi til frádráttar bótunum", en hins vegar miðað við, „að slík hugsanleg verðhækkun komi ekki til frádráttar". Ef fyrri viðmiðuninni er beitt, er það skoðun yfirmatsmanna, „að hagnaður landeiganda vegna hennar (hraðbrautargerðarinnar) sé meiri en verðmæti þeirrar landspildu, sem undir veginn fór. Gildir þetta jafnvel, þótt gamla vegarstæðið komi ekki til frádráttar". Við síðari viðmiðunina, þar sem eingöngu er kannað, hvaða sérstakan hagsauka hraðbrautargerðin hafi fyrir land gagnáfrýjenda, telja yfirmatsmenn eignarnámsbætur fyrir landspilduna hæfilegar 1.200.000 krónur.

Sá háttur, sem á er hafður í yfirmatsgerð um valkvæðar matsniðurstöður, er að vísu óvenjulegur, en yfirmatsgerðin er þó þannig úr garði gerð, að unnt er að leggja dóm á málefnið.

III. 2.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, skerst í odda með málsaðiljum um skýringu á 61. gr. vegalaga nr. 23/1970 og einnig um áhrif 67. gr. stjórnarskrár í því sambandi.

Í 61. gr. vegalaga nr. 23/1970 eru fyrirmæli um ýmis þau atriði, er taka ber tillit til við eignarnámsmat samkvæmt X. kafla laganna. M. a. segir þar svo: „Sérstaklega skal taka tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina". Ákvæði þetta var fyrst lögfest, er vegalög nr. 57/1907, 35. gr., voru lögtekin. Er ákvæðið svo endurtekið í síðari vegalögum óbreytt að efni til, sbr. 27. gr. laga nr. 41/1924,

27. gr. laga nr. 101/1933, 27. gr. laga nr. 34/1947, 61. gr. laga nr. 71/1963, 61. gr. laga nr. 23/1970, er fyrr greinir, og nú 61. gr. laga nr. 6/1977.

III. 3.

Í 10. gr. laga nr. 61/1917 segir svo: „Matsverð eignar skal miðað við það gangverð, sem hún mundi hafa í kaupum og sölum, og sé um hluta fasteignar að ræða, skal frá matsverðinu draga það, sem hinn hluti eignarinnar við eignarnámið hefir stigið í verði fram yfir aðrar eignir, svo sem þegar spilda er tekin eignarnámi undir götu, og við það vinnst hússtæði við götuna . . .". Í einstökum eignarnámslögum, sem sett voru fyrir 1971, er langtíðast, að vísað er um framkvæmd eignarnámsins til laga nr. 61/1917, þ. á m. til 10. gr. þeirra, án þess að sérstakar bótareglur séu lögmæltar. Í 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923 eru ákvæði um ákvörðun eignarnámsbóta, sem sver sig mjög í ætt við 10. gr. laga nr. 61/1917. Í 4. mgr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 er ekki berum orðum vikið að skilum milli almenns og sérstaks hagnaðar, sem hlýst af skipulagsaðgerðum, og sama virðist að sínu leyti gegna um 85. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970.

Ákvæði 61. gr. vegalaga nr. 23/1970 er að vísu að stofni til eldra en 10. gr. laga nr. 61/1917, og þess er að geta, að það er sérlagaákvæði, en hið síðara ákvæði almennra eignarnámslaga. Athyglisvert er þó, að í 10. gr. laga nr. 61/1917 er beinlínis vísað til hagnaðar, sem hlýst af gatnagerð, og því gert ráð fyrir, að slíkt tilvik rúmist innan bótareglu greinarinnar. Í 61. gr. vegalaga er eigi greint milli almenns og sérstaks hagnaðar, er hlýst af vegagerð. Er vafasamt, hvernig skýra eigi ákvæðið að þessu leyti. Lagarök þykja standa til þess að svo vöxnu að skýra 61. gr. vegalaga með hliðsjón af meginreglu 10. gr. laga nr. 61/1917 og almennum jafnræðisreglum á þá lund, að til frádráttar eignarnámsbótum skuli, ef því er að skipta, koma „það, sem hinn hluti eignarinnar við eignarnámið hefir stigið í verði fram yfir aðrar eignir". Leiðir sú lögskýring til þess, að staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um þennan þátt málsins.

IV.

Bætur fyrir malarefni.

Aðaláfrýjandi ber ekki brigður á, að Vegagerð ríkisins hafi tekið malarefni úr hinu eldra vegarstæði, sem sé að verðmæti 315.000 krónur samkvæmt matsgerð 2. desember 1974, sem ekki hefur verið skotið til yfirmats. Eigi hefur verið sýnt fram á galla á matsgerðinni, og verður þessi þáttur í kröfugerð gagnáfrýjenda tekinn til greina að fullu, sbr. og II að framan.

V.

Bætur fyrir tímabundin afnot lands, átroðning og óþægindi.

Með vísan til héraðsdóms ber að taka til greina þennan þátt í kröfugerð gagnáfrýjenda, og nemur fjárhæð hans 400.000 krónum samkvæmt yfirmatsgerð.

VI.

Frádráttur vegna matsverðs gamla vegarstæðisins og malarefnis í því.

Með vísan til 61. gr. vegalaga nr. 23/1970 ber að draga matsverð vegar þess, sem niður var lagður og lýst er í héraðsdómi, frá fjárhæð eignarnámsbóta fyrir einstaka matsþætti, sem teknir eru til greina í dómi þessum. Matsverð gamla vegarstæðisins og malarefnis er samtals 895.000 krónur, og ber að leggja þá fjárhæð hér til grundvallar.

VII.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til og dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum 1.020.000 krónur (1.200.000 + 315.000 + 400.000 ÷ 895.000 krónur).

Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum vexti sem hér segir: 13% ársvexti af 1.020.000 krónum frá 4. júní 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvexti frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 15. júní s. á., og hæstu innlánsvexti, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1979, frá þeim degi,

þ. e. miðað við 12 mánaða vaxtaaukalán, 34.5% ársvexti frá 15. júní til 1. september 1979, 39.5% ársvexti frá þeim degi til 1. desember 1979 og 43.5% ársvexti frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, 350.000 krónur.

Beiðandi eignarnáms þess, sem í málinu greinir, var Vegagerð ríkisins. Stefndu hafa ekki beint málssókn sinni að þeim stjórnvöldum, sem fara með vegamál. Eftir málflutningi verður þó að leggja til grundvallar, að málið sé af aðaláfrýjanda hálfu rekið í samráði við þau.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Vegagerðar ríkisins, greiði gagnáfrýjendunum, Guðmundi Magnússyni og Hlyni Þór Magnússyni, 1.020.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 4. júní 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, 350.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. mars 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 14. febrúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu,

birtri 4. október 1976, af eigendum Leirvogstungu í Mosfellssveit, mæðginunum Steinunni Guðmundsdóttur, Guðmundi Magnússyni og Hlyni Þór Magnússyni, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Vegagerðar ríkisins, Reykjavík, til greiðslu eignarnámsbóta. Steinunn Guðmundsdóttir lést, eftir að mál þetta var höfðað.

Aðalkrafa stefnenda er, að stefndi greiði eignarnámsbætur að fjárhæð kr. 1.915.000 með 7% ársvöxtum af kr. 315.000 frá 1. nóvember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 4. júní 1976, en með 13% ársvöxtum af kr. 1.915.000 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi af þeirri fjárhæð til greiðsludags.

Fyrsta varakrafa er, að stefndi greiði eignarnámsbætur að fjárhæð kr. 1.600.000 með 13% ársvöxtum frá 4. júní 1976 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Önnur varakrafa er, að stefndi greiði eignarnámsbætur að fjárhæð kr. 1.335.000 með sömu vaxtakröfu og í aðalkröfu nema að vextir frá 4. júní 1975 reiknist af kr. 1.335.000.

Þriðja varakrafa er, að stefndi greiði eignarnámsbætur að fjárhæð kr. 1.020.000 með 13% ársvöxtum frá 4. júní 1976 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Fjórða varakrafa og þrautavarakrafa er, að stefndi greiði kr. 400.000 með 13% ársvöxtum frá 4. júní 1976 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í öllum tilvikum krefjast stefnendur fyllsta málskostnaðar úr hendi stefnda skv. mati dómsins og gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnenda og honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Fyrsta varakrafa stefnda er, að honum verði einungis gert að greiða kr. 400.000 með vöxtum eins og krafist er.

Önnur varakrafa stefnda er, að honum verði einungis gert að greiða kr. 620.000.

Þriðja varakrafa stefnda er, að honum verði einungis gert að greiða kr. 1.200.000.

Fjórða varakrafa stefnda er, að hann verði ekki dæmdur til að greiða hærri fjárhæð en kr. 1.600.000.

Fimmta varakrafa og þrautavarakrafa stefnda er, að bætur til stefnenda verði lækkaðar að mati réttarins.

Í öllum varakröfum krefst stefndi þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Sáttatilraunir dómara báru ekki árangur.

Málavextir.

Við lagningu hinnar nýju Vesturlandshraðbrautar var tekið eignarnámi svæði úr landi stefnenda, Leirvogstungu í Mosfellssveit, að stærð 35731 fermetri, og við þá vegargerð notaði stefndi 64960 rúmmetra af malarefni úr landi stefnenda. Við þessa hraðbrautargerð lagðist niður gamli Vesturlandsvegurinn um land stefnenda, og var hann að flatarmáli 11520 fermetrar, en undir því gamla vegarstæði taldist nýtanlegt malarefni nema 22500 rúmmetrum. Að auki notaði stefndi 29000 fermetra af landi stefnenda í nokkur ár vegna vegagerðarinnar og 5325 ferm á sama hátt undir bráðabirgðaveg.

Engar deilur eru með aðiljum máls þessa um tölur, heldur einungis um greiðsluskyldu stefnda, hvort og hve mikil hún sé.

Þrjár matsgerðir liggja fyrir vegna þessa eignarnáms, þ. e. undirmatsgerð vegna efnistöku frá 2. desember 1974, undirmatsgerð vegna eignarnáms á landi, landsafnota, átroðnings og óþæginda, dags. 26. og 28. ágúst 1975, og yfirmatsgerð vegna sama, dags. 4. júní 1976. Í fyrri undirmatsgerðinni (eignarnám á efni) mátu undirmatsmenn stefnendum bætur, sem námu kr. 14 á rúmmetra efnis, en miðuðu ekki við það magn efnis, sem stefndi Vegagerðin notaði við hraðbrautargerðina, heldur drógu frá því magni það magn efnis, sem taldist losna við niðurfellingu gamla vegarstæðisins um land stefnenda, þ. e. 64960 m^3 ÷ 22500 m^3 = 42460 m^3 á kr. 14, enda töldu matsmennirnir sig ekki hafa umboð til þess að skera úr um eignarrétt að síðartalda efninu, „á það yrði að reyna fyrir dómstólum.“ Stefnendur sættu sig við tölulegar ákvarðanir matsmannanna, en fyrsti liðurinn í stefnukröfu þeirra byggist á þessu undirmati, þ. e. 22500 m^3 af efni á kr. 14 = 315.000 kr.

Í seinni undirmatsgerðinni komust matsmenn að þeirri niðurstöðu, að stefnendur hefðu fengið svo mikið hagræði af hraðbrautinni, að þeim bæri engar eignarnámsbætur fyrir ofangreinda 35731 fermetra lands, sem af þeim voru teknir, en mátu þeim bætur, kr. 300.000, fyrir tímabundin afnot lands, átroðning o. fl. Þeirri niðurstöðu undu stefnendur ekki, skutu matinu til yfirmats, sem komst að tvíþættri niðurstöðu og vísaði nánast máli

þessu til dómstóla til túlkunar á 61. grein vegalaga og þá 67. grein stjórnarskrárinnar. Niðurstaða yfirmatsmanna var á þá lund, að þeir annars vegar töldu, að niðurstaða undirmats væri rétt, ef forsendur þess yrðu taldar réttar, og hins vegar að stefnendum bæri að fá eignarnámsbætur fyrir tekið land, kr. 1.200.000. Yfirmatsmenn vísuðu því einnig til dómstóla, hvort frá þessum bótum skyldi draga verðmæti þess lands, sem var undir gamla Vesturlandsveginum og nam að þeirra mati kr. 580.000. Loks mátu þeir bætur fyrir tímabundin afnot, átroðning o. fl. á kr. 400.000.

Samgöngumálaráðherra ákvað síðan þann 26. júlí 1976, að stefnendum skyldu engar bætur greiðast, hvorki fyrir eignarnám á landi né vegna tímabundinna afnota af landi, átroðnings o. fl., án undangengins dóms.

Stefnukröfur eru tölulega alfarið byggðar á ofangreindum mötum. Stefndi Vegagerðin hefur þegar greitt matskostnað vegna eignarnáms þessa, þ. e. þóknun undir- og yfirmatsmanna, svo og málskostnað stefnenda við matsgerðirnar.

Málsástæður og lagarök.

Stefnendur sundurliða kröfugerð sína þannig:

A. Andvirði efnis, 22500 m^3 á kr. 14, ásamt vöxtum frá 1. nóvember 1971 skv. undirmatsgerð, rskj. 3 kr. 315.000
B. Andvirði eignarnumins lands skv. yfirmati, rskj. 5 ..... kr. 1.200.000
C. Bætur fyrir tímabundin afnot lands, átroðning o. fl. skv. yfirmati, rskj. 5 ..... kr. 400.000

Alls kr. 1.915.000

ásamt vöxtum frá 4. júní 1976 skv. yfirmati. Fyrsta varakrafa, kr. 1.600.000, myndast, ef ekki er tekið tillit til A liðar í aðalkröfu. Önnur varakrafa, kr. 1.335.000, myndast, ef dregið er frá aðalkröfu andvirði lands, er var undir gamla Vesturlandsveginum, kr. 580.000, sjá rskj. 5. Þriðja varakrafa, kr. 1.020.000, myndast, ef hvort tveggja þetta er dregið frá aðalkröfu. Allra ítrasta varakrafa, kr. 400.000, er svo bætur skv. yfirmati á rskj. 5 fyrir tímabundin afnot lands, átroðning, óþægindi o. fl., ef dómurinn telur, að stefnendum beri engar bætur fyrir eignarnumið land.

Stefnendur halda því fram, að í máli þessu sé ekki deilt um tölur, heldur um greiðsluskyldu, þ. e. hvort og þá hversu mikil greiðsluskylda stefnda skuli vera gagnvart stefnendum. Deilur aðilja um greiðsluskyldu stefnda séu í höfuðatriðum tvíþættar.

Annars vegar sé sú meginspurning, hvort og á hvern veg skuli meta til frádráttar frá eignarnámsbótum þann hagnað, sem eignarnámsþoli telst hljóta við eignarnámið, og þá um leið, hvort slíkur hagnaður skuli aðeins dragast frá bótum fyrir eignarnumið land eða einnig frá bótum fyrir tímabundna notkun lands, fyrir óþægindi, átroðning og slíkt.

Hins vegar sé sú meginspurning, hvort og hvenær skuli við eignarnám lands undir veg draga frá eignarnámsbótum verðmæti þess lands, sem fellur til landeiganda aftur undan eldri vegi, og sama spurning gildi um verðmæti jarðefnis undir eldri vegi gagnvart eignarnumdu jarðefni, notað í nýjan veg.

Um fyrri þáttinn segi stefnendur þetta: Undirmatsmenn hafi í mati sínu 4. júní 1976 byggt niðurstöðu sína á setningu í 61. gr. vegalaga, sem hljóði svo: „Sérstaklega skal taka tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina.“ Setningu þessa megi þó skilja öðrum skilningi en matsmenn geri og vegna 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 verði að túlka setningu þessa á annan hátt en matsmenn geri. Góður vegur eða hraðbraut sé vissulega til bóta, ekki aðeins allri Mosfellssveit, heldur öllu Kjalarnesi, Vesturlandi o. s. frv., og ekki síður Stór-Reykjavík. Hraðbrautin fari aðeins yfir fáar jarðir í Mosfellssveit og mjög lítillega yfir sumar. Ljóst sé, hvert ranglæti það væri og mikil eignarskerðing, ef Leirvogstunga ætti að láta bótalaust mikið land undir nýja hraðbraut, en næstu jarðir í sveitinni eða næstu sveitum hefðu sama hagræði af hraðbrautinni án nokkurrar landeða eignarskerðingar. Þess vegna megi ekki túlka 61. gr. vegalaganna þannig, að landeigendur fái engar bætur fyrir land, sem tekið sé eignarnámi, þar sem 67. gr. stjórnarskrárinnar mæli því beinlínis í gegn. 67. gr. stjórnarskrárinnar mæli svo fyrir, að eignarrétturinn sé friðhelgur og að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji, þá þurfi lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Túlkun undirmatsmanna á 61. gr. vegalaga sé því augljóslega gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem þessi túlkun leiði til þess, að ekki sé einu sinni um að ræða, hvort þeir fái fullt verð, þeir fái alls ekkert. Önnur túlkun sé til á þessari 61. gr. vegalaga og geri yfirmatsmenn ráð fyrir tilvist þessara tveggja túlkunarmöguleika. Hún sé sú, að ef vegalagning yfir ákveðna jörð færi þeirri jörð sérstaka hagsmuni umfram aðrar, þá skuli draga slík verðmæti frá fjárhæð eignarnámsbótanna. Segja megi, að slík túlkun fái staðist gagnvart 67. gr. stjórnarskrárinnar sem almenn takmörkun eigarréttarins.

Þegar umrædd setning 61. gr. vegalaga sé skoðuð, sé á það að líta, að hún hafi fyrst komið í vegalög árið 1907 og komi ekki fram skýring á henni í greinargerð þeirra laga, sem voru nr. 57 22. nóvember 1907. Setningin hafi verið óbreytt í vegalögum síðan. Dómar hafi ekki gengið til skýringar á þessu atriði og sé hér því um prófmál að ræða. Afstaða réttar nágrannaþjóðanna sé hins vegar alveg skýr. Í norskum lögum nr. 4 frá 26. janúar 1973 segi í 8. gr.: „Fordeler som ekspropriasjonstiltaket medfører gjenværende ejendom, skal komme til fradrag i erstatningen for så vidt fordelen ikke er af alminnelig karakter for ejendommer i distriktet." Sama hafi gilt og gildi enn í dönskum rétti, og stefnendur bendi á, að í greinargerð vegalaganna frá 1907 komi fram, að þau lög séu að einhverju leyti byggð á norskum lögum og reynslu. Fræðimenn hér á landi hafi ekki fjallað um þetta í ritum sínum sérstaklega, en hin almenna skoðun íslensks réttar sé, að skoða þurfi 61. gr. vegalaganna með tilliti til 10. gr. laganna um framkvæmd eignarnáms, sem þá hafi verið í gildi, nr. 61/1917, og 67. gr. stjórnarskrár. 10. gr. laganna um framkvæmd eignarnáms segi berum orðum, að matsverð eignar skuli miðað við það gangverð, sem hún mundi hafa í kaupum og sölum, og sé um hluta fasteignar að ræða, skuli frá matsverðinu draga það, sem hinn hluti eignarinnar við eignarnámið hafi stigið í verði fram yfir aðrar eignir. Orðalag norsku greinarinnar, sem vísað sé til, komi þannig heim og saman við 10. gr. laganna um framkvæmd eignarnáms og sé í báðum gert ráð fyrir, að eingöngu sé dreginn frá matsverði hagnaður sá, sem verði sérstaklega á hinni eignarnumdu jörð fram yfir aðrar eignir. Á þetta sjónarmið stefnenda sé fallist í yfirmatinu, en þar sé gert ráð fyrir, að annað sjónarmið eigi einnig rétt á sér, og því sé það dómsins að gera upp á milli þessara sjónarmiða. Í yfirmati sé þó greinileg vísbending í orðalagi matsmanna, hvað þeir telji vera íslenskan rétt að þessu leyti, þar sem þeir segi: „ . . . Samkvæmt almennum reglum um eignarnámsbætur ber venjulega aðeins að meta til frádráttar þann hagnað, sem eignarnámsþola hlotnast einum við eignarnámið". Þetta sé sjónarmið stefnenda og á þessu byggi þeir kröfu sína.

Innan þessa fyrri þáttar taka stefnendur sérstaklega fram og leggja áherslu á, að alveg sé rakalaust, að slíkt mögulegt hagræði eignarnámsþola komi til frádráttar eignarnámsbótum fyrir tímabundna notkun lands, óþægindi, átroðning og þ. h. Yfirmatsmenn hafi metið bætur fyrir þetta kr. 400.000 og hækkað þar

með mat undirmatsmanna úr kr. 300.000. Hvorki undirmatsmenn né yfirmatsmenn láti að því liggja, að mögulegt hagræði eignarnámsþola, stefnenda í máli þessu, komi til frádráttar þessum bótum, og sé af hálfu stefnda alfarið rakalaust að neita stefnendum um greiðslu þessa bótaliðar.

Síðari þáttur deilunnar sé, hvort frá eignarnámsbótum eigi að draga vegarstæði eldri vegar, bæði að því er varðar landsvæðið, þ. e. flatarmálið, og efnið, þ. e. rúmmálið undir veginum. Í 61. gr. vegalaga segi, að falli hið gamla vegarstæði til landeiganda, skuli draga verðmæti þess frá bótafjárhæð. Augljóst sé, að því aðeins komi þetta ákvæði til, ef hinn gamli vegur hefur verið eign ríkisins fyrir eignarnámið, og ríkið sé þá að láta landeigandann fá eitthvað, sem hann ekki átti fyrir. Í máli þessu sé því hins vegar þannig farið, að gamli vegurinn hafi aldrei verið eign stefnda ríkissjóðs og sé ríkissjóður því ekki að láta neitt af hendi til stefnenda. Stefnendur hafi alla tíð verið eigendur gamla vegarins, þar sem þarna hafi einungis verið um umferðarkvöð um landið að ræða. Vegarstæðið hafi aldrei verið tekið eignarnámi, eigendur Leirvogstungu hafi aldrei fengið greiddar bætur fyrir það og landeigendur hafi látið landið af hendi til afnota, en ekki til eignar. Slíkar kvaðir séu þekktar á öðrum sviðum, t. d. í lögum um fjarskipti nr. 30/1941, 13. gr., þar sem mönnum sé gert að skyldu að leyfa símalagnir um lönd sín. Svipaðar kvaðir séu og í orkulögum og lögum um Landsvirkjun og hafi vegarstæðið, sem um sé deilt í máli þessu, einmitt verið kvöð á landinu á sama hátt og kvaðir þessar. Sérstakt atriði varðandi þennan síðari þátt deilunnar sé síðan sú túlkun stefnda, að ekki einungis vegarstæðið sjálft, þ. e. flatarmálið, skuli dregið frá bótum til stefnenda, heldur einnig efnið undir veginum. Þessi túlkun stefnda sé í raun svo fjarstæðukennd, að augljóst sé, að hún standist ekki. Hún mundi leiða til þess, að allt jarðsvæðið undir þessu ákveðna flatarmáli af yfirborði jarðarinnar tilheyrði þeim, sem teldi sig eiga veginn, og fylgdi honum. Ef verðmæt efni fyndust undir veginum, gæti ríkið talið sig eiga þau, einfaldlega af því að ríkið ætti veginn o. s. frv. Segja megi, að af stefnda hálfu sé ýtrustu og rýmstu lögskýringum beitt í máli þessu, sem sjáist af þessum dæmum, en meginregla íslensks réttar sé andstæð þessu sjónarmiði. Þegar eignarnámi er beitt, beri að meta eignarnámsþola í hag, þar sem vafi sé, og allar heimildir eignarnema beri að skýra þröngt.

Stefndi ríkissjóður styður sýknukröfu sína og varakröfur þeim rökum, að stefnendur hafi þegar fengið greiddar allar þær bæt-

ur, sem þeir frekast eigi rétt til vegna eignarnáms á spildu úr landareign þeirra vegna lagningar hins nýja Vesturlandsvegar. Þeir hafi fengið tjón sitt bætt að fullu og bætur fram yfir það eigi þeir ekki að fá.

Stefndi tekur deiluefnið fyrir í tveim hlutum eins og stefnendur og ber andmæli sín við þeim þannig fram:

Fyrra deiluefnið sé, með hverjum hætti meta skuli til frádráttar frá eignarnámsbótum þann hagnað, sem stefnendur hafi orðið aðnjótandi vegna eignarnámsins. Sjónarmið stefnenda sé, að einungis skuli meta til frádráttar sérgreindan hagnað, sem stefnendur einir hafi fengið við eignarnámið og vegargerðina, en ekki hagnað, sem sé svo almenns eðlis, að hann komi ekki einungis stefnendum til góða, heldur einnig öðrum eigendum fasteigna á þessu svæði. Stefndi vísi þessu sjónarmiði alfarið á bug. Stefndi telji, að undirmatsmenn hafi gætt réttra sjónarmiða í þessu efni og talið, að allur hagnaður, sem stefnendum hafi hlotnast af eignarnáminu, skuli koma til frádráttar bótum til stefnenda án tillits til þess, hvort einhverjir aðrir hafi eða kunni einnig að hafa hagnast af þessum ástæðum eða ekki. Yfirmatsmenn lýsi þeirri skoðun, að skv. almennum reglum um fjárhæð eignarnámsbóta skuli einungis meta til frádráttar þann hagnað, sem eignarnámsþola einum hlotnast við eignarnámið. 61. gr. vegalaganna kunni hins vegar að vera sérregla gagnvart þessari almennu reglu og verði svo talið, leiði það til sömu niðurstöðu og undirmatsnefnd hafi komist að. Stefndi andmæli þeim sjónarmiðum yfirmatsnefndar, að það séu almennar reglur íslensks réttar, að jafnan skuli greint á milli, hvort hagnaður eignarnámsþola af eignarnámi sé almenns eðlis eða eingöngu bundinn við eignarnámsþola og að einungis hinn síðargreindi sérstaki hagnaður eignarnámsþola skuli koma til frádráttar bótum. Verði talið, að einhverjar almennar reglur séu til um þetta álitaefni, þá telji stefndi, að þær gangi í gagnstæða átt. Meginregla íslensks bótaréttar geri ráð fyrir, að bætur til tjónþola skuli almennt við það miðast, að hann skuli fá tjón sitt bætt að fullu, en hann skuli heldur ekki hagnast af þessum sökum. Tjónþoli fái ekki meiri bætur en tjóninu nam, og tjónbætur skulu því ákvarðast sem næst því, að til tjónsatburðar hafi ekki verið stofnað. Hið sama gildi um eignarnámsbætur og áskilnað 67. gr. stjórnarskrárinnar um fullar bætur til tjónþola. Eignarnámsþoli skuli gerður sem næst jafnsettur og áður og bótafjárhæð skuli miðuð við það. Hafi heildareign hans, þ. e. sá hluti, sem ekki var tekinn eignarnámi, hækkað í

verði vegna eignarnámsins um jafnmikið og tjóni hans nam, hefur hann ekki beðið fjárhagslegt tjón af völdum eignarnámsins. Þá eigi eignarnámsþoli ekki rétt á sérstökum fébótum að auki, nema sérstakar heimildir í þá átt séu til staðar. Það, sem hér skipti máli, sé að finna út og meta tjón og hagnað eignarnámsþola sjálfs og niðurstaðan hljóti að miðast við hans eigin hagsmuni. Áhrif eignarnámsins á hagsmuni annarra en eignarnámsþola geti ekki verið ákvarðandi um bótafjárhæðir. Stefndi vísar í skoðanir fræðimanna til stuðnings þessari skoðun sinni og telur, að ekki örli á þeirri skoðun, að einungis viss hagnaður, en ekki annar, skuli koma til frádráttar bótum. Þvert á móti séu almennar skoðanir fræðimanna á þá leið, að raunverulegt tjón eignarnámsþola skuli bætt, en greiðslur umfram það eigi hann ekki að fá. Til þess að finna raunverulegt tjón eignarnámsþola komi að sjálfsögðu til frádráttar allur hagnaður, hvers kyns sem hann kunni að vera. Þetta sjónarmið komi skýrt fram í löggjöf síðari ára og þar sé beinlínis gert ráð fyrir bótareglum, þar sem hvers kyns hagnaður eignarnámsþola skuli koma til frádráttar bótum. Stefndi vísi til 3. mgr. 85. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970 og einnig 4. mgr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Þar segi, að við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skuli taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem þær hafi í för með sér á viðkomandi eign, og jafnframt, að engar bætur skuli greiða, ef verðhækkun sé talin jafnmikil eða meiri en bótaskylt tjón. Stefndi fái með engu móti séð, að þarna skuli greint á milli, hvort ávinningur af völdum eignarnámsins sé þess eðlis, að einungis eignarnámsþoli njóti hans, en ekki t. d. eigendur þeirra fasteigna, sem næst liggi. Eignarnám vegna skipulagsaðgerða hafi þó oft nokkur áhrif til verðhækkunar á slíkum eignum og að því leyti hafi það hliðstæð áhrif almennt og eignarnám vegna vegaframkvæmda, sem hér sé til úrlausnar.

Stefndi bendir á, að í máli þessu sé upplýst, að hagnaður stefnenda vegna hraðbrautargerðarinnar sé margfaldur á móti tjóni þessara aðilja af eignarnámi spildunnar úr jörð þeirra. Þetta hafi matsmenn metið og þetta sé skýrt og glöggt fram sett í matsgerð undirmatsnefndar í máli þessu. Hraðbrautin hafi verið tekin í notkun árin 1971—1972 og þá skyndilega fjölgi íbúum í Mosfellssveit um 7.9% árið 1972. Fjölgun árið 1971 hafi aðeins verið 2.6%, árið 1970 1.6% og árið 1969 hafi verið fækkun í sveitinni. Árið 1973 haldi hin stöðuga fjölgun áfram og verði 9.1%, árið 1974 20.6% og árið 1975 21.4%. Tölur þessar sýni, svo ekki

verði um villst, að gífurleg eftirspurn verði eftir byggingarlóðum í Mosfellssveit, eftir að hraðbrautin hefur verið gerð, og byggt sé á því, að aukin eftirspurn hafi haft í för með sér hækkun á verði byggingarlóða skv. markaðslögmálum. Allir viti, hver hagsbót sé af hinum nýja vegi, og það sé gerð hans, sem sé grundvöllur fyrir hinni miklu fólksfjölgun í Mosfellssveit og þar með möguleika landeigenda til að selja byggingarlóðir úr jörðum sínum. Ef sjónarmið stefnenda yrðu tekin til greina, yrði um algera þversögn á grundvallaratriði bótaréttar að ræða, þar sem stefnendur yrðu þá betur settir en fyrir eignarnámið. Sefnendur viðurkenni þetta í greinargerð sinni og málflutningi, þar sem þeirra sjónarmið sé, að þeim finnist óréttmætt, að þeir hagnist minna en aðrir í sveitinni.

Stefndi gerir og þá kröfu, að verði ekki á þetta sjónarmið hans fallist, þá beri að líta á vegalögin sem sérlög, sem gangi framar almennum reglum, og að þá eigi að láta allan hagnað koma til frádráttar samkvæmt sérreglu vegalaganna. Hér sé um almenna skerðingu eignarréttarins að ræða og slíkt sé löggjafanum heimilt og brjóti ekki í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Á það sé einnig að líta, að sérstök rök séu gegn því að telja, að aðeins beri að draga sérhagnað landeiganda frá eignarnámsbótum, en ekki hagnað, sem sé almennur fyrir sveitina. Rökin séu þau, að þegar um slíka vegarlagningu sé að ræða, þá sé raunverulega ekki unnt að greina á milli almenns og sérgreinds hagnaðar og því beri að líta á hagnað, sem upplýst sé, að eignarnámsþoli fái, hvort sem sá hagnaður sé eingöngu hans eigin eða almennur í sveitinni. Þetta sjónarmið hafi orðið ofan á í dómum um svipuð efni í Noregi og Danmörku og þetta sjónarmið sé hin skynsamlega og eðlilega lausn, sem undirmatsnefndin hafi byggt niðurstöðu sína á. Þetta sjónarmið komi og fram í lögum þeim, sem stefnandi vísi í frá Noregi, en það séu lög um ákvörðun eignarnámsbóta. Þar komi fram, að til frádráttar eignarnámsbótum skuli koma sérhagnaður eignarnámsþola og þeirra, sem næst búi í sveitinni („distriktet"), þótt þeir verði ekki fyrir eignarskerðingu. En verði litið svo á, að eingöngu sá hagnaður, sem eignarnámsþolinn einn fái umfram aðra, skuli dragast frá, þá fyrst komi til spurningin um landið undir gamla veginum, hvort það skuli dragast frá. Verði hins vegar talið, eins og stefndi haldi fram, að allur hagnaður skuli dragast frá, þá skipti landið undir gamla veginum ekki máli vegna hins mikla frádráttar.

Stefndi andmælir sérstaklega athugasemd stefnenda varðandi

annað atriði innan þessa fyrri þáttar deilunnar, þ. e. um greiðslur vegna tímabundinna afnota lands, átroðnings o. fl., að fjárhæð kr. 400.000. Sjónarmið stefnenda virðist vera, að rakalaust sé að neita greiðslu þessa þáttar, og virðast stefnendur hafa með sér bæði undirmatsnefnd og yfirmatsnefnd að þessu leyti. Stefndi bendi hins vegar á, að engin rök séu borin fram af hálfu stefnenda, hvers vegna annað eigi að gilda um þessar tilteknu bætur en aðrar. Verði hagnaður eignarnámsþola dreginn frá bótum yfirleitt, þá beri að draga hagnaðinn frá þessum bótum eins og öðrum. Eigi annað að gilda um þessar bætur, beri stefnendum að sýna fram á, hvers vegna það ætti að vera, en það hafi þeir ekki gert, aðeins slegið fram fullyrðingum.

Stefndi styður sýknukröfu sína enn fremur þeim rökum, að jafnvel þótt dómurinn féllist á það sjónarmið stefnenda, að skv. almennum reglum íslensks réttar beri einungis að meta sérgreindan hagnað eignarnámsþola til frádráttar bótum, þá telji stefndi, að stefnendum beri ekki frekari bætur en þeir hafi þegar hlotið. Hinn sérstaki hagnaður þeirra fólst í því að fá ákvörðun um það, hvar hinn nýi vegur skyldi liggja í landi þeirra. Vitað hafi verið, að hinn nýi vegur kæmi einhvers staðar yfir land stefnenda, en með eignarnáminu hafi fyrst verið ákveðið, hvar í landinu það var. Þá hafi stefnendum fyrst verið kleift að skipuleggja byggingarlóðirnar í landi sínu, en upplýst sé í málinu, að stefnendur sem og aðrir landeigendur hyggist selja lóðir til íbúðabygginga, enda hafi landbúnaður verið lagður að mestu niður á jörðum þessum. Þessir sérstöku hagsmunir stefnenda, sem aðrir hafi ekki verið aðnjótandi, hafi af hálfu yfirmatsnefndar verið vanræktir, en stefndi gerir kröfu til, að dómurinn taki afstöðu til þeirra eftir mati sínu.

Um síðari þátt deilunnar segir stefndi, að skýr ákvæði 61. gr. vegalaga segi, að draga beri frá bótum andvirði lands, sem falli til landeigenda aftur undan eldri vegi. Ljóst sé, að ríkissjóður hafi verið eigandi gamla vegarstæðisins, og séu fullyrðingar stefnenda í gagnstæða átt órökstuddar. Til þess að eignarréttur landsins færðist frá landeiganda til ríkissjóðs, hafi greiðsla ekki þurft að koma fyrir landið á sínum tíma. Vegurinn hafi verið lagður 1912, meðan í gildi hafi verið lög nr. 57/1907 um vegi, en þau lög hafi haft að geyma eignarnámsheimildir vegna vegaframkvæmda. Ekkert bendi til, að bótakröfur hafi verið gerðar á landssjóð vegna töku vegarstæðisins á þeim tíma, og allur slíkur réttur sé löngu fallinn niður. Ekkert bendi til, að stefnendur

eða þeir, sem stefnendur leiði rétt sinn frá, hafi okkru sinni hreyft því við umboðsaðilja ríkissjóðs, að þeir teldu sig eiga vegarstæðið. Hvað sem öllu líði, þá sé ljóst, að ríkissjóður hafi eignast landið fyrir fullnaða hefð, hafi hann ekki átt það í upphafi. Verðmæti gamla vegarstæðisins komi því að fullu til frádráttar bótum. Þetta komi að vísu aðeins til athugunar og álita, ef aðeins sérgreindir hagsmunir stefnenda verði taldir frádráttarbærir frá eignarnámsbótum, þar sem hinir almennu hagsmunir hafi verið metnir svo margfalt meiri en verðmæti landsins, sem tekið var, að engu máli skipti, hvort gamla vegarstæðið dragist þá frá bótum eða ekki.

Síðasta atriði þessa þáttar deiluaðilja snúist um það, hvort draga eigi frá malarefni því, sem þeir létu af hendi til nýja vegarins, það malarefni, sem losnaði við niðurfellingu gamla vegarins. Með öðrum orðum ekki sé aðeins deilt um flatarmál gamla vegarins, heldur líka efnið í honum. Skoðun stefnda ríkissjóðs sé sú, að í hugtakinu „vegarstæði", sem umrætt ákvæði vegalaga nefni og draga beri frá bótum, felist ekki aðeins flatarmál hins gamla vegar, heldur einnig malarefnið í veginum. „Vegarstæði" sé lítið, ef ekki sé einnig átt við það, sem í vegarstæðinu felist, mölina, sem vegurinn sé gerður úr. Sá, sem á veginn, eigi líka landið undir honum, þar sem öðruvísi sé ekki unnt að skipa slíkum málum. Stefnendur hafi fengið bætur fyrir tjón sitt að fullu með jafnmiklu magni af sambærilegum verðmætum og þeir eigi því ekki frekari bótakröfu.

Niðurstaða.

Telja verður, að sýnt hafi verið fram á með rökum í máli þessu, að yfirgnæfandi líkur séu til þess, að lagning hins nýja Vesturlandsvegar í gegnum Mosfellssveit hafi aukið að mun eftirspurn eftir byggingarlóðum þar í sveit og að þar með hafi verð landsins hækkað. Eignarnám á landi undir veg þennan hafi því hækkað verð landsins og fært landeigendum hagnað, sem þeir geta nýtt sér við sölu byggingarlóða. Ber því að athuga, á hvern hátt taka skuli tillit til þessarar hækkunar á verði lands í sveitinni við ákvörðun bóta til stefnenda fyrir eignarnám á hluta af landi þeirra og tímabundin afnot, átroðning o. þ. h.

Í 59. gr. vegalaga er gert ráð fyrir bótum, en áskilið, að aðeins skuli greiða bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi, að álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það. 60. gr. vegalaga gerir einnig ráð fyrir greiðslu bóta til eignarnámsþola og segir fyrir um matsnefndir. 61. gr. vegalaga setur fram starfs-

reglur til matsnefndanna. Þar segir, að við matið skuli taka tillit til alls þess, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal, og síðan: „Sérstaklega skal taka tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina.“ Ákvæði þetta setur því ekki fram þá reglu, að draga skuli slíka hækkun frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir eignarnám lands. Slík frádráttarregla er hins vegar sett fram í næsta málslið 61. gr., og skal þar draga frá eignarnámsbótum verðmæti eldri vegar, er legst niður og fellur til landeiganda. Þegar þessir málsliðir eru bornir saman, verður að telja, að það sé matsatriði hverju sinni, hvernig slík hækkun á verðmæti lands skuli koma til álita við ákvörðun eignarnámsbóta.

Því er ekki haldið fram af hálfu stefnda, að land stefnenda eitt hafi hækkað í verði við vegarlagninguna, heldur land í Mosfellssveit í heild. Telja verður því óumdeilt, að nærliggjandi lönd hafi hækkað í verði á sama hátt og land stefnenda. Eigendur jarða í nágrenni stefnenda njóta því þessarar hækkunar, án þess að land þeirra sé á nokkurn hátt skert. Eigendur slíkra óskertra jarða gætu þá skipulagt og selt allar jarðir sínar sem byggingarlóðir á háu verði eins og stefnendur. Munurinn væri þó sá, að stefnendur einir, eignarnámsþolarnir, hefðu látið af hendi hluta af landi sínu, til þess að sveitin öll hagnaðist, án þess að fá neitt fyrir þann hluta landsins, sem hagnaðinn veitti. Þegar þetta er virt og einnig, að 67. gr. stjórnarskrárinnar mælir svo fyrir, að „fullt verð“ skuli koma fyrir eignarnumda eign, þykir verða að skýra ákvæði 61. gr. vegalaga svo, að eingöngu hagnaður eignarnámsþola sjálfs komi til álita og væntanlegs frádráttar, þegar meta skal fjárhæð þá, sem honum ber fyrir eignarnámið. Önnur skýring yrði ósanngjörn gagnvart eignarnámsþola í slíkum tilvikum.

Yfirmatsnefnd hefur talið, að sé eingöngu tekið tillit til þeirra hagsmuna, sem einungis komi stefnendum til góða, en ekki öðrum landeigendum að neinu marki, og lækka eignarnámsbætur skv. því, þá skuli þær metnar á kr. 1.200.000. Stefndi hefur sérstaklega haldið því fram, að fleiri þætti beri að meta sem sérstakan hagnað stefnenda, t. d. hagnaðinn af því, að eignarnámið hafi yfirleitt verið gert, þar sem þá fyrst hafi stefnendur getað fengið að vita, hvar vegurinn skyldi liggja, og óvissu hafi þar með verið eytt. Yfirmatsnefnd hefur ekki talið ástæðu til að meta þetta sérstakt hagræði, og verður það heldur ekki gert í dómi þessum. Fallist verður því á niðurstöðu yfirmatsnefndar

um, að eignarnámsbætur beri að meta kr. 1.200.000, en þá hefur gamla vegarstæðið ekki verið dregið frá. Ber því næst að athuga þann þátt deilunnar.

Telja verður, að gamli vegurinn hafi verið lagður árið 1912. Stefnendur hafa ekki sýnt fram á, að nokkru sinni hafi verið látið að því liggja við umboðsaðilja ríkissjóðs, að eigendur Leirvogstungu ættu veg þennan og vegarstæðið. Vegurinn hefur alla tíð verið almennur þjóðvegur, og leggst því sönnunarbyrði um eignarrétt á stefnendur. Stefnendur hafa á engan hátt sannað eign sína á hinum gamla vegi, og ber því að telja, að hann hafi verið í eign ríkissjóðs. Hann fellur til landeigenda, þar sem hann leggst niður, og ber því skv. fyrrnefndu ákvæði 61. gr. vegalaga að draga verðmæti hans frá eignarnámsbótum. Fallast ber og á sjónarmið stefnda varðandi malarefnið, sem í gamla veginum er, og metið hefur verið af matsnefnd í matsgerð 2. desember 1974. Landeigendur fá bæði flatarmál gamla vegarins og malarefni það, sem í honum er, til baka og nýta það, og ber því að draga hvort tveggja frá eignarnámsbótum.

Yfirmatsnefnd hefur metið bætur fyrir tímabundin afnot lands, átroðning og óþægindi kr. 400.000. Þar sem engin rök liggja til þess að lækka bótafjárhæð þessa vegna frádráttar þess hagnaðar, sem stefnendur verða taldir hafa einir af eignarnáminu og þar sem yfirmatsnefnd hefur ekki gert ráð fyrir slíku, ber að leggja þessa fjárhæð til grundvallar.

Niðurstaða verður því sú, að taka ber þriðju varakröfu stefnenda til greina og draga frá heildarkröfu þeirra, sem er samtals kr. 1.915.000, verðmæti landsins í gamla Vesturlandsveginum, kr. 580.000, og verðmæti malarefnisins í honum, kr. 315.000, eða samtals kr. 895.000, þannig að þeim beri kr. 1.020.000 í eignarnámsbætur. Verður stefnda gert að greiða stefnendum fjárhæð þessa ásamt vöxtum eins og krafist er, 13% ársvöxtum frá 4. júní 1976 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Verður stefnda og gert að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst kr. 300.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Vegagerðar ríkisins, greiði stefnendum, eigendum Leirvogstungu í Mosfellssveit, Guðmundi Magnússyni og Hlyni Þór Magnússyni, kr. 1.020.000 með 13% ársvöxtum frá 4. júní 1976 til 21. nóv-

ember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 300.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. apríl 1980.

Nr. 55/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Herði Thor Morthens.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. mars 1980, er barst Hæstarétti 1. apríl s. á. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar. Af hálfu skipaðs verjanda ákærða hefur engin greinargerð borist Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. mars 1980.

Ár 1980, laugardaginn 29. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa, við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Laust eftir hádegi í gær var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík Hörður Thor Morthens, fæddur 31. desember 1954, til heim-

ilis að Stigahlíð 93, Reykjavík, en hann er borinn sökum um dreifingu fíkniefna. Nefndur Hörður var yfirheyrður hér í dómi síðdegis í gær og neitaði að tjá sig um sakarefni.

Við húsleit, er fram fór í vistarverum nefnds Harðar, bæði að Stigahlíð 93 og Hringbraut 51 hér í borg, fundust ætluð cannabisfræ og nokkrar reykjarpípur, er lögregla lagði hald á, en reykjarpípurnar sýndu jákvæða svörun við litarprófun vegna cannabis.

Síðdegis í gær var yfirheyrð hjá lögreglu og síðan hér í dómi Sigríður Gísladóttir, fædd 2. október 1953. Nefnd Sigríður bar, að ofangreindur Hörður Thor Morthens hefði haft samband við sig og beðið hana að selja fyrir sig 150 gr af Libanonhassi. Mætta kvað þetta hafa átt sér stað fyrir u. þ. b. 2 vikum, en þá hafi m/s Bifröst, er nefnd Sigríður kvað Hörð vera skipverja á, verið að koma úr ferð.

Kvaðst hún hafa móttekið ofangreint hassefni ásamt sambýlismanni sínum, Þorleifi Guðjónssyni. Nefnd Sigríður kvað sér hafa skilist, að nefndur Hörður hefði greitt kr. 1.500—2.000 fyrir hvert gramm af efninu. Mætta kvað efnið hafa verið í strigaumbúðum og virst vera hluti af stærri hassköku.

Hér í dómi fyrir stundu var ofangreindur Þorleifur J. Guðjónsson, fæddur 18. nóvember 1956, yfirheyrður og skýrði sjálfstætt svo frá, að fyrir um þremur vikum hefði Hörður Morthens komið á heimili sitt og sambýliskonu sinnar, Sigríðar Gísladóttur, og beðið þau að selja fyrir sig um 200 gr af Libanonhassi. Kvað hann þau hafa tekið við efninu og átt að greiða Herði kr. 7.000 pr. gr eftir sölu efnisins, en þau hafi þó aðeins greitt nefndum Herði kr. 600.000. Þá kvað nefndur Þorleifur Hörð við þetta tækifæri hafa afhent sér 15—20 gr af marihuana.

NIÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt ofansögðu er nefndur Hörður Thor Morthens borinn verulegum sökum um dreifingu fíkniefna, en hefur sjálfur neitað að tjá sig um sakaratriði. Þykir því ljóst, að rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli hans er á algeru frumstigi og eftir að staðreyna í mörgum atriðum framkomið í málinu og í því sambandi þörf að yfirheyra marga aðilja og samprófa. Þykir í því sambandi nauðsynlegt, að nefndur Hörður nái ekki að tefja eða torvelda rannsókn, svo sem með undanskoti sakargagna eða með því að hafa samband við samseka.

Verið er að rannsaka ætluð brot Harðar Thor Morthens og fleiri aðilja gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, og

getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar þessarar nauðsyn til bera að gera nefndum Herði Thor Morthens að sæta gæsluvarðhaldi, er telst hæfilega afmarkað sem allt að 14 dögum.

Úrskurðarorð:

Hörður Thor Morthens, fæddur 31. desember 1954, til heimilis að Stigahlíð 93, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 14 dögum.

Fimmtudaginn 10. apríl 1980.

Nr. 50/1980. **Jóhann Egilsson**
gegn
Þórdísi Rögnvaldsdóttur.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. mars 1980, sem barst Hæstarétti 25. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir skiptaráðanda að kveða upp efnisúrskurð um ágreining aðilja. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Engar kröfur eru gerðar af hálfu varnaraðilja fyrir Hæstarétti.

Kröfur sóknaraðilja fyrir skiptarétti Reykjavíkur eru greindar í hinum kærða úrskurði.

Í skiptamáli þessu er skiptarétturinn aðeins bær um að kveða á um, hvort eignir þær, sem kaupmáli málsaðilja tekur til, skuli taldar séreign eða hjúskapareign, sem telja beri með eignum við búskiptin. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að því er varðar þá kröfu sóknaraðilja, að kaupmálinn verði lýstur ógildur.

Í kröfugerð sóknaraðilja fyrir skiptarétti segir einnig, að þess sé krafist, „að fyrrgreind íbúð verði talin hluti félagsbús þeirra hjóna", þ. e. aðilja málsins. Er hér átt við íbúð í Mávahlíð 43 í Reykjavík.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi að því er varðar þennan ágreining og leggja fyrir skiptaráðanda að taka þann ágreining til efnisúrlausnar.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins kærða úrskurðar. Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að því er varðar kröfu sóknaraðilja um ógildingu kaupmála aðilja.

Skiptaráðanda ber að leggja efnisúrskurð á ágreining aðilja um framangreinda íbúð.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað er staðfest. Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 29. febrúar 1980.

Mál þetta er rekið í tengslum við skipti á sameiginlegu búi þeirra Þórdísar Rögnvaldsdóttur, nafnnr. 9494-4503, og Jóhanns Kasper Krøer Egilssonar, nafnnr. 4962-07121, vegna hjónaskilnaðar málsaðilja.

Við uppskrift á búinu, sem fram fór 12. september sl. á þá sameiginlegu heimili aðilja að Mávahlíð 43, benti lögmaður sóknaraðilja þessa máls á íbúð í kjallara að Mávahlíð 43 sem eign í búinu. Þessu mótmælti lögmaður varnaraðilja þessa máls og benti á, að íbúðin væri séreign skjólstæðings síns og kæmi því ekki til skipta. Var ákveðið að fara með þennan ágreining sem sérstakt skiptaréttarmál.

Í greinargerð sóknaraðilja eru gerðar þær kröfur:

„ . . . að ógiltur verði með úrskurði skiptaréttarins kaupmáli, dags. 2. apríl 1979, á milli umbj. m. og eiginkonu hans, Þórdísar Rögnvaldsdóttur, Mávahlíð 43, Reykjavík, þar sem 2ja herb. íbúð í kjallara hússins nr. 43 við Mávahlíð í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarleiguréttindum er gerð séreign konunnar, Þórdísar, og að fyrrgreind íbúð verði talin hluti félagsbús þeirra hjóna.

Jafnframt geri ég kröfu um málskostnað úr hendi konunnar, umbj. m. að skaðlausu."

Varnaraðili gerir þær dómkröfur í greinargerð:

„ . . . að hrundið verði með úrskurði kröfu Jóhanns Kaspers Krøyers Egilssonar um, að ógiltur verði kaupmáli þeirra hjóna, dags. 2. 4. 1979, og að kaupmálinn verði lagður til grundvallar við skipti á félagsbúi þeirra. Þá er krafist hæfilegs málskostnaðar úr hendi mannsins, umbjóðanda mínum að skaðlausu."

Engar kröfur hafa komið fram um frávísun málsins.

Í framhaldi af skilum á greinargerðum voru teknar aðiljaskýrslur og skýrslur af vitnum. Þar sem sönnunarfærslan beindist eingöngu að því að sanna eða afsanna meintar blekkingar og sviksamlegan tilgang konunnar við gerð kaupmálans, kallaði skiptaráðandi lögmenn aðilja fyrir og bað þá að gera grein fyrir framhaldi málsins og hvort þeir teldu, að það félli innan valdsviðs skiptaréttar að skera úr um deiluefnið. Lögmennirnir ítrekuðu gerðar kröfur og vísuðu til greinargerða í því efni.

Ekki hafa komið fram mótmæli gegn því, að kaupmáli sá, sem mál þetta snýst um, sé formlega gildur. Samkvæmt leiðbeiningarreglu, sem leiða þykir mega af 2. tl., d liðar, 21. gr. laga nr. 75 frá 1973 um Hæstarétt Íslands, svo og einkum með vísan til 35. gr. laga nr. 3 frá 1878 um skipti á dánar- og félagsbúum hefur skiptarétturinn ekki vald til þess að binda aðilja með dómi til þess að afhenda búi, sem til skipta er, eign, er ekki tilheyrir búinu. Á þeirri meginreglu er ekki að finna undantekningu, sem á við tilvik sem þetta. Kaupmálanum hefur ekki verið rift fyrir hinum almenna dómstóli í héraði. Brestur því skiptarétt vald til þess að leggja úrskurð á ágreiningsefnið, og er því málinu vísað frá skiptarétti án kröfu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:
Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. apríl 1980.

Nr. 54/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Erlu Bjarnadóttur.

Kærumál. Skipun verjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Hinn 28. mars 1980 kom Erla Bjarnadóttir fyrir sakadóm Reykjavíkur. Var henni þá birt ákæra, útgefin 29. janúar 1980, þar sem hún var ákærð til refsingar fyrir brot á umferðarlögum. Þá er bókað í þingbók: „Ákærða óskar eftir að halda uppi vörnum í málinu og óskar eftir því, að eiginmaður hennar, Hörður Ólafsson, hæstaréttarlögmaður, verði skipaður verjandi sinn. Dómarinn tjáir ákærðu, að hann geti ekki orðið við þeirri beiðni hennar að skipa hann verjanda, þar sem dómarinn hefur lagt fram kæru á hendur lögmanninum hjá Lögmannafélagi Íslands fyrir ósæmilega framkomu hans í garð dómarans í símtali í gær. Verður því samkvæmt 85. gr. laga um meðferð opinberra mála ekki unnt að skipa Hörð verjanda í máli þessu".

Samkvæmt heimild í 4. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skaut ákærða ákvörðun þessari til Hæstaréttar með kæru sama dag, sem barst Hæstarétti 1. apríl s. á. Krefst hún þess, að fyrrgreind ákvörðun sakadómara verði úr gildi felld. Þá er þess

krafist, að dómara þeim, sem með málið fór, verði dæmd refsing samkvæmt lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973. Enn fremur er krafist kærumálskostnaðar.

Af hendi ákæruvaldsins hefur hvorki borist greinargerð né kröfur.

Borist hefur umsögn frá héraðsdómaranum í máli þessu, þar sem hann gerir nánari grein fyrir synjun sinni um að skipa Hörð Ólafsson hæstaréttarlögmann verjanda ákærðu Erlu.

Ákærða átti kröfu til þess, að henni yrði skipaður verjandi samkvæmt 3. tl. 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Utanréttardeilur dómarans og hæstaréttarlögmanns þess, sem ákærða óskaði eftir sem verjanda, þykja, eins og á stendur, ekki valda því, að heimilt sé að neita að skipa hæstaréttarlögmanninn verjanda ákærðu að ósk hennar. Eigi standa heldur ákvæði 85. gr. laga nr. 74/1974 því í vegi, að hæstaréttarlögmaðurinn, eiginmaður ákærðu, sé skipaður verjandi hennar. Ber að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.

Ekki eru efni til að taka til greina kröfu um viðurlög á hendur dómaranum.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreind ákvörðun héraðsdómara er úr gildi felld.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. apríl 1980.

Nr. 185/1979. **Friðrik Haraldsson**
gegn
Guðmundi Þórðarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Friðrik Haraldsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 14. apríl 1980.

Nr. 197/1979. **Sigurjón Ragnarsson**
gegn
Árna Grétari Finnssyni hrl.
f. h. dánarbús Guðna Ívars Oddssonar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurjón Ragnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Árna Grétari Finnssyni hæstaréttarlögmanni f. h. dánarbús Guðna Ívars Oddssonar, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 30.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. apríl 1980.

Nr. 17/1980. **Gunnvör Rögnvaldsdóttir**
gegn
Sveinbirni Kristjánssyni og
Guðrúnu Sigurðardóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnvör Rögnvaldsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 14. apríl 1980.

Nr. 22/1980. **Húsamiðlun s/f**
gegn
Jóni Auðuns.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Húsamiðlun s/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 14. apríl 1980.

Nr. 25/1980. **Blaðaturninn h/f**
gegn
Lása Kokk h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Blaðaturninn h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 14. apríl 1980.

Nr. 39/1980. **Kristín Stefánsdóttir**
gegn
Kristni Björnssyni hdl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristín Stefánsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 15. apríl 1980.

Nr. 49/1980. **Ragnar Guðmundsson**
gegn
Birgi Harðarsyni og
Kristínu Kristjánsdóttur.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 7. mars 1980, sem barst Hæstarétti 24. s. m. Krefst hann þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðiljar, Birgir Harðarson og Kristín Kristjánsdóttir, krefjast þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða þeim kærumálskostnað.

Hinn kærði frávísunardómur varðar ekki kröfur sóknaraðilja á hendur Ruth Einarsdóttur, sem ásamt þeim var stefnt fyrir héraðsdóm. Hefur hún ekki sótt þing í héraði og er ekki aðili kærumáls þessa.

Ákvæði 207. gr. laga nr. 85/1936 heimila sóknaraðilja ekki að sækja varnaraðilja eftir ákvæðum XVII. kafla laganna til að þola dóm um veðrétt samkvæmt þeim tryggingarbréfum, sem hann reisir kröfur sínar á. Verður sóknaraðili að hlíta því, að varnaraðiljar hafi uppi í málinu allar þær varnir, sem koma má að í einkamálum almennt.

Varnaraðiljar kröfðust ekki frávísunar í héraði, og ekki eru þeir gallar á málatilbúnaði sóknaraðilja, að vísa beri málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Athugast í því sambandi sérstaklega, að vegna ákvæða 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1950, var ekki lögskylt að leggja

kröfurnar til sátta fyrir sáttamenn, þó að 10. tl. sömu málsgreinar ætti ekki við um málssóknina.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. febrúar 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar 1980, hefur Ragnar Guðmundsson, Kaplaskjólsvegi 89, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Ruth Einarsdóttur, Sóleyjargötu 19, Reykjavík, áður til heimilis að Miðstræti 3, Reykjavík, Birgi Harðarsyni, Miðstræti 3, Reykjavík, og Kristínu Kristjánsdóttur, Þóristúni 19, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda Ruth Einarsdóttir verði dæmd til greiðslu víxilskuldar, samtals að fjárhæð kr. 1.000.000 ásamt 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 250.000 frá 20. desember 1976 til 20. janúar 1977, frá þeim degi af kr. 500.000 til 20. febrúar 1977, en frá þeim degi af kr. 750.000 til 20. mars 1977, en frá þeim degi af kr. 1.000.000 til 1. ágúst 1977, en frá þeim degi með 3% dráttarvöxtum af sömu upphæð til greiðsludags, kr. 2.400 í stimpilkostnað. Enn fremur er þess krafist, að staðfestur verði 9. veðréttur í hæð og rishæð húseignarinnar Miðstræti 3 hér í borg ásamt 2/3 hlutum eignarlóðar í samræmi við tvö veðskuldabréf (sic í stefnu, á að vera veðtryggingarbréf), útgefin 5. nóvember 1976, sem gefin hafi verið út af stefndu Ruth til tryggingar framangreindri skuld.

Gagnvart stefndu Birgi Harðarsyni og Kristínu Kristjánsdóttur eru gerðar þær dómkröfur, að þau verði dæmd in solidum til að þola staðfestingu framangreinds veðréttar í eignarhluta þeirra í húsinu nr. 3 við Miðstræti í Reykjavík í samræmi við veðtryggingarbréfin tvö.

Gerð er krafa um málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda Ruth Einarsdóttir hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er henni þó löglega stefnt.

Af hálfu stefndu Birgis Harðarsonar og Kristínar Kristjánsdóttur er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins.

Mál þetta er rekið af hálfu stefnanda til heimtu víxilskuldar og til staðfestingar á veðrétti samkvæmt tveimur veðtryggingarbréfum, sem stefnandi kveður hafa fylgt greindum víxlum.

Víxilkröfuna kveður stefnandi vera samkvæmt fjórum víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 250.000, eða samtals kr. 1.000.000, útgefnum og framseldum af honum, en samþykktum af stefndu Ruth til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, dagana 20. desember 1976, 20. janúar 1977, 20. febrúar 1977 og 20. mars 1977.

Kröfu sína um staðfestingu á veðrétti byggir stefnandi á tveimur veðtryggingarbréfum, báðum útgefnum af stefndu Ruth þann 5. nóvember 1976, sem hann segir hafa fylgt ofangreindum víxlum og verið til tryggingar þeirri víxilskuld ásamt vöxtum og kostnaði. Kveður hann fyrstu tvo víxlana hafa verið tryggða með sama bréfinu, en hina seinni tvo samhliða með öðru bréfi. Bréf þessi séu tryggð með 9. veðrétti í hæð og rishæð húseignarinnar Miðstræti 3, Reykjavík, ásamt 2/3 hlutum eignarlóðar. Er eignin var veðsett, hafi hún verið í eigu stefndu Ruthar, en sé nú eign stefndu Birgis og Kristínar.

Stefnandi hefur margítrekað, að hann reki mál þetta sem víxilmál skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og á grundvelli þess neitað, að aðrar varnir geti komist að í málinu en leyfðar séu skv. 208. gr. sömu laga. Byggir hann kröfur sínar alfarið á ofangreindum skjölum og því, að þau beri ekki með sér, að skuldin sé greidd.

Þá kveður hann stefndu Birgi og Kristínu verða að þola staðfestingu veðréttarins, þar sem þau séu þinglesnir eigendur veðsins og hafi vitað, að skuldin væri áhvílandi á því. Veðtryggingarbréfin tvö kveður hann hafa verið þinglesin athugasemdalaust þann 12. nóvember 1976.

Eins og áður greinir, hefur Ruth Einarsdóttir ekki haldið uppi vörnum í máli þessu.

Stefndu Birgir Harðarson og Kristín Kristjánsdóttir byggja sýknukröfu sína annars vegar á því, að skuldin sé þegar greidd og hafi seljandi eignarinnar skuldbundið sig til að aflýsa henni

af eigninni. Hins vegar bera þau fyrir sig formgalla á þeim tryggingarbréfum, sem dómkrafan er reist á.

Fyrri málsástæðu sína styðja þau þeim rökum, að þegar þau hafi keypt umrædda eign, hafi samkvæmt veðbókarvottorði m. a. hvílt á henni ofangreind tryggingarbréf og hafi eigandi þeirra verið stefnandi, einnig hafi hvílt á henni fjárnámsgerð fyrir eldri kröfu að fjárhæð kr. 1.662.453 auk vaxta og kostnaðar, eign sama. Seljandi hafi lofað að aflétta þessum skuldum af eigninni og sé það tekið fram í afsali, að þær séu stefndu óviðkomandi. Jafnframt hafi þeim verið tjáð, að hér væri um eina og sömu skuld að ræða. Fjárnámskrafan hafi verið gerð upp að fullu og henni aflýst, en tryggingarbréf þau, er mál þetta snýst um, hafi ekki fengist afhent og skuldinni skv. þeim ekki verið aflýst. Stafi báðar skuldirnar af viðskiptum stefnanda og Einars Óskarssonar, sem rekið hafi verslunina „Traffic". Hafi síðari skuldbindingin, þ. e. sú, er mál þetta snýst um, verið gerð til tryggingar þeirri fyrri. Þessu til sönnunar hafa stefndu lagt fram yfirlýsingu Einars Óskarssonar, sem gerð er í Tulsa 1. apríl 1979. Þá hefur nefndur Einar komið fyrir dóminn sem vitni og borið það sama, einnig vitnið Benedikt Björnsson (Sigurbjörnsson), fyrrverandi fasteignasali, er sá um sölu fasteignarinnar Miðstræti 3 til stefndu.

Það athugast hins vegar einnig, að stefnandi hefur hér fyrir réttinum neitað, að um sömu skuld væri að ræða, og lýst tilkomu fjárkröfunnar á annan veg en vitnið Einar. Við samprófun náðist ekki samræmi í framburði stefnanda og ofangreindra tveggja vitna. Vitnið Einar Óskarsson er sonur stefndu Ruthar Einarsdóttur.

Síðari málsástæðu sína styðja stefndu þeim rökum, að tryggingarbréf þau, sem lögð hafi verið fram í málinu, séu gölluð á fleiri en einn veg. Víxlum þeim, sem bréfunum sé ætlað að tryggja, sé ekki lýst á fullnægjandi hátt, þar sem útgefandi og útgáfudagur séu ótilgreind. Beri bréfið því ekki með sér, að víxlarnir hafi verið í lögmæltu formi skv. víxillögum, er þeir hafi verið afhentir ásamt tryggingarbréfunum. Þá benti lögmaður þeirra á það við flutning málsins, að ekki yrði af þessum sökum séð með neinni vissu, hvaða víxla bréfin ættu að tryggja, og ósannað, að það væru þeir víxlar, sem fram hefðu verið lagðir í þessu máli. Lögmaðurinn hélt því einnig fram, að víxlar þeir, er fylgdu bréfunum, hefðu ekki verið víxlar í skilningi víxillaganna, er þeir voru afhentir, og þess vegna hefði veðréttur ekki getað skapast á grundvelli þeirra.

Einnig benda stefndu á, að engin heimild sé í veðtryggingarbréfum þessum til að selja hina veðsettu eign án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar. Telja þau, að slík ákvæði sé að finna í öllum slíkum bréfum og sé það svo venjuhelgað, að teljast verði til nauðsynlegra formsatriða, svo skjal verði gilt veðbréf í lagalegum skilningi. Lögmaður þeirra benti einnig á það við málflutning, að ekki væri þess heldur getið í texta bréfanna, að mál út af þeim mætti reka skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936, en skv. 207. gr. sé það nauðsynleg forsenda slíkrar málsmeðferðar, að heimild til þess sé sérstaklega gefin í bréfinu sjálfu.

Það athugast í þessu sambandi, að greind veðtryggingarbréf eru ekki skuldabréf í skilningi 3. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936.

Undir rekstri málsins kröfðust stefndu frests vegna kæru sinnar til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa máls, þar sem þau beiddust rannsóknar á viðskiptum stefnanda og Einars Óskarssonar. Stefnandi neitaði um frest, þar eð málið væri rekið sem víxilmál. Kvað dómari upp úrskurð, þar sem frestur var veittur. Greind rannsókn var lögð fram í málinu, en lítið kom þar fram, er varpaði ljósi á málavexti.

Skal þá fyrst tekin til athugunar fjárkrafa stefnanda á hendur Ruth Einarsdóttur. Það athugast, að málavaxtalýsingu stefnanda er hér ábótavant að því leyti, að hann getur ekki útgáfudags víxlanna. Víxlar þeir, dskj. 3—6, sem hann hefur lagt fram dómkröfu sinni til stuðnings, uppfylla þó formkröfur 1. gr. laga nr. 93/1933 um víxla. Útgáfudagur þeirra allra er 5. nóvember 1976. Að öðru leyti eru víxlarnir í samræmi við málavaxtalýsingu stefnanda. Stefnandi hefur margítrekað, að hann reki mál þetta sem víxilmál skv. 207. gr., XVII. kafla, laga nr. 85/1936. Ljóst er, að fjárkrafan er réttilega höfðuð og rekin sem víxilmál, og þykir ekki ástæða til að láta ofangreinda vanreifun varða stefnanda réttarspjöllum.

Á hendur stefndu Ruth er einnig gerð krafa um staðfestingu veðréttar, eins og rakið er hér að framan. Byggir stefnandi kröfu sína á því, að víxlar þeir, sem standa að baki peningakröfunni, séu tryggðir með ofangreindum veðtryggingarbréfum. Er þá að því að hyggja, hvort reka megi staðfestingarkröfuna skv. XVII. kafla sömu laga. Veðréttindi og kröfuréttindi eru hvor um sig sjálfstæðar réttarheimildir, sem í ýmsu tilliti hlíta ólíkum réttarreglum og lögskýringarsjónarmiðum. Hins vegar eru einnig milli þessara réttinda þýðingarmikil tengsl. Til dæmis miða þau oft að því að koma fram sömu greiðslu, svo sem er veð er sett til trygg-

ingar ákveðinni víxilskuld. Er það mikið réttarfarshagræði, að heimilt sé að krefjast staðfestingar á slíkum veðrétti í víxilmálinu. Hefur slíkt kröfusamlag verið látið átölulaust. Þykir rétt að líta svo á, að hér sé um að ræða fylgikröfu á hendur víxilskuldaranum, sem svo sé tengd aðalmálinu, að eðlilegt sé að hafa báðar uppi í sama máli, enda virðist það ekki brjóta í bág við 1. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936. Hitt kann að vera, að veðþoli geti komið að vörnum varðandi veðréttinn, sem eru utan ramma 208. gr. sömu laga

Þá er að athuga kröfur stefnanda á hendur þinglesnum eigendum hinnar veðsettu eignar, stefndu Birgi og Kristínu. Eins og áður greinir, rekur stefnandi mál þetta sem víxilmál. Í 207. gr., 1. tl., laga nr. 85/1936 er upp talið, hvaða mál séu víxilmál. Verður að líta á þá upptalningu sem tæmandi og því óviðkomandi, að leyft sé að sækja í sama máli kröfur tengdar aðalkröfu, svo sem um málskostnað, á hendur víxilskuldara. Mál á hendur hinum þinglesnu eigendum veðsins fellur ekki innan ramma 207. gr., og verður að telja óheimilt að sækja þau til að þola staðfestingu á ofangreindum veðrétti í víxilmáli þessu. Ber því að vísa kröfu stefnanda á hendur þeim frá dómi ex officio.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Hjördís Hákonardóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda, Ragnars Guðmundssonar, á hendur stefndu, Birgi Harðarsyni og Kristínu Kristjánsdóttur, er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Þriðjudaginn 15. apríl 1980.

Nr. 129/1977. **Sigurður M. Helgason skiptaráðandi f. h. dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Hreiðari Svavarssyni og Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta, skiptaráðanda f. h. dánarbús Margeirs Jóns Magnússonar
(Kristján Eiríksson hrl.).

Skipti. Ógildi samnings.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. ágúst 1977. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta, skiptaráðanda í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar, verði dæmt að afhenda sér sparisjóðsbók nr. 48094 við Útvegsbanka Íslands í Reykjavík og sparisjóðsbók nr. 220366 við Útvegsbanka Íslands í Kópavogi. Til vara krefst áfrýjandi þess, að afhending sparisjóðsbókar nr. 48094 við Útvegsbanka Íslands í Reykjavík til stefnda Hreiðars Svavarssonar verði bundin því skilyrði, að samtímis verði „greidd víxilskuldbinding stefnda Hreiðars, kr. 650.000, auk lögleyfðra víxilvaxta af þeirri fjárhæð frá 20. mars 1970 til greiðsludags." Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hreiðar Svavarsson krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að áfrýjanda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda dánarbús Margeirs Jóns Magnússonar hefur ekki verið sótt þing.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Með dómi Hæstaréttar 14. desember 1976 var hrundið kröfu stefnda Hreiðars Svavarssonar um, að hann yrði með beinni fógetagerð settur inn í umráð tveggja sparisjóðsbóka og víxla, sem voru taldir í vörslum dánarbús Margeirs Jóns Magnússonar. Var dæmt, að fjalla ætti um málið i skiptarétti, þar sem dánarbú Margeirs Jóns væri til opinberrar skiptameðferðar.

Með bréfi lögmanns stefnda Hreiðars Svavarssonar 17. desember 1976 til Unnsteins Beck, þáverandi skiptaráðanda í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar, er þess óskað, að skiptaráðandinn afhendi honum „sparisjóðsbækur þær, sem greinir í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14. þ. m." Er skiptaráðandinn féllst ekki á það, var stofnað til máls þess, sem hér er til úrlausnar.

Úrlausn ágreinings þessa ber undir skiptarétt Reykjavíkur. Eins og hér stendur á, þykir hinn stefndi skiptaráðandi geta lagt úrskurð á málsefnið.

II.

Samkvæmt gögnum, er við nýtur í máli þessu, varð sú niðurstaða á skiptafundi í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar 7. janúar 1975, að ekki væru efni til, að búið helgaði sér þau verðmæti, sem framangreind kröfugerð lýtur að. Þó var gerður fyrirvari um endurkröfurétt, ef síðar kæmu fram gögn, sem sýndu, að dánarbúið ætti rétt til verðmæta þessara.

Í hinum áfrýjaða úrskurði greinir frá því, að Guðmundur Jón Magnússon kom m. a. verðmætum þeim, sem deilt er um í máli þessu, í geymslu hjá Margeiri Jóni Magnússyni, sem gaf út sérstakar geymslukvittanir. Eru þær meðal gagna málsins. Á kvittunum þessum eru framsalsáritanir Guðmundar Jóns til stefnda Hreiðars Svavarssonar. Allmikill ágreiningur er í máli þessu um viðskipti þeirra Guðmundar Jóns og stefnda Hreiðars, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði. Eru þar reifaðir framburðir þeirra og nafngreinds hæstaréttarlögmanns, er að þessu víkja, og vísast til þeirra í heild sinni.

Samkvæmt framburðum stefnda Hreiðars vildi Guðmundur Jón selja víxla og sparisjóðsbækur. Samdist með þeim, að Hreiðar keypti verðbréf, sem samtals voru að nafnverði tæpar 1.300.000 krónur, og greiddi með sýningarvíxli, sem Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður gaf út, en Hreiðar samþykkti, að fjárhæð 650.000 krónur. Hreiðar kveður gagngjaldið hafa verið eitthvað meira, en hefur ekki fengist til að gefa upp, hversu mikil umframgreiðsla hafi verið eða í hverju fólgin. Fram kemur af skjölum málsins, að samanlögð innstæða í sparisjóðsbókum þeim, sem um ræðir, var 796.380 krónur. Þar af var 100.000 króna innstæða í bók við Útvegsbanka Íslands í Kópavogi nr. 220366, bundin í 6 mánuði, en sú innstæða kom í stað innstæðu í Sparisjóði Alþýðu í sparisjóðsbók nr. 10061, sem upphaflega var í vörslu Margeirs Jóns og Guðmundur Jón framseldi Hreiðari Svavarssyni rétt til. Þá er einnig viðurkennt af Hreiðari, að framsöl hafi ekki verið rétt dagsett, heldur dagsett með ýmsum dagsetningum aftur í tímann. Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður, sem gaf út framangreindan 650.000 króna víxil fyrir Hreiðar, telur Hreiðar hafa sagt manninn „vilja losna við þessa pappíra". Í sakadómi Reykjavíkur hinn 10. júlí 1970 kveðst Hreiðar Svavarsson hafa verið búinn að fá vitneskju um húsleitina hjá Margeiri Jóni Magnússyni, þegar verðbréfin voru framseld honum. Aðspurður um það, hvort rætt hafi verið um það milli hans og Guðmundar Jóns Magnússonar, að hann kæmi fram gagnvart skattayfirvöldum og dómstólum sem eigandi, segir hann „bara hafa verið rætt um, að hann kæmi fram sem eigandi, en ekkert sérstaklega um þessi atriði". Athygli Hreiðars var í sama þinghaldi vakin á, „að Guðmundur hafi borið í sakadómi, að hann hafi verið óttasleginn vegna húsleitarinnar og því hafi hann gert samkomulagið við kærða um, að hann tæki að sér upp á helming að koma fram gagnvart hinu opinbera sem eigandi". Kvað hann það rangt. Aðspurður um, hvort Hreiðari hafi ekki þótt tortryggilegt, að maðurinn vildi selja sparisjóðsbækur, segir Hreiðar svo ekki vera, þar sem hann hafi „fengið svo gott verð fyrir". Á sama dómþingi í sakadómi Reykja-

víkur skýrði Hreiðar frá því, að hann hefði sagt Brandi Brynjólfssyni, að hann teldi fyrirhuguð viðskipti við Guðmund Jón sér hagstæð.

III.

Af hálfu áfrýjanda er aðalkrafa hans studd þeim rökum, að samningur þeirra Guðmundar Jóns Magnússonar og stefnda Hreiðars, er að framan er lýst, hafi verið ógildur.

Samkvæmt framanrituðu verður að leggja til grundvallar, að stefnda Hreiðari hafi verið ljóst, að viðsemjandi hans, Guðmundur Jón Magnússon, taldi sig eiga í vandræðum, sennilega gagnvart skattayfirvöldum, og að hann hefði verið þeirrar skoðunar, að sér væri ófært að hagnýta sér tilteknar eignir sínar sjálfum og að hann yrði að losa sig við þær. Samkvæmt gögnum málsins voru þær nærfellt tvisvar sinnum hærri að nafnverði en endurgjaldi því nam, sem stefndi Hreiðar skyldi inna af hendi með víxli, er greinir í málinu. Að svo vöxnu verður að telja, svo sem kröfugerð áfrýjanda horfir við, að skv. 32. gr. laga nr. 7/1936 geti stefndi Hreiðar ekki borið fyrir sig samning þann, er hér er um fjallað, og fengið afhentar sparisjóðsbækur þær, er málið snýst um.

Með vísan til framanritaðs viðhorfs skiptafundar í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar ber að dæma skiptaráðandanum í því skylt að afhenda skiptaráðandanum í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar sparisjóðsbók nr. 48094 við Útvegsbanka Íslands í Reykjavík. Samkvæmt framanrituðu gegnir sama máli um sparisjóðsbók nr. 220366 við Útvegsbanka Íslands í Kópavogi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta, skiptaráðanda í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar, ber f. h. dánarbúsins að afhenda áfrýjanda, Sigurði M. Helgasyni, skiptaráðanda í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar f. h. dánarbúsins, sparisjóðsbók nr. 48094 við Útvegs-

banka Íslands í Reykjavík og sparisjóðsbók nr. 220366 við Útvegsbanka Íslands í Kópavogi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. maí 1977.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 28. apríl sl., gerir Hreiðar Svavarsson, Bókhlöðustíg 6 B, þær réttarkröfur, að sér verði afhentar úr dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar sparisjóðsbækur nr. 48094 við Útvegsbanka Íslands og nr. 20366 við Útvegsbanka Íslands, útibúið í Kópavogi, og að sér verði greiddur málskostnaður úr sjóði dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar.

Meðalgönguaðilinn, skiptaráðandinn í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar, mótmælir afhendingu sparisjóðsbókanna til Hreiðars Svavarssonar og krefst afhendingar þeirra til sín til ákvörðunar um, hvernig með skuli fara, og úthlutunar. Einnig krefst hann málskostnaðar.

Hann gerir og þá varakröfu, að ef umræddar sparisjóðsbækur verði afhentar Hreiðari Svavarssyni, verði sú afhending bundin því skilyrði, að Hreiðar Svavarsson greiði til dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar víxil, útgefinn þann 2. mars 1970 af Brandi Brynjólfssyni, en samþykktan af Hreiðari Svavarssyni, að fjárhæð kr. 650.000.

Tildrög máls þessa eru þau, að 12. mars 1970 ritaði Hreiðar Svavarsson Margeiri Jóni Magnússyni, Miðstræti 3, bréf og krafði hann afhendingar tveggja sparisjóðsbóka og 8 víxla. Með bréfi sínu sendi hann ljósrit geymslukvittana, sem Margeir Jón hafði gefið Guðmundi Jóni Magnússyni vélstjóra, Grenimel 22, fyrir móttöku greindra verðmæta, en sem Guðmundur Jón hafði aftur framselt Hreiðari með áritun á geymslukvittanir. Voru þetta kvittanir fyrir móttöku sparisjóðsbókar nr. 48094 við Útvegsbanka Íslands og sparisjóðsbókar nr. 10061 við Sparisjóð Alþýðu. Nánari tilgreining á kvittunum fyrir móttöku víxlanna er óþörf, þar eð ekki er í máli þessu fjallað um þá.

Þann 16. apríl sama ár ritaði Hreiðar Svavarsson bréf til yfirsakadómarans í Reykjavík og tjáði sig vita, að umræddar sparisjóðsbækur og víxlar væru í vörslum sakadóms, og krafðist afhendingar á þeim fyrir 21. þess mánaðar.

Með bréfi til borgarfógetaembættisins í Reykjavík, dagsettu 5.

maí 1970, fór Hreiðar Svavarsson þess á leit, að sparisjóðsbækurnar tvær og víxlarnir yrðu fengnir sér með innsetningargerð. Gerðarþolinn, Margeir J. Magnússon, krafðist þess, að synjað yrði um gerðina, tjáði sig fúsan að afhenda Guðmundi Jóni Magnússyni umrædd verðmæti. Inn í innsetningarmál þetta gekk sem meðalgönguaðili Guðmundur Jón Magnússon. Hann gerði þær dómkröfur, að innsetningarmálinu yrði frestað, þar til lokið yrði sakadómsrannsókn þeirri, er hann hafði stofnað til á hendur gerðarbeiðanda. Guðmundur Jón Magnússon hafði með bréfi til sakadóms, dags. 30. júní 1970, kært Hreiðar Svavarsson fyrir brot á 253. gr. alm. hegningarlaga gagnvart sér. Hélt hann því fast fram í kæru sinni og greinargerð, að hann væri réttur eigandi umræddra sparisjóðsbóka og víxla.

Borgarfógeti kvað upp úrskurð 12. ágúst 1970 og tók til greina varakröfu Guðmundar Jóns Magnússonar um frestun innsetningarmálsins.

Margeir Jón Magnússon andaðist í júní 1973, og er bú hans í opinberum skiptum hjá skiptaráðandanum Unnsteini Beck. Guðmundur Jón Magnússon andaðist 6. júlí 1973, og er bú hans í opinberum skiptum og skiptaráðandi þess bús Sigurður M. Helgason.

Jón A. Ólafsson sakadómari ritaði Unnsteini Beck skiptaráðanda bréf, dags. 16. apríl 1974, og skýrði frá því, að saksóknari hefði ritað sakadómi bréf 5. apríl 1974 og kæmi þar fram, að ekki væri af ákæruvaldsins hálfu krafist frekari aðgerða í tilefni kæru Guðmundar J. Magnússonar á hendur Hreiðari Svavarssyni. Enn fremur greini frá því í bréfi saksóknara, að þar eð dánarbú Margeirs J. Magnússonar og Guðmundar Jóns Magnússonar séu í skiptum í skiptarétti Reykjavíkur, þyki rétt, að skjöl þau og fjárverðmæti, sem frá þeim stafi, verði afhent skiptarétti Reykjavíkur eða í samráði við skiptaréttinn. Með bréfi þessu sendi sakadómarinn Unnsteini Beck skiptaráðanda allmörg verðbréf, sem tekin höfðu verið frá Margeiri J. Magnússyni á sínum tíma. Á meðal þessara verðbréfa voru bankabækur þær, sem hér er nú deilt um.

Skiptafundur var haldinn í dánarbúi Margeirs J. Magnússonar 7. jan. 1975. Var þar ákveðið, en með vissum fyrirvara, að ekki væri efni til að helga dánarbúinu þau verðmæti, sem skiptaráðanda var skilað frá sakadómi.

Var síðan þann 28. apríl 1975 innsetningarmálinu fram haldið, og gerði skiptaráðandinn í dánarbúi Margeirs J. Magnússonar

þær einar dómkröfur, að málareksturinn yrði búinu að kostnaðarlausu, og mótmælti því ekki hinni umbeðnu innsetningargerð. Skiptaráðandinn í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar gekk inn í málið í stað Guðmundar Jóns. Úrskurður í innsetningarmálinu var upp kveðinn 13. júní 1975, og var kröfum skiptaráðandans í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar hafnað, en þær voru hinar sömu, sem Guðmundur Jón hafði sjálfur gert. Þeim úrskurði var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi, uppkveðnum 14. des. 1975, synjaði Hæstiréttur um framgang innsetningargerðarinnar, og segir svo í dóminum m. a.: „Skjöl þessi eru í vörslum Unnsteins Beck skiptaráðanda vegna dánarbús Margeirs J. Magnússonar, sem hann hefur til opinberra skipta. Eins og komið er, ber því að beina kröfum um afhendingu skjalanna til skiptaráðandans og fá um þær úrskurð í skiptarétti Reykjavíkur."

20. des. 1976 mættu svo aðiljar máls þessa á skiptafundi í dánarbúi Margeirs J. Magnússonar og settu fram kröfur sínar, eins og í upphafi úrskurðar þessa greinir.

Um málavöxtu hefur Hreiðar Svavarsson í réttarhaldi í sakadómi Reykjavíkur skýrt svo frá, að þeir Guðmundur Jón Magnússon hafi að frumkvæði Guðmundar mælt sér mót á skrifstofu Brands Brynjólfssonar lögfræðings að Baldursgötu 12. Hafi tilefnið verið það, að Guðmundur Jón Magnússon hafi viljað selja sér víxla og sparisjóðsbækur, sem hann hafi átt. Hafi verðbréf þessi verið í vörslum Margeirs Jóns Magnússonar, en rannsóknarlögreglan hafi lagt hald á þau í tilefni af kæru á hendur Margeiri fyrir meinta okurstarfsemi. Þegar þeir komu til Brands, segir Hreiðar Brand hafa verið upptekinn og hafi þeir Hreiðar og Guðmundur Jón farið fram í eldhús og gengið frá viðskiptum sínum þar. Hafi Guðmundur lesið Hreiðari fyrir og Hreiðar ritað eftir honum framsal á geymslukvittanir, sem Margeir hafði gefið Guðmundi fyrir móttöku verðbréfanna. Síðan hafi Guðmundur Jón Magnússon undirritað framsölin eigin hendi og afhent Hreiðari hinar framseldu kvittanir. Framsölin segir Hreiðar hafa verið dagsett aftur í tímann að fyrirsögn Guðmundar Jóns. Síðan segir Hreiðar, að gengið hafi verið frá víxli, sem skyldi vera gagngjald hans. Hafi Brandur Brynjólfssonar komið fram í eldhúsið og skrifað upp á víxilinn fyrir sig. Önnur afskipti segir hann Brand ekki hafa haft af málinu. Hreiðar segir verðbréfin hafa verið samanlagt að nafnverði tæpar 1.300.000 kr. Víxillinn, sem Hreiðar samþykkti þarna, var að upphæð kr. 650.000 og skyldi greiðast við sýningu. Hreiðar kveður gagngjald sitt hafa verið meira en

nam ofangreindum víxli, en hefur ekki viljað svara til um, hve miklu meira eða hvert það hafi verið.

Guðmundur Jón Magnússon kom fyrir sakadóm 30. apríl 1970, og skýrði hann frá málavöxtum á eftirfarandi hátt:

Hann kvað Margeir hafa komið að máli við sig, skömmu eftir að húsleit fór fram hjá honum, og tjáð sér, að rannsóknarlögreglan hefði lagt hald á tvær sparisjóðsbækur, víxla og tryggingarbréf, sem Guðmundur Jón hafi átt í vörslu Margeirs. Margeir hafi sagt Brand Brynjólfsson, lögfræðing sinn, hafa mann á sínum snærum, sem væri fús til að „taka þetta á sig upp á helming", þ. e. koma fram sem eigandi gegn greiðslu. Guðmundur Jón kvað sér hafa þótt þetta of mikið og sagst ætla að taka þetta á sig sjálfur. Margeir, sem hafi nafngreint manninn sem Hreiðar, hafi þá sagt Guðmundi Jóni, að hann skyldi bara taka þetta á sig sjálfur, þetta væri ekki svo mikið, þar sem hér væri fyrst og fremst um að ræða sparisjóðsinneign og Guðmundur Jón hafi gefið upp til skatts peningaeign sem verðbréfunum nam. Guðmundur Jón sagði, að sér hefði orðið mikið um þetta og hafi hann reynt að ná aftur sambandi við Margeir, en án árangurs. Hann kvaðst þá hafa hringt í Brand og spurt um Margeir. Brandur hafi þá neitað að vísa á Margeir í síma. Guðmundur Jón kvaðst þá hafa viljað hitta Brand sjálfan og hafi þeim samist svo um, að hann kæmi á skrifstofu Brands á Baldursgötu 12. Þar sagði Guðmundur Jón Brand hafa miklað mjög fyrir sér vandræði sín og hafi hann sagt, að skatturinn tæki mjög hart á öllu slíku. Hafi Brandur sagst hafa mann á sínum snærum, sem væri fús að „taka þetta á sig upp á helming", og væri þess manns von á hverri stundu. Skömmu síðar hafi sá maður komið og reynst vera Hreiðar Svavarsson. Guðmundur Jón kvaðst hafa verið mjög illa fyrirkallaður og hafi hann fallist á tillögu Brands. Hann hafi haft á sér geymslukvittanir frá Margeiri fyrir öllum verðmætunum, sem hann hafi átt í vörslum Margeirs, nema eina kvittun, en Hreiðar hafi útbúið framsal á þeirri kvittun og auk þess hafi Guðmundur Jón framselt Hreiðari allar kvittanir, sem hann hafi haft meðferðir. Hafi Hreiðar sett á framsölin mismunandi dagsetningar. Guðmundur Jón kvað Brand hafa lesið Hreiðari fyrir framsölin, en Hreiðar ritað þau niður og Guðmundur Jón undirritað.

Kvað Guðmundur Jón ætlunina hjá þeim hafa verið, að svo liti út sem hann hefði verið milligöngumaður milli Hreiðars og Margeirs, en Hreiðar hinn raunverulegi eigandi.

Guðmundur Jón sagðist þarna hafa framselt verðmæti til

Hreiðars að upphæð nálægt 1.300.000 kr. Í staðinn hafi hann fengið víxil að upphæð kr. 650.000, samþykktan af Hreiðari, en útgefinn af Brandi. Víxillinn hafi átt að greiðast, þegar verðbréfin fengjust afhent úr sakadómi. Guðmundur Jón kvað Brand hafa tekið fram, að víxilinn mætti hann ekki undir nokkrum kringumstæðum sýna nokkrum.

Strax um kvöldið kveðst Guðmundur Jón hafa séð eftir viðskiptum þessum. Hafi hann því farið til Brands strax næsta morgun og viljað láta allt ganga til baka. Brandur hafi þá sagt, að það væri of seint.

Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður kom einnig fyrir sakadóm í tilefni af kæru Guðmundar Jóns. Hann kvaðst ekki þekkja Guðmund Jón Magnússon, en sagðist eitt sinn hafa hitt hann á skrifstofu sinni á Baldursgötu 12 með Hreiðari Svavarssyni. Hafi tilefnið verið það, að Hreiðar hafi sagst hafa hitt mann, sem ætti verðbréf, sem tekin hefðu verið við húsleitina hjá Margeiri skömmu áður. Hafi Hreiðar sagt manninn vilja losna við þessa pappíra. Hreiðar hafi svo orðað það við sig að verða ábyrgðarmaður fyrir Hreiðar á víxli að upphæð kr. 650.000. Hafi samist svo um með þeim, að Hreiðar kæmi á skrifstofu Brands út af ábyrgðinni. Hreiðar hafi þá sagt, að maðurinn vildi vera viðstaddur, en Brandur skrifaði upp á ábyrgðina.

Þegar Hreiðar og maðurinn komu á skrifstofu Brands, kveðst Brandur hafa verið upptekinn og hafi Hreiðar og maðurinn, sem reyndist vera Guðmundur Jón Magnússon, farið fram í eldhúsið. Brandur kveðst svo hafa skroppið inn til þeirra og gefið út víxilinn og framselt hann. Hann kveðst þá hafa séð, að Hreiðar og Guðmundur Jón voru með einhver plögg í höndunum og hafi hann þá séð, að eitt þeirra var yfirlýsing frá Margeiri, sem búið var að rita á framsal, en ekki undirrita það. Önnur afskipti segist Brandur ekki hafa haft af viðskiptum Hreiðars og Guðmundar Jóns. Maðurinn, þ. e. Guðmundur, hafi svo komið til sín í bíl u. þ. b. tveim dögum síðar, sagst sjá eftir viðskiptunum og viljað láta þau ganga til baka. Brandur kveðst þá hafa tjáð honum, að þessi viðskipti væru sér óviðkomandi, hann yrði að eiga þetta við Hreiðar.

Umboðsmaður skiptaráðandans í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar heldur því fram, að úrlausn máls þessa eigi ekki undir skiptaráðandann í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar, heldur beri honum að afhenda verðmætin, sem deilt er um, til dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar og geti þá Hreiðar Svav-

arsson gert kröfu sína í dánarbú Guðmundar Jóns. Á þá staðhæfingu umboðsmannsins er ekki unnt að fallast. Unnsteinn Beck, skiptaráðandi í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar, móttók bréf, dags. 16. apríl 1974, frá Jóni A. Ólafssyni sakadómara og verðbréf þau, er bréfi því fylgdu, sem fyrr segir, enda var bréfið stílað til hans. Ekki voru í bréfi þessu nein fyrirmæli til skiptaráðandans um að afhenda verðmætin eða hluta þeirra til dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar. Verðmætin voru á sínum tíma tekin úr vörslum Margeirs Jóns Magnússonar, og var því eðlilegt að ætla, að þeim væri nú skilað aftur til dánarbús hans. Hvaða hugur að öðru leiti lá að baki sendingunni, skiptir ekki máli í þessu sambandi.

Ljóst var frá upphafi, að ágreiningur var um það, hver væri réttur eigandi verðmætanna, og er því ekki unnt að afhenda þau úr dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar án formlegs úrskurðar um rétt yfir þeim. Breytir það engu þar um, að annar aðiljanna, sem nú krefst afhendingar verðmætanna, er skiptaráðandi f. h. dánarbús í opinberum skiptum.

Lögmaður dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar hefur og haldið því fram í máli þessu, að bera hefði átt undir yfirborgarfógetann í Reykjavík, hvort úrlausn þess ágreiningsefnis, sem hér er til úrskurðar, eigi undir skiptaráðandann í dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar eða skiptaráðandann í dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar.

Dánarbú Margeirs J. Magnússonar og dánarbú Guðmundar Jóns Magnússonar voru þegar undir opinberum skiptum, er hin umdeildu verðmæti bárust skiptaráðandanum Unnsteini Beck. Ágreiningur um það, til hvors dánarbúsins verðmætin skyldu renna, sætir dómsmálameðferð og var því ekki í verkahring yfirborgarfógetans, eins og á stóð, að skera úr þeim ágreiningi.

Því er og haldið fram af hálfu dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar, að framsal Guðmundar Jóns til Hreiðars á verðmætunum með áritun á geymslukvittanir Margeirs Jóns Magnússonar sé ógilt, þar sem Guðmundur Jón hafi verið beittur blekkingum og misneytingu. Komi þar til greina 7. gr. laga nr. 58 frá 1960.

Ekki hafi í máli þessu verið færðar sönnur á, að Guðmundur Jón Magnússon hafi verið beittur blekkingum eða misneytingu, sem eigi að valda ógildi framsals hans á verðmætum þeim, sem hér er um deilt.

Þá er komið að þeirri mótbáru umboðsmanns dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar, að Hreiðar eigi í öllu falli ekki tilkall

til sparisjóðsbókar nr. 20366 við Útvegsbanka Íslands, útibúið í Kópavogi, þar sem móttökukvittun sú, sem hann byggir rétt sinn á, er um móttöku sparisjóðsbókar nr. 10061 við Sparisjóð Alþýðu og sé því dánarbú Guðmundar Jóns Magnússonar réttur eigandi sparisjóðsbókar nr. 20366 við Útvegsbanka Íslands.

Ósannað er, að eignarréttur til handa Guðmundi Jóni Magnússyni hafi stofnast yfir sparisjóðsbók nr. 20366 við Útvegsbanka Íslands í Kópavogi. Þegar Guðmundur Jón Magnússon framseldi Hreiðari rétt sinn til sparisjóðsbókar nr. 10061 við Sparisjóð Alþýðu, var búið að hefja innstæðu þeirrar bókar, eins og fram kemur af dskj. nr. 18, og eyðileggja hana, og verður því að telja, að það hafi einungis verið framsal á almennri kröfu. Hafnað er því þeirri kröfu aðilja, að sparisjóðsbók nr. 20366 við Útvegsbanka Íslands afhendist úr dánarbúi Margeirs J. Magnússonar utan skuldaraðar.

Umboðsmaður dánarbús Guðmundar Jóns Magnússonar hefur að sumu rökstutt aðalkröfu sína með því, að Hreiðar Svavarsson eigi ógreiddan 650.000 kr. víxil þann, sem minnst er á hér að framan, og varakrafa hans er á þá leið, að því aðeins verði réttarkröfum Hreiðars sinnt, að hann greiði víxil þennan.

Greiðsla víxils þessa er skiptaréttarmáli þessu óviðkomandi og utan úrskurðarvalds skiptaréttarins. Verður henni því ekki sinnt.

Málskostnaður til handa Hreiðari Svavarssyni þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000, sem greiðast úr dánarbúi Guðmundar Jóns Magnússonar.

Úrskurð þennan kvað upp Snjólaug Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta.

Því úrskurðast:

Hreiðari Svavarssyni afhendist úr dánarbúi Margeirs Jóns Magnússonar sparisjóðsbók nr. 48094 við Útvegsbanka Íslands. Dánarbú Guðmundar Jóns Magnússonar greiði Hreiðari Svavarssyni kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. apríl 1980.

Nr. 82/1978 **Stálvinnslan h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Andrési Haraldssyni
(Sigurður Baldursson hrl.).

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. apríl 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallist verður á það með héraðsdómara, að áfrýjanda beri að greiða stefnda fyrir vinnu 14.—21. júlí 1975.

Samkvæmt gögnum málsins fékk stefndi kaup fyrir meira en 150 klukkustundir síðasta mánuðinn fyrir 21. júlí 1975. Þegar þess er gætt og þess, sem fram kemur í lokakafla héraðsdóms um vinnu hans að öðru leyti hjá áfrýjanda, ber að fallast á það með héraðsdómara, að skv. 1. gr. laga nr. 16/1958 hafi stefnda borið mánaðaruppsagnarfrestur frá störfum.

Í máli þessu er ekki tölulegur ágreiningur. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stálvinnslan h/f, greiði stefnda, Andrési Haraldssyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. janúar 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 12. janúar sl., höfðaði Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður, Laugavegi 18, Reykjavík, f. h. Andrésar Haraldssonar, Borgarholtsbraut 33, Kópavogi, fyrir borgardómi Reykjavíkur gegn Stálvinnslunni h/f, Reykjavík, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 93.679 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. september 1975 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu að mati réttarins.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 90.211 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. september 1975 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati réttarins.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Við munnlegan málflutning gerði stefndi þá varakröfu, að stefnukrafa yrði lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Stefnandi staðfesti fyrir dómi aðiljaskýrslu sína á dskj. nr. 4. Þar kemur fram, að stefnandi hafi ráðist fastur starfsmaður til stefnda í mars eða apríl 1974 og þar hafi stefnandi unnið samfleytt til og með 21. júlí 1975. Kaup stefnanda hafi í júlí 1975 verið komið upp í kr. 433.50 á klukkutíma og hafi orlof verið innifalið í þeirri tölu. Eftirvinna hafi verið greidd með 40% álagi á dagvinnu, þannig að eftirvinnukaup hafi verið kr. 607.00 á klukkustund.

Fram kom hjá stefnanda, að komið hefði fyrir, að verkefnalítið hafi verið hjá stefnda og hafi stefnandi þá ekki séð ástæðu til þess að vera þar, en sagði sig aldrei hafa vantað nema með fullu samþykki Haralds. Þetta hafi verið vegna verkefnaleysis hjá stefnda. Stefnandi tók fram, að eftirvinnu hafi hann unnið mjög litla, vegna þess að það hafi lengi vel ekki verið verkefni handa mönnum að vinna og þessir tveir menn, sem sögðu upp á árinu, hafi báðir hætt vegna þess, að eftirvinnan var tekin af þeim.

Stefnandi hafi ekki haft hugmynd um það, að hætta ætti starf-

semi stefnda eða loka. Haraldur Haraldsson, sem var einn aðaleigandi fyrirtækisins, hafi ekki heldur haft hugmynd um þetta. Framkvæmdastjóri stefnda, Þráinn Sigtryggsson, hafi aldrei minnst á niðurfellingu reksturs stefnda við stefnanda, en einu sinni hafi hann sagt, að því er stefnanda virtist í glensi, að þeir ættu bara að fara í sumarfrí. Stefnandi kvaðst hafa sagt, að það kæmi ekki til greina, maður þyrfti undirbúning til þess, og kvaðst stefnandi hafa sagst vilja hafa samráð við frúna. Ekki hafi verið minnst á þetta meir. Meiri part tímabilsins 12. til 21. júlí hafi stefnandi beðið á vinnustað, því enginn hafi vitað neitt. Þá er Þráinn mætti ekki til vinnu, hafi stefnandi haft samband við Harald Haraldsson og hafi hann ekki vitað neitt. Haraldur hafi beðið stefnanda að vera á vinnustaðnum, þar til málin skýrðust, eftir að Þráinn fór til sjós. Stefnandi kvaðst hafa hætt strax og Þorsteinn Hörður Björnsson, þ. e. stjórnarformaður stefnda, sagði honum upp starfi. Þorsteinn hafi sagt við stefnanda, að hann vissi ekki betur en búið væri að stoppa allan rekstur, öðruvísi hafi hann ekki sagt sér upp. Þetta hafi stefnandi tekið sem uppsögn, þar sem Þorsteinn hafi sagt, að þarna ætti enginn að vera. Er stefnandi kom síðar fyrir dóm, þá bar hann, að sér hefði aldrei verið sagt upp.

Fram kom hjá stefnanda, að hann muni hafa keypt húsnæði að Hringbraut 107 á árinu 1973, að því er hann hélt, og frá þeim tíma hafi hann gripið þar í verk af og til. Stefnandi kvaðst vinna við bifvélavirkjun hjá sjálfum sér, og sagði stefnandi í júní 1977, að hann væri að byrja rekstur í húsnæði því, sem stefndi var í að Súðarvogi 44-56. Eftir að stefnandi hætti störfum fyrir stefnda, kvaðst stefnandi hafa unnið hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og að hluta í bílaviðgerðum að Hringbraut 107. Vinnan hjá rannsóknastofnuninni sé ekki föst vinna, heldur viðhald á vélum og nýsmíði.

Fram kom hjá Þráni Sigtryggssyni, sem er einn af hluthöfum í stefnda, að hann hafi verið verkstjóri hjá stefnda frá enduðum febrúar 1975, en þá hafi Haraldur Haraldsson, einn af aðaleigendum fyrirtækisins og verkstjóri þess, forfallast. Þráinn sagði, að eftir að Haraldur forfallaðist, þá hefði hann sjálfur verið einn eftir í fyrirtækinu með stefnanda. Stefnandi hafi verið ráðinn upp á þau kjör, að hann fengi ekki greidda veikindadaga. Meira hafi verið um veikindaforföll hjá stefnanda en öðrum starfsmönnum fyrirtækisins. Þann hluta úr árinu 1975, sem Þráinn var þarna einsamall, hafi verið dálítið um það, að stefnandi

fengi frí frá störfum. Stefnandi hafi verið að undirbúa sig undir það að vera með eigin atvinnurekstur. Ekki hafi það verið stefnda til óþæginda, hve oft stefnandi fékk frí. Lítið hafi verið um verkefni hjá stefnda, sem stefnandi hafi getað annast. Aldrei hafi verið ákveðið, að fyrirtækið Stálvinnslan h/f hætti störfum. Margtalað hafi verið um það á milli stefndana og Þráins, að fyrirtækinu mundi verða lokað, allavega farið í sumarfrí og einhver endurskipulagning mundi fara fram á þessu. Aðaleigandi fyrirtækisins hafi verið heilsulaus og ekkert hafi legið fyrir um það, hvað yrði, hvort það yrði að loka fyrirtækinu eða hvort ráðnir yrðu aðrir menn fyrir þennan eiganda, sem var sjúklingur. Stefnandi hafi vitað, að Þráinn hafi ætlað sér að hafa fyrirtækið lokað einhvern óákveðinn tíma og það, sem stefnandi hafi rætt við Þráin í sambandi við þetta, hafi það verið alveg sjálfsagt vegna þess, að stefnandi væri ekkert á flæðiskeri staddur, hann gæti bara dundað í þeirri vinnu, sem hann var að búa sig undir. Aldrei hafi verið tilgreindur ákveðinn dagur, sem fyrirtækinu skyldi lokað vegna sumarfría, heldur hafi aðeins verið talað um, að þetta mundi þá og þegar detta yfir. Þetta hafi stefnandi samþykkt. Stefnandi hafi fengið að vita, hvenær hann átti að hætta með stuttum fyrirvara. Það hafi borið þannig til, að Þráinn hafi verið búinn að segja stefnanda, að hann yrði að fara í einhverja aðra vinnu, þar sem hann fengi kaup sitt greitt, því þótt Þráinn greiddi stefnanda kaup, þá kvaðst Þráinn ekkert kaup hafa sjálfur fengið frá áramótum og fram til 12. júlí og þegar Þráni bauðst að fara til sjós sem 1. vélstjóri á togara uppi á Akranesi, þá kvaðst hann ekki hafa haft nema nokkra klukkustunda fyrirvara. Þráinn kvaðst hafa sagt stefnanda á föstudegi, að hann væri að fara út á sjó og fyrirtækinu yrði lokað frá og með þeim degi. Um kvöldið hafi stefnandi komið í smiðjuna til þess að fá kaup sitt greitt og hafi það verið samkomulag þeirra, þar sem stefnandi hafi haft mikið að gera og ekki getað verið í smiðjunni á föstudeginum. Stefnandi hafi vitað, að hann átti ekki að mæta til vinnu á mánudegi. Þá er Þráinn var fyrir dómi, var honum sýndur launamiði árið 1976, sem sýndi, að stefnandi hefði unnið 28 vikur á árinu 1975. Þráinn kvaðst hafa gefið þennan launaseðil út og taldi vikufjöldann réttan. Þráinn taldi ekki ástæðu til að ætla annað en launaseðill, gefinn út í janúar 1975, þar sem sjáist, að stefnandi hafi unnið 36 vikur árið 1974, væri réttur.

Haraldur Haraldsson, fyrrverandi hluthafi í stefnda, var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá Haraldi,

að hann hefði ekki ráðið stefnanda til starfa fyrir stefnda og jafnframt að honum væri ókunnugt um, upp á hvaða kjör stefnandi var ráðinn. Haraldur kvaðst hafa verið því hlynntur, að stefnandi var ráðinn, en það hafi verið Þráinn Sigtryggsson, sem stakk upp á því. Haraldur kvaðst hafa hætt verkstjórastörfum hjá stefnda fljótlega upp úr áramótunum 1974—1975. Haraldur kvaðst ekki vita, hvenær ákveðið var að segja stefnanda upp störfum. Ekki hafi verið borið undir Harald, hvenær loka skyldi fyrirtækinu. Haraldur sagði, að það hlyti að vera, að Þráinn hafi látið sig vita, þegar hann fór út á sjó, en Haraldur kvaðst ekki hafa verið viss um það, að fyrirtækið ætti að vera lokað. Haraldur kvaðst muna eftir, að stefnandi hefði hringt í sig út af beltum, sem áttu að fara til Kanada, og hafi þeir hjálpast að að pakka þessu inn, og kvaðst Haraldur hafa beðið stefnanda um að reyna að fá Þorstein Björnsson til þess að reyna að koma þessu í toll. Fram kom hjá Haraldi, að stefnandi hefði ekkert rætt við hann um það, hvort fyrirtækið ætti að vera lokað. Haraldur minntist þess ekki, að talað hefði verið við sig um að segja stefnanda upp og ekki heldur um það, að fyrirtækinu yrði lokað.

Þorsteinn Hörður Björnsson, stjórnarformaður stefnda, var yfirheyrður fyrir dómi vegna þessa máls. Þorsteinn sagði, að stefnandi hefði verið ráðinn til fyrirtækisins á vegum Haralds. Ákveðið hafi verið að loka fyrirtækinu, á meðan Þráinn færi til sjós, og hafi átt að loka, þegar Þráinn væri tilbúinn að fara á sjóinn. Þorsteinn reiknaði með því, að stefnanda hefði verið tilkynnt þessi ákvörðun, en sagði, að sér væri ekki kunnugt um annað en sér væri sagt. En sér hafi verið sagt, að stefnandi og Þráinn hefðu komið sér saman um það, að stefnandi færi í frí um leið og Þráinn. Aðspurður kvaðst Þorsteinn reikna með því, að lokunin hefði átt að vera eins og sumarfrí. Þorsteinn kvaðst ekkert samband hafa haft við stefnanda, fyrr en hann kom þarna inn eftir, eftir að Þráinn var farinn á sjóinn. Þorsteinn kvaðst hafa sótt vörur í pakkhús og pakkað niður, að vísu hafi þeir stefnandi og Haraldur gripið eitthvað inn í. Stefnandi hafi talað við sig um fyrirtækið og talað um, að stefnandi væri eiginlega að gera það fyrir fyrirtækið að halda því opnu, á meðan Þráinn væri í burtu, en hafi sagst geta haft það mikið betra í sínum skúr. Þorsteinn hafi spurt hann að því, hvort Þráinn hefði ekki gengið frá því, að þessu yrði lokað, á meðan hann var í burtu. Stefnandi hafi sagt, að Þráinn hafi farið án þess að geta þess, hann hafi horfið. Þorsteinn hafi spurt stefnanda að því, hvort það væri ekki hagur

beggja að loka þessu, á meðan Þráinn væri í burtu, og hafi stefnandi tekið því alveg sem sjálfsögðum hlut, en sagst vera með bílinn sinn inni og þyrfti að hafa hann þarna einhvern tíma, og sagðist Þorsteinn hafa sagt, að það væri allt í lagi. Aðspurður sagði Þorsteinn, að það gæti passað, að það hafi verið 21. júlí sem hann ræddi við stefnanda um, að hann felldi niður störf fyrir stefnanda.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnandi hafi ráðist fastur starfsmaður til stefnda, sem hafi rekið verkstæði að Súðarvogi 44 hér í borg, í mars eða apríl 1974. Kaup hans í júlí 1976 (mun eiga að vera í júlí 1975) hafi verið komið upp í kr. 433.50 á klst. Eftirvinna hafi verið greidd með 40% álagi og hafi verið kr. 607.00 á klst. Tímafjöldi sé byggður á dagbók, sem stefnandi hafi haldið, og þar komi fram, fyrir hverja var unnið dag hvern. Með því að stefnandi hafi verið fastur starfsmaður stefnda meira en eitt ár, er honum var sagt upp starfi fyrirvaralaust hinn 21. júlí sl. (mun eiga vera 21. júlí 1975), eigi hann rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti, þar eð ástæða til uppsagnarinnar hafi verið sú, að ákveðið hafi verið að hætta rekstri fyrirtækisins. Réttur til uppsagnarfrests sé byggður á ákvæðum 1. gr. laga nr. 16 frá 1958 um rétt verkafólks til uppsagnar frá störfum, enda hafi stefnandi ekki fengið aðra vinnu, meðan uppsagnarfresturinn var að líða. Kaup það, sem stefnandi fari fram á, sé hið sama og hann hafi fengið greitt síðast, þegar hann tók við kaupi.

Mál út af hinni umdeildu kröfu hafi verið höfðað með stefnu, útgefinni 3. desember 1975, og þingfest hér fyrir dómi 9. s. m. Vegna formgalla hafi málið verið hafið hinn 29. september 1976 og ný stefna gefin út samtímis.

Við munnlegan málflutning var fallið frá kröfu um laun fyrir 11. júlí 1975, en eins og fram komi á dskj. nr. 6, þá hafi þau laun verið greidd.

Fram sé komið, að stefnandi hafi unnið fyrir stefnda 36 vikur á árinu 1974 og 28 vikur á árinu 1975, með því sé fullnægt skilyrðum 1. gr. laga nr. 16/1958.

Sýknukrafa stefnda er rökstudd með eftirfarandi:

1. Stefnandi hafi verið ráðinn til starfa með sérstökum starfskjörum, svo sem í sambandi við greiðslu í fjarvistum. Stefndi hafi undanskilið sig greiðslu launa í fjarvistum, þar sem talið var af hálfu stefnda, að stefnandi væri óreglusamur. Hafi því almennar reglur ekki gilt um starfskjör stefnanda hjá stefnda.

2. Hinn 23. júní 1975 hafi orðið samkomulag milli stefnda og stefnanda um, að stefnandi hætti störfum frá og með 12. júlí 1975, enda hafi stefnandi þá sjálfur verið byrjaður eigin atvinnurekstur. Hafi stefnandi einkum af þeim sökum fengið frí í 65 klst. frá vinnu frá 1. maí 1975 til 11. júlí 1975. Ef stefndi hefði vitað um ágreining um uppsögn hinn 23. júní 1975, hefði stefnandi ekki getað mótmælt því, að hann byrjaði að taka sumarfrí frá og með 12. júlí 1975, ef stefndi hefði óskað þess, sem hann hefði gert.

3. Því er mótmælt, að ákvæði laga nr. 16 frá 1958, 1. gr., eigi við um lögskipti aðilja þessa máls að því er varðar uppsagnarfrest, þar sem gert sé ráð fyrir, að launþeginn hafi unnið 1800 stundir hjá vinnukaupanda síðasta árið, sem hann starfar. Af hálfu stefnda sé talið, að stefnandi hafi ekki unnið fullar 1800 stundir hjá stefnda frá 12. júlí 1974 til og með 11. júlí 1975. Þá er einnig talið, að stefnandi hafi ekki unnið nema 145.5 klst. frá 12. júní 1975 til og með 11. júlí 1975. Stefnandi hafi að vísu fengið greiddar 153.5 klst. vegna greiðslu fyrir 17. júní 1975. Sé því ljóst, að ákvæði laga nr. 16 frá 1958, 1. gr., eigi hér ekki við.

Í því tilviki, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda laun vegna meintrar vinnu hans eða laun á uppsagnarfresti, er þess krafist, að til skuldajafnaðar á móti þeirri kröfu komi reikningur lögmanns stefnda til stefnda, dags. 11. nóvember 1976, að fjárhæð kr. 18.667.00 vegna lögmannsstarfa fyrir varnaraðilja að bæjarþingsmálinu nr. 7528/1975, sem hafi verið milli sömu aðilja út af sömu tilvikum. Það mál hafi lögmaður stefnanda viljað hefja, lögmaður stefnda hafi fallist á það með þeim áskilnaði, að hann gæti gert kröfu síðar út af málskostnaði, ef til málshöfðunar kæmi út af sömu tilvikum. Sé ljóst, að stefnandi hafi borið alla ábyrgð á höfðun og hafningu bæjarþingsmáls nr. 7528/1975 og því tjóni og kostnaði, sem hann kunni að valda öðrum við slíkri tilefnislausri málshöfðun, sem svo hafi reynst vera að hans mati. Beri honum, sé önnur skilyrði til staðar, sem talið sé af hálfu stefnda, að greiða eðlilegan kostnað af slíkri tilefnislausri málshöfðun, sem reikningur sé gerður fyrir, sbr. dskj. nr. 11. Sé því gerð skuldajafnarðarkrafa í málinu að fjárhæð kr. 18.667.00.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram, að 1. gr. laga nr. 16 frá 1958 ætti ekki við um mál þetta, m. a. vegna þess að stefnandi hafi ekki unnið nema 45 klst. síðasta mánuðinn, sbr. dskj. nr. 12, sem sýni fjarvistir stefnanda. Krafa um kr. 69.793.00 á uppsagnarfresti sé ekki réttmæt, þar sem vinnusamband aðilja

hafi ekki verið venjulegt vinnusamband í skilningi laga nr. 16 frá 1958. Stefnanda hafi aldrei verið sagt upp, það hafi hann sjálfur viðurkennt. Uppsögn hafi ekki verið í samræmi laga nr. 16 frá 1958, þ. e. skrifleg og miðuð við mánaðamót. Af því, sem hér hefur verið rakið, eigi ekki að greiða stefnanda laun á uppsagnarfresti. Kröfu um laun fyrir tímabilið 12. júlí til 21. s. m. er mótmælt, þar sem stefnandi hafi ekki unnið fyrir stefnda á tímabilinu, a. m. k. hafi sú vinna ekki nýst stefnda.

IV.

Álit dómsins.

Viðurkennt er af hálfu stefnda, að stefnandi hafi hafið störf fyrir stefnda í apríl 1974. Það þykir fram komið, að stefnandi hafi verið á vinnustað stefnda fram til 21. júlí 1975. Gegn fullyrðingum stefnanda er ósannað, að stefnanda hafi verið tilkynnt, að hann ætti ekki að mæta til vinnu 14. júlí 1975, og ber því að taka til greina kröfu stefnanda um laun fyrir þann tíma, sem hann var á vinnustað, þ. e. fyrir tímabilið 14. júlí 1975 til 21. s. m.

Viðurkennt er af stefnda, að stefnandi hafi unnið hjá stefnda samfleytt í 64 vikur, og fer því um kjör stefnanda skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 16 frá 1958, enda hefur stefndi ekki sannað, að stefnandi hafi unnið skemur en 1800 klukkustundir á síðustu 12 mánuðum starfstíma stefnanda hjá stefnda. Þeirri varnarástæðu stefnda, að stefnanda hafi aldrei verið sagt upp, var ekki hreyft fyrr en við munnlegan málflutning. Telja verður, að stefnanda hafi verið rétt að skilja ræðu stjórnarformanns stefnda sem uppsögn, enda er ekkert fram komið um, að stefnanda hafi verið tilkynnt, hvenær rekstur fyrirtækis stefnda skyldi hefjast að nýju, eða honum boðið starf. Þessi skilningur styðst og við fullyrðingar í greinargerð stefnda, að 23. júní 1975 hafi orðið samkomulag á milli stefnanda og stefnda um, að stefnandi hætti störfum frá og með 12. júlí 1975. Ekki verður á þá skoðun stefnda fallist, að það, að uppsögn stefnda til stefnanda hafi ekki verið í samræmi við 4. mgr. 1. gr. laga nr. 16 frá 1958, leysi stefnda undan skyldu til greiðslu launa á uppsagnarfresti. Ber því að taka kröfu stefnanda um laun á uppsagnarfresti í 1 mánuð til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina, enda hafa þær ekki verið tölulega vefengdar. Vextir ákveðast 13% ársvextir.

Þegar litið er til höfðunar málsins nr. 7528/1975, þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 45.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Stálvinnslan h/f, greiði stefnanda, Andrési Haraldssyni, kr. 90.211 með 13% ársvöxtum frá 1. sept. 1975 til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. apríl 1980.

Nr. 176/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari).
gegn
Una Þóri Péturssyni
(Örn Clausen hrl.).

Fiskveiðibrot. Lögskráning sjómanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal greinargerð Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, dags. 24. janúar sl., svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra ríkissaksóknari, hef ég yfirfarið málsskjöl og útsetningu landhelgisgæslumanna í sakadómsmálinu nr. 164/11978: Ákæruvaldið gegn Una Þóri Péturssyni, skipstjóra á m/b Faldi, VE 138. Ennfremur hef ég sett út uppgefna stefnu skipstjórans á siglingaleið út fyrir 12 sjómílna fiskveiðimörkin í umrætt skipti og siglingu til baka að netasvæðinu á Skagafirði samkv. framburði skip-

stjórans. Einnig athugað möguleika á þeirri siglingu fram og til baka ásamt togi miðað við tíma, er ákærði hefur til þeirrar siglingar og veiða

a) samkvæmt eigin framburði

b) samkvæmt framburðum skipverja.

Í sjókort nr. 51 hef ég dregið 12 sjóm. fiskveiðimörkin fyrir umrætt svæði. Einnig staðsetningu varðskipsmanna á bátnum kl. 0720 h. 05.09.78, staður A, í línu milli Bæjarkletta og Hegraness, fjarlægð 6 sjóm. frá Bæjarklettum. Nokkurrar ónákvæmni má gera ráð fyrir í þessari staðarákvörðun að því er fjarlægðina snertir, þar sem hún er ágiskuð, en ekki verður séð, að sú ónákvæmni hafi nein úrslitaáhrif í máli þessu.

a) Möguleikar ákærða til siglingar á uppgefinni stefnu N3/4A frá Hofsósi út að 12 sjóm. fiskveiðimörkunum, veiðum fyrir utan þá línu og siglingu til baka að netasvæðinu á Skagafirði samkv. framburði hans.

Skipstjórinn gefur upp stefnu N3/4A frá Hofsósi út á svæði fyrir utan 12 sjóm. fiskveiðimörkin. Ég geri ráð fyrir, að hér sé átt við stefnu eftir kompás, þar sem hún er gefin í strikum. Þar sem ekki er getið um neina skekkju á kompásnum á þessari stefnu, hef ég sett hana út sem segulstefnu (eftir segulrós í kortinu). Ekki hefur skipstjórinn getað stýrt þessa stefnu strax frá Hofsósi, þar sem hún mundi liggja yfir land, og því hef ég dregið upp siglinguna, eins og mér finnst hún eðlilegust miðað við segulstefnu N3/4A frá Þórðarhöfða.

Vegalengd frá Hofsósi út að fiskveiðimörkunum miðað við þessa leið mælist 29,3 sjóm. Með 10 sjóm. hraða, en það er sá hraði, sem skipstjórinn gefur upp, ætti sú sigling að taka 2 klst. 56 mín. Skipstjórinn segist hafa farið frá Hofsósi kl. 2230—2300 h. 4/9 '78. Samkvæmt því hefði hann getað verið við fiskveiðimörkin kl. 0126—0156 h. 5/9. Hann segist hafa ræst áhöfnina kl. 0200 og kl. 0300 verið búinn að hífa allt aftur og sett á „stím" inn fjörðinn, komið að netabauju um 7 leytið og byrjað að draga. Áður hafði skipstjórinn borið, að byrjað hafi verið að draga kl. 6.30. Vegalengd frá fiskveiðimörkunum miðað við beina línu að stað A mælist 32,2

sjóm. Ekki er tekið fram, hvernig hafi verið togað né hvað hafi verið stýrt til baka, og hef ég dregið stefnuna til A, frá sama punkti og stefnan N3/4A sker fiskveiðimörkin í. Með 10 sjóm. hraða ætti sú sigling að taka 3 klst. 13 mín. Samkvæmt því hefði báturinn átt að geta verið við stað A um kl. 0613 h. 5/9.

Miðað við framburð skipstjórans hefði því verið möguleiki á siglingu bátsins frá Hofsósi út fyrir fiskveiðimörkin, togi þar og siglingu til baka að netasvæðinu. Hér virðist þó eingöngu treyst á stefnu og hraða bátsins til ákvörðunar á togsvæðinu, en engar staðarákvarðanir gerðar til að fá vissu um, að togsvæðið væri fyrir utan fiskveiðimörkin, þó radar væri í gangi á „stíminu". Uppgefið dýpi segir ekkert til um það. 80—100 faðma dýpi, sem samsvarar 146—183 metrum, fyrirfinnast bæði fyrir utan og innan 12 sjóm. fiskveiðimörkin á þessu svæði.

b) Sömu möguleikar og segir í a) samkvæmt framburði skipverja.

Það, sem einkum ber á milli í framburði skipstjórans og skipverja, er brottfarartíminn, hraði bátsins, að nokkru leyti veiðitíminn og hvenær byrjað var að draga netin miðað við seinni framburð skipstjórans.

Brottfarartímann telja skipverjarnir fjórir hafa verið um eða nálægt miðnætti. Einn þeirra álítur, að báturinn gangi 8—9 sjóm. á klst., en um það atriði er ekkert í framburði hinna. Tveir skipverjar telja, að byrjað hafi verið að draga netin um kl. 6, einn (stýrimaðurinn) um kl. 6.30 og einn milli kl. 6 og 7. Einn skipverja giskar á, að togið hafi getað tekið 1/2 klst., varla meir, og hálftíma tekið að hífa vörpuna. Annar álítur, að varpan hafi verið dregin 1/2—3/4 klst, og stýrimaðurinn álítur, að varpan hafi verið 3/4 klst. í botni. Hvorugur þeirra getur um, hve langan tíma hafi tekið að hífa vörpuna, og enginn, hve langan tíma hafi tekið að kasta vörpunni.

Mér finnst ekki ósennilegt, að 10 mín hafi tekið að kasta vörpunni a. m. k. og sé reiknað með því, 1/2 klst. togi og

að 1/2 klst. hafi tekið að hífa vörpuna, verður veiðitíminn 1 klst. 10 mín. Miðað við sömu vegalengd og áður er reiknað með og 9 sjóm. hraða á klst. hefði sigling út að fiskveiðimörkunum átt að taka 3 klst. 15 mín. og sigling þaðan að stað A 3 klst. 35 mín. Samtals hefði þá sigling ásamt veiðitíma átt að taka um 8 klst. 00 mín. Miðað við brottför um miðnætti hefði báturinn átt að geta verið við stað A um kl. 0800 h 5/9.

Samkvæmt framburðum skipverja álít ég því ekki möguleika á siglingu bátsins frá Hofsósi út fyrir fiskveiðimörkin, togi þar og siglingu til baka að netasvæðinu á þeim tíma, sem þar um ræðir.

Þá kveðst stýrimaðurinn hafa séð ljósin í Hofsósi, þegar þeir héldu af stað eftir „holið" og meðan aðgerðin stóð yfir, og annar skipverji telur sig hafa séð ljós í landi, þegar hann kom upp á þiljur. Tel ég ekki möguleika á því, að ljós í Hofsósi hafi sést frá 12 sjóm. fiskveiðimörkunum né ljós á öðrum stöðum í landi nema þá vitaljós.

Skipstjórinn telur, að netin hafi verið 2 sjóm. norðar en staður A. Sá mismunur mundi stytta siglinguna um 13 mín. og komutíminn að netasvæðinu verða samkvæmt því og framburðum skipverja um kl. 0747.

Eins og fram kemur í málsskjölunum, var leitað álits Tryggva Gunnarssonar, skipaeftirlitsmanns í Vestmannaeyjum, sem kveðst þekkja þetta skip vel, og sagði hann, að venjulegur ganghraði Falds væri 9 sjóm. á klst., en mesta hraða, sem unnt væri að ná, kvað hann vera 9½ sjóm. á klst. Með því að reikna með 9,5 sjóm. hraða, brottfarartíma um miðnætti og 1 klst. 10 mín. í útslökun, tog og hífingu hefði báturinn átt að geta verið við stað A um kl. 0738 h. 5/9".

Af gögnum máls, framburðum skipherra og stýrimanns varðskipsins, framburðum skipverja á vélbátnum Faldi, VE 138, og greinargerð Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, þykja fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpu-

veiðum á greindum báti á þeim stað og tíma, er í ákæru getur, en ákærði viðurkennir að hafa „kastað einu „holi“ í umrætt sinn, en ekki í landhelgi“.

Með framburðum ákærða og áhafnar vélbátsins er sannað, að hann hefur látið undir höfuð leggjast að lögskrá skipverja bátsins, svo sem honum er gefið að sök í ákæruskjali. Ekki er ákært út af því, að þeir, er gegndu störfum stýrimanns og vélstjóra á bátnum, höfðu eigi réttindi til að rækja þessi störf. Kemur þetta því eigi til álita í máli þessu.

Framangreind brot ákærða eru réttilega heimfærð til lagaákvæða í ákæruskjali.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 16. apríl 1980, segir svo: „Samkvæmt gullgildi í dag jafngilda 100 gullkrónur 24.004,89 krónum — tuttuguogfjögurþúsundogfjórar 89/100 —“.

Samkvæmt refsiákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, og 77. gr. almennra hegningarlaga svo og með hliðsjón af stærð vélbátsins Falds, VE 138, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2.400.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 4 mánaða varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku á botnvörpu og dragstrengjum vélbátsins ber að staðfesta, svo sem krafist er af hálfu ákæruvalds, svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 200.000 krónur.

Eftir að vörn hafði verið flutt í héraði og málið þar dómtekið, aflaði dómsformaður símleiðis upplýsinga um ganghraða vélbátsins Falds og hjá Tilkynningarskyldu íslenskra skipa upplýsinga um, hverjar ferðir bátsins hefðu verið tilkynntar þangað, eins og nánar greinir í héraðsdómi. Upplýsingar þessar voru hvorki kynntar ákærða né skipuðum verjanda hans. Er það andstætt ákvæðum 121. gr. laga nr. 74/1974 og aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Ákærði, Uni Þórir Pétursson, greiði 2.400.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 4 mánuði í stað sektar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku botnvörpu og dragstrengja svo og ákvæði hans um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Skagafjarðarsýslu 12. september 1978.

Ár 1978, þriðjudaginn 12. september, var í sakadómi Skagafjarðarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 á Sauðárkróki af Jóhanni Salberg Guðmundssyni sýslumanni og meðdómsmönnunum Jóni R. Jósafatssyni skipstjóra og Sveini Nikódemussyni vélstjóra, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 164/1978: Ákæruvaldið gegn Una Þóri Péturssyni.

Mál þetta, sem var tekið til dóms 11. þ. m., er höfðað skv. ákæru ríkissaksóknara, dags. 6. þ. m., gegn Una Þóri Péturssyni, fæddum 19. mars 1942 í Hofsósi, til heimilis að Hlíð í Hofsósi, skipstjóra á vélskipinu Faldi, VE 138, „fyrir fiskveiðabrot með því aðfaranótt þriðjudagsins 5. september 1978 að vera á botnvörpuveiðum á bátnum, sem er 46 brúttórúmlestir og 18.33 metrar að lengd, á Skagafirði, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar.

Ennfremur fyrir að hafa haldið bátnum úti til þorskneta- og togveiða með fjórum skipverjum frá 8. ágúst 1978 án þess að lögskrá þá á bátinn.

Brot ákærða teljast varða við 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr. A l laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948 og lög um breyting á þeim lögum nr. 45/1974. Ennfremur við 15. gr., sbr. 4. og 6. gr., sbr. 25. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 63/1961, sbr. lög nr. 71/1962.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 og 25. gr. laga nr. 63/1961, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 upptöku á veiðarfærum bátsins, þar með töldum dragstrengjum, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þeir, sem hér á eftir greinir:

Þriðjudaginn 5. þ. m. var varðskipið Árvakur á eftirlitsferð og lét reka undan Straumnesi austan Skagafjarðar. Skipherra á varðskipinu var Friðgeir Olgeirsson, fæddur 3. okt. 1936 í Reykjavík, til heimilis að Blómvangi 6, Hafnarfirði. Þar sem grunur skipherra beindist þá að ákærða um ólöglegar togveiðar á m/s Faldi, VE 138, á Skagafirði, hafði skipherrann afskipti af ákærða og téðu skipi hans, og segir um þau á þessa leið í skýrslu skipherrans, dags. 5. þ. m.: „Hinn 5. september 1978 var m/b FALDUR, VE 138, skipstjóri Uni Pétursson, til heimilis Hlíð, Hofsósi, grunaður um meintar ólöglegar togveiðar á Skagafirði og að vera með ólöglega merkt þorskanet í sjó.

Þriðjudaginn 5. september lét varðskipið reka undan Straumnesi, austan Skagafjarðar.

Kl. 0608 fóru 2. stýrimaður, bátsmaður og háseti á gúmmíbáti til gæslustarfa á Skagafirði. Hélt báturinn inn undir Bæ, sem er skammt sunnan Höfðavatns. Þar fóru bátsverjar í land og svipuðust um eftir ferðum báta á firðinum.

Um kl. 0720 varð vart við bát, sem bar í Hegranes, frá Bæjarklettum séð, í á að giska 6 sml. fjarlægð. Var báturinn á lítilli ferð með NA-læga stefnu. Hélt báturinn með þessa stefnu í um það bil 10 mínútur, en beygði þá rólega til b.b. á gagnstæða stefnu. Hélt hann þeirri stefnu í um það bil 15—20 mínútur, en beygði þá til stb. á NA- læga stefnu. Ákváðu bátsverjar þá að halda til bátsins til að athuga hann nánar.

Um kl. 0755 var haldið á gúmmíbátnum úr Bæjarvör. Var haldið S með landinu að stað rétt S við Hofsós og þaðan tekin stefna á bátinn, og bar hann í miðjan Sauðárkróksbæ.

Um kl. 0825 var komið að bátnum, og reyndist það vera m/b FALDUR, VE 138. Var farið um borð í hann, og var hann þá að draga þorskanet. Við athugun kom eftirfarandi í ljós um borð í bátnum: Botnvarpa lá á þilfari aftan við stýrishús. Var hún blaut, og við nánari athugun fundust marglyttur í henni. Hleraskór voru fægðir svo og gálgablakkir. Dragstrengir voru fægðir á tromlum. Á hástokk í skut bátsins var blautur botngróður. Botnvarpan var

„undirslegin", þ. e. dragstrengir dregnir í blakkir og lásaðir í vörpuna.

Aðspurður sagði skipstjórinn, að varpan hefði fylgt bátnum, þegar hann hefði tekið hann á leigu, og legið, þar sem hún var síðan.

Við athugun á þorskanetstrossu, sem báturinn var að draga, kom eftirfarandi í ljós:

Belgir voru merktir BA-28 og netadrekar með sömu merkingu. Aðspurður kvaðst skipstjórinn vera með sex trossur í sjó, og voru þær ýmist merktar BA-28 eða SK-37.

Að athugun lokinni um borð í VE 138 hafði 2. stýrimaður samband við varðskipið, og var honum þá tjáð, að varðskipið mundi halda á staðinn, og var honum sagt að halda til móts við þá á gúmmíbátnum til að gefa nánari skýrslu.

Kl. 0843 hélt varðskipið af stað til Skagafjarðar.

Um kl. 1012 komu varðskipsmenn svo um borð í varðskipið, þegar það var statt við Málmey.

Hélt varðskipið síðan til Sauðárkróks, en á þeirri leið varð ekki vart við bátinn, sem mun hafa verið kominn til Hofsóss.

Veður: S-3, heiðskýrt. Sjór: 1".

Þessa skýrslu sína hefur skipherrann staðfest fyrir dómi. Þá hefur skipherrann einnig lagt fram í dóminum og staðfest úrklippu úr sjókorti nr. 51 með útsettum stað m/s Falds, VE 138, er varðskipsmenn komu að skipinu og tóku það.

Tryggvi Bjarnason, 2. stýrimaður á varðskipinu, fæddur 7. maí 1948 að Ytri Varðgjá í Eyjafirði, til heimilis að Furugrund 58, Kópavogi, hefur komið fyrir dóm og lýst skýrslu skipherrans vera rétta og einnig lýst útsettan stað m/s Falds vera rétt greindan á sjókortsúrklippunni. Stýrimaður hefur skýrt svo frá, að þegar hann kom um borð í m/s Fald, VE 138, hafi varpan legið ofan á landfestatrossu, sem dregin er í bakborðskefa að aftan yfir hástokk, og að í vörpunni, sem lá blaut í haug, hafi verið óstorknaðar marglyttur. Úrkomulaust var þessa nótt og um morguninn, þegar athugunin, sem skipverjar hans fylgdust með, fór fram. Þegar stýrimaður spurði ákærða um marglyttur í vörpu og botngróður í hástokk Falds, gaf ákærði ófullnægjandi skýringar á þessu. Eftir að stýrimaður hafði átt tal við ákærða og skoðað vörpuna um borð í Faldi, skoðaði hann aftur skóna á hlerunum, sem voru þá fægðir. Enn fremur sá stýrimaður blautan leir á hleraskónum. Um kl. 20 þriðjudaginn 5. þ. m. var stýrimaður

staddur í Hofsósi til nánari vettvangskönnunar varðandi m/s Fald, og kom þá í ljós, að fægt far var eftir víra utan á báðum gálgum, sem eru í blakkarhæð. Landfestartrossan, sem um getur í skýrslu skipherrans, var þá notuð sem landfestar m/s Falds við bryggjuna. Hlerar og botnvarpa höfðu verið tekin upp á bryggjuna, og við athugun kom í ljós, að „brakket" var fægt, og þegar stýrimaður strauk hendi eftir því, varð gljáfægður flötur eftir. Einnig kom í ljós, að hlerar höfðu greinilega verið þvegnir, og var allur leir af þeim horfinn. Á bryggjunni lá gljáfægður vír með áfastri keðju, sem einnig var fægð. Keðju þessa kveður stýrimaður sig og menn sína hafa séð fyrr um daginn á bakborðstromlu um borð í Faldi. Í ljós kom, að fót- og gálgarúllur voru nýsmurðar, og bendir það til þess, að þær hafi nýlega verið í notkun, að dómi stýrimanns. Belgir, drekar og baujur, sem voru á bryggjunni og tilheyrðu m/s Faldi VE 138, voru ýmist merkt BA-28 eða SK-37. Ákærði lýsti yfir því við stýrimann, að hann hefði þá verið með m/s Fald 3 vikur til mánuð. Þá hefur stýrimaður skýrt frá því, að hann hafi verið á vakt á varðskipinu, frá því er það fór frá Siglufirði kl. 0305 þriðjudaginn 5. þ. m. og allt þar til er skipið var stöðvað um 2 sjómílur norður af Straumnesi og síðan áfram á vakt til kl. 0600 sama dag og að ratsjá varðskipsins hafi allan þenna tíma verið stanslaust í gangi. Stýrimaður staðhæfir, að á áðurgreindu vakttímabili hafi ekkert endurvarp frá skipi sést í 10 sjómílna radius frá varðskipinu.

Vitnið Steinþór Viðar Sigurbjörnsson, fæddur 18. des. 1956 í Grafargerði í Skagafjarðarsýslu, til heimilis að Arnarstöðum í Sléttuhlíð í Skagafjarðarsýslu, hefur verið vélstjóri á m/s Faldi, VE 138, frá 8. ágúst sl., er skipshöfnin tók skipið á leigu í Vestmannaeyjum. Síðan kveður vitnið hafa verið stundaðar þorskveiðar í net á skipinu á Skagafirði. Segir vitnið botnvörpu hafa fylgt með í leigu skipsins og sé hún eign leigusalans. Vitnið kveður síðustu veiðiferð skipsins hafa byrjað um miðnætti 4. þ. m. Vitnið kveðst hafa farið um borð fyrr um þetta kvöld og sofnað ásamt öðrum skipverjum, sem þá voru komnir um borð, nema hvað ákærði mun hafa komið síðar til skips. Síðan kveðst vitnið hafa sett vél skipsins í gang og hafi verið haldið úr höfn í Hofsósi um miðnætti, eins og áður greinir. Segir vitnið ákærða hafa einan verið uppi á útleið, en aðra skipverja hafa þá sofið. Eftir einhvern tíma, sem vitnið kveðst eigi gera sér grein fyrir, hvenær var, vakti ákærði skipverja, og þegar allir voru komnir á þiljur, var botnvörpu kastað. Segir vitnið, að eitt „hol" hafi verið tekið, og

giskar vitnið á, að það hafi tekið um hálfa klukkustund. Vitnið ætlar, að í vörpuna muni hafa fengist um 600 kg af fiski. Vitnið kveðst eigi geta gert sér grein fyrir, hvar skipið var statt, þegar botnvörpuveiðar þessar fóru fram, en kveðst hafa séð ljós í landi á bakborða, þegar það kom upp á þiljur. Eftir botnvörpuveiðarnar kveðst vitnið hafa farið að sofa. Vitnið giskar á, að það muni hafa tekið um hálftíma að draga upp vörpuna. Vitnið vann þá við aðra tromluna, en stýrimaðurinn við hina. Vitnið giskar á, að um 3 klst. hafi liðið, frá því er lokið var að draga vörpuna, uns byrjað var að draga netin. Vitnið kveður veiðar með botnvörpu hafa verið stundaðar fleiri sinnum á m/s Faldi, gæti hafa verið alls fimm sinnum, eftir að skipið fór á veiðar í ágúst sl. Vitnið kveðst eigi hafa undirritað neinn ráðningarsamning, þegar það fór á m/s Fald, og því eigi lögskráð á skipið.

Vitnið Þorbjörn Svanur Jónsson, fæddur 23. jan. 1958 í Reykjavík, til heimilis í Glæsibæ í Sléttuhlíð í Skagafjarðarsýslu, hefur verið háseti á m/s Faldi, VE 138, eftir að skipverjar tóku skipið á leigu 8. f. m. Vitnið kveðst hafa farið með Steinþóri vélstjóra utan úr Sléttuhlíð til Hofsóss mánudaginn 4. þ. m. og komið um borð í m/s Fald um kl. 22—2230. Segir vitnið, að Finnur háseti hafi þá verið genginn til rekkju um borð og e. t. v. líka Guðmundur stýrimaður. Segir vitnið, að þeir hafi farið brátt að sofa. Vitnið segir þá skipverja hafa vaknað, þegar vélin var sett í gang, og skipið síðan látið úr höfn nálægt miðnætti. Segir vitnið, að eftir þetta hafi ákærði einn verið uppi og staðið við stýrið. Er farið hafði verið eitthvað um það bil 2—2½ klst., voru allir skipverjar kallaðir á þiljur. Þá heyrði vitnið ákærða tala um, að þeir væru staddir í „Dýpi", sem hann svo nefndi, og taldi vitnið, að með því ætti ákærði við Skagafjarðardýpi. Botnvörpunni var síðan kastað, og ætlar vitnið, að hún hafi verið dregin ½—¾ klst., áður en hún var innbyrt. Segir vitnið, að um 200—250 faðmar af vír hafi verið gefnir út, þegar togað var. Vitnið segir, að í vörpuna hafi fengist 600—700 kg af fiski. Enn fremur segir vitnið, að engin siglingaljós hafi verið uppi né heldur vinnuljós á þiljum, þegar veitt var í vörpuna, og hafi sá háttur verið á hafður þau 4—5 skipti, sem veitt var með botnvörpu á m/s Faldi í sumar frá ágústbyrjun sl. Vitnið segir, að þegar vörpunni hafi verið kastað, hafi allir skipverjar nema ákærði farið fram í lúkar að drekka kaffi. Þá segir vitnið, að klukkan hafi verið um 3 um nóttina og myrkur. Eftir botnvörpuveiðarnar fóru skipverjar nema ákærði í aðgerð aflans. Síðan fóru þeir að sofa, en ákærði var einn við stýri

eftir það. Um kl. 6 um morguninn vakti ákærði skipverja, og var þá farið að netum, sem lágu út af Hofsósi, og dregnar 3 trossur af 6. Vitnið álítur, að m/s Faldur, VE 138, gangi að jafnaði 8—9 sjómílur á klst. Vitnið segir, að Steinþór vélstjóri hafi skolað af veiðarfærum eftir beiðni ákærða, eftir að komið var að bryggju í Hofsósi, en vitnið skolaði skut skipsins aftan við stýrishús.

Loks hefur vitnið upplýst, að engin skráning hafi farið fram á skipshöfn m/s Falds, áður en veiðar hófust í ágúst sl.

Vitnið Guðmundur Hólm Svavarsson, fæddur 17. sept. 1956 í Siglufirði, til heimilis að Vogum, Hofsósi, hefur verið stýrimaður á m/s Faldi, VE 138, síðan skipið var tekið á leigu í ágúst sl. Vitnið kveðst vita til þess, að 5 sinnum hafi verið veitt með botnvörpu á Faldi, eftir að skipið var tekið á leigu í ágúst sl., og hafi það verið í fimmta sinn, sem veitt var með botnvörpu 5 þ. m. Vitnið, sem kom um borð í m/s Fald um kl. 22 mánudagskvöldið 4. þ. m., giskar á, að skipið hafi lagt af stað frá Hofsósi um miðnætti. Þegar kastað var vörpunni, voru allir kallaðir upp, og eftir að varpan var komin út, fóru allir nema ákærði að fá sér kaffi, og mun klukkan þá hafa verið um 4 morguninn 5. þ. m., að því er vitnið ætlar. Vitnið segir, að varpan muni hafa verið um 3/4 klst. í botni. Engin siglingaljós voru uppi, meðan varpan var úti, og engin vinnuljós voru höfð á þiljum, þegar varpan var dregin upp, né heldur meðan gert var að aflanum, enda farið að skíma. Vitnið telur aflann, sem fékkst í vörpuna, hafa verið um 400—500 kg af þorski af meðalstærð og hafi fáeinar smálúður verið innan um. Síðan segir vitnið, að haldið hafi verið að netunum og byrjað að draga þau um kl. 0630. Vitnið segir, að þegar veitt var með botnvörpu á Faldi, hafi í hvert sinn verið tekið eitt „hol", nema einn morguninn tekin tvö „hol", og voru bæði „óklár".

Vitnið segir hafa verið 175 faðma úti af vír, þegar botnvarpan var látin fara síðast, og sé það venja ákærða að gefa út rúmlega tvöfalt miðað við dýpi. Vitnið kveðst hafa séð ljósin í Hofsósi, þegar þeir á Faldi héldu af stað eftir „holið" og meðan aðgerðin stóð yfir. Kveðst vitnið hafa veitt því athygli, að ljósin, sem það sá í Hofsósi, eftir að lagt var af stað af botnvörpustaðnum, hafi borið yfir bakborðskinnung m/s Falds að sjá, þegar vitnið gekk fram hjá lúkarnum, sem er miðskips.

Vitnið Finnur Bernharð Sigurbjörnsson, fæddur 9. sept. 1958 í Hofsósi, til heimilis að Ásbyrgi í Hofsósi, hefur verið matsveinn á m/s Faldi, VE 138, síðan skipið var tekið á leigu í ágúst sl. Vitnið segir það vera satt, að alls hafi á úthaldinu verið stundaðar botn-

vörpuveiðar 5 sinnum á m/s Faldi og hafi það verið í fimmta sinn, sem botnvörpuveiðar fóru fram í síðustu veiðiferð. Giskar vitnið á, að þá hafi fengist 600—700 kg af þorski, millifiski og stórfiski. Vitnið ætlar, að m/s Faldur hafi látið úr höfn í Hofsósi um miðnætti mánudagskvöldið 4. þ. m. Vitnið segir sig og aðra skipverja nema ákærða hafa sofið, meðan haldið var út. Þegar svo ákærði vakti skipverja til þess að kasta vörpunni, telur vitnið, að klukkan hafi verið farin að ganga 4 aðfaranótt 5. þ. m. Vitnið segir engin siglingaljós eða vinnuljós hafa verið uppi, meðan veitt var með botnvörpunni. Vitnið kveðst hafa borið ákærða kaffi, meðan varpan var úti, og leit vitnið þá á dýptarmæli í stýrishúsinu. Minnir vitnið, að mælirinn hafi þá sýnt 90 faðma dýpi. Vitnið kveðst hafa heyrt talað um, að 250 faðmar væru úti af vír, þegar varpan var úti. Vitnið segir, að þegar það kom á þiljur og átti að fara að kasta, hafi vitnið séð ljós af vitanum á Skagatá, þvert á bakborða. Vitnið álítur, að klukkan hafi verið milli 6 og 7, þegar byrjað var að draga netin um morguninn.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi ásamt þeim 4 mönnum öðrum, sem eru skipverjar á m/s Faldi, VE 138, tekið skipið á leigu frá eiganda þess, Kjartani Ívarssyni í Vestmannaeyjum, og muni leigutíminn hafa átt að byrja um mánaðamótin júlí/ágúst sl. Hann hefur viðurkennt, að eigi hafi verið lögskráð á skipið, áður en útgerð þess hófst. Sjálfur kveðst ákærði hafa réttindi til að vera skipstjóri á allt að 120 rúmlesta skipi. Hins vegar segir hann, að Guðmundur Hólm Svavarsson, sem hafi gengt stýrimannsstörfum á skipinu, hafi eigi réttindi til þeirrar stöðu né heldur hafi Steinþór Viðar Sigurbjörnsson, sem hefur verið vélstjóri á skipinu, réttindi til þess starfs. Eigi kveður ákærði heldur hafa verið sótt um undanþágu handa þessum mönnum til þess að mega gegna stöðum sínum á m/s Faldi.

Í þinghaldi 6. þ. m. hefur ákærði algerlega neitað að hafa veitt með botnvörpu á m/s Faldi, VE 138. Hann kveðst hafa sofið heima hjá sér aðfaranótt þriðjudagsins 5. þ. m. til kl. 5, og þann morgun kl. 6 kveðst hann hafa farið á skipinu úr höfn í Hofsósi og þá haldið aðeins inn og vestur af Hofsósi til þess að draga þar þorskanet á svonefndum Grindamiðum, hafi það byrjað kl. 0630 og hafi því verki verið lokið um kl. 10 og hafi hann komið að bryggju í Hofsósi um kl. 1030. Skýrslum skipherra og stýrimanns á varðskipinu og skýrslum skipverja á m/s Faldi, sem allar voru kynntar og lesnar ákærða, hefur hann algerlega vísað á bug sem röngum.

Í þinghaldi 11. þ.m., þegar skipaður verjandi ákærða, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, var staddur á dómþinginu með honum, óskaði ákærði að taka fram eftirfarandi, sem var bókað eftir honum: „Ég viðurkenni að hafa kastað einu „holi" umrætt sinn, en ekki í landhelgi. Það „hol" tók ég utan 12 mílna markanna á 80—100 faðma dýpi. Stefna frá Hofsósi út á þetta svæði er N ¾ A. Við fórum að heiman kl. 2230—23 mánudagskvöldið 4. þ. m. Báturinn mælist ganga 10 mílur miðað við klukkustund. Áhöfnin svaf á útleið. Um kl. 2 ræsti ég áhöfnina, og kl. 3 vorum við búnir að hífa þetta allt aftur. Þá var sett á „stím" inn fjörðinn. Síðan var komið að netabauju um 7 leytið. Þá var farið að draga. Varðskipsmenn komu um borð í Fald kl. 0830. Staðsetningu varðskipsmanna tel ég vera ranga á þeim forsendum, að hún er of innarlega, 2 mílum of innarlega". Þeirri spurningu verjanda síns, hvers vegna ákærði hafi eigi skýrt rétt frá botnvörpuveiðunum, þegar hann var um þær spurður fyrir dómi, svaraði ákærði þannig: „Ég taldi mig ekki hafa næg sönnunargögn um þetta, þar sem ég var einn uppi, bæði á „stími" og togi, og áhöfn sofandi". Þá tók ákærði fram, spurður af verjanda sínum, að hann hefði haft radar í gangi á „stíminu". Enn fremur kvaðst hann hafa orðið var við skip á Hraunakrók.

Af hálfu dómsins var bæjarfógetaembættið í Vestmannaeyjum beðið að afla upplýsinga um ganghraða m/s Falds, VE 138, og hefur Jón Ragnar Þorsteinsson, aðalfulltrúi embættisins, skýrt formanni dómsins frá því, að Tryggvi Gunnarsson, eftirlitsmaður skipa í Vestmannaeyjum, sem telur sig vera vel kunnugan m/s Faldi, VE 138, hafi upplýst, að ganghraði skipsins væri að jafnaði 9 sjómílur á klst., en mesti ganghraði þess, sem unnt væri að ná, væri 9½ sjómíla á klst.

Þá hefur verið leitað upplýsinga um m/s Fald VE 138, hjá „Tilkynningarskyldu íslenskra skipa" á vegum Slysavarnarfélags Íslands, og hefur starfsmaður stofnunarinnar, Guðjón Halldórsson skipstjóri, skýrt dómsformanni frá því, að kl. 1921 þann 7. ágúst sl. hafi verið tilkynnt um brottför skipsins frá Vestmannaeyjum. Síðan hefði verið látið vita um ferð skipsins norður 8. s. m. og kl. 14 þann 9. s. m. hefði verið tilkynnt um komu skipsins til Skagastrandar, en eftir þetta hefðu engar tilkynningar borist um þetta skip.

Samkvæmt sakavottorði, dags. 5. þ. m., hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1960 25/7 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga.

1960 23/10 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 9., sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar nr. 71/1937.

1962 9/11 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 4. gr., sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar Skagafjarðarsýslu.

1963 24/6 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 41. gr. og m lið 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 15. gr., sbr. 17. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957.

1964 17/10 í Skagafjarðarsýlu: Dómur: 20 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. hegningarlaga, 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 1. og 4. gr., sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar Skagafjarðarsýslu. Greiði skaðabætur kr. 12.020.

1965 21/2 í Skagafjarðarsýslu: Dómur: Fangelsi 1 ár, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot á 1. mgr. 194. gr. hegningarlaga. Greiði miskabætur, kr. 35.000.

1967 16/1 Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli: Fangelsi 2 ár fyrir þar greint brot. Greiði miskabætur kr. 50.000.

Af því, sem hér að framan er rakið, er ljóst og fullsannað, að fiskveiðar með botnvörpu hafa farið fram á m/s Faldi, VE 138, þriðjudaginn 5. þ. m., er ákærði var við skipstjórn á skipinu. Ákærði heldur því fram, að þær veiðar hafi átt sér stað utan 12 mílna friðunarmarkanna. Skemmsta vegalengd frá Hofsósi út að friðunarmörkum er sem næst 29¼ sjómílu, og vegalengd frá þeim mörkum til þess staðar út og suður af Hofsósi, sem m/s Faldur, VE 138, er talin hafa verið á skv. framlagðri úrklippu úr sjókorti, er sem næst 32¼ sjómílu. Vegalengdin samtals skemmstu leið frá Hofsósi út að friðunarmörkunum og síðan á téðan stað, sem markaður er á sjókortið, er því sem næst 61½ sjómíla. Eftir því, sem fram er komið í málinu, og eftir öðrum upplýsingum, sem dómurinn hefur aflað sér, og með hliðsjón af stærð skips og vélar þess telur dómurinn hæfilegt og rétt að áætla ganghraða m/s Falds, VE 138, vera að jafnaði 9 sjómílur á klukkustund, en skipið er í Skrá um íslenzk skip 46 rúmlestir að stærð og með 335 ha G.M. aflvél. Reiknað með þessum ganghraða þarf tæpar 7 klst. til þess að fara á þessu skipi framangreindar 61½ sjómílu frá Hofsósi út að 12 mílna mörkunum og síðan að þeim merkta stað, sem

greindur er í framlögðu sjókorti. Það er álit dómsins með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu, að það hafi tekið 1½ klst. að kasta botnvörpunni, hafa hana úti í drætti og draga hana síðan upp og innbyrða í skipið. Samtals hafi þá farið í ferð fram og aftur út fyrir 12 mílna friðunarmörk og athafnir við botnvörpuveiðarnar samkvæmt þessu allt að 8½ klst.

Fjórir skipverjar á m/s Faldi, VE 138, hafa borið það samhljóða fyrir dómi, að lagt hafi verið úr höfn í Hofsósi á miðnætti mánudaginn 4. þ. m., og þykir eigi óvarlegt að leggja þau vætti um þetta til grundvallar í málinu. Tvö þessara vitna hafa borið það fyrir dómi, að byrjað hafi verið að draga netin á m/s Faldi kl. 6 að morgni þriðjudagsins 5. þ. m. Þriðja vitnið úr þessum hópi telur, að þá hafi klukkan verið 0630, og það fjórða, að klukkan hafi verið milli 6 og 7. Sjálfur hefur ákærði í framburði sínum fyrir dómi 6. þ. m. haldið því fram, að netadrátturinn hafi byrjað kl. 0630. Sé miðað við, að netadrátturinn hafi byrjað kl. 0630 umræddan morgun 5. þ. m., sem þykir í alla staði eðlilegt, hafa samkvæmt þessu liðið í mesta lagi 6½ klst., frá því er farið var með m/s Fald frá bryggju í Hofsósi og þar til netadrátturinn hófst inn og suður af Hofsósi. Vantar því um 2 klst. til þess, að unnt hafi verið að komast út fyrir 12 mílna friðunarmörkin, ljúka þar veiðum samkvæmt því, sem að framan greinir, og komast aftur á þann stað, sem rétt þykir að miða við og markaður er á framlagt sjókort. Hníga því rök til þess, að umræddar botnvörpuveiðar á m/s Faldi, VE 138, hafi farið fram innan friðunarmarka. Jafnvel þótt reiknað sé með 10 mílna ganghraða skipsins miðað við klst., eins og ákærði hefur viljað halda fram, fara samt í veiðiferð þessa, eins og henni er lýst, að öllu meðtöldu rúmlega 7½ klst., til þess að veiðar hafi getað átt sér stað utan löglegra friðunarmarka. En framkoma ákærða við meðferð máls þessa hefur verið með þeim hætti, að eigi þykir eftir öllum atvikum unnt að taka mark á staðhæfingum hans, og verða því eigi teknar til greina, hvað varðar ganghraða skipsins, brottför þess úr höfn í Hofsósi né heldur þann stað, sem netadráttur hófst á.

Þá er á það að líta, að samkvæmt vætti Tryggva Bjarnasonar stýrimanns, sem var á vakt á varðskipinu, frá því er það fór frá Siglufirði kl. 0305 þriðjudaginn 5. þ. m., allt til þess er skipið var stöðvað norður af Straumnesi 2 sjómílur og síðan áfram til kl. 0600, var ratsjá stanslaust í gangi, en ekkert endurvarp frá skipi sást í 10 mílna radius frá varðskipinu. Af þessu má ætla nær útilokað, að m/s Faldur, VE 138, hafi á þessu tímabili getað farið

út fyrir friðunarmörk og aftur inn Skagafjörð, án þess að vart yrði við skipið frá varðskipinu á þeim ferðum.

Samkvæmt vætti 4 skipverja er sannað, að engin siglingaljós voru höfð uppi né vinnuljós ofan þilja á m/s Faldi, VE 138, þegar umræddar botnvörpuveiðar á skipinu fóru fram 5. þ. m., og eigi heldur áður, þegar veitt var með botnvörpu, og ber þetta hátterni, sem ákærði stjórnaði, vott um, að hann vildi hafa leynd við veiðar þessar.

Þá þykir rétt að taka fram, að vitnið Guðmundur Hólm stýrimaður hefur skýrt frá því, að lokið var við að draga upp botnvörpuna á Faldi þriðjudaginn 5. þ. m. kl. 4 og farið að skíma og þá hafi vitnið séð ljós í Hofsósi bera yfir bakborðskinnung frá lúkar miðskips séð. Það er að áliti dómsins útilokað, að ljós frá Hofsósi geti sést frá 12 mílna firðunarmörkunum.

Samkvæmt því, sem nú hefur að framan verið rakið, verður að telja það nægilega sannað, að ákærði hafi þriðjudaginn 5. þ. m. gerst brotlegur um ólöglegar fiskveiðar með botnvörpu á m/s Faldi, VE 138, innan löglegrar friðaðra 12 mílna marka. Hann hefur með því brotið gegn 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr., A l. laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lög um breyting á þeim lögum nr. 45/1974.

Hann hefur því með framferði sínu unnið til refsingar skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 og til að sæta upptöku veiðarfæra skv. 3. mgr. 17. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af því, að m/s Faldur, VE 138, er að lengd 18.33 m, og þar sem 100 gullkrónur jafngilda 16.749.50 krónum skv. vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 7. þ. m., þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 1.000.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Þá ber að gera botnvörpu m/s Falds, VE 138, með tilheyrandi dragstrengjum upptæka til Landhelgissjóðs Íslands.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, er það sannað, að ákærði hefur vanrækt að láta lögskrá áhöfn m/s Falds, VE 138, á skipið, áður en það fór frá Vestmannaeyjum og hóf veiðar í byrjun ágústmánaðar sl., auk þess sem vélstjóri og stýrimaður voru án atvinnuréttinda. Með þessu hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 15. gr., sbr. 4. gr. og 6. gr. laga nr. 63/1961 um lögskráningu á íslensk skip, og þykir refsing ákærða fyrir það brot skv. 25. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 4.000 króna sekt til ríkissjóðs.

Verði sektir samkvæmt dómi þessum eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu hans, skal ákærði sæta 3 mánaða varðhaldi.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun og kostnað skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.

Dómsorð:

Ákærði, Uni Þórir Pétursson, skal greiða 1.000.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og 4.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 3 mánaða varðhaldi.

Botnvarpa m/s Falds, VE 138, með tilheyrandi dragstrengjum skal vera upptæk og eign Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. apríl 1980.

Nr. 53/1980. **Sigurður Ólafur Kristinn Þorbjarnarson**
gegn
Lúther Garðari Sigurðssyni.

Kærumál. Óskipt bú. Krafa um búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 5. mars 1980, sem barst Hæstarétti 26. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði kröfu varnaraðilja um, að dánarbú Svövu Klöru

Hansdóttur Isebarn og félagsbú hennar og sóknaraðilja verði tekið til opinberra skipta nú þegar. Þá krefst hann þess, að málskostnaður fyrir skiptaréttinum verði látinn niður falla, en sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þar á meðal staðfest endurrit af bréfi skiptaráðanda í Reykjavík til varnaraðilja, dags. 20. september 1977. Með bréfi þessu fylgdi afrit af leyfi því, sem skiptaráðandi veitti sóknaraðilja sama dag til setu í óskiptu búi, svo og ljósrit af hinni sameiginlegu erfðaskrá, sem á var rituð yfirlýsing varnaraðilja um, að hann veitti samþykki sitt til setu eftirlifandi makans í óskiptu búi.

Fyrir Hæstarétti er því ekki haldið fram af hálfu varnaraðilja, að hann hafi verið ófjárráða, þegar hann ritaði samþykki sitt á erfðaskrána 1958.

Skiptaráðandi kvað ekki upp formlegan úrskurð um þá ákvörðun að heimila sóknaraðilja setu í óskiptu búi eftir eiginkonu sína. Ef sóknaraðili vildi ekki una greindri ákvörðun skiptaráðanda, sem honum var tilkynnt um þegar í stað, átti hann þess kost að bera fram mótmæli sín án ástæðulausrar tafar og krefjast þess, að skiptaráðandi legði úrskurð á beiðni varnaraðilja um leyfi til setu í óskiptu búi og mótmæli sóknaraðilja við henni. Síðan mátti kæra þann úrskurð til Hæstaréttar samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Getur skiptaráðandi ekki nú, er sóknaraðili hefur setið í óskiptu búi í meira en tvö ár, breytt fyrri ákvörðun sinni vegna þess, að ekki hafi verið farið rétt að við könnun lagaskilyrða til að verða við beiðni sóknaraðilja um búsetuleyfi.

Gögn málsins sýna, að sóknaraðili hefur haft fyrirætlanir um að skipta hinu óskipta búi og greiða varnaraðilja móðurarf hans. Ósannað er hins vegar, að hann hafi skuldbundið sig til að láta skipti fara fram fyrir 1. desember 1979 eða annan tiltekinn tíma. Verða kröfur varnaraðilja ekki teknar til greina á þeim grundvelli.

Varnaraðili rökstyður kröfur sínar enn fremur með því, að sóknaraðili „hafi eytt því fé, sem hann hefur fengið greitt úr dánarbúi föður síns, kr. 9.120.000, í neysluþarfir sínar". Af þessari staðhæfingu verður þó engan veginn ályktað, að sóknaraðili hafi rýrt efni hins óskipta bús með óhæfilegri fjárstjórn sinni eða annars veitt tilefni til þess, að óttast megi slíka rýrnun, svo sem áskilið er í 1. mgr. 15. gr. erfðalaga. Og þar sem ekkert er komið fram um þetta, er ekki fullnægt skilyrðum nefnds ákvæðis erfðalaga til þess, að varnaraðili geti krafist opinberra skipta í búinu nú þegar.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og synja kröfu varnaraðilja um búskipti nú þegar, en eins og málið er lagt fyrir dómstóla, verður ekki í því lokið dómsorði á það, hvort hinu óskipta búi skuli skipt samkvæmt 2. mgr. 14. gr. erfðalaga.

Málskostnaður fyrir skiptarétti á að falla niður, en dæma ber varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað kröfu varnaraðilja, Lúthers Garðars Sigurðssonar, um, að dánarbú Svövu Klöru Hansdóttur Isebarn og félagsbú hennar og sóknaraðilja, Sigurðar Ólafs Kristins Þorbjarnarsonar, verði tekið til opinberra skipta nú þegar.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en varnaraðili greiði sóknaraðilja 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 27. febrúar 1980.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 20. febrúar 1980. Sóknaraðili, Lúther Garðar Sigurðsson, Asparfelli 6, Reykjavík, krefst þess, að nú þegar verði tekið til opinberra skipta dánarbú móður hans, Svövu Klöru Hansdóttur Isebarn, og félagsbú hennar og föður sóknaraðilja, Sigurðar Ólafs Kristins Þorbjarnarsonar, Barmahlíð 12, Reykjavík.

Varnaraðili, Sigurður Ó. K. Þorbjarnarson, hefur krafist „sýknu af framkominni kröfu um, að búin verði tekin til opinberra skipta, en til vara, að sýknað verði að svo stöddu". Um málskostnað hefur hann gert þá kröfu aðallega, að sóknaraðilja verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að móðir sóknaraðilja, Svava Klara Hansdóttir Isebarn, eiginkona varnaraðilja, lést 14. mars 1977. Þau hjónin höfðu hinn 19. september 1958 gert sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá, þar sem m. a. segir: „Það er ennfremur vilji okkar, að það, sem lengur lifir, sitji áfram í óskiptu búi svo lengi sem það óskar eða unz það deyr". Neðan við undirritun hjónanna undir erfðaskrá þessa hefur sóknaraðili í máli þessu undirritað svohljóðandi texta: „Ég undirritaður, Lúther Garðar Sigurðsson . . . samþykki, að foreldrar mínir . . . hvort þeirra sem lifir hitt, sitji áfram í óskiptu búi svo lengi sem það óskar eða unz það deyr, enda mun ég ekki gera kröfu um búskipti fyrr. Odense, Danmörk 1958. Lúther Garðar Sigurðsson." Varnaraðili ritaði skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, dagsett 7. september 1977, þar sem hann sótti um leyfi til setu í óskiptu búi eftir hina látnu eiginkonu sína. Í bréfi þessu eru almennar upplýsingar um búið, og fylgdi því hin sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá þeirra hjónanna. Niðurlag bréfs þessa er svohljóðandi: „Lúther Garðar hefur áritað samþykki sitt á erfðaskrána um heimild að þess okkar (sic) sem langlífari yrði, til setu í óskiptu búi, þannig að lagaskilyrðum er fullnægt að þessu leyti . . .". Skiptaráðandinn í Reykjavík gaf hinn 20. september 1977 út leyfi til handa varnaraðilja til setu í óskiptu búi. Ekki verður séð, að aflað hafi verið nýrrar yfirlýsingar frá sóknaraðilja um, að hann samþykkti setu föður síns í óskiptu búi, heldur segir í leyfisbréfinu, að sóknaraðili hafi með áritun á sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá foreldranna samþykkt búsetuna.

Með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dags. 3. desember 1979, krafðist lögmaður sóknaraðilja þess fyrir hönd skjólstæðings síns, að ofangreint bú yrði tekið til skipta nú þegar með vísun til 1. mgr. 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962, þar sem veruleg hætta væri á því, að varnaraðili færi á þann hátt með fjármuni búsins, að hagsmunum sóknaraðilja væri í hættu stefnt.

Dómarinn hefur ítrekað leitað sátta í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur, og hefur málið því verið rekið sem sérstakt skiptaréttarmál.

Málsástæður sóknaraðilja eru þær, að ekki hafi mátt heimila varnaraðilja setu í óskiptu búi á grundvelli samþykkis sóknaraðilja, sem ritað hafi verið á sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá foreldra hans á árinu 1958. Ekki sé víst, að hann hafi verið orðinn fjárráða, er samþykkið var ritað á skrána, en hann hafi orðið fjárráða 26. júní 1958. Leyfið hafi verið veitt u. þ. b. 19 árum eftir að þessi áritun hafi átt sér stað. Þá er því haldið fram af sóknaraðilja, að varnaraðili hafi þegar samþykkt að skipta búi þessu. Loks er því haldið fram, að varnaraðili hafi eytt af fjármunum búsins í neysluþarfir sínar kr. 9.120.000 af arfi, sem varnaraðilja hafi tæmst úr dánarbúi föður hans. Þessa fjárhæð hafi varnaraðili fengið greidda upp í væntanlegan arfshluta sinn, en skiptum á því búi sé ekki enn lokið. Arfur þessi sé hluti af hinu óskipta búi. Sé veruleg hætta á, að varnaraðili muni eyða því fé, sem hann eigi þar í vændum, með svipuðum hætti, ef hann fái það í hendur.

Sóknaraðili hefur haldið því fram, að er móðir hans hafi fallið frá, hafi forsendur hans fyrir umræddu samþykki verið brostnar. Á árinu 1958 hafi foreldrar hans engar eignir átt umfram þær, sem beinlínis hafi verið notaðar til framfærslu og daglegs viðurværis. Á árinu 1977 hafi aðstæður verið orðnar gerbreyttar. Félagsbúi foreldra hans hafi hinn 11. júlí 1975 tæmst arfur eftir föðurafa sóknaraðilja og liggi fyrir, að sá arfur nemi tæplega kr. 27.000.000. Á árinu 1977, er móðir sóknaraðilja féll frá, hafi föður hans átt að vera í lófa lagið að greiða sóknaraðilja út arf eftir hana, án þess að það hefði haft í för með sér hina minnstu röskun á högum hans.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið bent á, að skiptaráðandi sé vanhæfur til að fara með mál, þar sem fjallað sé um það, hvort hann hafi réttilega gefið út leyfi til setu í óskiptu búi. Ekki hefur þó komið fram krafa um, að dómarinn víki sæti í málinu.

Sóknaraðili hefur lagt fram í málinu bréf, sem Skúli J. Pálmason hæstaréttarlögmaður hefur ritað hinn 16. október 1979 sem lögmaður varnaraðilja til lögmanns sóknaraðilja. Í bréfi þessu segir m. a. svo: „Svo sem þér er kunnugt, hefur umbj. m. Sigurður O. K. Þorbjarnarson lengi haft í hyggju að skipta búi sínu og greiða Garðari syni sínum út móðurarf hans, þegar skiptum lyki á dánarbúi Þorbjörns Jónssonar föður hans . . .". Í bréfinu er síðan rakið, hvernig skipti á umræddu dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar hafi gengið fyrir sig og að þess sé vænst, að skiptum megi ljúka fyrir 1. desember 1979. Sóknaraðili heldur því fram,

að í bréfi þessu komi fram, að varnaraðili hafi fyrir löngu verið búinn að lofa því að skipta búi sínu með sóknaraðilja og hafi sóknaraðili mátt búast við því, að þeim skiptum yrði lokið fyrir 1. desember 1979.

Loks hefur sóknaraðili haldið því fram, að varnaraðili hafi eytt verulegum fjármunum í neysluþarfir sínar og eftir atvikum núverandi sambýliskonu sinnar og því krafist skipta á búinu nú þegar með vísun til 1. mgr. 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Aðalkrafa varnaraðilja er á því byggð, að undirritun sóknaraðilja á erfðaskrá foreldra hans feli í sér „. . . meira en samþykki til setu í óskiptu búi, það er bindandi yfirlýsing eða aðild að þríhliða samkomulagi, þar sem hann skuldbindur sig til að „gera ekki kröfu um búskipti", fyrr en lengur lifandi foreldri óskar ekki að sitja í óskiptu eða það fellur frá . . .", eins og segir í greinargerð varnaraðilja. Varakrafa hans er á því reist, að sóknaraðili geti ekki krafist skipta nema með eins árs fyrirvara, sbr. 14. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Telja verður, að skiptaráðanda sé skylt að kanna fyrir útgáfu leyfis til setu í óskiptu búi, hvort fjárráða meðerfingjar langlífari maka samþykki á þeim tíma, er umsóknin kemur fram, að leyfið verði veitt. Fyrir liggur, að varnaraðili sótti um leyfi til setu í óskiptu búi með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 7. september 1977, og skírskotaði þar til þess samþykkis, er sóknaraðili hafði veitt með undirritun á erfðaskrá þeirra hjónanna. Leyfið var veitt, án þess að séð verði, að afstaða sóknaraðilja þá væri könnuð frekar. Af umsókn varnaraðilja um leyfi til setu í óskiptu búi mátti ráða, að efnahagur hjónanna hafði breyst verulega til batnaðar, frá því erfðaskráin var gerð, þar til konan féll frá. Þegar af þeirri ástæðu, að sóknaraðili var ekki inntur eftir afstöðu sinni til umsóknarinnar við hinar breyttu aðstæður, ber að taka til greina kröfu hans um, að búið verði tekið til skiptameðferðar nú þegar. Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja málskostnað í skiptaréttarmáli þessu, er ákveðst kr. 80.000.

Ragnar Halldór Hall, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðilja, Lúthers Garðars Sigurðssonar, um, að dánarbú Svövu Klöru Hansdóttur Isebarn og félagsbú hennar

og Sigurðar Ó. K. Þorbjarnarsonar verði tekið til opinberra skipta nú þegar, er tekin til greina.

Varnaraðili, Sigurður Ó. K. Þorbjarnarson, greiði sóknaraðilja kr. 80.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. apríl 1980.

Nr. 190/1977. **Valur Sigurbergsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Þorsteini Þórarinssyni
(Jóhann Steinason hrl.).

Bætur vegna uppsagnar í starfi.
Fjárnámsgerð vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað héraðsdómi með stefnu 26. október 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. september s. á. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Þá hefur áfrýjandi með framangreindri stefnu áfrýjað fjárnámsgerð, er fram fór á grundvelli hins áfrýjaða dóms 22. júní 1977, og krefst þess, að hún verði úr gildi felld.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Áfrýjunarleyfi dómsmálaráðherra 29. september 1977 er einskorðað við héraðsdóminn, en tekur eigi til áðurnefndrar

fjárnámsgerðar. Frestur til áfrýjunar hennar var liðinn, er áfrýjunarstefna var gefin út, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 53. gr. laga nr. 19/1887. Ber að vísa frá Hæstarétti kröfum áfrýjanda um, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi.

Ósannað er, að málsaðiljar hafi samið svo, að stefndi nyti launa og annarra starfskjara hjá áfrýjanda eftir kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur við vinnuveitendur. Þá er ekkert komið fram um það, að málsaðiljar hafi verið félagsmenn í þeim samtökum, sem aðiljar eru að kjarasamningi þessum, þannig að 7. gr. laga nr. 80/1938 eigi hér við. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að ráðningarsamningur hans hafi átt að gilda án uppsagnarréttar fyrir stefnda til 15. júní 1967. Hins vegar þykir mega við það miða, að báðum aðiljum hafi verið ljóst, að hin ótímabundna ráðning stefnda ætti aðeins að standa um skamman tíma. Þegar þetta er virt svo og hinn sérstaki aðdragandi að ráðningu stefnda og aðstæður málsaðilja að öðru leyti, þykir stefnda hafa borið að mótmæla því við áfrýjanda án ástæðulausrar tafar, ef hann taldi áfrýjanda segja sér upp starfi með of skömmum fresti. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi andmælt uppsögn áfrýjanda, hvorki er hún fór fram né þegar hann fékk greidd laun sín fyrir febrúarmánuð. Þykir stefndi af þessum ástæðum ekki geta krafið áfrýjanda um bætur vegna of skamms uppsagnarfrests, eins og sérstaklega stendur á í máli þessu.

Þegar litið er til þeirra launa, sem stefndi naut hjá áfrýjanda, og að þau virðast hafa verið miklum mun hærri en verið hefði samkvæmt kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur og enn fremur gætt hinna sérstöku aðstæðna, sem áttu við um starfssamning stefnda, þykir mega líta svo á, að orlofsfé hafi verið innifalið í þeim mánaðarlegu greiðslum, sem hann fékk.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Mál þetta var þingfest 2. maí 1967. Alls var það tekið fyr-

ir 26 sinnum á bæjarþingi Reykjavíkur, áður en dómur gekk, en í 20 skipti gerðist ekki annað en frestur var veittur. Málið var aldrei tekið fyrir á tímabilinu frá 18. mars 1969 til 15. október 1976. Ekkert hefur komið fram fyrir Hæstarétti um, hver var ástæða þess, að ekki var þingað í málinu þennan tíma. Þess er þó að geta, að við málflutning fyrir Hæstarétti héldu lögmenn þeir, sem þá fóru með málið, því fram, að hæstaréttarlögmennirnir Benedikt Sveinsson og Kristinn Sigurjónsson, er með málið fóru í héraði, hefðu reynt að fá það tekið fyrir, en án árangurs. Engin fullnægjandi skýring hefur komið fram á því, hvers vegna málið dróst svo sem lýst hefur verið. Er þessi dráttur mjög vítaverður.

Dómsorð:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð er sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Valur Sigurbergsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Þorsteins Þórarinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. mars 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. febrúar 1977, hefur Þorsteinn Þórarinsson, Faxaskjóli 24, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. apríl 1967, á hendur Val Sigurbergssyni, Bólstaðarhlíð 53, Reykjavík, f. h. firmans Everest Trading Co., Reykjavík, aðallega til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 96.152 auk 8% ársvaxta frá 1. mars 1967 til greiðsludags og til vara til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 85.452 auk 8% ársvaxta frá 1. mars 1967 til greiðsludags. Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi þess til þrautavara, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 9.502 með 8% ársvöxtum frá 1. mars 1967 til greiðsludags. Þá hefur stefnandi krafist málskostnaðar skv. taxta LMFÍ í öllum tilvikum.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, auk þess sem hann krefst málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að þann 1. október 1966 hafi

firmað Everest Trading Co. verið selt Val Sigurbergssyni. Einn af starfsmönnum og eigendum firmans hafi verið stefnandi, Þorsteinn Þórarinsson, og hafi hann verið búinn að vera starfsmaður firmans frá upphafi, þ. e. rúm 12 ár. Þegar eigendaskiptin hafi átt sér stað, hafi hinn nýi eigandi farið fram á það við stefnanda, að hann starfaði áfram í firmanu til 15. júní 1967 á sömu launum og hann hefði haft hjá firmanu, kr. 20.000 á mánuði. Kveður stefnandi þetta hafa verið samkomulag milli sín og stefnda. Kveðst því stefnandi hafa haldið áfram að vinna hjá firmanu og fengið greidd laun, eins og umsamið hafi verið, fyrir október, nóvember og desember, kr. 60.000, þ. e. a. s. kr. 20.000 fyrir hvern mánuð. Á árinu 1967 kveðst stefnandi hafa unnið allan janúarmánuð og fengið greidd laun fyrir þann tíma, kr. 20.000, en er þau hafi verið greidd út í janúarlok, hafi stefndi, Valur Sigurbergsson, tilkynnt honum, að hann gæti ekki haft hann lengur í vinnu, og óskaði, að hann hætti störfum 15. febrúar 1967. Stefnandi kveðst þá hafa tjáð stefnda, að hann væri ráðinn til 15. júní og ætti laun til þess tíma. Stefnandi kveðst hafa hætt störfum hjá stefnda 15. febrúar 1967, en telja sig eiga rétt á launum til þess tíma, sem hann hafi verið ráðinn hjá fyrirtækinu, þ. e. til 15. júní 1967.

Stefndi hefur greint frá málavöxtum í aðiljaskýrslu sem hér segir:

„Í október 1966 keypti ég undirritaður firmað Everest Trading Co. af stefnanda máls þessa og syni hans Inga Þorsteinssyni.

Samdist svo um með mér og stefnanda, Þorsteini Þórarinssyni, að hann starfaði áfram við fyrirtækið stuttan tíma, á meðan ég var að losna úr fyrra starfi hjá Eimskipafélagi Reykjavíkur. Hætti ég störfum þar um áramót og hóf vinnu allan daginn hjá Everest Trading Co. 1. jan. 1967, en hafði áður reynt að koma sem oftast í fyrirtækið og setja mig inn í reksturinn eftir mætti.

Skömmu fyrir áramótin varð ég þess var, að stefnandi notaði söluskattsnúmer fyrirtækisins Everest Trading Co. við innflutning á vörum, er hann flutti inn sjálfur eða í félagi við Árna heitinn Björnsson, kaupmann. Líkaði mér þetta að sjálfsögðu illa og sá, að ég gat ekki treyst stefnanda að fullu.

Skömmu eftir áramót varð ég þess svo var, að stefnandi hafði framlengt tvo víxla í Iðnaðarbanka Íslands, síðast í desember 1966, og *samþykkt þá í nafni Everest Trading Co.*, útgefandi var Ingi Þorsteinsson f. h. Sokkaverksmiðjunnar Evu h.f. Víxlarnir voru að fjárhæð kr. 45.000.00 og kr. 85.000.00.

Ég fór í Iðnaðarbankann út af víxlum þessum, enda kom tilkynning um þá á skrifstofu Everest Trading Co. Sagði ég bankastarfsmönnum frá því, hvernig væri í pottinn búið með víxla þessa. Talaði ég við yfirmann víxladeildar (Sigurð eða Sigurjón) og Braga Hannesson, bankastjóra.

Þorsteinn mun hafa framlengt víxlum þessum aftur í janúar 1967, og var þá breytt um samþykkjanda.

Stefnandi hafði enga heimild til að rita nafn fyrirtækis míns á víxla þessa sem samþykkjanda, enda um refsivert atferli að ræða.

Ég kallaði Þorstein til mín, þegar ég hafði komizt að þessu, og spurði hann, hvernig stæði á því, að hann hefði gert þetta. Svaraði hann fáu til, en kvaðst mundu kippa þessu í lag. Sagði ég honum, að ég gæti ekki sætt mig við þessa framkomu. Sagði ég honum, að bezt væri, að hann hætti störfum hjá fyrirtækinu. Þorsteinn mótmælti ekki uppsögninni, og er það rangt, sem segir í aðiljaskýrslu hans, að stefnandi hafi sagzt eiga laun til 15. júní.

Fyrstu mótmæli stefnanda og kröfur um frekari laun koma frá Þorsteini, rétt áður en ég fékk bréfið dags. 13/4 1967.

Ég tel mig skv. framansögðu hafa haft fullkomna heimild til að segja Þorsteini upp án nokkurs fyrirvara og vísa öllum kröfum hans um uppsagnarfrest á bug.

Hvað snertir orlofskröfur stefnanda mótmæli ég þeim. Umsamið var, að kr. 20.000.00 væru fullnaðargreiðsla, eða sömu laun og hann hafði áður haft hjá fyrirtækinu. Skora ég á hann að sýna fram á, að orlof hafi verið reiknað ofan á laun hans, er hann átti fyrirtækið.

Þá vil ég benda á, að stefnandi var búinn að taka svo oft frí í hálfa daga, að hann var búinn að taka frí út á allt hugsanlegt orlof. Var stefnandi mjög oft fjarverandi á morgnana, upptekinn við að reyna að bjarga fjármálum fyrirtækis, er hann var stjórnarformaður í, Sokkaverksmiðjunnar Evu h.f."

Stefndi, Valur Sigurbergsson, hefur komið fyrir dóm og staðfest þar framanritaða aðiljaskýrslu sína, sem hann kveðst hafa samið í samráði við lögfræðing sinn. Hann segir, að hann hafi sagt stefnanda um miðjan janúar 1967, að hann segði honum upp frá og með 15. febrúar s. á. Stefndi kveðst ekki muna, hvort hann hafi sérstaklega tekið fram, að uppsagnarfrestur væri einn mánuður, en hann hafi hugsað það þannig, að stefnandi hefði mánaðartíma til þess að fá sér nýja atvinnu. Stefndi kveður stefnanda ekki hafa mótmælt og ekki hafa minnst á það þá, að hon-

um þætti þetta of skammur uppsagnarfrestur. Stefndi segir, að frá því stefnandi hætti störfum 15. febrúar, hafi hann ekki gert neinar kröfur um laun til 15. júní 1967 fyrr en skömmu áður en bréf lögmanns hans, dagsett 13. apríl 1967, hafi borist sér. Þá hafi stefnandi komið til sín og mælst til þess, að stefndi keypti af honum svonefnda perluvél fyrir kr. 20.000. Stefndi kveðst ekki hafa viljað gera þessi kaup, þar sem hann hefði talið sig geta fengið sams konar vél smíðaða fyrir kr. 5.000. Stefndi segir, að þá hafi stefnandi reiðst og sagst mundu fara fram á laun til 15. júní 1967. Rétt skömmu síðar hafi svo stefnandi komið ásamt lögmanni sínum og hafi þeir spurt, hvort stefndi ætlaði að gera umrædda vél upp. Stefndi kveðst þá hafa sagt þeim, að þeir mættu hirða vélina og hafi þeir borið hana út. Stefndi kveðst aldrei hafa beðið stefnanda að vinna til 15. júní 1967 og ekki hafi verið minnst á umrædda vörusýningu. Hann kveðst minnast þess, að stefnandi hafi í áðurnefndu samtali orðað það svo, að hann mundi krefjast þriggja mánaða uppsagnarfrests, en hann hafi ekki nefnt 15. júní sérstaklega.

Stefnandi, Þorsteinn Þórarinsson, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest þar málavaxtalýsingu sína í málinu. Hann segir, að á fundi á skrifstofu Benedikts Sveinssonar héraðsdómslögmanns varðandi sölusamninga að fyrirtækinu hafi stefndi að fyrra bragði beðið sig að vinna fram til þess tíma, að vörusýningunni væri lokið, en ekki hafi stefndi nefnt ákveðna dagsetningu í því sambandi. Kveður stefnandi beiðni þessa hafa verið endurtekningu á fyrri beiðnum stefnda þessu aðlútandi, en strax þegar byrjað hafi verið að ganga frá samningum um sölu fyrirtækisins, hafi stefndi borið fram við sig þessa sömu ósk. Stefnandi kveðst kannast við það, sem segi í framburði stefnda um perluvél, en hann kveðst ekki af því tilefni hafa reiðst eða sagst mundu fara fram á laun til 15. júní 1967. Stefnandi kannast við að hafa undirritað aðflutningsskýrslu, sem frammi liggur í málinu í ljósriti. Hann kveðst hafa skrifað undir stimpil Everest Trading Co., en þá hafi ekki verið neinn innflytjandi tilgreindur á skýrslunni. Kveður hann nafn Árna Björnssonar hafa verið vélritað þar á eftir svo og f. h. Árna Björnssonar fyrir ofan undirskrift sína. Er stefnandi kom fyrir dóm öðru sinni í málinu, neitaði hann að hafa notað söluskattsnúmer stefnda. Kvaðst hann hafa skrifað undir allar aðflutningsskýrslur hjá fyrirtækinu og þess vegna kannast við undirskrift sína á áðurgreindri aðflutningsskýrslu, þó að hann myndi ekki sérstaklega eftir þessari skýrslu. Í þessu

síðara þinghaldi bar hann til baka, að hann hefði skrifað undir stimpil Everest Trading Co. á skýrslunni. Stimpillinn hafi verið settur á fyrir ofan nafn hans eftir á, eftir að hann hafi afhent skýrsluna til vélritunar með nafnritun sinni „in blanco". Það sé því eigi rétt, sem bókað sé í fyrri framburði. Stefnandi segist hafa vitað um, að Árni hafi flutt sjálfstætt inn vörur og muni Árni hafa haft til þess heimild frá stefnda. Stefnandi kveðst aldrei hafa flutt neitt inn með Árna. Hann kveður sér ekki vera kunnugt um, að Árni hafi heimild til þess að nota söluskattsnúmer stefnda, en hann kannast nú við, að það númer sé 65R, svo sem greini á dskj. nr. 8, og hljóti þá Árni að hafa notað það númer á þeirri skýrslu á eigin spýtur. Stefnandi kveðst kannast við víxla þá, sem stefndi geti um í aðiljaskýrslu sinni í málinu. Hann kveðst hafa framlengt þá sem prókúruhafi Everest Trading Co. með fyrirtækið sem samþykkjanda í byrjun október 1966. Hann kveðst ekki muna, hvort hann hafi framlengt víxlana til fjögurra eða fimm mánaða, en næst þegar hann hafi framlengt þá, hafi hann ritað persónulega sem samþykkjandi, enda hafi hann þá ekki lengur verið prókúruhafi Everest Trading Co., þar sem sölusamningar hafi átt sér stað síðast í nóvember 1966. Stefnandi kveður það alrangt, að hann hafi framlengt víxlana á þann hátt sem stefndi greinir frá í aðiljaskýrslu sinni síðast í desember 1966. Hann kveðst ekki hafa framlengt víxla þessa aftur í janúar 1967. Hann segist ekki muna eftir því, að stefndi hafi sérstaklega kallað á hann til viðtals vegna þessara víxla, og hann kannast ekki við, að sér hafi verið sagt upp störfum hjá fyrirtækinu vegna misferla í starfi, heldur muni hann það, að stefndi hafi sagt við sig, að „hann hefði ekki ráð á að hafa mig í vinnu lengur." Kveðst stefnandi þá hafa sagst eiga rétt á uppsagnarfresti. Stefnandi kveður það ekki vera rétt, að umsamið hafi verið, að þær kr. 20.000 til hans í laun væru fullnaðargreiðsla. Hann kveðst sjálfur hafa boðið stefnda að taka að sér störf hjá fyrirtækinu fyrir kr. 20.000, en ekki hafi verið minnst á orlof og ekki heldur, að það væri það sama og hann hefði haft áður hjá fyrirtækinu. Hann kveðst hafa haft kr. 27.000 á mánuði með öllu, þegar hann hafi verið eigandi fyrirtækisins, eða það kaup hafi hann reiknað sér, hvort sem það hafi verið tekið allt út úr fyrirtækinu eða ekki, og hafi árslaun í samræmi við þetta verið svo gefin upp til skatts. „Með öllu" kveðst stefnandi eiga við orlof og vísitöluuppbót, en ekki kveðst hann geta sagt um, við hvaða grunnlaun nefnd vísitöluuppbót hafi miðast, og ekki hafi kaupið til

hans verið sundurliðað, meðan hann var eigandi fyrirtækisins. Stefnandi kveður það rangt, að hann hafi verið að reka erindi Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f, þegar hann hafi verið fjarverandi frá fyrirtækinu. Hann hafi þá verið að störfum fyrir Everest Trading Co., m. a. í bankastofnunum.

Komið hefur fyrir dóm í máli þessu sem vitni Ragna Kristín Jónsdóttir. Hún kveðst hafa starfað hjá Everest Trading Co. frá því á árinu 1961 til ársins 1968. Hún kveður sér ekki vera kunnugt um, hvernig samið hafi verið milli stefnanda og stefnda um ráðningartíma stefnanda. Hún kveður sér vera kunnugt um, að rétt sé frá greint í aðiljaskýrslu stefnda, Vals Sigurbergssonar, um það, að stefnandi hafi síðast í desember 1966 samþykkt tvo framlengingarvíxla í nafni Everest Trading Co. í Iðnaðarbanka Íslands, en um fjárhæðir víxlanna kveðst hún ekki treysta sér að fullyrða. Útgefandi framlengingarvíxla þessara hafi verið Sokkaverksmiðjan Eva h/f. Þá segir hún, að sér sé kunnugt um, að stefnandi hafi notað söluskattsnúmer fyrirtækisins Everest Trading Co. við innflutning á vörum, er hann flutti sjálfur inn, eins og nánar greinir í aðiljaskýrslu stefnda. Ekki kveðst hún vita, hvort í mánaðarkaupi stefnanda, kr. 20.000, hafi verið innifalið orlof eða ekki. Hún telur, að stefnandi hafi greitt áðurgreinda tvo framlengingarvíxla þannig, að greiðsla þeirra hafi ekki lent á stefnda.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína sem hér segir:

Eftirstöðvar af launum fyrir febrúarmánuð 1967	kr. 14.252
Laun fyrir mars, apríl, maí og hálfan júní 1967	— 70.000
Orlof fyrir okt.—des. 1966, 7% fyrir hvern mán.	— 4.200
Orlof frá 1. jan. til 15. júní 1967	— 7.700
Samtals kr.	96.152

Eins og fram kemur í gögnum málsins, greinir aðilja mjög á um það, hvernig þeir hafi samið sín á milli um ráðningartíma stefnanda í þjónustu stefnda. Skriflegan samning gerðu þeir ekki um ráðninguna, sem hægt sé að styðjast við í þessu efni. Eigi er heldur til að dreifa öðrum gögnum eða vitnum, sem tekið geti af allan vafa um þetta. Sú staðhæfing stefnda, að stefnandi hafi gerst brotlegur í starfi, er eigi heldur nægilegum rökum studd til þess að leggja hana til grundvallar um lok ráðningartímans. Þykir því verða að miða við það, að stefnandi hafi átt þriggja mánaða uppsagnarfrest samkvæmt 13. gr. kjarasamnings

VR, sem miða ber við þrjá heila almanaksmánuði, í þessu tilfelli mars, apríl og maí 1967.

Að því er kaup stefnanda varðar eru aðiljar sammála um, að svo hafi verið um samið, að hann hefði kr. 20.000 á mánuði, meðan hann starfaði hjá stefnda. Telur stefndi það hafa átt að vera fullnaðargreiðslu fyrir hvern mánuð, en stefnandi telur, að sér beri 7% orlof til viðbótar, enda þótt ekki hafi verið minnst á það, er samið var um kaupið, eins og fram kemur í framburði hans. Þar sem sýnt þykir samkvæmt gögnum málsins, að ekki hafi verið samið við stefnanda undir gildandi kauptaxta verslunarfólks á þeim tíma, sem hér um ræðir, þykir mega líta svo á, að framangreint mánaðarkaup stefnanda skuli skoðast sem fullnaðargreiðsla. Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kaup fyrir mánuðina febrúar, mars, apríl og maí 1967, þar sem aðiljar eru sammála um, að stefndi hafi sagt stefnanda upp vinnu frá 15. febrúar 1967. Upplýst er í málinu, að stefnandi hafi fengið greitt kaup fyrir hálfan febrúarmánuð, og ber því stefnda að greiða honum til viðbótar kr. 70.000.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 28.000.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Valur Sigurbergsson f. h. firmans Everest Trading Co., greiði stefnanda, Þorsteini Þórarinssyni, kr. 70.000 með 8% ársvöxtum frá 1. mars 1967 til greiðsludags og kr. 28.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 22. júní 1977.

Ár 1977, miðvikudaginn 22. júní, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skólavörðustíg 11 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-1278/1977: Þorsteinn Þórarinsson gegn Val Sigurbergssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit úr dóma-

bók bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 1945/1967. Nr. 1—2 fylgja með í eftirriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 70.000 með 8% ársvöxtum frá 1. mars 1967 til greiðsludags, í endurrits- og birtingarkostnað kr. 1.250, kr. 28.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 4.000 fyrir gerðarbeiðni, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er mættur og með honum Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt, þar sem áfrýjun stendur til. Gerðarþoli fær bókað, að hann hafi án árangurs óskað eftir fresti til að áfrýja bæjarþingsdómi þessum hjá umboðsmanni gerðarbeiðanda. Umboðsmaður gerðarbeiðanda tekur fram, að nú fyrst í þessu réttarhaldi hafi verið óskað eftir fresti.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, grænu sófasetti, sem er tveir stólar og sófi, borðstofusetti, sem er borð og sex stólar, einnig er lýst yfir fjárnámi í palisander sófaborði, sem er með flísalagða plötu.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Mánudaginn 28. apríl 1980.

Nr. 167/1977. **Sigurður og Júlíus h/f**
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)
gegn
Jóni M. Bjarnasyni og
Kristni Einarssyni
og gagnsök
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Verksamningar. Tilboð undirverktaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. september 1977. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 28. september 1977. Þeir krefjast þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 1.152.680 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. október 1975 til 15. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt 1. gr. laga nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða þeim 842.358 krónur auk vaxta og málskostnaðar, eins og greinir í aðalkröfu. Til þrautavara krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeim breytingum, að dómvextir verði dæmdir frá 15. júní 1979 til greiðsludags. Enn fremur krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Lækkun sú, sem gagnáfrýjendur hafa gert á aðalkröfu sinni fyrir Hæstarétti, leiðir af því, að í tilboði þeirra var meðtalinn liður að fjárhæð 378.320 krónur, er þeir nefndu „ýmis tæki". Kveða gagnáfrýjendur tilboðsfjárhæð sína hafa átt að lækka sem þessum lið nemur, þar sem honum hafi verið ofaukið. Gagnáfrýjendur hafa einnig lækkað varakröfu sína frá því, sem var í héraði, og sundurliða hana nú þannig:

17% álagning vegna seldrar vinnu	(2.348.466 kr.)	341.231 kr.
25% álagning vegna selds efnis	(1.383.062 —)	276.617 —
10% álagning vegna selds efnis	(2.007.614 —)	182.510 —
Kostnaður við útboðsgerð		42.000 —
	(5.739.142 kr.)	842.358 kr.

Lækkunin stafar af því, að álagningin er innifalin í tilboðstölunum, en bætist ekki við þær, og eru málsaðiljar sammála um ofangreindan útreikning.

Þegar aðaláfrýjandi leitaði eftir tilboði frá gagnáfrýjandanum Jóni M. Bjarnasyni, hlaut honum að vera ljóst vegna þekkingar sinnar á byggingarmálefnum og reynslu sinnar sem verktaki, að Jón gæti ekki boðið í og unnið verkið nema í samstarfi við rafvirkjameistara, sem hlotið hefði löggildingu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöður hans um bótaskyldu aðaláfrýjanda, og þykja bætur hæfilega metnar 600.000 krónur.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum 600.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. október 1975 til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 350.000 krónur samtals.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigurður og Júlíus h/f, greiði gagnáfrýjendum, Jóni M. Bjarnasyni og Kristni Einarssyni, 600.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. október 1975 til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1.

desember 1979 og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 350.000 krónur samtals.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Í tilboði gagnáfrýjenda er tekið fram, að jarðvinna sé ekki innifalin, raforkunotkun sé ekki innifalin og heimtaugar séu ekki innifaldar. Í útboðslýsingu þeirri á rafmagnsvinnu, sem tilboð áttu að fara eftir, voru ákvæði um öll þessi atriði. Framangreindir fyrirvarar í tilboði gagnáfrýjenda voru þess eðlis, að samningur samkvæmt þeim skilmálum, sem aðaláfrýjanda voru settir af verkkaupa, gat ekki komist á samkvæmt tilboðinu með einföldu samþykki aðaláfrýjanda, heldur þurfti aðaláfrýjandi að taka afstöðu til fyrirvaranna. Voru því ekki skilyrði til þess, að ákvæði Íslensks staðals nr. 30,11,3 yrði beitt. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjenda í málinu bæði í aðalsök og gagnsök.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigurður og Júlíus h/f, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjenda, Jóns M. Bjarnasonar og Kristins Einarssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 29. júní 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. f. m., hafa Jón M. Bjarna-

son, löggiltur rafvirkjameistari, Þrastarhrauni 3, Hafnarfirði, og Kristinn Einarsson, löggiltur rafvirkjameistari, Björk, Seltjarnarnesi, höfðað fyrir dóminum hinn 23. mars 1976 á hendur Sigurði og Júlíusi h/f, Hafnarfirði.

Stefnendur gera þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða stefnendum í skaðabætur kr. 1.531.000 með 13% ársvöxtum frá 1. október 1976 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins, en til vara, að stefnda verði dæmt að greiða stefnendum í skaðabætur kr. 983.577 með 13% ársvöxtum frá 1. október 1975 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

II.

Hið stefnda félag, Sigurður og Júlíus h/f, er verktakafyrirtæki á sviði byggingariðnaðar. Sumarið 1975 bauð Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar út, þ. e. leitaði tilboða í byggingu bækistöðvar fyrir vinnuflokka Hitaveitu Reykjavíkur, og skyldi húsið rísa á lóðinni nr. 1 við Grensásveg í Reykjavík.

Tilboð voru opnuð þriðjudaginn 5. ágúst 1975, kl. 1100 f. h., og var tilboði stefnda, að fjárhæð kr. 68.989.000, tekið.

Einn þáttur umrædds verks, þ. e. húsbyggingarinnar við Grensásveg, var raflagnir og annar rafbúnaður. Leitaði framkvæmdastjóri stefnda, Sigurður Sigurjónsson, óformlega til stefnanda **Jóns M. Bjarnasonar, nokkru áður en tilboðsfrestur rann út,** og skilaði hann inn tilboði fyrir sína hönd og stefnanda Kristins, að fjárhæð kr. 6.531.142, í rafmagnsþáttinn þannig sundurliðuðu:

Raflögn og fjarskiptalögn:		
Lampar með tilheyrandi búnaði ..	kr.	5.739.142.
Lagnir og annað	—	792.000.
	Kr.	6.531.142.

Í tilboði aðalverktaka, sem tekið var, var rafmagnsþátturinn þannig sundurliðaður:

Raflögn og fjarskiptalögn:		
Lampar með tilheyrandi búnaði ..	kr.	5.739.000.
Lagnir og annað	—	792.000.
	Kr.	6.531.000.

Nokkru eftir að stefndi hafði fengið verkið, hringdi framkvæmdastjóri stefnda í stefnanda Jón og sagði honum, að því er Jón telur, að tilboð hans hefði verið of hátt. Annar rafverk-

taki, Guðmundur Bertelsson, varð síðan undirverktaki og annaðist umræddan verkþátt.

Málssókn þessa byggja stefnendur einkum á því, að þar sem stefndu hafi notað tölur úr undirverktakatilboði stefnenda í aðalverktakatilboð sitt, sem tekið var, þá hafi samkvæmt tilteknum ákvæðum í Íslenskum staðli, ÍST 30, verið kominn á bindandi samningur milli málsaðilja, enda hafi ÍST 30 verið hluti af útboðsgögnum og bindandi í lögskiptum aðilja. Stefndi sé því bótaskyldur vegna samningsrofa.

Aðalkrafa stefnenda, kr. 1.531.000, er þannig fundin, að stefnendur halda því fram, að Guðmundur Bertelsson hafi í raun tekið að sér verkið fyrir kr. 5.000.000. Tilboð hans, sem fram hefur verið lagt í málinu, sé síðari tíma tilbúningur. Telja stefnendur, að stefndi hafi með samningsrofum haft af þeim mismuninn á tilboði þeirra og tilboði Guðmundar og eigi stefndi að bæta stefnendum þá fjárhæð. Varakröfu sína, kr. 983.597, byggja stefnendur á þeirri álagningu, er þeir telja sig hafa reiknað af seldri vinnu og efni í tilboði sínu til stefnda.

Aðalvarnarástæða stefnda er sú, að hann hafi ekki notað tölur úr tilboði stefnenda, heldur hafi hann notað tölur úr tilboði Guðmundar Bertelssonar, þess er verkþáttinn síðan framkvæmdi. Bæði tilboðin hafi legið fyrir, er stefndi gekk frá tilboði sínu. Stefndi hafi síðan tilkynnt stefnendum án ástæðulauss dráttar, að tilboði þeirra væri hafnað. Þá hafi stefnendur ekki fullnægt lögmætum skilyrðum um rafverktakaleyfi og tilboð þeirra verið háð fleiri annmörkum.

III.

Íslenskur staðall, ÍST 30, er gerður var að tilhlutan Iðnaðarmálastofnunar Íslands í apríl 1969, inniheldur almenna útboðs- og samningsskilmála um verktakaframkvæmdir. Helstu samtök og stofnanir á sviði verktakaframkvæmda í byggingariðnaði áttu aðild að lokafrágangi staðalsins og mæltu með notkun hans, þ. á m. Meistarasamband byggingamanna, Landssamband iðnaðarmanna og Verktakasamband Íslands. Í útboði Innkaupastofnunar Reykjavíkur á umræddu verki er þess getið, að ÍST 30 sé eitt útboðsgagna. Í málflutningi hefur verið á því byggt af hálfu beggja málsaðilja, að ákvæði ÍST 30 séu gildandi í lögskiptum þeirra, þeim er mál þetta fjallar um. Í 3. lið 11. gr. umrædds staðals segir:

„Nú hefur bjóðandi fengið tilboð frá undirverktaka í hluta verks, sem boðið hefur verið út, og bjóðandi notar þessa tilboðs-

fjárhæð sem hluta af tilboði sínu til verkkaupa, og telst þá verksamningur gerður milli bjóðanda og undirverktaka, þess efnis, er í tilboði undirverktakans greinir, að því tilskildu, að tilboði bjóðanda verði tekið og verkkaupi samþykki undirverktann, sbr. 12.1."

IV.

Í samræmi við það, hvernig mál þetta er lagt fyrir, þá hefur rannsókn þess mjög beinst að því að upplýsa um atvik að tilboðsgerð umræddra rafverktaka og þá jafnframt, hvaðan tölur þær um rafmagn, sem stefndi notaði í tilboð sitt, séu fengnar.

Framkvæmdastjóri stefnda, Sigurður Sigurjónsson, sem sá um tilboðsgerðina af hálfu fyrirtækis síns, hélt því fram við aðiljayfirheyrslu, að bæði tilboðin, tilboð stefnenda og tilboð Guðmundar, hefðu legið fyrir, þegar hann gekk frá tilboði aðalverktaka.

Í II. kafla hér að framan er því lýst, hvernig tilboð stefnenda var sundurliðað, þ. e. lampar með tilheyrandi búnaði kr. 5.739.142 og lagnir og annað kr. 792.000, samtals kr. 6.531.142, og að sömu tölur voru færðar í aðaltilboð stefnda, þó þannig, að þar stendur talan á heilu þúsundi. Framkvæmdastjórinn, Sigurður, bar, að í tilboði Guðmundar hefði ekki verið að finna sambærilega sundurliðun, heldur einvörðungu heildartöluna kr. 6.531.000. Um þetta var m. a. bókað eftir framkvæmdastjóranum Sigurði:

„Hann ítrekar þá yfirlýsingu sína, að tilboð Guðmundar hafi verið sundurliðað, „það var bara þetta hérna, engin frekari sundurliðun", segir mætti og bendir á dskj. nr. 11. „Við vorum bara búnir að ræða þetta."

Spurningu um það, hvort tilboð stefnenda á dskj. nr. 5 hafi verið notað í tilboði stefnda á dskj. nr. 4, svarar mætti nú þannig: „Ég hafði náttúrlega báðar tölurnar, þegar ég gekk frá okkar tilboði", þ. e. bæði frá Jóni og Guðmundi.

„Það má náttúrlega segja, að það sé viðmiðun frá Jóni þessi sundurliðun".

Mætti heldur þó fast við, að talan í tilboði Guðmundar, kr. 6.531.000, hafi legið fyrir í hádeginu hinn 5. ágúst, hún sé ekki fundin á grundvelli tilboðs stefnenda."

Um dagsetningar athugast eftirfarandi:

Árið 1975 bar 4. ágúst upp á mánudag, frídag verslunarmanna. Tilboð aðalverktaka, stefnda, er dagsett 5. ágúst 1975, en stefndi taldi sig við aðiljayfirheyrslu hafa afhent það hinn 6. ágúst, tilboðsfrestur hefði miðast við þann dag.

Skrifstofustjóri Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar, Kjartan Trausti Sigurðsson, hefur fyrir dóminum upplýst og sýnt gerðabók Innkaupastofnunarinnar því til staðfestu, að tilboðsfrestur hafi verið til þriðjudagsins 5. ágúst og tilboðin hafi verið opnuð kl. 1100 f. h. þann dag.

Aðiljar eru sammála um, að nokkru áður en tilboðsfrestur rann út, hafi Sigurður bent Jóni á að gera tilboð í verkið. Jón heldur því fram, að hann hafi fengið tilboðsgögn hjá Sigurði, en Sigurður neitar því.

Jón heldur því fram, að hann hafi boðsent tilboð sitt til Sigurðar seinni part dags mánudaginn 4. ágúst. Sigurður heldur því fram, að það hafi verið 5. ágúst, sem hann fékk tilboð Jóns. Sigurður og Guðmundur Bertelsson eru sammála um, að í hádeginu hinn 4. ágúst hafi þeir rætst við í síma, Guðmundur síðan náð í útboðsgögn til Sigurðar og lagt síðan inn tilboð sitt í hádeginu hinn 5. ágúst. Er Guðmundur var spurður, hversu lengi hann hefði verið að reikna út tilboð sitt, svaraði hann: „Ætli það hafi ekki farið svona einn dagur í þetta. Ég hringdi út verð."

Lögmaður stefnenda hefur lagt fram í málinu ítarlegan útreikning ákvæðisvinnunefndar Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík og Félags íslenskra rafvirkja á umræddu verki, dagsettan 23. júlí 1975.

Jón M. Bjarnason bar, að hann hefði haft umrædda útreikninga (dskj. nr. 16) í höndum, er hann vann að gerð tilboðs síns. Guðmundur Bertelsson bar, að hann hefði ekki haft umrædda útreikninga í höndum. Er hann var spurður, hver hefði unnið umrætt undirbúningsverk fyrir hann, svaraði hann: „Ég gerði þetta sjálfur."

Um frágang á tilboði stefnda var m. a. bókað eftir framkvæmdastjóranum Sigurði:

„Mætti er spurður, hvenær þeir hafi gengið frá tilboði stefnda í verkið og hverjir hafi gengið frá því. Hann telur, að það hafi verið um kvöldið eða nóttina og síðasta hönd verið lögð á tilboðið um morguninn. Hann sjálfur, Júlíus (stjórnarformaður stefnda) og Jóhann Bergþórsson (verkfræðingur) hafi gengið frá tilboðinu. Hlutverk Jóhanns hafi verið að yfirfara reikningslegu hliðina. Mætti segir aðspurður, að hann hafi afhent Jóhanni tölurnar. Hann segist sjálfur hafa ákveðið, hvaða tölur yrðu notaðar.

Hann segist ekki hafa afhent Jóhanni tilboð stefnenda, heldur aðeins tölur Guðmundar."

Einnig kom fram, að starfsmaður stefnda, Guðmundur Davíðsson, hefði hreinskrifað tilboðið.

Júlíus Júlíusson, stjórnarformaður og annar aðaleigandi hins stefnda félags, kvaðst hafa verið viðstaddur, er gengið var frá tilboði stefnda. Hann kvað Sigurð m. a. hafa það verkefni hjá fyrirtækinu að sjá um samninga og annað þess háttar. Hann minntist þess, að dóttir Jóns M. Bjarnasonar hefði afhent sér lokað umslag, líklega eftir hádegi, og hann lagt það óopnað inn á borð hjá Sigurði. Er hann var spurður, hvenær hann hefði séð tilboð Guðmundar fyrst, hvort hann hefði séð það, áður en aðaltilboð stefndu var sent inn, svaraði hann: „Nei, ég sá bara tölurnar, sem settar voru inn, ekki skjalið sjálft."

Spurður um, hvort hann hafi verið búinn að sjá tilboð Jóns, áður en aðaltilboðið var sent inn, svaraði hann: „Já, það tel ég mig hafa verið."

Jóhann Bergþórsson verkfræðingur kveðst hvorugt tilboðanna hafa séð. Sigurður hefði gefið sér upp tölurnar. Spurður um það, hvort borist hefði í tal, hverjir væru tilboðsgjafar í rafmagn, svaraði hann: „Ég man ekki eftir, að það hafi komið neitt til umræðu. Sigurður tók á móti öllum þessum tilboðum. Ég tók bara við tölum. Ég hafði nóg annað að gera í sambandi við tilboðið."

Guðjón Davíðsson trésmíðameistari, sá er hreinritaði tilboð stefnda, kveðst ekkert geta upplýst varðandi tilboð í rafmagn, hann hefði bara hreinskrifað það, sem honum var fengið í hendur.

Samkvæmt þessu eru það einungis Sigurður Sigurjónsson og Guðmundur Bertelsson, sem eru til frásagnar um, að tilboð Guðmundar hafi legið fyrir, þegar stefndi gerði tilboð sitt.

Í framlagðri aðiljayfirlýsingu Jóns M. Bjarnasonar segir m. a.: „Þegar séð var, að tilboð Sigurðar og Júlíusar h.f. var lægst og samningur kominn á samkvæmt Í.S.T. staðli, bjóst ég fljótlega við áframhaldandi umræðum um verkið. Eftir nokkra daga hringdi Sigurður í mig og áleit tilboð mitt of hátt. Sigurður sagðist hafa talað við Guðmund í Rafteiknun s.f., Reykjavík. Ég sagði Sigurði, að ég skyldi fara og bera saman tilboð mitt við útreikninga þeirra og leiðrétta það, ef ég hefði gert mistök. Hringdi ég í Guðmund í Rafteiknun og hittumst við á teiknistofu hans. Fórum við yfir tölurnar stig af stigi og ræddum verðútreikninga. Fljótlega kom í ljós, að ég var með í tilboði mínu hluti, sem ekki áttu að vera með, en ég hafði ekki hugmynd um, eftir því sem

Guðmundur sagði mér. Annað kom fram í þessu, að Guðmundur var með allar tölur frá því í apríl það ár. Hækkun frá apríl til ágústmánaðar var um reiknað, kom þá fljótlega í ljós, að tilboð mitt var ekkert okurtilboð. Guðmundur sagði, að Sigurður hefði hringt í sig og beðið um tölur í raflögn, sem hann og gaf honum upp (sem voru ca. 5.4 milljónir), en athugaði ekki þá, að þetta hefði verið ógætni vegna verðbreytinga frá því í apríl og þeirra tækja, sem ekki áttu að vera í mínu tilboði að upphæð ca. 378.320. Í millitíðinni talaði ég við Júlíus Júlíusson um tilboð mitt og bað hann að koma því í kring, að það yrði rætt, en hann gerði það ekki. Þegar Sigurður hafði rætt við Guðmund í Rafteiknun, hringdi hann í mig um kvöldið og sagði, að ég gæti fengið verkið á kr. 5.000.000, hvorki meira né minna, hann upplýsti mig einnig um, að hann væri búinn að athuga þetta hjá lögfræðingi og það þýddi ekkert fyrir mig að leita réttar míns hjá lögfræðingi eða dómstólum um þetta mál, hann væri í fullum rétti. Ég sagði Sigurði, að tilboðið væri mitt og við skildum ræða það, hvenær sem hann vildi, ég vil skjóta því inn hér, að þetta var ekki fyrsta tilboð mitt hjá Sigurði og Júlíusi h.f., svo ég þekkti til, hvernig þessu skyldi fram haldið. En þetta fór öðruvísi, því þegar ég vildi ekki taka tillögu hans í gegnum símann, sagðist hann þá bara fá annan rafverktaka. Ég sagði konu minni frá þessu, því hún heyrði, hvað ég sagði við Sigurð, og ræddum við það okkar á milli. Ég tilkynnti Árna Brynjólfssyni (framkvæmdastjóra Félags löggiltra rafverktaka) um þetta, hann sagðist skyldu tala við Sigurð, þá kom það fram, að annar rafvirki var ráðinn í starfið og líka það, að hann hefði gert tilboð og ekki nóg með það, það gerðist, sem aldrei hefur gerst, að tölur hans voru eins og mínar. Þetta hefur aldrei gerst á þessu landi áður . . .

Sigurður sagðist senda Árna allt um þetta, en ég held, að þessi skjöl séu ekki komin enn, þó ég viti það ekki með vissu. Þessi huldumaður, Guðmundur Bertelsson rafverktaki, kom ekki fram á sviðið fyrr en seinna, nokkuð eftir að búið var að opna tilboðin hjá Hitaveitu Reykjavíkur, þann 5. 8. 1975 kl. 1100. Ég fór í Innkaupastofnun Reykjavíkur og bað þess að fá að sjá þær tölur, sem voru hjá Sigurði og Júlíusi h.f., í raflögn, þær tölur fékk ég ekki, fyrr en ég hafði lagt fram mínar tölur.

Skrifstofustjórinn sagði, að það væri ekki um að villast, hann taldi, að þetta væru mínar tölur, rúnnað af um kr. 142.-, sem ég og vissi, því Jóhann verkfræðingur sagði mér það."

Er framkvæmdastjóri Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík,

Árni Brynjólfsson, kom fyrir dóminn, sagði hann m. a. um kæru stefnanda til FLRR.:

„Ég var að kanna nákvæmlega það sama og þið eruð að kanna núna, frá hverjum þær tölur hefðu verið, sem aðalverktakinn notaði í tilboði sínu. Ég reyndi að fá upp hjá Guðmundi, hvaða tölur hann hefði verið með, og bað um, að hann gæfi mér upp sínar tölur á sama hátt og Jón hefði gefið mér upp sínar tölur. Þetta virtist hann ekki geta gert."

VI.

Svo sem áður er rakið, eru þau tvö rafverktakatilboð, sem fram hafa verið lögð í málinu, nánast jafnhá að krónutölu.

Af hálfu stefnda hefur því þó verið haldið fram, að tilboð stefnenda hafi verið mun óhagstæðara en tilboð Guðmundar Bertelssonar og hafi því stefndi augljóslega valið tilboð Guðmundar fremur.

Í tilboði stefnenda sé skýrt fram tekið, að jarðvinna, raforkunotkun og heimtaugar sé ekki innifalið. Tilboðið megi einnig skilja svo, að meistaraálag, 17%, sé ekki með reiknað. Í tilboði Guðmundar sé á hinn bóginn tekið fram, að í því sé innifalið vinnuljós, tengingar við vinnuskúr, jarðvinna og „allt eins og útboðsgögn sýna, að engu undanskildu."

Þá hefur stefndi lagt á það ríka áherslu, að stefnandi Jón M. Bjarnason hafi eigi haft rafverktakaleyfi í Reykjavík og ekki sé hann heldur skráður starfsmaður stefnanda Kristins Einarssonar. Í 7. gr. reglugerðar Rafmagnsveitu Reykjavíkur um skilyrði og skilmála til að öðlast rafverktakaleyfi á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur segi, að eitt og sama fyrirtæki geti aðeins haft einn rafverktaka í sinni þjónustu og skuli hann hafa að aðalstarfi forstöðu fyrirtækisins og eða starf við það. Í fyrirmælum Rafmagnsveitu Reykjavíkur til rafverktaka á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur segi í 9. gr., að verk, sem rafverktaki tekur að sér, skuli unnin af honum sjálfum eða starfsmönnum hans. Sé ekki að sjá, að Jón M. Bjarnason sé skráður starfsmaður Kristins Einarssonar, enda sé hann félagi í Félagi íslenskra rafverktaka. Samkvæmt þessu sé ljóst, að Jón M. Bjarnason hafi eigi getað tekið að sér ofangreint verk öðruvísi en að gerast starfsmaður og sveinn hjá Kristni.

Af þessu leiði, að stefnendur hafi augljóslega ekki fullnægt skilyrðum til að verða lögmætir undirverktakar í umrætt verk. Stefndi hefði mátt eiga von á því, ef hann hefði viljað taka til-

boði þeirra, að verkkaupinn, Hitaveita Reykjavíkur, hafnaði þeim sem undirverktökum, en verktaka beri skv. 1. lið 12. gr. ÍST 30 að leita viðurkenningar verkkaupa á undirverktökum.

Þegar Árni Brynjólfsson, framkvæmdastjóri Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, kom fyrir dóminn, var m. a. bókað:

„Mætti er spurður, hvort samvinna um tilboðsgerð, slík sem milli stefnenda í máli þessu, sé venjuleg. Hann segir, að hann viti dæmi um samvinnu sem þessa. „Við höfum engar reglur, hvorki sem banna þetta né leyfa." Mætti segir, að þetta sé að þróast í það að verða eitt svæði. Það standi til að sameina Reykjavík og Hafnarfjörð í eitt svæði.

Mætti segist, spurður af lögmanni stefnda, hafa kynnt sér reglur um rafverktakaleyfi hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Mætti nefnir, ítarlega aðspurður, sem dæmi, er hann man eftir um samvinnu svipaða þeirri, sem verið er að lýsa í máli þessu, samvinnu Árna Rósenkjer og Hjörleifs Þórlindssonar."

Stefnendur hafa á það bent, að Jón M. Bjarnason hafi verið undirverktaki hjá stefnda, Sigurði og Júlíusi h/f, m. a. við byggingu hjúkrunarkvennabústaðar að Vífilsstöðum. Ekki hafi skortur Jóns á löggildingu í Reykjavík skapað nein vandkvæði í því tilviki, þótt Vífilsstaðir séu á svæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þá hafa stefnendur einnig á það bent, að Sigurður og Júlíus h/f hafi leitað eftir tilboði Jóns M. Bjarnasonar í umrætt verk og því ljóst, að forsvarsmenn félagsins hafi engar áhyggjur haft af löggildingu Jóns M. Bjarnasonar eða heimild hans til að vinna verkið. Loks hafa stefnendur á það bent, að Jón M. Bjarnason hefði hvenær sem var, fyrirstöðulaust, getað fengið löggildingu í Reykjavík með því einu að setja þar upp verkstæði, búseta sé þar ekki skilyrði.

VII.

Aðiljar máls þessa hafa starfað á því sviði, sem staðallinn ÍST 30 tekur til, og verður að ganga út frá því, að þeir hafi þekkt til ákvæða hans. Ber því að leggja hann til grundvallar í lögskiptum þeim, sem mál þetta fjallar um, enda virðist ekki vera um það ágreiningur.

Telja verður sannað í málinu, að stefndi hafi notað tilboðsfjárhæð stefnenda í raflögn og fjarskiptalögn sem einn þátt í heildartilboði sínu til Innkaupastofnunar Reykjavíkur. Þau gögn, sem renna stoðum undir þetta, eru einkum þessi:

a. Sömu tölur er að finna í tilboði stefnenda og tilboði stefnda

að öðru leyti en því, að fjárhæðir í tilboði stefnda eru færðar í heilum þúsundum. Við athugun á tilboði stefnda sést, að flestar tölur standa þar á heilu þúsundi, nokkrar á hudraði, en engar á stökum krónum. Er því fullkomið tölulegt samræmi í tilboðunum.

b. Í tilboði stefnenda er að finna sundurliðun, sem ekki er að finna í tilboði Guðmundar Bertelssonar. Engin slík sundurliðun var í tilboði hans.

c. Guðmundur Bertelsson ræddi fyrst við framkvæmdastjóra stefnda og fékk útboðsgögn mánudag 4. ágúst, sem var frídagur verslunarmanna. Stefndi skilaði tilboði sínu eigi síðar en kl. 1100 morguninn eftir. Guðmundur hefur þarna haft ærið þröngt svigrúm til tilboðsgerðar, en hann hefur viðurkennt að hafa einn reiknað út tilboð sitt og ekki haft undir höndum áætlun ákvæðisvinnunefndar vegna verksins. Guðmundur kveðst hafa sundurliðað tilboð sitt. Engar slíkar sundurliðanir hafa þó verið lagðar fram í málinu.

d. Stefndi hefur látið undan fallast, þrátt fyrir áskoranir, að upplýsa, hvaða fjárhæðir Guðmundur Bertelsson fékk greiddar fyrir umrætt verk.

Af framansögðu leiðir, að bindandi samningur komst á milli aðilja máls þessa samkvæmt 11.3. gr. fyrrgreinds staðals um rafverkþáttinn. Að vísu liggur ekki fyrir, að vekkaupi (Innkaupastofnun Reykjavíkur f. h. Hitaveitu Reykjavíkur) hafi samþykkt undirverktakann (stefnendur), svo sem áskilið er í tilvitnaðri grein. Það skiptir þó ekki máli hér, því að stefndi leitaði ekki eftir slíku samþykki, og auk þess liggur ekkert fyrir um það, að verkkaupi hefði hafnað stefnanda sem undirverktaka, ef á það hefði reynt.

Er stefndi samdi við Guðmund Bertelsson og lét hann framkvæma umræddan verkþátt, rauf hann samning sinn við stefnendur. Er hann því bótaskyldur af þeim sökum samkvæmt almennum kröfuréttarreglum.

Eins og rakið er í VI, telur stefndi, að stefnandi Jón M. Bjarnason hafi eigi haft rafverktakaleyfi í Reykjavík og ekki heldur verið skráður starfsmaður stefnanda Kristins Einarssonar. Umrædd reglugerð, sem stefndi vitnar í máli sínu til stuðnings, er sett til verndar opinberum hagsmunum. Verður ekki talið, að stefndi geti byggt á henni rétt sér til handa, svo að stoði sem vörn í máli þessu.

Ætla verður, að stefnendur hafi orðið fyrir tjóni vegna samningsrofa stefnda.

Við ákvörðun bóta þykir rétt að hafa nokkra hliðsjón af varakröfu stefnenda í málinu, en hún hefur verið sundurliðuð svo:

1. Vinna	kr. 2.348.466.	— 17%	kr. 399.239.
2. Efni	— 1.383.062.	— 25%	— 345.765.
3. Efni	— 2.007.614.	— 10%	— 200.761.
	Kr. 5.739.142.	.....	Kr. 945.765.
4. Tæki	— 378.320.	.....	— 37.832.
	Kr. 6.117.462.		Kr. 983.597.

Til viðbótar framangreindri fjárhæð kr. 6.117.462 kveður stefnandi tilboð sitt hafa innihaldið endurskoðunargjald, kr. 72.720, kostnað við útboðsgerð, kr. 42.000, en þessi gjöld verði undirverktaki að greiða, og loks kostnað við akstur fæðisstarfsmanna og ófyrirséð, kr. 298.960, eða samtals kr.. 6.531.142.

Fallast má á það með stefnendum, að þeir eigi rétt á bótum vegna tapaðs hagnaðar af efnissölu, samtals kr. 546.526. Enn fremur verður að telja, að stefnendur hafi beðið nokkurt tjón vegna tapaðrar álagningar á vinnu, og þykir tjón af þeim sökum eftir atvikum hæfilega ákveðið kr. 200.000, og er þá einnig hafður í huga sá kostnaður, er stefnendur höfðu af gerð tilboðs síns.

Ber samkvæmt þessu að taka kröfu stefnenda til greina með kr. 746.526 ásamt vöxtum, eins og krafist er, og málskostnaði, er telst hæfilega ákveðinn kr. 170.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Ragnari Ingimarssyni prófessor og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður og Júlíus h/f, greiði stefnendum, Kristni Einarssyni og Jóni M. Bjarnasyni, kr. 746.526 með 13% ársvöxtum frá 1. október 1975 til greiðsludags og kr. 170.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 29. apríl 1980.

Nr. 55/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Jennýju Kristínu Grettisdóttur
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Manndráp. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms beindi ríkissaksóknari með bréfi 20. apríl 1979 eftirfarandi spurningu til Læknaráðs og óskaði umsagnar um hana:

„Fellst Læknaráð á niðurstöður álitsgerðar Lárusar Helgasonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærðu Jennýjar Kristínar Grettisdóttur . . .?“.

Tillaga réttarmáladeildar um ályktun Læknaráðs, sem staðfest var 1. október 1979 sem álitsgerð og úrskurður Læknaráðs, er þessi:

„Læknaráð fellst á, að ákærða sé hvorki geðveik (psychotisk) né vanviti og því sakhæf“.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Atferli ákærðu varðar hana refsingu samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að 75. gr. sömu laga eigi við um ákvörðun á refsingu ákærðu svo og 8. og 9. tl. 1. mgr. 74. gr. þeirra. Ákærða beitti hættulegu vopni við framkvæmd brotsins.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi 5 ár og 6 mánuðir. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, er ákærði sætti, svo og ákvæði dómsins um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 350.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 350.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Jenný Kristín Grettisdóttir, sæti fangelsi 5 ár og 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar frá refsingu ákærðu svo og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 350.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 350.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég fellst á atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að ég tel, að ákveða beri refsingu ákærðu 6 ára fangelsi.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. nóvember 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 15. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Sverri Einarssyni og Haraldi Henryssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 471/1978: Ákæruvaldið gegn Jennýju Kristínu Grettisdóttur, sem tekið var til dóms 10. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 29. maí sl., gegn Jennýju Kristínu Grettisdóttur, Bræðraborgarstíg 15 hér í borg, fæddri 24. mars 1952 í Reykjavík,

„fyrir að hafa svipt fyrrverandi eiginmann sinn, Arelíus Viggósson, fæddan 2. október 1955, lífi með því, aðfaranótt sunnudagsins 19. febrúar 1978, er þau voru ein í íbúð, er ákærða hafði á leigu að Skólavörðustíg 21 A í Reykjavík, að stinga hann með eldhúshníf vinstra megin í brjóst stungu, er náði inn í hægra

afturhólf hjarta, með þeim afleiðingum, að Arelíus lést röskri klukkustund síðar, skömmu eftir að hann hafði verið fluttur á sjúkrahús.

Verknaður ákærðu telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

1. Aðfaranótt sunnudagsins 19. febrúar sl., kl. 0131, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að slys hefði orðið á Skólavörðustíg 21 A. Lögregluþjónar fóru þegar á staðinn. Á efstu hæð hússins hittu þeir fyrir Stefaníu Helgu Skúladóttur og Olgeir Skúla Sverrisson, er tjáðu þeim, að kona, sem byggi í annarri íbúð á sömu hæð, hefði komið til þeirra og sagt þeim, að hún hefði stungið eiginmann sinn hnífi. Lögregluþjónarnir fóru í umrædda íbúð, og var þar ákærða Jenný Kristín, sem sagði þeim, að hún hefði veitt manni sínum, Arelíusi Viggóssyni, hnífstungu. Arelíus lá á gólfi í stofu í íbúðinni og var með nokkurri rænu, en átti þó erfitt um mál. Á brjósti hans var stungusár, er lítt hafði blætt úr. Í eldhúsvaski í íbúðinni var blóðugur hnífur, er lögregluþjónarnir tóku í sínar vörslur, en hnífi þessum kvaðst ákærða hafa beitt. Arelíus var fluttur svo fljótt sem unnt var í slysadeild Borgarspítalans, og kom hann þangað kl. 0145. Að lokinni athugun var hann fluttur í gjörgæsludeild, og þar var hann úrskurðaður látinn kl. 0243. Líkið var krufið 21. febrúar af Ólafi Bjarnasyni prófessor, og segir svo í niðurlagi skýrslu hans:

„*Ályktun:* Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því, sem fannst við krufninguna, er ljóst, að manninum hefur verið ráðinn bani með hnífstungu í brjóst. Hefir stungan lent á milli 2. og 3. rifs rétt upp við brjóstbein og stefnan verið ofan frá og niður á við. Stungan hefir síðan gengið inn í gegnum ofanvert gollurshús og inn í hjartað í gegnum vegginn á hægra afturhólfi efst, rétt neðan við upptök lungnaslagæðarinnar út úr hjartanu. Frá stungunni hefir síðan blætt út í gollurshús og vinstra brjósthol.

Maðurinn hefir að líkindum verið ölvaður, er hann lést."

Í blóðsýni, sem tekið var úr Arelíusi, reyndist 1.27‰ af alkóhóli og í þvagsýni 1.55‰ (Rannsóknastofa í lyfjafræði, Þorkell Jóhannesson).

Hnífur sá, sem lögregluþjónarnir lögðu hald á, er 21 sm að lengd, með 12 sm löngu blaði, oddmjóu, 15 mm á breidd, þar

sem það er breiðast. Á blaðinu var blóð og húðfita báðum megin allt að handfanginu.

Samkvæmt skýrslu um vettvangsrannsókn og myndum úr íbúðinni voru blóðstrokur á tveimur stöðum á stofugólfinu. Á gólfinu fundust tvær skyrtutölur sams konar og í skyrtu Arelíusar, en í hana vantaði tvær tölur.

Í blóðsýni, sem ákærðu var tekið kl. 0230, reyndist 1.51‰ af alkohóli (Rannsóknastofa í lyfjafræði).

Ákærða hefur við meðferð máls þessa lýst afdráttarlaust yfir því, að ákæran sé rétt. Hún hefur að öðru leyti lítt getað lýst atvikum og tekur bersýnilega mjög nærri sér að ræða þetta atvik. Hún hefur reynt að veita svör við spurningum, en jafnan bugast og brostið í grát og lítt orðið um svör. Hún hefur skírskotað til skýrslna þeirra, sem hún gaf við rannsókn málsins. Fyrst kom ákærða fyrir dóm síðdegis 19. febrúar og sagði þá, að hún teldi, að hún hefði lagt til Arelíusar með hnífi. Í þessu þinghaldi var ákærða úrskurðuð í gæsluvarðhald. Aftur kom hún fyrir dóm 22. mars, og þá kvaðst hún muna til þess, er hún var komin með hníf í höndina, enn fremur að Arelíus hefði snúið upp á hönd henni, og næst kvaðst hún muna, að skyrta hans var blóðug. Hún kvaðst ekki hafa ætlað sér að vinna Arelíusi mein, heldur hræða hann. Ákærða var leyst úr gæsluvarðhaldi í þessu þinghaldi.

Fyrir rannsóknarlögreglu hefur ákærða gefið ítarlegar skýrslur, og verður efni skýrslna hennar lýst hér á eftir.

2. Ákærða er fædd í Reykjavík og ólst upp hjá móður sinni og stjúpföður. Hún lauk gagnfræðaprófi og stundaði síðan ýmis störf. 19 ára gömul tók hún upp sambúð við mann og eignaðist með honum son 8. febrúar 1973. Sambúðinni lauk á árinu 1974, og sama ár fór ákærða til Skagastrandar og fékk sér þar vinnu. Þar kynntist hún Arelíusi Viggóssyni, en hann var fæddur 2. október 1955 og átti heimili hjá foreldrum sínum á Skagaströnd. Þau ákærða og Arelíus fluttust brátt til Reykjavíkur og hófu sambúð. Höfðu þau íbúð á Ránargötu 32 þennan vetur. Sumarið 1975 voru þau saman norður í Langadal, þar sem Arelíus var í vegavinnu, en síðsumars fóru þau suður til Reykjavíkur og bjuggu næsta vetur í Blönduhlíð 24. Hinn 6. desember 1975 eignuðust þau son, sem skírður var Ari. Sambúð þeirra virðist hafa gengið allskrykkjótt og ákærða nokkrum sinnum farið frá Arelíusi, en síðan tekið saman við hann aftur. Á árinu 1976 slitu þau samvistir, og Arelíus fór utan, en ákærða fékk sér íbúð í Hraun-

bæ 124. Eftir að Arelíus kom út aftur, settist hann að hjá ákærðu í Hraunbæ, og 26. mars 1977 gengu þau í hjónaband. Eigi varð það þó langætt, og sumarið 1977 voru þau enn skilin að samvistum og sóttu um skilnað að borði og sæng. Það mál var fyrst tekið fyrir 22. júlí. Kröfðust bæði forræðis sonar þeirra, en fengu frest til þess að reyna að koma sér saman um það atriði. Það tókst þó ekki, og við næstu fyrirtöku hjónaskilnaðarmálsins, 29. ágúst, var ákveðið að vísa ágreiningsefni þessu til dómsmálaráðuneytisins. Samkvæmt skýrslu ákærðu hafði hún drenginn hjá sér, meðan þessu fór fram, en Arelíus náði honum svo af henni gegn vilja hennar og hafði hann á sínum vegum allt haustið. Hinn 19. desember veitti dómsmálaráðuneytið þeim skilnað að borði og sæng og ákvað, að ákærða hefði forræði barnsins, og var það síðan hjá henni.

Ákærða hafði síðsumars 1977 kynnst Yngva Erni Stefánssyni símvirkja af Dalvík, sem vann þá á Akureyri, en kom oft suður í sambandi við starf sitt. Höfðu náin kynni tekist með þeim og Yngvi Örn haldið til hjá ákærðu, er hann var hér syðra, en ákærða var þá sest að á Skólavörðustíg 21 A. Hafði talast svo til, að þau tækju upp sambúð í íbúð, sem Yngvi Örn var að kaupa. Ekki kom þó til þess. Eftir að skilnaðarleyfið hafði verið veitt, leitaði Arelíus eftir því við ákærðu, að þau tækju upp sambúð að nýju, og fór svo, að ákærða lét til leiðast. Var það 30. desember sem hún skýrði Yngva Erni frá þessu, og fór hann þá frá ákærðu, og var sambandi þeirra þá lokið. Bjuggu þau ákærða og Arelíus síðan saman næstu vikur á Skólavörðustíg 21 A.

Í skýrslum, sem ákærða gaf við rannsókn málsins og hún hefur vísað til við meðferð máls þessa, eins og áður segir, kveður hún Arelíus hafa hinn 14. febrúar fengið greidda útborgun í íbúð, sem hann hafi verið að selja. Hann hafi viljað fara með ákærðu í búðir og kaupa á hana föt. Það hafi þau gert föstudaginn 17. febrúar, en út af kaupum þessum hafi risið ágreiningur milli þeirra og hafi sér sárnað mjög við Arelíus. Hafi komið til sennu milli þeirra á heimili þeirra, er lokið hafi þannig, að Arelíus hafi tekið sæng sína og föt og gengið burt. Næsta dag, laugardag, hafi hún farið með systur sinni og syni í bíó síðdegis og um kvöldið hafi þær systur farið saman í skemmtistaðinn Sigtún, og kveðst ákærða hafa neytt nokkurs áfengis áður. Segir hún sig hafa langað til þess að hitta Arelíus og leita eftir sáttum. Hvarf hún úr Sigtúni án þess að láta systur sína og fylginaut hennar vita og hélt í Klúbbinn í von um, að Arelíus væri þar, enda reyndist

það svo. Arelíus var þar á tali við stúlku. Ákærða tók hann tali, og fór svo, að þau urðu samferða heim á Skólavörðustíg. Þar segir ákærða, að Arelíus hafi háttað hana, en ekki gert sig líklegan til þess að gera slíkt hið sama, heldur gefið í skyn, að hann mundi leita á fund konu þeirrar, sem hann hafði verið á tali við í Klúbbnum. Ákærða kveðst hafa farið á fætur og brugðið sér í buxur og peysu og farið fram í eldhús. Arelíus hafi komið í eldhúsdyrnar. Þá hafi hún verið með hníf í hægri hendi. Hún hafi haldið honum þannig, að þegar hún kreppti handlegginn upp að öxlinni, hafi hnífurinn vitað fram á við og niður. Síðan kveðst hún muna, svo sem áður var lýst, að Arelíus hafi gripið í hönd henni og snúið upp á hana og næst muni hún, að hún sá blóð á skyrtu hans, og hnífurinn var blóðugur. Arelíus hafi nú gengið inn í stofudyrnar og stuðst við dyrakarminn. Ákærða kveðst hafa farið á eftir Arelíusi og tekið í hann eða ýtt við honum. Þá hafi hann fallið á stofugólfið á bakið, en síðan velt sér á grúfu. Kveðst ákærða þá hafa kallað til Stefaníu Helgu, grannkonu sinnar, og beðið um hjálp.

Ákærða getur ekki sagt um, hvernig á því stendur, að tölur úr skyrtu Arelíusar voru á stofugólfinu, en þó tekið fram, að hún muni hafa gripið í skyrtu hans í fallinu.

Vitnið Stefanía Helga Skúladóttir segir, að hún og eiginmaður hennar hafi komið heim umrædda nótt um kl. 0115. Skömmu síðar hafi þau heyrt einhver læti úr íbúð ákærðu, en ekki skipt sér af þeim, fyrr en þau heyrðu, að ákærða kallaði eitthvað á þessa leið: „Stebba, Stebba, hann Ari er dáinn, ég stakk hann." Þau hafi þá farið yfir í íbúð ákærðu, sem verið hafi í miklu uppnámi og grátandi. Arelíus hafi legið á grúfu á stofugólfinu og ákærða hafi sagt, að hún hefði stungið hann með hnífi. Stefanía Helga fór síðan og hringdi eftir sjúkrabíl. Framburður Olgeirs Skúla Sverrissonar er á sama veg. Hann segir, að það hafi fyrst verið eftir að hringt hafi verið á sjúkrabíl, að ákærða áttaði sig á því, um hvað væri að ræða, og hún hafi komið sér fyrir sjónir eins og hún væri ekki með fullri rænu eða ráði.

Lögregluþjónar þeir, sem fyrstir komu á vettvang, voru þeir Eðvarð Skúlason og Þór Gunnlaugsson. Bera þeir báðir, að ákærða hafi sagt þeim, að hún hefði stungið manninn. Eðvarð segir, að hún hafi orðað það eitthvað á þá leið, að hún hefði stungið manninn, hún væri búin að fá nóg af þessu. Hún hafi einnig sagt á þessa leið: „Þú veist ekki, hvað á undan er gengið, þú skilur þetta víst ekki."

Vitnið Edda Lára Guðgeirsdóttir, hálfsystir ákærðu, staðfestir, að þær hafi hist á laugardag og farið saman í bíó með börn sín. Þær hafi hitt Arelíus af hendingu á Hverfisgötu og hann viljað fá drenginn með sér, en ákærða ekki samþykkt það og hafi síðan skilið með þeim. Um kvöldið hafi þau síðan farið saman á dansleik í Sigtúni, ákærða, Edda Lára og kunningi hennar, Friðrik Þorsteinsson úr Vestmannaeyjum. Þar hafi þau svo misst af ákærðu og ekki vitað, hvað um hana varð.

Ferill Arelíusar, frá því hann fór að heiman frá ákærðu á föstudagskvöld, verður rakinn að mestu af gögnum málsins. Á föstudagskvöldið hitti Arelíus A, . . ., en hana þekkti Arelíus og hafði átt vingott við hana. Þau hittust í gleðskap og fóru saman heim til A, og þar var Arelíus um nóttina. Um morguninn hringdi Arelíus til kunningja síns, Kristófers Einarssonar, Bústaðavegi 71, og bað hann sækja sig, og gerði Kristófer það. Fóru þeir saman heim til Kristófers, þar sem þeir snæddu. Síðdegis fóru þeir í bíó saman og hittu áður ákærðu á Hverfisgötu, þar sem hún var með son þeirra Arelíusar, og vildi hann fá drenginn með sér, en ákærða vildi ekki samþykkja það. Eftir bíósýningu, um kl. 1900, fór Kristófer með Arelíus heim til bróður hans, Víkings Viggóssonar, Háagerði 71, og skildi þar við hann. Arelíus borðaði hjá Víkingi, sem ók honum síðan til kunningja hans, Jóns Bergs Gissurarson, Grundargerði 11, þar sem hann staðnæmdist lítið. Síðan ók Víkingur Arelíusi heim til A, þar sem hann skrapp inn, þá suður í Kópavog, en síðan heim til Jóns Bergs, og skildi Víkingur þar við Arelíus. Jón Bergur ók Arelíusi niður á Bjarnarstíg, og fór Arelíus þar inn með sængurföt, sem hann hafði sótt suður í Kópavog. Síðan var farið heim til Jóns Bergs, og drukku þar báðir eina blöndu af áfengi. Þeir fóru svo saman upp í Breiðholt til A og stönsuðu þar litla hríð og síðan á ný heim til Jóns Bergs. Tóku þeir þar til við drykkju og fóru síðan saman í Klúbbinn. Samkvæmt vætti Jóns Bergs hitti Arelíus þar stúlku, er hann dansaði við, og skildi þarna með þeim félögum, og vissi Jón Bergur ekki um ferðir Arelíusar og sá ákærðu aldrei í Klúbbnum.

3. Við rannsókn máls þessa var aflað margra gagna um samband ákærðu og Arelíusar og sambúðarhætti þeirra. Verða nú gögn þau, sem fram hafa verið færð í málinu um þetta efni, rakin í aðalatriðum og þá fyrst framburður vitna.

Vitnið Sigurður Frímann Þorvaldsson, Reynihvammi 34, Kópavogi, fæddur 1950, var vinnufélagi Arelíusar um skeið á árinu 1977. Hann kom stundum heim til hans og ákærðu, og varð þess

ekki var, að þau rifust né að Arelíus legði á hana hendur. Hins vegar hafi Arelíus sagt frá því, að sambúð þeirra væri ómöguleg og þau væru sífellt að rífast, en stundum skiptust þau þó ekki á orðum dögum saman. Hann hafi einnig sagt frá því, að hann hefði einu sinni misst stjórn á sér og slegið hana. Þá segir Sigurður Frímann, að Arelíusi hafi orðið tíðrætt um kvennafar sitt, m. a. að hann héldi við stúlkur, sem hann hefði fengið til að gæta barna fyrir sig.

Vitnið B, . . ., fædd 1960, segir að ákærða og Arelíus hafi fyrir nokkrum árum búið í sama húsi og hún á ... götu ... Frá þeim tíma segist hún minnast eins atviks. Ákærða hafði fengið hana til þess að gæta sonar hennar, er ákærða og Arelíus ætluðu á ball. Þá hafi komið til orðasennu milli þeirra og ákærða fengið móðursýkiskast og ráðist að Arelíusi og slegið hann, en hann varist án þess að slá hana. Sama kvöld hafi hún séð, að ákærða otaði skærum að Arelíusi. B segir, að þau Arelíus hafi verið mjög góðir vinir og hann margsinnis sagt henni, að þau ákærða ættu ekki skap saman, og hafi hann viljað, að þau (þ. e. hann og B) tækju upp sambúð, en ekki hafi þó komið til þess. Laugardaginn 18. febrúar hafi hann hringt til hennar og viljað fá að vera hjá henni um nóttina, en hún hafi þá haft gesti og ekkert orðið úr þessu.

Vitnið Kristófer Einarsson kveðst hafa þekkt Arelíus frá barnæsku og hann hafi oft rætt um vandamál sín og samskipti við ákærðu. Telur Kristófer, að þau hafi ekki átt skap saman og sambúð þeirra verið róstusöm.

Vitnið D, fædd 1956, hveðst hafa kynnst Arelíusi í ágúst 1977 á dansleik. Þau hafi verið nokkuð saman um mánaðarskeið, en þá hafi slitnað upp úr kunningsskap þeirra. D, segir, að Arelíus hafi verið mjög opinskár og m. a. rætt um sambúð sína og ákærðu. Hafi hann sagt frá því, að hann hefði lamið hana, eftir að hún hefði verið búin að slá börnin. D þekkir ákærðu ekki nema af sögusögn Arelíusar.

Vitnið Kristín Einarsdóttir, Hraunbæ 136, fædd 1952, hefur verið kunnug þeim Arelíusi og ákærðu. Hún segist hafa kunnað vel við Arelíus og ekki hafa heyrt hann vera með nein ónot við ákærðu, en þó hafi hún orðið þess vör, að sambúð þeirra hafi verið stirð, og einhverju sinni hafi ákærða sagt henni, að Arelíus hefði leikið hana mjög grátt og þá orðið að flytja hana í slysadeild.

Vitnið Sigrún Guðgeirsdóttir, hálfsystir ákærðu, fædd 1953,

telur, að Arelíus hafi komið mjög illa fram við ákærðu og að hann hafi margsinnis misþyrmt henni. Hún kveðst einu sinni hafa hitt svo á, er hún kom heim til ákærðu og Arelíusar, að þau voru í átökum og hafi Arelíus þá slegið ákærðu tvisvar. Sigrún telur, að Arelíus hafi verið ónýtur að bjarga sér og legið upp á ákærðu með mat og annað.

Vitnið Margrét Emilía Kristjánsdóttir, Birkigrund 47, Kópavogi, fædd 1943, hefur þekkt ákærðu mörg ár. Hún segir, að þær hafi hist alloft, meðan Arelíus og ákærða bjuggu saman. Ákærða hafi verið fátöluð um sambúð þeirra að fyrra bragði. Margrét segist hafa tekið eftir því, að ákærða var oft með marbletti, bæði á handleggjum og í andliti, einnig man hún eftir ákærðu með sauma í vörum. Margrét hafi spurt hana, hvernig á þessu stæði, og ákærða farið í fyrstu undan í flæmingi og borið ýmsu við. Svo hafi hún einhverju sinni komið og þá verið í miklum æsingi og þá sagt, að allir áverkar, sem Margrét hefði séð á henni, væru af völdum Arelíusar. Sagði hún, að Arelíus legði á hana hendur án nokkurs tilefnis og mætti ekki orðinu halla. Sjálf kveðst Margrét ekki hafa séð Arelíus leggja hendur á ákærðu, en þó hafi hún einu sinni séð hann gera sig líklegan til þess, er þau hafi lent í rifrildi saman utan við skemmtistað. Segir Margrét, að þá nótt hafi ákærða komið heim til hennar með henni og fengið gistingu. Þá segir Margrét, að ákærða hafi einhverju sinni komið til hennar með börnin og fengið að vera hjá henni þrjár nætur, en tilgreint þá ástæðu, að kalt væri í íbúðinni. Margrét hefur það eftir ákærðu, að afkoma þeirra hafi verið mjög léleg, meðan þau bjuggu saman í Blönduhlíðinni, en þá hafi Arelíus unnið mjög stopult.

Vitnið Hulda Eygló Karlsdóttir, Mávahlíð 43, fædd 1951, hefur þekkt ákærðu mörg ár. Hún segir þær hafa hist alloft, meðan ákærða bjó í Blönduhlíð 24, og komið heim til hennar, en þó ekki kynnst Arelíusi neitt. Hulda segir, að ákærða hafi einhverju sinni komið heim til hennar og verið óróleg og kvíðin og beðið hana að koma heim með sér. Kveðst Hulda Eygló hafa verið treg til þess fyrst. Ákærða hafi verið með trefil fyrir vitum sér og er hún hafi tekið hann frá, hafi sést, að sprungið var fyrir á vörum. Þar sem Hulda Eygló sá, að ákærðu leið illa, fór hún heim með henni. Ákærða sagði henni þá ýmislegt frá högum sínum og vandamálum í sambandi við sambúðina við Arelíus, og sagði hún áverkana vera af hans völdum. Hafi hún einnig verið að tala um að fara frá Arelíusi.

Vitnið Ingibjörg Þóra Hallgrímsson, Bræðraborgarstíg 15, fædd 1952, hefur þekkt ákærðu síðan 1973 og hafði nokkurt samband við hana, meðan hún bjó með Arelíusi. Um sambúðarhætti þeirra ber Ingibjörg aðallega eftir því, sem ákærða hefur sagt henni. Hún minnist þess, að ákærða hafi sagt henni, að þó nokkrum sinnum hefði Arelíus lagt á hana hendur og hún hlotið skrámur eða marbletti. Ingibjörg segir, að sunnudaginn 12. febrúar hafi ákærða komið til hennar og þá borið marbletti á handleggjum og kinn og sagt þá vera af völdum Arelíusar. Þær töluðu einnig saman næstu daga, og segir Ingibjörg, að ákærða hafi þá rætt um samband þeirra Arelíusar og að því yrði að ljúka og að hún væri hrædd við hann, enda legði hann oft á hana hendur.

Vitnið Ástríður Guðbjörg Jóhannesdóttir, Bogahlíð 12, fædd 1955, hefur þekkt ákærðu nokkuð, síðan þær unnu saman fyrir nokkrum árum. Ástríður kveðst tvisvar hafa gætt barna fyrir ákærðu, er þau Arelíus fóru út. Í annað skiptið hafi ekkert sögulegt gerst, en í hitt skiptið hafi þau ákærða og Arelíus komið heim ölvuð og höfðu þá verið á balli. Þeim hafi þá orðið sundurorða og Arelíus átt frumkvæði að því. Hann hafi kallað ákærðu ónefnum, svo sem hóru eða mellu, og einnig lagt hendur á hana og hent henni loks inn í herbergi. Kveðst Ástríður þá hafa komið sér á burt, en Arelíus hafi verið mjög æstur og ekki tekið neitt tillit til þess, að hún var þarna.

Samkvæmt lögregluskýrslu komu ákærða og Arelíus í lögreglustöðina við Hverfisgötu kl. 0210 aðfaranótt 11. febrúar sl. í fylgd með Guðjóni Bjarnasyni, bónda í Selholti í Mosfellssveit, en Guðjón kvaðst hafa komið að þeim skammt frá Klúbbnum og maðurinn sennilega lagt hendur á ákærðu. Í lögregluskýrslu er ákærða talin alldrukkin, en fámál um sína hagi. Haft er eftir henni, að þau Arelíus hafi orðið ósátt og lent í handalögmáli. Um Arelíus segir í skýrslunni, að hann virðist ekki mjög drukkinn, en hortugur og í uppnámi. Lögregluþjónar voru sendir með þau ákærðu og Arelíus og ákærða flutt heim á Skólavörðustíg, en Arelíus hafi leitað gistingar hjá bróður sínum í Háagerði.

Guðjón Bjarnason hefur borið vitni um atvik það, sem hér er um að ræða. Hann kveðst hafa verið á gangi frá Klúbbnum, er hann hafi séð karlmann vera að misþyrma konu hinum megin götunnar. Maðurinn hafi haldið í hár konunnar og ýmist slengt henni í götuna eða dregið hana upp aftur. Hafi aðfarir þessar verið mjög ruddalegar, og kveðst Guðjón því hafa farið að skakka leikinn og spurt manninn, hvað hann væri að gera. Maðurinn

hafi ansað, að Guðjóni kæmi það ekki við, en sleppt samt konunni. Konan hafi verið yfirkomin af hræðslu og haldið dauðahaldi í hann (Guðjón) og beðið hann koma með sér á lögreglustöðina. Það hafi svo orðið úr, að hann hafi gengið áfram vestur Borgartún með konunni og farið með hana á lögreglustöðina og maðurinn hafi fylgst með þeim þangað. Þar hafi þau orðið eftir. Að skilnaði hafi konan þakkað honum hjálpina með tárin í augunum.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá slysadeild Borgarspítala, og segir þar, að lögregluþjónar hafi komið með ákærðu í slysadeildina kl. 0330 aðfaranótt 16. febrúar 1976 og hún verið með marbletti á enni og blóðsvepp í hnakkanum, enn fremur með gat í gegnum neðri vörina, vinstra megin við miðlínu, og gapandi sprungu innan á vörinni miðri. Í vottorðinu er haft eftir ákærðu, að sambýlismaður hennar hafi barið hana, m. a. með flösku. Eftir lögreglumönnunum er einnig haft að ákærða hafi sætt misþyrmingum af hendi sambýlismanns síns og að ástandið á heimili þeirra hafi verið næsta ömurlegt.

Í skýrslu, sem ákærða gaf rannsóknarlögreglunni 22. febrúar, rekur hún sambúð sína við Arelíus, og af frásögn þeirri kemur fram, að sambúðin hafi einatt verið róstusöm og þau hafi oft rifist og Arelíus lagt á hana hendur. Tilgreinir ákærða þar atvik frá því þau bjuggu í Blönduhlíð, þegar greinir hafi orðið með þeim einhverju sinni, er þau höfðu ákveðið að fara út að skemmta sér. Þá hafi Arelíus lamið hana svo, að hún hafi flúið í næstu íbúð og hringt til lögreglunnar. Lögregluþjónar hafi komið, en ekkert hafst að, og eftir að þeir fóru hafi Arelíus ráðist að henni, barið hana, slitið utan af henni fötin og nauðgað henni. Kveðst ákærða hafa farið frá Arelíusi næsta mánudag, en hann brátt haft upp á henni og fengið hana heim með sér aftur.

Þá lýsir ákærða atviki, er ætla má, að standi í sambandi við vottorð slysadeildar varðandi 16. febrúar 1976, er áður var lýst. Þau hafi verið úti að skemmta sér kvöld eitt, hvort á sínum stað, og er þau voru bæði komin heim hafi Arelíus barið hana og hrundið henni á veggi og á skáp, einnig elt hana inn í eldhús og þá brotið flösku á höfði hennar. Hann hafi svo farið með hana inn í svefnherbergi, marglamið hana þar, rifið klæði hennar og ætlað að taka hana nauðuga, en þá hafi lögregluþjónar, sem einhver í húsinu hafði kallað á, kvatt dyra. Þá hafi lögregluþjónarnir flutt hana í slysadeild.

Þá lýsir ákærða atvikinu aðfaranótt 11. febrúar sl., sbr. vætti Guðjóns Bjarnasonar hér að framan. Arelíus hafi þá barið hana

hvað eftir annað og dregið hana upp á hárinu. Þá segir ákærða, að síðar um nóttina, eftir að hún var orðin ein heima, hafi Arelíus komið þangað aftur, brotið rúðu í útidyrahurð og komist einhvern veginn inn. Þá hafi verið hringt til lögreglu, en hún neitað að sinna þessu. Í þetta sinn kveður ákærða Arelíus hafa borið sig illa og hún aumkast yfir hann, bundið sár, er hann hafði fengið á fingur, og leyft honum svo að vera.

4. Dr. Lárus Helgason læknir rannsakaði geðhagi ákærðu að tilhlutan rannsóknarlögreglu ríkisins, og er meðal gagna málsins rækileg skýrsla hans um rannsóknina. Skýrslunni lýkur með svofelldri ályktun:

„Hér er um að ræða 25 ára gamla konu, er ólst upp hjá móður og stjúpa. Hún naut öryggis og hlýju, einkum hjá móðurömmu og síðar í samvistum við tvo menn. Hún rauf tengsl við þá menn og virtist ekki geta þolað tilbreytingarleysi það, sem af samvistum við þá hlotnaðist. Hún ann móður sinni, þrátt fyrir vissa árekstra, einkum á yngri árum. Til hennar og stjúpa síns hefur Jenný leitað í vandkvæðum sínum, einkum hvað varðar aðstoð með börnin.

Samskipti hennar við Arelíus voru óeðlileg, en virtust svala vissum þörfum, s. s. sjálfsmeiðandi (masochistiskum) þörfum og skapa útrás fyrir mun sterkari tilbrigði á tilfinningasviði. Þetta ófullkomna samband varð hins vegar smám saman að böli, sem hvorki hún né Arelíus fundu neina lausn á. Vonbrigði, beiskja og sársauki af því að vera hafnað, samfara verulegri skerðingu á sjálfsstjórn vegna mikils vínmagns, stuðluðu að óyfirvegaðri aðgerð, er leiddi til manndráps. Hún er ekki geðveik eða vanviti eða með heilaskemmd og telst því sakhæf. Hún hefur hins vegar væga persónuleikatruflun, og er ástæða til þess að ætla, að hún muni komast yfir þær truflanir síðar með vaxandi þroska og reynslu. Engra læknisaðgerða er þörf gagnvart truflunum þessum.

Hugsanlegt er, að langvinn fangelsisvist með tilsvarandi einangrun geti haft skaðleg áhrif þannig, að hinn sjálfsrefsandi þáttur viðhaldist og tefji fyrir þroska hennar í þá átt að geta náð þroskaðri og varanlegri geðtengslum.“

Ákærða hefur aldrei verið saksótt fyrir neins konar lagabrot.

Álit dómsins.

Sannað þykir með framburði ákærðu og öðrum gögnum, að ákærða hafi orðið Arelíusi Viggóssyni að bana með hnífstungu í brjóst. Telja verður, að ákærða hafi ekki fyrirfram búið yfir

neinum áformum um að ráða Arelíus af dögum, heldur hafi hún unnið verkið óyfirvegað. Ákærða lagði Arelíus hnífi í hjartastað og hlaut að vera ljóst, að slík atlaga mundi sennilega leiða til dauða. Ber að meta verknað hennar ásetningsverk, er varði við 211. gr. alm. hegningarlaga.

Af þeim gögnum um sambúðarferil ákærðu og Arelíusar, sem komið hafa fram í málinu, er ljóst, að samlíf þeirra var stormasamt og einkenndist af tilfinningalegu ójafnvægi. Hvorugu þeirra verður einu um það kennt, en hafa verður í huga, að gögn málsins benda til þess, að Arelíus hafi misboðið ákærðu á ýmsan hátt, jafnvel misþyrmt henni. Verður að gera ráð fyrir, að ákærða hafi unnið verkið í ákafri geðshræringu og óyfirvegað, eða eins og dr. Lárus Helgason segir í skýrslu sinni: „Langvinn sársaukafull samskipti, full biturleika og vonbrigða, lyktuðu með örvæntingu." Ber þannig að hafa hliðsjón af 75. gr. alm. hegningarlaga, er meta skal viðurlög fyrir brot ákærðu.

Ákærða iðraðist verksins þegar og kallaði á hjálp og leitaðist þannig við að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar af verkinu. Hún hefur játað brot sitt hreinskilnislega og í engu reynt að draga úr ábyrgð sinni á því. Þykir þannig eiga að líta til 8. og 9. tl. 74. gr. alm. hegningarlaga við refsimat.

Samkvæmt þessu verður refsing ákærðu ákveðin fangelsi 5 ár. Ákærða sætti gæsluvarðhaldi 31 dag (19. febrúar til 22. mars), og er skv. 76. gr. alm. hegningarlaga rétt, að vist þessi skuli dregin frá refsingu hennar.

Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmnns, 200.000 kr., og málssóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 kr., en Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Mál þetta dæma þrír sakadómarar eftir ákvörðun yfirsakadómara skv. 3. mgr. 5. gr. laga 74/1974.

Dómsorð:

Ákærða, Jenný Kristín Grettisdóttir, sæti fangelsi 5 ár. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hennar, 31 dag.

Ákærða greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 kr., og málsvarnarlaun skip-

aðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 kr.

Föstudaginn 2. maí 1980.

Nr. 171/1977. **Haukur Sveinsson**
(Logi Guðbrandsson hrl.)
gegn
ríkissaksóknara og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs og
(Benedikt Blöndal hrl.)
ríkissaksóknari og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs
gegn
Hauki Sveinssyni og
Loga Guðbrandssyni hæstaréttarlögmanni
(sjálfur).

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Sýkna. Lögmannslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. september 1977. Hefur hann gert þessar dómkröfur:

„Að gagnáfrýjanda verði gert að greiða aðaláfrýjanda kr. 3.800.000 með 9% ársvöxtum frá 25. október 1973 til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um máls-

kostnað og málflutningslaun talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og að gagnáfrýjanda verði gert að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins án tillits til þess, hvernig málið fer".

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. nóvember 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að talsmannslaun lögmanns aðaláfrýjanda í héraði verði lækkuð. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi lýst yfir, að horfið sé frá þeirri málsástæðu, að rannsókn þeirri, sem mál þetta er sprottið af, hafi verið ólokið, þegar málið var höfðað.

Eins og sakargögnum í máli þessu er háttað, þykir samkvæmt niðurlagsákvæðum 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 bresta skilyrði til að dæma aðaláfrýjanda skaðabætur vegna gæsluvarðhaldsvistar hans. Verður því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að því er aðaláfrýjanda varðar.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað aðaláfrýjanda af máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun talsmanns hans fyrir báðum dómum, samtals 750.000 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, ríkissaksóknari og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Hauks Sveinssonar, í máli þessu.

Allur kostnaður aðaláfrýjanda af rekstri máls þessa bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns hans, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 750.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 14. júní sl., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. mars 1975, af Hauki Sveinssyni, Hólabraut 3, Hafnarfirði, gegn ríkissaksóknara og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða stefnanda kr. 3.800.000 ásamt 9% ársvöxtum frá 25. október 1973 til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Hvernig sem málið fari, beri talsmanni stefnanda málssóknarlaun, þar sem mál þetta sé lögbundið gjafsóknarmál skv. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Stefndu krefjast algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, og til vara krefjast þeir stórlegrar lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttatilraunir báru ekki árangur.

II.

Málavextir.

Stefnandi, sem skipaður var póstvarðstjóri hjá Póst og símamálastjórn 18. janúar 1972 og hafði verið skipaður starfsmaður stofnunarinnar frá árinu 1946, var sóttur til yfirheyrslu á vinnustað sinn í ábyrgðardeild aðalpósthússins í Reykjavík um kl. 1400 25. október 1973. Yfirheyrslunni lauk kl. 1610, og að henni lokinni var stefnandi settur í gæsluvarðhald í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg með úrskurði, uppkveðnum í sakadómi Reykjavíkur. Ákvaðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 15 dögum. Stefnandi sat í gæsluvarðhaldi til kl. 1100 að morgni hinn 9. nóvember 1973. Hefur hann höfðað mál þetta hér fyrir dómi, þar eð hann kveðst hafa setið í gæsluvarðhaldi þessu að ósekju. Honum var veitt lausn frá störfum um stundarsakir með bréfi póst- og símamálastjóra, dagsettu 12. nóvember 1973, með vísan til 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmannar ríkisins. Hann hóf störf að nýju hjá Póst- og símamálastjórn 9. janúar 1975, en hann var ekki settur í sama starf. Hann var settur í störf í bögglapóststofu, en staðan var jafnvel launuð og hin fyrri.

Aðdragandi þess, að stefnandi var settur í gæsluvarðhald og vikið frá störfum um stundarsakir, var sá, að 6. september 1973 var af hálfu póststofunnar í Reykjavík kært til rannsóknarlög-

reglunnar í Reykjavík og beðið um rannsókn vegna hvarfs á talsverðu af ábyrgðarbréfum úr póstinum það ár og árið áður. Undir kærubréfið rituðu Árni Þór Jónsson, yfirdeildarstjóri póststofunnar, og Sigurður Ingason, skrifstofustjóri póststofunnar. Vegna kæru þessarar hóf rannsóknarlögreglan í Reykjavík rannsókn hinn 27. september 1973, og gaf Árni Þór Jónsson yfirdeildarstjóri skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni þann dag. Lýsti hann starfstilhögun í aðalpósthúsinu og skýrði svo frá, að talsvert mikið hefði horfið af ábyrgðarbréfum, sem sannanlega hefðu komið inn á póststofuna, en hafi horfið, eftir að þau hafi verið skráð til aðalpósthússins, sem merkt er R 1, og tekin upp þar. Mörg þessara bréfa hafi komið frá stærsta útibúinu, þ. e. við Hlemmtorg í Reykjavík, sem kallað sé R 5. Í ábyrgðabréfadeild séu, eins og annars staðar í pósthúsinu, tvær vaktir. Haukur sé yfirmaður á annarri vaktinni, en Birgir Jakobsson á hinni. Vaktirnar starfi til skiptis frá kl. 0730 til 1300 annan daginn og frá kl. 1300 til 2000 hinn daginn. Móttaka ábyrgðarbréfa frá útibúum og utan af landi fari þannig fram, að póstpokar komi í portið í aðalpósthúsinu frá Hafnarstræti og séu þar settir inn á gólf. Tekið sé upp úr pokunum og séu ábyrgðarbréfin borin saman við skrár, sem þeim fylgi. Þegar gengið sé úr skugga um, að bréfin séu í samræmi við skrána, sé kvittað á skrána og getið sé tíma og dagsetningar við kvittunina og þetta sé fært inn í bækur. Að þessu loknu séu bréfin færð til sundurgreiningar inn á afgreiðsluherbergi ábyrgðarbréfa. Þar séu bréfin sundurgreind í tvo flokka, þau, sem á að afgreiða til móttakenda þarna á aðalpósthúsinu og þá frá þessari deild í afgreiðslusalnum, og hin, sem eiga að fara áfram, þ. e. á aðra staði úti á landi eða til útlanda. Síðari hópurinn, þ. e. bréfin, sem ekki eiga að fara til móttakenda þarna í pósthúsinu, séu síðan sett í plastkörfu og körfurnar séu færðar í litla lyftu, sem er í veggnum í afgreiðslusalnum. Lyftan færir kröfuna upp á 2. hæð hússins í skráningardeild. Þar eru bréfin á ný lesin í sundur, þ. e. þau, sem fara til innlendra pósthúsa, og hin, sem fara til útlanda, og eru bréfin skráð þar til ákvörðunarstaða. Bréf, sem tekið er á móti frá fólki í aðalpósthúsinu, fara einnig í körfu í áðurnefndri lyftu og eru sundurlesin í skráningardeild, innfærð þar og sundurlesin á sama hátt og bréf frá öðrum pósthúsum, sem koma frá því að vera lesin í sundur úr póstpokum. Það, sem vakti eftirtekt sumarið 1973 í pósthúsinu, var það, að fyrirspurnir bárust um ábyrgðarbréf, sem ekki komu til skila, og voru óvenju miklar kvartanir yfir slíku. Fyrirspurnirnar voru flestar erlendis frá eða

frá sendendum bréfa, sem áttu að fara til útlanda. Kvörtunum þessum var safnað saman, og gerðu Njörður Snæhólm, stjórnandi rannsóknarinnar, og Árni Þór Jónsson yfirdeildarstjóri skrá yfir bréfin. Skrá þessi sýnir horfin bréf frá því í janúar 1973 til nóvember s. á. Langmesti hluti bréfanna hverfur þó í mars, apríl, maí og júní 1973, og var hvarfið svo mikið, að rökstuddur grunur vaknaði um, að þau hyrfu af mannavöldum, en vitað er, að einstaka bréf glatast í meðförum póstsins, og þykir það ekki alvarlegt. Í skrá þessa skráðu þeir, hvenær viðkomandi bréf var póstlagt, hvaða ábyrgðarnúmer það bar, hvar það var póstlagt, hver viðtakandi bréfsins var, ef vitað var um hann, hvenær kvittað var fyrir móttöku bréfsins á aðalpósthúsinu í Reykjavík og hver kvittaði fyrir það og síðan skrá yfir það, hverjir voru að vinna í deild þessari á þeim tíma, sem kvittað var fyrir móttöku bréfsins. Var skráin unnin upp úr skráningarbókinni, þar sem bréfin eru skráð við upptöku og kvittað er fyrir þeim, svo og úr vinnukortum til að finna út, hverjir hefðu verið á vinnustaðnum í hvert sinn, sem bréfin voru tekin upp. Við athugun kom í ljós, að bréf þau, sem kvartað var út af, komu ekki upp til skráningar á skráningardeild, en hins vegar kvittað fyrir þeim í móttökudeildinni niðri. Grunurinn beindist því að þeim, sem unnu við móttöku bréfanna og sundurgreiningu þeirra á 1. hæð hússins, enda var aðstaða talin þannig uppi á 2. hæð, að svo til útilokað væri, að nokkur gæti þar skotið bréfum undan, áður en þau væru skráð þar á réttan hátt. Aðstaðan niðri var talin allt önnur, og þar voru talin tækifæri til þess að skjóta bréfum undan, bæði við upptöku þeirra úr póstpokum og við sundurgreiningu þeirra í afgreiðslusalnum. Eftir að rannsóknin á hvarfi þessu hófst, gáfu ýmsir starfsmenn póststofunnar skýrslu hjá rannsóknarlögreglu.

Einn þeirra fyrstu var Axel Sigurðsson, og gaf hann skýrslu 27. september 1973. Hann skýrði svo frá, að hann væri fulltrúi í afgreiðslu í aðalpósthúsinu og hann hefði aðsetur í horninu austanverðu í bás nr. 12 og þar sjái hann inn í afhendingu ábyrgðarbréfa og sé þar glerskilrúm á milli. Hann hafi velt fyrir sér, hvernig hvarf bréfanna gæti hafa átt sér stað. Honum hafi verið tjáð, að þegar væri vitað, að milli 50 til 100 bréf, sem horfið hafa á þessu ári, og sjálfsagt megi reikna með því, að í ljós komi, að fleiri bréf séu horfin. Bréfin, sem talið sé, að vanti, séu hvergi færð inn í skráningarbækur á 2. hæð og því sé ekkert vitað um bréfin, fyrr en kvartanir berist. Bréfin hverfi því, áður en þau komi til bókunar í skráningardeildinni, og hann fái ekki betur

séð en að þau hverfi í upptökudeildinni. Hann starfi á sömu vakt og Haukur Sveinsson, sem sé varðstjóri í upptökudeildinni. Stundum sé Haukur einn við upptökuna og stundum fái hann einhvern með sér. Sá, sem taki bréfin, geti gert það í upptökunni eða þegar hann sé kominn fram í salinn fyrir framan hjá vitninu, þar sem ábyrgðarbréfin séu afhent út. Þar væri alveg hægt að leggja bréf til hliðar og stinga þeim svo á sig, því að þetta sé alveg í skjóli. Afgreiðslustjóri á vaktinni hjá Hauki Sveinssyni sé Haukur Sigurðsson og hann fari einnig inn í upptöku og „sorteri" jöfnum höndum og það geti komið fyrir, að Haukur Sigurðsson sé einn í því um tíma. Þegar vitnið sé spurt að því, þá verði það að segja eins og sé, að athyglin beinist óneitanlega helst að tveim mönnum í þessu sambandi, en það séu báðir Haukarnir, því að það líti út fyrir, að pósturinn hverfi á leiðinni í gegnum þeirra deild. Síðan lýsti vitnið því, að Haukur Sveinsson, stefnandi máls þessa, væri mikill óreglumaður og sú óregla virtist hafa aukist mikið upp á síðkastið og seinni hluta ágústmánaðar hafi orðið að láta hann hætta vegna þess, að hann hafi mætt í fleiri skipti undir áhrifum áfengis eða annarlegum áhrifum eða þá, að hann hafi alls ekki mætt. Hann sé tvígiftur og kona hans vinni hjá Samvinnutryggingum í Hafnarfirði og sé því í góðri stöðu og sé hún hin vandaðasta kona. Nafni hans, Haukur Sigurðsson, sé fráskilinn frá því vorið 1973. Skyndilega og fyrirvaralítið þá um vorið hafi eiginkona hans fleygt honum á dyr, hirt af honum hús, innbú og allt. Vitnið Axel taldi, að þá hefði verið liðið rúmt ár frá því að þau hafi keypt íbúð sína og þetta hafi allt virst vera skrifað á hennar nafn ásamt bíl. Maðurinn hafi staðið uppi eignalaus og með skuld, sem hann hafi átt að greiða. Fyrri hluta ágústmánaðar hafi Haukur Sigurðsson farið til Hólmavíkur og þá hafi hann velt bíl, sem hann hafi sagst hafa fengið lánaðan, og hafi bíllinn stórskemmst og hafi hann slasast eitthvað og ekki mætt til vinnu. Fyrðu sæti, hve mikil auraráð Haukur þessi virðist hafa miðað við þær aðstæður, sem hann búi nú við, en hann neyti einnig áfengis talsvert. Um miðjan júní þetta sumar hafi Haukur Sigurðsson rakið raunir sínar fyrir vitninu og sagst hafa átt erfitt með húsnæði. Haukur Sigurðsson hafi flutt í herbergi hjá vitninu og hafi neytt áfengis um hverja helgi og þangað hafi komið drykkjulýður og setið að sumbli. Ýmislegt hafi vakið grunsemdir vitnisins um, að Haukur Sigurðsson væri ekki eins auralaus eins og halda mætti.

Önnur vitni, starfsmenn á pósthúsinu, gáfu skýrslur, og var

lýsing þeirra mjög í sömu átt og vitnisins Axels Sigurðssonar, með ýmsum frekari upplýsingum um óreglu og furðuleg peningaráð bæði stefnanda, Hauks Sveinssonar, og samstarfsmanns hans, Hauks Sigurðssonar. Leið svo fram að 22. október, og þá bókaði rannsóknarlögreglumaðurinn, að hann hefði samið fyrrgreinda skýrslu yfir hin glötuðu bréf ásamt Árna Þór Jónssyni. Grunurinn hafði þá lagst á Hauk Sveinsson og Hauk Sigurðsson, og var náð í Hauk Sveinsson til yfirheyrslu 25. október, eins og segir hér í upphafi. Hann var þá yfirheyrður sem sakamaður, og var gætt ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála við skýrslu hans, en hann skýrði svo frá, að hann hefði verið í sumarfríi í júní og júlí þetta ár og hafi byrjað aftur 1. eða 4. ágúst sl. Svo hafi hann farið í veikindafrí þann 31. ágúst og komið aftur þann 1. október. Hann viti ekki til, að neinn varðstjóri hafi verið settur yfir deildina á meðan. Haukur Sigurðsson hafi þá verið að vinna og hann hafi farið í frí, þegar stefnandi hafi komið í ágúst og verið í burtu síðan, að hann minni, og að hann sé að fara í sjúkrahús í sambandi við bílslys, sem hann hafi lent í í sumarfríinu. Stefnanda voru þá sýndar skrárnar, sem útbúnar höfðu verið um horfnu bréfin, og honum var bent á, að svo virðist sem bréfin hverfi í hans deild. Hann skýrði svo frá, að hann hefði ekki hugmynd um, hver muni vera valdur að þessu bréfahvarfi, og hann hafi engan sérstakan grunaðan í því sambandi. Hann vildi einnig geta þess, að honum fyndist deild hans vera fullmikið opin, þ. e. að of margir geti verið þar í kring vegna vinnuskilyrðanna. Sjálfur hafi hann ekki tekið neitt af þeim pósti, sem sagt er, að horfið hafi, og það sé óhætt að gera húsleit hjá honum þess vegna. Hann muni það núna, að ábyrgðarbréf, sem send séu til Norðurlanda og Þýskalands, séu ekki skráð hvert fyrir sig, heldur heildartala bréfanna, þ. e. a. s. frumnúmer ábyrgðarbréfsins komi ekki fram á skránum til þessara landa nema bréf til endursendingar og svokallaðar transitpóstur, sem Danmörk sjái um. Ábyrgðarpóstur, sem komi utan af landi til áframsendingar til útlanda, sé ekki lengur skráður í sérbók hjá skráningardeildinni, eins og háttur hafi verið á fyrir nokkrum árum. Þessi póstur til Norðurlanda og Þýskalands sé því lesinn í sundur uppi og settur í skápa og sendur áfram án þess að „tékka hann af" frá þeim niðri eða skrá hann áfram. Það hljóti því að vera erfitt að segja um, hvað hverfi niðri og hvað uppi, ef eitthvað sé.

Efitr þessa skýrslu var stefnandi settur í gæsluvarðhald. Forsendur gæsluvarðhaldsúrskurðarins voru þessar: „Hinn 6. sept-

ember s.l. var kært til rannsóknarlögreglunnar vegna hvarfs á ábyrgðarsendingum í aðalpósthúsinu í Reykjavík. Hér er um að ræða talsvert magn bréfa, en ekki er vitað, hve mörg þau eru, þar sem ekki er skráður allur ábyrgðarpóstur, sem kemur inn í aðalpósthúsið. Ábyrgðarbréf, sem póstlögð eru innanlands, koma með tvennum hætti inn í aðalpósthúsið. Það er bréf eru afhent í aðalpósthúsinu sjálfu eða í útibúum þess í Reykjavík eða úti á landi. Ekki eru nein brögð að því, að bréf, sem póstlögð eru í sjálfu aðalpósthúsinu, hafi horfið. Mikill fjöldi bréfa, sem koma til aðalpósthússins frá öðrum pósthúsum, hafa hins vegar horfið. Sérstök deild annast móttöku og skráningu bréfa þessara og sendir þau síðan í lyftu upp á næstu hæð fyrir ofan. Við athugun á vinnustað eru ekki taldar líkur til þess, að bréf hverfi, eftir að þau eru komin upp á 2. hæð. Gerð hefur verið allítarleg athugun á vinnutilhögun og vinnutíma starfsfólks í móttökudeildinni. Vitað er í flestum tilfellum, hvaða dag hvert bréf hvarf og á hvaða tíma dags það kom til aðalpósthússins. Við athugun á vinnuskrám og stimpilkortum og samanburðinn við þann tíma, sem bréfin eru talin hafa horfið, hefur komið í ljós, að tveir starfsmenn pósthússins hafa í langflestum tilfellum verið á vinnustað, er bréfin eru talin hafa horfið, og hafa þessir tveir starfsmenn einnig í flestum tilfellum verið við móttöku bréfanna. Starfsmenn þessir eru Haukur Sveinsson og Haukur Sigurðsson. Haukur Sveinsson hefur neitað fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að vera valdur að hvarfi umræddra ábyrgðarsendinga. Haukur Sigurðsson hefur ekki fundist þrátt fyrir eftirgrennslanir rannsóknarlögreglu, en hann er talinn vera í fríi. Rannsókn máls þessa á enn langt í land, og á m. a. eftir að yfirheyra bæði Hauk Sveinsson betur og Hauk Sigurðsson. Haukur Sveinsson er grunaður um brot gegn XXVI. og XIV. kafla almennra hegningalaga, og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrði 65. gr. stj.skr. nr. 33/1944 um gæsluvarðhald eru því fyrir hendi, en með vísan til framanritaðs svo og 1. tl. 67. gr. laga 73/1973 þykir rétt að úrskurða Hauk Sveinsson í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar máls þessa, svo hann eigi ekki möguleika á spillingu sakargagna með óskertu frelsi. Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 15 dögum."

Daginn eftir var Haukur Heiðar Sigurðsson, afgreiðslumaður í ábyrgðardeild, einnig tekinn til yfirheyrslu, og var hann yfirheyrður sem sakamaður eins og stefnandi. Hann skýrði svo frá við yfirheyrsluna, er honum voru sýndar fyrrgreindar skrár, að hann væri yfirleitt lítið í upptökunni á póstinum nema í hálf-

gerðum neyðartilfellum og á svokölluðum afvinnsludögum, en þá vinni hann í upptökuherbergi og svo komi fyrir, að hann fái skrárnar til að flýta fyrir, en annars sé hann yfirleitt á sínum stað í króknum frammi við afgreiðsluborðið til hægri, en nafni hans sé í króknum til vinstri beint inn af dyrunum og hann „sorteri" póstinn og setji hann í hillur eða körfu eftir því hvert hann á að fara, en síðan sé farið með körfurnar í lyftuna, sem færir póstinn upp í ábyrgðardeild. Hann skilji eiginlega ekki, hvernig það geti átt sér stað, að pósturinn hverfi svona, og hann hafi aldrei orðið var við neitt grunsamlegt eða að neinn hagaði sér öðruvísi en eðlilegt sé við póstinn, hann hafi því engan grunaðan í þessu sambandi. Sjálfur hafi hann aldrei stolið pósti, þ. e. bréfum, og hafi aldrei dottið slíkt í hug. Þegar póstpokarnir komi inn, þá sé tekið upp úr þeim fyrir framan upptökuherbergi og þar séu skrárnar bornar saman og athugað, hvort póstur sá, sem skráður sé á þær, sé í pokunum, og kvittað undir skárnar. Síðan fari pósturinn inn um lúguna á upptökuherberginu og þar sé hann settur í körfurnar, sem síðar séu bornar inn til Hauks Sveinssonar, sem „sorteri" póstinn, eins og áður segi, og sendi hann síðan upp í lyftunni. Það þurfi ekki endilega að vera Haukur Sveinsson, sem fari með körfurnar í lyftuna. Hann mundi frekar segja, að hann sendi einhverja, sem séu að vinna með honum, en hann sé einn við „sorteringuna" þarna í horninu, ef hann er við, enda sé hann vanastur þessu. Einnig sé Haukur stundum sjálfur við upptökuna. Hann haldi, að skv. reglunum eigi að vera minnst tveir menn við móttökuna í upptökuherberginu, en vegna manneklu sé það ekki alltaf. Í gegnum árin hafi hann orðið var við það nokkrum sinnum, að Haukur Sveinsson hafi verið undir áhrifum áfengis í vinnunni og þá hafi það yfirleitt staðið í nokkra daga í einu og svo stoppað og honum hafi fundist þetta vera að ágerast. Honum hafi verið sagt, að eftir að hann sjálfur fór í sumarfrí, þá hefði Haukur Sveinsson legið í fylliríi og hann hafi verið látinn hætta um tíma, eftir að hann kom úr sumarfríinu. Sjálfur hafi hann farið í sumarfríið, þegar Haukur Sveinsson hafi komið, eða eftir verslunarmannahelgina, og hafi ekki komið á vinnustaðinn síðan, því hann hafi lent í bílveltu og meiðst í hægri handleggnum og haft tæplega hálfan kraft í hendinni eftir því sem læknar segi. Haukur Sigurðsson lýsti síðan meiðslum sínum, fjármálum, skilnaðarmáli og þess háttar og svaraði ýmsum spurningum varðandi þau atriði, er samstarfsmenn hans höfðu bent rannsóknarlögreglunni á. Hann

var síðan settur í gæsluvarðhald í 15 daga með úrskurði, uppkveðnum sama dag.

Rannsóknin hélt áfram. 2. nóvember 1973 var Haukur Sigurðsson yfirheyrður á nýjan leik, og 5. nóvember 1973 fór rannsóknarlögreglan með stefnanda heim til hans, og gerðu þeir húsleit hjá honum. Ekkert athugavert fannst þar. Upplýstist það, að stefnandi hafi gjarnan haft skjalatösku með sér í vinnuna og látið hana standa á gólfinu við borðið eða hafði hana á borðinu. Hann gaf leyfi til þess, að taska þessi væri athuguð, en hún var skilin eftir, er hann var settur í gæsluvarðhald. Taskan var rannsökuð 6. nóvember 1973, og ekkert athugavert var að finna í henni. Hann var yfirheyrður á nýjan leik 6. nóvember, og þá skýrði hann svo frá: „Ég hef verið að hugsa um það undanfarið, hvernig á því geti staðið, að svona mikið magn af pósti hafi horfið og þá sérstaklega í einum mánuði, eða maí s.l., og hefur mér í því sambandi dottið eftirfarandi í hug, en ég hef ekki fengið mig til að segja frá því fyrr en nú. Þannig er, að einhvern tíma s.l. vetur í apríl, mars eða þar í kring skildi Haukur Sigurðsson og kona hans. Það var hún, sem rak hann út, eins og hann orðaði það sjálfur, því hann hringdi grátandi til mín og sagði mér þetta og að hann ætti engan samastað, svo við hjónin buðum honum að vera hjá okkur, og hann fékk að vera í herbergi mínu, og mig minnir, að það hafi verið frá því síðast í apríl og út maí. Það er hægt að finna þetta út, ef vitað er, hvenær honum var hent út, því hann var hjá mér frá því fyrstu nóttina. Haukur var þá algjörlega niðurbrotinn. Haukur sagði mér einnig, að konan hefði áður verið búin að gera við sig kaupmála og að hún ætti því allt saman. Ég kynnti mér þetta hjá borgarfógeta, og í kaupmálanum stóð, að konan ætti einnig allt það, sem þau eignuðust, eftir að kaupmálinn var gerður. Haukur og kona hans voru áður í leiguíbúð, og þá gerði kona hans einnig kaupmála við hann, þrátt fyrir að þau ættu sama og ekkert. Mig minnir, að það hafi verið fyrri hluta s.l. árs, að Haukur keypti íbúðina, sem þau voru í síðast, og mig minnir, að hann hafi sagt mér, að hún hafi kostað kr. tólfhundruð og fimmtíuþúsund. Ég vissi, að Haukur vann mikið í íbúðinni sjálfur, en þau leigðu hana til að byrja með. Þegar hjónin skildu, hvíldi á íbúðinni kr. 540.000.00, eftir því er mér skildist á Hauki. Á sama tíma sem þau keyptu íbúðina keypti Haukur frystikistu og þvottavél, eftir því er mér skildist á honum, en þetta síðasta var með útborgunarskilmálum. Kona Hauks vinnur í Klúbbnum. Mér skildist því,

að Haukur hefði komið allslaus út úr viðskiptunum við konuna. Haukur var mjög mikið niðurdreginn í maí s.l. Og ég fór þá að reyna að hjálpa honum og hughreysta hann og skaffa honum aukavinnu. Ég tók því Hauk úr hans venjulegu vinnu yfir til mín í upptöku á pósti, „sorteringu" og tilkynningu á ábyrgðarbréfum, og hann var í þessu, á meðan hann bjó hjá mér. Vann fyrir aftan mig og með mér á vinnustaðnum. Ég held, að Haukur hafi notað lítið vín á þessu tímabili, því hann stundaði vinnuna eins og honum bar. Ég varð hins vegar aldrei var við neitt misjafnt hjá honum, enda datt mér ekki slíkt í hug, þó að ég vissi, að eitt og eitt bréf glataðist á löngum tíma. Svo fór ég í sumarfrí í júníbyrjun og kom aftur þann 1. ágúst, að mig minnir, eða um þau mánaðamót, og þá fór Haukur Sigurðsson í frí, en þá var hann búinn að búa í herbergi út í bæ í mánuð og svo um tíma hjá Axel. Haukur kom og kvaddi mig og sagðist ætla norður, og svo vissi ég ekki meira um það, fyrr en hann hringdi til mín að norðan frá Hólmavík, eða hvaðan það var, og sagðist hafa lent í bílslysi, sagðist hafa hvolft bílnum. Svo þegar hann kom suður, þá sagði hann mér, að hann hefði gert tilraun til að drepa sig fyrir norðan með því að taka inn of mikið af töflum. Hann sagði mér, að hann hefði verið að aka yfir einhverja heiði á leið norður og þá hefði þyrmt yfir sig og hann farið að aka á ofsahraða. Ég spurði, hve mikinn hraða. Hann sagði 80 til 90 km og þá hefði hann lent í lausamöl og velt bílnum og farið þrjár veltur. Mér skildist, að hann hefði svo látið draga bílinn til Hólmavíkur og svo á Akranes. Mér skilst, að það hafi ekki verið búið að gera við bílinn fyrir stuttu síðan, en Haukur var búinn að kaupa talsvert í bílinn og senda upp eftir, enda var hann að koma í heimsókn til mín, borða og hringja upp eftir. Haukur sagði mér, að frændi sinn eða vinur ætti bílinn. Um leið og Haukur kom suður, keypti hann bíl af manni, sem vann í póstinum, útibúinu að Arnarbakka, eða R-g, og greiddi fyrir hann kr. 90.000.00 eða kr. 100.000.00, og ég held, að hann hafi borgað bílinn út. Seljandinn á heima í Strandasýslu og er farinn þangað. Ég spurði Hauk, hvaðan hann hefði fengið peninga fyrir bílnum. Mig minnir, að hann hafi sagt, að hann hafi „reddað" þeim fyrir norðan. Ég spurði hvernig. Hann sagði pabbi minn og mamma, en þau eru hætt að búa, en eru á jörð hjá sonum sínum, sem eru ógiftir. Það var öðru hvorum megin við s.l. áramót sem Haukur keypti notaðan bíl. Í því sambandi vissi ég, að hann tók kr. 50.000.00 víxillán, sem hann átti að greiða með kr. 5.000.00 á 3 mánaða fresti. Mig minnir, að það standi eftir kr. 25.000.00.

Ég skrifaði upp á víxilinn. Hve mikið bílinn kostaði, veit ég ekki, bíll þessi var skráður á konu Hauks, svo hún fékk hann eða hann skilaði henni bílnum. Svo sagði Axel mér, að hann hefði keypt úr fyrir á kr. 8.600.00, sem Haukur hefði greitt með gjaldeyri, er þetta barst í tal á milli okkar. Ég spurði Axel, hvernig á þessu stæði, þar sem maðurinn væri alveg á bláþræði, og ég vildi, að hann léti kaupin ganga til baka. Svo fór ég að tala um þetta við nafna sjálfan og reyna að fá hann ofan af þessu, en hann eyddi þessu. Ég sagði nafna að reyna að láta kaupin ganga til baka, en sagðist þá bara selja úrið sjálfur og reyna að græða á því. Ég spurði nafna, hvar hann hefði fengið gjaldeyri, hann sagði orðrétt „ég skrapaði honum saman". Einhvern tímann á þessu tímabili nefndi Haukur, að kona hans hefði borið á hann, að hann hefði stolið frá henni gjaldeyri og peningum og gott ef ekki var bók líka og hann var hálfgrátandi út af þessum áburði. Ég veit til þess, að Haukur keypti einnig sjónvarp í sumar, ég man ekki, hvort það kostaði kr. 5.000.00 eða kr. 10.000.00. Haukur er í 12. launaflokki, og mér vitandi hefur hann ekki unnið þetta ár, nema við póststörf, og hann sagði mér, að hann hefði unnið litla aukavinnu, meðan ég var í burtu. Hann hefði ekki haft skap í sér til að vinna, því hann hefði verið það langt niðri. Það var einhverntíman eftir að Haukur flutti inn til Axels, að við hjónin fórum í heimsókn til hans, en þá var hann að drekka áfengi og sýndi okkur bréf, sem hann hafði skrifað og átti að lesast eftir hans dánardag, en þá var hann eitthvað að tala um, að hann hefði ætlað að fyrirfara sér. Ég man ekki, hvað hann sagði um það. Ég hef verið að athuga skrárnar, sem þið Árni Þór gerðuð, og mér finnst það vera áberandi, að mest af þeim bréfum, sem hafa horfið, eru frá þeim útibúum og póstafgreiðslustöðum utan af landi, t. d. Akureyri, sem skrá „summetrist", en þessi kráning finnst mér ekki nógu fullnægjandi."

Daginn eftir þessa skýrslu stefnanda, 7. nóvember 1973, kom Haukur Sigurðsson aftur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu. Hann sagði frá ýmsum atriðum, sem Haukur Sveinsson hafði skýrt frá daginn áður, og hann sagði m. a. frá því, að hann hefði farið af heimilinu fyrstu dagana í maí eða e. t. v. í kringum þann 8. maí. Þá hafi hann strax farið heim til nafna síns og það hafi verið einhvern tíma eftir það sem eiginkona hans hafi hringt í hann og borið á hann, að hann hefði stolið frá henni gjaldeyri. Hann hafi aldrei viðurkennt það fyrir henni, en það sé rétt, að hann hafi tekið frá henni gjaldeyri þann, sem hann hafi áður

skýrt frá, en það hafi hann gert um leið og hann fór að heiman. Hann haldi, að það hafi verið í kringum 100 dollarar, sem hann hafi tekið frá konunni, en það sé samt rétt, að hann hafi sjálfur keypt eitthvað af dollurum í pósthúsinu, eins og hann hafi áður verið búinn að skýra frá. Ástæðan fyrir því, að hann hafi ekki ætlað að eyða dollurum konunnar, því hann hafi ímyndað sér (sic), að þetta gæti lagast á milli þeirra og ef svo færi, hafi hann ætlað að skila konunni hennar dollurum aftur, en það hafi því verið nokkuð af dollurum konunnar og nokkuð af hans eigin, sem hafi farið í það að kaupa fyrrgreint armbandsúr. Sumarið áður hafi hann keypt gamlan bíl og greitt með kr. 50.000, sem hann hafi fengið með víxilláni og nafni hans Sveinsson hafi skrifað upp á þann víxil. Þennan bíl hafi konan fengið við skilnaðinn. Hann skýrði frá bílnum, sem hann hafði fengið þá um sumarið, og hann skýrði frá sjónvarpi, sem hann hafði keypt eftir skilnaðinn, og nánar frá sínum högum. Hann skýrði einnig frá því, að rétt væri hjá nafna hans, að hann hefði séð til þess að taka hann úr vinnunni og koma honum í upptöku á pósti og „sorteringu með honum," sem hann hafi verið svo í áfram eða hann hafi farið í vinnu Hauks Sveinssonar, eftir að hann fór í sumarfrí. Þá hafi Bjarni Guðmundsson farið stundum í hans eigið starf. Haukur Sigurðsson sagði síðan orðrétt: „Mér leið það illa á þessu tímabili, að ég gat ekki verið við mína afgreiðslu framan í fólkinu. Ég botna ekkert í öllu þessu bréfahvarfi í maí eða því, sem komið er fram frá júní, og get enga skýringu gefið á því. Ég vil geta þess, að það hefur komið fyrir, að ég hef komið upp í ábyrgðardeild, og þá hefur þó nokkuð oft komið fyrir, að þar hefur bara verið einn maður og fulltrúi ekki við, en mig minnir nú, að í þessum tilfellum hafi fólkið komið strax, að það hafi kannske verið á klósetti. Það hefur einnig komið fyrir, að enginn hefur verið í deildinni, er ég hef komið upp, þetta hefur kannske komið fyrir tvisvar, þrisvar sinnum. Ég man ekki, hvort þetta hefur verið í matar- eða kaffitíma, en ég held, að það hljóti að vera. Mig minnir, að ég hafi alltaf beðið til er einhver kom, hurðin var þá opin fram. Ég man ekki, í hvaða erindagjörðum ég hef verið í þessum tilvikum, en sennilega hef ég verið að fara upp með peningabréf. Ég er ekki að segja þetta vegna þess, að ég gruni fólkið uppi, heldur bara til, að það komi fram, að þetta hefur átt sér stað. Ég man ekki, hve langt er síðan, að þetta skeði, eða hvort það var í maí s.l., en það hefur ábyggilega verið í sumar, því ég á varla erindi upp, nema þá til að fara með peningabréf. Mig minnir, að

ég hafi unnið einhverja aukavinnu í maí s.l., því mig minnir, að nafni hafi einmitt drifið mig í það og að ég hafi því unnið töluvert mikið í aukavinnu. Annars er hægt að sjá þetta á kortunum. Ég held ég hafi unnið þá aukavinnu, sem til féll, en aukavinnan minkar, er sumarfólkið kemur. Það hefur verið reglan hjá mér að vinna þá aukavinnu, sem ég hef getað fengið."

Mönnunum var báðum sleppt úr gæsluvarðhaldi tveim dögum síðar, þann 9. nóvember. Var stefnanda, Hauki Sveinssyni, sleppt kl. 1100, en Hauki Sigurðssyni var sleppt kl. 1313. Eftir það hélt rannsókn málsins áfram og beindist þá mjög að ákveðnum þætti málsins, þ. e. að tengslum stefnanda við bréf, sem var ómerkt, en innihélt kr. 50.000 í 100 kr. seðlum.

Njörður Snæhólm rannsóknarlögreglumaður getur þess í skýrslu sinni 27. september 1973, að á fundi sínum með Matthíasi Guðmundssyni póstmeistara og Árna Þóri Jónssyni, Sigurði Ingasyni skrifstofustjóra, Axel Sigurðssyni og Pétri Eggerts fulltrúa hafi komið í ljós, að þann 15. ágúst þá um sumarið hefði verið til geymslu þykkt bréf í svokölluðum ábyrgðarbréfakassa, sem peningar séu geymdir í á daginn og um nætur, það sem ekki fari út. Á umslagið hafi verið prentað „Postbox 298 - 1501 Danmörk". Fyrst hafi verið haldið, að einhver sjóður væri geymdur þarna fyrir sölu í húsinu, en í ljós hefði komið, að svo hefði ekki verið. Guðríður Jónasdóttir hefði tekið við umslaginu til geymslu, en myndi ekki fyrir víst frá hverjum, teldi þó, að það hefði verið frá Hauki Sveinssyni. Umslagið hafi þá verið opnað og í ljós hefði komið, að innihald þess hafi verið kr. 50.000, allt í hundrað krónu seðlum notuðum, sem menn hafi helst látið sér detta í hug, að nota hefði átt erlendis. Skriflegt vottorð hafi hann fengið í hendur varðandi opnun á umslagi þessu og talningu á innihaldi þess. Njörður Snæhólm lét senda telexskeyti til póstþjónustunnar í Kaupmannahöfn með fyrirspurn um, hver hefði póstbox það, er á bréfið eða á umslagið var stimplað. Til baka kom svar um, að það væri Helge Koch Trading, Dampfærgevej, 10 DK — 2100, København Ö. Hann hafi látið athuga í danska sendiráðinu, hvers konar fyrirtæki þetta væri í fyrirtækjaskrá. Út úr því hafi ekki komið annað en að það mundi vera fyrirtæki, sem tæki að sér smápakka sendingar. Hann hafi því fengið Interpol Ísland til að senda Interpol Kaupmannahöfn telex með fyrirspurn um, hvers konar fyrirtæki þetta væri. 15. október hafi komið svar við því svohljóðandi: „Nævnte firma har agentur for et russisk firma og udsteder licenser for afsendelse af gavepakker til U.S.S.R. Licenser

udstedes kun til firmaet Deacon A/S, samme adresse og administration som fa. Koch Trading."

Guðríður Jónasdóttir, starfsmaður í skráningardeild á 2. hæð, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 22. október 1973. Sagði hún þá, að einhvern tíma um mánaðamótin júlí og ágúst þá um sumarið hefði stefnandi komið upp til hennar kvöld eitt um kl. 1800 til 2000 og hann hefði þá verið með umslag, sem hann hafi beðið hana að geyma í peningakassa yfir nóttina. Algengt hafi verið, að yfirmenn í pósthúsinu hafi fengið að geyma peninga í kassanum, sem sé læstur inni í peningaskáp um nætur. Stefnandi hafi sagt henni óspurður, að í umslaginu væru 100 kr. seðlar, og hann hafi sýnt henni umslagið, en hún hafi ekki litið á það. Hún hafi sagt honum, að hann mætti ekki hafa það opið, svo hann hafi lokað því með límbandi og látið umslagið í kassann hjá henni, en kassann geri þau upp á hverju kvöldi og þau beri peningaumslögin saman. 12. ágúst hafi hinn varðstjórinn komið og þá hafi hann rekist á umslagið og spurt, hver ætti það. Hún hafi þá alveg verið búin að gleyma þessu og hún hafi haldið, að Magnús varðstjóri hefði haft það, því hann sé gjaldkeri fyrir kaffistofuna. Svo hafi Magnús komið, en hann hafi ekkert kannast við þetta og ekki hinn varðstjórinn heldur, svo þá hafi verið farið að athuga umslagið, en ekkert hafi verið skrifað utan á það. Hún hafi haldið, að stefnandi væri búinn að taka umslagið, enda sé hann vanur að skrifa nafn sitt á allt. Einn daginn, er hún hafi komið á vakt, hafi fulltrúarnir spurt hana, hvort hún vissi, hvað væri í umræddu umslagi, en því hafi hún neitað. Þeir hafi þá verið búnir að athuga umslagið og þeir hafi sagt, að í því hefðu verið 100 krónu seðlar, þá hafi hún farið að hugsa um þetta og munað, að Haukur hafi sagt, að í umslaginu, sem hún hafi geymt fyrir hann eða hann látið í kassann hjá henni, væru 100 krónu seðlar. Hún geti ekki sagt um það, hvort umslagið, sem fulltrúarnir hafi sagt, að 100 krónu seðlarnir væru í, væri sama umslagið og það, sem Haukur lét í kassann hjá henni. Hana minni, að Haukur hafi bara verið hjá þeim nokkra daga, eftir að hann kom úr sumarfríi sínu og er hann lét umslagið í kassann. Sjálf hafi hún farið í sumarfrí þann 12. september, en þá hafi Haukur verið farinn aftur og hafði ekki verið í vinnu í lengri tíma. Hún hafi komið til baka 26. september, en þá hafi Haukur ekki verið kominn, en hann hafi komið nokkru seinna. Árni hafi þá beðið hana um að spyrja Hauk að því, hvort hann hefði ekki beðið hana fyrir umslag, og hún hafi gert það. Haukur hafi þá sagt: „Heyrðu, nei, ég man ekki að hafa beðið þig fyrir

umslag, heldur þú, að ég hafi ekki verið í lagi?." Hún hafi sagt honum, að hún hefði ekki tekið eftir því. Haukur hafi þá spurt, hvar umslagið væri. Hún kveðst hafa haldið, að það hafi verið sett í geymslu til Haralds, er hún hafi farið í frí, því þá hafi kassinn verið hreinsaður. Þetta hafi verið á laugardagsmorgni og Haukur hafi spurt, hvort þau gætu ekki farið til Haralds og náð í umslagið, en Haraldur hafi þá ekki verið að vinna. Strax á mánudegi hafi Haukur svo farið til Haralds og sagst vera að sækja umslag, en hann hafi ekki fengið það og hann hafi komið til hennar og sagt, að Haraldur kvæðist ekki vera með neitt umslag. Hún hafi þá sagt honum að tala við póstmeistarann, en eftir það hafi Haukur verið að tala um, að hann myndi ekkert eftir því að hafa beðið hana fyrir umslag eða hvað í því hefði verið.

Daginn eftir 23. október 1973 gaf Magnús Erlendsson póstvarðstjóri skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Hann var spurður um bréf þetta, og hann sagði, að hann hefði farið í sumarfrí 13. ágúst þá um sumarið, en komið í vinnu niður eftir um kringum þann 10. september. Þá hafi Jakob sýnt honum þykkt umslag og spurt, hvort hann kannaðist við það, og sagt, að sér hefði dottið í hug, að hann hefði látið það þarna í kassann og að það væri frá Póstmannafélaginu. Magnús hafði ekki kannast við þetta stóra þykka umslag, sem honum hafi verið sýnt, enda ekki frá honum komið. Umslagið hafi verið alveg autt, en eitthvað á dönsku í einu horni þess. Þegar Jakob hafi ekki fundið neitt út úr þessu, hafi hann og Jakob ásamt Grími og Jóni ákveðið að rífa upp umslagið til að ganga úr skugga um, hvað í því væri, og hvort nokkuð væri þar að finna um eigandann. Þeir hafi rifið upp umslagið og þá hafi komið í ljós, að ekkert hafi verið í því annað en íslenskir hundrað króna seðlar, sem þeir hafi talið, og hann minni, að það hafi verið kr. 50.000 í allt, en ekkert um eigandann. Þeir hafi þá lokað umslaginu strax og farið með það til Sigurðar eða Árna, að þá minni. Núna í þessum mánuði (þ. e. í október) hafi Haukur Sveinsson komið til hans og sagt, að hann skildi ekkert í Haraldi Sigurðssyni. Hann hafi sagt, að hann hafi farið fram á það við Harald, að hann léti sig hafa bréf, sem hann hefði sett í kassann, en Haraldur hefði ekki viljað kannast við að hafa það undir höndum. Mætti hafi skilið strax, við hvaða bréf Haukur átti, því Árni hafi verið búinn að tala um, að þeir skyldu ekki minnast á bréfið, og hann hafi því látið sem hann vissi ekki, um hvaða bréf Haukur var að tala, og hafi spurt hann að því, hvort þetta hefði verið eitthvað merkilegt bréf. Þá hafi Haukur sagt: „Það er nú djöfullinn

sá, að ég man ekki, hvað var í bréfinu.“ Þá hafi mætti spurt Hauk, hvort það hefðu verið peningar í því, en hann hafi ekki sagst vita neitt um það. Það væri það skrýtna, að hann myndi það ekki. Mætti hafi þá spurt, hvort hann myndi virkilega ekki eftir, hvað hefði verið í bréfinu. Haukur hafi sagt, að hann gæti ekki komið því fyrir sig. Mætti hafi þá spurt hann, hvað þetta væri, hvort hann hefði verið fullur. Haukur hefði þá svarað: „Nei, það held ég nefnilega ekki, en ég get ekki komið því fyrir mig“.

Jakob Tryggvason póstvarðstjóri var spurður um þetta hjá rannsóknarlögreglu 23. október 1973. Hann sagðist hafa séð stórt og fremur þykkt umslag í kassanum, þegar hann kom úr fríi 16. ágúst. Hann hafi spurt Guðríði, hver ætti bréfið, en það hafi hún ekki vitað. Hann hafi látið þetta vera, þar til Magnús kom, því honum datt í hug, að Magnús gæti hafa lagt bréfið þarna. Magnús hafi síðan ekkert kannast við þetta. Þá hafi verið ákveðið að rífa upp umslagið til að athuga, hvað í því væri. Eftir að Guðríður hafi komið úr fríinu, hafi hún verið spurð um það, hver hefði fengið henni umrætt bréf, og hann búist við, að henni hafi verið sagt, að peningar hafi verið í því. Hún hafi sagt honum, að Haukur Sveinsson hefði talað við sig og að hann teldi sig eiga þessa peninga, en Haukur hafi aldrei nefnt þetta við vitnið og vitnið ekki nema við Magnús og Guðríði.

Við fyrstu yfirheyrsluna 25. október var stefnandi spurður um þetta bréf sérstaklega, og hann skýrði svo frá: „Ég man alls ekkert eftir því að hafa beðið Guðríði í skráningardeildinni fyrir umslag eða bréf í sumar, en hún sagði mér frá því, þegar ég kom til baka, að ég hefði beðið hana fyrir eitthvert bréf. Ég minnist þess alls ekki, að mig vanti kr. 50.000, ég veit ekki, hvernig á þessu stendur, nema ef verið gæti, að þetta hefði komið upp úr einhverjum póstpokanum og ég hafi ætlað að athuga það daginn eftir með þeim þarna uppi, en mér finnst það skrýtið, að ég skuli ekki muna eftir þessu. Ég talaði við Matthías um þetta, en hann sagði, að ég væri ekkert bendlaður við það og við skyldum láta það bíða. Ég talaði einnig við gjaldkerann, Harald Sigurðsson, um þetta, en hann sagði, að ég ætti ekkert bréf hjá sér. Þó ég muni ekki eftir að hafa fengið bréfið geymt, get ég ekki fullyrt, að ég eigi það ekki. Ég spurði Gurru, hvort ég hefði þá verið undir áhrifum áfengis, er ég fékk bréfið geymt, hún sagðist ekki hafa merkt það. Ég kannast ekki við neitt fyrirtæki í Kaupmannahöfn, sem heitir Helge Koch Trading. Ég sé það núna, þegar ég hugsa betur út í þetta, að ég á ekkert í umræddu peningabréfi. Gurra

sagði við mig, að ég hefði sagt, að bréfið væri hálfopið. Ég man ekkert eftir þessu eða að hafa sett á það límband eða yfirleitt að hafa beðið hana fyrir bréfið."

Birgir Jakobsson póstvarðstjóri var yfirheyrður 1. nóvember 1973 hjá rannsóknarlögreglu. Hann var spurður um bréf þetta. Hann kvaðst hafa skotið því að í umræðum, hvort peningarnir í bréfinu gætu ekki verið það, sem Haukur Sveinsson hefði verið að innheimta fyrir Sæmund Kjartansson lækni í sjúkrasamlagspeningum. Haukur Sveinsson hefði sagt honum, að það væri bréf þarna uppi, sem hann væri sagður eiga, en þeir vildu ekki láta hann hafa það. Hann hafi þá spurt Hauk, hvort hann saknaði einskis eða hvort hann ætti þetta ekki, en Haukur hefði ekkert gefið út á það.

Hinn 7. nóvember skráði Njörður Snæhólm í rannsóknina, að í ljós hefði komið við eftirgrenslan Árna Þórs Jónssonar í Seðlabankanum, að peningar þeir, þ. e. kr. 50.000, „sem Haukur Sveinsson hafi látið í geymslu," hafi verið í 100 kr. seðlum með númerunum DA--11326251 til 300 og DA - 11323262 til 300 hafi verið settir í umferð þann 17. júlí til 9. ágúst 1972 og DA - 1197811 til 20 hafi verið settir í umferð 20. júní til 7. (sic) 1972 og DA - 9629301 til 400 var sent til Hafnar í Hornafirði þann 11. ágúst 1972, en þetta sagði Árni, að væru nýju seðlar, sem hafa haldist í búntinu og númeraröð síðan eða til er þeir komu í ljós í áðurnefndu umslagi. Búntið hefur því ekki verið tekið sundur.

8. nóvember skýrði Árni Þór Jónsson rannsóknarlögreglunni frá því, að 6. nóvember hefði Barði Árnason, skrifstofustjóri hjá Landsbanka Íslands, hringt til hans og spurst fyrir um ábyrgðarbréf nr. 355 frá Kaupmannahöfn, sem hefði verið póstlagt 10. ágúst sl. í Kaupmannahöfn. Árni hafi spurt um innihald bréfsins og hafi þá Barði sagt, að í því hefðu átt að vera kr. 50.000 íslenskar í seðlum. Árni hafi þá þegar farið að kanna kvittanabækur Landsbankans og Seðlabankans, en ekkert fannst. Einnig hafi Árni látið kanna bækur Útvegsbankans, en án árangurs. Í Landsbankabókinni hafi fundist bréf nr. 335 og hafi hann þá látið senda skeyti til póststofunnar í Kaupmannahöfn og beðið um upplýsingar um sendanda bréfsins og því næst hafi hann talað við Barða og beðið hann um að fá upplýsingar frá Kaupmannahöfn um upphæð seðla þeirra, er hefðu átt að vera í bréfinu, eða hverjum seðli fyrir sig. Hann hafi svo haldið áfram eftirgrennslan um bréfið og þá hafi komið í ljós, að þetta hafi verið peningabréf og hafi það verið skráð með innihaldi kr. 350 dönskum og á það

skráð þyngd 570 grömm. Samkvæmt skjölum póststofunnar hafi bréf þetta verið tekið upp í aðalpósthúsinu R-1 af Ásgeiri Einarssyni póstfulltrúa og Axel Sigurðssyni póstfulltrúa sunnudaginn 12. ágúst 1973 á tímabilinu frá kl. 0800 um morguninn til kl. 0900. Næst sé þetta peningabréf fært í kvittanabók frá afhendingardeild ábyrgðarbréfa til skráningardeildar á 2. hæð. Bréfið sé innfært af Axel Sigurðssyni og fyrir því kvitti Guðríður Jónasdóttir. Innfærsludagsetning í peningabréfabók í skráningardeild sé 13. ágúst 1973 og sama dag sé bréfið skráð þaðan út til tollpóststofunnar í Hafnarhúsinu og sé sú skrá nr. 239, undirskrifuð af Snæbirni Einarssyni, Melabraut 51, og Guðríði Jónasdóttur. Árni Þór hafi því næst hringt í tollpóststofuna og spurst fyrir um bréfið. Sigurður Samúelsson, starfsmaður þar, hafi fundið það í skáp undir krossbandssendingum og hafi það verið peningalaust og opið í báða enda, en í því sendibréf og bæklingar. Árni hafi svo haft samband við Barða og spurt hann, hvort hann hefði frétt nokkuð um seðlana, og hafi þá svarskeytið komið frá Kaupmannahöfn þess efnis, að upphæð í bréfinu hefði öll verið í 100 kr. seðlum. Í plöggum póststofunnar R-1 sé hvergi getið um, að umslagið hafi verið skaddað, og engin athugasemd kom frá tollpóststofunni um það. Umslagið var athugað, og var það alveg uppsprengt í annan endann, en hinn endinn upprifinn að mestu, en hluti af upprifunni sé límt aftur með glæru plastbandi áprentuðu með merki póstþjónustunnar, en band líkt þessu hafi ekki verið notað í aðalpósthúsinu R-1, en sé notað á tollpóststofunni. Starfsmenn voru síðan nánar spurðir, hvort þeir myndu eftir vinnu sunnudaginn 12. ágúst 1973. Axel Sigurðsson sagði 9. nóvember 1973, að hann myndi ekki sérstaklega eftir þessum degi. Á skránum sjái hann, að Ásgeir Einarsson, fulltrúi hjá póstmeistara, hafi tekið upp Kaupmannahafnarpóstinn þennan sunnudagsmorgun og kvittað fyrir upptökunni. Hann hafi komið með þetta beint til Axels, en þá hafi hann verið í plássi Hauks Sveinssonar. Hann hafi kvittað fyrir bréfinu og hafi það verið fyrir kl. 0900 um morguninn. Hann sé. alveg viss um, að bréfið hafi ekki verið rifið, er hann hafi tekið við því, úr því að hann hafi ekki gert athugasemd við það. Það eigi því að vera öruggt, að bréfið hafi verið heilt, er Ásgeir hafi afhent honum það. Alveg sé öruggt, að hann hafi farið með bréfið strax á eftir upp til Guðríðar og afhent henni það og hún hafi samkvæmt skránni kvittað fyrir móttökunni og eftir það viti hann ekkert um bréfið. Hann muni ekki til, að Haukur Sveinsson hafi komið í pósthúsið umræddan morgun og Haukur Sigurðsson

hafi þá verið í sumarfríi á Hólmavík. Sjálfur búist hann við að hafa farið í kaffi þennan morgun rétt upp úr kl. 1000 eða þegar hann var búinn að afhenda Guðríði fyrri sendinguna. Þá hafi Jón Helgason og Ásgeir verið uppi hjá Guðríði eftir að vera búnir að vera niðri um morguninn og taka upp erlenda flugpóstinn. Mögguleiki sé á því, að umrætt umslag hafi sprungið í kassanum hjá Guðríði, ef mikið var komið í kassann og þegar bréfunum var þrýst niður, þegar honum var lokað. Næsta dag skráði Guðríður bréfið á tollpóststofu skv. skrá nr. 239 og Snæbjörn Einarsson hafi kvittað á skrána með henni. Þau hafi því gengið frá þessum pósti í póstpoka og innsiglað hann og engar athugasemdir verið gerðar við bréfið.

9. nóvember var Guðríður Jónasdóttir spurð um þetta nánar hjá rannsóknarlögreglu. Hún kvaðst ekki muna neitt eftir bréfi því, sem hér um ræðir, en hún sjái það, að Axel muni hafa komið með það upp til sín og hún hafi kvittað fyrir því og fært það inn. Svo hafi hún gengið frá því næsta dag, eða á mánudeginum, og þá hafi bréfið verið í peningakassanum um nóttina, læstum inni í peningaskáp og þá sé hún með lykilinn af peningakassanum, en Jón með lykilinn að skápnum. Eftir skránni hafi hún og Snæbjörn fært bréfin inn næsta morgun, sett þetta í póstpoka og innsiglað hann. Hún hafi skráð, að í þessu væru danskar krónur 350, eins og standi á bréfinu. Það fari ekki á milli mála, að hefði umrætt bréf komið rifið í hendur hennar, þá hefði hún gert athugasemd við það. Hún hefði ekki sent það áfram niður í toll rifið. Hefði svo skeð, að það hefði komið sprengt upp úr peningakassanum næsta morgun, þá hefði farið á sama veg, að hún hefði gert athugasemd við það. Hún muni ekki eftir því að hafa séð Hauk Sveinsson umræddan sunnudag, en í þessari viku hafi Haukur verið í óreiðu. Hana minni endilega, að það hafi verið liðinn lengri tími en tveir þrír dagar frá því að hún tók við bréfinu í geymslu og þar til Jakob kom, þ. e. bréfinu, sem Haukur Sveinsson bað hana að geyma. Henni finnist því, að þessi tvö bréf geti ekki verið í sambandi hvort við annað, enda hefði hún strax munað eftir bréfinu, er Jakob hafi spurt um það, hefði það bara verið um þriggja daga gamalt í kassanum. Henni þyki undarlegt, að það skyldi ekki hafa verið hringt frá tollpóststofunni, hefði bréfið komið upp rifið þangað, því það passi þeir vel upp á. Þeir hringi alveg um leið, sé einhver feill í númerum eða eitthvað eins og það á ekki að vera.

Sama dag 9. nóvember 1973 var Ásgeir Einarsson, póstfulltrúi á aðalpósthúsi, yfirheyrður um þetta atriði hjá rannsóknarlög-

reglu. Honum var sýnt umrætt umslag, sem áritað var á kr. 350 danskar, og hann sagði, að hann myndi ekkert eftir því. Hann trúi því ekki, að það hefði farið fram hjá honum, ef umslagið hefði verið rifið, og hefði það verið rifið, þá hefði hann gert athugasemd við það. Hann hafi orðið að taka bréfið upp í hendurnar til að bera það saman við skrána. Það sé hins vegar ekki víst, að hann hafi athugað þyngdina. Upp úr kl. 0900 á slíkum sunnudagsmorgni séu þau bara þrjú uppi og í þessu tilviki hafi það verið hann, Guðríður og Jón fulltrúi. Þetta muni vera eini sunnudagurinn, sem hann hafi verið á vakt í ágúst 1973. Hann hafi aldrei verið á sunnudagsvakt með Hauki Sveinssyni eða Hauki Sigurðssyni og muni ekki til, að Haukarnir hafi þá komið í pósthúsið.

11. nóvember 1973 var Snæbjörn Einarsson yfirheyrður um þetta mál. Hann mundi ekki sérstaklega eftir umræddu bréfi, sem honum var sýnt. Hann skýrði svo frá, að hann þyrði þó að fullyrða, að hafi umslag þetta verið rifið á mánudeginum, er hann og Guðríður meðhöndluðu það og gengu frá því í innsigluðum poka, þá hefði það ekki farið fram hjá honum, enda hafi bara verið þrjú peningabréf vestur eftir þennan morgun. Bréf þessi geymi Guðríður í læstum peningakassa yfir nóttina, en hann sé geymdur í læstum peningaskáp og hún hafi ekki lykilinn að peningaskápnum og sá, sem sé með þann lykil, hafi ekki lykil að peningakassanum.

13. nóvember var Sigurður Samúelsson, fulltrúi í tollpóststofunni, yfirheyrður vegna þessa máls. Hann skýrði svo frá, að hann hefði farið að leita uppi skrá, eftir að Árni Þór Jónsson hringdi til hans og spurðist fyrir um ákveðið ábyrgðarbréf, sem hefði verið póstlagt í Kaupmannahöfn 10. ágúst sl. Hann hafi þá séð, að kvittað hafi verið fyrir móttöku á umræddu bréfi 13. ágúst af Guðmundi Þórðarsyni, sem hafi verið afgreiðslumaður og hafi á þessum tíma verið eingöngu í þessari tegund af pósti. Hann hafi byrjað að leita að bréfinu í tilkynningabók og þá hafi komið í ljós, að út hafi verið send tilkynning 14. ágúst, en tilkynningin hafi ekki komið inn og því hafi bréfsins ekki verið vitjað. Þegar hér hafi verið komið, hafi hann farið að leita að bréfinu í peningaskáp, þar sem geymd séu öll verðbréf. Eftir stutta leit hafi hann fundið bréfið í peningaskápnum undir krossböndum og það hafi verið talsvert af bréfum ofan á þessu bréfi. Einhvern veginn hefði bréfið getað orðið eftir, þegar ítrekað var. Ítrekanir fari nokkuð eftir vinnuafli, en það sé reynt að ítreka ekki

sjaldnar en einu sinni í mánuði, en í ágúst hafi þeir haft sumarfrísfólk. Sigurður Samúelsson skýrði síðan þannig frá: „Ég tók bréfið upp og kíkti á það og sá, að það var svolítið rifinn rétti endinn og „teipað" þar yfir. Ég fór því í símann og hringdi í Árna Þór, kátur yfir að hafa fundið bréfið. Árni spurði þá, hvernig bréfið liti út, og ég sagði honum, að það væri ofurlítið rifið í annan endann og límt „tape" yfir. Svo þá spurði hann, hvernig bréfið væri, og sagði, að það ættu að vera kr. 50.000.00 í því. Ég tók þá bréfið upp og fór að horfa inn í gatið á endanum á því og sá þá í gegnum það, og er ég leit á hinn endann, sá ég, að hann var alveg sprunginn, svo þá sagði Árni mér að skoða innihaldið, en í umslaginu var ekkert nema einhver skjöl. Ég held, að teipið á bréfinu sé frá okkur, a. m. k. erum við með samskonar tape. Ari Jóhannesson deildarstjóri var ekki við, er þetta skeði, en kom inn alveg í því að ég var búinn að athuga í umslagið, en ég var ekki búinn að sleppa símanum. Guðrún Ragnarsdóttir, sem nú er í verki Guðmundar, var þarna að aðstoða mig við leitina og fylgdi mér eftir, en mig minnir, að hún hafi byrjað í þessu verki s.l. sept., en hún hefur oft hlaupið í það áður. Ari tók svo við símanum og talaði við Árna, en í framhaldi af því setti ég bréfið á sama stað inn í skáp. Mig minnir, að hitt gamla bréfið, sem var þarna með, hafi verið heldur eldra, en það var einnig erlent og var í lagi og til sama banka. Umræddur skápur er ólæstur og opinn allan daginn, eða til um kl. 17.00, að gjaldkeri gengur frá. Skápurinn er hinsvegar á bak við, svo almenningur kemst ekki að honum, en það afgreiða allir úr honum pakka og bréf. Ég hef aldrei orðið var við þetta bréf áður og aldrei fyrr heyrt talað um það. Strax og ég tók bréfið upp, tók ég eftir skemmda endanum með teipinu, en þar rifnaði eitthvað meira í þessum meðförum, en að hinn endinn var opinn, sá ég ekki fyrr en ég fór að kíkja inn í umslagið, enda var það pressað saman. Guðmundur hefði átt að gera athugasemd við það, hefði bréfið verið rifið, er það kom í hans hendur, hefði hann tekið eftir því. Ég athugaði ekki, hvað stóð á umslaginu, fyrr en farið var að tala um það, eða upphæð og þyngd, og það hefði því alveg eins getað farið framhjá Guðmundi, enda hafði hann ekkert með það að gera, nema upphæðina kr. 350.-, sem skrifuð var á það og einnig í tilkynningabókina. Ég man ekki til, að Haukur Sigurðsson hafi nokkurntíman komið þarna vestureftir, en Haukur Sveinsson hefur komið til að sækja pakka. Ég man hinsvegar ekki til, að hann hafi komið innfyrir, þó ekki sé ólíklegt, að hann hafi gert

það. Ég var að vinna í ágúst sl. Byrjaði annaðhvort þann 8. eða 9. Ég man ekki, hvort Haukur Sveinsson kom nokkuð í ágúst. Við erum 13 póstmenn, sem vinnum þarna, og auk þess fáum við hjálp í veikindaforföllum, og svo eru 5 til 7 tollverðir, sem ganga þarna um daglega, og svo eru um það bil mánaðarleg skipti hjá þeim. Þá skilst mér, að allir hafi lykla nema lausafólkið. Það eru hinsvegar bara tveir menn, sem hafa lykilinn að skápnum, þ. e. ég og Stefán Kárason, ftr. Gjaldkerinn hefur ekki lykil að skápnum, því það þarf ekki lykil til að læsa honum, en hann gengur frá skápnum síðast eftir að hafa sett sinn peningakassa inn í hann. Ef það er hirt úr skápnum, þá verður að gera það fyrir kl. 17.00. Ég er búinn að vera þarna í ein 11 til 12 ár, og ég veit ekki til, að það hafi nokkurntíman horfið nokkuð úr þessum peningaskáp, en bréfið, sem hér um ræðir, hefði strax átt að fara í þennan skáp, þegar búið var að tilkynna það. Þess ber hinsvegar að gæta, að það geta komið margir póstpokar í einu og sérstaklega á mánudagsmorgnum, þegar það er póstur frá allri helginni. Það er helt úr póstpokunum í kerru og síðan lesið upp úr henni. Þá getur átt sér stað, að sá, sem það gerir, sé kallaður í síma eða til aðstoðar smá stund við annað, og á meðan gæti einhver fengið tækifæri til að komast í póstinn, og það ekki starfsmaður, því aðstaðan er þannig. Ég hef ekki neina hugmynd um, hvernig þetta gæti hafa átt sér stað, þ. e. að horfið hafi peningarnir úr umræddu bréfi. Ég þori ekki alveg að fullyrða, að Guðrún hafi fylgt mér eftir allan tímann, á meðan ég var í bréfathuguninni, því ég man, að hún fór í síma, en hún hjálpaði mér til að finna skrána og var fyrir aftan mig, er ég talaði við Árna Þór.

Upplesið, játað rétt. Sigurður Samúelsson."

Þá skráir Njörður Snæhólm eftirfarandi í rannsóknina: „14-11-73. Í dag fór ég niður í R-I til Árna Þórs og hafði með mér umslagið, sem peningarnir áttu að hafa verið í og fannst í tollpóststofunni. Í umslagið létum við umslagið með kr. 50.000.-, sem Guðríður átti að hafa geymt fyrir Hauk Sveinsson, létum það neðarlega í peningakassa hennar og fylltum hann svo af pósti og ýttum á hann. Síðan var tekin upp hnefafylli af bréfum úr kassanum og þar í umrætt bréf. Þá kom í ljós, að umslagið með kr. 50.000.- hafði runnið úr og orðið eftir í kassanum. Það leit því út fyrir, að umslagið hefði getað sprungið í peningakassanum, er þrýst var á póstinn til að geta lokað kassanum, og það orðið eftir

í ógáti og verið í kassanum, til er farið var að athuga það, eins og áður hefur komið fram.

Þegar fulltrúarnir hafa rifið upp umslagið til að athuga innihald þess, hafa þeir eftir athugunina marg tapað það aftur með breiðu pósthorntapi. Ekki sömu tegundar og í tollpóststofunni.

Við fórum að fletta þessu tapi upp, og þá kom í ljós að þversum undir því var annað tape, og sást, að á því var prentað eftirfarandi „Post 298 vn.V." Á að vera Postbox 298 Kvn V. En þessi stimpill er aftan á umslaginu, sem fannst í tollpóststofunni. Þarna eru því peningarnir úr því umslagi komnir.

Þrátt fyrir þetta fullyrðir Guðríður, að Haukur Sveinsson hafi fengið geymt bréf í kassa sínum og talað um, að í því væru 100 kr. seðlar, eins og áður segir. (Það gætu hinsvegar hafa verið peningar, sem hann hefur innheimt fyrir lækninn).

N. Snæhólm."

Eftir þetta er ekki minnst á umrætt bréf í rannsókn þessari. Rannsóknin hélt áfram, og voru starfsmenn ábyrgðardeildar og nærliggjandi deilda yfirheyrðir. Hinn 13. febrúar 1974 bar Árni Þór Jónsson, að póstþjófnaðarfaraldurinn virtist hafa hætt fyrri hluta júnímánaðar 1973, en sérstaklega mikið bæri á hvarfi bréfa 2. maí. Haukur Sveinsson hafi þann dag unnið mikið við innfærslu og uppgjör á orlofsbókum hinum megin í afgreiðslusalnum. Hann hafi unnið þetta verk daglega fram til 22. maí, en aðstoðað af og til í afhendingardeild ábyrgðarbréfa.

Að lokinni rannsókn rannsóknarlögreglu var skýrsla hennar ásamt fylgiskjölum send saksóknara ríkisins með bréfi sakadóms Reykjavíkur, dagsettu 5. mars 1974. Saksóknari ríkisins ritaði sakadómi bréf 3. maí 1974 og endursendi fyrrgreind rannsóknargögn og krafðist þess, að rannsókn þess yrði fram haldið fyrir dómi eftir því sem efni þættu til vera. Málið var tekið fyrir í sakadómi Reykjavíkur 21. ágúst 1974, og kom þá Haukur Sveinsson fyrir dóminn. Hann lýsti vinnutilhögun í starfi sínu á aðalpósthúsinu og sagðist aðallega hafa verið sjálfur við sundurgreiningu á ábyrgðarpósti, en þó stundum verið við að taka upp úr póstpokunum. Hann gat engar skýringar gefið á hvarfi ábyrgðarbréfa. Honum voru sýndar fyrrgreindar skrár. Þá gerði hann þær athugasemdir við þær, að t. d. í maímánuði 1973 hefðu horfið 39 ábyrgðarbréf skv. skránum, en sjálfur hafi hann þá unnið mikið í orlofsdeildinni þann mánuð. Hann virðist þó hafa hlaupið í upptöku tvo daga. Hann var spurður, hvort hann gæti skýrt það, að

ábyrgðarbréf til Amsterdam fannst inni í bunka af bréfum til Sæmundar Kjartanssonar læknis, eftir að mætti var settur í gæsluvarðhald. Hann sagði þá, að þennan sama dag hefði hann verið handtekinn og verið kominn inn í Borgartún 7 kl. 1400. Er hann hafi yfirgefið pósthúsið þennan dag, hafi þrjú eða fjögur bréf til Sæmudar læknis verið á hillu fyrir ofan sæti hans. Einhver hljóti því að hafa bætt við þau bréf og sé líklegast, að það hafi verið Birgir Jakobsson. Hann kvaðst ekki hafa verið við upptöku og sundurgreiningu þennan dag, þ. e. fimmtudaginn 25. október 1973.

Daginn eftir, fimmtudaginn 22. ágúst 1974, kom Haukur Sigurðsson fyrir dóminn. Hann lýsti starfi sínu á aðalpósthúsinu þannig, að hann kvaðst hafa haft afhendingu ábyrgðarsendinga að aðalstarfi, en er hann var á aukavakt, hafi hann stundum verið við upptöku og sundurgreiningu á ábyrgðarpósti. Hann kvaðst ekki vera valdur að hvarfi á ábyrgðarpósti úr aðalpósthúsinu og hann gæti ekki ímyndað sér, hvernig standi á hvarfi póstsins. Hann tók það fram, að ábyrgðarpóstur frá R-5 fari yfirleitt beint upp á loft, þar sem hann er sundurgreindur. Hann kvaðst vilja gera þá athugasemd við fyrrgreinda skrá, að eftir því sem þar komi fram hafi hann oft kvittað fyrir móttöku á pósti, sem hvarf. Honum finnist það skjóta skökku við, er hann kvittar fyrir póstinum og tekur hann svo. Samdægurs var málið sent að nýju til saksóknara ríkisins. Hinn 16. september 1974 ritaði saksóknari bréf og sagði: „Fyrrgreind rannsóknargögn þykja eigi veita efni til frekari aðgerða af hálfu ákæruvalds, en rétt er að halda máli þessu opnu og taka rannsókn þess upp að nýju, komi eitthvað það fram, sem verða mætti til frekari upplýsinga um málsatvik.“ Hinn 17. október s. á. var því lýst yfir af hálfu samgönguráðuneytis í bréfi til Póst og símamálastjórnar, að vegna þessa bréfs ríkissaksóknara geti ráðuneytið fyrir sitt leyti fallist á, að Haukur Sveinsson, sem veitt hafi verið lausn frá störfum um stundarsakir 12. nóvember fyrra ár, hefji störf að nýju. Stefnandi tilkynnti Póst og símamálastjórn bréflega 3. desember 1974, að hann væri reiðubúin að hefja störf að nýju. Hann hafði notið hálfra fastra launa sinna skv. 9. gr. laga 38/1954, og mánaðamótin október/nóvember 1974 fékk hann greidd þau hálfu laun, sem á vantaði, svo og laun fyrir nóvember, hann fékk einnig greidd laun í desember 1974, og lögmaður hans ítrekaði tilmæli um, að hann fengi stöðu sína að nýju í bréfi 16. desember 1974. Eins og fyrr segir, var það 9. janúar 1975, sem hann var kallaður til starfa, en ekki í sama starf og áður.

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig, að hann krefst kr. 800.000 fyrir ógreiddar aukatekjur þann tíma, sem hann hafi verið frá starfi, þ. e. frá 25. október 1973 til 9. janúar 1975. Hann hafi haft að jafnaði fastar aukavinnutekjur og verði að telja, að hann hafi tapað þeim tekjum vegna þessarar rannsóknar. Tjón stefnanda nemi ekki lægri fjárhæð en kr. 800.000 að þessu leyti. Póststjórninni hafi verið skrifað og hún beðin upplýsinga um aukatekjur sambærilegs starfsmanns á þessum tíma, en svar hafi ekki borist. Undir rekstri málsins hafi stefndi verið krafinn um svör um þetta atriði, en þau hafi engin komið. Vitað sé og viðurkennt, að stefnandi hafi unnið mikla aukavinnu og haft miklar aukatekjur í starfi sínu, og sé því stefnda að afsanna þessa fjárhæð og leggist sönnunarbyrðin á hann algerlega um þetta atriði. Stefnandi gerir einnig kröfu um miskabætur, kr. 3.000.000. Rannsóknin og gæsluvarðhaldið hafi valdið stefnanda miklum álitshnekki og miklum óþægindum og sálrænum þjáningum. Starf það, sem stefnandi sé í, sé mikið trúnaðarstarf og sé þeim, sem slík störf vinna, enn meiri hnekkir en öðrum af slíkum áburði, sem hafður hafi verið í frammi við stefnanda. Gæsluvarðhaldið hafi vitanlega ekki haft minni álitshnekki í för með sér. Fjölmiðlar hafi sagt frá rannsókninni og gæsluvarðhaldinu, en ekki hafi nein frásögn enn komið um niðurfellingu rannsóknarinnar. Miski sé viðvarandi, því póststjórnin hafi séð ástæðu til að láta stefnanda ekki aftur í sitt fyrra starf, heldur annað og á öðrum vinnustað. Stefnandi verði þannig stöðugt fyrir miskatjóni, meðan hann hafi ekki fengið sitt fyrra starf á ný. Því sé bótakrafa fyrir slíkan miska mjög í hóf stillt, kr. 3.000.000.

Rök stefnanda fyrir kröfum sínum eru þau, að samkvæmt 150. gr., sbr. 152. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 eigi stefnandi rétt á bótum frá stefnda fyrir rannsóknina og gæsluvarðhaldið. Hann reisir kröfu sína á 150. gr., sbr. 152. gr., þannig að hann uppfylli öll skilyrði, sem þar eru talin upp, þ. e. rannsókninni hafi verið hætt vegna þess, að sú háttsemi, sem hann hafi verið borinn, þ. e. hvarf ábyrgðarbréfa, hafi verið ósönnuð, enda sé hann saklaus af slíkum áburði. Öll gögn málsins sýni og, að fremur megi telja hann líklegan til að vera sýknan af áburðinum en sekan, eins og 150. gr. segi til um. Hann hafi saklaus setið í gæsluvarðhaldi og verið saklaus borinn þessari háttsemi. Því sé hér um gæsluvarðhald og rannsókn að ósekju að ræða,

en því sé ekki haldið fram af stefnanda hálfu, að gæsluvarðhaldið hafi verið ólöglegt. Aðgerðin geti hafa verið eðlileg, eins og á stóð, enda hafi hann verið í ábyrgðarstöðu og verið það í mörg ár, þegar upp komst, að hvarf var á ábyrgðarbréfum, og grunur beindist að honum og samstarfsmanni hans sérstaklega. Hann eigi hins vegar rétt á bótum beinlínis skv. 150. gr., enda hafi öll rannsóknin hnigið í þá átt, að ljóst sé, að hann sé saklaus af áburðinum. Mjög ítarleg og vandlega unnin rannsókn hafi ekkert fært fram um það, að hann ætti sök á hvarfi bréfanna. Eftir á að hyggja sé ljóst, að skrá sú, sem samin var af Árna Þór Jónssyni og Nirði Snæhólm, yfir hin horfnu bréf hafi beint grun að honum sjálfum. Það sé eðlilegt, þegar skráin er skoðuð, þar sem hún sýni, að hann og nafni hans, Haukur Sigurðsson, hafi verið viðstaddir í flestum þeim tilvikum, sem bréf hurfu. Hins vegar hafi það rifjast upp undir rekstri málsins, að í maímánuði, þegar flest bréfin einmitt hurfu, hafi hann alls ekki unnið í sínu venjulega starfi, heldur í orlofsdeild á pósthúsinu. Þegar þetta sé athugað, sé ljóst, að skráin sé byggð á misskilningi að þessu leyti og hann hafi þess vegna verið settur í gæsluvarðhald á röngum forsendum. Sé maímánuður dreginn út úr skránni, hvað honum við kemur, eins og rétt sé að gera, komi í ljós, að hann sé 28 sinnum viðstaddur, þegar bréf hverfa, en nafni hans, Haukur Sigurðsson, sé 76 sinnum viðstaddur. Hins vegar sé Fanney viðstödd 35 sinnum, Birgir Jakobsson 34 sinnum, Bjarni Guðmundsson 33 sinnum og Jóhannes Þorsteinsson 27 sinnum. Sé farið eftir forsendum þeim, sem hafðar hafi verið, sé ljóst, að allt þetta fólk virðist jafnsekt og hann sjálfur. Frumgagnið í málinu, skráin yfir hin horfnu bréf, sé því röng eða a. m. k. mjög villandi, hafi maður ekki þessar forsendur í huga. Stefndu hafi alla tíð haldið fram tveim atriðum til að sýna sekt stefnanda. Annars vegar bréf með kr. 50.000 í 100 króna seðlum, sem fundist hafi í kassa á 2. hæð hjá Guðríði Jónasdóttur, og hins vegar ábyrgðarbréf, sem átti að fara til Hollands, sem fannst við athugun á vettvangi í bréfabunka til Sæmundar Kjartanssonar læknis í hillu á vinnustað stefnanda. Um fyrra atriðið, þ. e. „danska bréfið" svokallaða, sem ítarlega sé getið um í rannsóknninni, hafi beinlínis komið í ljós við rannsóknina, að stefnandi hafi ekkert haft með það að gera, og sé því furðulegt, að stefndi skuli enn halda sér við þetta. Stjórandi rannsóknarinnar, Njörður Snæhólm, segi beinlínis, þegar lýkur rannsókn um það atriði, að stefnandi hafi þar ekkert nálægt komið. Þetta sé því miður dæmigert um gruninn, sem lagðist á stefn-

anda. Þegar bréfið hafði fundist og í ljós hafi komið, að í því voru peningaseðlar, hafi fólk strax álitið, að stefnandi ætti þar hlut að máli. Hann hafi því alltaf verið grunaður og eftir mjög ítarlega rannsókn hafi hið gagnstæða komið í ljós. Þetta beini huganum að því, að grunur samstarfsmanna stefnanda beindist að honum vegna áfengisneyslu hans og veikinda. Honum sé engin launung á því, að hann hafi á þessum tíma átt við áfengisvandamál að stríða, en ekki megi af þeim sökum ályktа, að hann hafi verið valdur að hvarfi bréfanna. Það hafi þó gerst í máli þessu. Eftir að rannsókn hafi lokið, virðist ekkert hafa verið gert til að ljúka málinu og finna hinn seka. Upplýst sé, að Haukur Sigurðsson, samstarfsmaður hans, hafi verið viðstaddur, þegar 76 bréf hurfu, langoftast af öllum, sem þarna unnu, en þó hafi ekki verið meira að gert. Einnig sé upplýst, að Haukur Sigurðsson hafi orðið uppvís að því að taka ófrjálsri hendi muni á vinnustað þeim, er hann vann á í september 1974, og að rannsóknarlögreglan hafi yfirheyrt hann vegna þess.

Hitt atriðið, sem stefndu beini gegn stefnanda og telja, að sýni sekt hans, sé, að ábyrgðarbréf hafi fundist í bunka af bréfum til Sæmundar Kjartanssonar læknis sunnudaginn eftir að stefnandi var settur í gæsluvarðhald, en það hafi gerst á fimmtudegi. Ályktі stefndi, að stefnandi hafi á fimmtudeginum verið í sundurgreiningu frá kl. 1310 til kl. 1400 eða á þeim tíma. Öllum hafi verið kunnugt um, að stefnandi tæki póst Sæmundar Kjartanssonar og færi með hann til hans. Hins vegar hafi stefnandi alls ekki sundurgreint póst fimmtudaginn 25. október 1973, þar sem hann hafi verið að aðstoða afgreiðslustúlku við að leita að ábyrgðarbréfi. Þetta sé upplýst og sannreynt í málinu. Einhver annar hljóti því að hafa sett bréf þetta í bunkann, en upplýst sé, að bréfið hafi verið tekið upp þennan dag. Þegar hann hafi farið af vinnustaðnum fyrir kl. 1400, hafi eingöngu legið nokkur bréf til Sæmundar í hillunni, ekkert í líkingu við þann bunka, sem á að hafa legið þar á sunnudeginum með ábyrgðarbréfið falið.

Að öllu þessu athuguðu sé ljóst, að uppfyllt séu skilyrði XVIII. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, að stefnandi eigi rétt á bótum fyrir gæsluvarðhald að ósekju. Það geti ekki verið tilgangur laganna, að stefnanda og þeim, sem standi í hans sporum, beri að sanna sakleysi sitt fullkomlega fyrir dómstólnum. Til þess þurfi sakadómsmeðferð, sem sé ekki á valdi stefnanda, heldur ríkisvaldsins.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að ekki sé full-

nægt skilyrðum 150. gr. og 152. gr. XVIII. kafla laga nr. 74/1974. Í fyrsta lagi sé alls ekki fullnægt því skilyrði 150. gr., að rannsókn skuli hætt. Rannsókninni hafi ekki verið lokið, heldur aðeins frestað, og hún verði tekin upp að nýju, komi eitthvað frekar fram. Þetta eitt sýni, að ekki sé unnt að taka til meðferðar kröfu eins af aðiljum rannsóknarinnar og þess, sem grunur hefur helst beinst að, og dæma um það í einkamáli, hvort hann sé líklegur til að vera saklaus eða sekur. Sé hins vegar af dómstólsins hálfu talið, að þetta skilyrði sé uppfyllt, þá komi til það skilyrði, að fremur megi telja stefnanda saklausan af hinni saknæmu háttsemi. Ljóst sé, að þetta skilyrði sé alls ekki uppfyllt. Rannsókn málsins hafi verið mjög ítarleg og leitt margt í ljós, en þó ekki svo óyggjandi sannanir, að ákæruvaldið hafi séð ástæðu til að krefjast refsingar yfir stefnanda. Í máli því, sem hér liggi fyrir, hafi þetta þó enga meginþýðingu, þar sem hér sé um frjálst líkindamat dómara að ræða. Leiðbeiningarreglan sé orðuð þannig í 2. mgr. 150. gr. laganna, að fremur megi telja stefnda saklausan en sýknan. Eftirfarandi atriði komi í veg fyrir, að þetta sé unnt: Í fyrsta lagi sýni skýrsla sú yfir hin glötuðu bréf, að stefnandi hafi verið á vinnustað, þegar 57 bréf hurfu. Í ljós hafi komið, að stefnandi hafi á tímabili í maí 1973 verið í annarri deild við afgreiðslu orlofsfjár, en það hafi verið íhlaupavinna og hann hafi jafnframt verið í sínu aðalstarfi. Haukur Sigurðsson hafi skv. skýrslunni verið oftast á vinnustað, þegar bréfin hurfu, og einmitt unnið við upptöku og sundurgreiningu í maí, þegar flest þeirra hurfu. Þótt margt bendi á Hauk Sigurðsson í þessu sambandi, hafi ákæruvaldið ekki séð ástæðu til að krefjast refsingar yfir honum. Í öðru lagi sé bréfið, sem fannst í bunka af pósti, sem átti að fara til Sæmundar Kjartanssonar læknis. Stefnandi hafi enga skýringu gefið á þessu bréfi, þótt hann væri ítrekað spurður, en hafi fyrir sakadómi reynt að koma þessu á Birgi Jakobsson. Birgir hafi sjálfur borið um þetta og hann hafi lýst því, hvernig bréfin voru á hillunni, þegar hann tók við sundurgreiningunni, eftir að stefnandi var farinn til yfirheyrslu. Birgir hafi borið, að teygja hafi verið utan um bunkann, sem lá í hillunni, þegar stefnandi fór. Stefnandi hefur ítrekað sagt, að í hillunni hafi aðeins legið „nokkur bréf". Birgir hafi borið, að ekkert hafi bæst við bréf til Sæmundar Kjartanssonar þennan fimmtudag, en daginn eftir hafi komið viðbótarpóstur. Þann póst hafi Birgir farið með fram í boxin og beðið um, að þau yrðu send í útburð. Upprunalegi bunkinn hafi því ekki verið snertur og póstmeistari hafi tekið

hann upp og skoðað næsta sunnudag og þá hafi ábyrgðarbréfið fundist í bunkann. Bréf þetta hafi verið tekið upp fimmtudaginn, sem stefnandi fór. Þann dag hafi upptökunni lokið kl. 1310. Stúlkan, sem bað stefnanda að hjálpa sér að leita að ábyrgðarbréfi þennan dag, hafi borið, að það hafi verið kl. 1330. Allt bendi því til þess, að stefnandi hafi byrjað að sundurgreina bréfin eftir kl. 1310 og til kl. 1330. Þá hafi hann getað stungið bréfi þessu í bunkann til Sæmundar. Ekkert bendi til, að neinn annar hafi gert það, og Haukur Sigurðsson hafi ekki komið á vinnustað þennan dag. Í þriðja lagi hafi stefnandi enga skýringu gefið á aðild sinni að bréfi því, sem fannst í peningakassa á 2. hæð og innihélt kr. 50.000 í 100 króna seðlum. Í rannsókninni hafi komið í ljós, að peningar þessir hafi komið frá Kaupmannahöfn. Á þeim tíma hafi stefnandi beðið um, að bréf væri geymt fyrir sig, einmitt með 100 króna seðlum, sem hann hafi síðar ekkert kannast við.

Auk þessa andmælir stefndi fjárhæð kröfu stefnanda og bendir sérstaklega á, að honum hafi verið greiddur sá helmingur fastra launa, sem haldið hafi verið eftir skv. 1. mgr. 91. gr. laga nr. 38/1954. Frekari greiðslum eigi stefnandi ekki rétt á fyrir þann tíma, sbr. 2. mgr. 9. gr. sömu laga. Kröfu stefnanda byggða á því, að um viðvarandi miska sé að ræða, sé einnig alfarið andmælt, þar sem ekki sé það miski að flytja mann milli starfa skv. 33. gr. sömu laga.

IV.

Niðurstaða.

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 16. september 1974, þótti ekki efni til frekari aðgerða af hálfu ákæruvalds. Talið var þó rétt að halda málinu opnu og taka rannsókn þess upp að nýju, kæmi eitthvað fram, sem verða mætti til frekari upplýsinga um málsatvik. Í máli þessu hefur ekkert komið fram um, að rannsókninni hafi verið haldið áfram. Þegar svo stendur á, og liðin eru hátt á þriðja ár frá því ákvörðun ríkissaksóknara var tekin, verður að telja, að skilyrði 2. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 um, að rannsókn hafi verið hætt, standi ekki í vegi fyrir því, að kröfur stefnanda nái fram að ganga.

Annað skilyrði er, að fremur megi telja stefnanda líklegan til að vera sýknan en sekan af því að vera valdur að hvarfi ábyrgðarbréfa á aðalpósthúsinu.

Varðandi bréf það, sem var í peningakassa á 2. hæð í umsjá Guðríðar Jónasdóttur og í voru 100 krónu seðlar, sem sendir höfðu verið frá Kaupmannahöfn, kom í ljós, að stefnandi hafði

hvergi nálægt komið, þegar bréfið var móttekið hér á aðalpósthúsi og sent áfram á tollpóststofu. Rannsóknin í heild bendir til þess, að stefnandi hafi hvergi nálægt þessu bréfi komið.

Skrá sú, sem gerð var yfir hin horfnu ábyrgðarbréf, sýnir, að langflest bréfanna hurfu á vakt stefnanda, Hauks Sigurðssonar (sic), en hinni vaktinni stjórnaði Birgir Jakobsson. Skráin sýnir, að í maímánuði hurfu 29 bréf. Upplýst er, að í þeim mánuði vann stefnandi talsvert við afgreiðslu orlofsfjár annars staðar í salnum. Þegar þetta er virt og einnig, að Haukur Sigurðsson hefur kvittað fyrir upptöku 26 þessara bréfa, en stefnandi 2, verður að telja, að stefnandi hafi verið minna í sínu venjulaga starfi þennan mánuð en skráin gefur til kynna. Fallast verður á það með stefnanda, að sé maímánuður í heild tekinn út úr, þá beri skráin ekki með sér, að stefnandi hafi yfirleitt verið oftar í návist hinna horfnu bréfa en aðrir starfsmenn deildarinnar.

Bent er á það af stefnda hálfu, að ekki hafi verið gerð grein fyrir því, hvernig ábyrgðarbréf, sem fara átti til Hollands, hafi komist í bunka af bréfum, sem stefnandi hafði lagt til hliðar á hillu við sæti sitt. Þegar rannsóknin er vandlega athuguð, kemur í ljós, að sá, sem hefur verið í sundurgreiningunni fimmtudaginn 25. október 1973, hefur tekið þetta bréf og skotið því undan, þar sem það hefði ella farið sína leið upp á loft. Ljóst er, að annað hvort hefur stefnandi sjálfur sett bréfið þarna eða það hefur annar gert, sem hefur viljað láta líta svo út sem stefnandi hafi gert það.

Með framburðum starfsmanna fyrir rannsóknarlögreglu verður að telja í ljós leitt, að munur hafi verið á vinnuaðferðum á vöktum þeim, sem í deildinni unnu. Stefnandi og Haukur Sigurðsson virðast hafa gert meira af því að taka einir upp póstinn og sundurgreina hann, en á vakt Birgis Jakobssonar virðast fleiri hafa unnið saman í einu.

Meðan afbrotið er óupplýst, hjóta allir, sem bönd hafa borist að, að liggja undir grun, þangað til eitthvað það kemur í ljós, er bendir til sýknu þeirra. Böndin bárust að stefnanda og starfsmanni hans Hauki Sigurðssyni. Þegar haft er í huga, að ábyrgðarbréfin hurfu langflest á vakt þeirri, sem stefnandi stjórnaði, og einnig höfð í huga afdrif ábyrgðarbréfsins, sem fara átti til Hollands, en fannst í bunka við sæti stefnanda, er ekki unnt að segja, að stefnandi verði fremur talinn líklegur til að vera sýkn en sekur. Skilyrðum 2. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 er því ekki fullnægt, og ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir öllum atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 173. gr. laga nr. 85/1936, greiðist gjafsóknarkostnaður stefnanda úr ríkissjóði. Kostnaðurinn ákveðst kr. 520.000, og þar af ákveðast málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, ríkissaksóknari og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Hauks Sveinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 520.000, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.000.

Fimmtudaginn 8. maí 1980.

Nr. 63/1980. **Félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytis**
gegn
Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta, skiptaráðanda í Reykjavík.

Kærumál. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Kæra sóknaraðilja er dagsett 11. apríl 1980. Hún barst Hæstarétti 17. s. m. Krefst sóknaraðili þess, „að lagt verði fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að kveða upp efnisúrskurð um málið með eða án endurupptöku skipta". Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Jón Sigurgeirsson, fulltrúi skiptaráðanda, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973. Engar kröfur eru gerðar af hálfu skiptaráðanda.

Mál þetta er dæmt í Hæstarétti samkvæmt lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Bú Álfaborgar h/f var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 11. maí 1979. Innköllun til kröfuhafa var gefin út 5. september s. á. Með bréfi 17. október s. á. lýsti Hildur Herbertsdóttir kröfu í búið, að fjárhæð 81.515 krónur, og krafðist þess, að krafan yrði greidd úr búinu sem forgangskrafa, þar sem um væri að ræða vangoldin vinnulaun. Sú grein var gerð fyrir kröfu þessari, að Hildur, sem hafði starfað hjá félaginu á árunum 1976 og 1977, hefði fengið greitt meðaltímakaup í stað dag-, eftir- og næturvinnukaups. Engar eignir voru í þrotabúinu, og var skiptum í því lokið með vísan til 120. gr. laga nr. 6/1978 hinn 9. janúar 1980. Með bréfi 20. febrúar 1980 til félagsmálaráðuneytisins krafðist Hildur greiðslu kröfunnar úr ríkissjóði ásamt vöxtum og kostnaði. Ekki fylgdi þeirri kröfulýsingu umsögn skiptaráðanda samkvæmt 6. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 302/1975. Hinn 3. mars 1980 ritaði félagsmálaráðuneytið skiptaráðandanum í Reykjavík bréf og beiddist umsagnar hans um áðurgreinda kröfu. Var þess óskað, að í umsögninni kæmu fram eftirtalin atriði:

„1. Hvenær gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp.

2. Hvort kröfunni fylgi forgangsréttur skv. lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. (sjá lög nr. 23/1979).

3. Hvort viðkomandi launþegi hafi átt hlut í hinu gjaldþrota fyrirtæki eða hafi verið forstjóri þess eða stjórnarmaður, eftir að fjárhag þess fór verulega að halla. Hafi launþeginn átt hlut í fyrirtækinu, þarf að upplýsa, hve stór sá hlutur var.

4. Hvort kröfunni hefur verið lýst í þrotabúið innan innköllunarfrests. Þetta á þó ekki við, ef innköllun hefur ekki verið gefin út vegna þess, að búið reyndist eignalaust".

Jón Sigurgeirsson, fulltrúi skiptaráðanda, svaraði fyrir-

spurn þessari með bréfi 11. mars 1980, og segir þar m. a. svo:

„1. Gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp 5. 9. '79 og birtur í Lögbirtingablaðinu hinn 19. 9. '79.

2. Skiptum í búinu var lokið 9. janúar s.l. með vísan til 120. gr. l. nr. 6/1978, án þess að nokkur greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, og hefur því ekki verið skorið úr því, hvaða kröfur njóti forgangsréttar. Spurningu ráðuneytisins í 2. tl. bréfs þess er því ekki unnt að svara. Forgangskrafa hefur verið gerð, og ekki hefur krafan sætt mótmælum á skiptafundi.

3. Hildur Herbertsdóttir er ekki skráður hluthafi í Álfaborg h/f. Ekki hefur komið fram í málinu, að viðkomandi hafi verið forstjóri fyrirtækisins eða í stjórn þess.

4. Kröfunni var lýst í tæka tíð innan innköllunarfrests".

Með bréfi 25. mars 1980 krafðist félagsmálaráðuneytið formlegs úrskurðar skiptaráðanda „skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979, um það, hvort umrædd krafa fellur innan ríkisábyrgðar". Þessu svaraði skiptaráðandi með bréfi 31. mars 1979, þar sem m. a. segir svo: „Skiptum í þrotabúi Álfaborgar h/f var lokið 8. (sic) janúar s. l. með vísan til 120. gr. l. nr. 6 frá 1978 um gjaldþrotaskipti . . . Ekki er að finna heimild í lögum um endurupptöku skipta í tilviki sem þessu, og verður því að synja beiðni ráðuneytisins".

Gögn máls bera með sér, að krafa sú, sem um ræðir, er talin vera vegna vangoldinna vinnulauna á tímabilinu frá nóvember 1976 til júní 1977. Tekur því ákvæði 2. gr. laga nr. 8/1979 um heimild félagsmálaráðuneytis til að leita úrskurðar skiptaréttar ekki til kröfu þessarar, sbr. 3. gr. sömu laga.

Þegar af þessari ástæðu verður krafa sóknaraðilja ekki tekin til greina.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Kröfur sóknaraðilja, félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytis, eru ekki teknar til greina.

Föstudaginn 9. maí 1980.

Nr. 30/1978. **Einar Valur Ingimundarson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hdl.).

Opinberir starfsmenn. Ráðningarsamningur. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Jónatan Þórmundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. febrúar 1978. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð kr. 3.217.055 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1975 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað allan í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 30. janúar 1978.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Baldur Johnsen, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, undirritaði hinn skriflega ráðningarsamning við áfrýjanda, dags. 15. janúar 1974. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir verða að leggja samning þennan til grundvallar um starfskjör áfrýjanda. Verður ekki á það fallist með áfrýjanda, að vikja beri til hliðar ákvæði samningsins um ráðningartíma vegna þess, að samningurinn hafi verið staðlaður og gerður til málamynda, eða vegna þess, að

ákvæði 32. gr. laga nr. 7/1936 eigi við um hann. Ekki verður heldur talið, að ákvæði laga nr. 38/1954 eða laga nr. 12/1969 hafi girt fyrir það, að áfrýjandi væri til að byrja með ráðinn tímabundinni ráðningu. Er hér bæði á það að líta, að sérstaklega er gert ráð fyrir því í 6. tl. 4. gr. hinna fyrrnefndu laga, að skipa megi menn í stöðu með tímabundnu skipunarbréfi, svo og að áfrýjanda var með ráðningarbréfinu falið að gegna stöðu, sem ekki hafði verið auglýst laus til umsóknar.

Það verður að vísu að ætla, að bæði áfrýjandi og yfirvöld heilbrigðismála hafi gert ráð fyrir því, að hann mundi koma til með að gegna starfi sínu til frambúðar, þó að ráðning hans væri að sinni eingöngu til skamms tíma. Þetta leiðir þó ekki til þess, að skylt hafi verið að endurráða áfrýjanda eða skipa hann í stöðuna, þegar upphaflegur ráðningartími hans var út runninn, heldur verður að telja, að ákvörðun um ótímabundna skipun hans eða ráðningu hafi átt að taka m. a. með tilliti til fenginnar reynslu af störfum hans. Þar sem fallast verður á það, er segir í héraðsdómi, að áfrýjandi hafi hagað framhaldsnámi sínu og rannsóknum árið 1974 með öðrum hætti en forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins hefði gert ráð fyrir, er áfrýjandi var ráðinn til starfa, og enn fremur það, að ósannað sé, að annað en málefnaleg sjónarmið hafi ráðið þeirri ákvörðun forstöðumannsins að mæla ekki að svo komnu með endurráðningu áfrýjanda, þykir samkvæmt öllu því, sem rakið hefur verið, eiga að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 450.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Einars Vals Ingimundarsonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði,

þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 450.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. nóvember 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 16. júní 1976.

Stefnandi málsins er Einar Valur Ingimundarson menntaskólakennari, Ljósalandi 19, Reykjavík. Stefndu eru heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði f. h. ríkissjóðs dæmt að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 3.217.055 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1975 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Stefndu gera þær dómkröfur *aðallega*, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins. *Til vara* krefjast stefndu þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Í stefnu hefur lögmaður stefnanda gert svofellda grein fyrir málinu:

„Málavextir eru þeir, að stefnandi lauk prófi í efnaverkfræði í Manchester árið 1972. Haustið 1973 lauk hann meistaragráðu með ritgerð, er nefndist „A Critical Appraisal of Ocean Outfall Design", einnig í Manchester.

Er stefnandi var staddur á Íslandi haustið 1972, var hann boðaður á fund hjá Rannsóknarráði ríkisins og hann spurður að því, hvort hann væri fús til að taka að sér eftirlit skv. reglugerð nr. 164/1972 um mengun, á vegum Heilbrigðiseftirlits ríkisins, enda veldi hann sér umhverfisverkfræði til framhaldsnáms að meistaraprófi loknu haustið 1973. Hann átti síðan fund með forstöðumanni Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Baldri Johnsen, sem tók mjög í sama streng og óskaði eftir því, að stefnandi réðist til stofnunar sinnar að meistaraprófi loknu. Að lokum átti stefnandi fund með þáverandi heilbrigðismálaráðherra, sem ítrekaði afstöðu embættismannanna.

Í framhaldi af fundum þessum afþakkaði stefnandi boð um

framhaldsnám í matvælaverkfræði, lífefnaverkfræði og valdi umhverfisverkfræði, þar sem hann hafði í raun verið fastráðinn hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins á fyrrgreindum fundum, enda þótt ekki hafi verið gengið frá samningum í smáatriðum, en gert var ráð fyrir því, að stefnandi hæfi störf haustið 1973. Vorið 1973 reit forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins stefnanda bréf og sagði, að ekki væri unnt að hefjast handa haustið 1973 vegna skorts á peningum, fjárveiting hefði verið skorin niður.

Af þessu leiddi, að stefnandi tók boði Imperial College í London um nám og rannsóknir í 3 ár með doktorsritgerð sem lokamarkmið. Skyldi stefnandi fá í styrk £ 100 á mánuði í 36 mánuði og £ 265 á ári til greiðslu skólagjalda, ferðakostnaðar og bókakaupa. Styrkurinn var til rannsóknar á sviði loftmengunar. Hann hóf rannsóknarstörf sín haustið 1973.

Er stefnandi kom til Íslands í jólaleyfi 1973, hafði Baldur Johnsen f. h. Heilbrigðiseftirlits ríkisins samband við stefnanda og óskaði eftir því, að hann hæfi störf hjá eftirlitinu. Stefnandi skýrði forstöðumanninum þá frá þeirri aðstöðu, sem hann væri kominn í, og kvaðst ekki reiðubúinn að afsala sér styrknum. Forstöðumaðurinn lagði þá til, að saman færi starf hjá stofnun hans og framhaldsnám, enda yrði verkefni hans heimfært upp á íslenskar aðstæður. Átti stefnandi síðan fund með þáverandi heilbrigðismálaráðherra, Magnúsi Kjartanssyni, aðstoðarmanni hans, Öddu Báru Sigfúsdóttur, Páli Sigurðssyni ráðuneytisstjóra, Jóni Ingimarssyni deildarstjóra og forstöðumanni Heilbrigðiseftirlitsins. Niðurstaða fundar þessa var sú, að stefnandi var fastráðinn hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og skyldi hann starfa hluta ársins hjá eftirlitinu, en vinna að doktorsritgerð hluta ársins í London í 3 ár. Halda skyldi hann fullum launum allt árið, enda ljóst, að hann yrði að afþakka veittan styrk, þar sem hann skyldi velja verkefni miðað við íslenskar aðstæður og þarfir íslenskra stjórnvalda, þ. e. heilbrigðiseftirlitsins. Stefnandi afsalaði sér þeim styrkréttindum, sem hann hafði, og starfaði síðan jöfnum höndum á Íslandi og í London. Í bréfum Heilbrigðiseftirlitsins frá þessum tíma er margstaðfest, að stefnandi sé fastráðinn, þ. e. ráðinn „æviráðningu".

Á árinu 1974 mun hafa risið nokkur *fræðilegur ágreiningur* milli stefnanda og forstöðumanns Heilbrigðiseftirlitsins *utan starfs.*

Um miðjan desember 1974 afhenti forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins stefnanda afrit af bréfi eftirlitsins til launadeildar

fjármálaráðuneytisins dags. 2. 12. 1974, þar sem deildinni er tilkynnt, að ráðningarsamningur milli stofnunarinnar og stefnanda, dags. 15. 01. 1974, falli sjálfkrafa úr gildi 01. 01. 1975 og verði stefnandi ekki endurráðinn. Þá var launadeild og tilkynnt, að nýr maður yrði ráðinn, ef slíkur maður fengist. Tilvitnaður ráðningarsamningur var undirritaður 15 dögum eftir að stefnandi hóf störf hjá eftirlitinu, og þá var enn lengra liðið frá því að lokasamningur var gerður á fundi með ráðherra o. fl., sem fyrr er lýst. Samningur þessi var lagður fyrir stefnanda sem formsatriði til undirritunar til að fullnægja skilyrðum þess, að launadeildin tæki stefnanda á launaskrá, enda sanna fyrri og síðari yfirlýsingar stjórnvalda, að ekki var ætlunin að breyta réttarstöðu stefnanda með því að ganga frá þessum staðlaða samningi, og er gildi þess samnings á skiptum aðilja véfengt og algerlega mótmælt sem þýðingarlausum.

Kröfur í máli þessu eru á því byggðar, að stefnanda hafi verið ólöglega vikið úr starfi án nokkrar heimildar í lögum, stjórnvaldareglum eða samningum. Ekkert hefur komið fram, sem réttlæti frávikningu stefnanda án fyrirvara."

III.

Baldur Johnsen læknir, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, ritaði heilbrigðisráðuneytinu svohljóðandi bréf dags. 3. janúar 1974:

„Eins og fram kemur í tillögum frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og heilbrigðismálaráðuneytinu í sambandi við gerð fjárlaga fyrir árið 1974, svo og endanlega samþykkt þeirra, hefur verið veitt fé til þess að ráða sérfræðing í mengunarmálum, einkum að því er snertir verksmiðjumengun „sanitary engineer", við Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Við alla þessa málsmeðferð og endanlega samþykkt þessa liðar á fjárlögum var miðað við, að ákveðinn maður fengist til starfsins, Einar Valur Ingimundarson, sem hefur hlotið þá menntun, sem að ofan greinir.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins beinir því þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, að nefndur maður verði ráðinn til starfans fyrst um sinn til eins árs, frá og með 1. janúar 1974, og verði hann í 24. launaflokki launakerfis ríkisstarfsmanna, eins og aðrir verkfræðingar, enda fjárveitingin í fjárlögum miðuð við það."

Ráðningarsamningur sá, sem stefnandi undirritaði, er á dómskjali nr. 18, og er svohljóðandi:

„Vinnuveitandi		Fyrirtækisnúmer	Fjárlaganúmer
Heilbrigðiseftirlit ríkisins		3867-9422	108-322-0_1
Launþegi		Nafnnúmer	Fæðingard og ár
Einar Valur Ingimundarson		1814-3054	24.02.50
Heimilisfang		Undþ. sparisk	Sveitarfélagsnúmer
Ljósaland 19, Reykjavík		vegna	0000
Starfsheiti	Launaflokkur	Starfsþj.þrep	Starfsþjálfun frá
Verkfræðingur	24	2	01.01.72
Launafl Frá			St.aldur til launa
24,3 01.01.74			01.01.74
Starf hefst	Starfshl.fall%	Vikul vinnusk	Daglegur vinnutími
01.01.74	100%	40 h	8,7—17,0
Starfsaldur til veik.rétt frá	Starfsaldur til orlofs frá		Lífeyrissjóður
01.01.74	01.01.74		Ríkisstarfsmanna
Mán.laun greidd fyrirfram/eftir á			
Fyrirfram			
Uppsagnarfrestur vinnuveitanda	Uppsagnarfrestur launþega		Ráðningu lýkur sjálfkrafa
3 mánuðir	3 mánuðir		01.01.75

Ofanritaðir vinnuveitandi og launþegi gera með sér ráðningarsamning þar sem launþeginn er ráðinn til starfa samkvæmt því starfsheiti, er að ofan greinir.

Um launagreiðslur, launaflokk, starfsþjálfunarþrep og starfsaldur til launa fer eftir hinum gildandi almenna kjarasamningi starfsmanna ríkisins og samkvæmt því sem hér er að ofan nánar skýrgreint. Ef ekki er tilgreint frá hvaða tíma starfsþjálfun og starfsaldur telst, skal miða við að réttur teljist frá upphafi samnings þessa.

Um vikulega vinnuskyldu og daglegan vinnutíma fer eftir því sem að ofan greinir, en ef þar er ekkert tilgreint um það efni, skal fara eftir hinum gildandi almenna kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

Um rétt til launagreiðslu í veikindaforföllum svo og rétt til orlofs fer eftir þeim reglum sem almennt gilda um starfsmenn ríkisins og skal þá miða við þann aldursrétt í þessum efnum sem

að ofan greinir. Ef ekki er tilgreint um það hér að ofan, skal miða við að réttur teljist frá upphafi samnings þessa.

Launþeginn greiðir iðgjald til ofangreinds lífeyrissjóðs, enda hafi hann rétt til að vera í hinum tilgreinda sjóði. Vinnuveitandinn greiðir mótframlag til sjóðsins vegna starfsmannsins samkvæmt reglum sjóðsins. Sé ekki tilgreindur neinn lífeyrissjóður, en launþeginn uppfyllir skilyrði um aðild að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, skal gert ráð fyrir að launþeginn sé sjóðfélagi í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, annars kemur ekki til greiðsla eða mótframlag. Gangi starfsmaðurinn á ráðningartímanum í lífeyrissjóð er tilheyrir starfsgrein, sem samningur þessi fjallar um, greiðir vinnuveitandi mótframlag fyrir hann í viðkomandi lífeyrissjóð.

Ef ekkert er tilgreint um lengd uppsagnarfrests hér að ofan, skal miða við að hann sé þrír mánuðir af beggja hálfu nema samningur þessi geri ráð fyrir að launþeginn sé sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði en lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna, en þá skal líta svo á að gagnkvæmur uppsagnarfrestur sé einn mánuður.

Um réttindi og skyldur launþegans fer eftir lögum og reglum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að svo miklu leyti sem öðru vísi er ekki fyrir mælt í samningi þessum og með tilliti til þess að hér er um ráðningu en ekki skipun eða setningu að ræða. Sama gildir um mat á því hvort starfsmaðurinn telst hafa vanefnt samninginn.

Aðilar geta skotið til Kjaranefndar til endurskoðunar þeim atriðum samnings þessa, sem Kjaranefnd fjallar um samkvæmt lögum um starfssvið Kjaranefndar.

Við gerð nýs kjarasamnings fjármálaráðherra og samtaka starfsmanna ríkisins breytist efni samnings þessa af sjálfu sér í samræmi við þær almennu breytingar sem verða.

Fjármálaráðuneytið launadeild

15.1. '74	Einar Valur Ingimundarson	15/1 '74	Baldur Johnsen
Dagsetning	Undirskrift launþega	Dagsetning	Undirskrift vinnuveitanda
15/1 '74	Jón Ingimarsson	15/1 '74	Þ. Geirsson
Dagsetning	Áritun ráðuneytis	Dagsetning	Áritun fjármálaráðuneytis“

Magnús Kjartansson, sem var heilbrigðisráðherra frá 14. júlí 1971 til 23. ágúst 1974, hefur í yfirlýsingu, dagsettri 7. febrúar 1977, skýrt svo frá:

„Skv. ósk Ragnars Aðalsteinssonar hrl. vegna dómsmáls Einars Vals Ingimundarsonar á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs staðfesti ég, að um áramótin 1973 og 1974, er ég var heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, var haldinn fundur á skrifstofu minni með Einari Val Ingimundarsyni og Baldri Johnsen, forstöðumanni Heilbrigðiseftirlits ríkisins, svo og starfsmönnum úr ráðuneytinu, þar sem ákveðið var að skipa Einar Val Ingimundarson sem verkfræðing hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Enginn vafi leikur á því, að ákvörðunin um skipan Einars Vals Ingimundarsonar í starf hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins var til framtíðar, þ. e. svonefnd „æviráðning", og var það hlutverk viðeigandi embættismanna að ganga formlega frá skipuninni.

Rétt er að taka fram, að mér var kunnugt, að Einar Valur Ingimundarson afsalaði sér styrk og aðstöðu við háskóla í Bretlandi til að geta tekið skipun í starf sitt hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, og ákveðið var jafnframt skipuninni, að Einar Valur mætti vera hluta úr árinu við háskóla í Bretlandi fyrstu árin til að ljúka doktorsprófi, enda var það talið koma stofnun þeirri, sem hann starfaði fyrir, til góða."

Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu, hefur í tveimur bréfum, dagsettum 18. mars 1977 og 4. maí 1977, gefið svofellda umsögn um málið:

„Vísað er til bréfs fjármálaráðuneytisins, dags. 23. febrúar s.l., varðandi mál Einars Vals Ingimundarsonar, verkfræðings, gegn ríkissjóði, sem rekið er fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Í bréfinu er óskað upplýsinga um nokkur atriði varðandi þetta mál, sem nánar eru tilgreind í bréfi fjármálaráðuneytisins. Með bréfinu fylgdi yfirlýsing, dags. 7. febrúar s.l., og önnur gögn, sem lögð hafa verið fram í málinu.

Til svars erindinu skal tekið fram, að ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins telur sig ekki hafa setið þann fund, sem haldinn var í ráðuneytinu um áramót 1973—1974 og vitnað er til í bréfi fjármálaráðuneytisins. Skrifstofustjóri ráðuneytisins sat hins vegar fundinn ásamt ráðherra, en á fundinum var fjallað um ráðningu stefnanda til Heilbrigðiseftirlits ríkisins, ásamt fjölmörg mál önnur.

Um ráðningarkjör eða ráðningarform í einstökum atriðum var ekki fjallað um á fundinum. Ekkert var rætt um á þessum fundi,

hvort ráðning Einars Vals skyldi vera tímabundin eða ótímabundin, hvort um ráðningu með ákv. uppsagnarfresti skyldi vera að ræða eða hvort hann skyldi skipaður í starfið strax. Ráðningarform það, sem fram kemur í ráðningarsamningi, dags. 15. 1. 1974, var ákveðið með samráði ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og forstöðumanns Heilbrigðiseftirlits ríkisins þar um. Engin fyrirmæli lágu fyrir um, að annar háttur skyldi á hafður.

Varðandi önnur atriði málsins skal upplýst, að ráðuneytinu var kunnugt um það við gerð ráðningarsamningsins eða skömmu síðar, að Einar Valur þyrfti vegna náms síns að dveljast erlendis samtals u. þ. b. þrjá mánuði á því ári, þ. e. 1974, og jafnvel einnig á árinu 1975."

„Á þeim fundi, sem ég sat og Einar Valur Ingimundarson kom á, þegar rætt var um væntanleg störf hans hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, skildist mér, að hann teldi sig þurfa að vera fjarvistum frá starfi í allt að 3 mánuði á ári í allt að þrjú næstu árin vegna framhaldsnáms í Englandi. Ég minnist þess ekki, að um það hafi verið rætt sérstaklega, hvort hér væri um launaðar eða ólaunaðar fjarvistir að ræða. En ég skildi það svo, að hér yrði að sjálfsögðu um ólaunað leyfi að ræða, nema starfsmaðurinn kynni að eiga meiri rétt samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Hugleiddi ég þetta ekki frekar, enda er það ekki á valdi né verksviði heilbrigðisráðuneytisins að ákvarða um atriði, er snerta framkvæmd launasamninga."

Baldur Johnsen hefur í löngum skýrslum sínum hér fyrir dómi, sem ekki er unnt að rekja nema að litlu leyti, m. a. skýrt svo frá:

„Þegar ljóst var orðið, að fjárveiting fengist til þess að ráða nýjan heilbrigðisráðunaut, áttum við Einar Valur í jólaleyfi hans hér tal saman um þessi mál og væntanlega ráðningu frá 1. janúar 1974 að telja. Ég get ekki neitað því, að þá fundust mér svör Einars í sambandi við tímalengd fjarveru hans frá Íslandi vegna vinnu við doktorsritgerð meira en lítið loðin, en þó gerði ég ráð fyrir, að það stæðist, sem áður var búið að tala um og skrifa um, að miðað væri við, að unnið væri í Heilbrigðiseftirliti ríkisins og það væri aðalstarf Einars, en síðan, eftir því sem rannsóknum hér á landi miðaði áfram, gæti hann skroppið til útlanda einu sinni til tvisvar á ári til þess að afla sér gagna þar. — Ég miðaði einnig við það, enda kom ekkert það fram, sem breyta mætti þeim skilningi mínum, að skólpmálin á Íslandi yrði aðalviðfangsefnið til doktorsprófs. — Vegna þessa tvískinnungs, sem mér fannst gæta í afstöðu Einars Vals til mögulegs vinnutíma hans hér á landi,

þótti mér réttara að ráðning yrði fyrst um sinn aðeins gerð til 1 árs, eins og bréf, dags. 8/1 '74, ber með sér og staðfest er í ráðningarsamningi, dags. 15/1 '74. — Öðru hvorum megin við áramótin 1973—74 munum við Einar hafa verið á fundi með ráðherra heilbrigðismála ásamt ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og aðstoðarráðherra, og minnir mig, að þessi fundur hafi verið haldinn eftir að ákveðið hafi verið um ársráðningu Einars. Á þeim fundi gat Einar þess, að hann mundi verða eitthvað fjarverandi, ótiltekið, en engar tölur nefndar, hvorki um hversu mörg ár hann ætti eftir í námi né yfirleitt hvort hann ætti eftir að leysa nokkurt nám af hendi, en ég hafði í upphafi gert ráð fyrir, að Einar hefði lokið háskólanámi, bæði til bachelorsgráðu og mastersgráðu, og gæti síðan stefnt að doktorsgráðu, sem aðallega yrði bundin við rannsóknir á Íslandi með ferðum til útlanda til að afla sér gagna á bókasöfnum og víðar, eins og fyrr hefur verið á drepið. — Þegar hér er komið sögu, veit enginn í ráðuneytinu annað en að Einar muni taka til starfa við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og vinna að framtíðarverkefni sínu sem starfsmaður þess, en það er eins og fyrr segir skólpmálin á Íslandi, með stuttum ferðum til útlanda fyrst um sinn og e. t. v. síðar meir lengri dvöl utanlands við lokaúrvinnslu þeirra gagna, sem hér hefði verið safnað. Við þennan gang málsins eru allar aðgerðir forstöðumanns Heilbrigðiseftirlitsins í málum Einars miðaðar. — Eftir að Einar Valur hafði unnið hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins janúarmánuð 1974, hvarf hann af landi brott mánudaginn 3. febrúar og kom ekki aftur fyrr en 11. sept. sama ár, þ. e. a. s. eftir fjarveru í 7⅓ mánuð. — Eftir að Einar fór út, gerði ég alltaf ráð fyrir, að hann myndi koma heim aftur eftir 1—2 mánuði og taka þá upp starf sitt hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins. — Þetta fór á annan veg, eins og fyrr segir. Í bréfi frá Einari Val, dags. 11. febrúar 1974, frá London, er fyrst sagt: „Eitt ber þó að hafa í huga: Ég get ekki verið skráður til doktorsgráðu hér við skólann, nema eyða hér 6 mánuðum árlega“.“

Hann kveðst ekki hafa vitað, þegar stefnandi var ráðinn, að stefnandi mundi stunda nám í loftmengun til doktorsprófs né að stefnanda væri nauðsynlegt að dveljast í London í 6 mánuði hið minnsta samfleytt ár hvert í 3 ár eða lengur. Hann kveðst hafa borið ábyrgð á rekstri Heilbrigðiseftirlits ríkisins og hann hafi ekki talið við hæfi, að verkfræðingur, sem gegna ætti umræddu starfi, væri svo langdvölum erlendis. Þess vegna kveðst hann hafa gert stefnanda grein fyrir því í nóvember 1974, að óhugsandi

væri að hafa stefnanda í starfi áfram, þ. e. endurráða hann, ef næstu ár yrðu eins og það fyrsta um fjarvistir stefnanda, enda lægju fyrir viðamikil verkefni á næsta ári, sem leysa þyrfti.

Stefnandi hefur gefið alllangar skýrslur. Ekki eru efni til að rekja þær nema að litlu leyti.

Stefnandi skýrir svo frá m. a., að hann hafi afráðið „að halda áfram framhaldsnámi við háskólann í London, í Imperial College of Science and Technology, þar sem mér bauðst styrkur frá skólanum til rannsókna á sviði loftmengunar. — Magistersritgerð mín fjallaði um sjávarmengun, og sótti ég um styrk til Vísindasjóðs til að halda þeim rannsóknum áfram, en áhugi virtist ekki fyrir hendi frá þeirra hálfu. — Tók ég því tilboði Imperial College, þótt verkefnið yrði mér e. t. v. ekki til beinna nota við íslenskar aðstæður, og hóf rannsóknir. — Ég hvarf til Íslands í jólaleyfi, og að vörmu spori hefur Baldur Johnsen samband við mig og lætur í ljósi þá ósk, að ég hefji störf við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, þar sem tekizt hefði að knýja fram aukafjárveitingu til starfans. Tjáði ég honum, að mér væri ekki að skapi að hætta þeim rannsóknum og afsala mér þeirri aðstöðu, sem mér hefði hlotnazt við Imperial College. — Fullyrti Baldur Johnsen þá, að þetta tvennt gæti sem bezt farið saman, og e. t. v. hægt að hliðra svo til verkefninu, að ég gæti að einhverju leyti heimfært það við íslenzkar aðstæður og eytt hluta tímans við verkefnið heima á Íslandi. Féllst ég á þetta. — Var þá haldinn fundur með Magnúsi Kjartanssyni, ráðherra, Öddu Báru Sigfúsdóttur, aðstoðarráðherra, Páli Sigurðssyni, ráðuneytisstjóra, og Jóni Ingimarssyni, deildarstjóra. Kynnti Baldur Johnsen mig þar fyrir fundarmönnum og útskýrði starfssvið mitt. Ítrekaði ég þar þær óskir mínar að geta haldið mínum fyrri rannsóknum áfram auk starfa við stofnunina. Var vel í það tekið, og fól ráðherra Baldri Johnsen að semja við mig um skiptingu starfsins. Sökum ókunnugleika yfirboðara minna erlendis um skipan mála, þótti mér ekki hæfa að dvelja hér lengur en rúmlega mánuð í fyrstu lotu. Þegar komið var aftur til Englands, kannaði ég kröfur þær, sem Imperial College gerði til mætingarskyldu við rannsóknarstörf, og strax og ljóst var, að hún var a. m. k. 6 mánuðir á ári hverju, reit ég Baldri Johnsen um það bréf. Í svari sínu féllst Baldur á þessa tilhögun og gerði jafnframt að tillögu sinni, að ég dveldist 2 mánuði í senni á hverjum stað. Þetta var ókleift. Skólayfirvöld gátu ekki sætt sig við, að námið væri slitið svo sundur, og eins hefði þetta valdið mér óheyrilegum ferðakostnaði, sem ódrýgt hefði

mjög tekjur mínar. Tilkynnti ég því Baldri, að tímabilið yrði að vera samfellt. Hreyfði Baldur engum andmælum við þessu. — Á tímabilinu gerði ég ráðstafanir til að hliðra til verkefninu, svo aðhæfa mætti það meira íslenskum aðstæðum, og varð í framhaldi af því að afsala mér hinum breska styrk. Ég hugði Vísindasjóðsstyrk, svo og tekjur frá Heilbrigðiseftirlitinu, gera meira en að bæta mér þann tekjumissi upp. Svo fór þó, að Vísindasjóður brást í annað sinn og um leið ljóst, að hann veitti ekki frekar til gráðutöku, heldur einungis til sjálfstæðra verkefna, sem ekki væru til gráðu. Lenti ég því í allnokkrum fjárhagskröggum sumarið 1974."

IV.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar í málinu nú þannig:

1.	Laun á tímabilinu 1. janúar 1975 — 30. júní 1975 kr.	464.898
2.	Bætur fyrir það fjártjón, sem hlaust vegna afsals veitts styrks í Bretlandi, £ 5.163 á kr. 364.00 .. —	1.879.332
3.	Bætur vegna náms í umhverfisverkfræði skv. ósk stefnda, sem nýtist stefnanda ekki ..... —	523.781
4.	Miskabætur ..... —	349.044
	Samtals kr.	3.217.055

Lögmaður stefnanda hefur í greinargerð m. a. tekið fram:

„Á dómskjali nr. 4, sem er bréf Imperial College of Science and Technology í London til mín, kemur fram, að stefnandi afsalaði sér á árinu 1974 þeirri aðstöðu og fjárstyrk, sem honum hafði verið veittur við Imperial College til rannsóknarstarfa, en styrkurinn var veittur til þriggja ára og miðaðist við það, að tímabilinu lyki með doktorsgráðu. Jafnframt kemur fram, að stefnandi gaf þá skýringu, að íslensk stjórnvöld, þ. e. ráðherra og Heilbrigðiseftirlit ríkisins, óskuðu þess, að hann tækist á hendur íslenskt rannsóknarverkefni, sem kostað yrði af íslensku fé. Þá kemur og fram, að styrkur stefnanda nam eftirtöldum fjárhæðum:

a)	Mánaðarlegur styrkur £ 100 í 36 mánuði	£ 3.600
b)	Árlegur styrkur í 3 ár vegna skólagjalda £ 265	£ 795
c)	Árlegur ferðastyrkur í 3 ár £ 300 á ári	£ 900
d)	Árlegur styrkur til bókakaupa í 3 ár £ 300 á ári	£ 900
	Samtals:	£ 6.195

Af styrk þessum hafði stefnandi notað 1/6 hluta, þegar hann afsalaði honum, eða £ 1.032, þannig að styrkur sá, sem hann afsalaði sér nam £ 5.163. Er kröfubréf var ritað, var skráð gengi sterlingspunds kr. 364, og er við það miðað í kröfugerð, þannig að verðmæti styrksins, sem afsalað var, nam í íslenskum kr. 1.879.332.

Þá er tekið fram í greindu bréfi, sem dags. er 24. 02. 1975, að slíkir styrkir séu þá ekki fáanlegir, þannig að stefnandi verði að kosta rannsóknir sínar sjálfur eða a. m. k. án aðstoðar stofnunarinnar, ef hann hyggist starfa á vegum hennar áfram.

Í bréfi sama aðilja til mín, dags. 16. 10. 1975, kemur fram, að allt hafi bent til þess í upphafi árs 1975, að stefnanda yrði ekki veittur aðgangur að stofnuninni að nýju, þar sem hann hefði rift fyrri samningi við stofnunina og afsalað sér öllum fjárstuðningi á þeim forsendum, að hann myndi halda áfram rannsóknum með doktorsgráðu sem lokamarkmið, en vinna að íslensku rannsóknarverkefni með fjárhagsstuðningi íslenskra stjórnvalda. Stefnanda var þó gefinn kostur á að ganga inn í rannsóknarverkefni, þar sem rannsóknaraðstaða losnaði vegna forfalla, en með því skilyrði, að stefnandi lyki rannsóknarstarfi, sem hann hefði átt að inna af höndum á liðnu ári, á fjórum mánuðum, en að öðrum kosti yrði honum sparkað, en það hefði að sjálfsögðu útilokað hann frá því að afla sér doktorsgráðu á sérsviði hans, ekki aðeins á Bretlandseyjum, heldur hvarvetna í heiminum. Stefnanda tókst að uppfylla sett skilyrði af sérstökum dugnaði, en í bréfinu er tekið fram, að ef hann hefði ekki uppfyllt sett skilyrði, þá hefði vísindaleg starfsframtíð hans verið í stórhættu. Þá er og tekið fram, að hann geti ekki aflað sér doktorsgráðu hjá stofnuninni, nema hann geti tryggt sér fjárhagslegan stuðning, en rannsóknarkostnaður fari sífellt hækkandi. Tekið er fram, að allt ofangreint gæti hafa lagt möguleika stefnanda til að afla sér doktorsgráðu í rústir.

Það hlýtur út af fyrir sig að vera ljóst, að samningar þeir, sem stefnandi gerði við íslensk stjórnvöld, sem voru í því fólgnir, að hann skipti um rannsóknarefni og veldi íslenskt efni, afsalaði sér veittum styrk og starfaði árin 1974, 1975 og 1976 að u. þ. b. hálfu á Íslandi hjá heilbrigðiseftirlitinu, en að hálfu í London við rannsóknarstörf með doktorsgráðu á 3 árum að markmiði og héldi fullum launum allt árið hjá ríkissjóði, var forsenda þess, að stefnandi afsalaði sér veittum styrk, enda áttu full laun allt árið að koma í stað veitts styrks. Hafa ber í huga, að enda þótt

talað hafi verið um, að stefnandi yrði u. þ. b. helminginn af árinu í London, ár hvert í þrjú ár, vegna fyrirhugaðrar doktorsgráðu, þá nýttist hluti eða allur sá tími fyrir heilbrigðiseftirlitið, þar sem stefnanda bar að taka íslenskt verkefni til rannsóknar, sem væri hagnýtt fyrir heilbrigðiseftirlitið, svo og vegna þess, að stefnandi sinnti ýmsum verkefnum fyrir eftirlitið í London, en þar hafði hann aðgang að rannsóknarstofum o. fl., sem kom að fullum notum í starfi í þágu eftirlitsins.

Um starf stefnanda nægir m. a. að vísa til dómskjals nr. 19, en þar kemur m. a. fram, að fyrsta verkefni stefnanda var rannsókn í Kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn. Segir forstöðumaður heilbrigðiseftirlitsins m. a., að í þeirri rannsókn hafi ýmislegt nýtt komið fram, „þar sem nýjum rannsóknaraðferðum var beitt á grundvelli þekkingar, sem ekki hefur verið til staðar áður hér á landi.“ Þá segir og í sama bréfi, að við ráðningu stefnanda hafi verið um það rætt, að honum gæfist tækifæri til að vinna í London að nokkru í sambandi við sérstakt verkefni og ritgerð, sem hann hafi þar á prjónunum. Þá segir, að áhugi sé á að gefa út skýrslu stefnanda um Kísilgúrverksmiðjuna, fjölritaða og dreifa henni sem víðast til hjálpar öðrum aðiljum til uppbyggingar og hagræðingar í sambandi við eigin rekstur, því að skýrslan sé í sjálfu sér „að ýmsu leyti mjög til fyrirmyndar og vel unnin.“

Af framangreindu er augljóst og verður að teljast sannað, þegar hliðsjón er höfð af öðrum sóknargögnum, að stefnandi var fastráðinn hjá heilbrigðiseftirlitinu, og yfirlýsingar forstöðumanns heilbrigðiseftirlitsins í bréfum til stefnanda, svo og gerðir stjórnvalda annars vegar og stefnanda hins vegar, sýna fram á, svo að sannað verður að teljast, að bindandi samningur hafi komist á milli aðilja um, að stefnandi héldi fullum launum allt árið hjá eftirlitinu, a. m. k. þau 3 ár, sem hann yrði að starfa í London að hluta, og yrði að nokkru að líta á þetta fyrirkomulag sem fjárstuðning til að ljúka doktorsgráðu, en stefnanda var að sjálfsögðu skylt að halda síðan áfram, að loknum rannsóknarstörfum, að vinna hjá eftirlitinu. Af því, sem að framan segir um „nýjar rannsóknaraðferðir“ og þekkingu, sem ekki hafi verið til staðar áður hér á landi, þá er augljóst, að hér var um mjög hagkvæma fjárfestingu af hálfu stjórnvalda að ræða, því að enda þótt stefnandi gæti ekki skilað 40 vinnustundum á viku hverri allt árið, fyrstu 3 árin, þá lagði hann með sér nýjar rannsóknaraðferðir og nýja þekkingu, áður óþekkta hér á landi. Verðmæti þessa er margfalt á við þær vinnustundir, sem stefnandi gat ekki innt af

hendi vegna rannsóknarstarfa í London fyrstu 3 árin, og hafa ber í huga, að niðurstöður þessara rannsókna áttu að ganga til íslenskra stjórnvalda, og þar með nýttist allt starf stefnanda heilbrigðiseftirlitinu að fullu, enda þótt þar skilaði sér ekki allt fyrr en niðurstöður rannsóknarstarfs að íslensku verkefni kæmu fram í ritgerð að loknu þriggja ára starfi heima og í London. — Fébótaábyrgð stefndu er á því byggð, að ráðherra heilbrigðismála, Magnús Kjartansson, hafi ásamt aðstoðarmanni sínum og ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og forstöðumanni heilbrigðiseftirlitsins gert samning við stefnanda þess efnis sem að framan greinir og hafi aðiljar verið bundnir af honum, enda þótt sérstakt skriflegt skipunarbréf hafi ekki verið gefið út. — Þá er því og haldið fram, að hinn staðlaði samningur, sem dagsettur er 15. 01. 1974, breyti ekki þeim samningi, sem gerður var milli stefnanda annars vegar og heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðisráðuneytisins og Heilbrigðiseftirlits ríkisins hins vegar á fundi í ráðuneytinu, áður en stefnandi hóf störf í eftirlitinu í byrjun janúar 1974. Á það er bent, að samningur þessi er saminn alfarið af launadeild fjármálaráðuneytisins án nokkurs samráðs við samtök ríkisstarfsmanna, BSRB og BHM, og launþeginn á þess engan kost að hafa nein áhrif á ákvæði hans. Í þessum staðlaða samningi eru einhliða varðir hagsmunir atvinnurekandans, en hagsmunir starfsmannsins fyrir borð bornir. Þegar samningur þessi var lagður fyrir stefnanda til undirritunar, var það gert á þann hátt, að eingöngu væri um formsatriði að ræða, sem nauðsynlegt væri að gæta, til að stefnandi kæmist á launaskrá og fengi laun sín greidd á réttum tíma. Stefnanda var á engan hátt gefið í skyn, að samningi þessum væri ætlað að breyta þeim samningi, sem gerður var á fundi stefnanda með ráðherra o. fl., áður en hann hóf störf hjá heilbrigðiseftirlitinu og fyrr hefur verið vikið að. Í samningi þessum er ekki vikið að þeim meginatriðum, sem um var samið og öllu máli skiptu og eru viðurkennd af stefndu hvað eftir annað árið 1974, m. a. af forstöðumanni eftirlitsins í bréfum, en það er sá þáttur samningsins, að stefnandi ynni hluta af árinu, eða u. þ. b. helming þess, í London við rannsóknarstörf að íslensku verkefni og lyki doktorsprófi á 3 árum. — Hinn staðlaði samningur gerir ekki ráð fyrir neinum frávikum, og verður m. a. með hliðsjón af framangreindu að líta á samning þennan sem marklausan, þar sem hann er ófullkominn, efni hans er andstætt því, sem stefnandi hafi samið um og viðurkennt er, og hann var undirritaður af stefnanda með þeim skilningi, að verið væri að upp-

fylla formskilyrði, en ekki væri ætlunin, að hinn staðlaði samningur breytti fyrri samningi, enda hefði það orðið að koma skýrt fram í samningnum sjálfum. Samkvæmt almennum túlkunarreglum ber að túlka einhliða samning þeim í óhag, sem semur samninginn og er hinn sterki aðili í samningssambandinu, en það er í þessu tilviki ríkisvaldið. Þá er því og haldið fram, að efni samningsins á dómskjali nr. 18 sé ekki bindandi fyrir stefnanda vegna ofangreindra galla á samningnum og vegna þess, að það er óheiðarlegt af stefndu að bera hann fyrir sig, sbr. meginregluna í 32. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð o. fl.

Þá er því og haldið fram, að efni samningsins á dómskjali nr. 19 sé brot á ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 og brottvikning stefnanda úr starfi sé einnig brot á ákvæðum sömu laga svo og laga nr. 12/1969.

Því er ennfremur haldið fram, að ákvörðun forstöðumanns eftirlitsins í desember 1974 um að víkja stefnanda frá störfum sé í hvívetna ábótavant og með henni hafi verið brotið gegn grundvallarreglum um stjórnvaldsákvarðanir bæði að formi og efni. Annmarkar þessir séu slíkir, að þeir leiði til þess, að meta beri ákvörðunina ógilda.

Því er og haldið fram, að annarleg sjónarmið hafi ráðið ákvörðun forstöðumanns heilbrigðiseftirlitsins, er hann ákvað að láta stefnanda hætta störfum í desember 1974, en efnisleg sjónarmið hafi þar engu ráðið. Forstöðumanninum hafi verið ljóst á þeim tíma, að með ákvörðuninni breytti hann gegn þeim samningi, sem gerður hafði verið við stefnanda og var bindandi fyrir ríkissjóð. Verður einna helst að ætla, að fræðilegur ágreiningur milli stefnanda og forstöðumannsins og skoðanir stefnanda hafi ráðið ákvörðuninni. Viðurkennt er, að þessi ágreiningur þeirra og þær skoðanir, sem stefnandi lét í ljósi utan starfs, bitnaði á engan hátt á árangri af starfi stefnanda hjá eftirlitinu, og það er að sjálfsögðu óumdeilt, að ríkisstarfsmönnum verður ekki vikið úr starfi fyrir þær skoðanir, sem þeir kunna að koma á framfæri um fræðileg og samfélagsleg vandamál.

Því er haldið fram, að stefndu beri fébótaábyrgð á ólöglegri brottvikningu stefnanda úr starfi, og vakin er á því athygli, að er fjármálaráðuneytið hafnaði bótakröfum stefnanda, sem gerðar voru í bréfi mínu á dskj. nr. 3 frá 10. 03. 1975 með bréfi til mín, dags. 25. 03. 1975, þá er engin tilraun gerð til að rökstyðja höfnun bótakröfu eða réttlæta ákvörðun forstöðumanns heilbrigðiseftirlitsins."

Við hinn munnlega málflutning var á það lögð áhersla af hálfu stefnanda, að vottorð Jóns Ingimarssonar, skrifstofustjóra í heilbrigðisráðuneytinu, og vottorð Magnúsar Kjartanssonar, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, sanni, að stefnandi hafi verið ráðinn æviráðningu og að hinn skriflegi ráðningarsamningur sé því pro forma gerningur. Efni hins raunverulega ráðningarsamnings hafi verið munnlegt og hinn skriflegi ráðningarsamningur rýri ekki gildi hins munnlega samnings. Þessu til sönnunar beri að hafa í huga, að í hinum skriflega ráðningarsamningi sé ákveðið, að stefnandi skuli taka laun samkvæmt 2. starfsþjálfunarþrepi, en launaskýrslur sýni, svo ekki verði um villst, að launadeild fjármálaráðuneytisins hafi virt þetta ákvæði að vettugi og greitt stefnanda aðeins samkvæmt 1. starfsþjálfunarþrepi. Launadeildin hafi þannig ekki talið sig bundna af hinum skriflega samningi. Annað atriði styðji þessa skoðun, en það sé, að stefnandi hafi ekki fengið greitt orlof mánaðarlega, eins og átt hefði að vera, ef um skammtíma ráðningu var að ræða. Síðar, þegar búið var að tilkynna stefnanda, að hann yrði ekki endurráðinn, hafi ráðuneytið reynt að bjarga sér með því að greiða orlofið í desembermánuði 1974. Einnig beri að hafa í huga, að stefnandi hafi strax í janúar 1974 greitt í lífeyrissjóð ríkisins og bendi það einnig eindregið til þess, að um æviráðningu hafi verið að ræða. Því er neitað af hálfu stefnanda, að niðurstaða Hæstaréttar í dómi 1974—1170 verði túlkuð stefnanda í óhag.

Stefnandi byggir miskabótakröfu sína á 264. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940.

Því er mótmælt af hálfu stefnanda, að stefnandi hafi á nokkurn hátt vanefnt ráðningarsamninginn.

V.

Lögmaður stefndu hefur í greinargerð m. a. stutt kröfur sínar eftirgreindum rökum:

„Sýknukröfu mína byggi ég í fyrsta lagi á því, að um alls enga æviráðningu stefnanda hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins hafi verið að ræða né heldur munnlegan samning stefnanda við þar til bær stjórnvöld, sem jafngilt geti því, að unnt sé að líta svo á, að hann eigi með réttu kröfu á slíkri ráðningu. Kjarni þessa máls er sá, að eini samningurinn, sem gerður var við stefnanda um störf hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, var gerður til fyrirfram ákveðins takmarkaðs tíma. Um annan samning munnlegan eða skriflegan var alls ekki að ræða. Slík ráðning, eins og sú, sem gerð var við

stefnanda, sbr. dskj. nr. 18, er í samræmi við algilda venju hjá ríkinu þess efnis, að nýir starfsmenn fái ráðningu eða setningu til ákveðins tíma fyrst í stað, sem litið er á sem eins konar reynslutíma. Ef ekki er gagnkvæmur áhugi að þeim tíma loknum fyrir áframhaldandi starfi viðkomandi starfsmanns, lýkur samningssambandinu, án þess að nokkur frekari réttaráhrif hljótist af. Ráðningarsamningurinn á dskj. nr. 18 var gerður út frá þessum alþekktu venjum og forsendum, og því fer fjarri, að um einhvern málamyndagerning hafi verið að ræða í því skyni að koma stefnanda inn á launaskrá, eins og hann nú heldur fram. Ef ákvörðun hefði legið fyrir um að veita stefnanda æviráðningu, hefði legið beint við að veita honum skipunarbréf eða ráðningarbréf án uppsagnar- eða tímatakmörkunarákvæða og koma honum þannig inn á launaskrá. Fullyrðing um málamyndasamning er því gjörsamlega úr lausu lofti gripin. Samningurinn var útbúinn í heilbrigðisráðuneytinu í fullu samráði við stefnanda, sem á allan hátt gerði sér ljósa réttarstöðu aðila.

Hvaða vonir stefnanndi kann að hafa gert sér um áframhaldandi störf hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, eftir að ráðningartímanum lauk, er hins vegar allt annar hlutur, sem úrslit þessa máls ráðast ekki af. Það eina, sem máli skiptir, er, að enginn annar samningur, hvorki munnlegur né skriflegur, var gerður um ráðningu stefnanda en sá, sem að framan er nefndur, og af hálfu heilbrigðisráðherra eða starfsmanna ráðuneytisins var aldrei samið við stefnanda um æviráðningu. Til þess voru aðrir aðilar ekki bærir, en tekið skal þó skýrt fram, að af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins var heldur enginn slíkur samningur gerður við stefnanda.

Hitt er allt annað, að í huga þeirra, sem nærri málinu komu á þessum tíma, virðist ótvírætt hafa verið áhugi fyrir, að um æviráðningu yrði síðar meir að ræða, enda mikil þörf fyrir starfsmann við Heilbrigðiseftirlit ríkisins með sérfræðiþekkingu á þeim þáttum mengunar- og umhverfismála, sem stofnunin taldi brýnust úrlausnar hér á landi. Virðist þá einkum hafa verið höfð í huga sjávarmengun vegna frárennslis í þéttbýli. Var ekki annað vitað þá en að stefnandi væri heppilegasti maðurinn fyrir slík framtíðarverkefni vegna sérþekkingar á þessum viðfangsefnum stofnunarinnar.

Fari hins vegar svo afarólíklega, að komizt verði að þeirri niðurstöðu, að um samning stefnanda, væntanlega munnlegan, við ráðherra eða ráðuneyti hafi verið að ræða, sem stefnandi geti byggt á kröfur um æviráðningu, er þó ljóst, að með síðari samn-

ingi, þ. e. ráðningarsamningnum frá 15. 1. '74 hafi aðilar orðið sammála um breytingu á fyrri samningi í það horf, sem hinn skriflegi ráðningarsamningur segir til um. Engar kröfur verði því byggðar á slíkum upphaflegum samningi, sem síðar hafi verið breytt með framangreindum hætti.

Verði ekki heldur fallist á þetta og talið, að munnlegur samningur um æviráðningu hafi komizt á og síðari samningur ekki breytt því, er þó fullvíst, að uppsögn var heimil. Fyrir því liggja tvenns konar ástæður.

Í fyrsta lagi virðist stefnandi beinlínis hafa beitt blekkingum um það, hvert verkefni hann hygðist taka fyrir vegna prófritgerðar sinnar samhliða starfi sínu hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Við áramótin 1973—'74 var ekki annað vitað en að verkefnið yrði sjávarmengun vegna skólps og frárennslis í þéttbýli eða annað slíkt verkefni, sem nýttist stofnuninni fullkomlega við þau sérstöku vandamál, sem hér er við að glíma. Sú var einmitt forsendan fyrir ráðningu stefnanda til Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Hið sanna kom ekki í ljós fyrr en mun síðar, þ. e. að stefnandi hafði valið sér allt annað verkefni, sem kom vinnuveitanda að afar takmörkuðum notum, og jafnframt, að sú ákvörðun hans hafði legið fyrir þegar um áramót 1973—'74 eða fyrr. Stefnandi hefur því sýnilega beitt blekkingum, er hann lézt mundu taka fyrir það verkefni, sem áður er nefnt, eða annað, sem kæmi vinnuveitanda að verulegu gagni. Allar forsendur fyrir ráðningu hans, meira að segja fyrir árið 1974, hvað þá eftir það, voru því gersamlega brostnar. Með þessa framkomu í huga á þeim tíma, er samningurinn var gerður, verður tilvísun hans til 32. gr. l. 7/1936 sínum eigin málstað til stuðnings næsta hláleg.

Í öðru lagi er ljóst, að stefnandi hefur á árinu 1974 gerzt sekur um stórkostlega vanrækslu á starfskyldum sínum við Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Svo virðist sem hann hafi haft heimild til fjarveru frá stofnuninni í 1—2 mánuði vegna námsdvalar erlendis, og ekki var vitað til, að stefnandi hygði á lengri dvöl í Englandi, er hann hélt utan í byrjun febrúar. Reyndin varð hinns vegar sú, að fjarvera hans frá stofnuninni varð hvorki meira né minna en 7⅓ mánuður, án þess að nokkur heimild til þess væri fengin. Tilraunum vinnuveitanda hans til að fá stefnanda heim til starfa á þessu tímabili var svarað með fyrirslætti einum og sífellt gefið í skyn, að heimkoma yrði á næstunni. Þeim verkefnum, sem stefnandi átti að vinna að fyrir Heilbrigðiseftirlitið, meðan á dvölinni í Englandi stóð, var auk þess nær ekkert

sinnt. Er leið fram á árið 1974 var einnig fyrirsjáanlegt orðið, að framhald yrði á þessum löngu fjarvistum næstu árin. Auk þeirrar stórkostlegu vanrækslu á starfsskyldum stefnanda við vinnuveitanda sinn, sem þegar var orðin, var þannig um fyrirfram séð brot af sama tagi að ræða, þegar sú ákvörðun var tekin að framlengja ekki ráðningu hans. Verður að telja, að við slíkar aðstæður sé uppsagnarheimild fyrir hendi, jafnvel þótt ekki kæmi annað til.

Fallist dómurinn hins vegar ekki á, að þau sjónarmið, sem að framan eru rakin, eigi að leiða til algerrar sýknu, er varakrafa mín sú, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Í því sambandi vil ég vekja athygli á eftirfarandi varðandi einstaka kröfuliði.

Stefnandi hóf að nýju nám í Englandi í ársbyrjun 1975 og var á skólabekk í a. m. k. 6 mánuði eða allt það tímabil, sem launa er krafist fyrir, þ. e. 1. 1. '75 — 30. 6. '75. Með bréfi, dags. 19. 6. '74 á dskj. 14, er honum tilkynnt, að um föst laun í fjarveru hans verði ekki frekar að ræða. Þessu atriði svarar stefnandi með bréfi 21. 6. '74 og nánast fellst á niðurfellingu fastra launa. A. m. k. fer fjarri því, að hann mótmæli þeirri ákvörðun einu orði.

Varðandi þetta atriði má einnig benda á, að skriflegir samningar um fastráðningu eru einatt með uppsagnarákvæðum, venjulega 3ja mánaða uppsagnartíma, þótt tímatakmörkunum á gildi samnings sé ekki fyrir að fara. Hefði skriflegur ráðningarsamningur verið útbúinn í ársbyrjun 1975, er viðbúið, að slík ákvæði hefðu verið í þeim samningi. Krafa um laun gæti því í hæsta máta náð til þriggja mánaða.

Varðandi bótakröfu vegna afsals á veittum styrk skal sérstaklega áréttað, að þau ummæli í stefnu á bls. 2 eru úr lausu lofti gripin, þar sem segir, að við ráðningu stefnanda hafi verið ákveðið, að hann héldi fullum launum, þar eð ljóst væri, að hann yrði að afsala sér veittum styrk. Um þennan styrk til loftmengunarrannsókna í Bretlandi var hvorki ráðuneyti né Heilbrigðiseftirliti kunnugt um fyrr en í árslok 1974. Stefnandi gat þess ekki, að hann myndi breyta áætlunum sínum þrátt fyrir ráðningu við Heilbrigðiseftirlitið, og því fór víðs fjarri, að vinnuveitandi ætti nokkurn hlut að afsali þessa styrks.

Vegna bótakröfu fyrir framhaldsnám, sem ekki nýttist stefnanda, skal sérstaklega bent á, að hann valdi sér sjálfur umrætt sérsvið, löngu áður en nokkuð lá fyrir um, hvort fjárveiting

fengist fyrir nýrri stöðu sérfræðings við Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Auk þess er algerlega út í hött, að aðeins ein staða sé til í landinu fyrir mann með slíka menntun.

Varðandi loks miskabótakröfu er henni mótmælt sem tilhæfulausri, enda hefur stefnandi engan miska beðið. Jafnvel þótt ekki yrði á það fallist, er þó ljóst, að skilyrði eru ekki fyrir hendi, svo taka megi þessa kröfu til greina."

Við hinn munnlega flutning málsins var því haldið fram af hálfu stefndu, að dómur Hæstaréttar 1974—1170 staðfesti heimild til að gera ráðningarsamning við opinbera starfsmenn með uppsagnarfresti og þeim mun frekar nái slík heimild til ráðningar í tiltekinn tíma. Þá var vottorði Magnúsar Kjartanssonar mótmælt sem röngu og þýðingarlausu. Hafi það verið ætlan Magnúsar, að um æviráðningu væri að ræða hjá stefnanda, þá hefði Magnús brotið lög á tvennan hátt: Í fyrsta lagi hafi verið skylt að auglýsa stöðuna og í öðru lagi að afla álits landlæknis samkvæmt 8. gr. laga nr. 12/1969. Eftirmaður stefnanda, Eyjólfur Sæmundsson, hafi verið ráðinn með sama hætti og stefnandi, en um haustið 1975 hafi staðan verið auglýst. Eyjólfur hafi einn sótt um stöðuna og hafi hann fengið skipun í hana frá 1. janúar 1976. Stefnandi hafi hins vegar ekki sótt um stöðuna, þegar hún var auglýst.

VI.

Í 1. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir, að lögin taki til „hvers manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegni starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf." Í 4. gr. nefndra laga er ráð fyrir því gert, að maður gegni stöðu um tiltekinn tíma samkvæmt tímabundnu skipunarbréfi. Í 5. gr. sömu laga er ákvæði þess efnis, að lausa stöðu skuli auglýsa í Lögbirtingablaði, venjulega með 4 vikna fyrirvara. Þrátt fyrir þetta ákvæði hefur það tíðkast, að menn hafa verið ráðnir eða settir í störf hjá hinu opinbera í tiltekinn tíma, t. d. í eitt ár, áður en staðan er auglýst.

Þegar það er virt, að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins óskaði þess með bréfi sínu 3. janúar 1974, að stefnandi yrði ráðinn til starfans fyrst um sinn til eins árs og að ráðningarsamningur við stefnanda var gerður til eins árs svo og það, að staðan var ekki auglýst, þykir þrátt fyrir skýrslu stefnanda og vottorð Magnúsar Kjartanssonar ósannað, að stefnandi hafi hlotið skipun

í stöðuna með æviráðningu. Verður hinn skriflegi ráðningarsamningur, sem var tímabundinn, því lagður til grundvallar um lögskipti aðiljanna, enda er ósannað, að um málamyndagjörning hafi verið að ræða til þess eins að koma stefnanda á launaskrá.

Stefnandi fékk greidd föst laun fyrir mánuðina janúar, febrúar, september, október, nóvember og desember 1974. Föst laun fékk hann hins vegar ekki greidd fyrir mánuðina mars, apríl, maí, júní, júlí og ágúst. Hins vegar virðist hann hafa fengið greiddar samtals kr. 78.899 fyrir sérstök störf, sem hann vann fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins á síðastgreindum mánuðum. Samkvæmt bréfi frá Imperial College í London mun stefnandi hafa notað skólastyrk á vegum þessa skóla í 6 mánuði, þegar stefnandi sagði styrknum lausum í júlí 1974, en samkvæmt sama bréfi var styrkurinn veittur til 36 mánaða.

Í málinu liggja frammi bréfaskipti stefnanda og Baldurs Johnsen, á meðan stefnandi dvaldist í London á árinu 1974. Af þeim bréfaskiptum og skýrslum Baldurs hér fyrir dómi má ráða, að Baldri hafi sem forstöðumanni Heilbrigðiseftirlits ríkisins engan veginn verið ljóst, hvernig til háttaði með framhaldsnám stefnanda. Þá virðist forstöðumaðurinn heldur ekki hafa vitað, þegar stefnandi var ráðinn, að stefnandi ætlaði sér að dveljast svo lengi erlendis, svo sem raun varð á, en stefnandi dvaldist erlendis á árinu 1974 í 7⅓ mánuð, eins og áður greinir, sbr. og skýrslu Jóns Ingimarssonar skrifstofustjóra um þetta efni. Þegar stefnandi svo kom heim, var hann hættur við loftmengunarrannsóknir sínar á vegum Imperial College, en um framtíðarnám virtist allt á huldu. Þrátt fyrir hina löngu dvöl erlendis hafði hann ekki, svo séð verði, valið íslenskt rannsóknarverkefni, en loftmengunarrannsóknir hans á Heathrowflugvelli töldust í þessu sambandi vera breskt rannsóknarverkefni.

Stefnanda gat eigi dulist óánægja forstöðumanns Heilbrigðiseftirlits ríkisins með hina löngu fjarvist stefnanda við breskt rannsóknarverkefni. Þrátt fyrir þetta virðist stefnandi, eftir að hann kom heim frá London, ekki hafa gert forstöðumanninum glögga grein fyrir fyrirætlunum sínum um framhaldsnám og störf sín hjá Heilbrigðiseftirlitinu. Að svo vöxnu máli var þess vart að vænta, að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins mælti með endurráðningu stefnanda.

Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, verður eigi á það fallist með stefnanda, að ráðningarsamningurinn hafi verið brot á ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eða

brot á lögum nr. 12/1969. Eigi verður heldur á það fallist með stefnanda, að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins hafi vikið stefnanda frá störfum, þó að hann mælti gegn endurráðningu stefnanda. Þessi ákvörðun var því ekki brot á grundvallarreglum um stjórnvaldsákvarðanir, hvorki að formi né efni. Ágreiningur virðist hafa komið upp milli forstöðumannsins og stefnanda, en ósannað er, að „annarleg sjónarmið" forstöðumannsins hafi ráðið um þá ákvörðun hans að mæla ekki með því, að stefnandi yrði endurráðinn. Eigi verður heldur á það fallist með stefnanda, að launa- og orlofsgreiðslur til hans hafi verið með þeim hætti, að skipt geti máli um úrslit máls þessa. Sama er að segja um lífeyrisgreiðslur hans, sem voru með venjulegum hætti að því er séð verður. Stefnandi hefur á það bent, að ráðningarsamningurinn hafi verið staðlaður og gerður einhliða af launadeild fjármálaráðuneytisins og án nokkurs samráðs við samtök ríkisstarfsmanna, BSRB og BHM, og beri því að túlka hann ríkisvaldinu í óhag. Það, að ráðningarsamningurinn var staðlaður, bendir frekar til þess, að um venjulegt form ráðningarsamnings hafi verið að ræða, og er þessi málsástæða stefnanda því haldlaus. Ósannað er, að þeir gallar hafi verið á ráðningarsamningnum, að óheiðarlegt hafi verið af hálfu stefndu að bera hann fyrir sig, sbr. meginregluna í 32. gr. laga nr. 7/1936.

Úrslit málsins verða þá þau, að ríkissjóður telst ekki bera ábyrgð á hinu umstefnda tjóni stefnanda. Verða kröfur stefnanda um laun í sex mánuði, kr. 464.893, bætur fyrir fjártjón vegna afsals veitt styrks, kr. 1.879.332, bætur vegna náms í umhverfisverkfræði, sem ekki nýtist stefnanda, kr. 523.781, og miskabætur að fjárhæð kr. 349.044 því ekki teknar til greina. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Einars Vals Ingimundarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. maí 1980.

Nr. 51/1977. **Anna Guðmundsdóttir**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Sigurði Guðmundssyni
og gagnsök
(Skúli Pálsson hrl.).

Verksamningur. Byggingargallar. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Málið dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Halldór Kristinsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, ásamt samdómendunum Jósef Halldórssyni byggingameistara og Vilhjálmi Þorlákssyni verkfræðingi.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. mars 1977. Í aðalsök krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 1.796.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. mars 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Í gagnsök krefst aðaláfrýjandi sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. júní 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefst hann þess í aðalsök, að hann verði einungis dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 156.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. mars 1974 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1978 til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá 1. júní s. á. til 31.

ágúst s. á., 27% ársvöxtum frá 1. september s. á. til 30. nóvember s. á., en 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Í gagnsök krefst gagnáfrýjandi, að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða sér 425.674 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. ágúst 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember s. á. og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I. Um kröfur aðaláfrýjanda í aðalsök í héraði.

Kröfur sínar í aðalsök sundurliðar aðaláfrýjandi þannig fyrir Hæstarétti, að hún krefst skaðabóta samkvæmt yfirmatsgerð frá 15. júlí 1975, sem í héraðsdómi er rakin, samtals 1.676.000 krónur, en fjárhæð þessi er talin vera 1.656.000 krónur bæði í yfirmatsgerð og héraðsdómi. Enn fremur krefst hún skaðabóta vegna afhendingardráttar hússins, 120.000 krónur.

Gagnáfrýjandi tók að sér að reisa hús fyrir aðaláfrýjanda að Grashaga 23 á Selfossi eftir ákveðinni teikningu. Bar honum að sjá um, að efni, er hann keypti til hússins, og vinna við það væri í samræmi við teikningar, byggingarsamþykkt og góðar byggingarvenjur. Á þessu varð þó verulegur misbrestur, sem gagnáfrýjandi ber fébótaábyrgð á, svo sem héraðsdómur hefur dæmt.

Um einstaka kröfuliði fyrri þáttar bótakröfunnar skal þetta tekið fram:

Um galla á hurðum:

Gagnáfrýjandi átti að leggja til hurðir í húsið. Aðaláfrýjandi virðist að vísu hafa samþykkt, að gagnáfrýjandi fæli öðrum aðilja smíði þeirra að einhverju leyti. Með því þykir hún þó ekki hafa svipt sig rétti til að beina kröfum vegna galla á hurðum þessum að gagnáfrýjanda. Samkvæmt þessu svo og því, sem greinir í yfirmatsgerð og héraðsdómi um

galla á hurðum, verður þessi kröfuliður tekinn til greina með 70.000 krónum, svo sem aðaláfrýjandi krefst.

Um galla á einangrun útveggja og lofts:

Samkvæmt uppdrætti, sem aðaláfrýjandi fékk í hendur, átti að einangra loft með glerull. Bar gagnáfrýjanda að leita samþykkis aðaláfrýjanda, ef hann vildi nota annað einangrunarefni. Þetta lét hann undir höfuð leggjast. Ber hann því ábyrgð á tjóni, sem aðaláfrýjandi kann að hafa orðið fyrir vegna þessa fráviks.

Því er ekki haldið fram, að gagnáfrýjandi hafi fengið nein fyrirmæli um einangrunarefni í útveggi hússins. Með skírskotun til þess, sem segir í héraðsdómi, var honum því heimilt að nota einangrunarplast í þessu skyni, að því leyti sem það efni veitti fullnægjandi einangrun.

Ekki verður séð, hversu mikill hluti kröfu aðaláfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið er vegna einangrunar lofts annars vegar og einangrunar veggja hins vegar. Ekkert er heldur upplýst um það, hvort það hafi leitt til lækkaðs kostnaðar, að notað var einangrunarplast í stað glerullar, eða hvort plast sé lakara efni en glerull. Þessi kröfuliður þykir því eigi studdur þeim gögnum, að unnt sé að taka hann til greina. Verður því niðurstaða héraðsdóms að því leyti staðfest.

Um aðra byggingargalla:

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta úrlausn hans um þessa kröfuliði. Þá þykir og mega staðfesta úrlausn héraðsdóms um bótakröfur aðaláfrýjanda vegna afhendingardráttar.

II. Um kröfur gagnáfrýjanda í gagnsök í héraði.

Gagnáfrýjandi hefur krafist þess, að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða honum vangreidd verklaun vegna smíði hússins. Aðaláfrýjandi hefur ekki hnekkt reikningum gagnáfrýjanda, og verða því þessar kröfur hans teknar til greina.

Samkvæmt kröfugerð gagnáfrýjanda í gagnstefnu í héraði og málflutningi hans hér fyrir dómi þykja gagnkröfur hans eiga að koma til skuldajafnaðar við kröfur aðaláfrýjanda.

Vextir af dæmdri fjárhæð verða reiknaðir frá þeim tíma, sem báðir aðiljar miða við í kröfum sínum, en fyrir tímabilið 1. mars 1974 til 15. júlí s. á. verða vextirnir ekki ákveðnir hærri en 9% ársvextir.

Verða því úrslit máls þessa þau, að gagnáfrýjandi verður dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 724.826 krónur (1.150.500 ÷ 425.674) með 9% ársvöxtum af 1.150.500 krónum frá 1. mars 1974 til 15. júlí s. á. og 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s. á., en 13% ársvöxtum af 724.826 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 850.000 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Sigurður Guðmundsson, greiði aðaláfrýjanda, Önnu Guðmundsdóttur, 724.826 krónur með 9% ársvöxtum af 1.150.500 krónum frá 1. mars 1974 til 15. júlí s. á. og 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s. á., en 13% ársvöxtum af 724.826 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 850.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að ég tel lagfæringu þá á grind hússins og klæðningu útveggja að innan og innveggja, sem héraðsdómur leggur til grundvallar niðurstöðu, ekki fullnægjandi viðgerð. Kostnað við lagfæringu þessa metur héraðsdómur á 288.000 krónur. Yfirmatsmenn hafa í yfirmatsgerð gert grein fyrir því, hvernig þeir telji, að framkvæma eigi viðgerð þessa á grind hússins, bæði innveggjum og útveggjum og síðan klæðningu veggja þessara. Kostnað meta þeir á 487.100 krónur. Ég tel, að taka beri þennan lið til greina að fullu. Tel ég því, að dæmd bótafjárhæð eigi að hækka um 199.100 krónur í 923.926 krónur.

Ég er sammála vaxtaákvæði í dómsatkvæði meiri hluta dómenda, sem miðist við 1.349.600 krónur fyrir tímabilið 1. mars til 1. ágúst 1974 og 923.926 krónur síðan. Ég er einnig sammála málskostnaðarákvæði meiri hlutans.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 19. febrúar 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms, að undangengnum munnlegum málflutningi 3. febrúar sl., hefur aðalstefnandi, Anna Guðmundsdóttir, Grashaga 23, Selfossi, höfðað með sáttakæru, birtri 14. janúar 1976, á hendur gagnstefnanda, Sigurði Guðmundssyni, Smáratúni 15, Selfossi, til greiðslu skuldar vegna galla á húsbyggingu og greiðsludráttar kr. 6.319.000 með 13% ársvöxtum frá 1. mars 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar, þar á meðal matskostnaður, að skaðlausu. Gagnstefnandi hefur í aðalsök krafist þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 156.000 auk 13% ársvaxta frá 1. mars 1974 til greiðsludags, enda komi sú upphæð til frádráttar kröfum hans í gagnsök, en aðalstefnanda verði gert að greiða honum málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Með stefnu, útgefinni 12. mars 1976, hefur gagnstefnandi gagnstefnt aðalstefnanda til greiðslu kr. 425.674 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. mars 1974 til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Aðalstefnandi krefst sýknu í gagnsök og að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati réttarins.

Aðalstefnandi hafði hug á að reisa íbúðarhús. Gagnstefnandi tók að sér húsbygginguna. Aðiljarnir gerðu með sér skriflegan samning um þetta verk. Samningurinn er svohljóðandi: „Við undirritum gerum með okkur svofelldan samning:

Ég Sigurður Guðmundsson byggingameistari tek að mér að byggja hús að Grashaga 23, Selfossi, eftir teikningu frá Húsnæðismálastjórn, verk: 1040.

Húsið ásamt bílskúr skal verða fokhelt 15. dec. 1973 og íbúðarhæft 1. marz 1974.

Húsið byggist eftir framlögðum reikningum.

Ég Anna Guðmundsdóttir skuldbind mig til að greiða við undirritun þessa samnings kr. 500.000. — krónur fimm hundruð þúsund — og framhaldið eftir framlögðum reikningum.

Selfossi, 8. okt. 1973
Sigurður Guðmundsson
Anna Guðmundsdóttir.

Vottar:
Kjartan Magnússon
Valborg Magnúsdóttir."

Við samningsgerð þessa fékk aðalstefnandi gagnstefnanda í hendur allar teikningar af húsinu utan burðarþolsteikningar. Gagnstefnandi kveðst hafa fengið burðarþolsteikningarnar í pósti skömmu síðar. Aðalstefnandi lýsir því í skriflegri aðiljaskýrslu sinni á dskj. nr. 9, að hún hafi leitað sér upplýsinga um kostnað við húsbygginguna. Hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins hafi hún fengið þær upplýsingar, að kostnaðurinn mundi nema ca 1.6—1.700.000 krónum. Er aðalstefnandi ræddi við gagnstefnanda um, að gagnstefnandi tæki að sér húsbygginguna, kveðst hún hafa spurt hann þess sama. Hann hafi þá sagst geta það alveg upp á hár, þar sem hann, auk þess að vera alltaf að byggja, væri stöðugt að meta hús, þar sem hann væri í brunamatinu á staðnum. Niðurstaða hans hafi orðið kr. 1.834.290. Segir aðalstefnandi, að gagnstefnandi hafi lýst því, að þarna væri reiknað með öllu „tipp topp og fullfrágengnu", gatnagerðargjaldið og allt með í þessari tölu. Aðalstefnandi kveðst við samningsgerðina hafa falið gagnstefnanda að sjá um allt viðvíkjandi byggingunni, þar á meðal efniskaup. Efni skyldi hann velja af skynsemi og hófsemi. Aðalstefnandi kveðst þó sjálf hafa ætlað að sjá um kaup á miðstöð, eldhúsinnréttingu, hreinlætistækjum og eldavél, enn fremur að sjá um að betrekkja og mála innanhúss, þegar þar að kæmi. Aðalstefnandi segir þeim

báðum hafa verið ljóst, að vænta mátti hækkana frá hinu áætlaða verði.

Svo sem að framan greinir, gaf aðalstefnandi skriflega aðiljaskýrslu, sbr. dskj. nr. 9. Enn fremur kom hún fyrir dóminn og gaf munnlega aðiljaskýrslu. Við það tækifæri lýsti hún yfir, að rétt væri með farið í hinni skriflegu skýrslu. Gagnstefnandi gaf munnlega aðiljaskýrslu fyrir dóminum. Í skýrslum þessum er lýst framgangi byggingarinnar. Aðalstefnandi kveður gagnstefnanda hafa byrjað nokkuð fljótlega að steypa sökkla fyrir húsið og bílskúr, en þar við setið, er hörkufrost hafi brostið á um miðjan nóvember. Er smáblota hafi gert í byrjun desember, hafi verið jafnað í grunni hússins og plata steypt. Bílskúr hafi verið látinn eiga sig. Á honum hafi eigi verið byrjað fyrr en í maí 1974, en hann er eigi fokheldur enn. Aðalstefnandi kveður, að eftir að byrjað var á bílskúrnum, hafi komið í ljós, að efni til hans var eigi fáanlegt. Aðalstefnandi hefur gert ýmsar athugasemdir við vinnubrögð af hálfu gagnstefnanda. Bæði telur hún, að illa hafi verið að verki staðið og ekki gætt hagkvæmni í vinnubrögðum. Kveður hún gagnstefnanda hafa lofað að bæta ráð sitt, er hún fann að við hann. Fátt hafi hann þó staðið við. Hafi að lokum komið að því, að í brýnu hafi slegið milli þeirra.

Gagnstefnandi heldur því fram, að aðalstefnandi hafi ekki getað staðið í skilum með greiðslur eftir því sem hann fór fram á við hana. Hafi reynt á þetta frá 1. mars 1974, og segir hann, að aðalstefnanda hafi verið ljós staðan á reikningum þeirra allt frá þeim tíma. Aðalstefnandi hafi greitt svo sem fram kemur á yfirlitinu á dskj. nr. 27. Hinn 29. apríl 1974 hafi hún greitt kr. 100.000 og kr. 200.000 með víxli. Víxil þennan hafi honum eigi tekist að selja í viðskiptabönkum sínum. Aðalstefnandi hafi greitt víxilinn 17. október 1974 og sé sú greiðsla færð á yfirlitið á dskj. nr. 27 sem „peningar". Gagnstefnandi kveður nokkrar tafir hafa orðið á verkinu, sem hann hafi ekki átt sök á. Frostakafli, sem stóð um það bil hálfan nóvember, hafi komið í veg fyrir, að hægt væri að steypa plötu. Þá hafi hálfs mánaðar verkfall verið í janúar eða febrúar. Þá segir hann, að aðrir iðnaðarmenn hafi ekki ávallt komið, jafnskjótt og hann kallaði þá. Einnig hafi Kaupfélag Árnesinga verið falið að smíða einstaka hluta innréttinga. Hafi í því efni bæði verið til, að hann hafi pantað þvílíka hluti og að aðalstefnandi gerði það. Eldhúsinnrétting hafi ekki komið fyrr en í maí og skápar og innihurðir í júní.

Enda þótt komið hafi fram í skýrslum aðilja, að ýmislegt til

byggingarinnar hafi verið fengið frá öðrum en gagnstefnanda fyrir tilstilli beggja málsaðilja, heldur aðalstefnandi því þó fram, að svo hafi verið um samið, að erindrekstur af því tagi væri í verkahring gagnstefnanda. Efni fengið með þessum hætti greiddi aðalstefnandi að mestu beint til seljanda án milligöngu gagnstefnanda. Gagnstefnandi kveður aðra iðnaðarmenn, sem unnu við húsbygginguna, eigi hafa verið á sínum vegum. Hann hafi að vísu kallað þá til verka, en aðalstefnandi hafi greitt þeim verklaun.

Aðalstefnandi kveður sig hafa boðað gagnstefnanda á sinn fund í júlí 1974 til þess að yfirfara með sér það, sem eftir var að gera. Á þennan fund kveður hún gagnstefnanda hafa haft meðferðis niðurstöðutölur yfir skuld aðalstefnanda við hann. Hafi hún viljað fá að sjá reikninga og vinnuskýrslur, sem staðfest gætu niðurstöðutölur hans. Enn fremur kveðst hún hafa viljað, að hann lyki verkinu fyrst. Er verkinu væri lokið og hún hefði fengið að yfirfara reikninga, gætu þau talast við um greiðslu. Aðalstefnandi kveður gagnstefnanda hafa brugðist við þessu með þeim orðum, að ef hún ætlaði að hafa þetta, yrði hann ekki betri viðskiptis. Síðan hafi þau háð „kalt stríð" og gagnstefnandi eigi látið vinna handtak í húsinu.

Aðalstefnanda þótti smíði hússins mjög gölluð. Með bréfi til sýslumanns í Árnessýslu, dags. 25. október 1974, fór lögmaður hennar þess á leit, að dómkvaddir yrðu tveir óvilhallir og hæfir menn til að meta hús aðalstefnanda nr. 23 við Grashaga á Selfossi, 1) hvort verkið sé forsvaranlega af hendi leyst, 2) hvað vanti á að svo sé, 3) hvað kosti að bæta úr göllum. Til mats þessa voru kvaddir Indriði Nielsson byggingameistari og Hákon Ólafsson verkfræðingur. Niðurstöðutala matsgerðarinnar var kr. 436.605. Í þeirri tölu er samkvæmt yfirlýsingu matsmanna sjálfra í matsgerðinni bæði reiknað með göllum og ófullgerðu verki.

Aðalstefnandi vildi eigi una matinu. Af hennar hálfu var þess farið á leit, að dómkvaddir yrðu þrír óvilhallir og hæfir yfirmatsmenn. Tekið var fram sama matsverkefni og við undirmatið og að undirmatsgerðin yrði tekin til meðferðar og henni hrundið. Yfirmatsmenn voru Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður, Kristinn R. Sigurjónsson byggingameistari og Magnús Guðjónsson byggingameistari. Í yfirmatsgerðinni, sem dagsett er 15. júlí 1975, segir:

„Niðurstaða skoðunargerðar var þessi:

Vatnsklæðning utan á húsinu er að sögn matsþola keypt í Timburversluninni Völundi h.f. Hún er úr furu. Breidd borða er 12 cm, þykkt 2.2 cm. Dýpt nótar og tappa er 8 mm, þykkt tappa og breidd nótar er 6 mm. Þessi gerð vatnsklæðningar hefur verið á markaði hjá Timburversluninni Völundi um árabil og er alþekkt vara.

Við skoðun kom í ljós, að klæðningin hafði gisnað svo mjög, að á öllum hliðum hússins mátti sjá merki þess, að tappi náði ekki nót, þannig að rifa myndaðist milli borða með þeim afleiðingum, að vindur og vatn eiga greiða leið þar í gegn.

Á öllum veggjum hússins neðan þakbrúnar eru borðin negld upp lárétt, en á ofanverðum göflum eru borðin lóðrétt.

Negling klæðningar er með þeim hætti, að þau eru negld með einum þriggja tomma galvaniseruðum nagla í mitt borð í hvern staf.

Olíusoðið masonít, kíttað í nót, er til þéttingar kringum glugga. Í ljós kom, að masónítið hafði verið lítið neglt við fótstykkið að neðan, þannig að vindur átti greiða leið inn i grind hússins og olli trekk og kælingu í húsinu, aðallega með gluggum.

Á göflum mátti sjá nokkur sprungin borð, t. d. á austurgafli voru þrjár greinilegar rifur og um það bil 60 cm löng sprunga út frá nagla í einu borðanna á miðjum gafli.

Rafmagnsrör stendur út úr austurgafli og stefnir upp á við. Þar gæti vatn runnið meðfram og inn í grind hússins.

Skoðun á þaki: Matsmenn lögðu snúru á þakið ca 1.2 m. frá mæni á norðursíðu þaksins. Ca 2.2 m. frá vesturenda mældist sig þaksins 4 cm og 3 cm í sömu fjarlægð frá austurenda, enn fremur 3 cm á tveim punktum þar á milli.

Sig þaksins var einnig mælt á fjórum stöðum frá vestri til austurs með rúmlega tveggja metra millibili, og reyndist það vera 4 cm, 4 cm, 4.2 cm og 3 cm í sömu röð. Sig á austurhlið frá vestri til austurs reyndist með sömu mælingaraðferð 4 cm, 4 cm, 3.3 cm og 4 cm.

Afleiðingar af sigi þaksins eru þær, að norðurhlið hússins virðist hafa gengið út að ofanverðu frá 0.6 cm—1.7 cm, sbr. vottorð byggingarfulltrúa um þetta atriði.

Þakið er klætt með timbri, 1" x 6", síðan kemur tjörupappi og galvaniserað bárujárn yzt.

Frágangur á þakjárni er þannig, að notaðar hafa verið tvær

8 feta langar bárujárnsplötur í hverja röð. Þar sem lengd þeirra nægði ekki á síðu þaksins, var til viðbótar skeytt neðan við plöturnar þriggja feta löngum bútum, sem teljast til verulegra lýta. Matsmönnunum finnst þetta óvenjulegur frágangur á nýju húsi, þar sem að jafnaði eru á markaði plötur að lengd 6—12 fet, þannig að ein samskeyti hefðu átt að nægja, sbr. hér á eftir.

Skörin á þakjárni er um það bil 25 cm. Svo er að sjá sem eigi hafi verið höfð fyrirhyggja um frágang á þakrennum, annað hvort með þeim hætti að koma fyrir rennuböndum, áður en þakjárn var neglt á, eða rennur með áfastri svuntu, sem gengi inn undir brúnir þakjárnsins um leið og það er neglt.

Járn er ekki beygt fram yfir þakbrúnir á göflum, eins og venja er til, og neglt inn í vindskeiðar, heldur er það neglt ofan í kantinn á ca 2 cm þykkum vindskeiðum með ca 8—20 cm millibili. Hætta er á, að þakjárn geti losnað upp á köntum í hvassviðri og þar með fokið af húsinu, einkum vegna þess, að þaksaumur er ekki hnykktur að neðan, sem telja verður æskilegt miðað við reynslu.

Frágangur á þakbrúnum er þannig: Sperruendar, 2" x 5", ganga 25 cm út fyrir veggi á hliðum með 1 m millibili. Þar sem gert er ráð fyrir á teikningu, að þakbrún nái 40 cm út fyrir vegg, hafa 40 cm langir bútar, 1" x 6", verið negldir utan á sperruenda til famlengingar. Borðin tvö, sem mynda þakbrúnina, eru samanlagt 27 cm á breidd. Neðra borðið stendur 4 cm niður fyrir og 8 cm upp fyrir framlengingarbútinn, og eru borðin negld án frekari styrkingar inn í endann á bútnum. Borðin í þakbrúnunum eru þegar farin að vindast, skekkjast og losna.

Útihurðir:

Aðal útidyrahurð fellur að vísu ekki að stöfum eins og bezt verður á kosið. Þar er þó ekki um beinan galla að ræða, hvað smíði og frágang snertir, heldur afleiðing þess, að hiti leikur um hurðina að innan, en öll tilbrigði íslenzkrar veðráttur að utan. Viðeigandi vatnsvörn gæti dregið úr þessari mismunandi þenslu.

Útihurð í þvottahúsi er allt of rúm í karmi, og þarf að skipta um hana.

Útihurð úr stofu í garð hefur verið sett á lamir, en er að öðru leyti ófullgerð, að því leyti að gler og skrá vantar. Svo virðist sem láðst hafi að vatnsverja hurðina, og er hún ónýt af þeim sökum.

Skoðun innanhúss:

Þakviðir:

Ef miða á við teikningu Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem merkt er járnbent steypa og þakviðir, verk 1040, kemur í ljós, að eigi hefur verið farið eftir henni sem hér greinir:

Báða stálbitana vantar, en þeim er ætlað að bera uppi kraftsperrur, eins og teikning sýnir, og vera göflum hússins til styrktar.

Eftirfarandi misræmi frá teikningu fannst við skoðun (í sviga tölur á teikningu):

a) Sperrukjálkar merktir 1 eru 2"x5" (2½"x5").
b) Skammbiti merktur 2 eru 2"x4" (2½"x4").
c) Lóðrétt stýfa merkt 3 er ýmist 2"x4" eða 1"x6" (1"x4").
d) Skástýfur merktar 4 eru 1"x5" (1¼"x5").
e) Toppstýfur merktar 5 eru 2"x4" (2½"x4").
f) Laskar og negling, merkt A-E, virtust í samræmi við teikningu.
g) Glerull fyrirfannst engin né heldur asfaltpappi né álpappír, en í þess stað er loftið einangrað með 3" frauðplasti og plastdúk.
h) Teikning gerir ráð fyrir 2 cm þykkri loftklæðningu, en klæðning reyndist vera 1 cm á þykkt.

Loft innanhúss:

Skoðun leiðir í ljós, að loft er víða sigið. Mest er þetta áberandi við vegg milli þvottahúss og eldhúss og í gangi frá anddyri að stofu. Mest mældist sigið 3.5 cm yfir vaskborði í eldhúsi næst þvottahúsi.

Svo er að sjá sem aðalburðarveggir milli stofu og eldhúss og herbergja nr. 4 og 8 hafi verið settir undir kraftsperrur, áður en loft var klætt. Síðan virðast loft herbergja hafa verið klædd án þess að rétta þau nægilega af, áður en aðrir skilrúmsveggir hússins voru reistir.

Samskeyti á loftplötum í sumum herbergjum eru óþarflega áberandi, þar sem eðlilegast hefði verið og vandalaust að hylja þau að mestu bak við veggi, þar sem þeir nema við loft.

Þá hefur ekki verið hugsað fyrir bindlingi bak við loftplötu við veggi, en það hefur þær afleiðingar, að rifur myndast, þar sem loft og veggir mætast.

Útveggir:

Matsþoli lýsti gerð útveggja og einangrun þannig á fundi með aðilum hinn 3. maí s.l.:

„Yzt er vatnsklæðning, síðan 15 mm holrúm, síðan ¼ tommu harðtex (ekki olíusoðið) þá grind 2x4 tommur, 4 tommu glerull með álpappír og síðan ca 30 mm loftrúm, þá 12 mm spónaplötur".

Skoðun leiddi í ljós, að yzt er vatnsklæðning, síðan 10 mm holrúm, síðan ¼ tommu harðtex (ekki olíusoðið), þá grind 2x4 tommur, þá 3 tommu plasteinangrun, þar fyrir innan plastdúkur, því næst 35 mm loftrúm og loks 10 mm spónaplötur.

Matsþoli upplýsti fyrir matsmönnum, að yfir stofugluggum væri sérstakur útbúnaður, sem yki styrkleikann, en ekki yfir öðrum gluggum.

Matsmenn höfðu enga aðstöðu til að rannreyna þetta atriði, þar sem það hefði valdið of mikilli röskun.

Rofið var gat á norðurvegg í herbergi nr. 3 til að kanna, hvort 2x4 tommu skástýfur væru í grind hússins, eins og matsþoli taldi vera, en skástýfur fyrirfinnast ekki á þessum stað.

Við könnun á grind og frágangi undir klæðningu kom í ljós, að bil milli lóðrétta stafa var frá 50—70 cm. Engir láréttir bindingar (lausholt) fundust á þeim stöðum, sem kannaðir voru. Af þessu leiðir, að 10 mm plötur, sem notaðar hafa verið, fara illa, þannig að þær gefa eftir á milli stafa, þannig að bungur og dældir myndast á veggflötum og samskeyti opnast. Þéttleiki grindar er að sjálfsögðu háður styrkleika eða þykkt klæðningar af þessari gerð.

Ríkjandi venja er, að milli stafa sé eigi meira en 30—40 cm, þar sem þilplötur af þessari þykkt eru notaðar. Þar að auki séu að minnsta kosti 2 láréttir bindingar (lausholt) settir miðað við venjulega lofthæð íbúðar.

Matsmenn reyndu eftir föngum að kanna hljóðeinangrun í veggjum milli herbergja. Könnun leiddi í ljós, að lítið fannst af hljóðeinangrandi efni og sums staðar ekkert, enda virðist svo hljóðbært milli herbergja, að heyra megi venjulegt samtal í gegn.

Gluggar:

Skoðun leiddi í ljós, að smíði glugga var einkum ábótavant sem hér greinir:

1. Tveir af lóðréttum póstum í stofugluggum eru svo mikið rifnir, að eigi verður hjá því komist að skipta um þá. Auk þess eru póstarnir illa felldir í og snúnir. Þessi aðgerð hefur í för með

sér, að taka verður gler úr stofugluggum, fella nýja pósta í og glerja að nýju.

2. Gluggar í stofu hafa verið settir 10 cm neðar á veggflöt en teikning sýnir. Afleiðing þess er sú, að miðstöðvarofnar af þeirri stærð, sem notuð er skv. teikningu, komast svo illa fyrir, að þeir eru að heita má fast upp að gluggakistu að ofan, þannig að hitastreymi frá þeim nýtist verr en skyldi.

3. Um smíði annarra glugga er það álit matsmanna, að smíði þeirra er gróf og illa frágengin.

Innihurðir:

Skoðun leiddi í ljós, að hurðir eru illa felldar í karma og illa settar í, þannig að óeðlilegt og mismunandi mikið hlaup er í öllum hurðunum, svo að stór lýti eru að. Hurðirnar sjálfar eru eins og venja er.

Vakin er athygli á því, að svo virðist sem ákvæði byggingarsamþykktar fyrir Selfoss hafi verið sniðgengin við byggingu hússins og eftirliti jafnframt mjög ábótavant.

Við mat á úrbótum hér á eftir er gert ráð fyrir, að allt efni, sem fjarlægja þarf og eigi verður notað aftur, verði eign matsþola. Tekið er tillit til þess í matsfjárhæðum, að beitt verði varfærni við fjarlægingu þess til að forðast óþarfa skemmdir.

Úrbætur:

Við mat á úrbótum hér á eftir

Framan greind skoðun leiðir í ljós, að smíði hússins er ekki forsvaranlega af hendi leyst, og vantar mikið á, að svo sé.

Við mat á því, hvað á vantar, að svo sé, er byggt á eftirfarandi atriðum:

1. Eingöngu er metið það, sem þegar hefur verið gert, en eigi það, sem ógert er.

2. Miðað er við reynsluþekkingu hinna byggingarfróðu yfirmatsmanna um árabil og ríkjandi venjur um smíði og frágang íbúðarhúsa af hliðstæðri gerð.

3. Fyrirliggjandi samþykkt teikning er lögð til grundvallar í ljósi byggingarsamþykktar staðarins.

Eftirfarandi úrbóta er þörf, til þess að smíði hússins megi teljast forsvaranleg:

Vatnsklæðning: Nauðsynlegt er að rífa alla vatnsklæðningu utan af húsinu.

Eins og áður segir, er mikill trekkur með gluggum vegna lítilla neglingar á masoniti við fótstykki hússins.

Matsmenn telja heppilegast að þéttnegla masónítið við fótstykki. Síðan þarf að bora nægilega stór og mörg göt á masonítið til að tryggja nauðsynlegt rakastreymi í grind til að varna fúa. Utan á masonítið þarf að negla vindpappa til að stöðva trekk. Síðan þarf að setja sérstaka lista úr galvaniseruðu blikki eða öðru jafngóðu efni kringum allar dyr og alla glugga hússins, en slíkan frágang telja matsmenn hafa gefið bezta raun á húsum með vatnsklæðningu úr timbri.

Vatnsklæðningu þarf að negla upp að nýju með a. m. k. tveim galvaniseruðum þriggja tommu nöglum í hvert borð, þar sem það fer yfir lóðréttan staf. Loks er nauðsynlegt að vatnsverja húsið rækilega að utan, og telst það bein afleiðing af fyrrnefndum aðgerðum. Gera má ráð fyrir um það bil 10% afföllum á vatnsklæðningu þeirri, sem fyrir er.

Kostnað við að vinna þetta verk að nýju með efni og vinnu telja matsmenn hæfilega áætlaðan kr. 260.000.-.

Afrétting á þaki:

Svo sem að framan greinir, er þak áberandi sigið, þannig að nauðsynlegt er að rétta það af. Matsmenn telja, að eftirfarandi aðferð komi helst til greina:

Þar sem stálbita vantar, svo sem að framan greinir, þarf að koma fyrir í risinu burðarbitum, er gegni sama hlutverki og stálbitar. Að því loknu þarf að athuga þakið frekar með tilliti til afréttingar og bæta svo endanlega úr þessum ágalla með því að losa upp stýfur á kraftsperrum, rétta af og negla stýfur á ný. Gæta verður þess, að styrkleiki þaksins verði ekki minni en gert er ráð fyrir á teikningu.

Við þessar aðgerðir þarf jafnframt að rétta af loftbita, þar sem sig er áberandi, einkum í eldhúsi og gangi.

Kostnaður við afréttingu á þaki, efni og vinna, telst hæfilega metinn kr. 82.000.

Þakviðgerð úti:

Matsmenn telja, að eigi verði hjá því komist að skipta um járn á þaki þannig, að einungis verði tvær plötur í hverri röð frá mæni að þakrennu.

Gert er ráð fyrir, að neðri röð platnanna verði fjarlægð ásamt bútum, en efri röðin ætti að nýtast að mestu, ef snyrtilega er farið

að. Kjöljárn þarf sennilega að fjarlægja og endurnýja að nokkru, eftir að réttingu er lokið.

Um leið og verkið er framkvæmt, þarf að gera ráð fyrir rennuböndum eða setja upp rennu með svuntu, sem fest er undir bárujárnið. Gæta þarf þess að negla járnið vel og hnykkja naglana.

Beygja þarf bárujárnið út yfir gafla og þéttnegla með venjulegum hætti í planka á bak við vindskeiðar.

Þar sem sperruendar ná ekki nægilega langt út fyrir húshliðina eins og teikning sýnir, þarf að framlengja sperrurnar með 40 cm löngum bútum úr efni er sé 2"x6" og boltist með minnst tveimur 3/8" galvaniseruðum boltum í hvern sperruenda.

Utan á endana á þessum framlengingum þarf að negla rækilega með 3" galvaniseruðum saum lóðrétta búta að stærð 1½"x4". Í þessa búta skal síðan negla borðin, sem mynda þakbrúnirnar, einnig með sams konar saum á sama hátt.

Kostnaður við að gera við þak skv. þessum lið telst með efni og vinnu hæfilega metinn kr. 195.595.-.

Endurnýjun á hurðum:

Kostnaður við að skipta um hurðir í stofu og þvottahúsi telst hæfilega metinn kr. 70.000.-.

Einangrun útveggja og lofts:

Við fyrstu skoðun tók matsþoli fram, svo sem áður er sagt, að útveggir hússins væru m. a. einangraðir með 4" glerull og álpappír. Á sérteikningu af þaki er enn fremur gert ráð fyrir 10 cm glerullareinangrun með álpappír að neðan og asfaltpappa að ofan. Í stað þessarar gerðar einangrunar hefur verið notað frauðplast, eins og áður greinir.

Frauðplast er mjög eldfimt efni, sem banvænn reykur myndast af við bruna. Í dönskum og norskum reglum um húsbyggingar frá 1972 og 1973, sem matsmenn hafa kynnt sér, er bannað að nota eldfim efni í einangrun í timburhúsum. Samkvæmt upplýsingum Brunamálastofnunar ríkisins er í smíðum íslenzk brunamálareglugerð, sem væntanlega verður tilbúin á þessu ári, og verður þar algerlega bönnuð frauðplasteinangrun og önnur brennanleg einangrun í timburhúsum.

Í þessu sambandi skal bent á, að s.l. tvö ár hefur verið fluttur inn mikill fjöldi timburhúsa á vegum viðlagasjóðs. Samkvæmt upplýsingum, sem matsmenn hafa aflað sér, eru þessi hús undantekningarlaust einangruð með óeldfimri einangrun.

Brunamálastofnun ríkisins setti það skilyrði fyrir innflutningi

þessara húsa, að þessi háttur yrði á hafður, en á þetta skilyrði reyndi ekki, þar sem engin verksmiðja notaði eldfima einangrun í þau hús, sem í boði voru.

Í ljósi framanritaðs telja matsmenn sjálfsagt að fjarlægja þá frauðplasteinangrun, sem fyrir er, svo og plastdúk, og setja í staðinn 10 cm glerull með álpappír, eins og matsþoli taldi sig hafa notað og gert er ráð fyrir á sérteikningu af þaki.

Kostnaður við að fjarlægja þá einangrun, sem fyrir er, og setja nýja í staðinn skv. framan sögðu telst hæfilega metinn með efni og vinnu kr. 168.675.-.

Hljóðeinangrun:

Eins og áður greinir, er mjög hljóðbært milli herbergja hússins, og telja matsmenn eðlilegt, að úr því verði bætt. Til þess þarf að setja 10 cm steinullarmottur í grind innveggja. Kostnaður við það telst hæfilega metinn með efni og vinnu kr. 82.130.-.

Klæðning innveggja og útveggja að innan:

Eins og greinilega er lýst hér að framan, er frágangi á grind hússins og klæðningu verulega ábótavant. Matsmenn telja, að nauðsynlegt sé að bæta úr þessum ágalla og telja það bezt gert með því að fjarlægja núverandi klæðningu og setja í staðinn a. m. k. 16 mm plötu úr sama efni eða öðru jafngóðu. Efnið þarf að vera þurrt og neglast á lím á samskeytum. Bæta þarf í grind hússins eini röð af lausholtum og skástýfum til styrktar, bæði í inn- og útveggi. Kostnaður skv. þessum lið telst með efni og vinnu hæfilega metinn kr. 487.100.-.

Loft í herbergi nr. 3 og baði nr. 1:

Samkvæmt lýsingu hér að framan þarf að endurnýja loftklæðningu í þessum herbergjum, og telst kostnaður við það með efni og vinnu hæfilega metinn kr. 26.500.-.

Viðgerð á stofugluggum:

Kostnaður við að skipta um pósta skv. framan sögðu telst með efni og vinnu hæfilega metinn kr. 20.000.

Ofn undir stofugluggum og pípulagningarvinna vegna plötuklæðningar:

Skipta þarf um ofn undir stofugluggum og setja annan lægri í staðinn með sama hitafleti. Enn fremur þarf að taka frá ofna,

meðan skipt er um þilplötur. Kostnaður við þetta með efni og vinnu telst hæfilega metinn kr. 38.000.-

Lagfæring á innihurðum og körmum vegna breytinga á klæðningu og ófullnægjandi frágangs:

Kostnaður skv. þessum lið telst með efni og vinnu hæfilega metinn kr. 23.000.-.

Málning innanhúss:

Vegna endurnýjunar á klæðningu og þar af leiðandi röskunar er nauðsynlegt að mála húsið að innan að nýju. Kostnaður með efni og vinnu telst hæfilega metinn kr. 98.000.-.

Ófyrirséður kostnaður telst hæfilega metinn kr. 75.000.-

Meðan á framangreindum viðgerðum stendur, nýtist húsið ekki til íbúðar, og þarf þá m. a. að fjarlægja innbú og taka annað húsnæði á leigu.

Kostnaður samkvæmt þessum lið telst hæfilega metinn kr. 50.000.-, og er þá gert ráð fyrir, að viðgerð taki ekki lengri tíma en 3 mánuði.

Samkvæmt framan greindum matsliðum verður heildarkostnaður kr. 1.656.000.-"

Að beiðni gagnstefnanda gaf Sigurður Jakobsson tæknifræðingur skriflega álitsgerð í tilefni af yfirmatsgerðinni, sbr. dskj. nr. 15. Hann kom fyrir dóminn sem vitni og kannaðist við skýrslu sína. Í skýrslunni lýsir hann skoðunum sínum á göllum með hliðsjón af yfirmatsgerð og kemur með tillögur til úrbóta.

Auk þess að verða fyrir tjóni vegna galla á húsinu telur aðalstefnandi, að hún hafi orðið fyrir tjóni vegna dráttar á byggingarframkvæmdum. Fékk aðalstefnandi Gunngeir Pétursson, skrifstofustjóra byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar, til að meta tjón þetta. Álit hans á tjóni þessu er þannig orðað:

„Ég undirritaður hefi verið beðinn um að áætla, hvað dráttur á byggingarframkvæmdum við húsið Grashaga 23, Selfossi, komi til að kosta húseigandann. Húsi og bílskúr, sem er alls 400 m^3, átti að vera lokið 1. marz 1974, en þá var húsið aðeins fokhelt, en bílskúrinn enn styttra kominn.

Áætlað verð byggingameistarans var upphaflega um 2.130.000.- kr., en samkvæmt byggingarvísitölu 1. marz 1974 hefði það átt að vera 400 · 929.61 x 998 = 3.711.000.- kr.. Almennt er talið, að ⅓ kostnaðar sé kominn í hús, er það er fokhelt. Húsið og bílskúrinn

hefðu því átt að kosta fokhelt 1. marz 1974 alls 1.237.000.- kr., og þá var eftir byggingarkostnaður að upphæð 2.474.000.-.

Miðað við daginn í dag hefur vísitalan hækkað um 88,5%, svo þessar 2.474.000.- hafa hækkað um kr. 2.189.000.- kr."

Í aðalsök eru kröfur aðalstefnda sundurliðaðar þannig:

1) Skaðabætur vegna galla á smíði hússins .... kr. 1.565.000
2) Skaðabætur vegna dráttar ..... — 4.663.000

Liður 1 er alfarið studdur við yfirmatið, sem rakið er að framan, og liður 2 við álit Gunngeirs Péturssonar, sem einnig er áður rakið.

Málsástæður gagnstefnanda í aðalsök eru fólgnar í gagnrýni á einstaka liði yfirmatsgerðarinnar.

Um liðinn „vatnsklæðning" (sbr. yfirmatsgerð) segir gagnstefnandi í álitsgerð sinni: „Það skal viðurkennt, að vatnsklæðning hefur gengið úr nót á stöku stað. Orsökina fyrir því tel ég vera of hátt rakastig í klæðningu, er hún var sett á, en á það skal bent, að frú Anna hefur algerlega vanrækt að halda húsinu við að utan, frá því það kom í hennar umsjón. Tel ég sökina að nokkru leyti hennar. Frágang kringum glugga byggi ég á áralangri reynslu, sem reynst hefur í alla staði mjög vel, að öðru leyti vísa ég til greinargerðar Sigurðar Jakobssonar í þessu sambandi.

Viðvíkjandi kostnaði við lagfæringar á klæðningu, ef talið yrði, að hún þyrfti að fara fram, mundi ég áætla hana um það bil átta dagsverk á kr. 7.695 plús 5% rýrnun á efni eða samtals kr. 71.810."

Liðinn „afréttíng á þaki" viðurkennir gagnstefnandi.

Um liðinn „þakviðgerð úti" segir gagnstefnandi:

„Hvað viðkemur samskeytum á þakjárni hefur hvergi komið fram, að þakið læki, enda engin ástæða til að ætla slíkt, þar sem skörun á járni var rífleg og halli á þaki nokkuð mikill. Um þetta atriði eru heldur ekki neinar fastar venjur. Ég get í sjálfu sér fallist á, að eðlilegra hefði verið að hafa aðeins ein samskeyti á hlið, en bendi á, að í Kaupfélagi Árnesinga fengust ekki réttar lengdir, til þess að það væri mögulegt." Þessu síðasta atriði til staðfestu hefur gagnstefnandi lagt fram vottorðið á dskj. nr. 20. Enn fremur segir gagnstefnandi í þessu sambandi: „Þar sem samskeyti þessi hafa augsýnilega ekki komið að sök, finnst mér þessi liður falla út sjálfkrafa.

Álit mitt er, að kjöljárn fari ekki úr skorðum við afréttingu á

þaki. Í sambandi við festingar á rennum skal þess getið, að sérstakur stallur er í sperruendum, sem rennan fellur í og festist síðan í vindskeiðarborð. Er aðferð þessi algeng hér um slóðir og hefur reynst vel. Tel ég rennubönd því óþörf, enda nokkuð dýr, vísa ég í þessu sambandi á teikningu Sigurðar Jakobssonar" (sbr. dskj. nr. 18).

Hvað liðinn „endurnýjun á hurðum" varðar segir gagnstefnandi báðar útihurðirnar, sem getið er um í yfirmatsgerðinni, vera smíðaðar í trésmiðju KÁ með vitund og vilja aðalstefnanda og telur sig því eigi eiga sök á því, þótt um galla á þeim sé að ræða.

Um liðinn „einangrun útveggja og lofts" segir gagnstefnandi, að venja sín sé að nota 10 cm glerull við einangrun timburhúsa. Glerull hafi hins vegar ekki fengist á þeim tíma, er á þurfti að halda. Af þeim sökum hafi 7.5 cm þykk plasteinangrun verið notuð í húsið. Gagnstefnandi telur reglugerðir eigi banna slíka einangrun og telur fráleitt, að skipta þurfi um hana, enda hafi plasteinangrun á þessum tíma þótt gott alhliða einangrunarefni.

Um „hljóðeinangrun" segir gagnstefnandi: „Í öllum herbergisveggjum svo og baðherbergisveggjum er 5 cm steinullareinangrun. Þar sem grindarþykkt milliveggja annarra en burðarveggs er ekki nema 7 cm, kæmi tæpast þykkari einangrun til greina. Veit ég ekki til annars en 5 cm einangrun sé almennt viðurkennd sem hljóðeinangrun. Almennt er talið, að timburveggir þrátt fyrir hljóðeinangrun séu hljóðbærari en steinveggir. Tel ég því kröfu um úrbætur í þessu efni út í hött."

Gagnstefnandi gerir þær athugasemdir við liðinn „klæðning innveggja og útveggja að innan", að samkvæmt grindarteikningu sé teiknað 60 cm á milli stafa. Eftir henni sé farið í megindráttum. Um þéttleika stafa undir gluggum vill gagnstefnandi ekki fullyrða og segir, að vera megi, að millibil þar sé eitthvað breytilegt. Enn fremur segir gagnstefnandi í þessu sambandi. „Á Selfossi hefur sú regla nær ávallt verið notuð, að eftir að einangrun útveggja er lokið, kemur raflögn og pípulögn innan á stafi. Síðan koma 3,5 cm listar innan á stafi, sem gefur grindinni augljósan styrk. Innan á þessa grind eru síðan negldar 10 mm spónaplötur, sem fræstar eru saman á samskeytum og negldar í lím. Eins og áður er getið, er þetta algeng venja hér um slóðir og er samþykkt af byggingarfulltrúa Selfosshrepps. Engin regla er að setja láréttan binding á miðjan vegg.

Það má vera, að það tíðkist einhvers staðar að hafa 30—40 cm milli stafa í útveggjargrindum, en heldur mundi ég telja slíkt til

undantekninga, ef gert væri. Það skal tekið fram, að hvergi er minnst á í byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði um þéttleika grindar undir spónaplötur né þykkt þeirra.“ Þennan lið telur gagnstefnandi með tilvísun til þessa og álitsgerðar vitnisins Sigurðar Jakobssonar, að honum beri eigi skylda til að bæta. Hann kveður sparnaðarsjónarmið hafa verið haft í huga við bygginguna vegna hagsmuna aðalstefnanda, án þess að vikið væri frá venjum „hér um slóðir“ við uppbyggingu hússins.

Liðinn „loft í herbergi nr. 3 og baði nr. 1“ viðurkennir gagnstefnandi svo og liðinn „viðgerð á stofugluggum“. Gagnstefnandi fellst á, að skipta þurfi um „ofn undir stofugluggum“, en telur, að bætt sé að fullu með kr. 27.500.

„Lagfæring á innihurðum o. fl.“ Þessum lið er af hálfu gagnstefnanda með öllu vísað á bug.

Hvað varðar málingu innanhúss vill aðalstefnandi benda á, að hefði herbergi nr. 3 og bað nr. 1 verið fullmálað, en ekki einungis grunnað, megi telja víst, að engar misfellur hefðu sést og alls ekki, ef fagmaður hefði unnið að málningu.

Gagnstefnandi áréttar, að aðrar kröfur en þegar er komið fram, að hann viðurkennir hér að framan, geti hann ekki fallist á að greiða og þær þá með skuldajöfnuði við gagnkröfur hans. Hann telur yfirmatsmenn hafa gerst algerlega offari í matsgerð sinni og að þeir taki til mats ýmsa hluti, sem alls ekki verði taldir matshæfir. Sé það á ábyrgð og kostnað aðalstefnanda, hvort hún aflar sér sérfræðiritgerðar um húsakynni sín, svo sem hér hafi verið gert.

Hvað varðar greiðsludráttarbótakröfu aðalstefnanda tekur gagnstefnandi það fram, að orsakir tafa megi annað hvort rekja til atriða, sem enginn fær gert við, svo sem frostakafla, verkfalla, og hins vegar vegna atvika, sem aðalstefnanda sjálfri sé um að kenna, þ. e. tafir á múrverki, annir pípulagningamanna og rafvirkja. Þá telur gagnstefnandi kröfugerðir aðalstefnanda ekki samrýmanlegar. Fái aðalstefnandi gallabætur, sem miði að því, að hún fái gallalaust hús, sem hafi verðmæti eftir verðlagi dagsins í dag, og auk þess fullt verð húss, hafi hún fengið tvennar bætur, þ. e. eins og gagnstefnandi hefði reist fyrir hana tvö hús fyrir verð eins.

Í gagnsökinni krefur gagnstefnandi aðalstefnanda um eftirstöðvar vinnulauna, efnis og annars kostnaðar vegna byggingarinnar. Kröfu þessa styður gagnstefnandi við reikninga á dskj. nr. 24. Þá hefur hann lagt fram samantekt af vinnulistum, sbr. dskj.

nr. 28—31, og vinnulistana sjálfa á dskj. nr. 37—41. Vinnulistana kveður gagnstefnandi, að hver einstakur starfsmaður sinn skili sér vikulega og fái kaup sitt greitt eftir þeim. Þeir útfylli listana sjálfir. Á þeim sé tilgreint, fyrir hvaða verkkaupa sé unnið, og fært eftir vinnulistum þessum á reikninga á hendur verkkaupum. Aðalstefnandi hefur mótmælt þessum gögnum sem röngum og óstaðfestum. Engin gögn hafi verið lögð fram, sem sýni fram á, að í þeim sé farið með rétt mál. Gagnstefnandi telur gagnkröfuna hins vegar fullsannaða. Ástæðulaust sé að kalla menn, sem staddir séu við vinnu vítt og breytt um landið til að staðfesta vinnulistana. Fyrir dóminum upplýsti aðalstefnandi, að gagnstefnandi hefði framvísað við sig frumriti þeirra gagna, sem eru dskj. nr. 28—32. Þá er því af þeim sökum mótmælt, að reikningar þessir verði lagðir til grundvallar kröfu um skuldajöfnuð við kröfur aðalstefnanda í aðalsök. Enn fremur tekur aðalstefnandi fram, að verulegar vanefndir hafi orðið af hendi gagnstefnanda á samningi þeim, sem þau gerðu með sér um byggingunа. Verulegir ágallar séu á verkinu og verulegur dráttur hafi orðið á því af gagnstefnanda hálfu. Þar af leiðandi sé ekki fallist á, að um greiðsludrátt sé að ræða af hendi aðalstefnanda. Þvert á móti hafi hún orðið fyrir verulegu tjóni vegna vanefnda gagnstefnanda og beri þegar af þeirri ástæðu að vísa kröfu gagnstefnanda á bug.

Álit dómsins.

Í raun hefur samningurinn (sbr. dskj. nr. 5) verið framkvæmdur þannig, að gagnstefnandi hefur samið við aðra aðilja, sem lagt hafa verðmæti til byggingarinnar. Aðalstefnandi hefur greitt endurgjald til þeirra beint. Réttarsamband aðilja að þessu leyti lýtur því reglum um umboð. Þá hefur gagnstefnandi haft réttarstöðu sem umsjónarmaður með byggingunni. Enn fremur hefur gagnstefnandi lagt til vinnu og efni til byggingarinnar. Í samningnum er grundvallað hið gagnkvæma réttarsamband, sem báðar sakir byggjast á.

Um aðalsök.

1. Krafa aðalstefnanda um bætur vegna galla er alfarið reist á yfirmatsgerðinni. Svo sem aðalstefnandi biður um í yfirmatsbeiðni, tiltaka yfirmatsmenn þau atriði, sem þeir telja galla á húsinu. Aðalstefnandi gerir síðan álit yfirmatsmanna að málsástæðum sínum. Þá meta yfirmatsmenn kostnað þann, sem þurfi til að bæta úr göllum. Yfirmatsgerðin er þannig grundvöllur þessa

kröfuliðs aðalstefnanda. Varnir gagnstefnanda eru einnig þannig upp byggðar, að þar er leitast við að hrinda þeim liðum yfirmatsgerðarinnar, sem ekki eru viðurkenndir. Þetta leiðir til þess, að dómur verður fólginn í afstöðu til þeirra atriða sem í yfirmatsgerðinni eru taldir gallar. Enn fremur að styðjast verður við þá sundurliðun, sem fram kemur í yfirmatsgerðinni.

Dómurinn hefur gengið á vettvang og kynnt sér bygginguna.

Yfirmatsgerðin hefur að geyma ítarlega lýsingu á gerð hússins, sem dómurinn hefur staðreynt, að hefur að mestu við rök að styðjast.

Í yfirmatsgerðinni er gert ráð fyrir því, eð efni, sem fjarlægt verði við endurbætur á húsinu og eigi verði notað aftur, verði eign gagnstefnanda. Forsendur skortir til þessarrar ályktunar. Hins vegar telur dómurinn hér vera um óverulegt magn efnis að ræða.

Vatnsklæðning.

Það er skoðun dómsins, að það sé sök gagnstefnanda, að svo er ástatt um vatnsklæðningu sem raun ber vitni. Dómurinn álítur, að rífa þurfi vatnsklæðninguna af og losa um masonít á nokkrum stöðum og koma fyrir skástýfum í grindina. Enn fremur þarf að negla masonítið vel í fótstykkið til að hindra trekk. Síðan þarf að klæða með sömu klæðningu og nokkru viðbótarefni til að vega á móti rýrnun. Þessi liður þykir hæfilega bættur með kr. 260.000.

Viðgerð á þaki.

Dómurinn er að vísu ekki sammála þeirri aðferð við framkvæmdir, sem fram koma í yfirmatsgerðinni, en telur tölulega niðurstöðu rétta. Þessir liðir verða því teknir til greina með kr. 277.000.

Endurnýjun á útihurðum í stofu og þvottahúsi.

Hurðir þær, sem hér um ræðir, voru eigi smíðaðar af gagnstefnanda. Kemur það fram í framburði beggja aðilja. Dómurinn telur ástand stofuhurðar ekki verða leitt til atvika, sem gagnstefnandi ber ábyrgð á. Ísetningu þvottahúshurðar þykir hins vegar ábótavant og telst hæfilega bætt með kr. 15.000.

Einangrun útveggja og lofts.

Byggingarsamþykkt fyrir Selfosshrepp hefur ekki að geyma ákvæði, sem banna notkun einangrunarplasts í timburhúsum. Slík einangrun er og algeng til þeirra hluta. Af þessum ástæðum telur dómurinn hér ekki vera um galla að ræða og getur ekki fallist á þennan lið.

Hljóðeinangrun.

Eigi eru til reglugerðarákvæði um hljóðeinangrun veggja innan íbúða, enda er algengt, að slíkir veggir séu með öllu óeinangraðir. Dómurinn fellst því ekki á, að galli sé á húsinu að þessu leyti og því eigi efni til að taka þennan lið til greina.

Klæðning innveggja og útveggja að innan.

Dómurinn lítur svo á, að gagnstefnandi hafi ekki staðið réttilega að þessu verki. Það er orsök þeirra misfellna, sem á klæðningu er að finna.

Hagkvæmari lausn á lagfæringu en yfirmatsmenn leggja til telur dómurinn vera fólgna í því að láta þær þilplötur útveggja að innan, sem fyrir eru, halda sér. Þær yrðu síðan klæddar með 16 mm þykkum þilplötum. Hvað innveggi varðar þyrfti að losa upp plötur og koma fyrir stýfum, þar sem það á við.

Þessi liður þykir með hliðsjón af framansögðu hæfilega bættur með kr. 288.000.

Loft í herbergi nr. 3 og baði nr. 1 og viðgerð á stofugluggum.

Þessir liðir eru viðurkenndir, og ber því að taka þá til greina með kr. 46.500.

Ofn undir stofugluggum o. fl.

Dómurinn telur rétt að fallast á þennan lið með kr. 38.000.

Lagfæring á innihurðum og körmum.

Dómurinn telur ástæðu til að lagfæra ófullnægjandi ísetningu hurða þessara. Þessi liður verður tekinn til greina með kr. 23.000.

Málning innanhúss.

Þessi framkvæmd er óhjákvæmileg, og þykir því rétt að taka þennan lið til greina með kr. 98.000.

Ófyrirséður kostnaður.

Forsendur skortir til að taka þennan lið til greina.

Kostnaður vegna röskunar, meðan á viðgerð stendur.

Þessi liður þykir réttilega metinn kr. 50.000.

Samtala þeirra liða, sem hér hafa verið teknir til greina og falla undir kröfulið aðalstefnanda í aðalsök, sem er vegna galla, er kr. 1.095.500. Þar af er fjárhæð viðurkennd af gagnstefnanda kr. 156.000. Mismunur þessa er kr. 939.500.

2. Aðalstefnandi byggir kröfur sínar um bætur vegna dráttar á álitsgerð Gunngeirs Péturssonar á dskj. nr. 6. Dómurinn getur ekki fallist á, að sú röksemdafærsla, sem þar er að finna, sé útreikningur á bótum vegna dráttar af hendi gagnstefnanda. Forsendur skortir því til þess að taka þennan kröfulið til greina.

Um gagnsök.

Gögn þau, sem gagnstefnandi styður gagnkröfur sínar við,

þykja fullnægjandi sönnun fyrir þeim. Aðalstefnandi hefur upplýst, að hún hafi haft undir höndum samantekt af vinnulistum allt frá 27. nóvember 1974. Upplýsingar þær, sem í gögnum þessum er að finna, þykja í eðlilegu samhengi við aðrar aðstæður. Gagnkrafan á sér stoð í samningi aðilja.

Gagnstefnandi hefur krafist þess í aðalsök, að sú fjárhæð, sem hann viðurkennir, verði látin koma til skuldajafnaðar kröfum hans í gagnsök. Ber að verða við þeirri kröfugerð þannig, að gagnkrafan verður tekin til greina með kr. 269.674, þ. e. kr. 425.674, að frádregnum kr. 156.000. Frekari skuldajafnaðar er eigi krafist í málinu.

Rétt þykir, að gagnstefnandi greiði aðalstefnanda málskostnað í aðalsök, sem telst hæfilega metinn kr. 670.000, og er þar tekið tillit til matskostnaðar.

Í gagnsök þykir rétt, að aðalstefnandi greiði gagnstefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 60.000.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnstefnandi, Sigurður Guðmundsson, aðalstefnanda, Önnu Guðmundsdóttur, kr. 939.500 með 13% ársvöxtum frá 1. mars 1974 til greiðsludags og kr. 670.000 í málskostnað.

Í gagnsök greiði aðalstefnandi gagnstefnanda kr. 269.674 með 13% ársvöxtum frá 1. mars 1974 til greiðsludags og kr. 60.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maí 1980.

Nr. 186/1978. **Íslenskt verktak h/f**
(Gunnar J. Möller hrl.)
gegn
Auðkúluhreppi
(Vilhjálmur Árnason hrl.).

Aðstöðugjald. Lögtaksúrskurður úr gildi felldur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. janúar 1978. Útivist varð í málinu 2. október s. á. Hefur áfrýjandi áfrýjað málinu að nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, með stefnu 30. október 1978. Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framgang umbeðins lögtaks, en stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að lögtak verði aðeins gert fyrir aðstöðugjaldi að fjárhæð 1.050.501 krónu án dráttarvaxta.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði, og með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 8. febrúar 1978 fékk hann gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal vottorð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur, gögn um fasteign áfrýjanda í Reykjavík og úrskurðir ríkisskattanefndar um niðurfellingu aðstöðugjalds, sem lagt var á áfrýjanda í Auðkúluhreppi gjaldárin 1976 og 1977.

Hreppsnefnd Auðkúluhrepps ritaði skattstjóranum í Vestfjarðaumdæmi bréf 29. mars 1975, og segir þar, að hreppsnefndin hafi „ákveðið, að aðstöðugjald verði lagt á Ístak ís-

lenskt verktak h/f og að hundraðshluti við álagningu verði 1%". Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi auglýsti 30. apríl 1975, hvaða sveitarfélög í umdæmi hans hefðu tilkynnt um álagningu aðstöðugjalds 1975, og var stefndi meðal þeirra. Í auglýsingu þessari er þeim, sem hafi með höndum aðstöðugjaldsskylda starfsemi í öðru sveitarfélagi en þeir eigi lögheimili, gert að skila yfirliti eða sundurliðun, er sýni, hvað af útgjöldum þeirra sé bundið þeirri starfsemi. Er þess óskað, að skilagreinar þessar berist skattstjóranum fyrir 25. maí 1975, ella megi búast við, að aðstöðugjaldið verði áætlað.

Áfrýjandi sendi enga slíka skilagrein, og var aðstöðugjald hans því áætlað af skattstjóranum 1.500.000 krónur.

Ákvörðun stefnda um að leggja á aðstöðugjald er að vísu ekki svo formleg sem æskilegt hefði verið, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 81/1962. Ekki þykir þó næg ástæða til að fella álagninguna úr gildi af þessum sökum, enda liggur ekki fyrir, að aðrir en áfrýjandi hafi haft með höndum verktakastarfsemi í hreppnum á þessum tíma.

Áfrýjandi, Íslenskt verktak h/f (Ístak h/f), er verktakafyrirtæki, stofnað 18. nóvember 1970 og skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur 19. nóvember s. á. Félagið hefur ávallt átt heimili í Reykjavík. Samkvæmt því, sem upplýst var við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti, hefur það skrifstofu í Reykjavík, og starfa þar um 9—12 manns. Þar á félagið og viðgerða- og birgðastöð og athafnasvæði, þar sem nokkrir starfsmenn vinna. Samkvæmt vottorði skattstofunnar í Reykjavík 10. mars 1977 hafði verið lagt fullt aðstöðugjald á félagið í Reykjavík fram til þess tíma án tillits til, hvar starfsemi þess fór fram.

Áfrýjandi tók að sér virkjunarframkvæmdir fyrir Rafmagnsveitur ríkisins við Mjólká í Auðkúluhreppi á árunum 1973, 1974 og 1975. Hlé varð á verkinu á vetrum. Árið 1976 tók áfrýjandi að sér viðbótarverk fyrir sama aðilja í sama hreppi. Rafmagnsveiturnar lögðu áfrýjanda til vinnubúðir á virkjunarstaðnum fyrir 32 starfsmenn, snyrtiaðstöðu, eldhús, borðsal og húsnæði fyrir starfsmenn í mötuneyti. Ekki greiddi áfrýjandi leigu fyrir þetta húsnæði, en sá um við-

hald þess. Áfrýjandi bætti við vinnubúðum og kom upp verkstæði og steypustöð. Byggingar þessar voru fluttar brott að verkinu loknu. Áfrýjandi hafði síma og hafði afnot raforku, er hann galt fyrir. Ekki verður séð, að hann hafi notið neinnar þjónustu frá hreppnum. Öll árin, sem áfrýjandi hafði með höndum starfsemina við Mjólkárvirkjun, hafði hann einnig með höndum ýmsa verktakastarfsemi í öðrum sveitarfélögum á landinu. Gögn máls sýna, að um það bil fjórðungur af heildartekjum áfrýjanda árið 1974 var vegna starfseminnar við Mjólká. Eins og greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, var lagt aðstöðugjald á áfrýjanda í Auðkúluhreppi gjaldárið 1974. Álagning þessi var felld niður með úrskurði ríkisskattanefndar 26. nóvember 1975. Aðstöðugjald var einnig lagt á áfrýjanda í Auðkúluhreppi gjaldárin 1976 og 1977, en þau gjöld voru felld niður með úrskurðum ríkisskattanefndar 9. febrúar og 22. febrúar 1979.

Þegar virt er heildarstarfsemi sú, sem áfrýjandi hafði með höndum árið 1974, svo og rekstraraðstaða félagsins í Auðkúluhreppi vegna starfsemi þeirrar, sem áður er lýst, verður ekki talið, að áfrýjandi hafi haft heimilisfasta atvinnustofnun í hreppnum 1974 samkvæmt ákvæðum a liðs 1. mgr. 40. gr. laga nr. 8/1972, sbr. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 81/1962. Er áfrýjanda því ekki skylt að greiða aðstöðugjald í Auðkúluhreppi gjaldárið 1975. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd hins umbeðna lögtaks.

Eftir þessum úrslitum þykir bera að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 500.000 krónur.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um greiðslu gjafsóknarkostnaðar.

Allur gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda, 300.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og synjað um framkvæmd hins umbeðna lögtaks.

Stefndi, Auðkúluhreppur, greiði áfrýjanda, Íslensku verktaki h/f, 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um greiðslu gjafsóknarkostnaðar.

Allur gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda, Vilhjálms Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Grundvöllur fyrir álagningu aðstöðugjalds þess, sem um er fjallað í þessu máli, er bréf oddvita Auðkúluhrepps til skattstjórans í Vestfjarðaumdæmi, dags. 29. mars 1975, en móttekið af skattstofu Vestfjarða 14. apríl s. á. Efni bréfsins er svohljóðandi: „Hreppsnefnd Auðkúluhrepps hefur **ákveðið, að aðstöðugjald verði lagt á Ístak, íslenskt verktak h.f. og að hundraðshluti við álagningu verði 1%.** Ennfremur hefur hreppsnefndin ákveðið að fela yður álagningu útsvara á þessu ári og að hundraðshluti **við álagningu verði 10%. Öll frávik samkvæmt lögum verði notuð og elli- og örorkulífeyrir verði undanþegin álagningu“.**

Samkvæmt 39. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972 annast skattstjórar álagningu aðstöðugjalda. Í 36. gr., sbr. 41. gr. sömu laga er sveitarstjórn veitt ákvörðunarvald um það, hvort heimild laganna til heimtu aðstöðugjalds skuli notuð og hversu hátt gjaldið skuli vera af hverri tegund atvinnurekstrar, allt innan ákveðinna marka, sbr. 38. gr. laganna, breyttri með 2. gr. L. 104/1973. Ber síðan að auglýsa gjaldflokka samkvæmt 12. gr. reglugerðar um aðstöðugjald nr. 81/1962. Ekki sést af gögnum málsins, að nein slík auglýsing um gjaldflokka hafi verið út gefin.

Samkvæmt V. kafla framangreindra laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972, sbr. L. 104/1973, reglugerð um aðstöðugjald nr. 81/1962 og almennum reglum stjórnarfarsréttar nær heimild sveitarstjórnar einungis til þess að ákveða gjaldtökuna og til þess að setja almennar reglur um fjárhæðir og álagningu í sveitarfélaginu, en ekki til þess að ákveða, að gjöld skuli leggja á tiltekna gjaldendur eða einn tiltekinn gjaldanda. Ákvörðun hreppsnefndar Auðkúluhrepps um aðstöðugjald úr hendi áfrýjanda eins í framangreindu bréfi frá 29. mars 1975 var því ólögmæt. Skattstjóra Vestfjarðaumdæmis bar að synja kröfu hreppsnefndar Auðkúluhrepps um álagningu aðstöðugjalds, nema hreppsnefndin setti almennar álagningarreglur. Var það síðan skattstjóra að ákveða, hvort þær almennu álagningarreglur ættu að leiða til álagningar aðstöðugjalds á áfrýjanda samkvæmt L. 8/1972, sbr. L. 104/1973, og öðrum réttarreglum þar að lútandi. Álagning aðstöðugjalds á áfrýjanda í Auðkúluhreppi árið 1975 var því einnig ólögmæt.

Með þessari athugasemd er ég sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda um, að eigi sé ástæða til að fella hina umdeildu álagningu úr gildi af formsástæðum.

II.

Áfrýjandi er verktakafyrirtæki, skráð í Reykjavík. Samkvæmt málflutningi tók áfrýjandi að sér á árinu 1973 gerð virkjunarmannvirkja fyrir Rafmagnsveitur ríkisins við Mjólká í Auðkúluhreppi. Skyldi verkið unnið á árunum 1973 og 1974, en talið er, að því hafi verið lokið á árinu 1975. Á árinu 1976 tók áfrýjandi að sér nokkurt verk til viðbótar þarna á sama svæði fyrir Rafmagnsveitur ríkisins. Lauk því verki sama ár. Verksamningar hafa ekki verið lagðir

fram í málinu, og ekki hefur komið fram, hverjar voru þær heildarfjárhæðir, sem um var að tefla.

Verkkaupi lagði áfrýjanda til skála á virkjunarstaðnum, þar sem var svefnrými fyrir 32 menn, hreinlætisaðstaða, eldhús, borðsalur og húsrými fyrir starfsmenn mötuneytis. Ekki skyldi áfrýjandi greiða leigu fyrir hús þessi, en annast viðhald þeirra. Áfrýjandi hafði þarna síma og fékk raforku, er hann galt fyrir. Hann mun hafa aukið nokkuð við vinnubúðir þessar, meðan á verkinu stóð, og reisti nokkur önnur mannvirki vegna starfsemi sinnar þarna.

Áfrýjandi hefur talið, að starfsemi við Mjólká hafi verið hætt yfir háveturinn, en ekki gert grein fyrir, hve langan tíma hér hafi verið um að ræða.

Á árinu 1974 var lagt aðstöðugjald á áfrýjanda, er renna skyldi til stefnda, að fjárhæð kr. 500.000. Álagning þessi var felld niður með úrskurði ríkisskattanefndar 26. nóvember 1975.

Eins og áður greinir, voru verkframkvæmdir áfrýjanda við Mjólká langvarandi og umfangsmiklar. Hann hafði þar veruleg not fasteigna við starfsemi sína. Verður að telja, að áfrýjandi hafi haft með höndum slíkan atvinnurekstur í Auðkúluhreppi, að þar hafi verið um að ræða heimilisfasta atvinnustofnun í skilningi ákvæða a liðs 1. mgr. 40. gr. laga nr. 8/1972, sbr. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 81/1962. Var því heimil álagning aðstöðugjalds á áfrýjanda í Auðkúluhreppi á árinu 1975.

Varakröfu sína um, að einungis verði leyft lögtak til tryggingar 1.050.501 krónu, byggir áfrýjandi á því, að brúttótekjur hans af starfsemi í Auðkúluhreppi hafi aðeins numið 105.050.181 krónu á árinu 1974. Honum beri aldrei að greiða hærra aðstöðugjald en nemi 1% af þessari fjárhæð samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laga nr. 8/1972. Áfrýjandi gerði enga grein fyrir aðstöðugjaldsstofnum sínum í Auðkúluhreppi 1975, og var skattstjóra því heimilt að áætla gjaldstofn hans. Áfrýjandi hefur ekki leitt rök að því, að áætlun þessi sé bersýnilega ósanngjörn, og verður því við hana að sitja.

Að því er dráttarvexti varðar þá ber áfrýjanda að greiða

dráttarvexti af lögtakskröfunni, sbr. 43. gr. laga nr. 8/1972. Dráttarvextir skulu hins vegar reiknast 1½% á mánuði frá 1. júlí 1975 til 31. desember s. á. og síðan 2% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði til greiðsludags, sbr. 18. gr. laga nr. 11/1975 og a lið ákvæða til bráðabirgða með þeirri grein svo og kröfugerð stefnda.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina áfrýjuðu lögtaksgerð um annað en dráttarvexti.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 300.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

III.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda um gjafsókn- ar- og gjafvarnarkostnað og talsmannslaun fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að dráttarvextir skulu vera 1½% á mánuði frá 1. júlí 1975 til 31. desember s. á. og 2% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Íslenskt verktak h/f, greiði 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafvarnarkostnaður stefnda, Auðkúluhrepps, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Vilhjálms Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. desember 1977.

Gerðarþola, Ístaki h/f, Íþróttamiðstöðinni, Laugardal, Reykjavík, var við niðurjöfnun aðstöðugjalda 1975 gert að greiða Auðkúluhreppi kr. 1.500.000 sem aðstöðugjald. Fjárhæð þessa hefur gerðarþoli verið ófáanlegur til að greiða. Hefur því Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður f. h. Auðkúluhrepps krafist þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri aðstöðugjaldskröfu, kr. 1.500.000, auk 2%

dráttarvaxta frá 1. júlí 1975 til greiðsludags og kostnaðar við gerðina. Auk þess hefur hann krafist málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Gerðarþoli hefur mótmælt aðstöðugjaldskröfu þessari og krafist þess, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Til vara mótmælir hann kröfu um dráttarvexti og upphæð lögtakskröfunnar.

Gerðarþoli hefur krafist málskostnaðar að mati réttarins. Með bréfi, dags. 21. mars 1977 og 28. nóvember 1977, var gerðarbeiðanda veitt gjafsókn í máli þessu.

Málavextir eru þannig, að gerðarþoli tók að sér á árunum 1973, 1974 og 1975 afmarkað verk samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins, sem var virkjun Mjólkár, II. áfanga. Árið 1976 samdist síðan milli aðilja um viðbótarverk (Hófsárveitu), og lauk því verki á því ári.

Verk þessi voru unnin í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, og þar voru vinnubúðir gerðarþola, meðan verkið var unnið.

Árið 1974 var lagt aðstöðugjald á gerðarþola í Auðkúluhreppi, kr. 500.000. Álagning þessi var kærð til ríkisskattanefndar, sem felldi aðstöðugjaldið niður með úrskurði nr. 1213 26. nóvember 1975. Segir í þeim úrskurði, að á umræddu skattári hafi rekstur gerðarþola farið fram í ýmsum sveitarfélögum, án þess að séð verði, að hann hafi haft atvinnurekstur sinn í einhverju þeirra. Ekki hafi verið leitt í ljós, að starfsemi gerðarþola í Auðkúluhreppi hafi verið heimilisföst atvinnustofnun eða útibú. Þess vegna var aðstöðugjald, álagt 1974 í Auðkúluhreppi, fellt niður.

Árið 1975 var síðan lagt aðstöðugjald á gerðarþola að fjárhæð kr. 1.500.000, og var miðað við áætlaðan aðstöðugjaldsstofn. Forráðamenn gerðarþola segja sér ekki hafa borist vitneskja um álagningu þessa innan kærufrests, en þegar þeir fréttu um álagninguna, var hún kærð fyrst til skattstjóra 9. september 1975. Skattstjóri vísaði kærunni frá sem of seint fram kominni með úrskurði, dags. 14. október 1975, sbr. réttarskjal 6, og staðfesti ríkisskattanefnd þann úrskurð hinn 13. apríl 1976, sbr. réttarskjal 7.

Þann 21. ágúst 1975 var í fógetarétti Ísafjarðarsýslu kveðinn upp lögtaksúrskurður vegna aðstöðugjaldsskuldar gerðarþola, og hann birtur þann 18. janúar 1977.

Með beiðni, dagsettri 28. janúar 1977, til yfirborgarfógetans í Reykjavík fór Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður þess á leit, að gert yrði lögtak í eignum gerðarþola til tryggingar þess-

ari kröfu. Beiðni þessi var tekin fyrir í fógetaréttinum þann 15. mars 1977. Voru þar hafðar uppi mótbárur við umbeðnu lögtaki. Málið var síðan til meðferðar í fógetaréttinum og var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi hinn 2. desember sl.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum umboðsmanns gerðarþola og sjónarmiðum hans. Hefur hann lagt áherslu á, að kjarni málsins sé sá, hvort gerðarþoli hafi haft heimilisfasta atvinnustofnun í Auðkúluhreppi árið 1974 í skilningi 40. gr. laga nr. 8/1972.

Samkvæmt þeirri grein er aðalreglan, að gjaldskyldan er bundin við lögheimilissveit eða sveitarfélag, þar sem aðalatvinnurekstur fer fram. Grein þessi er komin óbreytt úr 12. gr. laga nr. 69/1962. Í athugasemd við þá grein frumvarpsins að þeim lögum segir m. a.: „Það leiðir af því, að aðstöðugjald er greiðsla fyrir þjónustu eða verðmæti, að lögheimili gjaldanda skiptir ekki máli. Þar sem starfsemin fer fram, skal greiða gjaldið, þó að gjaldandi eigi annars staðar lögheimili."

Af gerðarbeiðanda hálfu er bent á, að gerðarþoli hafi notað vegi hreppsins, haft afnot af síma og notið ýmissar þjónustu hreppsins. Gerðarþoli hafi haft vinnubúðir fyrir 32 menn í umdæmi gerðarbeiðanda með raflögnum og frárennslislögnum og auk þess flutt á staðinn nokkur laus íveruhús, verkstæðisskemmu og steypustöð.

Af framangreindu telur umboðsmaður gerðarbeiðanda ljóst, að öll skilyrði álagningar aðstöðugjalds hafi verið fyrir hendi, enda segi í 8. gr. reglugerðar um aðstöðugjald, að gjaldandi teljist hafa heimilisfasta atvinnustofnun í öðru sveitarfélagi, ef hann hefur þar afnot af fasteign vegna starfsemi sinnar þar. Megi í þessu sambandi benda á úrskurði ríkisskattanefndar frá árinu 1975 nr. 440, nr. 441 og 442, en í þeim tilvikum átti fyrirtæki lögheimili í einum hreppi, en vann að verkefnum í þremur öðrum, og var aðstöðugjaldið lagt á fyrirtækið í þeim að tiltölu við veltu í hverjum og einum.

Af hálfu gerðarþola er bent á, að ríkisskattanefnd hafi fellt efnisúrskurð um aðstöðugjaldsskyldu sína árið 1974 í Auðkúluhreppi með úrskurði nr. 1213 26. nóvember 1975, er álagt aðstöðugjald var fellt niður. Talsmaður gerðarþola telur þessa rekistefnu því næsta tilefnislitla, þar sem allar aðstæður gerðarþola í hreppnum séu hinar sömu skattárin 1974 og 1975 og þær voru á skattárinu 1973.

Umboðsmaður gerðarþola segir, að samkvæmt 40. gr. laga nr. 8/1972 komi gjaldskylda af hálfu gerðarþola í Auðkúluhreppi því aðeins til greina, að hann hafi þar heimilisfasta atvinnustofnun. Gerðarþoli hafi unnið afmarkað verk samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins, sem hafi að mestu átt vinnubúðir þær, er notaðar voru við verkin, en gerðarþoli flutt á staðinn laus íveruhús, verkstæðisskemmu og steypustöð. Allt, sem gerðarþoli hafi átt á staðnum, hafi við verkslok verið flutt burtu á aðra vinnustaði í öðrum sveitarfélögum.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að einmitt það, að tengsl gerðarþola við Auðkúluhrepp voru bundin við tiltekinn verksamning og tengslum þessum hafi lokið að fullu í verkslok, skeri úr um það, að ekki hafi verið um „heimilisfasta atvinnustofnun" að ræða. Það kæmi raunar fram í áðurnefndum úrskurði ríkisskattanefndar, að það sé gerðarbeiðanda að sýna fram á, að þetta skilyrði sé fyrir hendi. Hið sama komi fram í mörgum úrskurðum öðrum, sem farið hafi á sömu lund, bæði að því er varðar gerðarþola og önnur verktakafyrirtæki. Það sé margúrskurðað af hálfu ríkisskattanefndar, að verktakafyrirtæki, sem telur fram í heimilissveit sinni og sæti þar álagningu, sé ekki aðstöðugjaldsskylt í öðru sveitarfélagi, þar sem það hefur afmarkað verk með höndum.

Til vara bendir umboðsmaður gerðarþola á, að álagningin sé byggð á áætluðum gjaldstofni, sem ætla má að sé 150 millj. kr., sbr. réttarskjal 9, sem sýnir, að þar umrædd álagning var 1% á gjaldstofn. Réttarskjal 11 sýni, að gjaldstofn fyrir aðstöðugjald gerðarþola, ef miða ætti það við starfsemi hans í Auðkúluhreppi sumarið 1974, væri þó ekki nema kr. 105.050.181.

Eins og af framanskráðu sést, er meginágreiningurinn um, hvort skattstjóri Vestfjarðaumdæmis hafi farið að lögum, er aðstöðugjald var lagt á gerðarþola í Auðkúluhreppi árið 1975.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 8/1972 má innheimta aðstöðugjald hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn, ef hann hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú.

Gerðarþoli hefur haft lögheimili í Reykjavík alla tíð og haft þar meginstarfsemi sína, en unnið að ýmsum verkefnum víðs vegar um landið. Árin 1973 til 1976 var unnið að verkefnum í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu. Í réttarskjali nr. 14 er lýst aðstöðu gerðarþola við það vinnusvæði, en því skjali hefur ekki verið mótmælt. Þar kemur fram, að gerðarþoli hafði afnot

af vinnubúðum fyrir 32 menn í eigu Rarik, sem gerðarþoli stækkaði síðan, kom auk þess upp verkstæði, steypustöð og skrifstofubyggingu.

Telja verður það leiði af því, að aðstöðugjald er greiðsla fyrir þjónustu eða verðmæti, að lögheimili gjaldanda skiptir ekki máli. Þar sem starfsemin fer fram, skal greiða gjaldið, þó að gjaldandi eigi annars staðar lögheimili. Í III. kafla, 2. mgr., 8. gr., reglugerðar nr. 81/1962 segir, að gjaldandi teljist hafa heimilisfasta atvinnustofnun í öðru sveitarfélagi (en heimilissveitarfélagi), ef hann hefur þar afnot af fasteign vegna starfsemi sinnar þar.

Eins og tengslum gerðarþola við gerðarbeiðanda var varið, og þar sem með framangreindum ákvæðum er að því stefnt, að atvinnusveit njóti réttar til álagningar aðstöðugjalds, a. m. k. ekki síður en lögheimilissveit, ber í þessu tilviki að telja gerðarþola gjaldskyldan gagnvart gerðarbeiðanda, og ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Varakrafa gerðarþola um, að lögtak verði ekki leyft fyrir dráttarvöxtum, er ekki tekin til greina með vísan til 44. gr. laga nr. 3/1972. Ekki verður sú varakrafa að lækka kröfufjárhæð heldur tekin til greina, þar sem það er ekki á valdi fógetaréttar að úrskurða um það atriði.

Málskostnaður til handa gerðarbeiðanda ákveðst kr. 60.000 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber talsmanni gerðarbeiðanda, Ólafi Axelssyni héraðsdómslögmanni, kr. 60.000.

Gerðarþoli greiði kr. 60.000 í málskostnað, er renni í ríkissjóð, innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtak skal fara fram fyrir kr. 1.500.000 með 2% dráttarvöxtum frá 1. júlí 1975 til greiðsludags.

Málskostnaður til handa gerðarbeiðanda, kr. 60.000, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber talsmanni gerðarbeiðanda, Ólafi Axelssyni, kr. 60.000.

Gerðarþoli greiði kr. 60.000 í málskostnað, er renni í ríkissjóð, innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. maí 1980.

Nr. 204/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Svavari Kristjónssyni
Guðjóni Kristni Pálssyni
Ingólfi Bárðarsyni
Ingva Rafni Jóhannssyni
Jóni Páli Guðmundssyni og
Árna Brynjólfssyni
(Helgi V. Jónsson hrl.).

Ákæra fyrir verðlagsbrot. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Hér fyrir dómi er þess krafist af hálfu ákæruvalds, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæruskjali 10. janúar 1978, „þó þannig, að staðfest verði sýkna af þeim þætti ákæru, er varðar álagningartölu á laun og launakostnað (yfirstjórnarálag)“, en refsing ákærðu verði þyngd.

Ákærðu Guðjón, Ingólfur, Ingvi Rafn, Jón Páll og Svavar voru stjórnarmenn í Landssambandi íslenskra rafverktaka á því tímabili, er ákæruskjal tekur yfir, þó svo, að hinn síðastnefndi hvarf úr stjórninni í október 1977, að því er skýrt var frá í málflutningi. Ákærði Árni var framkvæmdastjóri landssambandsins, og hafði hann ekki atkvæðisrétt á stjórnarfundum þess.

Í ákæruskjali er ákærði Árni sóttur til saka fyrir að hafa gefið út hinn 8. júlí 1977 í umboði stjórnar landssambandsins taxta um útselda tímavinnu rafvirkja, og eru þeir taldir hafa verið hærri í flestum tilvikum en samþykkt verðlagsnefndar hinn 8. júlí 1977 heimilaði. Eru hinir ákærðu stjórn-

armenn og taldir bera refsiábyrgð á útgáfu taxtanna, og þeim er enn fremur gefið að sök að hafa „viðhaldið“ töxtum þessum óbreyttum, eftir að tilkynning verðlagsstjóra nr. 18 20. júlí 1977 var gefin út og allt til 5. desember 1977, er verðlagsnefnd gerði nýja samþykkt um þetta efni. Leitt er í ljós, að tilkynning nr. 18/1977 var birt í Lögbirtingablaði, er út kom hinn 29. júlí s. á.

Ákæruefni er nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi svo og rannsóknargögnum.

Eins og ákæruefni er markað, eru ákærðu sóttir til saka fyrir fullframið brot á refsiákvæðum þeim, er greinir í ákæruskjali. Eru þeir taldir aðalmenn í broti og eigi hlutdeildarmenn í atferli þeirra manna, er kunna að hafa notað taxta þá, sem ákærðu eru sakaðir um að hafa staðið að, við ákvörðun á fjárhæð útseldrar vinnu rafvirkja. Svo sem greint var, bjó verðlagsskrifstofan eigi út taxta sína fyrr en með tilkynningu 20. júlí 1977, birtri 29. s. m., en í samþykkt verðlagsnefndar 8. s. m. var þess eigi getið, hvernig dreifa ætti því 2½% álagi, er þar greinir, á mismunandi taxta fyrir útselda rafvirkjavinnu. Ákærði Árni kveðst hafa talið, að dreifing hans og útfærsla á þessu 2½% álagi á taxtana gengi ekki í berhögg við samþykkt nefndarinnar, sem honum varð kunn sama dag og hún var gerð. Ekki verður talið, að útgáfa taxta þessara varði við þau refsiákvæði, er greinir í ákæruskjali, og sú háttsemi ákærðu að hlutast eigi til um afturköllun á töxtunum eftir útgáfu og birtingu tilkynningar nr. 18/1977 verður eigi talin varða við refsiákvæði þessi. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin talsmannslaun skipaðs verjanda ákærðu, samtals 400.000 krónur.

Það athugast, að í héraðsdómi er vikið að sakaratriðum, sem ekki rúmast innan ákæruskjals.

Dómsorð:

Ákærðu, Svavar Kristjónsson, Guðjón Kristinn Pálsson, Ingólfur Bárðarson, Ingvi Rafn Jóhannsson, Jón

Páll Guðmundsson og Árni Brynjólfsson, eiga að vera sýknir af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ríkissjóði ber að greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin talsmannslaun skipaðs verjanda hinna ákærðu fyrir báðum dómum, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 400.000 krónur.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 29. desember 1978.

Ár 1978, föstudaginn 29. desember, er á dómþingi verðlagsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara sem dómsformanni og Gunnari Eydal héraðsdómslögmanni sem meðdómanda, kveðinn upp dómur í verðlagsdómsmálinu nr. 564-569/1978: Ákæruvaldið gegn Svavari Kristjónssyni, Guðjóni Kristni Pálssyni, Ingólfi Bárðarsyni, Ingva Rafni Jóhannssyni, Jóni Páli Guðmundssyni og Árna Brynjólfssyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. janúar sl. Í ákærunni segir svo:

„Að höfða ber fyrir verðlagsdómi Reykjavíkur opinbert mál á hendur stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra rafverktaka, Hólatorgi 2 í Reykjavík:

1. Svavari Kristjónssyni, Eikjuvogi 17 í Reykjavík, fæddum 4. júní 1927 á Hellissandi, stjórnarformanni landssambandsins,

2. Guðjóni Kristni Pálssyni, Heiðmörk 52 í Hveragerði, fæddum 3. október 1924 á Þverá í Hörgslandshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu,

3. Ingólfi Bárðarsyni, Hólagötu 45 í Njarðvíkurkaupstað, fæddum 9. október 1937 í Keflavík,

4. Ingva Rafni Jóhannssyni, Löngumýri 22 á Akureyri, fæddum þar í bæ 1. janúar 1930,

5. Jóni Páli Guðmundssyni, Kárahrauni 4 í Hafnarfirði, fæddum 9. september 1935 á Ísafirði, — öllum í stjórn nefnds landssambands, og

6. Árna Brynjólfssyni, Rauðalæk 16 í Reykjavík, fæddum þar í borg 1. apríl 1924, framkvæmdastjóra sambandsins.

Hinn 8. júlí 1977 var af hálfu verðlagsnefndar gerð svohljóðandi samþykkt:

„Við ákvörðun á taxta útseldrar tímavinnu verði sú útreikn-

ingsaðferð notuð, að áfram verði miðað við þá launataxta, sem voru í gildi 1. mars 1977, að viðbættu 2½% og kr. 18.000.00 á mánuði auk launatengdra gjalda. Álagningartölur hækki um 10%. Ákvæðisvinna breytist í samræmi við útselda tímavinnu."

Málið er höfðað til refsingar öllum ákærðu fyrir það, að þrátt fyrir ofangreinda samþykkt verðlagsnefndar, er hlotið hafði staðfestingu ríkisstjórnar Íslands, gaf framkvæmdastjóri sambandsins, ákærði Árni, þá þegar út og sendi í umboði stjórnar landssambandsins félagsmönnum þess taxta yfir útselda tímavinnu rafvirkja, sem voru hærri en ofangreind samþykkt verðlagsnefndar heimilaði sem því nam, að við útreikninga tímavinnukaupsins var miðað við kjarasamninga frá 22. júní 1977 að fullu og álagningartala á laun og launakostnað (yfirstjórnarálag) var einnig án leyfis verðlagsyfirvalda hækkuð um 10%, úr kr. 268.00 í kr. 295.00 á hverja klukkustund miðað við dagvinnu, og síðan fyrir að hafa þrátt fyrir tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18, 20. júlí 1977, um að verðlagsnefnd hefði ákveðið nánar tilgreint hámarksverð hverrar seldrar vinnustundar rafvirkja í framhaldi af kjarasamningum frá 22. júní 1977, viðhaldið af hálfu sambandsins áðurgreindum verðtöxtum þess óbreyttum allt til 5. desember 1977, er verðlagsnefnd samþykkti, að sú skerðing á verðtöxtum yfir útselda vinnu iðnmeistara, sem nefndin gerði þann 8. júlí 1977, skyldi afnumin.

Brot ákærðu teljast varða við 3. og 4. gr., sbr. 20. gr. laga um verðlagsmál nr. 54/1960, sbr. áðurnefnda tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18, 20. júlí 1977, og 1. og 2. mgr. 10. gr., sbr. 12. gr. laga um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. nr. 13/1975.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 9. september f. á., sendi hann verðlagsdómi Reykjavíkur kæru verðlagsstjóra til sín, dags. 6. s. m., út af ætluðu broti stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra rafverktaka og ef til vill einnig forráðamanna einstakra aðildarfélaga þess, gegn lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál og tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18/1977. Í bréfi ríkissaksóknara er gerð krafa um rækilega rannsókn málsins.

Í framangreindu bréfi verðlagsstjóra segir svo m. a.:

„Þann 28. júní 1977 sótti Landssamband ísl. rafverktaka um

hækkun á útseldri vinnu rafvirkja, m. a. vegna kjarasamninga þeirra, sem undirritaðir voru 22. júní s.l.

Verðlagsnefnd tók mál þetta til afgreiðslu á fundi sínum þ. 8. júlí 1977, og var þar eftirfarandi samþykkt gerð:

Við ákvörðun á taxta útseldrar tímavinnu verði sú útreikningsaðferð notuð, að áfram verði miðað við þá launataxta, sem voru í gildi 1. mars 1977, að viðbættu 2½% og kr. 18 þús. á mánuði auk launatengdra gjalda. Álagningartölur hækki um 10%.

Ákvæðisvinna breytist í samræmi við útselda tímavinnu.

Verðlagsskrifstofan sendi bréf til Landssambands ísl. rafverktaka þ. 8. júlí 1977, þar sem þessi ákvörðun Verðlagsnefndar var tilkynnt, en undanfarin ár hefur Landssamband ísl. rafverktaka (LÍR) gefið út taxta yfir útselda vinnu félaga sinna, eftir að Verðlagsskrifstofan hefur sannreynt, að þeir væru í samræmi við samþykkt Verðlagsnefndar.

Þann 15. júlí 1977 gefur hins vegar LÍR út eigin taxta, sem braut í bága við samþykkt Verðlagsnefndar frá 8. júlí, án nokkurs samráðs við verðlagsyfirvöld.

Þegar þetta lá ljóst fyrir, sendi Verðlagsstjóri LÍR með bréfi, dags. 20. júlí 1977, tilkynningu nr. 18/1977 um hámarksverð hverrar vinnustundar rafvirkja. Þrátt fyrir það hefur LÍR ekki dregið sinn taxta til baka, og verður því að líta svo á, að LÍR ætli að hafa ákvörðun Verðlagsnefndar frá 8. júlí að engu.

Tilkynning nr. 18, 1977 birtist í Lögbirtingablaði nr. 64, dags. 29. júlí 1977, og í þrem dagblöðum í Reykjavík þ. 5. ágúst 1977."

Kærubréfi verðlagsstjóra fylgdi skrá yfir aðildarfélög landssambandsins og stjórn þess og framkvæmdastjóra, en það eru hinir ákærðu. Samkvæmt skránni eru aðildarfélög sambandsins þessi: Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík, Rafverktakafélag Suðurnesja og Félög rafverktaka á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi.

Ákærðu voru allir yfirheyrðir fyrir dómi fyrir útgáfu kæru.

Ákærði Svavar Kristjónsson rafverktaki, Eikjuvogi 17 í Reykjavík, staðfestir, að hann sé formaður Landssambands íslenskra rafverktaka og að aðildarfélög sambandsins séu rétt og tæmandi talin hér að framan.

Ákærði segir, að allir félagar aðildarfélaganna eigi rétt til fundarsetu á aðalfundi landssambandsins, sem kýs stjórn þess.

Stjórn sambandsins tekur allar ákvarðanir, sem teknar eru í nafni þess, en framkvæmdastjórinn sér um að koma þeim í framkvæmd. Hann hefur ekki atkvæðisrétt á fundum, en þar ræður

einfaldur meiri hluti. Hafa allir stjórnarmenn jafnan atkvæðisrétt.

Ákærði segir, að framkvæmdastjóri sambandsins hafi um árabil haft samþykki til þess að senda út til félagsmanna taxta yfir útselda þjónustu þeirra, og voru þeir jafnan reiknaðir út eftir reglum, sem verðlagsyfirvöld höfðu samþykkt. Segir ákærði, að taxtarnir hafi jafnan verið sendir félagsmönnum samtímis eða um svipað leyti og leitað var samþykkis verðlagsyfirvalda, sem jafnan fékkst. Var þessi aðferð viðhöfð sumarið 1977, en þá brá svo við, að verðlagsyfirvöld samþykktu ekki taxtana og viðhöfðu aðra aðferð við útreikninga á þeim.

Ákærði segir, að taxtarnir, sem sambandið hefur sent út, og þá einnig hinir umdeildu taxtar séu fyrst og fremst þjónusta við félagsmenn, sem ráði því sjálfir, hvort þeir fari eftir þeim.

Haldinn var fundur í stjórn sambandsins, þegar tilkynning verðlagsstjóra nr. 18/1977 birtist. Á þessum fundi var samþykkt, að aðhafast ekkert frekar í málinu og láta félagsmenn hvern og einn ráða því fyrir sig, hvorn taxtann þeir notuðu. Þá segir ákærði, að það hafi verið álit stjórnarinnar, að með reikningsaðferð sinni væru verðlagsyfirvöld að brjóta niður löglega gerða kjarasamninga, sem gerðir höfðu verið fyrir milligöngu sáttasemjara og sáttanefndar.

Ákærði segir, að áður hafi verðlagsnefnd eingöngu skipt sér af álagningarprósentu taxtanna, en með hinni nýju aðferð taki verðlagsnefnd ekki tillit til mismunandi útgjalda atvinnurekanda vegna einstakra starfsmanna.

Ákærði kveðst sjálfur að undanförnu eingöngu hafa unnið samkvæmt uppmælingu og því ekki þurft að taka afstöðu til þess, hvorn taxtann hann notaði.

Ákærði telur, að félagsmenn muni frekar nota taxta verðlagsstjóra, en þó vill hann ekkert um þetta fullyrða.

Segir ákærði, að engin samþykkt hafi verið gerð á fundum stjórnar sambandsins í þá átt að virða ekki taxta verðlagsstjóra. Ekki man ákærði, hvort allir stjórnarmenn voru viðstaddir á fundi þeim, sem ræddi viðbrögð stjórnarinnar við áðurgreindri tilkynningu verðlagsstjóra.

Ákærði Guðjón Kristinn Pálsson rafverktaki, Heiðmörk 52 í Hveragerði, kveðst hafa setið alla stjórnarfundi í Landssambandi íslenskra rafverktaka síðustu mánuði, og var hann á fundi, sem tók ákvörðun um að draga ekki til baka taxta þá, sem sambandið hafði sent félagsmönnum sínum eftir gerð síðustu kjara-

samninga, enda þótt fyrir lægju aðrir taxtar frá verðlagsyfirvöldum. Ekki var þó gerð samþykkt um að senda hvatningu til félagsmanna um að fara eftir töxtum sambandsins, og var hverjum og einum í sjálfsvald sett, hvorn taxtann hann notaði.

Ákærða er ekki kunnugt um, hvorn taxta félagsmenn nota, en sjálfur notar hann taxta félagsins.

Ákærði Ingólfur Bárðarson rafverktaki, Hólagötu 45 í Ytri-Njarðvík, segir, að rafverktakar telji sér ekki skylt að fara eftir þeim töxtum, sem stjórn sambandsins sendir út hverju sinni, og séu þeir því fyrst og fremst þjónusta við félagsmenn. Ekki er ákærða kunnugt um, hvort félagsmenn hafi yfirleitt farið eftir töxtunum, eins og þeir hafi verið á hverjum tíma.

Ákærði segir, að fundur hafi verið haldinn í samtökunum, eftir að fyrir lágu viðbrögð verðlagsyfirvalda við síðustu töxtum sambandsins. Ákærði var þó ekki á þeim fundi og veit því ekki, hvað þar gerðist.

Ákærði Ingvi Rafn Jóhannsson rafverktaki, Löngumýri 22 á Akureyri, kveðst ekki hafa setið þann stjórnarfund, sem tók ákvörðun um að senda út taxtana. Segir ákærði, að stjórn sambandsins hafi falið framkvæmdastjóranum að annast útreikning á töxtum þeim, sem sambandið sendir frá sér hverju sinni. Ekki eru félagsmenn skyldir að fara eftir töxtunum, en hins vegar mun vera ætlast til þess, að félagsmenn fari eftir þeim á hverjum tíma, svo að ekki skapist ósamræmi um útselda vinnu.

Ekki hefur verið leitað eftir samþykki ákærða vegna taxtanna, en hann hefur hins vegar setið stjórnarfund, eftir að þeir voru sendir út, og veit, í hverju ágreiningurinn er fólginn við verðlagsyfirvöld, að verulegu leyti.

Ákærði segir, að á Akureyri hafi aðsetur Félag rafverktaka á Norðurlandi og hafi stjórn þess, sem ákærði á sæti í, ekki lagt til við félagsmenn sína að nota taxta sambandsins, eftir að upp var kominn ágreiningurinn við verðlagsyfirvöld. Hyggur ákærði, að rafverktakar á Norðurlandi noti almennt taxta verðlagsstjóra, og svo gerir ákærði sjálfur.

Ákærði Jón Páll Guðmundsson rafverktaki, Kárahrauni 4 í Hafnarfirði, kveðst hafa verið í stjórn samtakanna um þriggja ára skeið, og hafa nýir taxtar um þjónustu félagsmanna verið kynntir á stjórnarfundum, en útreikning þeirra hefur framkvæmdastjóri sambandsins annast. Svo var einnig gert í júní 1977 og taxtarnir um svipað leyti sendir félagsmönnum. Lágu þá ekki fyrir viðbrögð verðlagsyfirvalda við töxtunum. Eftir að

þau lágu fyrir með tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18/1977, var haldinn stjórnarfundur hjá sambandinu og samþykkt af öllum viðstöddum stjórnarmönnum, að töxtunum yrði ekki breytt. Ekki voru félagsmenn þó hvattir til að fara eftir töxtunum, en sambandið hefur aldrei skyldað félagsmenn sína til að vinna eftir þeim.

Ákærði telur, að víðast, þar sem hann þekkir til, noti félagsmenn taxta félagsins, sem ákærði telur tvímælalaust, að sé réttur.

Ákærði kveðst sjálfur ekki hafa þurft að nota taxtana, þar sem hann hefur verið í tilboðsverki.

Ákærði Árni Brynjólfsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra rafverktaka, Rauðalæk 16 í Reykjavík, segir, að það sé rútínuvinna að reikna út taxta þá, sem sambandið sendir félagsmönnum sínum hverju sinni. Ákærði segir, að ekki sé fyrir hendi nein sérstök samþykkt fyrir því frá stjórninni, hvernig haga skyldi hverju sinni útreikningi taxtanna, og hafi það þróast af sjálfu sér. Þessir taxtar fengu ætíð samþykki verðlagsyfirvalda eftir þeim útreikningum, sem þeir byggðust á hverju sinni, og hefur ekki áður komið til ágreinings þess efnis, sem nú er.

Ákærði segir, að gengið hafi verið frá töxtunum til útsendingar til félaganna jafnframt því, að þeir voru sendir verðlagsyfirvöldum til afgreiðslu. Þegar samþykki verðlagsnefndar lá fyrir, voru taxtarnir póstlagðir. Þá var beðið eftir samþykki ríkisstjórnarinnar. Ákærði segir, að þessi aðferð hafi verið viðhöfð í júlí sl., og voru félagsmönnum sendir taxtar félagsins í pósti, um leið og bréf verðlagsstjóra frá 8. júlí barst sambandinu. Taldi ákærði, að bréfið væri samþykki verðlagsyfirvalda og hefði málið hlotið sömu afgreiðslu og áður.

Ákærði segir, að upphaflegu beiðni sambandsins um samþykki á umræddum töxtum þess hafi hann látið fylgja útreikninga á þremur töxtum. Einhvern tíma fljótlega eftir að umrætt bréf barst, fór ákærði með útreikningana á hinum töxtunum til starfsmanns verðlagsstjóra, og kom þá fyrst í ljós, að ákærði skildi ekki bréfið á sama veg og starfsmaðurinn.

Ákærði segir, að ástæðan fyrir áðurgreindum skilningi sínum á bréfinu hafi verið sú, að honum hafi ekki dottið í hug, að verðlagsnefnd mundi breyta löglega gerðum töxtum samkvæmt kjarasamningum.

Ákærði kveðst ekki muna eftir því, að ágreiningurinn við verðlagsyfirvöld væri ræddur, eftir að kunnugt varð um hann og fram til ágústloka á stjórnarfundum hjá sambandinu.

Ákærði segir, að hið eina, sem stjórn sambandsins hafi gert í því skyni að hafa áhrif á félagsmenn varðandi notkun á töxtum félagsins, sé sú setning á blöðum þeim, sem taxtarnir eru á, að taxtarnir séu miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt samningi.

Ákærði getur ekki upplýst, hvorn taxtann félagsmenn nota, en segir, að félagsmenn ráði því sjálfir og hafi alltaf gert, hvort þeir færu eftir töxtum sambandsins.

Taxtar þeir, sem ákærði Árni sendi út, eru þessir:

„ÚTSELD NÝBYGGINGAVINNA RAFVIRKJA
22. júní 1977.
(Taxti þessi er eingöngu notaður, þegar allt efni er selt til nýbyggingarinnar).

		Dag-vinna:	Eftir-vinna:	Nætur-vinna:
1. Taxti				
Rafvirkjar		1060	1378	1696
—	+10%	1106	1438	1770
—	+10%+10%	1157	1500	1851
—	+10%+15%	1183	1538	1893
—	+10%+10%+15%	1242	1615	1987
—	+10%+10%+25%	1274	1656	2038
2. Taxti				
Rafvirkjar		1078	1401	1725
—	+10%	1127	1465	1803
—	+10%+10%	1180	1534	1888
—	+10%+15%	1207	1569	1931
—	+10%+10%+15%	1267	1647	2027
—	+10%+10%+25%	1326	1724	2122
3. Taxti				
Rafvirkjar		1146	1490	1834
—	+10%	1199	1559	1918
—	+10%+10%	1259	1637	2014
—	+10%+15%	1288	1674	2061
—	+10%+10%+15%	1356	1763	2170
—	+10%+10%+25%	1421	1847	2274
4. Taxti				
Rafvirkjar		1175	1528	1880
—	+10%	1231	1600	1970

		Dag-vinna:	Eftir-vinna:	Nætur-vinna:
—	+10%+10%	1292	1680	2067
—	+10%+15%	1325	1723	2120
—	+10%+10%+15%	1393	1811	2229
—	+10%+10%+25%	1460	1898	2336

Ákvæðisvinna: Tímaeining kr. 1044.
Álagning á selda klukkustund kr. 163.
Álagning á selda tímaeiningu 17% kr. 152.
Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt skv. samningi.

ÚTSELD VINNA RAFVIRKJA 22. júní 1977.

1. Taxti		Dag-vinna:	Eftir-vinna:	Nætur-vinna:
Rafvirkjar	+10%	1238	1609	1981
—	+10%+10%	1289	1676	2062
—	+10%+10%+10%	1345	1749	2152
—	+10%+15%	1415	1840	2264
—	+10%+10%+15%	1374	1786	2198
—	+10%+10%+10%+15%	1438	1869	2301
—	+10%+10%+25%	1406	1828	2250
—	+10%+10%+10%+25%	1500	1950	2400
2. Taxti				
Rafvirkjar	+10%	1259	1637	2014
—	+10%+10%	1312	1706	2099
—	+10%+10%+10%	1371	1782	2194
—	+10%+15%	1339	1741	2142
—	+10%+10%+15%	1399	1819	2238
—	+10%+10%+10%+15%	1466	1906	2346
—	+10%+10%+25%	1458	1895	2333
—	+10%+10%+10%+25%	1531	1990	2450
3. Taxti				
Rafvirkjar	+10%	1331	1730	2130
—	+10%+10%	1391	1808	2226
—	+10%+10%+10%	1458	1895	2333
—	+10%+15%	1420	1846	2272
—	+10%+10%+15%	1488	1934	2381
—	+10%+10%+10%+15%	1563	2031	2501
—	+10%+10%+25%	1553	2019	2485
—	+10%+10%+10%+25%	1635	2126	2616

4. *Taxti*		Dag-vinna:	Eftir-vinna:	Nætur-vinna:
Rafvirkjar	+10%	1363	1772	2181
—	+10%+10%	1424	1851	2278
—	+10%+10%+10%	1492	1940	2387
—	+10%+15%	1455	1892	2328
—	+10%+10%+15%	1525	1983	2440
—	+10%+10%+10%+15%	1603	2084	2565
—	+10%+10%+25%	1592	2070	2547
—	+10%+10%+10%+25%	1678	2181	2685

Álagning á selda klst. kr. 295.

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt skv. samningi.

HEIMILISTÆKJAVIÐGERÐATAXTI 22. júní 1977.

— utan verkstæðis —

	Engin eftirv.	*1. klst. í eftirv.*	*2. klst. í eftirv.*
	— jöfnunartaxtar —		
1. Lágmarksútkall, allt að 10 mín á staðnum	1399	1445	1484
2. Vinna á staðnum, allt að 1/2 klst.	2099	2168	2227
3. Vinna á staðnum, allt að 1 klst.	2798	2890	2969

Vinna utan fastagjalds skv. viðeigandi útseldri vinnu rafvirkja að viðbættum 3.3% sé unnin 1 klst. í eftirvinnu. 6.1% ef unnar eru 2 klst. í eftirvinnu.

Akstur:		*Lágmarks-útkall.*
Innan borgarmarka Elliðaár Fossvogslækur, Vegamót, Seltjn.	968	481
Árbæjarhverfi, Breiðholtshverfi Kópavogur og Seltj.nes (5—8 km frá verkstæði)	1354	756
Arnarnes, Garðahreppur, Álftanes og Hafnarfjörður (8—12 km frá verkstæði)	1571	1349

Söluskattur ekki innifalinn.

Taxti þessi er miðaður við, að viðgerðir séu framkvæmdar af þjálfuðum mönnum, sem hafa bíla búna nauðsynlegustu verkfærum og varahlutum."

Rétt þykir að gera einnig grein fyrir töxtum þeim, er verðlagsstjóri gaf út hinn 20. júlí með tilkynningu sinni nr. 18/1977, en í tilkynningunni segir svo:

„Verðlagsnefnd hefur ákveðið eftirfarandi hámarksverð hverrar seldrar vinnustundar rafvirkja í framhaldi af kjarasamningum frá 22. júní 1977. (Allir taxtar eru án söluskatts).

Nýbyggingavinna:

1. ár		Dag-vinna:	Eftir-vinna:	Nætur-vinna:
Rafvirkjar		1.071	1.393	1.714
—	+10%	1.119	1.454	1.790
—	+10%+10%	1.171	1.522	1.873
—	+10%+15%	1.197	1.556	1.914
—	+10%+10%+15%	1.256	1.633	2.010
—	+10%+10%+25%	1.314	1.708	2.102
2. og 3. ár				
Rafvirkjar		1.090	1.417	1.744
—	+10%	1.139	1.481	1.823
—	+10%+10%	1.193	1.551	1.909
—	+10%+15%	1.220	1.587	1.953
—	+10%+10%+15%	1.283	1.667	2.052
—	+10%+10%+25%	1.342	1.745	2.147
Eftir 3 ár				
Rafvirkjar		1.126	1.464	1.802
—	+10%	1.177	1.530	1.883
—	+10%+10%	1.235	1.605	1.975
—	+10%+15%	1.263	1.642	2.021
—	+10%+10%+15%	1.330	1.728	2.127
—	+10%+10%+25%	1.393	1.811	2.228

Ákvæðisvinna: Tímaeining kr. 1.029.

Önnur vinna:

Rafvirkjar	+10%	1.251	1.626	2.001
—	+10%+10%	1.303	1.693	2.084
—	+10%+10%+10%	1.360	1.768	2.176

		Dag-vinna:	Eftir-vinna:	Nætur-vinna:
—	+10%+15%	1.329	1.727	2.126
—	+10%+10%+15%	1.388	1.805	2.221
—	+10%+10%+10%+15%	1.454	1.890	2.327
—	+10%+10%+25%	1.446	1.879	2.313
—	+10%+10%+10%+25%	1.517	1.972	2.427
2. og 3. ár				
Rafvirkjar	+10%	1.271	1.652	2.034
—	+10%+10%	1.325	1.723	2.121
—	+10%+10%+10%	1.385	1.800	2.216
—	+10%+15%	1.352	1.758	2.164
—	+10%+10%+15%	1.415	1.839	2.263
—	+10%+10%+10%+15%	1.483	1.928	2.373
—	+10%+10%+25%	1.474	1.916	2.359
—	+10%+10%+10%+25%	1.548	2.013	2.478
Eftir 3 ár				
Rafvirkjar	+10%	1.309	1.702	2.095
—	+10%+10%	1.367	1.777	2.187
—	+10%+10%+10%	1.430	1.859	2.288
—	+10%+15%	1.395	1.814	2.233
—	+10%+10%+15%	1.462	1.900	2.338
—	+10%+10%+10%+15%	1.534	1.995	2.455
—	+10%+10%+25%	1.525	1.982	2.440
—	+10%+10%+10%+25%	1.604	2.085	2.566

Álagsprósentur:
10% Námskeiðsálag
10% Viðgerðarvinna
10% Óþrifaleg og óholl vinna — hæðarálag
10% Rafmagnsdeild Vélskólans
15% Flokksstjórar
25% Raftæknar.

Auk ofangreindra álaga á laun, getur komið til löggildingarálag 45%."

Við samanburð á töxtunum kemur í ljós, að tveir lægstu taxtaflokkarnir hjá LÍR eru lægri en í tilkynningu verðlagsstjóra, en þriðji flokkurinn er hærri en í tilkynningunni. Þá vantar fjórða taxtaflokkinn í tilkynningu verðlagsstjóra.

Af hálfu sambandsins var lögð fram greinargerð um viðhorf þess til kærunnar. Í henni segir svo um álit þess á henni:

„LÍR telur, að Verðlagsnefnd og Verðlagsstjóri hafi ekki farið að lögum við gerð framangreindrar tilkynningar sinnar um taxta útseldrar vinnu af eftirgreindum ástæðum:

1. Nefndin víkur til hliðar löglega gerðum kjarasamningi, og telur LÍR það brot á 3. gr. laga nr. 54/1960. Það að miða taxtana að hluta við eldri samninga fær ekki staðist. Í þessu sambandi skal á það bent, að verðlagsnefnd hefur ekki skipt sér af töxtum ýmissa stétta, svo sem arkitekta og verkfræðinga.

2. Nefndin hefur ekki við ákvörðun álagningar gert athugun á álagningarþörf fyrirtækja innan rafverktakastarfseminnar, eins og henni ber þó að gera samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga 54/1960. Fyrir liggur þó skýrsla Dr. Kjartans Jóhannssonar um rekstur þessara fyrirtækja, en skýrslan var gerð, eins og fyrr greinir, að ósk viðskiptamálaráðherra.

3. Með töxtum sínum mismunar nefndin mjög rafverktökum, sem kemur fram í því, að leyfð er í raun mun meiri álagning á vinnu rafvirkja, sem taka laun skv. 1. og 2. taxta en í 3. og 4. taxta. Kemur þetta misjafnt niður á fyrirtækjum, þar sem sum þeirra eru aðallega með þjálfaða rafvirkja í þjónustu sinni, er taka laun skv. 3. og 4. taxta.

Sem dæmi skal á það bent, að kostnaður við starfsmann skv. hæsta flokki 4. taxta er kr. 1.383 pr. klst., en hæsti taxti verðlagsstjóra er kr. 1.604. Vantar þá kr. 74 pr. klst. upp á, að náð sé þeirri krónutölu, sem verðlagsnefnd hefur ákveðið sem álagningu, en hún er kr. 295.

Vegna framanritaðra ástæðna telur LÍR nauðsynlegt að fá skorið úr um réttmæti ákvarðana verðlagsnefndar."

Verðlagsstjóri sendi dóminum hinn 7. október f. á. greinargerð um taxtaútreikninga þá, sem hann sendi frá sér í tilkynningu sinni nr. 18/1977. Í greinargerð verðlagsstjóra segir svo:

„Mörg undanfarin ár hefur Verðlagsnefnd samþykkt verðtaxta fyrir útselda vinnu iðnmeistara. Frá því í byrjun árs 1972 hefur nefndin notað þá aðferð að miða uppbyggingu taxtanna við greidd laun samkvæmt kjarasamningum að viðbættum gjöldum, sem á þau falla í samræmi við samninga eða lög. Auk þess hefur inn í verðtaxtann verið reiknuð ákveðin krónutalsálagning, sem nefndin hefur ákveðið á hverjum tíma.

Þann 8. júlí 1977 samþykkti Verðlagsnefnd nýjan verðtaxta fyrir iðnmeistara, sem byggist á því, að ofan á þann taxta yfir

útselda vinnu, sem í gildi var 1. mars 1977, var reiknað 2½% og 18 þús. kr. á mánuði og launatengd gjöld í samræmi við það. Álagningartölur voru hækkaðar um 10%.

Ákvæðisvinna skyldi breytast í samræmi við útselda tímavinnu.

Þessi útreikningsaðferð er notuð í tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18/1977 um hámarksverð hverrar seldrar vinnustundar rafvirkja og málmiðnaðarmanna.

Ákvörðun Verðlagsnefndar er byggð á lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál, en þar kemur m. a. fram í 3. gr. laganna, að Verðlagsnefnd geti ákveðið greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt.

Rétt er að vekja enn fremur athygli á gildandi lögum um verðstöðvun, þar sem m. a. er kveðið á um, að ekki megi hækka verð á vöru eða þjónustu nema með samþykki réttra verðlagsyfirvalda og að samþykktin sé staðfest af ríkisstjórn.

Loks skal bent á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. júní 1977, þar sem hún mælist til þess við Verðlagsyfirvöld, að fyrirtæki verði a. m. k. fyrst um sinn látin bera sjálf hluta þess kostnaðar, er leiðir af nýgerðum kjarasamningum.

Verðlagsnefnd hefur haft þessi tilmæli ríkisstjórnarinnar til hliðsjónar við afgreiðslu mála, og hafa öll fyrirtæki virt ákvarðanir nefndarinnar að undanskildum þeim aðilum, sem kæran fjallar um."

Þá ritaði verðlagsstjóri ríkissaksóknara bréf hinn 7. desember f. á. vegna máls þessa. Í bréfinu segir svo:

„Á fundi verðlagsnefndar þann 5. desember s.l. var samþykkt, að sú skerðing á verðtöxtum yfir útselda vinnu iðnmeistara, sem nefndin gerði þann 8. júlí s.l., skyldi afnumin. Þessi samþykkt nær einnig til Landssambands ísl. rafverktaka og Sambands málm- og skipasmiðja, en stjórnendur þessara tveggja sambanda neituðu að hlíta þeim verðtöxtum, sem verðlagsnefnd gaf út, og hafa um fimm mánaða skeið gefið út hærri verðtaxta og hvatt aðildarfélaga sína til þess að fara eftir ólöglegum töxtum sínum. Þessar ólöglegu aðgerðir umræddra tveggja sambanda hafa verið kærðar til embættis yðar með bréfum, dags. 6. september 1977. Það er álit verðlagsnefndar, að samþykktin frá 5. desember s.l. geti í engu haft áhrif á málsmeðferð á framangreindum kærum, sem eru til athugunar hjá yður.

Til þess að skýra nánar forsendur fyrir ákvörðun verðlagsnefndar þann 8. júlí s.l., bendi ég á eftirfarandi:

1. Í 3. grein laga nr. 54/1960 um verðlagsmál kemur m. a. fram, að verðlagsnefnd getur ákveðið greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt.

2. Í 10. grein laga nr. 13/1975 um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. kemur m. a. fram, að þar til öðru vísi verður ákveðið, má ekki hækka verð á vöru eða þjónustu nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnar.

3. Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 28. júní 1977 var gerð samþykkt, þar sem eftirfarandi kom m. a. fram:

„Í samræmi við gefnar yfirlýsingar leggur ríkisstjórnin áherslu á, að ýtrustu varfærni sé gætt við afgreiðslu verðlagshækkana. Telur hún eðlilegt, að atvinnufyrirtæki verði a. m. k. fyrst um sinn að bera sjálf hluta þess kostnaðar, er leiðir af nýgerðum kjarasamningum."

Ég vil geta þess, að verðlagsnefnd hefur farið eftir þessum tilmælum ríkisstjórnarinnar við allar afgreiðslur á undanförnum mánuðum, og hafa samtök atvinnurekenda, að undanskyldum umræddum meistarasamböndum, sætt sig við ákvarðanir nefndarinnar.

Þrjú ofangreind atriði sanna að mínu áliti ótvírætt réttmæti ákvörðunar verðlagsnefndar frá 8. júlí s.l.

Jafn ljóst tel ég vera, að um skýlaust verðlagsbrot er að ræða hjá umræddum meistarasamböndum, er gáfu út ólöglega verðtaxta, sem hvorki hafa verið samþykktir af réttum yfirvöldum né hlotið staðfestingu ríkisstjórnar. Ég tel ekki ólíklegt, að einstakir meðlimir þessara tveggja sambanda hafi farið eftir töxtum verðlagsnefndar, og eins getur verið, að nokkrir aðilar aðrir hafi í góðri trú farið eftir verðtöxtum meistarasambandanna. Það eru því tilmæli mín, að hugsanleg málshöfðun í þessum málum beinist einungis að stjórnum og framkvæmdastjórum sambandanna vegna útgáfu á ólöglegum verðtöxtum."

Leitt er í ljós, að ákærðu að ákærða Árna undanskildum voru stjórnarmenn í LÍR, þegar sú ákvörðun var tekin að reikna út taxta þá, sem mál þetta snýst um, og að ákærði Árni sá sem framkvæmdastjóri sambandsins um að senda þá út til félaga í sambandinu um eða rétt eftir 8. júlí 1977.

Ljóst er, að verðlagsnefnd hafði ákveðið með heimild í 3. gr. laga nr. 54/1960 um verðlagsmál, hvernig reikna skyldi út taxta útseldrar tímavinnu sambandsfélaganna um það leyti, sem sambandið sendi út taxta sína, sem voru hærri en fyrri taxtar og sumir hærri en taxtar verðlagsnefndar, sem sendir voru út með tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18/1977.

Af hálfu verjanda ákærðu er því haldið fram, að þessari ákvarðanatöku verðlagsnefndar séu þau takmörk sett, að ákvæði 3. gr. nái samkvæmt 5. mgr. þeirrar greinar ekki til launa fyrir verk, sem ákveðin hafi verið með samningum stéttarfélaga, og því séu ákvarðanir verðlagsnefndar í þessu máli ólögmætar.

Það er mat dómsins, að sé með ákvæði 5. mgr. 3. gr. átt við það, að það sé fyrir utan valdsvið nefndarinnar að ákveða hámarksverð til verkstæða og verktaka að því er snertir útselda vinnu, hafi verðlagsnefnd að óverulegu leyti heimild til þess að ákveða þóknun fyrir þessa starfsemi, þar sem laun eru langstærsti þátturinn, sem taka þarf tillit til, þegar hámarksverð er ákveðið fyrir þessa þjónustu. Verður ekki séð, að sá hafi verið tilgangur löggjafans með greindu undantekningarákvæði. Er það mat dómsins, að með framangreindu ákvæði í 5. mgr. 3. gr. sé átt við það, að verðlagsnefnd geti ekki haft afskipti af kjarasamningum launþega og vinnuveitenda svo og ef um er að ræða sérstök verk, sem sérstaklega er samið um laun fyrir hverju sinni, t. d. ákvæðisverk, en í undantekningarákvæðinu er talað um verk, en ekki vinnu. Telur dómurinn því, að undantekningarákvæði 5. mgr. eigi ekki að neinu leyti við um taxtaútgáfu verðlagsstjóra samkvæmt tilkynningu hans nr. 18 20. júlí 1977 og sé hún gefin út með fullri stoð í 3. gr. laganna.

Mál þetta var sent ríkissaksóknara til ákvörðunar, án þess að rannsakað væri, í hve ríkum mæli félagar sambandsins notuðu hina umdeildu taxta sambandsins, með það í huga, að hann tæki ákvörðun um það, hvort í þá rannsókn yrði lagt, en slík rannsókn hefði fyrirsjáanlega orðið bæði tímafrek og geysilega umfangsmikil. Af hálfu ríkissaksóknara var ekki óskað eftir slíkri rannsókn og eingöngu ákært fyrir taxtaútgáfuna. Liggur því ekkert fyrir um það í máli þessu, hvort eða í hve ríkum mæli vinna hafi verið seld út á töxtum þeim, sem sambandið gaf út, enda þótt fyrir liggi játning tveggja stjórnarmanna, að þeir hafi notað hina útsendu taxta félagsins.

Í 10. gr. laga nr. 13/1975 um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. segir, að frá 1. október 1974

til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið megi ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi, fyrr en það hefur hlotið samþykki ríkisstjórnarinnar. Eru ákvæði þessi enn í gildi.

Af framangreindri ástæðu var því óheimilt að hækka endurgjald fyrir útselda vinnu, þegar sambandið sendi út taxta sína, nema fyrir lægi bæði samþykki verðlagsnefndar og ríkisstjórnarinnar, en slíkt samþykki mátti verðlagsnefnd ekki veita, nema hún teldi það óhjákvæmilegt. Brast því aðildarfélög LÍR heimild til þess að hækka þjónustu sína, nema samþykki þessara aðilja beggja væru fyrir hendi, en augljóst er, að það skorti í þessu tilviki.

Enda þótt regla sú, sem taxtaútgáfa verðlagsstjóra byggðist á í tilkynningu hans nr. 18/1977, hefði að einhverju leyti verið áfátt eða andstæð 2. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1960, hefði það ekki veitt LÍR heimild til þess að ákveða á sitt eindæmi að senda út til félagsmanna sinna hækkaða taxta fyrir útselda vinnu starfsmanna sinna, án þess að áðurgreind tvö lögbundin samþykki lægju fyrir.

Eins og áður greinir, er ekki leitt í ljós, hvort eða í hve ríkum mæli félagar í LÍR hafi farið eftir þeim töxtum, sem framkvæmdastjórinn sendi út í umboði stjórnar sambandsins. Þarf þá að meta, hvort taxtaútgáfan ein sér sé refsiverð eða hvort fyrir þurfi að liggja sönnun um einstakar gjaldtökur samkvæmt töxtunum, til þess að um refsiverða háttsemi sé að ræða.

Samkvæmt framburði ákærða Árna, sem þykir verða að leggja til grundvallar um útsendingu taxta sambandsins, hafa þeir verið sendir félögum í sambandinu þegar eftir móttöku sambandsins í bréfi verðlagsstjóra til þess, dagsettu 8. júlí 1977. Enda þótt ákærði Árni segist hafa talið bréfið samþykki verðlagsyfirvalda, leysti það hann ekki undan þeirri skyldu að kanna það frekar, og eftir móttöku bréfs verðlagsstjóra til sambandsins frá 20. júlí, sem með fylgdi tilkynning verðlagsstjóra nr. 18/1977, hlaut framkvæmdastjóranum að vera ljóst, að taxtar sambandsins höfðu ekki verið samþykktir, en samt dró sambandið þá ekki til baka.

Útsending framkvæmdastjóra sambandsins á töxtum þess, sem óumdeilanlega voru hærri en áður gildandi taxtar, er gerð í um-

boði stjórnar þess. Telst hún í þessu tilviki atlaga að ákvörðunarvaldi verðlagsnefndar. Telur dómurinn, að sú háttsemi að standa að útreikningum taxtanna og útsendingu þeirra, án þess að fyrir lægi áðurgreint samþykki verðlagsnefndar og ríkisstjórnarinnar, sé ákvörðun ákærðu sem fyrirsvarsmanna sambandsins um að brjóta niður ákvörðun verðlagsnefndar, sem verðlagsstjóri hafði tilkynnt sambandinu í bréfi til þess 8. júlí 1977 og síðar í formi tilkynningar sinnar nr. 18 20. júlí 1977, en með þessari aðgerð sinni stefna forráðamenn sambandsins að því að fá félaga í sambandinu til þess að selja vinnu starfsmanna sinna á hærra verði en lögleg stjórnvöld höfðu ákveðið. Þykir ekki þurfa að liggja fyrir, hvort eða hversu víðtækar of háar gjaldtökur hafi átt sér stað vegna þessarar ákvörðunar. Er því hin ákærða taxtaútgáfa ein sér brot á lögum nr. 54/1960 og lögum nr. 13/1975 fram til þess, að taxtar verðlagsstjóra samkvæmt tilkynningu nr. 18/1977 öðluðust gildi og eftir það að því marki sem taxtarnir voru hærri en taxtar verðlagsstjóra, og því refsiverð.

Enda þótt taxtaútgáfan sé að hluta brot á lögum nr. 54/1960 og lögum nr. 13/1975, ber þó að sýkna af því, að álagningartala á laun og launakostnað (yfirstjórnarálag) hafi verið hækkuð án leyfis um 10%, úr kr. 268 í kr. 295 á hverja klukkustund miðað við dagvinnu, en í áðurgreindri samþykkt verðlagsnefndar var slík álagning einmitt heimiluð.

Í ljós er leitt, að framkvæmdastjóri sambandsins í umboði stjórnar þess stóð að því að láta reikna taxta sambandsins út á þann veg, að leiddi til hærri gjaldtöku en leyfileg var í ýmsum tilvikum. Ekki er í ljós leitt, að öllum hinum ákærðu stjórnarmönnum hafi frá upphafi verið ljóst, þegar framangreint var gert. Fram er komið, að taxtar sambandsins voru ekki afturkallaðir um langan tíma og að enginn stjórnarmanna gerði athugasemdir við þá. Mátti þeim öllum vera ljóst, að sumir þeirra voru hærri en útgefnir gildandi taxtar verðlagsstjóra og höfðu ekki fengið samþykki verðlagsstjóra og ríkisstjórnarinnar. Þá verður að telja, að hinum ákærðu stjórnarmönnum hafi öllum borið að fylgjast með því, sem var að gerast í málefnum sambandsins, og ef þeir voru ekki viðstaddir fundi, að kynna sér með viðtölum við meðstjórnarmenn sína og framkvæmdastjóra, hvað þar færi fram. Verða ákærðu því allir taldir bera refsiábyrgð á taxtaútgáfunni, sem er brot á 3. gr. og 4. gr. laga nr. 54/1960, tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18 20. júlí 1977 og 1. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 13/1975.

Ákærði Ingólfur hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt sakavottorðum annarra ákærðu hafa þeir sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Ákærði Svavar:

1960 1/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákærði Guðjón Kristinn:

1953 25/8 í Árnessýslu: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

1960 28/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. umferðarlaga.

1962 28/9 í Árnessýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir vanrækslu á endurskoðun bifreiðar o. fl.

1965 28/7 í Árnessýslu: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði Ingvi Rafn:

1968 14/10 á Akureyri: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 7 mánuði frá 14/10 1968.

Ákærði Jón Páll:

1965 11/11 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 73/1952.

1974 12/2 í Hafnarfirði: Sátt, 900 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. umferðarlaga.

Ákærði Árni:

1952 15/2 í Reykjavík: Dómur: 500 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaga, umferðarlögum og bifreiðalögum. Staðfest í Hæstarétti 7/10 1952.

1953 30/1 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 24. og 28. gr. lögreglusamþykktar.

1953 16/11 í Reykjavík: Dómur: 700 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 27. gr. bifreiðalaga.

1955 8/10 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28., sbr. 30. gr. lögreglusamþykktar.

1956 4/6 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.

Framangreind taxtaútgáfa varðar ákærðu refsingu samkvæmt 20. gr. laga nr. 54/1960 og 12. gr. laga nr. 13/1975.

Refsing ákærðu hvers um sig þykir hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað hverrar

sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, Svavar Kristjónsson, Guðjón Kristinn Pálsson, Ingólfur Bárðarson, Ingvi Rafn Jóhannsson, Jón Páll Guðmundsson og Árni Brynjólfsson, greiði hver um sig 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað hverrar sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Þriðjudaginn 13. maí 1980.

Nr. 205/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Þórði Gröndal
Jóni Þórarni Sveinssyni
Júlíusi Sæberg Ólafssyni
Steinari Steinssyni
Sveini A. Sæmundssyni og
Guðjóni Tómassyni
(Sveinn Snorrason hrl.).

Ákæra fyrir verðlagsbrot. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Hér fyrir dómi er þess krafist af hálfu ákæruvalds, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæruskjali 10. janúar 1978, „þó þannig, að staðfest verði sýkna af þeim þætti ákæru, er varðar álagningartölu á laun og launakostnað (yfirstjórnarálag)“, en refsing ákærðu verði þyngd.

Ákærðu Þórður, Jón Þórarinn, Júlíus Sæberg, Steinar og Sveinn voru stjórnarmenn i Sambandi málm- og skipasmiða á því tímabili, er ákæruskjal tekur yfir. Ákærði Guðjón var framkvæmdastjóri sambandsins, og hafði hann ekki atkvæðisrétt á stjórnarfundum þess.

Í ákæruskjali 10. janúar 1978 eru ákærðu sóttir til saka fyrir að hafa staðið að því, að af hálfu ofangreinds sambands var gefið út hinn 15. júlí 1977 „fréttabréf“ til félagsmanna sambandsins, er hafði að geyma taxta um útselda tímavinnu málmiðnaðarmanna og bifvélavirkja. Eru þeir taldir hafa verið hærri í flestum tilvikum en samþykkt verðlagsnefndar hinn 8. júlí 1977 heimilaði. Eru hinir ákærðu allir taldir bera refsiábyrgð á útgáfu taxtanna, og þeim er enn fremur gefið að sök að hafa „viðhaldið“ töxtum þessum óbreyttum, eftir að tilkynning verðlagsstjóra nr. 19 20. júlí 1977 var gefin út og allt til 5. desember 1977, er verðlagsnefnd gerði nýja samþykkt um þetta efni. Leitt er í ljós, að tilkynning nr. 19/1977 var birt í Lögbirtingablaði, er út kom hinn 29. júlí s. á.

Ákæruefni er nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi svo og rannsóknargögnum.

Eins og ákæruefni er markað, eru ákærðu sóttir til saka fyrir fullframið brot á refsiákvæðum þeim, er greinir í ákæruskjali. Eru þeir taldir aðalmenn í broti og eigi hlutdeildarmenn í atferli þeirra manna, er kunna að hafa notað taxta þá, sem ákærðu eru sakaðir um að hafa staðið að, við ákvörðun á fjárhæð útseldrar vinnu málmiðnaðarmanna og bifvélavirkja. Svo sem greint var, bjó verðlagsskrifstofan eigi út taxta sína fyrr en með tilkynningu 20. júlí 1977, birtri 29. s. m., en í samþykkt verðlagsnefndar 8. s. m. var þess eigi getið, hvernig dreifa ætti því 2½% álagi, er þar greinir, á mismunandi taxta fyrir útselda vinnu ofangreindra manna.

Ákærðu töldu, að dreifing þeirra og útfærsla á þessu 2½% álagi á taxtana gengi ekki í berhögg við samþykkt nefndarinnar, sem þeim var kunnugt um. Ekki verður talið, að útgáfa taxta þessara varði við þau refsiákvæði, er greinir í ákæruskjali, og sú háttsemi ákærðu að hlutast eigi til um afturköllun á töxtunum eftir útgáfu og birtingu tilkynningar nr. 19/1977 verður eigi talin varða við refsiákvæði þessi. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin talsmannslaun skipaðs verjanda ákærðu, samtals 400.000 krónur.

Það athugast, að í héraðsdómi er vikið að sakaratriðum, sem ekki rúmast innan ákæruskjals.

Dómsorð:

Ákærðu, Þórður Gröndal, Jón Þórarinn Sveinsson, Júlíus Sæberg Ólafsson, Steinar Steinsson, Sveinn A. Sæmundsson og Guðjón Tómasson, eiga að vera sýknir af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ríkissjóði ber að greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin talsmannslaun skipaðs verjanda hinna ákærðu fyrir báðum dómum, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 400.000 krónur.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 29. desember 1978.

Ár 1978, föstudaginn 29. desember, er á dómþingi verðlagsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara sem dómsformanni og Gunnari Eydal héraðsdómslögmanni sem meðdómanda, kveðinn upp dómur í verðlagsdómsmálinu nr. 558-563/1978: Ákæruvaldið gegn Þórði Gröndal, Jóni Þórarni Sveinssyni, Júlíusi Sæberg Ólafssyni, Steinari Steinssyni, Sveini Sæmundssyni og Guðjóni Tómassyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. janúar sl. Í ákærunni segir svo:

„Að höfða ber fyrir verðlagsdómi Reykjavíkur opinbert mál á hendur stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra Sambands málm-

og skipasmiðja, Garðastræti 38 í Reykjavík, sem er sambandsfélag fjögurra aðildarfélaga: Bílgreinasambandsins, Félags blikksmiðjueigenda, Meistarafélags járniðnaðarmanna og Félags dráttarbrauta og skipasmiðja:

1. Þórði Gröndal, Lindarbraut 10, Seltjarnarneskaupstað, fæddum 20. september 1931 í Reykjavík, stjórnarformanni sambandsins,

2. Jóni Þórarni Sveinssyni, Smáraflöt 8 í Garðakaupstað, fæddum 11. apríl 1925 í Butru í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu, fulltrúa Félags dráttarbrauta og skipasmiðja í framkvæmdastjórn sambandsins,

3. Júlíusi Sæberg Ólafssyni, Goðheimum 12 í Reykjavík, fæddum 20. mars 1943 á Ísafirði, fulltrúa Bílgreinasambandsins í framkvæmdastjórn,

4. Steinari Steinssyni, Holtagerði 88 í Kópavogi, fæddum 14. október 1926 í Reykjavík, fulltrúa Meistarafélags járniðnaðarmanna í framkvæmdastjórn,

5. Sveini Sæmundssyni, Vallargerði 2 í Kópavogi, fæddum 24. nóvember 1916 að Eiríksbakka í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu, fulltrúa Félags blikksmiðjueigenda í framkvæmdastjórn, og

6. Guðjóni Tómassyni, Laufvangi 4 í Hafnarfirði, fæddum 16. júlí 1941 í Reykjavík, framkvæmdastjóra sambandsins.

Hinn 8. júlí 1977 var af hálfu verðlagsnefndar gerð svohljóðandi samþykkt:

„Við ákvörðun á taxta útseldrar tímavinnu verði sú útreikningsaðferð notuð, að áfram verði miðað við þá launataxta, sem voru í gildi 1. mars 1977, að viðbættu 2½% og kr. 18.000.00 á mánuði auk launatengdra gjalda. Álagningartölur hækki um 10%. Ákvæðisvinna breytist í samræmi við útselda tímavinnu".

Málið er höfðað til refsingar öllum ákærðu fyrir að hafa þrátt fyrir ofangreinda samþykkt verðlagsnefndar, er hlotið hafði staðfestingu ríkisstjórnar Íslands, staðið að því, að af hálfu nefnds Sambands málm- og skipasmiðja var hinn 15. júlí 1977 gefið út „Fréttabréf" til félagsmanna sambandsins með töxtum útseldrar tímavinnu málmiðnaðarmanna og bifvélavirkja útreiknuðum hærri en ofangreind samþykkt verðlagsnefndar heimilaði sem því nam, að við útreikninga tímavinnukaupsins var af hálfu sambandsins miðað við kjarasamninga frá 22. júní 1977 að fullu, og álagningartala á laun og launakostnað (yfirstjórnarálag) var einnig án leyfis verðlagsyfirvalda hækkuð um 10%, úr kr. 268.00 í kr. 295.00 á hverja klukkustund miðað við dagvinnu, og síðan

fyrir að hafa þrátt fyrir tilkynningu verðlagsstjóra nr. 19, 20. júlí 1977 um, að verðlagsnefnd hefði ákveðið nánar tilgreint hámarksverð seldrar vinnustundar málmiðnaðarmanna og bifvélavirkja í framhaldi af kjarasamningum frá 22. júní 1977, viðhaldið af hálfu sambandsins verðtöxtum þess frá 15. júlí óbreyttum allt til 5. desember 1977, er verðlagsnefnd samþykkti, að sú skerðing á verðtöxtum yfir útselda vinnu iðnmeistara, sem nefndin gerði þann 8. júlí 1977, skyldi afnumin.

Brot ákærðu teljast varða við 3. og 4. gr., sbr. 20. gr. laga um verðlagsmál nr. 54/1960, sbr. áðurnefnda tilkynningu verðlagsstjóra nr. 19 20. júlí 1977, og 1. og 2. mgr. 10. gr., sbr. 12. gr. laga um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. nr. 13/1975.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 9. september f. á., sendi hann verðlagsdómi Reykjavíkur kæru verðlagsstjóra til sín, dags. 6. s. m., út af ætluðu broti stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Sambands málm- og skipasmiðja — og ef til vill einnig forráðamanna einstakra aðildarfélaga þess — gegn lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál og tilkynningu verðlagsstjóra nr. 19/1977. Í bréfi ríkissaksóknara var gerð krafa um rækilega rannsókn málsins.

Í framangreindu bréfi verðlagsstjóra segir svo m. a.:

„Þann 27. júní 1977 sótti Samband málm- og skipasmiðja um hækkun á útseldri vinnu umbjóðenda sinna, m. a. vegna kjarasamninga þeirra, sem undirritaðir voru 22. júní s.l.

Verðlagsnefnd tók mál þetta til afgreiðslu á fundi sínum þ. 8. júlí s.l., og var þar eftirfarandi samþykkt gerð:

Við ákvörðun á taxta útseldrar tímavinnu verði sú útreikningaaðferð notuð, að áfram verði miðað við þá launataxta, sem voru í gildi 1. mars 1977, að viðbættu 2½% og kr. 18 þús. á mánuði auk launatengdra gjalda. Álagningartölur hækki um 10%.

Ákvæðisvinna breytist í samræmi við útselda tímavinnu.

Verðlagsskrifstofan sendi bréf til Sambands málm- og skipasmiðja þ. 8. júlí 1977, þar sem þessi ákvörðun Verðlagsnefndar var tilkynnt, en undanfarin ár hefur Samband málm- og skipasmiðja (SMS) gefið út taxta yfir útselda vinnu félaga sinna, eftir að Verðlagsskrifstofan hefur sannreynt, að þeir væru í samræmi við samþykkt Verðlagsnefndar.

Þann 15. júlí 1977 gefur hins vegar SMS út eigin taxta, sem

braut í bága við samþykkt Verðlagsnefndar frá 8. júlí, án nokkurs samráðs við verðlagsyfirvöld.

Þegar þetta lá ljóst fyrir, sendi Verðlagsstjóri SMS með bréfi, dags. 20. júlí 1977, tilkynningu nr. 19/1977 um hámarksverð hverrar vinnustundar málmiðnaðarmanna og bifvélavirkja. Þrátt fyrir það hefur SMS ekki dregið sinn taxta til baka, og verður því að líta svo á, að SMS ætli að hafa ákvörðun Verðlagsnefndar frá 8. júlí að engu.

Tilkynning nr. 19/1977 birtist í Lögbirtingablaði nr. 64, dags. 29. júlí 1977, og í þrem dagblöðum í Reykjavík þ. 5. ágúst 1977".

Kærubréfi verðlagsstjóra fylgdi skrá yfir aðildarfélög Sambands málm- og skipasmiðja og framkvæmdastjórn þess og framkvæmdastjóra, en það eru hinir ákærðu. Samkvæmt skránni eru aðildarfélögin þessi: Bílgreinasambandið, Félag blikksmiðjueigenda, Meistarafélag járniðnaðarmanna og Félag dráttarbrauta og skipasmiðja.

Í fréttabréfi sambandsins frá 15. júlí f. á. segir svo orðrétt:

„Nýir útsölutaxtar:

Á fundi verðlagsnefndar þann 14. júlí síðastliðinn var loks tekið til afgreiðslu erindi samtakanna um útselda vinnu, og var þá eftirfarandi samþykkt gerð:

„Við ákvörðun á taxta útseldrar tímavinnu verði sú útreikningsaðferð notuð, að áfram verði miðað við þá launataxta, sem voru í gildi 1. mars 1977, að viðbættu 2½% og kr. 18.000.00 á mánuði auk launatengdra gjalda. Álagningartölur hækki um 10%".

Ofangreind hækkun verðlagsnefndar hlaut staðfestingu ríkisstjórnarinnar nú í vikunni.

Hjálagðir eru útsölutaxtar, sem byggjast á ákvörðun verðlagsnefndar og launakostnaði í samræmi við kjarasamningana frá 22. júní 1977.

Takið eftir:

1. Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt kjarasamningunum frá 22. júní 1977.
2. Að álagningartala (yfirstjórnarálag) hækkaði um 10%, þ. e. úr kr. 268.00 í kr. 295.00 á klst. í dagvinnu.
3. Að þar sem enn hafa ekki tekist samningar við verkstjóra, þá eru hvorki launa- né útsölutaxtar fyrir þá hér með.

F. h. Sambands málm- og skipasmiðja
Guðjón Tómasson".

Síðan fylgja fréttabréfinu taxtar sambandsins, og eru þeir á þessa leið:

„Útseld vinna málmiðnaðarsveina 22. júní 1977
(allir taxtar án söluskatts)

	Dag-vinna	Eftir-vinna	Nætur-vinna
Sveinar 1. árið	1.230	1.598	1.966
Sveinar 1. árið +5%	1.254	1.630	2.006
Sveinar 1. árið +10%	1.280	1.664	2.046
Sveinar 1. árið +15%	1.304	1.694	2.086
Sveinar 1. árið +20%	1.328	1.726	2.126
Sveinar 1. árið +25%	1.352	1.758	2.164
Sveinar 1. árið +30%	1.378	1.790	2.204
Sveinar 1. árið +35%	1.402	1.822	2.242
Sveinar 2. og 3. árið	1.250	1.624	1.998
Sveinar 2. og 3. árið +5%	1.276	1.658	2.040
Sveinar 2. og 3. árið +10%	1.300	1.690	2.080
Sveinar 2. og 3. árið +15%	1.326	1.724	2.122
Sveinar 2. og 3. árið +20%	1.352	1.758	2.164
Sveinar 2. og 3. árið +25%	1.378	1.790	2.204
Sveinar 2. og 3. árið +30%	1.402	1.822	2.242
Sveinar 2. og 3. árið +35%	1.428	1.856	2.286
Sveinar 4. og 5. árið	1.284	1.670	2.054
Sveinar 4. og 5. árið +5%	1.312	1.704	2.098
Sveinar 4. og 5. árið +10%	1.338	1.738	2.140
Sveinar 4. og 5. árið +15%	1.366	1.776	2.184
Sveinar 4. og 5. árið +20%	1.392	1.810	2.228
Sveinar 4. og 5. árið +25%	1.420	1.846	2.272
Sveinar 4. og 5. árið +30%	1.448	1.882	2.316
Sveinar 4. og 5. árið +35%	1.474	1.916	2.358
Sveinar eftir 5 ár	1.312	1.706	2.100
Sveinar eftir 5 ár +5%	1.340	1.742	2.144
Sveinar eftir 5 ár +10%	1.368	1.778	2.190
Sveinar eftir 5 ár +15%	1.398	1.816	2.236
Sveinar eftir 5 ár +20%	1.426	1.854	2.280
Sveinar eftir 5 ár +25%	1.454	1.890	2.326
Sveinar eftir 5 ár +30%	1.482	1.928	2.372
Sveinar eftir 5 ár +35%	1.510	1.964	2.416

Taxtar fyrir sveina með meistarabréf eru á næstu síðu.

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt kjarasamningum frá 22. júní 1977. Álagningartala á laun og

launakostnað pr. 1 klst. í dagvinnu er kr. 295 og innreiknuð í ofangreinda taxta.

Útseld vinna sveina með meistarabréf 22. júní 1977.

(allir taxtar án söluskatts)

Meistarabréfstaxtar:	Dag-vinna	Eftir-vinna	Nætur-vinna
Sveinar 4. og 5. árið	1.326	1.724	2.122
Sveinar 4. og 5. árið +5%	1.356	1.762	2.168
Sveinar 4. og 5. árið +10%	1.384	1.798	2.214
Sveinar 4. og 5. árið +15%	1.414	1.838	2.262
Sveinar 4. og 5. árið +20%	1.440	1.872	2.304
Sveinar 4. og 5. árið +25%	1.470	1.910	2.350
Sveinar 4. og 5. árið +30%	1.498	1.948	2.398
Sveinar 4. og 5. árið +35%	1.526	1.984	2.442
Sveinar eftir 5 ár	1.358	1.764	2.172
Sveinar eftir 5 ár +5%	1.386	1.802	2.218
Sveinar eftir 5 ár +10%	1.416	1.842	2.266
Sveinar eftir 5 ár +15%	1.446	1.880	2.314
Sveinar eftir 5 ár +20%	1.476	1.918	2.360
Sveinar eftir 5 ár +25%	1.506	1.958	2.408
Sveinar eftir 5 ár +30%	1.536	1.996	2.456
Sveinar eftir 5 ár +35%	1.566	2.036	2.504

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt kjarasamningum frá 22. júní 1977.

Álagningartala á laun og launakostnað pr. klst. í dagvinnu er kr. 295 og er innreiknuð í ofangreinda taxta.

Útseld vinna aðstoðarmanna 22. júní 1977.

(allir taxtar án söluskatts)

1. taxti:	Dagvinna	Eftirvinna	Næturvinna
1. árið	1.122	1.458	1.794
Eftir 1 ár	1.132	1.472	1.812
Eftir 4 ár	1.148	1.492	1.838
2. taxti:			
1. árið	1.142	1.486	1.828
Eftir 1 ár	1.160	1.508	1.854
Eftir 4 ár	1.172	1.522	1.874
3. taxti:			
1. árið	1.162	1.510	1.858
Eftir 1 ár	1.176	1.528	1.880
Eftir 4 ár	1.192	1.552	1.910

4. taxti:	Dagvinna	Eftirvinna	Næturvinna
1. árið	1.180	1.534	1.886
Eftir 1 ár	1.212	1.574	1.938
Eftir 4 ár	1.248	1.622	1.996
5. taxti:			
1. árið	1.228	1.596	1.966
Eftir 1 ár	1.246	1.620	1.992
Eftir 4 ár	1.254	1.630	2.006

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt kjarasamningum frá 22. júní 1977.

Álagningartala á laun og launakostnað pr. klst. í dagvinnu er kr. 295 og er innreiknuð í ofangreinda taxta.

Útseld vinna blikksmiða. Meðalverð fyrir dag- og eftirvinnu reiknast út frá 40 klst. í dagvinnu og 8 klst. í eftirvinnu. (Allir taxtar án söluskatts).

	Meðalverð	Næturvinna
Sveinar 1. árið	1.292	1.966
Sveinar 1. árið +5%	1.318	2.006
Sveinar 1. árið +10%	1.344	2.046
Sveinar 1. árið +15%	1.370	2.086
Sveinar 1. árið +20%	1.394	2.126
Sveinar 1. árið +25%	1.420	2.164
Sveinar 1. árið +30%	1.448	2.204
Sveinar 1. árið +35%	1.472	2.242
Sveinar 2. og 3. árið	1.312	1.998
Sveinar 2. og 3. árið +5%	1.340	2.040
Sveinar 2. og 3. árið +10%	1.366	2.080
Sveinar 2. og 3. árið +15%	1.392	2.122
Sveinar 2. og 3. árið +20%	1.420	2.164
Sveinar 2. og 3. árið +25%	1.448	2.204
Sveinar 2. og 3. árið +30%	1.472	2.242
Sveinar 2. og 3. árið +35%	1.500	2.286
Sveinar 4. og 5. árið	1.348	2.054
Sveinar 4. og 5. árið +5%	1.378	2.098
Sveinar 4. og 5. árið +10%	1.406	2.140
Sveinar 4. og 5. árið +15%	1.434	2.184
Sveinar 4. og 5. árið +20%	1.462	2.228
Sveinar 4. og 5. árið +25%	1.492	2.272
Sveinar 4. og 5. árið +30%	1.520	2.316
Sveinar 4. og 5. árið +35%	1.548	2.358

	Meðalverð	Næturvinna
Sveinar eftir 5 ár	1.378	2.100
Sveinar eftir 5 ár +5%	1.408	2.144
Sveinar eftir 5 ár +10%	1.436	2.190
Sveinar eftir 5 ár +15%	1.468	2.236
Sveinar eftir 5 ár +20%	1.498	2.280
Sveinar eftir 5 ár +25%	1.528	2.326
Sveinar eftir 5 ár +30%	1.556	2.372
Sveinar eftir 5 ár +35%	1.586	2.416

Taxtar fyrir sveina með meistarabréf eru á næstu síðu.

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt kjarasamningum frá 22. júní 1977.

Álagningartala á laun og launakostnað pr. klst. í dagvinnu er kr. 295 og er innreiknuð í ofangreinda taxta.

Útseld vinna blikksmiða, *með meistarabréf.*

Meðalverð fyrir dagvinnu og eftirvinnu reiknast út frá 40 klst. í dagvinnu og 8 klst. í eftirvinnu. (Allir taxtar eru án söluskatts).

Meistarabréfataxtar:	Meðalverð	Næturvinna
Sveinar 4. og 5. árið	1.392	2.122
Sveinar 4. og 5. árið +5%	1.424	2.168
Sveinar 4. og 5. árið +10%	1.454	2.214
Sveinar 4. og 5. árið +15%	1.486	2.262
Sveinar 4. og 5. árið +20%	1.512	2.304
Sveinar 4. og 5. árið +25%	1.544	2.350
Sveinar 4. og 5. árið +30%	1.574	2.398
Sveinar 4. og 5. árið +35%	1.602	2.442
Sveinar eftir 5 ár	1.426	2.172
Sveinar eftir 5 ár +5%	1.456	2.218
Sveinar eftir 5 ár +10%	1.488	2.266
Sveinar eftir 5 ár +15%	1.518	2.314
Sveinar eftir 5 ár +20%	1.550	2.360
Sveinar eftir 5 ár +25%	1.582	2.408
Sveinar eftir 5 ár +30%	1.614	2.456
Sveinar eftir 5 ár +35%	1.690	2.504

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt kjarasamningum frá 22. júní 1977.

Álagningartala á laun og launakostnað pr. klst. í dagvinnu er kr. 295 og er innreiknuð í ofangreinda taxta".

Rétt þykir að gera einnig grein fyrir töxtum þeim, sem verðlagsstjóri gaf út hinn 20. júlí með tilkynningu sinni nr. 19/1977, en í tilkynningunni segir svo:

„Verðlagsnefnd hefur ákveðið eftirfarandi hámarksverð hverrar seldrar vinnustundar málmiðnaðarmanna og bifvélavirkja í framhaldi af kjarasamningum frá 22. júní 1977. (Allir taxtar eru án söluskatts).

Sveinar:	Dag-vinna:	Eftir-vinna:	Nætur-vinna:
Sveinar 1. árið	1.218	1.584	1.948
Sveinar 2. og 3. árið	1.238	1.608	1.980
Sveinar eftir 3 ár	1.272	1.654	2.036
Sveinar eftir 3 ár +5%	1.300	1.688	2.078
Sveinar eftir 3 ár +10%	1.326	1.724	2.122
Sveinar eftir 3 ár +15%	1.354	1.760	2.166
Sveinar eftir 3 ár +20%	1.380	1.794	2.208
Sveinar eftir 3 ár +25%	1.408	1.830	2.252
Sveinar eftir 3 ár +30%	1.434	1.864	2.296
Sveinar eftir 3 ár +35%	1.462	1.900	2.338
Álagsprósentur:			
10% óþrifaálag — hæðarálag			
10% námskeiðsálag			
15% flokksstjórar			
Aðstoðarmenn:			
1. taxti byrjunarlaun	1.078	1.402	1.726
1. taxti eftir 1 ár	1.094	1.422	1.750
2. taxti byrjunarlaun	1.094	1.422	1.752
2. taxti eftir 1 ár	1.110	1.442	1.776
3. taxti byrjunarlaun	1.114	1.450	1.784
3. taxti eftir 1 ár	1.126	1.464	1.800
4. taxti byrjunarlaun	1.128	1.466	1.804
4. taxti eftir 1 ár	1.136	1.478	1.818
5. taxti byrjunarlaun	1.162	1.510	1.858
5. taxti eftir 1 ár	1.180	1.534	1.888
Slippvinnumenn	1.238	1.608	1.980.“

Í málinu hafa verið lögð fram ljósrit af nokkrum fundargerðum stjórnar sambandsins. Samkvæmt þessum gögnum sátu ákærðu Þórður, Sveinn og Steinar fund 21. júlí 1977. Var þar m. a. rætt um afgreiðslu verðlagsnefndar og taxtaútgáfu verðlagsstjóra. Samþykktu ákærðu ásamt fjórða manni, sem einnig sat fundinn, að sambandið skyldi halda sig við útsölutaxta sína. Þá var einnig haldinn fundur 2. september í stjórninni og þar samþykkt að viðhafa áfram sömu aðferð og áður við útreikning á töxtum sambandsins. Þennan fund sátu sömu ákærðu ásamt

tveim mönnum öðrum og lögfræðingi Vinnuveitendasambands Íslands.

Ákærðu voru allir yfirheyrðir fyrir dómi fyrir útgáfu ákæru.

Ákærði Þórður Gröndal kveðst vera formaður Sambands málm- og skipasmiðja og staðfestir, að stjórn sambandsins hafi sent út taxta þá, sem málið snýst um.

Ákærði segir, að framkvæmdastjóri sambandsins hafi ekki atkvæðisrétt á stjórnarfundum og sé því ekki ábyrgur fyrir þessari ákvörðunartöku. Segir ákærði, að fundarmenn hafi allir verið mjög sammála um að láta senda út taxtana og hafi enginn einn öðrum fremur átt uppástunguna að því.

Ákærði upplýsir, að það sé í verkahring framkvæmdastjórans og skrifstofu sambandsins að framfylgja ákvörðunum stjórnarinnar og í þessu sambandi að reikna út hvern einstakan taxta fyrir sig.

Ákærði segir, að reikningsaðferðin við taxtana sé nákvæmlega sú sama og á töxtum sambandsins undanfarin ár. Hins vegar bættust við tveir nýir taxtar vegna nýgerðra kjarasamninga við stéttarfélög. Hefur þessi reikningsaðferð ætíð hlotið samþykki verðlagsyfirvalda þar til nú. Nú hafa verðlagsyfirvöld tekið upp aðra aðferð við útreikning á töxtum sambandsins og hafa afskipti af samningum stéttarfélaga og vinnuveitenda um launakjör að sögn ákærða.

Ákærði Sveinn A. Sæmundsson blikksmíðameistari, Vallargerði 2 í Kópavogi, staðfestir, að hann sé varaformaður SMS og sé fulltrúi blikksmiðjueigenda í sambandinu.

Ákærði segist staðfesta, að sambandið hafi samþykkt að senda út taxta þá, sem málið fjallar um. Var þessi ákvörðun tekin á fundi framkvæmdastjórnar sambandsins, sem ákærði sat sjálfur. Kveðst hann hafa verið þessari afgreiðslu samþykkur, en ekki man hann, hvort allir framkvæmdastjórnarmenn voru viðstaddir. Þó var meiri hlutinn viðstaddur og tók þessa ákvörðun samhljóða.

Ákærði segir, að sambandið líti svo á, að verðlagsnefnd hafi ekki haft heimild til þess að ákveða taxtana eins og hún gerði í júlí 1977 og séu taxtar sambandsins byggðir á sama grunni og verðlagsnefnd hefur afgreitt taxtana á sl. 6—7 ár. Segir ákærði, að lögum samkvæmt eigi verðlagsnefnd eingöngu að ákveða álagstölu taxtanna, en ekki að taka afstöðu til kjarasamninga.

Ákærði Júlíus Sæberg Ólafsson framkvæmdastjóri, Goðheimum 12 í Reykjavík, hefur staðfest, að hann sé ritari og fulltrúi

Bílgreinasambandsins í framkvæmdastjórn Sambands málm- og skipasmiðja.

Ákærði staðfestir, að það sé rétt, að sambandið hafi sent út margnefnda taxta.

Ákærði man ekki, hver átti uppástunguna um að semja taxtana, en segir, að það hafi legið í augum uppi að setja taxtana upp með þessum hætti í framhaldi af nýgerðum kjarasamningum og með hliðsjón af fyrri afgreiðslum verðlagsnefndar á hliðstæðum beiðnum sambandsins.

Ákærði segir, að sá sé munurinn á töxtum sambandsins og verðlagsstjóra, að taxtar sambandsins byggist á gerðum samningum 22. júní 1977 á milli sambandsins og viðsemjenda þeirra, þar í felist meðferð á 2.5% tillagi til sérkrafna, sbr. bókun sáttanefndar þar um, en taxtar verðlagsnefndar byggist á því, að ekki sé fallist á þetta sjónarmið.

Ákærði kveðst ekki muna, hvort hann var viðstaddur, þegar tekin var ákvörðun um að senda út margnefnda taxta, en kveðst ekki hafa gert neinn ágreining um hana og standa að henni.

Ákærði Jón Þórarinn Sveinsson framkvæmdastjóri, Smáraflöt 8 í Garðabæ, kveðst vera gjaldkeri framkvæmdastjórnar SMS og fulltrúi Félags dráttarbrauta og skipasmiðja í sambandinu.

Ákærði man ekki til þess að hafa verið viðstaddur fundi í framkvæmdastjórn Málm- og skipasmiðja, er tekin var ákvörðun um að senda út taxtana, en hann kveðst hafa verið mikið erlendis og upptekinn við önnur störf sumarið 1977.

Ákærði Steinar Steinsson tæknifræðingur, Holtagerði 88 í Kópavogi, kveðst vera meðstjórnandi í framkvæmdastjórn sambandsins og jafnframt fulltrúi Meistarafélags járniðnaðarmanna.

Ákærði staðfestir, að sambandið hafi sent út taxtana. Var þessi ákvörðun tekin á fundi framkvæmdastjórnar sambandsins af þeim stjórnarmönnum, sem þar voru mættir, en ákærði kveðst hafa verið einn þeirra. Var þetta gert samhljóða. Ákvörðun fundarins laut að því, hvernig taxtarnir yrðu reiknaðir út.

Ákærði tekur fram, að sú aðferð, sem verðlagsnefnd hefur viðhaft við útreikning á töxtum málmiðnaðarmanna að því er snertir yfirstjórnarkostnað, hafi verið röng og ekki rökstudd á þann veg, sem fyrir mælir í lögum og reglum.

Ákærði segir, að núverandi taxtar verðlagsnefndar séu byggðir á nýjum aðferðum við launalið taxtanna, og telur framkvæmdastjórn sambandsins, að þessi nýja aðferð verðlagsnefndar sé ekki

í samræmi við lög og áður samþykktar vinnuaðferðir nefndarinnar.

Ákærði Guðjón Tómasson, framkvæmdastjóri Sambands málm- og skipasmiðja, kveðst ekki eiga atkvæðisrétt við ákvarðanatöku á stjórnarfundum sambandsins, en það sé í sínum verkahring að framfylgja eða láta framfylgja þeim ákvörðunum, sem þar eru teknar.

Ákærði staðfestir, að hann hafi í umboði sambandsins samið fréttabréfið og taxtana.

Ákærði segir, að taxtarnir séu samdir á grundvelli samþykktar verðlagsnefndar frá 8. júlí f. á. og gerðra kjarasamninga frá því í júní f. á.

Ákærði upplýsir, að hann viti ekki annað en að öll fyrirtæki í sambandinu fari eftir töxtum þess. Þá telur hann, að ríkisfyrirtæki noti þá einnig, þó þau séu ekki í sambandinu.

Ákærði vekur athygli á því, að í taxtaútgáfu verðlagsstjóra sé hvorki að finna alla sveinataxta né heldur verkstjórataxta, sem gefnir hafa verið út á liðnum árum.

Ákærði Guðjón lét dóminum í té greinargerð um mismun á töxtunum. Greinargerðin er á þessa leið:

„Greinargerð um mismun á taxta Sambands málm- og skipasmiðja (S.M.S.) dags. 15. júlí 1977, og taxta verðlagsstjóra, dags. 20. júlí 1977, merkt nr. 19/1977.

Í erindi Sambands málm- og skipasmiðja, dags. 27. 6. 1977, var farið fram á eftirfarandi breytingar á útseldri vinnu:

1. Að heimiluð verði hækkun á launa og launakostnaðarliðum um 3% umfram það, sem leiddi beint af kjarasamningunum 17. og 22. júní 1977. Hækkun þessi stafar af mismun á innreiknuðu orlofi í útsölutaxtann og útborguðu orlofi, sem greitt er með gildandi kaupi, þegar orlof er tekið. (Sjá frekar skýringar á dómskjali 3).

2. Að heimiluð verði hækkun álagningar á laun og launakostnað í samræmi við hækkun launakostnaðar á viðmiðunartaxta, sem var hæsti taxti sveina án álaga, vegna óþrifa, námskeiðs eða flokksstjórnar. Hæsti taxti sveina án áðurgreindra álaga hækkaði við samningana 17. og 22. júní um 28.7%, og munar þar verulega um það, að hann hlaut bæði hækkun vegna nýrrar starfsaldurshækkunar og hækkun vegna meistarabréfs.

3. Að heimilaðar verði samsvarandi hækkanir á vinnuliði nokkurra sértaxta og heimilaðar verða fyrir útselda vinnu.

Í samræmi við ákvörðun verðlagsnefndar frá 8. júlí 1977, þá reiknaði S.M.S. út nýja útsölutaxta.

Í fyrsta lagi er reiknuð 2.5% hækkun á gildandi mars launataxta, allt í samræmi við bókun sáttanefndar um jafngildi 2.5% kauptaxtahækkunar málmiðnaðarmanna frá 17. júní 1977.

Í öðru lagi var á launataxtana með 2.5% lögð hækkun vegna 18.000,00 á mánuði.

Í þriðja lagi voru laun og launakostnaður með innreiknuðum 2.5% og 18.000,00 á mánuði hækkuð um 3% vegna hækkunar raunorlofsgreiðslna.

Í fjórða lagi var álagning á laun og launakostnað hækkuð um 10%, þ. e. úr kr. 268,00 á klst. í kr. 295,00 á klst.

Í taxta verðlagsstjóra er hins vegar hvorki farið eftir samþykkt verðlagsnefndar frá 8. júlí 1977 né heldur að lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál, sem fram kemur í eftirfarandi atriðum:

A. Í fyrsta lagi er jafngildi 2.5% ekki dreift, samkvæmt bókun sáttanefndar frá 17. júní 1977, þrátt fyrir ákvæði loka málsgreinar 3. gr. laga nr. 54/1960, en þar segir: „Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga".

Í þessu sambandi má geta þess, að frá því að verðlagsnefnd hóf að fjalla um útselda vinnu málmiðnaðarmanna frá verðstöðvunarlögunum 1970, þá hefur hún aldrei fyrr vanvirt þetta ákvæði laganna. Nú ber hins vegar svo við, að verðlagsstjóri reiknar 2.5% á alla taxta, óháð því hvað taxtinn átti að hækka um samkvæmt samningunum. (Sjá bókun sáttanefndar frá 17. 6. 1977).

B. Í öðru lagi tekur verðlagsstjóri ekkert tillit til hækkunar raunorlofsgreiðslna, þrátt fyrir að í samþykkt verðlagsnefndar frá 8. júlí 1977 standi „auk launatengdra gjalda". Þessi hækkun raunorlofsgreiðslna er ótvíræður launakostnaður.

C. Í þriðja lagi hækkar verðlagsstjóri ekki álagningu þeirra launataxta, sem fengu meira en 2.5% út úr jafngildi 2.5% samkvæmt bókun sáttanefndar frá 17. júní 1977.

Þessa taxtaútgáfu verðlagsstjóra tel ég því bæði meint brot á samþykkt verðlagsnefndar frá 8. júlí 1977 og lögum um verðlagsmál nr. 54/1960.

Að lokum skal þess getið, að verðlagsyfirvöld hafa enn ekki tekið fyrir skýrslu dr. Kjartans Jóhannssonar um álagningarþörf málmiðnaðarfyrirtækja, sem unnin var fyrir tilstilli viðskipta-

ráðuneytis og skilað var til Þjóðhagsstofnunar í apríl og júní 1976, en síðar send verðlagsstjóra 10. mars 1977. Í skýrslu dr. Kjartans Jóhannssonar kemur m. a. fram, að á álagningu bifreiðaverkstæðis með um 25 starfsmenn vantar um 160 kr. á klst. á verðlagi 1. mars 1976, miðað við að kostnaðinum sé dreift á seljanlega dag- og eftirvinnu, þrátt fyrir að í skýrslunni eru ekki teknir til meðferðar ýmsir kostnaðarliðir, eins og dauður tími, svo nokkuð sé nefnt".

Verðlagsstjóri sendi dóminum hinn 7. október f. á. greinargerð um taxtaútreikninga þá, sem hann sendi frá sér í tilkynningu sinni nr. 19/1977. Í greinargerð verðlagsstjóra segir svo:

„Mörg undanfarin ár hefur Verðlagsnefnd samþykkt verðtaxta fyrir útselda vinnu iðnmeistara. Frá því í byrjun árs 1972 hefur nefndin notað þá aðferð að miða uppbyggingu taxtanna við greidd laun samkvæmt kjarasamningum að viðbættum gjöldum, sem á þau falla í samræmi við samninga eða lög. Auk þess hefur inn í verðtaxtann verið reiknuð ákveðin krónutalsálagning, sem nefndin hefur ákveðið á hverjum tíma.

Þann 8. júlí 1977 samþykkti Verðlagsnefnd nýjan verðtaxta fyrir iðnmeistara, sem byggist á því, að ofan á þann taxta yfir útselda vinnu, sem í gildi var 1. mars 1977, var reiknað 2½% og 18 þús. kr. á mánuði og launatengd gjöld í samræmi við það. Álagningartölur voru hækkaðar um 10%.

Ákvæðisvinna skyldi breytast í samræmi við útselda tímavinnu.

Þessi útreikningsaðferð er notuð í tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18/1977 um hámarksverð hverrar seldrar vinnustundar rafvirkja og málmiðnaðarmanna.

Ákvörðun Verðlagsnefndar er byggð á lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál, en þar kemur m. a. fram í 3. gr. laganna, að Verðlagsnefnd geti ákveðið greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt.

Rétt er að vekja enn fremur athygli á gildandi lögum um verðstöðvun, þar sem m. a. er kveðið á um, að ekki megi hækka verð á vöru eða þjónustu nema með samþykki réttra verðlagsyfirvalda og að samþykktin sé staðfest af ríkisstjórn.

Loks skal bent á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. júní 1977, þar sem hún mælist til þess við Verðlagsyfirvöld, að fyrirtæki verði a. m. k. fyrst um sinn látin bera sjálf hluta þess kostnaðar, er leiðir af nýgerðum kjarasamningum.

Verðlagsnefnd hefur haft þessi tilmæli ríkisstjórnarinnar til hliðsjónar við afgreiðslu mála, og hafa öll fyrirtæki virt ákvarðanir nefndarinnar að undanskildum þeim aðilum, sem kæran fjallar um".

Þá ritaði verðlagsstjóri ríkissaksóknara bréf hinn 7. desember f. á. vegna máls þessa. Í bréfinu segir svo:

„Á fundi verðlagsnefndar þann 5. desember s. l. var samþykkt, að sú skerðing á verðtöxtum yfir útselda vinnu iðnmeistara, sem nefndin gerði þann 8. júlí s.l., skyldi afnumin. Þessi samþykkt nær einnig til Landssambands ísl. rafverktaka og Sambands málm- og skipasmiðja, en stjórnendur þessara tveggja sambanda neituðu að hlíta þeim verðtöxtum, sem verðlagsnefnd gaf út, og hafa um fimm mánaða skeið gefið út hærri verðtaxta og hvatt aðildarfélaga sína til þess að fara eftir ólöglegum töxtum sínum. Þessar ólöglegu aðgerðir umræddra tveggja sambanda hafa verið kærðar til embættis yðar með bréfum, dags. 6. september 1977. Það er álit verðlagsnefndar, að samþykktin frá 5. desember s.l. geti í engu haft áhrif á málsmeðferð á framangreindum kærum, sem eru til athugunar hjá yður.

Til þess að skýra nánar forsendur fyrir ákvörðun verðlagsnefndar þann 8. júlí s.l. bendi ég á eftirfarandi:

1. Í 3. grein laga nr. 54/1960 um verðlagsmál kemur m. a. fram, að verðlagsnefnd getur ákveðið greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt.

2. Í 10. grein laga nr. 13/1975 um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. kemur m. a. fram, að þar til öðru vísi verður ákveðið, má ekki hækka verð á vöru eða þjónustu nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnar.

3. Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 28. júní 1977 var gerð samþykkt, þar sem eftirfarandi kom m. a. fram:

„Í samræmi við gefnar yfirlýsingar leggur ríkisstjórnin áherslu á, að ýtrustu varfærni sé gætt við afgreiðslu verðlagshækkana. Telur hún eðlilegt, að atvinnufyrirtæki verði a. m. k. fyrst um sinn að bera sjálf hluta þess kostnaðar, er leiðir af nýgerðum kjarasamningum".

Ég vil geta þess, að verðlagsnefnd hefur farið eftir þessum tilmælum ríkisstjórnarinnar við allar afgreiðslur á undanförnum mánuðum, og hafa samtök atvinnurekenda, að undanskyldum umræddum meistarasamböndum, sætt sig við ákvarðanir nefndarinnar.

Þrjú ofangreind atriði sanna að mínu áliti ótvírætt réttmæti ákvörðunar verðlagsnefndar frá 8. júlí s.l.

Jafn ljóst tel ég vera, að um skýlaust verðlagsbrot er að ræða hjá umræddum meistarasamböndum, er gáfu út ólöglega verðtaxta, sem hvorki hafa verið samþykktir af réttum yfirvöldum né hlotið staðfestingu ríkisstjórnar. Ég tel ekki ólíklegt, að einstakir meðlimir þessara tveggja sambanda hafi farið eftir töxtum verðlagsnefndar, og eins getur verið, að nokkrir aðilar aðrir hafi í góðri trú farið eftir verðtöxtum meistarasambandanna. Það eru því tilmæli mín, að hugsanleg málshöfðun í þessum málum beinist einungis að stjórnum og framkvæmdastjórum sambandanna vegna útgáfu á ólöglegum verðtöxtum".

Leitt er í ljós, að ákærðu að ákærða Guðjóni undanskildum voru stjórnarmenn í SMS, þegar sú ákvörðun var tekin að reikna út taxta þá, sem mál þetta snýst um, og að ákærði Guðjón sá sem framkvæmdastjóri sambandsins um að senda þá út til aðildarfélaga sambandsins í fréttabréfi, dagsettu 15. júlí 1977.

Ljóst er, að verðlagsnefnd hafði ákveðið með heimild í 3. gr. laga nr. 54/1960 um verðlagsmál, hvernig reikna skyldi út taxta útseldrar tímavinnu sambandsfélaganna, þegar sambandið gaf út taxta sína, sem óumdeilt er, að voru hærri en áður gildandi taxtar og taxtar verðlagsnefndar, sem tilkynntir voru síðar með tilkynningu verðlagsstjóra nr. 19/1977.

Af hálfu verjanda ákærðu er því haldið fram, að ákvarðanatöku verðlagsnefndar séu þau takmörk sett, að ákvæði 3. gr. nái samkvæmt 5. mgr. þeirrar greinar ekki til launa fyrir verk, sem ákveðin hafi verið með samningum stéttarfélaga, og því séu ákvarðanir verðlagsnefndar í þessu máli ólögmætar.

Það er mat dómsins, að sé með ákvæði 5. mgr. 3. gr. átt við það, að það sé fyrir utan valdsvið nefndarinnar að ákveða hámarksverð til verkstæða og verktaka að því er snertir útselda vinnu, hafi verðlagsnefnd að óverulegu leyti heimild til þess að ákveða þóknun fyrir þessa starfsemi, þar sem laun eru langstærsti þátturinn, sem taka þarf tillit til, þegar hámarksverð er ákveðið fyrir þessa þjónustu. Verður ekki séð, að sá hafi verið tilgangur

löggjafans með greindu undantekningarákvæði. Er það mat dómsins, að með framangreindu ákvæði í 5. mgr. 3. gr. sé átt við það, að verðlagsnefnd geti ekki haft afskipti af kjarasamningum launþega og vinnuveitenda svo og ef um er að ræða sérstök verk, sem sérstaklega er samið um laun fyrir hverju sinni, t. d. ákvæðisverk, enda er í undantekningarákvæðinu talað um verk, en ekki vinnu. Telur dómurinn því, að undantekningarákvæði 5. mgr. eigi ekki við um taxtaútgáfu verðlagsstjóra samkvæmt auglýsingu hans nr. 19 20. júlí 1977 og sé hún gefin út með fullri stoð í 3. gr. laganna.

Mál þetta var sent ríkissaksóknara til ákvörðunar, án þess að rannsakað væri, í hve ríkum mæli aðildarfyrirtæki sambandsins notuðu hina umdeildu taxta sambandsins, með það í huga, að hann tæki ákvörðun um það, hvort í þá rannsókn yrði lagt, en slík rannsókn hefði fyrirsjáanlega orðið bæði tímafrek og geysilega umfangsmikil. Af hálfu ríkissaksóknara var ekki óskað eftir slíkri rannsókn og eingöngu ákært fyrir taxtaútgáfuna. Liggur því ekkert fyrir um það í máli þessu, hvort eða í hve ríkum mæli vinna hafi verið seld út á töxtum þeim, sem sambandið gaf út, enda þótt ákærði Guðjón hafi upplýst, að hann viti ekki annað en að öll fyrirtæki í sambandinu fari eftir töxtum þess.

Í 10. gr. laga nr. 13/1975 um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. segir, að frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið megi ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi, fyrr en það hefur hlotið samþykki ríkisstjórnarinnar.

Af hálfu verjanda ákærðu er því haldið fram, að gildistími laganna hafi verið frá 1. október 1974 til 31. maí 1975. Hafi því lögin verið fallin úr gildi að þessu leyti. Hér hefur verjandinn slitið framangreindar dagsetningar úr samhengi við það, sem á eftir kemur. Er ekki vitað til þess, að lög þessi hafi verið felld úr gildi eða framangreindu ákvæði breytt.

Af framangreindri ástæðu var því óheimilt að hækka endurgjald fyrir útselda vinnu, þegar sambandið sendi út taxta sína, nema fyrir lægi bæði samþykki verðlagsnefndar og ríkisstjórnarinnar, en slíkt samþykki mátti verðlagsnefnd ekki veita, nema hún teldi það óhjákvæmilegt. Brast því aðildarfélög SMS heimild

til þess að hækka þjónustu sína, nema samþykki áðurgreindra aðilja væri fyrir hendi, en augljóst er, að það skorti í þessu tilviki.

Enda þótt regla sú, sem taxtaútgáfa verðlagsstjóra byggðist á í tilkynningu hans nr. 19/1977, hefði að einhverju leyti verið áfátt eða andstæð 2. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1960, hefði það ekki veitt SMS heimild til þess að ákveða á sitt eindæmi og senda út til félagsmanna sinna hækkaða taxta fyrir útselda vinnu starfsmanna sinna, án þess að áðurgreind tvö lögbundin samþykki lægju fyrir.

Eins og áður greinir, er ekki leitt í ljós, hvort eða í hve ríkum mæli aðildarfyrirtæki SMS hafi farið eftir þeim töxtum, sem framkvæmdastjórinn sendi út í samráði við stjórn sambandsins. Þarf þá að meta, hvort taxtaútgáfan ein sér sé refsiverð eða hvort fyrir þurfi að liggja sönnun um einstakar gjaldtökur samkvæmt töxtunum, til þess að um refsiverða háttsemi sé að ræða.

Ákvörðun stjórnar SMS, sem felst í margnefndri taxtaútgáfu, er atlaga að ákvörðun nefndarinnar, sem hún hefur tekið, og gerð án þess að fyrir liggi áðurgreint samþykki stjórnvalda. Telur dómurinn, að sú háttsemi stjórnar og framkvæmdastjóra SMS að standa að útreikningum taxtanna og útsendingu þeirra, án þess að fyrir lægi samþykki fyrir því, sé ákvörðun þeirra sem fyrirsvarsmanna sambandsins um að brjóta niður ákvörðun verðlagsnefndar, sem verðlagsstjóri hafði tilkynnt sambandinu í bréfi til þess 8. júlí 1977 og síðar í formi tilkynningar sinnar nr. 19 20. júlí 1977, en með þessari aðgerð sinni stefna forráðamenn sambandsins að því að fá aðildarfélög sambandsins til þess að selja vinnu starfsmanna sinna á hærra verði en lögleg stjórnvöld höfðu samþykkt. Þykir ekki þurfa að liggja fyrir, hvort eða hversu víðtækar gjaldtökur hafi átt sér stað vegna þessarar ákvörðunar, sem er andstæð ákvörðun, sem tekin er með heimild í 3. gr. laga nr. 54/1960. Er því hin ákærða taxtaútgáfa ein sér brot á lögum nr. 54/1960 og lögum nr. 13/1975 og því refsiverð. Er því ekki fallist á þau rök verjanda ákærðu, að það eigi að leiða til sýknu, að ósannað sé, að nokkurt fyrirtæki, sem ákærðu eiga aðild að, né nokkurt annað fyrirtæki innan vébanda SMS hafi á nefndu tímabili áskilið sér hærri þóknun en lög heimila.

Enda þótt taxtaútgáfan sé í heild sinni brot á lögum nr. 54/1960 og lögum nr. 13/1975, ber þó að sýkna af því, að álagningartala á laun og launakostnað (yfirstjórnarálag) hafi verið hækkuð án leyfis um 10%, úr kr. 268 í kr. 295 á hverja klukkustund

miðað við dagvinnu, en í áðurgreindri samþykkt verðlagsnefndar var slík álagning einmitt heimiluð.

Í ljós er leitt, að meiri hluti stjórnarinnar stóð að því að láta reikna taxta sambandsins út á þann veg, að leiddi til hærri gjaldtöku en leyfilegt var. Ekki er í ljós leitt, að öllum hinum ákærðu stjórnarmönnum hafi frá upphafi verið ljóst, þegar framangreindar ákvarðanir stjórnarinnar voru teknar. Allt að einu er ljóst, að taxtar sambandsins voru ekki afturkallaðir um langan tíma og að enginn stjórnarmanna gerði athugasemdir við þá. Mátti þeim öllum vera ljóst, að þeir voru hærri en útgefnir gildandi taxtar verðlagsstjóra og höfðu hvorki fengið samþykki verðlagsnefndar né ríkisstjórnarinnar. Þá verður að telja, að hinum ákærðu stjórnarmönnum hafi öllum borið að fylgjast með því, sem var að gerast í málefnum sambandsins, og ef þeir voru ekki viðstaddir fundi, að kynna sér með viðtölum við framkvæmdastjóra sambandsins, meðstjórnarmenn sína eða varamenn, hvað þar færi fram. Verða ákærðu því allir taldir bera refsiábyrgð á taxtaútgáfunni, sem er brot á 3. gr. og 4. gr. laga nr. 54/1960, tilkynningu verðlagsstjóra nr. 19 20. júlí 1977 og 1. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 13/1975.

Ákærði Júlíus Sæberg hefur aldrei fyrr verið saksókttur fyrir lagabrot, og aðrir hinna ákærðu hafa ekki sætt refsingum nema sektum fyrir umferðarlagabrot, sem ekki skipta máli hér.

Framangreind taxtaútgáfa varðar ákærðu refsingu samkvæmt 20. gr. laga nr. 54/1960 og 12. gr. laga nr. 13/1975.

Refsing ákærðu hvers um sig þykir hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað hverrar sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, Þórður Gröndal, Jón Þórarinn Sveinsson, Júlíus Sæberg Ólafsson, Steinar Steinsson, Sveinn Sæmundsson og Guðjón Tómasson, greiði hver um sig 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað hverrar sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Miðvikudaginn 14. maí 1980.

Nr. 81/1978. **Pylsuskálinn s/f**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.
og gagnsök.

Mál fellt niður. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. apríl 1978, birtri 22. maí s. á., en gagnáfrýjandi með stefnu 24. maí s. á. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti í dag óskaði aðaláfrýjandi þess, að málið yrði fellt niður. Gagnáfrýjandi samþykkti það, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Málið er fellt niður, en rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Aðaláfrýjandi, Pylsuskálinn s/f, greiði gagnáfrýjanda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. maí 1980.

Nr. 294/1977. **Fiskveiðasjóður Íslands**
(Axel Kristjánsson hrl.)
gegn
Hraðfrystistöðinni í Reykjavík h/f
(Logi Guðbrandsson hrl.)
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingu Reykjaness
(Sigurður Helgason hrl.).

Úthlutun uppboðsandvirðis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. nóvember 1977. Hinum áfrýjaða úrskurði var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1976. Með dómi Hæstaréttar 26. október 1977 var því sakarefni, sem hér er til endurskoðunar, vísað frá Hæstarétti. Er málinu nú áfrýjað með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst áfrýjandi þess, að greiðslur til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, að fjárhæð 100.022 krónur, og til Vélbátatryggingar Reykjaness, að fjárhæð 961.778 krónur, verði ekki teknar með við úthlutun uppboðsandvirðis v/s Hannesar lóðs, VE 7. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík h/f. Hann krefst ekki málskostnaðar úr hendi annarra stefndu.

Stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar „með þeirri undantekningu, sem leiðir af hæstaréttardómi í málinu nr. 33/1976, sem uppkveðinn var 26. desember 1977". Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndu Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Vélbátatrygging Reykjaness hafa einungis gert þær kröfur í málinu, að

áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim ómakslaun vegna flutnings málsins fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, fóru fram tvö nauðungaruppboð á v/s Hannesi lóðs, VE 7. Hið fyrra 26. júlí 1974, en hið síðara 19. júní 1975. Á því uppboði varð stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f hæstbjóðandi. Hinn 23. júní 1975 ritaði uppboðshaldari stefndu Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingu Reykjaness bréf, þar sem óskað er upplýsinga um kröfur þeirra til beinna fjárgreiðslna af uppboðsandvirði með vöxtum og kostnaði. Báðir þessir aðiljar svöruðu bréfunum. Í bréfi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum 30. júní 1975 segir meðal annars: „. . . verður skuld sú, er lýst var vegna nauðungaruppboðs á bátnum, millifærð af tjónbótum". Í bréfi Vélbátatryggingar Reykjaness 7. júlí 1975 segir svo: „Uppboðskrafa Vélbátatryggingar Reykjaness mun verða skuldajöfnuð af tjónbótum, sem félagið verður að greiða eigendum, og mun því ekki verða krafist greiðslu frá embætti yðar". Bréf þessi voru lögð fram í uppboðsrétti 11. júlí 1975, þegar boð stefnda Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík h/f var samþykkt og hann innti af hendi greiðslu uppboðsandvirðisins að hluta samkvæmt uppboðsskilmálunum. Bréf þessi verða ekki skilin á annan veg en þann, að í þeim felist yfirlýsing þessara aðilja um, að þeir afsali sér rétti til greiðslu af uppboðsandvirði bátsins.

Samkvæmt þessu þykir verða að taka kröfur áfrýjanda til greina.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda Hraðfrystistöðina í Reykjavík h/f til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 350.000 krónur.

Rétt er, að málskostnaður falli niður að því er varðar stefndu Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingu Reykjaness.

Dómsorð:

Tekin er til greina krafa áfrýjanda, Fiskveiðasjóðs Íslands, um, að eigi skuli koma til greiðslna til stefnda

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, að fjárhæð 100.022 krónur, og til stefnda Vélbátatryggingar Reykjaness, að fjárhæð 961.778 krónur, við úthlutun uppboðsandvirðis v/s Hannesar lóðs, VE 7.

Stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f greiði áfrýjanda, Fiskveiðasjóði Íslands, 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Gullbringusýslu 27. nóvember 1975.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 28. október sl., hefur hæstbjóðandi, Hraðfrystistöð Reykjavíkur h/f, krafist þess, að framkomnu frumvarpi til úthlutunargerðar á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, verði breytt á þann veg, að inn í frumvarpið verði teknar kröfur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykjaness um tryggingariðgjöld, en þessar kröfur verði settar nr. 9 og 10 í frumvarpinu, en niður falli talstöðvargjöld Pósts og síma og krafa Fiskveiðasjóðs Íslands á 1. veðrétti. Þá krefst hæstbjóðandi og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja í málinu.

Af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands eru þær kröfur gerðar, að uppboðskrafa sjóðsins verði greidd af uppboðsandvirði skipsins, svo langt sem það hrekkur til, og að kröfu hæstbjóðanda verði synjað og sóknaraðilja, hæstbjóðanda, verði gert að greiða Fiskveiðasjóði Íslands málskostnað.

Af hálfu Pósts og síma er sú krafa gerð, að frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 68 í uppboðsrétti Gullbringusýslu 11. júlí sl., verði lagt til grundvallar, þ. e. a. s. að krafa Pósts og síma verði greidd af uppboðsandvirðinu. Auk þess krefst Póstur og sími málskostnaðar sér til handa.

Með bréfi, dags. 30. apríl 1973, krafðist Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður þess, að m/b Hannes lóðs, VE 7, yrði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar sjóveðkröfum að fjárhæð samtals kr. 58.713.20 auk vaxta og kostnaðar. Uppboð á m/b Hannesi lóðs, VE 7, var síðan auglýst í 35., 38. og 41. tbl. Lögbirtingablaðs-

ins 1973. Þar sem uppboðsþoli, Anton Hjörleifsson, var búsettur að Hlíðarvegi 20, Ytri-Njarðvík, var uppboðið þingfest í Hafnarfirði þann 6. júlí 1973, en Gullbringusýsla tilheyrði þá embætti sýslumanns og bæjarfógeta í Hafnarfirði. Ákveðin var síðan sala á eigninni sjálfri 2. ágúst 1973, en því uppboði var frestað.

Með bréfi, dags. 18. desember 1973, voru bæjarfógetanum í Keflavík send öll skjöl varðandi uppboð þetta. Var þar tekið fram, að með bréfinu fylgdu kröfulýsingar bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, Pósts og síma og uppboðsbeiðni Brynjólfs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, Reykjavík, allt ásamt tilheyrandi fylgiskjölum, en skjöl þau höfðu þá ekki verið lögð fram. Að ákvörðun uppboðsréttar var ákveðin sala á bátnum þann 10. júlí 1974, en í því þinghaldi gengu allmargir aðiljar inn í uppboðið sem uppboðsbeiðendur, þ. e. a. s. bæjarfógetinn í Hafnarfirði vegna sjómannatryggingargjalda að fjárhæð kr. 43.873.00 auk kostnaðar og vaxta, Brynjólfur Kjartansson héraðsdómslögmaður vegna Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum vegna tryggingariðgjaldaskuldar að fjárhæð kr. 256.661.00 auk alls kostnaðar, Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður vegna Lárusar Gunnólfssonar og krafðist uppboðs til tryggingar skuldar að fjárhæð kr. 175.785.00 auk vaxta og kostnaðar, Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður vegna Vélsmiðju Grindavíkur og krafðist greiðslu á kr. 61.193.00 auk vaxta og kostnaðar, Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður vegna Olíufélagsins Skeljungs h/f og krafðist greiðslu á kr. 470.682.00 auk vaxta og kostnaðar og Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður vegna Jóns Sigvaldasonar og krafðist greiðslu á kr. 42.361.00 auk vaxta og kostnaðar. Auk þess var lýst allmörgum kröfum í uppboðsandvirðið, þ. e. skipaskoðunargjöldum og skoðunargjöldum frá bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum að fjárhæð kr. 17.539.00 auk vaxta og kostnaðar, Vélbátatryggingu Reykjaness vegna tryggingariðgjaldaskulda að fjárhæð kr. 3.170.712.00 og Pósti og síma, talstöðvargjöld kr. 41.609.10. Ekki varð af sölu á bátnum 10. júlí 1974, þar sem báturinn var ekki á uppboðsstað, þegar uppboðið skyldi fara fram. Uppboðið var síðan auglýst að nýju, og fór fram sala á bátnum 26. júlí 1974 við skipið, þar sem það lá við bryggju í Ytri-Njarðvík. Á þessu uppboði var hæsta boð 100.000.00 krónur af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands. Ákveðið var, að annað og síðasta uppboð skyldi fara fram 5. september 1974, kl. 1330. Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður hafði, er hér var komið, afturkallað uppboðsbeiðni sína, en Framkvæmdastofnun ríkisins hafði

gerst uppboðsbeiðandi og krafðist sölu á bátnum vegna veðskuldar að fjárhæð kr. 75.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Auk þess hafði Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður gerst uppboðsbeiðandi og krafðist sölu á bátnum til lúkningar veðskuldar að fjárhæð kr. 3.000.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Er uppboðið skyldi fara fram, kom í ljós, að uppboðsandlagið, m/b Hannes lóðs, VE 7, var í Þorlákshöfn. Samkomulag varð um að fresta uppboðinu fyrst um sinn í óákveðinn tíma, þar til uppboðsbeiðendur hefðu tekið ákvörðun um, hvort senda skyldi uppboðsmálið til sýslumannsins í Árnessýslu. Var nú málið næst tekið fyrir 10. janúar 1975 á reglulegu uppboðsþingi í Gullbringusýslu, og var því frestað að beiðni uppboðsbeiðenda til 9. maí 1975, er uppboðsbeiðendur kröfðust þess, að önnur og síðasta sala færi fram á bátnum. Báturinn var þá í Dráttarbraut Keflavíkur h/f í Keflavík, og var ákveðin önnur og síðasta sala á bátnum 19. júní 1975, kl. 1400, og fór uppboðið fram, eins og ákveðið hafði verið. Gengu þá inn í uppboðið sem uppboðsbeiðendur Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður vegna 5. og 6. veðréttarhafa í framangreindum bát, Fiskveiðasjóður Íslands sem 1. veðréttarhafi og Héðinn Finnbogason héraðsdómslögmaður vegna Tryggingastofnunar ríkisins. Þá lýsti Dráttarbraut Keflavíkur h/f haldsréttarkröfu í m/b Hannesi lóðs, VE 7, að fjárhæð kr. 580.514.00 auk vaxta og kostnaðar.

Eftir þeim uppboðskröfum, sem lágu frammi við uppboðið, útbjó uppboðshaldari lauslegt yfirlit, sem síðan var lagt fram af hæstbjóðanda sem dómskjal í máli þessu og er þingmerkt nr. 79. Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður var mættur á uppboði þessu, og hafði hann fengið framseldar kröfur þeirra Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns vegna Þorsteins Einarssonar og Þórarins Hauks Hallvarðssonar og kröfu Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns vegna Lárusar Gunnólfssonar, en kröfur þessar voru sjóveðréttarkröfur. Í þinghaldi þessu var það upplýst af viðstöddum, að tjónbætur frá vátryggingarfélögum mundu fylgja bátnum, að fjárhæð ca 7.500.000.00. Ekki var mætt við uppboðið af hálfu vátryggingarfélaganna. Að þessu loknu var óskað eftir boðum í eignina, og komu einungis fram tvö boð. Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður bauð kr. 2.000.000.00 og Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður kr. 3.000.000.00 og krafðist útlagningar f. h. 5. og 6. veðréttarhafa. Uppboðshaldari tók sér allt að 14 daga frest til athugunar á framkomnum boðum.

Þegar að loknu uppboðsþingi sendi uppboðshaldari öllum þeim, er gert höfðu kröfur eða voru uppboðsbeiðendur, bréf, þar sem farið var fram á, að þeir upplýstu um uppboðskröfur sínar vegna nauðungarsölu á bátnum. Var farið fram á það, að upplýsingar yrðu veittar um kröfur þeirra til beinna fjárgreiðslna með vöxtum og kostnaði miðað við 10. júlí 1975. Allir uppboðsbeiðendur og kröfuhafar svöruðu þessu bréfi uppboðshaldara og lýstu kröfum sínum miðað við áðurnefndan dag Vélbátatrygging Reykjaness tilkynnti uppboðshaldara með bréfi, dags. 7. júlí sl., að kröfu þeirra yrði skuldajafnað við tjónbætur, og lýsti því yfir, að „það yrði ekki krafist greiðslu frá embætti yðar." Samábyrgð Íslands sendi eftirfarandi bréf, dagsett 30. júní 1975: „Vegna fyrirspurnar yðar í bréfi, dags. 23. þ. m., viljum vér upplýsa, að matsmenn Samábyrgðarinnar hafa nú metið bráðafúatjón á m.b. Hannesi lóðs VE 7, og verður skuld sú, sem lýst var vegna nauðungaruppboðs á bátnum, millifærð af tjónbótum."

Hinn 11. júlí 1975 mætti hæstbjóðandi í uppboðsrétti, og var þá boð hans í eignina samþykkt auk þess sem bréf Vélbátatryggingar Reykjaness, dags. 7. júlí 1975, og bréf Samábyrgðar Íslands, dags. 30. júní 1975, voru lögð fram og þingmerkt nr. 66 og 67. Var þá einnig lagt fram frumvarp að úthlutunargerð, þingmerkt nr. 68, en í því frumvarpi var ekki gert ráð fyrir greiðslu til Vélbátatryggingar Reykjaness og Samábyrgðar Íslands. Hæstbjóðandi greiddi í þinghaldi þessu 1/4 uppboðsandvirðisins, eða kr. 750.000.00, og kr. 89.920.00 í uppboðskostnað skv. uppboðsskilmálum. Frumvarp að úthlutunargerð var nú sent öllum uppboðsaðiljum og þeim gefinn frestur til að gera athugasemdir við frumvarpið til 22. júlí 1975, kl. 1400. Með bréfi, dags. 16. júlí 1975, tilkynnti Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður f. h. hæstbjóðanda, að hann gerði athugasemdir við frumvarp að úthlutunargerð af uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7. Kvað hann í bréfi þessu það hafa komið fram bæði fyrir uppboðið og á uppboðinu sjálfu, að gerðar hefðu verið kröfur af hendi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykjaness um iðgjöld af m/b Hannesi lóðs, VE 7. Kvað hæstbjóðandi þessara iðgjalda ekki getið í frumvarpinu, og mótmælti hann því og krafðist þess, að þau yrðu greidd af uppboðsandvirðinu. Uppboðshaldari sendi nú öllum aðiljum uppboðsins athugasemdir hæstbjóðanda og óskaði þess, að þeir skiluðu greinargerð varðandi þær þriðjudaginn 12. ágúst 1975, kl. 1400. Þingað var í mál-

inu þann dag, og skilaði þá hæstbjóðandi greinargerð. Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður skilaði og greinargerð fyrir hönd umbjóðenda sinna. Þá voru auk þess mættir Ólafur Stefánsson héraðsdómslögmaður vegna Fiskveiðasjóðs Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins og Jón Tómasson skrifstofustjóri vegna Pósts og síma. Óskuðu þeir eftir fresti til að skila greinargerðum, og var þeim veittur frestur til þriðjudagsins 26. ágúst 1975. Þingað var í málinu 26. ágúst, og var þá lögð fram greinargerð af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands. Aðrir aðiljar uppboðsins höfðu óskað eftir frekari fresti til gagnaöflunar og framlagningar greinargerða, og var þá ákveðið að fresta málinu til 29. september 1975 vegna sumarleyfa. Er þingað var í málinu 6. október, var farið fram á frest af hálfu Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns sem lögmanns Pósts og síma, og var þá ákveðið að fresta málinu til föstudagsins 10. október. Enn fór Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður fram á frest, og var þá málinu frestað að hans ósk og með samþykki annarra uppboðsaðilja til 21. október sl., en þá var lögð fram greinargerð af hálfu Pósts og síma og ákveðið, að munnlegur málflutningur færi fram þriðjudaginn 28. október sl. Þriðjudaginn 28. október sl. fór síðan fram munnlegur málflutningur í málinu, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Hæstbjóðandi gerir, eins og áður segir, þær kröfur, að framkomnu frumvarpi til úthlutunargerðar á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, verði breytt á þann veg, að inn í frumvarpið verði teknar kröfur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykjaness um tryggingariðgjöld, þannig að þessar kröfur verði settar nr. 9 og 10 í frumvarpinu, en niður falli talstöðvargjöld Pósts og síma, Keflavík, og krafa Fiskveiðasjóðs Íslands á 1. veðrétti. Hann telur, að kröfur vátryggingarfélaganna séu jafnréttháar og fái þau því greitt hlutfallslega af uppboðsandvirðinu. Hæstbjóðandi rökstyður þessar kröfur sínar með því, að við uppboðið hafi legið frammi yfirlit yfir gerðar kröfur í uppboðsandvirði bátsins og hafi framantaldar kröfur vátryggingarfélaganna þar verið taldar með. Hann telur það því hafa verið forsendu fyrir boði í bátinn, að þessar kröfur greiddust af uppboðsandvirðinu. Hæstbjóðandi telur, að ef þessi krafa hans verði ekki tekin til greina, þá greiði hann auk þeirra þriggja milljóna króna, sem var boð hans, iðgjaldakröfur vátryggingarfélaganna að svo miklu leyti sem þær greiðast af uppboðsandvirðinu. Krefst hæstbjóðandi þess, að allar kröfur verði teknar

með, sem gerðar hafi verið í uppboðsandvirði bátsins, en þær kröfur falli niður, sem uppboðsandvirðið hrekkur ekki til að greiða. Hann telur, að þeir aðiljar, þ. e. a. s. vátryggingarfélögin, sem taki raunverulega undir sjálfum sér kröfur sínar í bátinn, eigi engu að síður að vera teknir með sem aðiljar að uppboðsandvirði bátsins. Hann telur, að með því að greiða framangreindum aðiljum, þ. e. a. s. vátryggingarfélögunum, hafi hann staðið skil á hluta af uppboðsandvirðinu. Hann sé að vísu búinn að greiða allt uppboðsandvirðið, en hafi gert það með fyrirvara, eins og augljóst sé á því, að hann hafi skilað greinargerð varðandi þetta úrlausnarefni, áður en hann greiddi uppboðsandvirðið. Hann telur, að augljóst sé, að tjónbætur þær, er fylgdu bátnum, hafi verið seldar sem eins konar fylgifé bátsins. Vátryggingarfélögin hefðu orðið að skila því fylgifé til hins nýja eiganda bátsins, en jafnframt haft rétt til að skuldajafna þeirri kröfu, sem þeir höfðu í uppboðsandvirði bátsins, við tjónbæturnar. Hann bendir á til frekari stuðnings máli sínu, að við fasteignauppboð fái oft hluti af kröfu uppboðsbeiðenda að standa áfram veðtryggður í eign, en það þýði ekki, að uppboðsbeiðandi eða veðhafi falli frá kröfu sinni í uppboðsandvirðið, heldur leyfi hann aðeins uppboðskaupanda að taka við hinum áhvílandi veðum og séu kröfur hans taldar með, þegar úthlutað er uppboðsandvirðinu. Hæstbjóðandi telur því, að hann eigi eingöngu að greiða uppboðshaldara mismuninn á kr. 3.000.000.00 og því, sem tryggingarfélögin eiga að fá af uppboðsandvirði bátsins. Hæstbjóðandi mótmælir því ekki, að vátryggingarfélögin hafi skuldajafnaðarrétt á tjónbótum og iðgjaldakröfum sínum, en mótmælir því, að það hafi það í för með sér, að uppboðshaldarinn hafi meira fé til ráðstöfunar til annarra veðhafa. Auk þess telur hæstbjóðandi, að bréf Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, dags. 30. júní 1975, dskj. nr. 67, sé ekki yfirlýsing um það, að fallið verði frá kröfum þeirra í uppboðsandvirði bátsins, heldur hafi þar aðeins verið lýst yfir, að skuld sú, er þeir hafi lýst vegna nauðungaruppboðs á bátnum, yrði millifærð af tjónbótum. Með því telur hæstbjóðandi, að Samábyrgðin hafi eigi fallið frá kröfu sinni. Þá telur hæstbjóðandi, að bréf Vélbátatryggingar Reykjaness, dags. 7. júlí 1975, dskj. nr. 66, sé heldur ekki yfirlýsing um það, að fallið sé frá kröfum í uppboðsandvirði nefnds báts, heldur sé því aðeins lýst yfir, að uppboðskrafan verði skuldajöfnuð af tjónbótum, sem félagið verði að greiða eigendum, og muni því ekki verða krafist greiðslu „frá embætti yðar", eins og segi í bréfinu. Telur hæst-

bjóðandi, að ljóst sé, að þetta sé hvorki yfirlýsing um það, að fallið sé frá kröfum í uppboðsandvirðið, né að fallið sé frá lögveðsrétti. Báðar þessar yfirlýsingar þýði það í raun og veru, að þessir aðiljar lýsi því yfir, að þeir muni taka undir sjálfum sér þessar uppboðskröfur.

Af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands voru gerðar þær kröfur, að uppboðskrafa sjóðsins yrði greidd af uppboðsandvirði skipsins, svo langt sem það hrekkur til, og að kröfu hæstbjóðanda verði synjað og sóknaraðilja, þ. e. a. s. hæstbjóðanda, verði gert að greiða Fiskveiðasjóði Íslands málskostnað. Þá var því mótmælt af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands, að uppboðskrafa Pósts og síma vegna talstöðvargjalda væri lögveðskrafa, og þess krafist, að hún yrði tekin sem venjuleg lögtaksskuld, þar sem talstöðvargjöld væru ekki tryggð lögveðsrétti. Þá var því mótmælt af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands, að boð hæstbjóðanda í greint skip hafi verið bundið þeirri forsendu, að iðgjaldakröfur vátryggingarfélaganna greiddust af uppboðsandvirðinu. Af hálfu Fiskveiðasjóðs var því haldið fram, að það væri fjarri lagi, að bjóðendur við uppboð geti borið það fyrir sig, að einhverjar tilteknar forsendur liggi að baki boðum þeirra, enda séu eignir, sem boðnar séu upp, í ákaflega misjöfnu ástandi og kröfur, sem lýst er við uppboð, oft óvissar og skilyrtar. Sérstaklega var á það bent, að kröfur vátryggingarfélaganna hafi báðar verið dags. 5. júlí 1974, sbr. dskj. nr. 45 og 46, og hafi því hæstbjóðandi sem og aðrir aðiljar uppboðsins mátt gera ráð fyrir því, að kröfur þessar hefðu breyst. Það hafi og verið bókað á uppboðsþingi, að það væri upplýst, að tjónbætur fylgdu bátnum að verðmæti nettó ca 7.500.000.00. Þá heldur hann því fram, að hæstbjóðandi sem og aðrir viðstaddir á uppboðinu hljóti að hafa verið búnir að ákveða það, hvað þeir vildu gefa fyrir umrætt skip, og mátti þeim þá á sama standa, hvernig uppboðsandvirðinu yrði úthlutað. Hæstbjóðandi hafi fengið tjónbæturnar og því hafi það ekki getað verið forsenda af hans hálfu, að kröfur vátryggingarfélaganna greiddust af uppboðsandvirðinu. Telur hann, að vátryggingarfélögin hafi fyllsta rétt til að skuldajafna vátryggingariðgjöldum við tjónbætur, enda sé það gert af öllum vátryggingarfélögum og sé hér um venjuhelgaðan rétt vátryggingarfélaganna að ræða og sjálfsagða viðskiptavenju. Hann telur skuldajafnaðarrétt í eðli sínu miklu áhrifameiri heldur en lögveðrétt og það sé því eðlilegt, að vátryggingarfélögin hafi beitt þeim rétti í þessu tilviki. Þá bendir hann á 17. gr. laga nr. 25 frá 1929, þ. e. a. s. lög

um gjaldþrotaskipti, og telur, að lögjafna megi frá þeirri lagagrein varðandi það tilvik, sem hér er fjallað um. Hann telur það því rétt af uppboðshaldara að hafa ekki tekið kröfur vátryggingarfélaganna inn í frumvarp að úthlutunargerð, þar sem kröfur þessar hafi báðar liðið undir lok, áður en boð hæstbjóðanda í bátinn var samþykkt 11. júlí sl., sbr. dskj. nr. 66 og 67. Hann telur, að yfirlýsingar þessar verði að telja til ákvæða, sem hafi skuldbundið hæstbjóðanda, þegar hann hafi séð þær í uppboðsréttinum 11. júlí sl. Þá bendir hann og á það, að ekki komi fram, að hæstbjóðandi hafi hreyft neinum andmælum á uppboðsþingi 11. júlí sl., er boð hans var samþykkt.

Af hálfu Pósts og síma var þess krafist, að frumvarp það að úthlutunargerð á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sem lagt hafi verið fram sem dskj. 68 í uppboðsrétti Gullbringusýslu 11. júlí sl., verði lagt til grundvallar, þ. e. a. s. að krafa skjólstæðings hans, Pósts og síma, verði greidd honum af uppboðsandvirðinu. Auk þess krafðist Póstur og sími málskostnaðar. Af hálfu Pósts og síma er bent á það, að vátryggingarfélögin hafi verið búin að nota skuldajafnaðarrétt sinn, áður en til úthlutunar uppboðsandvirðisins kom. Skuldajafnaðarréttur þeirra sé ótvíræður, enda sé hann viðurkenndur af hæstbjóðanda. Vátryggingarfélögin hafi verið búin að lýsa því yfir, að kröfur þeirra, væru greiddar og að þau gerðu engar kröfur í uppboðsandvirðið, og því beri þeim ekki greiðsla af uppboðsandvirðinu. Það sé viðurkennt með bréfum þeirra, að þau hafi fengið greiðslu á kröfum sínum af tjónbótunum og þau hafi, áður en boð hæstbjóðanda var samþykkt, verið búin að skuldajafna þessari kröfu sinni við tjónbæturnar. Þeim hafi verið það fyllilega heimilt samkvæmt fastri venju og gildandi lögum. Þá telur Póstur og sími það óvefengt af hæstbjóðanda, að lögveðréttur sé fyrir kröfu Pósts og síma. Henni fylgi ótvíræður lögtaksréttur og lögtak hafi þegar verið gert. Af því, er varðar lögveðrétt, telur hann, að hér sé um opinber gjöld að ræða og hægt sé að lögjafna við lög, er ákveði opinberum gjöldum lögveðrétt, og bendir sérstaklega á 216. gr. laga nr. 66/1963 um það, hvaða kröfur eigi sjóveðrétt í skipi og farmgjaldi. Þá mótmælti hann þeirri kröfu Fiskveiðasjóðs Íslands, að ekki væri lögveðréttur fyrir framangreindri kröfu sem of seint framkominni.

Samkvæmt 216. gr. laga nr. 66/1963 eiga sjóveðrétt í skipi „lestargjöld, vitagjöld, hafnargjöld og önnur slík opinber gjöld, sem greiða ber af skipi."

Rétturinn lítur svo á, að telja verði talstöðvargjöld falla undir „önnur slík opinber gjöld, sem greiða ber af skipi", samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 216. gr. laga nr. 66/1963 og beri því þessum gjöldum sjóveðréttur í skipi. Af því leiðir, að talstöðvargjöldin ganga fyrir kröfum veðhafa í uppboðsandvirðið og kröfu vátryggingarfélaga vegna iðgjalda, en þær kröfur eru tryggðar lögveði samkv. sérstökum lögum.

Við framangreint annað og síðasta nauðungaruppboð á m/b Hannesi lóðs, VE 7, sem fram fór 19. júní sl., lá frammi krafa Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum um greiðslu á fúatryggingariðgjöldum af uppboðsandvirði bátsins, að fjárhæð kr. 329.693.00 auk vaxta og kostnaðar, og krafa Vélbátatryggingar Reykjaness um greiðslu iðgjaldaskuldar vegna framangreinds báts, að fjárhæð kr. 3.170.712.00, en bæði þessi kröfubréf voru dagsett 5. júlí 1974. Ekki var mætt af hálfu þessara aðilja uppboðsins við uppboðið sjálft og því engar frekari upplýsingar fyrirliggjandi um, hverjar endanlegar kröfur þeirra væru. Uppboðshaldari óskaði eftir því með bréfum, dagsettum 23. júní sl., að viðkomandi vátryggingarfélög gerðu grein fyrir kröfum sínum miðað við ákveðinn dag. Samábyrgð Íslands sendi þá uppboðsréttinum svohljóðandi bréf, dags. 30. júní 1975: „Vegna fyrirspurnar yðar í bréfi, dags. 23. þ. m., viljum vér upplýsa, að matsmenn Samábyrgðarinnar hafa nú metið bráðafúatjón á m. b. Hannesi lóðs VE 7, og verður skuld sú, er lýst var vegna nauðungaruppboðs á bátnum, millifærð af tjónbótum." Vélbátatrygging Reykjaness sendi uppboðsréttinum einnig bréf, dags. 7. júlí sl., svohljóðandi: „Hannes lóðs VE 7. Uppboðskrafa Vélbátatryggingar Reykjaness mun verða skuldajöfnuð af tjónbótum, sem félagið verður að greiða eigendum, og mun því ekki verða krafist greiðslu frá embætti yðar."

Kemur þá til álita, hvernig túlka beri framangreind bréf vátryggingarfélaganna.

Rétturinn telur, að tjónbætur þær, sem fylgdu bátnum, hafi verið fylgifé bátsins og beri því vátryggingarfélögunum að skila því fylgifé til hæstbjóðanda, eftir að uppboðið hefur farið fram. Bréf vátryggingarfélaganna verða þá ekki skilin á annan hátt en þann, að þau séu yfirlýsingar þeirra um það, að þau hafi fengið greiddar kröfur sínar frá hæstbjóðanda. Verður því að telja, að greiðsla á vátryggingariðgjöldunum hafi verið greiðsla á hluta uppboðsandvirðisins. Af því leiðir, að taka ber til greina kröfur hæstbjóðanda, að tekinn verði inn í frumvarp að úthlut-

unargerð á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sá hluti af kröfum vátryggingarfélaganna, sem greiðist af uppboðsandvirðinu. Þar sem vátryggingarfélögin svöruðu bréfum uppboðshaldara, dags. 23. júní sl., þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum um kröfur þeirra miðað við ákveðinn dag, á þann veg, að ekki varð af þeim bréfum ráðið, að kröfur þeirra hefðu breyst, lítur uppboðsrétturinn svo á, að miða verði við upphaflega kröfugerð vátryggingarfélaganna. Frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði Hannesar lóðs, VE 7, verður því á þennan veg:

I. Forgangs- og lögveðskröfur, sem greiðast að fullu:

1.	Haldsréttarkrafa Dráttarbrautar Keflavíkur h/f	kr.	1.219.048.00
2.	Skoðunar-, lesta- og vitagjöld 1973 til 1975	—	17.724.00
3.	Aukaskoðun 14. nóvember og 10. desember 1973	—	3.050.00
4.	Sjómannatryggingariðgjöld 1973 og 1974	—	195.697.00
5.	Iðgjöld í lífeyrissjóð sjómanna	—	89.168.00
6.	Talstöðvargjöld til Pósts og síma vegna Hannesar lóðs, VE 7	—	111.423.00
7.	Sjóveðréttarkrafa Þorsteins Einarssonar	—	69.093.00
8.	Sjóveðréttarkrafa Þórarins Hauks Hallvarðssonar	—	36.878.00
9.	Sjóveðréttarkrafa Lárusar Gunnólfssonar	—	196.219.00
10.	Samhliða: Upp í kröfu Vélbátatryggingar Reykjaness 90.58% af kr. 1.061.800.00	—	961.778.00
	Upp í kröfu Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum 9.42% af kr. 1.061.800.00	—	100.022.00
		Samtals kr.	3.000.000.00

II. Veðkröfur.

Eftirtaldar veðskuldir falla niður og skulu afmáðar úr veðmálabókum.

1. Krafa Fiskveiðasjóðs Íslands á 1. veðrétti samkvæmt veðbréfi, dagsettu 10. febrúar 1969, upphaflega að fjárhæð kr. 2.340.000.00.

Að öðru leyti verður frumvarpið eins og það var upphaflega lagt fram.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist vegna gífurlegra anna dómarans við stjórnsýslu auk veikinda hans.

Þess skal getið, að málflutningur í máli þessu var geymdur á talvél, og gat því dómarinn stuðst við þá upptöku eftir þörfum.

Jón Eysteinsson sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Við úthlutun á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sem seldur var á nauðungaruppboði 19. júní 1975, skal krafa Pósts og síma um greiðslu talstöðvargjalda greiðast á undan kröfum veðhafa í framangreindan bát og á eftir þeirri kröfu, en á undan kröfum veðhafa, skal greiðast upp í kröfur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykjaness í réttu hlutfalli við kröfur þeirra. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. maí 1980.

Nr. 98/1977. **Kjartan Gunnarsson**
Geir Waage
Anna K. Jónsdóttir og
Tryggvi Agnarsson
(Jón Steinar Gunnlaugsson hdl.)
gegn
Garðari Mýrdal
Eiríki Brynjólfssyni
Gunnlaugi Ástgeirssyni
Jóni Guðna Kristjánssyni og
Halldóri Ármanni Sigurðssyni
og gagnsök
(Ingi R. Helgason hrl.).

Lögmæti félagsfundar. Fundarsköp. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1977. Gera þeir þessar dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að aðalfundur í Stúdentafélagi Háskóla Íslands, haldinn í Reykjavík hinn 23. mars 1976, hafi verið löglegur.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að gagnáfrýjendum hafi verið óheimilt, eftir að stjórnarkjöri lauk á framangreindum aðalfundi, að birta auglýsingar og tilkynningar eða rita blaðagreinar í nafni stjórnar Stúdentafélags Háskóla Íslands eða koma fram á annan hátt í nafni löglegrar stjórnar félagsins.
3. Að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 14. desember 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 5. s. m.

Gagnáfrýjendur gera þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að málinu verði vísað frá Hæstarétti og gagnáfrýjendum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

Varakrafa: Að héraðsdómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur kröfðust þess í áfrýjunarstefnu, að staðfest yrði lögbann það, sem í héraðsdómi greinir. Með því að málinu var ekki áfrýjað innan þess frests, sem til er tekinn í 2. mgr. 23. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949, féllu þeir frá þessari kröfu við munnlegan flutning málsins.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu í öndverðu einnig gagnvart Sigurði Helgasyni, sem var aðili málsins í héraði, en þeir féllu síðar frá áfrýjun að því er hann varðar.

I.

Gagnáfrýjendur styðja frávísunarkröfu sína þeim rökum, að stefnendur málsins í héraði hafi verið þeir fimm menn, sem talið hafi sig rétt kjörna í stjórn Stúdentafélags Háskóla Íslands á aðalfundinum 23. mars 1976. Líta verði svo á, að

þeir eigi óskipta sakaraðild í málinu. Einn þeirra, Sigurður Helgason, standi ekki að áfrýjun héraðsdóms. Leiði þá ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 til þess, að vísa beri málinu frá Hæstarétti.

Eigi verður á það fallist, að dómkröfur aðaláfrýjenda séu þannig vaxnar, að réttarfarsnauðsyn hafi verið vegna ákvæða 46. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að allir stefnendur málsins í héraði stæðu að áfrýjun héraðsdómsins, sem varðar félagsréttindi þeirra. Verður málinu eigi vísað frá Hæstarétti af þessum sökum.

Í öðru lagi benda gagnáfrýjendur á það, að hinn 22. mars 1977 hafi 35 stúdentar boðað til aðalfundar í Stúdentafélagi Háskóla Íslands, af því að engin starfhæf stjórn hafi þá verið í félaginu, enda hafi stjórnin, sem boðaði til hins umdeilda fundar 23. mars 1976, og sú stjórn, sem kosin var á þeim fundi, hvor um sig verið búin að fá lagt lögbann við því, að hin stjórnin rækti stjórnarstörf í félaginu. Samkvæmt áðurgreindu fundarboði hafi verið haldinn félagsfundur 31. mars 1977 og félaginu kosin ný stjórn. Málsaðiljar geti því ekki héðan af með dómi orðið stjórnarmenn í lögmætri stjórn í félaginu. Samkvæmt því og þar sem engar fjárkröfur séu hafðar uppi í málinu, geti dómur í málinu aðeins haft þýðingu sem lögfræðilegt álit um það, hvor aðilja hafi haft á réttu að standa. Beri því einnig af þessum ástæðum að vísa málinu frá Hæstarétti.

Telja verður, að það hafi skipt aðaláfrýjendur máli að lögum að bera mál þetta undir dómstóla svo og að þeim hafi verið rétt að skjóta hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar. Standa hvorki 66. gr. né 67. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, því í vegi, að málið verði dæmt í Hæstarétti.

II.

Ekki verður á það fallist með aðaláfrýjendum, að héraðsdómari hafi í dómsorði sínu farið út fyrir dómkröfur aðilja.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Kjartan Gunnarsson, Geir Waage, Anna K. Jónsdóttir og Tryggvi Agnarsson, greiði gagnáfrýjendum, Garðari Mýrdal, Eiríki Brynjólfssyni, Gunnlaugi Ástgeirssyni, Jóni Guðna Kristjánssyni og Halldóri Ármanni Sigurðssyni, 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. mars 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með réttarstefnu, útgefinni 6. apríl 1976 og birtri 8. apríl, 21. apríl, 26. apríl og 4. maí 1976.

Stefnendur málsins eru Kjartan Gunnarsson laganemi, Ásvallagötu 17, Sigurður Helgason sagnfræðinemi, Holtsgötu 23, Geir Waage guðfræðinemi, Garðastræti 43, Anna Jónsdóttir lyfjafræðinemi, Langholtsvegi 92, öll í Reykjavík, og Tryggvi Agnarsson laganemi, Sunnubraut 22, Kópavogi.

Stefndu eru Garðar Mýrdal háskólanemi, Bogahlíð 26, Eiríkur Brynjólfsson háskólanemi, Norðurstíg 5, Jón Guðni Kristjánsson háskólanemi, Miklubraut 16, allir í Reykjavík, Gunnlaugur Ástgeirsson háskólanemi, Sæbóli, Seltjarnarnesi, og Halldór Ármann Sigurðsson háskólanemi, Lyngbrekku 13, Kópavogi.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

„1. Að viðurkennt verði með dómi, að aðalfundur í Stúdentafélagi Háskóla Íslands, haldinn þ. 23. marz 1976, hafi verið löglegur,

2. að viðurkennt verði með dómi, að stefndu hafi verið óheimilt, eftir að stjórnarkjöri lauk á framangreindum aðalfundi, að birta auglýsingar, tilkynningar og að rita blaðagreinar í nafni stjórnar Stúdentafélags Háskóla Íslands eða á annan hátt að koma fram í nafni löglegrar stjórnar félagsins,

3. að staðfest verði lögbann, sem þ. 1. apríl 1976 var lagt við því, að stefndu héldu boðaðan aðalfund í Stúdentafélagi Há-

skóla Íslands og jafnframt við allri frekari starfsemi þeirra í nafni stjórnar Stúdentafélags Háskóla Íslands,

4. að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í. ásamt kostnaði vegna framangreindrar lögbannsgerðar."

Dómkröfur stefndu eru nú þessar:

„1. Að hrundið verði með dómi þeirri kröfu stefnenda (nr. 1 í stefnu) að aðalfundur í Stúdentafélagi Háskóla Íslands, haldinn 23. marz 1976, hafi verið löglegur að því er tekur til kosningar félagsstjórnar.

2. Að umbjóðendur mínir verði sýknaðir af þeirri kröfu stefnenda (nr. 2 í stefnu) að stefndu sé óheimilt að birta auglýsingar, tilkynningar eða á annan hátt koma fram í nafni löglegrar stjórnar Stúdentafélags Háskóla Íslands.

3. Að hrundið verði staðfestingarkröfu stefnenda (nr. 3 í stefnu) og þar með verði hrundið lögbanni því, sem 1. apríl 1976 var lagt við því, að lögmæt stjórn í Stúdentafélagi Háskóla Íslands héldi boðaðan framhaldsaðalfund í félaginu þann dag og jafnframt við allri annarri starfsemi þeirrar stjórnar í félaginu.

4. Að stefnendur verði dæmdir til að greiða umbjóðendum mínum ríflegan málskostnað í máli þessu, þ. m. t. kostnað vegna lögbannsgerðarinnar."

Ítrekaðar sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur. Þess skal getið, að dómarinn fékk þetta mál til meðferðar 21. jan. s.l.

II.

Málavextir eru þeir, að á aðalfundi Stúdentafélags Háskóla Íslands, sem haldinn var 16. apríl 1975, voru stefndu kosnir í stjórn félagsins. Þegar stefndu tóku við stjórn félagsins, voru eftirfarandi ákvæði meðal annars í lögum félagsins:

„*2. grein* Tilgangur félagsins er að halda vörð um sjálfstæði Háskóla Íslands, menningarlega hagsmuni stúdenta og þjóðlega reisn, ennfremur að halda vetrarfagnað og Rússagildi.

3. grein Félagsmenn eru allir innritaðir stúdentar við Háskóla Íslands.

4. grein Stjórn félagsins er skipuð 5 mönnum, formanni, sem kosinn skal sérstaklega, og fjórum meðstjórnendum, sem kosnir skulu einstaklingsbundinni kosningu. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi félagsins.

5. *grein* Aðalfundur félagsins skal haldinn í marsmánuði ár hvert.

6. *grein* Dagskrá aðalfundar skal vera:
   1. Skýrsla formanns.
   2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
   3. Lagabreytingar.
   4. Kosning stjórnar.
   5. Kosning tveggja endurskoðenda fyrir næsta starfsár.
   6. Önnur mál.

7. *grein* Stjórnin getur boðað til almenns stúdentafundar um mikilsverð málefni. Eru þeir ályktunarhæfir, ef tíundi hluti innritaðra stúdenta tekur þátt í þeim og greiðir atkvæði. Ennfremur geta 30 stúdentar krafist fundar, og skal stjórn skylt að verða við þeirri kröfu í síðasta lagi 7 dögum eftir að hún kemur fram."

Stefndu boðuðu til aðalfundar 1976 innan tilskilins frests með svofelldri auglýsingu:

„Aðalfundur Stúdentafélags Háskóla Íslands verður haldinn þriðjudaginn 23. marz 1976 kl. 17 í hliðarsal Félagsheimilis stúdenta við Hringbraut.

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns.
2. Endurskoðaðir reikningar.

Fram til samþykktar:

3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning tveggja endurskoðenda.
6. Önnur mál.

Stjórnin"

Aðalfundurinn var settur á hinum boðaða degi, kl. 1720, í hliðarsal Félagsstofnunar stúdenta við Hringbraut. Formaður félagsins, stefndi Garðar Mýrdal, skipaði stefnda Jón Guðna Kristjánsson til að vera fundarstjóra, og skipaði sá síðarnefndi Eirík Brynjólfsson fundarritara. Virðist formaðurinn hafa leitað eftir athugasemdum við þessa skipun, en engin athugasemd hafi borist. Fundarstjóra, stefnda Jóni Guðna, barst dagskrártillaga frá formanninum, stefnda Garðari Mýrdal. Dagskrártillaga þessi hafði að geyma m. a. tillögu þess efnis, að kosningu stjórnar og endurskoðenda yrði frestað til framhaldsaðalfundar, sem yrði boðaður

fyrir 1. maí 1976. Tillagan var borin undir atkvæði. Fundurinn var nú fluttur í aðalsal hússins. Þar var dagskrártillagan borin undir atkvæði. Dagskrártillagan var felld með 88 atkvæðum gegn 37. Þá kom fram tillaga um, að fundarstjóra yrði vikið frá störfum. Var sú tillaga samþykkt. Stungið var upp á Kjartani Gunnarssyni, stefnanda þessa máls, sem fundarstjóra, og var hann kosinn. Kjartan skipaði Hannes Gissurarson fundarritara með Eiríki Brynjólfssyni. Er hér var komið, barst dagskrártillaga frá Geir Waage, svohljóðandi:

„Legg til, að röð dagskrárliða verði sem hér segir: Liður 4 verði tekinn fyrir nú þegar, síðan liður 3, þá liður 5, þá liður 2, síðan liður 1, loks liður 6."

Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða, og var gengið til dagskrár samkvæmt henni. Var fyrst gengið til kosningar stjórnar. Voru stefnendur málsins kjörnir í stjórn, og var Kjartan Gunnarsson kosinn formaður. Vantrauststillaga barst á fundarstjórann, Kjartan Gunnarsson, en var felld með 87 atkvæðum gegn 52. Var því næst fjallað um lagabreytingar, og bárust meðal annars eftirgreindar tillögur til lagabreytinga:

„1. Breytingatillaga við 4. gr.:
Núverandi 4. gr. falli niður, í stað hennar komi ný grein svohljóðandi: Stjórn félagsins er skipuð 5 mönnum, formanni og 4 meðstjórnendum, sem skipta sjálfir með sér verkum, stjórnin skal kjörin í allsherjar póstkosningu meðal allra félagsmanna í marz ár hvert. Stjórn félagsins skal semja og birta reglugerð um tilhögun kosninganna, framboð, framboðsfresti og annað, sem þurfa þykir.
2. Breytingatillaga við 5. gr.:
Í stað „Stúdentablaðinu" komi í dagblöðum.
3. Breytingatillaga við 6. gr.:
Liður 4. hljóði svo: Nýkjörin stjórn tekur við.
Þá bætist aftan við greinina svohljóðandi setning: Tillögur til lagabreytinga, ef fram hafa komið, verða aðeins bornar upp, hafi þær borizt stjórn félagsins fyrir ákveðinn auglýstan frest, en eigi er hún bundin sjálf."

Fyrsta tillagan var samþykkt með 89 atkvæðum, en mótatkvæði voru 63 eða 67. Önnur tillagan var samþykkt með 85 atkvæðum gegn 72, og þriðja tillagan var samþykkt með 92 atkvæðum gegn 82. Breytingartillögur við lög félagsins voru alls fjórar. Þegar lokið var atkvæðagreiðslu um þriðju breytingartillöguna, var

komin mikil ókyrrð í fundarsalnum, og frestaði fundarstjóri þá aðalfundinum um óákveðinn tíma.

Ofangreindar upplýsingar um aðalfundinn 1976 eru byggðar á fundargerðum þeirra Hannesar Gissurarsonar og Eiríks Brynjólfssonar, sem báðar liggja frammi í málinu. Varðandi lok fundarins er í fundargerð Hannesar svo frá skýrt:

„Fundarstjóra barst dagskrártillaga um vantraust á fundarstjóra frá Gylfa Kristinssyni og önnur dagskrártillaga um, að atkvæðagreiðsla yrði endurtekin skriflega um lagabreytingartillögurnar, frá Skúla Thoroddsen, á meðan á atkvæðagreiðslu stóð. Honum barst einnig bókun frá Arnlínu Óladóttur:

„Ég undirrituð véfengi lögmæti þeirrar atkvæðagreiðslu, sem hér fer fram, því ekki hefur verið gengið úr skugga um, að allir hafi atkvæðisrétt á fundinum."

Þess má geta, að nokkur hluti fundarmanna sat eftir, er fundinum hafði verið frestað, og hélt umræðum áfram."

Eftir að Eiríkur Brynjólfsson hafði í sinni fundargerð gert grein fyrir síðustu atkvæðagreiðslunni, hefur hann bókað: „Komst nokkuð los á fundinn, meðan á atkvæðagreiðslu þessari stóð. Eftir hana kom hörð gagnrýni á fundarstjóra sökum óróa, er var á fundinum, og á meðan á atkvæðagreiðslu stóð, bárust tvær dagskrártillögur, þar á meðal ein, sem fjallaði um vantraust á fundarstjóra. Sleit þá fundarstjóri fundinum og kvaðst mundu boða til framhaldsaðalfundar seinna. Mótmæltu margir fundarmenn þessari ákvörðun, og munaði minnstu, að til átaka kæmi meðal fundarmanna. Bað fundarstjóri, Kjartan Gunnarsson, Garðar Mýrdal að afhenda sér gögn félagsins, en Garðar Mýrdal neitaði, þar eð hann hefði ekki fengið tækifæri til að gera grein fyrir starfsemi stjórnar sinnar. Hvarf þá Kjartan Gunnarsson af fundinum. Eftir sátu margir fundarmanna, er vildu ekki una sliti fundarins. Er ró var komin á aftur, steig Garðar Mýrdal í pontu og lýsti þeirri skoðun sinni, að athafnir fundarins hefðu verið ólögmætar, og teldi hann sig og stjórn sína ennþá löglega stjórn S.F.H.Í. Sagði hann stjórn sína mundu boða til framhaldsaðalfundar innan hálfs mánaðar. Urðu nokkrar umræður um atburði þá, er gerst höfðu á fundinum. Að lyktum sleit svo Garðar Mýrdal fundinum öðru sinni."

Stefndu boðuðu til framhaldsaðalfundar í félaginu með svofelldri auglýsingu:

„Auglýsing um framhaldsaðalfund

Stjórn Stúdentafélags Háskóla Íslands auglýsir framhaldsaðalfund félagsins kl. 16.00 fimmtudaginn 1. apríl í matsal Félagsstofnunar.

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðenda fyrir næsta starfsár.
6. Önnur mál.

Stjórnin lítur svo á, að afgreiðsla mála á aðalfundi hafi verið ólögleg, dagskrá sé lögbundin, og því geti dagskrártillaga ekki breytt.

24. marz 1976. Stjórnin“

Stefnendur kröfðust þess, að lögbann yrði lagt við því, að stefndu héldu þennan boðaða framhaldsaðalfund. Þá kröfðust þeir þess og, að lögbann yrði „lagt við allri frekari starfsemi þeirra í nafni stjórnar Stúdentafélags Háskóla Íslands.“

Stefndu mótmæltu lögbannskröfunni.

Jónas Gústavsson, aðalfulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, kvað upp úrskurð í lögbannsmálinu hinn 1. apríl 1976, og segir svo í forsendum úrskurðarins:

„Það er ekki útilokað, að hinn fyrirhugaði fundur, sem er boðað til af gerðarþolum, svo og starfsemi þeirra í nafni Stúdentafélags Háskóla Íslands kunni að vera brot á rétti gerðarbeiðenda. Ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögbannsbeiðnar á ábyrgð gerðarbeiðenda gegn tryggingu af þeirra hálfu, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 100.000.-. Málskostnaður fellur niður í lögbannsmáli þessu.“

III.

Stefnandinn *Kjartan Gunnarsson* hefur hér fyrir dómi hinn 17. mars 1977 greint svo frá:

„Ég vil gera athugasemdir við fundargerð Eiríks Brynjólfssonar. Ég mótmæli þeirri fullyrðingu, sem fram kemur í fundargerðinni, að ég hafi hafnað kröfum um skriflegar atkvæðagreiðslur. Formleg krafa um skriflega atkvæðagreiðslu barst ekki, fyrr en atkvæðagreiðsla um 3. lið lagabreytingatillagna stóð yfir. Fjallaði sú krafa um að endurtaka allar fyrri atkvæðagreiðslur á fundinum skriflega. Ekki reyndist unnt að afgreiða þá tillögu,

þar sem fresta varð fundi, áður en til afgreiðslu hennar kom. Í öðru lagi geri ég athugasemd við bókun Arnlínar Óladóttur, þar sem hún véfengir kosningarrétt fundarmanna og lögmæti fundarins á þeim forsendum, að ekki hafi verið gengið úr skugga um, að allir hefðu atkvæðisrétt á fundinum. Það er ekki siður í Háskóla Íslands að ganga sérstaklega úr skugga um það á sérhverjum fundi, t. d. með því að krefjast innritunarskírteina af stúdentum, að þeir séu skráðir stúdentar. Hef ég aldrei verið á fundi í Háskólanum, þar sem það hefur verið gert. Þá vil ég ítreka það, að ég sem fundarstjóri taldi mér ekki fært að bera ábyrgð á því, að fundarstörf gætu farið fram með eðlilegum hætti vegna óróa og hrindinga, sem hafist höfðu á fundinum, meðan á atkvæðagreiðslu stóð. Til marks um alvarleika þessa óróa vil ég geta þess, að gerð var tilraun til þess að ráðast á mig, er ég hafði frestað fundi, en komið var í veg fyrir þá árás, m. a. af formanni Stúdentaráðs. Þá geri ég athugasemd við síðustu málsgreinarnar í fundargerð Eiríks Brynjólfssonar, þar sem fjallað er um það, sem gerðist, eftir að fundi hafði verið frestað. Það tel ég ekki eiga erindi í fundargerðina. Ég hefi undirritað fundargerð Hannesar Gissurarsonar. Ég tel rétt frá greint í þeirri fundargerð, en vil hins vegar gera þá athugasemd, að ég telji þann smávægilega mun, sem á einum eða tveimur stöðum er á atkvæðatölum í fundargerð Hannesar annars vegar og Eiríks hins vegar, ekki skipta máli. Þar sé um að ræða útskýranlegan mun. Mér voru ekki afhentir neinir reikningar fráfarandi stjórnar, eftir að ég tók við fundarstjórn. Þeim hafði ekki verið dreift til fundarmanna. Mér er ekki persónulega kunnugt um, hvort þeir voru til eða ekki. Ég krafði fráfarandi stjórn ekki um reikningana, enda var ekki komið að þeim lið í dagskránni, eftir að dagskrárbreytingin hafði verið samþykkt. Fráfarandi formanni, Garðari Mýrdal, var sent símskeyti, þar sem hann var boðaður á framhaldsaðalfundinn 1. desember 1976. Ekki hafði öðrum fyrrverandi stjórnarmönnum verið sérstaklega boðið á fundinn, en er á fundinn var komið og taka skyldi fyrir reikninga, var fyrrverandi gjaldkeri félagsins ekki mættur, og Garðar Mýrdal, fyrrverandi formaður, sem mættur var, lagði ekki fram reikninga stjórnar sinnar né gerði hann grein fyrir þeim á annan hátt. Ég tók ekki þátt í samningu fundargerðar Hannesar Gissurarsonar. Ég las hana yfir og undirritaði hana því næst. Ég var í stjórn Stúdentafélags Háskóla Íslands stjórnarárið 1973/1974. Aðalfundurinn 23. mars 1976 var fjölmennur fundur miðað við fundi

stúdenta í Háskóla Íslands. Þetta er fjölmennasti aðalfundur í Stúdentafélagi Háskóla Íslands, sem ég hef verið á. Að gefnu tilefni vil ég taka fram, að köll fundarmanna um, að atkvæðagreiðsla yrði að vera skrifleg og að kanna ætti atkvæðisrétt þeirra, sem á fundinum voru, svo sem bókað er í fundargerð Hannesar Gissurarsonar, hefðu ekki verið formlegar kröfur um skriflega atkvæðagreiðslu, miklu fremur tilraun til að trufla og tefja fundarstörf, enda hefur ekki annað komið fram en að ég hafi samviskusamlega borið upp á fundinum allar tillögur, sem mér bárust skriflega. Vantrausttillagan á mig sem fundarstjóra kom fram skriflega á fundinum. Þessi vantrausttillaga var önnur vantrausttillagan, sem á mig kom á þessum fundi. Hún barst meðan atkvæðagreiðsla um 3. lið lagabreytingatillagna stóð yfir. Vegna óróa og stimpinga á fundinum var honum frestað, er þeirri atkvæðagreiðslu var lokið. Af eðlilegum ástæðum var þessi dagskrártillaga ásamt annari dagskrártillögu um endurtekningu atkvæðagreiðslna ekki borin upp, en þær biðu afgreiðslu framhaldsaðalfundar. Fundardagur framhaldsaðalfundarins 1. desember 1976 var valinn með hliðsjón af því, að þar var um almennan frídag stúdenta að ræða frá skólastörfum."

Stefnandinn *Geir Waage* gaf hér fyrir dómi hinn 24. mars 1977 svohljóðandi skýrslu:

„Ég mætti örfáum mínútum áður en auglýstur fundur átti að hefjast, en kl. 17.00, þegar fundurinn átti að hefjast, þá voru örfáir menn mættir, mig minnir, að það hafi verið 7. Fundur var ekki settur kl. 5, eins og við gerðum ráð fyrir, heldur fór Garðar Mýrdal að gera grein fyrir tillögu, sem hann kvaðst mundu leggja fram síðar á fundinum. Ég vil ítreka, að þetta var áður en formlegur fundur var settur. Efni þessarar tillögu, sem Garðar kvaðst mundu leggja fram síðar á fundinum, var á þá leið, að hann hygðist leggja til, að dagskrá fundarins yrði breytt þannig, að stjórnarkjör og kjör endurskoðenda yrði látið bíða til framhaldsaðalfundar, sem haldinn yrði síðar í vikunni, skildist mér, eða innan viku. Um það leyti sem hann var að tala um þetta mjög óformlega, ég ítreka það, tók menn að drífa á fundinn, sem haldinn var í mjög litlu herbergi. Um þetta leyti hvarf Garðar Mýrdal og megnið af fráfarandi stjórn og kom ekki aftur fyrr en klukkan var tæplega 20 mínútur yfir 5. Þá var fundurinn settur, og áður en hægt var að halda áfram frekari fundarstörfum, þá varð að flytja fundinn í stærra herbergi. Eftir að fundurinn hafði verið fluttur inn í matsal stúdenta, þá virtist ætla verða nokkur drátt-

ur á, að fundurinn hæfist þar. Fundarstjórinn Garðar Mýrdal gekk um og talaði við menn, og mér virtist fundarstjórn öll og regla á fundinum vera í molum. Það var svo mikil óregla á fundinum, eftir að hann hófst á þessum nýja fundarstað, að mér virtist einsýnt, að fundurinn færi út um þúfur, ef ekkert breyttist. Þessi óregla hélst, eftir að búið var að kjósa nýjan fundarstjóra, svo mér þótti rétt að leggja fram dagskrártillögu þess eðlis, að teknir yrðu fyrir liðir, sem mér þóttti mest áríðandi, að yrðu afgreiddir. Mér þykir rétt að taka fram, að ég sá þá og sé reyndar ekki nú neitt athugavert við það, þó að auglýst dagskrá aðalfundar sé raskað á fundinum sjálfum, sé það eindreginn vilji fundarmanna. Ég vil geta þess, að Garðar Mýrdal reifaði efnislega dagskrártillögu sína, áður en hann setti fundinn, svo mér virðist Garðar Mýrdal þá hafa haft þann skilning, að ekkert væri athugavert við að færa til auglýsta liði dagskrár."

Vitnið *Hannes Gissurarson* gaf skýrslu hér fyrir dómi 24. mars 1977. Fundargerð vitnisins var sýnd vitninu. Kvaðst vitnið hafa skráð fundargerðina og kvað hana rétta. Aðspurt, hvort það hefði einhverjar athugasemdir að gera við fundargerð Eiríks Brynjólfssonar, svaraði vitnið: „Það eru tvær athugasemdir. Önnur er, að ekki er nákvæmlega greint frá, þegar svo er tekið til orða, að fundarstjóri hafi hafnað kröfum um skriflega atkvæðagreiðslu. Þá er átt við meintar munnlegar kröfur. Því að óp, köll og háreysti einkenndu fundinn, þannig að varla var unnt að greina orðaskil hjá þeim fundarmönnum, sem kölluðu. Seinni athugasemdin er, að ekki kemur nægilega skýrt fram í fundargerðinni, að fundurinn hafði nánast leystst upp. Menn höfðu gert sig líklega til áfloga, stokkið upp á borð, haldið þar ræður, æpt og kallað. Þessar tvær athugasemdir skipta meginmáli, og ónákvæmni í atkvæðagreiðslutölum eru aukaatriði að mínu mati. Til dæmis um upplausnina á fundinum má nefna, að hópur manna hafði þyrpst að fundarstjóra og ritaraborðum. Atli Árnason hafði gert tilraun til að leggja hendur á mig, en verið stöðvaður af Adolf Guðmundssyni. Arnlín Óladóttir hafði stokkið upp á borð og hélt þar ræður, og Páll Baldvinsson kallaði í sífellu og hvatti menn til að sæta ekki því, sem var að gerast. Þessi dæmi sýna að mínu mati, svo að ekki verður um villst, að ekki var völ annars kostnar en þess að slíta fundi. Þar sem ég greindi orðaskil í málflutningi framíkallsmanna, voru þau tilraunir til að hleypa fundinum upp með því að tína til það, sem athugavert kynni að þykja um fundinn. En á fundinum hugkvæmdist þeim ekki þau

rökin, að flutningur stjórnarkjörs fremst á fundinn kynni að valda óhagræði, og virðist mér því sem almennur fundarmaður, að þau rökin séu tilbúin eftir á. Af gefnu tilefni frá lögmanni stefndu tek ég fram, að vissulega mátti oft greina orðaskil á fundinum í máli upphlaupsmannanna. Mig minnir fastlega, að einhver hrópin úr salnum hafi falið í sér kröfu um skriflega atkvæðagreiðslu, en ég tek fram einnig og vísa til reynslu af félagsstörfum, að gera ber strangan greinarmun á ósk um tilteknn afgreiðsluhátt á venjulegum fundi og samhengislausum ópum og köllum, sem eru til þess eins bersýnilega að hleypa fundum upp."

Stefndi *Garðar Mýrdal* hefur hér fyrir dómi 17. mars 1977 skýrt svo frá: „Mitt mat er það, að fundarstjóri á fundinum 23. mars 1976, Kjartan Gunnarsson, hafi séð, þegar líða tók á fundinn, að hann og fylgismenn hans voru komnir í minnihluta. Það lá fyrir vantraust á fundarstjóra, þegar fundarstjóri sleit fundi. Hann ber því sjálfur við, að verið hafi ólæti á fundinum, en það hefði varla þurft meira en 5 mínútna fundarhlé til að róa þau niður. Ókyrrðin á fundinum fólst í því, að einhverjir fundarmenn töldu, að fundarstjóri hefði ekki staðið rétt að atkvæðagreiðslu um lagabreytingar. Einnig var að streyma að nýtt fólk, svo það var nokkur umgangur. Ég minnist þess ekki, að fundarstjóri hafi áminnt fundarmenn um að hafa hljóð í salnum. Ég man hins vegar, að fundarstjóri hafnaði öllum beiðnum um skriflegar atkvæðagreiðslur á fundinum. Ég bað ekki sjálfur um skriflegar atkvæðagreiðslur, en ég þykist muna nöfn á tveimur fundarmanna, en við nánari athugun er ég ekki viss um, að muna nema einn, en það var Gylfi Kristinsson, laganemi. Ég man, að það var varðandi þann lið, sem nefnist lagabreytingar. Ég vil taka fram, að ég tel það valdníðslu gagnvart fundarmönnum að neyða þá til þess að taka afstöðu til stjórnarkjörs, áður en þeir höfðu heyrt skýrslu fráfarandi formanns og niðurstöður reikninga. Reikningar fyrir árið 1975 til 1976 voru til staðar, og voru þeir endurskoðaðir, að vísu með athugasemdum."

Stefndi Eiríkur Brynjólfsson hefur hér fyrir dómi hinn 17. mars 1977 lýst því yfir, að í fundargerð hans sé rétt frá greint frá því, sem á fundinum gerðist. Hann kveðst hafa borið uppkast að fundargerðinni undir Skúla Thoroddsen háskólanema og Garðar Mýrdal og því næst gengið frá henni. Hann segir, að þeir hafi engar verulegar athugasemdir gert við uppkastið, en hann kveðst ekki hafa munað nákvæmlega öll atriðin og því borið þau undir þá.

Hann segir, að einhverjar breytingar hafi orðið á fundargerðinni frá uppkastinu, en hann kveðst nú ekki muna, í hverju þær breytingar voru fólgnar.

IV.

Þess skal getið, að stefnendur boðuðu til framhaldsaðalfundar í Stúdentafélagi Háskóla Íslands, kl. 1430, hinn 1. desember 1976. Stefndu kröfðust þess, að lögbann yrði lagt við þessum framhaldsaðalfundi. Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð samdægurs í því ágreiningsefni með svofelldri niðurstöðu:

„Því úrskurðast:

Umbeðið lögbann á aðalfund Stúdentafélags H.Í. skal ná fram að ganga gegn 100.000.- króna tryggingu á ábyrgð gerðarbeiðenda. Málskostnaður fellur niður."

Í þinghaldi 24. mars 1977 fékk lögmaður stefndu bókað: „Samkvæmt aukablaði af Stúdentablaðinu, sem kom út 23. mars 1977, hafa 35 stúdentar við Háskóla Íslands með stoð í samþykktum Stúdentafélags Háskóla Íslands auglýst aðalfund í félaginu hinn 31. mars 1977 kl. 15:30 í matsal Félagsstofnunar stúdenta. Er aðalfundarboðun þessi rökstudd með því, að báðar stjórnir félagsins, sem nú gera tilkall til að vera nefndar slíkar, eru í gagnkvæmu lögbanni og fá ekki komið fram fundarhöldum í félaginu. Er dagskrá þessa aðalfundar boðuð með þeim hætti sem segir í 7. gr. samþykkta félagsins. Einnig vil ég upplýsa það hér fyrir réttinum, að á fundi Stúdentaráðs Háskóla Íslands var 19. mars s.l. samþykkt mótatkvæðalaust eftirfarandi ályktun: „Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir yfir stuðningi við boðun aðalfundar Stúdentafélags Háskóla Íslands 31. mars 1977, sem almennir félagsmenn hafa staðið að. Stúdentaráð telur eðlilegast að gert verði lýðræðislega út um málið á fundi í Háskóla Íslands." Bókun þessi er gerð til að upplýsa réttinn um framgang félagsmála Stúdentafélags Háskóla Íslands, en eftir örfáa daga rennur út, að samþykktum félagsins, kjörtímabil beggja þeirra aðila, sem hingað til hafa gert kröfu til að vera stjórnir í félagsskap þessum."

Umboðsmaður stefnenda fékk bókað: „Fundarboð það, sem lögmaður stefndu hefur nú gert að umtalsefni, sbr. dskj. nr. 18, á sér enga stoð í lögum Stúdentafélags Háskóla Íslands og er algjör markleysa."

V.

Stefnendur styðja kröfugerð sína á þeim sjónarmiðum, að aðalfundur Stúdentafélags Háskóla Íslands, haldinn 23. mars 1976, hafi verið lögmætur. Stjórnin, sem þá var kjörin, hafi tekið við völdum í félaginu að stjórnarkjöri loknu. Af því leiði, að fyrrverandi stjórn félagsins, það er sú stjórn, er stefndu skipuðu, hafi verið óheimilt að koma fram í nafni löglegrar stjórnar félagsins, eftir að stjórnarskipti urðu, og hafi slík háttsemi falið í sér rétt arbrot gagnvart stefnendum bæði samkvæmt félagslögum Stúdentafélags Háskóla Íslands og samkvæmt almennum lagareglum.

Að því er varðar breytingu á röð dagskrárliða með dagskrártillögu benda stefnendur á, að í 6. grein laga Stúdentafélags Háskóla Íslands sé fjallað um efnislegt inntak aðalfundar. Ákvæðið sé að því leyti bindandi fyrir stjórn félagsins og aðalfund, að hvorki megi auka við efni aðalfundar né fella niður efnisþætti nema að undangenginni lagabreytingu, samanber ákvæði greinarinnar „skal vera . . .“. Töluröð dagskrárliða í nefndri lagagrein beri hins vegar að skoða sem tillögur að röð dagskrárliða á aðalfundi og geti aðalfundur breytt þeirri röð að eigin vild, til dæmis með dagskrártillögu. Styðjist þessi skoðun við valdsvið aðalfundar sem æðsta valds í málefnum félags, orðalag 6. greinar laga Stúdentafélags Háskóla Íslands, eðli dagskrártillagna, skoðanir fræðimanna á sviði félagaréttar og viðteknar venjur. Yrði það hins vegar álit réttarins, að störf margnefnds aðalfundar hafi að einhverju leyti farið í bága við lög félagsins, sé því mótmælt, að slíkt varði ógildingu aðalfundarins að einhverju eða öllu leyti eða að slíkt svipti stefnendur umboði sem lögleg stjórn Stúdentafélags Háskóla Íslands.

Við hinn munnlega málflutning var því einnig haldið fram, að fari svo, að dómurinn teldi, að ekki hefði mátt breyta röðun dagskrárliða, þá hafi stefndu firrrt sig rétti til að bera þessa málsvörn fyrir sig með því að hafa ekki uppi strax sérstök mótmæli gegn breytingunni. Slíkt aðgerðarleysi verði að koma þeim í koll og styðjist þessi niðurstaða við dóma, sem gengið hafi hér á landi í svipuðum málum.

VI.

Stefndu styðja kröfur sínar þeim rökum fyrst og fremst, að 6. grein laga félagsins hafi að geyma skýlaus ákvæði um dagskrá aðalfundar. Dagskrárliðir aðalfundar og röð þeirra séu þar lög-

ákveðnir og frá þeim verði ekki vikið með lögmætum hætti nema að undangenginni lagabreytingu. Þessir dagskrárliðir séu nauðsynlegir eðlilegri stjórnun félagsskaparins og séu til þess fallnir að skapa festu og reglu í starfsemi félagsins. Röð dagskrárliðanna sé engin tilviljun, heldur rökrétt fyrir eðlileg aðalfundarstörf. Á aðalfundi beri að líta um öxl, meta starf og starfsaðstæður liðins árs, yfirfara og afgreiða reikninga liðins árs og tengja þetta framtíðinni með því að gera framtíðarráðstafanir fyrir næsta ár, lagabreytingar, ef ástæða er til, og kjósa félaginu nýja stjórn og endurskoðendur.

Allir sjái í hendi sér þá afskræmingu réttra aðalfundarstarfa, ef ný stjórn er kosin, áður en hin fyrri skilar af sér störfum og reikningshaldi, en það hafi einmitt gerst á margnefndum aðalfundi. Fráfarandi stjórn hafi ekki fengið að skila af sér störfum. Hún hafi ekki fengið að gefa skýrslu um starf sitt og ekki fengið að leggja fram reikninga félagsins, sem þó hafi legið fyrir endurskoðaðir, áður en tekið var til við kosningu stjórnar og lagabreytingar. Þessi vinnubrögð og framkvæmd aðalfundarstarfa hafi verið löglaus með öllu. Það séu grundvallarréttindi félagsmanns í svona félagi að fá að heyra skýrslu fráfarandi stjórnar um starf hennar eða starfsleysi, fá að ræða hana, spyrja um einstaka þætti hennar og kynnast starfsaðstöðu félagsins, áður en hann velur nýja stjórnendur eða gerir nauðsynlegar lagabreytingar. Það séu einnig grundvallarréttindi félagsmanna í svona félagi að fá að kynna sér efnahagsstöðu félagsins í endurskoðuðum reikningum liðins árs og meta meðferð fráfarandi stjórnar á eignum félagsins, áður en hann tekur afstöðu til þeirra, sem bjóða sig fram til stjórnarstarfa fyrir félagið. Þessi grundvallarréttindi hafi verið brotin á aðalfundinum 23. mars 1976, svo sem ljóst megi vera af gögnum málsins. Og lögbannsmálið snúist um það fyrst og fremst, hvort aðalfundinum hafi verið heimilt að hafa endaskipti á 6. grein félagslaganna eða ekki, en svarið við þeirri spurningu sé að sjálfsögðu neitandi. Séu þá hafðar í huga réttar lögskýringar, eðli máls og grundvallarreglur um almenn félagsréttindi svo og álit fræðimanna.

Hinni lögmætu fráfarandi stjórn, sem stefndu skipuðu, hafi því borið, eins og hún gerði, að efna til framhaldsaðalfundar og freista þess að koma hlutunum löglega fram. Það hafi stjórnin gert með boðun framhaldsaðalfundarins 1. apríl 1976, en þá hafi hin löglausa stjórn, sem stefnendur skipuðu, gripið til þess að fá lögbann lagt við því framtaki. Þetta lögbann beri að fella

úr gildi, þar sem stefnendur hafi ekki hlotið lögformlegt umboð til að fara með stjórn í félaginu.

Þrátt fyrir orðalag kröfugerðar stefndu verður að skýra málflutning af hálfu stefndu þannig, að þeir mótmæli gildi aðalfundarins frá því, að röð dagskrárliða var breytt. Er því einnig haldið fram af stefndu, að dómstóll eigi að ógilda allar ákvarðanir félagsfundar, sem byggjast á því, að lög félags séu brotin, en það hafi einmitt gerst á umræddum aðalfundi með því að kúvenda lögskipuðum dagskrárliðum aðalfundarins, enda hafi ákvarðanir slíks fundar ekki aðeins verið ógildanlegar heldur ógildar (nullitet).

VII.

Eigi er ágreiningur um það, að stefndu voru löglega kjörnir stjórnendur Stúdentafélags Háskóla Íslands, þegar þeir boðuðu til aðalfundar félagsins, sem haldinn var 23. mars 1976. Það er heldur ekki um það deilt, að boðun fundarins hafi verið rétt samkvæmt lögum félagsins. Þá er ekki vefengt, að sú samþykkt fundarins að víkja skipuðum fundarstjóra, Jóni Guðna Kristjánssyni, úr starfi og kjósa Kjartan Gunnarsson sem fundarstjóra í hans stað, hafi verið lögleg ráðstöfun. Sú ákvörðun hins nýja fundarstjóra að skipa Hannes Gissurarson til þess að vera fundarritari með Eiríki Brynjólfssyni var og eðlileg og sætti ekki, svo séð verði, neinum andmælum. Fóru fundarstörfin þannig fram með eðlilegum hætti, þar til kom að dagskrártillögu Geirs Waage.

Í kafla II hér að framan er gerð grein fyrir auglýsingu stefndu um aðalfundinn 23. mars 1976 og 6. grein laga félagsins.

Fallast ber á með stefndu, að 6. gr. félagslaganna hafi að geyma skýlaus ákvæði um dagskrá aðalfundar félagsins, bæði um dagskrárliði og röðun þeirra. Hin auglýsta dagskrá var og í fullu samræmi við ákvæði 6. gr. Telja verður, eins og á stóð, að ekki hafi verið heimilt að láta kosningu stjórnar fram fara, fyrr en dagskrárliðir nr. 1—3 höfðu verið teknir fyrir, enda er ósannað, að ótvírætt venja, eðli máls eða almennar reglur um félagsfundi standi þessari skýringu í vegi.

Fundarstjóra bar því að benda fundarmönnum á, að dagskrártillaga Geirs Waage bryti í bága við lög félagsins. Það gerði hann ekki, heldur lét greiða atkvæði um dagskrártillöguna og breytti því næst dagskrárliðum í samræmi við hana, en það var, svo sem fyrr greinir, brot á 6. gr. félagslaganna.

Gögn málsins, þar á meðal vantrauststillaga á fundarstjóra

strax að kosningu stjórnar lokinni, gefa glöggt til kynna, að þessi málsmeðferð á fundinum sætti miklum mótmælum. Þegar þessi mótmæli eru virt svo og það, að stefndu boðuðu strax til framhaldsaðalfundar, þá verður eigi á það fallist með stefnendum, að stefndu hafi sýnt af sér aðgerðarleysi, sem máli skipti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ekki fallist á það með stefnendum, að þeir hafi hlotið lögmæta kosningu sem stjórnendur félagsins á fundinum.

Fyrsti kröfuliður stefnenda þess efnis, „að aðalfundur Stúdentafélags Háskóla Íslands, haldinn þ. 23. marz 1976, hafi verið löglegur," verður því aðeins tekinn til greina þannig, að aðalfundurinn telst hafa verið löglegur, þar til fundarstjóri féllst á að breyta röð dagskrárliða.

Samkvæmt framangreindum úrslitum fengu stefnendur ekki umboð til að fara með stjórn félagsins. Er því ekki unnt að taka annan kröfulið stefnenda til greina, og ber að sýkna stefndu af þeirri kröfu, sem þar kemur fram.

Þá ber og samkvæmt ofangreindum rökum að fella niður lögbann það, sem stefnendur lögðu við framhaldsaðalfundi þeim, sem stefndu boðuðu til hinn 1. apríl 1976, svo og við allri frekari starfsemi stefndu í nafni stjórnar Stúdentafélags Háskóla Íslands.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindur aðalfundur Stúdentafélags Háskóla Íslands haldinn 23. mars 1976 telst hafa verið löglegur, þar til fundarstjóri féllst á að breyta röð dagskrárliða.

Krafa stefnenda samkvæmt kröfulið 2 er ekki tekin til greina.

Framangreint lögbann er fellt úr gildi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. maí 1980.

Nr. 57/1980. **Hörður Ólafsson**
gegn
Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar.

Kærumál. Málflutningslaun. Gerðardómar. Frávísunar- og ómerkingarkröfu hrundið. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Hinn kærða úrskurð hafa kveðið upp hæstaréttarlögmennirnir Þorsteinn Júlíusson, Helgi V. Jónsson og Jónas Aðalsteinsson svo og héraðsdómslögmennirnir Skarphéðinn Þórisson og Stefán Pálsson, stjórnarmenn Lögmannafélags Íslands.

Sóknaraðili, sem fékk vitneskju um úrskurðinn 27. febrúar 1980, hefur samkvæmt heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. mars s. á., sem barst Hæstarétti 8. apríl 1980. Eru dómkröfur hans þessar:

„(a) að málinu verði vísað frá stjórn Lögmannafélagsins;

(b) til vara, að öll málsmeðferð þar verði ómerkt, þar með talin ályktun gjaldskrárnefndar;

(c) enn til vara, að málinu verði vísað heim til löglegrar meðferðar;

(d) til þrautavara, að úrskurðinum verði breytt á þá lund, að til greina verði teknar kröfur mínar samkvæmt framvísuðum reikningum;

(e) þá er kært samkvæmt niðurlagi 21. gr. laga nr. 75/1973;

(f) loks er krafizt málskostnaðar fyrir stjórn Lögmannafélagsins og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar."

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kröfum sóknaraðilja um málflutningslaun fyrir gerðardómum, sbr. I. og II. í hinum kærða úrskurði, verði vísað frá Hæstarétti, en að öðru

leyti verði hinn kærði úrskurður staðfestur. Til vara krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðilja var gefinn kostur á að koma að frekari gögnum í kærumáli þessu, en hann gerði það ekki.

I.

Í máli þessu er deilt um málflutningsþóknun fyrir þrjú mál, tvö gerðardómsmál og eitt mál, sem rekið er fyrir Hæstarétti.

Frávísunarkröfu sína byggir varnaraðili á því, að hér sé um að ræða þóknun vegna málflutnings fyrir gerðardómum, en úrskurðir um það efni sæti ekki kæru og beri því að vísa málinu að því leyti frá Hæstarétti.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 hefur stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf. Telja verður, að ákvæði þetta taki til þóknunar fyrir málflutningsstarf bæði fyrir almennum dómstólum og gerðardómum eftir því sem við á. Er því heimilt að kæra fyrrgreindan úrskurð til Hæstaréttar samkvæmt 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942. Verður frávísunarkrafa varnaraðilja ekki tekin til greina.

II.

Kröfu sína um frávísun málsins frá stjórn Lögmannafélags Íslands byggir sóknaraðili í fyrsta lagi á því, að hann sé ekki félagsmaður í Lögmannafélagi Íslands. Félagsstjórnin hafi því ekki úrskurðarvald í málum hans. Í annan stað byggir sóknaraðili frávísunarkröfuna á því, að þegar stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurði mál, geri hún það sem gerðardómur. Til þess að gerðardómur bindi aðilja, þurfi samþykki beggja. Það komi ekki hér til álita, þar sem hann hafi aldrei samþykkt úrskurðarvald félagsstjórnar í máli þessu. Að endingu telur sóknaraðili, að félagsstjórnin geti einungis úrskurðað um endurgjald vegna málflutnings fyrir hinum almennu íslensku dómstólum. Af þeim þremur málum, sem hér sé fjallað um þóknun fyrir, sé aðeins eitt

rekið fyrir hinum almennu dómstólum hér á landi. Félagsstjórnin hafi því ekki úrskurðarvald um hin tvö.

Varnaraðili telur sóknaraðilja vera félaga í Lögmannafélagi Íslands, enda slíkt lögskylt. Þetta skipti þó ekki máli, því að stjórn Lögmannafélags Íslands eigi úrskurðarvald um málflutningslaun án tillits til þess, hvort málflytjandinn sé félagi í Lögmannafélagi Íslands eða ekki.

Sóknaraðili er starfandi hæstaréttarlögmaður, og gilda um störf hans, réttindi og skyldur ákvæði laga nr. 61/1942. Á félagsstjórnin því úrskurðarvald um ágreining þann, sem hér er um fjallað. Úrskurðarvald stjórnarinnar byggist ekki á reglum um gerðardóma, sem aðiljar semja um, og skiptir því ekki máli, þótt sóknaraðili hafi ekki samþykkt, að stjórnin fjallaði um málið. Með vísan til þess, sem segir í I. lið hér að framan, verður talið, að félagsstjórninni sé heimilt að skera úr ágreiningi um þóknun fyrir flutning mála fyrir gerðardómum.

Verða því frávísunarkröfur sóknaraðilja ekki til greina teknar.

III.

Kröfur sínar um ómerkingu og heimvísun hins kærða úrskurðar byggir sóknaraðili á því, að honum hafi eigi verið gefinn kostur á að rita greinargerð í málinu og hann hafi eigi fengið endurrit skjala, sem varnaraðili hafi lagt fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili hefur talið, að sóknaraðilja hafi verið gefinn fullur kostur á að gæta réttar síns. Það sé hans eigið mál, hvort hann hafi neytt þess réttar.

Mál þetta hófst með kærubréfi varnaraðilja til stjórnar Lögmannafélags Íslands 14. nóvember 1979. Var málið tekið fyrir á stjórnarfundi sama dag. Var þá ákveðið að senda sóknaraðilja afrit kærubréfsins og óska umsagnar hans fyrir 28. s. m. Sóknaraðili óskaði eftir lengri fresti, og veitti stjórnin þá frest til 11. desember s. á. Umsögn sóknaraðilja barst félagsstjórninni 13. desember s. á. Félagsstjórnin ákvað, að málið skyldi munnlega flutt og munnlegur málflutningur skyldi fram fara 23. janúar 1980. Var sóknaraðilja tilkynnt

um þetta með ábyrgðarbréfi. Ekki kom sóknaraðili þann dag fyrir stjórnina, og var málið síðan tekið til úrskurðar.

Af framangreindu er ljóst, að sóknaraðilja hefur verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna og túlka sín sjónarmið fyrir félagsstjórninni. Þykir ekki ástæða til að ómerkja hinn kærða úrskurð af þessum sökum.

IV.

Eins og áður hefur verið getið, er í máli þessu deilt um málflutningsþóknun fyrir þrjú mál:

1. Gerðardómsmálið Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar gegn Rederiet Ole E. Kristensen:

Sóknaraðili flutti mál þetta af hendi varnaraðilja. Var það rekið fyrir gerðardómi hér í Reykjavík. Varð gerð upp sögð 11. júlí 1979. Var Rederiet Ole E. Kristensen gert að greiða varnaraðilja 7.850.20 dollara og 130.673.20 danskar krónur ásamt 10% ársvöxtum af 7.850.20 dollurum frá 20. september 1977 til greiðsludags og sömu ársvöxtum af 130.673.20 dönskum krónum frá 20. júlí 1977 til greiðsludags. Þá var fyrirtækinu gert að greiða 800.000 krónur í málskostnað og þóknun til gerðarmanna.

Sóknaraðili virðist reikna sér 4.469.122 krónur í þóknun fyrir flutning máls þessa.

2. Gerðardómsmálið Guðbjörn Guðjónsson gegn Peacock Salt Ltd.

Mál þetta er rekið fyrir gerðardómi í Amsterdam. Sóknaraðili, sem fór með málið af hendi varnaraðilja, telur dómkröfur nema 4.056.568 krónum auk vaxta til 20. maí 1980, alls 1.359.608 krónur. Hann kveður gagnaöflun lokið og málið búið til munnlegs flutnings. Hefur hann reiknað sér 916.411 krónur í þóknun fyrir þetta mál.

3. Hæstaréttarmálið nr. 144/1978: Guðbjörn Guðjónsson gegn Metro Shipping & Finance Ltd.

Sóknaraðili fór með mál þetta af hendi varnaraðilja. Það var þingfest fyrir Hæstarétti 1. nóvember 1978, en frestað til munnlegs flutnings í október 1979. Bíður það nú munnlegs málflutnings.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 14. júní 1978, og var varnaraðilja, Guðbirni Guðjónssyni, dæmt að greiða £ 8.342.60 með 13% ársvöxtum frá 12. maí 1975 til greiðsludags og 686.000 krónur í málskostnað.

Sóknaraðili virðist reikna sér 1.472.661 krónu í málflutningslaun.

Þar sem varnaraðili hefur krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, þykir mega taka þá kröfu hans til greina, eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir Hæstarétt.

Engin efni eru til þess að dæma í máli þessu viðurlög samkvæmt lokaákvæðum 21. gr. laga nr. 75/1973.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 200.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Hörður Ólafsson, greiði varnaraðilja, Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar, 200.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 20. febrúar 1980.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 23. janúar 1980, eftir að sóknaraðili hafði flutt sókn, var lagt fyrir stjórn LMFÍ með bréfi sóknaraðilja, dags. 14. nóvember 1979, þess efnis, að stjórn LMFÍ úrskurði lögmannsþóknun Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns fyrir gerðardómsmálið Guðbjörn Guðjónsson gegn Rederiet Ole Kristensen, gerðardómsmálið Guðbjörn Guðjónsson gegn Peacock Salt Ltd. og hæstaréttarmálið nr. 144/1978: Guðbjörn Guðjónsson gegn Metro Shipping & Finance Ltd.

Auk þess krafðist sóknaraðili, að varnaraðili greiddi honum inneign hans hjá honum, um kr. 9 millj., auk hæstu dómvaxta og alls kostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Við flutning sóknar breytti sóknaraðili kröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að endurgjald fyrir málflutningsstörf varnaraðilja í hinum tilgreindu málum yrði úrskurðað samtals kr. 3.530.850 og auk þess yrði varnaraðilja gert að greiða sóknaraðilja málskostnað að mati stjórnar LMFÍ í máli þessu.

Af hálfu varnaraðilja hefur ekki verið mætt við fyrirtekt máls þessa, en hann sendi stjórn LMFÍ bréf, dags. 11. des. 1979, um afstöðu sína til málsins. Í því bréfi kveðst varnaraðili hvorki samþykkja að flytja mál þetta fyrir stjórn LMFÍ né hlíta dómi (sic) hennar í því. Varnaraðili tekur fram, að stjórn LMFÍ sé ólaunaður dómstóll, sem tæpast sé hægt að ætlast til, að leggi á sig þá vinnu, sem til þurfi í máli þessu, og auk þess sé varla hægt að ætlast til þess, að stjórnin geti litið óhlutdrægt á málið vegna ágreinings varnaraðilja við LMFÍ um greiðslu félagsgjalda.

Að öðru leyti hefur varnaraðili ekki haft uppi eða komið kröfum sínum á framfæri við stjórn LMFÍ þrátt fyrir boðanir og tilkynningar stjórnarinnar til varnaraðilja um fyrirtektir málsins og flutning þess.

Varnaraðili hefur leyfi til málflutnings við Hæstarétt, sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, og er sem slíkur félagi í LMFÍ skv. ákvæðum 7. gr. sömu laga, og af því leiðir, að mál þetta er réttilega borið undir stjórn LMFÍ, sem hefur úrskurðarvald í því skv. 1. mgr. 8. gr. sömu laga.

Málsatvik skv. framlögðum skjölum og sókn sóknaraðilja eru þessi:

I.

Varnaraðili flutti gerðardómsmálið Guðbjörn Guðjónsson gegn Rederiet Ole Kristensen fyrir sóknaraðilja. Dómur var upp kveðinn í því máli hinn 11. júlí 1979, svohljóðandi:

„1. Rederiet Ole E. Kristensen greiði sækjanda málsins, Guðbirni Guðjónssyni, heildverslun, 75,785% af $ 10.358,50 eða $ 7.850,20 og 75,785% af D kr. 172.426,17 eða D kr. 130.673,20. Vextir af nefndum upphæðum skulu vera 10% á ári og reiknast á $ 7.850,20 frá 20. sept. 1977 til greiðsludags og á D kr. 130.673,20 frá 20. júlí 1977 til greiðsludags, enda hafi flutningskostnaður verið að fullu greiddur 20. júlí 1977.

2. Varnaraðili, Rederiet Ole E. Kristensen, skal eiga gagnkröfu á hendur kaupendum saltsins, og ber sóknaraðila, Guðbjörn Guðjónsson, heildverslun, að láta í té þau gögn, sem sýna, hverjir voru viðtakendur saltsins og hvert magn hver fékk og hverjar greiðslur voru inntar af hendi. Slíkar greiðslur skulu koma til frádráttar að 75,785 hundraðshlutum frá bótagreiðslum varnaraðila. Endurkrafa á hendur kaupendum saltsins samkvæmt ofanskráðu skal miða við þennan hundraðshluta.

3. Sækjandi þessa máls, Guðbjörn Guðjónsson, heildverslun,

skal fá greiddan málskostnað úr hendi varnaraðilja, ísl. kr. 800.000. Þá skal varnaraðili greiða kostnað við gerðardóm, ísl. kr. 500.000."

Þessi dómskuld var gerð upp af hálfu dómþola hinn 29. október 1979 með ísl. kr. 16.018.955, en áður höfðu verið greiddar d. kr. 15.905.24, þannig að höfuðstóll dómskuldarinnar ásamt vöxtum nam samtals ísl. kr. 17.146.990 hinn 29. október 1979.

Samkvæmt framlögðum gögnum reiknar varnaraðili „málflutningskaup" sitt fyrir mál þetta sem kr. 4.469.122 skv. bréfi til sóknaraðilja, dags. 5. nóv. 1979, en áður hafði hann sent sóknaraðilja reikning fyrir sama mál, dags. 27. febrúar 1979, að fjárhæð kr. 2.038.599. Í bréfi, dags. 7. nóvember 1979, kveðst hann reikna sér kr. 2.234.561 fyrir mál þetta í laun.

Samkvæmt ákvæðum 5. gr. gjaldskrár LMFÍ frá 30. mars 1979, leiðrétt 19. sept. 1979, næmi lágmarksgreiðsla miðað við greidda fjárhæð í máli þessu kr. 1.985.289.

II.

Í framhaldi af máli því, sem um er rætt undir tölulið I, lagði varnaraðili mál fyrir gerðardóm í Amsterdam vegna sömu lögskipta. Það gerðardómsmál er nú rekið þar til heimtu þess hluta kröfu sækjanda gerðardómsmálsins, sem ekki fékkst viðurkenning á með dómi gerðardómsins skv. tölulið I.

Varnaraðili hefur reiknað hagsmuni umbjóðanda síns í því máli kr. 5.416.176 pr. maí 1980 og reiknar sér í málflutningsþóknun miðað við þá fjárhæð kr. 916.411 „að svo stöddu" (bréf dags. 7. 11. 1979).

Flutningur máls þessa hefur ekki farið fram, en varnaraðili kveður það tilbúið til flutnings, sbr. bréf hans, dags. 7. nóvember 1979.

Miðað við það, að 75,785% kröfu sóknaraðilja máls þessa hafi verið greidd við lyktir máls skv. tölulið I, nema eftirstöðvar kröfunnar, hagsmunirnir, kr. 4.152.144 pr. október 1979. Miðað við þá fjárhæð næmi lágmarksþóknun fyrir mál þetta skv. ákvæðum í 5. gr. gjaldskrár LMFÍ frá 30. mars 1979, leiðrétt 19. sept. 1979, kr. 722.822.

III.

Í þriðja lagi er óskað úrskurðar um þóknun varnaraðilja fyrir Hæstarétti í hæstaréttarmálinu nr. 144/1978: Guðbjörn Guðjóns-

son gegn Metro Shipping & Finance Ltd., en varnaraðili sá um áfrýjun þess máls.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar 4. sept. 1978 og var frestað til munnlegs flutnings 1. október 1979.

Varnaraðili reiknar hagsmuni umbjóðanda síns í máli þessu með vöxtum pr. 1. október 1980 samtals kr. 11.438.012 og reiknar síðan málskostnað á þeim grundvelli sem kr. 1.475.541, en áskilur sér rétt til breytinga vegna gengismunar, þegar dómur gengur. Þessi fjárhæð var skuldfærð 7. nóvember 1979 af hálfu varnaraðilja skv. bréfi hans, dags. þann dag.

Hagsmunir sóknaraðilja pr. 7. nóvember 1979, höfuðstóll og vextir, miðað við útreikningsaðferð varnaraðilja, nema samtals kr. 10.660.615 og miðað við þá fjárhæð næmi lágmarksþóknun fyrir munnlegan flutning málsins skv. 1. mgr. 2. töluliðs 5. gr. gjaldskrár LMFÍ frá 30. mars 1979, leiðrétt 19. sept. 1979, kr. 1.531.243.

Samkvæmt framansögðu hefur varnaraðili reiknað sér í málskostnað af framangreindum þremur málum samtals kr. 6.861.074.

Stjórn LMFÍ sendi gjaldskrárnefnd LMFÍ skjöl máls þessa með bréfi, dags. 13. des. 1979, og óskaði álits nefndarinnar um þóknun til varnaraðilja í umræddum málum skv. heimild í 1. mgr. 11. gr. samþykkta LMFÍ. Nefndin ályktaði hinn 27. des. 1979, að hæfileg þóknun til varnaraðilja í málum þessum næmi samtals kr. 3.530.850 auk dagpeninga og útlagðs kostnaðar. Það er aftur sú fjárhæð, sem sóknaraðili gerði síðan að kröfu sinni í máli þessu við flutning þess hinn 23. janúar 1980. Ályktun gjaldskrárnefndar var ósundurliðuð, og hefur sóknaraðili ekki heldur sundurliðað kröfugerð sína.

Ekki kemur fram í gögnum málsins, að neinn samningur hafi verið í gildi milli varnaraðilja og sóknaraðilja um málskostnað eða annað endurgjald fyrir vinnu hans í þágu sóknaraðilja.

Sóknaraðili sagði varnaraðilja upp öllum málsflutningsstörfum með skeyti, dags. 8. nóvember 1979.

Málsástæður sóknaraðilja eru þær, að umkrafinn málskostnaður af hálfu varnaraðilja í málum þessum sé óréttmætur og hreinlega út í hött. Auk þess ofreikni hann fjárhæð hagsmuna þeirra, sem eigi að vera grundvöllur málskostnaðar.

Varnaraðili byggir reikningsgerð sína öðrum þræði á ákvæðum gjaldskrár LMFÍ, þó þannig, að hann reiknar sér í einu tilviki tvöfalda lágmarksþóknun skv. gjaldskrá. Í því tilviki gætir að vísu ekki samræmis milli reikninga varnaraðilja á mismunandi

tímum. Af gögnum málsins má ráða, að varnaraðili, sem einnig er löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi, hefur annast þýðingu skjala sem og skjalavinnslu á ensku. Ekki sést, hvort reikningar hans fela í sér þóknun fyrir þá aðstoð sérstaklega eða ekki.

NIÐURSTAÐA.

Þegar til alls þess er litið, sem að framan er rakið um hvert einstakt framangreindra mála, fæst ekki séð, að neitt sé því til fyrirstöðu að leggja úrskurð á þau efnislega í samræmi við ákvæði 5. gr., sbr. 1. og 3. gr. gjaldskrár LMFÍ, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

1. Málflutningsþóknun í gerðardómsmálinu Guðbjörn Guðjónsson gegn Rederiet Ole Kristensen.
   Mál þetta, sem vannst af hálfu sóknaraðilja máls þessa, var að öllu leyti unnið af varnaraðilja. Dómskuldin var greidd með kr. 17.146.990, og telst sú fjárhæð hagsmunir sóknaraðilja í málinu. Á grundvelli þess og að öðru leyti með vísan til framanritaðs telst málflutningsþóknun varnaraðilja, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, í máli þessu hæfilega ákveðin kr. 2.000.000.
2. Málflutningsþóknun í gerðardómsmálinu Guðbjörn Guðjónsson gegn Peacock Salt Ltd.
   Upphafleg stefnukrafa máls þessa var sú sama og í máli sóknaraðilja gegn Rederiet Ole Kristensen. Við greiðslu á þeirri dómskuld lækkaði krafa í þessu máli um samsvarandi fjárhæð. Varnaraðili undirbjó mál þetta fyrir gerðardóm í Amsterdam, og er það nú tilbúið til meðferðar þar. Sóknaraðili sagði varnaraðilja upp störfum hinn 8. nóvember 1979, svo sem að framan er rakið. Fjárhagslegir hagsmunir í máli þessu teljast nema kr. 4.152.144, sbr. það, sem að framaan er rakið þar um. Varnaraðili telst hafa unnið til liðlega helmings málflutningsþóknunar í máli þessu.
   Málflutningsþóknun varnaraðilja, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir mál þetta miðað við 8. nóv. 1979 telst hæfilega ákveðin kr. 600.000.
3. Málflutningsþóknun í hæstaréttarmálinu nr. 144/1978: Guðbjörn Guðjónsson gegn Metro Shipping & Finance Ltd.
   Varnaraðili, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar Íslands hinn 4. september 1978. Hann vann að ágripsgerð í máli þessu og skilaði greinargerð í því, en því var frestað til munnlegs flutnings hinn 1. október

1979. Hagsmunir sóknaraðilja af máli þessu teljast nema u. þ. b. kr. 10.660.000.

Sóknaraðili sagði varnaraðilja upp störfum að máli þessu hinn 8. nóv. 1979, áður en til flutnings þess kom.

Varnaraðili telst hafa unnið til lögbundins helmings málflutningsþóknunar í máli þessu. Á þeim grundvelli telst málflutningsþóknun varnaraðilja, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir störf að máli þessu miðað við 8. nóv. 1979 hæfilega ákveðin kr. 950.000.

Samtals nemur málflutningsþóknun varnaraðilja, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmnns, vegna framangreindra mála kr. 3.550.000.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.

Því úrskurðast:

Þóknun Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns fyrir málflutningsstörf í þágu Guðbjörns Guðjónssonar í framangreindum málum ákveðst kr. 3.550.000.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. maí 1980.

Nr. 108/1978. **Jón L. Guðnason**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Högna Ágústssyni og
Jónínu Guðmundsdóttur
og gagnsök
(Kristján Eiríksson hrl.).

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 26. maí 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjenda, en til vara, að kröfur gagnáfrýjenda verði stórlega lækkaðar, og í báðum tilfellum krefst hann málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 1. júní 1978. Þau krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Gagnáfrýjandi Jónína Guðmundsdóttir hefur eftir uppsögu héraðsdóms selt eignarhluta sinn í Grettisgötu 47 A, en aðild hennar að máli þessu hefur eigi verið vefengd.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, höfðu matsmenn undir höndum 4 dómskjöl (nr. 4—7), sem síðar var leitt í ljós, að ekki vörðuðu skúr þann á lóð hússins nr. 47 A við Grettisgötu, sem fjallað er um í málinu, heldur annars vegar hækkun viðbyggingar við húsið nr. 47 við sömu götu og hinsvegar skúrbyggingu milli húsanna nr. 47 og 47 A við Grettisgötu, en á lóð hins fyrrtalda og hluti þeirrar eignar. Teikningar af mannvirkjum þessum fylgdu ekki. Í matsgerð kemur fram, að matsmenn höfðu einnig undir höndum mæliblað og lóðauppdrátt, sem sýndu stærð hins umdeilda skúrs, enda er ekki deilt um, að grunnflötur hans hafi verið sem næst 7.00 m x 2.50 m. Gögn þau á dskj. 4—7, sem að framan greinir, voru þess eðlis, að þau gátu á engan hátt villt um fyrir matsmönnum um stærð eða gerð hins umdeilda skúrs.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem kveðinn var upp með sérfróðum samdómendum, þykir mega staðfesta niðurstöðu hans.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 160.000 krónur.

Það er aðfinnsluvert við meðferð máls þessa í héraði, að annar hinna sérfróðu samdómenda var eigi viðstaddur, er

aðiljar og vitni gáfu skýrslur á bæjarþingi hinn 15. apríl 1977.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Jón L. Guðnason, greiði gagnáfrýjendum, Högna Ágústssyni og Jónínu Guðmundsdóttur, 160.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. október 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 19. september sl., höfðaði Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður, Laugavegi 27, Reykjavík, fyrir hönd Högna Ágústssonar verkamanns og Jónínu Guðmundsdóttur afgreiðslustúlku, beggja til heimilis að Grettisgötu 47 A í Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 31. maí 1976, gegn Jóni L. Guðnasyni, Grettisgötu 58 A, Reykjavík, til greiðslu fébóta að fjárhæð kr. 238.875 með 9% ársvöxtum frá 1. júlí 1973 til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1976 og 14.5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Við munnlegan málflutning var fallið frá kröfu um 14.5% ársvexti frá 1. maí 1976 til greiðsludags, en krafist 13% ársvaxta af stefnufjárhæð frá 15. júlí 1974 til greiðsludags, að öðru leyti voru dómkröfur stefnenda óbreyttar frá því, sem greinir í stefnu.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að kröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda að mati dómsins.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Í sáttakæru er málavöxtum lýst á þann veg, að stefnendur eigi fasteignina nr. 47 A við Grettisgötu í Reykjavík í félagi. Tilgreind eign sé kjallari og ein hæð. Jónína sé eigandi að kjallara hússins, sem sé 3ja herbergja íbúð. Að hinu leytinu sé Högni eigandi að hæðinni, sem einnig sé 3ja herbergja íbúð. Eignar-

hlutdeild Jónínu í fasteigninni teljist vera 2/5 hlutar, en hlutdeild Högna 3/5 hlutar. Lóð hússins sé eignarlóð. Lóðarstærð 107.1 fermetri og lóðin í óskiptri sameign eigenda. Eignarhlutdeild hvors eiganda um sig í lóðinni sé helmingur, eða 50%. Á baklóð tilgreinds húss að norðanverðu á lóðarmörkum hafi um árabil staðið járnklæddur skúr eða bíslag, sem var sameign þeirra stefnenda. Tilgreindur skúr hafi verið reistur á sínum tíma með fullu samþykki byggingaryfirvalda. Skúrinn hafi verið smíðaður úr timbri á eftirgreindan máta: Skúrgrindin (timburgrindin) hafi verið 2x4, klædd með 1" borðviði að utanverðu svo og pappa og bárujárni. Á þaki hafi skúrinn verið klæddur borðviði, pappa og bárujárni. Skúrnum hafi verið deilt niður í tvær geymslur og þvottahús að auki og hafi frágangur þvottahússins verið á þá lund að innanverðu, að gólfið hafi verið steypt og þvottahúsið múrhúðað. Skúrinn hafi verið einangraður, með raflögn, frárennsli og vatnslögn. Grunnflötur skúrsins hafi verið lengd 7 m, breidd 2.5 m.

Á árinu 1971 (á að vera 1973) hóf stefndi, eigandi fasteignarinnar nr. 13 við Vitastíg í Reykjavík, að reisa nýtt hús, gert úr steinsteypu, og var húsið staðsett alveg á mörkum lóðanna Grettisgötu 47 A og Vitastígs 11. Skúr stefnenda hafi verið uppslætti steypumóta byggingarinnar á lóðinni nr. 13 við Vitastíg til trafala. Þá hafi stefndi komið að máli við stefnandann Jónínu í þann mund, er hafist var handa um framkvæmdir. Hafi stefndi farið þess á leit við stefnandann Jónínu, að hún heimilaði að sínu leyti, að umræddur skúr yrði rifinn til grunna. Samhliða hafi stefndi lofað því í þessum viðræðum, að skúrinn yrði að öllu leyti endurbyggður í sinni upphaflegu mynd á hans kostnað. Þessum tilmælum stefnda hafi stefnandinn Jónína samsinnt. Á hinn bóginn staðhæfi stefnandinn Högni, að hann hefði aldrei beint samþykkt fyrir sitt leyti þvílíka beiðni stefnda. Stefnandinn Högni hafi þó látið kyrrt liggja, af því að stefndi hafi lofað að endurreisa skúrinn stefnendum að kostnaðarlausu. Hafi skúrinn verið rifinn til grunna af mönnum, sem störfuðu á vegum stefnda. Vorið 1973 hafi tveir menn á vegum stefnda hafið að reisa nýjan skúr á lóð stefnenda. Sú skúrbygging, sem stefndi ætlaði að láta reisa, hafi á engan hátt verið í samræmi við þann skúr, er áður stóð á lóðinni og rifinn hafði verið fyrir tilverknað stefnda. Við slíkt háttarlag hafi stefnendur ekki viljað una og hafi talið um algera brigð á upphaflegu loforði stefnda að ræða. Af þeim ástæðum hafi stefnendur vísað starfsmönnum stefnda á brott

og við það hafi verið látið sitja síðan af hálfu stefnda, enda þótt stefnendur hafi alls ekki sætt sig við slík málalok.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst á þá leið, að á árinu 1971 (á að vera 1973) hafi stefndi hafið byggingu húss á lóðinni nr. 13 við Vitastíg hér í borg. Hafi þá komið í ljós, að skúr, sem tilheyrði húseigninni við Grettisgötu 47 A, skagaði u. þ. b. hálfan metra inn á lóð stefnda. Skúr þessi hafi reynst vera því sem næst gerónýtur, mikið fúinn, vatnslögn frostsprungin og skolp í ólagi, sbr. vottorð á dskj. nr. 18. Það hafi því orðið að samkomulagi milli stefnda og stefnenda, að skúr þessi skyldi rifinn og annar reistur í staðinn sem nokkurs konar kartöflugeymsla. Skyldi hann vera töluvert minni, einangraður og klæddur að innan. Vorið 1973 hafi menn á vegum stefnda hafið að reisa nýjan skúr, en þá bregði svo við, að stefnendur hafi rekið starfsmenn stefnda frá verkinu og hafi stefndi ekki enn fengið að halda því áfram.

Í málinu hafa farið fram nokkrar yfirheyrslur vegna máls þessa.

Fram kom hjá stefnandanum Jónínu, að hún væri ekki viss, hvenær hinn umdeildi skúr var byggður, en hún hélt, að Ófeigur Ólafsson trésmíðameistari, sem hún keypti húseign sína af, hafi byggt skúrinn. Daginn fyrir sumardaginn fyrsta 1973 hafi stefndi komið að máli við sig og spurt um það, hvort hann mætti láta rífa skúrinn, því hann vantaði pláss undir stillansana hjá sér, hann væri að fara út í nýbyggingu þarna á móti og hvort þeim væri ekki sama, þótt hann fengi að rífa skúrinn, til þess að húsið gæti staðið á mörkum. Stefnandinn Jónína kveðst hafa svarað, „að frá sinni hálfu, þá svo sem sé það í lagi, ef hann bæti þetta og þetta hái því, að hann geti haft húsið nógu stórt.“ Stefndi hafi sagt, „já, mikil ósköp, hér verður allt fullt af timbri, og það verður enginn vandi fyrir ykkur. Þið fáið jafnvel betri skúr heldur en þetta.“ Stefndi (sic) kvaðst hafa sagt, að í skúrnum væri vaskahús, sem hún kvaðst nota. Morguninn eftir hafi komið menn frá stefnda og byrjað að rífa skúrinn, og kvaðst Jónína hafa reynt að bjarga því, sem bjargað varð, úr skúrnum. Stefnandinn Högni hafi verið í vinnunni. Aðspurð sagði stefnandinn Jónína, að stefndi hafi sagst mundu byggja sams konar skúr. Stefndi hafi ekkert minnst á, að skúrinn væri inn á hans lóð. Ekkert hafi verið rætt um, að við endurbyggingu skúrsins ætti að líta til þess, hve skúr stefnenda var gamall. Stefnandinn Jónína sagði, að ekki hefði verið til sérstök teikning af skúrnum, þetta hafi verið járnskúr, með timbri að utan og pappa og

múrað að innan vaskahúsið og steypt gólf. Í skúrnum hafi verið niðurfall og þar hafi hún verið með þvottavél og rafmagn og hafi hún þvegið í skúrnum. Einnig hafi hún geymt kartöflur og fleira í skúrnum.

Fram kom hjá stefnandanum Högna, að stefndi hefði komið að máli við sig kvöldið áður en skúrinn var rifinn og sagst vera í vandræðum út af skúrnum, því hann væri að byggja hús, sem næði þarna upp að, og hafi hann sagst vera í vandræðum með að koma mótum fyrir og stillönsum og hafi hann beðið um leyfi til þess að fá að rífa skúrinn til þess að koma þessu fyrir. Stefndi hafi lofað að byggja skúrinn upp í þeirri stærð, sem hann var. Stefndi hafi sagt við Högna, að hann þyrfti ekki að svara þessu fyrr en eftir svona tvo til þrjá daga. En þegar Högni kom heim næsta kvöld, þá hafi verið búið að rífa skúrinn, þannig að ekki hafi komið til þess, að Högni svaraði því. Í þessum viðræðum hafi stefndi talað um, að skúrinn skagaði yfir á sína lóð um svona 10 cm að hluta til. Stefndi hafi sagst ætla að reisa skúr, betri en þann, sem var. Ástand skúrsins hafi verið allsæmilegt. Í skúrnum hafi verið góðar raflagnir og vatn í leiðslu.

Í málinu liggur frammi sem dskj. nr. 14 matsgerð dómkvaddra matsmanna, þeirra Indriða Níelssonar húsasmíðameistara og Kristins Sigurjónssonar húsasmíðameistara. Þeir hafa báðir staðfest matsgerð þessa fyrir dómi. Í matsgerð þessaari segir m. a. svo:

„Skúr sá, sem matsbeiðnin hljóðar upp á, er að öllu fjarlægður af lóðinni, og urðu nokkrar umræður og ágreiningur aðila um gæði og staðsetningu hans.

Ekki gátu eigendur upplýst, hve gamall skúrinn hefði verið, en gáfu eftirfarandi lýsingu um gerð hans. Skúrinn var byggður þannig: „Timburgrind 2 x 4 klædd með 1" borðvið, að utan pappalagður og bárujárn á þaki og veggjum. Skúrnum var skipt í tvær geymslur og þvottahús, og var frágangur þannig að innan, steypt gólf, þvottahús múrhúðað að innan. Einangraður var skúrinn, með raflögn, frárennsli og vatnslögn.

Þá lagði Kristján Eiríksson hrl. fram lóðauppdrátt af umræddum lóðum, og samkvæmt þeim uppdrætti virðist grunnflötur skúrsins vera 7 metrar á lengd 250 m (sic) á breidd. Borgarverkfræðingur benti á það, að rétt væri að athuga, hvað fyrir lægi til upplýsinga um skúrinn hjá borginni. Þá hófst vettvangsganga, og kom þá fram, að búið var að slá upp timburgrind að skúr, sem mældist L.367 x 240. H.260 x 248, og var viðurkennt,

að Jón L. Guðnason hefði látið vinna verkið á sinn kostnað, en Jón sagðist ekki hafa getað lokið við verkið, þar sem menn, sem að verkinu stóðu, hefðu verið hraktir í burtu frá smíðinni.

Hjá borgarverkfræðingi fengum við eftirtalin gögn:

Afrit úr skjalasafni borgarinnar.

Umsókn Guðjóns Guðjónssonar, dags. 9. júlí 1920, um leyfi til að hækka skúr á lóðinni nr. 47 við Grettisgötu. Þann 17. júlí 1920 leyfir byggingarnefnd hækkun á skúrnum. Þann 13. okt. 1956 er sótt um útlitsbreytingu á geymsluskúr á lóðinni nr. 47 við Grettisgötu.

Þann 5. nóvember 1956 er Guðjóni leyfð útlitsbreyting á skúrnum. Ennfremur fengum við afrit af mæliblaði, sem sýnir, að skúrinn hefur staðið ca. 20 cm. inn á lóð nr. 13 við Vitastíg. Látum við þessi gögn fylgja matinu.

Matsmenn munu nú gera kostnaðaráætlun af skúr af sömu stærð og gerð, er talinn var vera á lóðinni áður. Er verðið miðað við júlí 1973 samkvæmt beiðninni. Matsfjárhæð fyrir slíkann skúr teljum við vera *kr. 238.875.00.*"

Fram kom hjá matsmanninum Kristni Sigurjónssyni, að matsmennirnir hefðu ekki kynnt sér uppdrætti.

Fram kom hjá matasmanninum Indriða Níelssyni, að matið væri miðað við nýjan skúr og ekkert tillit muni hafa verið tekið til aldurs skúrsins. Ekki gat matsmaðurinn upplýst, við hvaða einangrun matið væri miðað.

Fram kom hjá stefnda, að þegar hann hefði fengið leyfi til þess að byggja, hafi hann talað við stefnendur. Stefnda minnti, að hann hefði fyrst talað við stefnandann Högna og beðið hann um leyfi. Byggingameistarinn hafi sagst þurfa að fara alveg inn, því skúrinn væri alveg á mörkunum og það yrði að fara inn á hann einn meter til einn og hálfan meter, sem þyrfti að grafa niður. Högni hafi sagt, að það væri alveg sjálfsagt. Stefndi kvaðst hafa sagt, að hann skyldi bæta það, sem við rifum af þessum skúr, þar skyldi hann setja nýtt í staðinn og það sama hafi hann sagt við konuna. Stefndi sagði, að þessar viðræður hefðu sennilega átt sér stað í apríl 1973 og hafi skúrinn verið rifinn stuttu á eftir. Stefnendur hafi saamþykkt, að stefndi mætti rífa skúrinn og setja nýtt í staðinn. Síðan, þegar átti að fara að rífa skúrinn og búið var að mæla fyrir húsinu, þá hafi skúrinn verið hálfan meter inni á lóðinni. Þá hafi trésmiðurinn, sem var við verkið, sagt, „þér ber ekkert að gera þetta með skúrinn, þau verða að fjarlægja skúrinn þér að kostnaðarlausu. Þú skalt ekki fara neitt

að bæta það, þau eiga að taka skúrinn.“ Stefnandinn Jónína hafi verið við, þegar skúrinn var rifinn, og hafi skúrinn verið rifinn með samþykki hennar. Þegar farið var að rífa skúrinn, þá hafi hann verið svo grautfúinn, að hann hafi ekki hangið uppi, og hafi stefnandinn Jónína samþykkt, að stefndi byggði helmingi minni skúr. Stefndi hafi ekki talað um þetta við stefnandann Högna, því þetta hafi verið gerónýtur skúr og ekki hafi verið neitt, sem hægt var að hirða úr honum. Konan hafi fallist þarna á helmingi minni skúr, og hann kvaðst stefndi hafa ætlað að smíða. Stefnandinn Högni hafi sagt við sig, að hann notaði ekki skúrinn, fyrst þegar stefndi talaði við hann. Hann væri með geymslur uppi og hefði engin not af þessum skúr. Stefndi mætti rífa skúrinn fyrir sitt leyti, ef stefndi bætti og setti nýtt, stefndi réði því. Aðspurður kvaðst stefndi ekki hafa talið sig hafa skýlaust samþykki Högna, nema þetta, að hann hafi sagt sér, að hann notaði ekki skúrinn. Stefndi sagði, að sér hefði ekki dottið annað í hug en að stefnandinn Jónína mundi minnast á þetta við Högna, og þegar Högni kom ekki daginn eftir til þess að tala við sig, að skúrinn væri farinn, þá hafi stefnda ekki dottið annað í hug en að það væri sama og þögn þeirra á milli, að stefndi byggði þennan skúr, eins og stefnandinn Jónína fór fram á, helmingi minni. Stefnandinn Högni hafi aldrei samþykkt, að reistur yrði helmingi minni skúr.

Þegar byrjað var á framkvæmdum við skúrinn, hafi mennirnir verið reknir og hafi stefnandinn Jónína rekið þá frá verkinu. Síðar hafi stefndi verið beðinn aftur um að fá mennina til þess að gera þetta og hafi stefndi þá fengið einn af þeim. Þau stefnendur hafi margkomið til sín og beðið sig um að hefja framkvæmdir og klára þennan skúr, en mennirnir hafi alltaf verið reknir frá verkinu. Þrisvar hafi menn frá stefnda byrjað á skúrnum, en þeir alltaf verið reknir. Stefndi sagði, að skúrinn, sem rifinn var, hefði snúið eins og sýnt er á dskj. nr. 9, en skúrinn hafi verið skakkur, því hann hafi verið inni á lóðinni hjá sér. Stefndi hélt, að skúrinn hefði verið rifinn sama daginn og byrjað var að grafa fyrir húsinu, það hafi verið stuttu áður sem stefndi komst að því, að skúrinn sneri inn á sína lóð. Stefndi kvaðst hafa fengið viðstöðulausar hringingar frá bænum, til þess að hann kláraði skúrinn, og hafi hann séð dskj. nr. 21, sem sé plagg frá bænum og hafi þetta verið tillaga borgarstarfsmanna og stefnenda.

Stefndi sagði, að skúrinn sem rifinn var, hefði verið timbur-

fúadrasl. Ekki hafi verið hægt að hirða úr þessu spýtu. Þetta hafi verið kassafjalir að innan, hver járnplötubúturinn negldur utan á annan, ekki nokkur plata, sem hægt væri að segja, að hefði verið heilleg, kolryðgað. Raflögn hafi verið í lagi. Vatnslögn hafi einhvern tíman verið í skúrnum, allt krosssprungið og ryðgað. Einhvern tíma hafi verið steypt í botninn á þessum fjölum, sem hafi verið lagt í, ekki steypt, heldur forskallað og niðurfall eitthvað þar úr, allt stíflað. Ekkert vatn hafi verið, þegar skúrinn var rifinn. Ekki hafi verið hægt að rífa hluta af skúrnum.

Lagt hefur verið fram í málinu sem dskj. nr. 18 vottorð undirritað af Henning Þorvaldssyni húsasmíðameistara við byggingu hússins að Vitastíg 13, Reykjavík, og Birni Guðmundssyni. Vottorð þetta er svohljóðandi:

„Skúr þessi hafði skagað u. þ. b. hálfan meter inn á lóð Vitastígs 13. Varð um það samkomulag við eigendur skúrsins, að hann skyldi rifinn og reisa annan mikið minni sem nokkurs konar kartöflugeymslu. Átti hann að vera einangraður og klæddur að innan. Er hafist var handa um að rífa skúrinn, kom í ljós, að hann var gjörónýtur og mikið fúinn. Vatnslögn var frostsprungin og skolp í ólagi. Um vorið 1973 var bygging hins nýja skúrs hafin. Þá skeður það, að eigendur hans ráku starfsmenn mína frá verkinu, en ég hafði tekið að mér þetta verk fyrir eiganda Vitastígs 13, Jón Guðnason. Báru þeir því við, að skúrinn væri of lítill. Það skal tekið fram, að leyfi byggingaryfirvalda lá þá ekki fyrir og óvíst, hvort brunamálayfirvöld hefðu samþykkt staðsetningu hans vegna brunahættu. Starfsmaður minn, Björn Guðmundsson, og jafnframt meðeigandi að Nýverki h.f., reyndi í tvígang að halda verkinu áfram, en var í bæði skiptin gerður brottrækur."

Hér fyrir dómi var Henning Þorvaldsson spurður að því, hvernig hann vissi, að skúrinn skagaði um það bil hálfan meter inn á lóð Vitastígs 13, og svaraði hann því til, að komið hefðu mælingamenn frá bænum og þeir hafi mælt út fyrir húsinu og þá hafi þetta komið í ljós. Skúrinn hafi verið skakkur og skældur og hafi skúrinn neðst skagað langt út í lóðina. Efsta hornið á honum hafi sennilega verið 20 cm út í lóðina. Fram kom hjá Henning Þorvaldssyni, að hann hefði verið viðstaddur viðræður stefnda og stefnandans Jónínu, sem átt hafi sér stað daginn áður en byrjað var að rífa skúrinn eða jafnvel sama daginn og hafi verið talað um það, að stefndi mundi skaffa skúr, sem yrði

ekki jafnstór, en yrði samt nothæfur, þannig að hún gæti notað sinn hluta af skúrnum fyrir kartöflugeymslu. Ekki hafi verið búið að tæma skúrinn, þegar byrjað var að rífa hann, og hafi þeir hjálpað henni við að tæma skúrinn. Ekki hafi verið talað um ákveðna fermetratölu í sambandi við stærð nýja skúrsins, heldur hafi verið talað um svona helmingi minni skúr heldur en hinn. Ekkert hafi heldur verið talað um, hvernig nýi skúrinn ætti að vera, en talað hafi verið um að hafa þann hluta skúrsins einangraðan, sem yrði notaður fyrir kartöflugeymslu.

Strax og búið var að rífa skúrinn, hafi komið í ljós, að vatnslögn hafi verið frostsprungin og skólp í ólagi. Rafmagnstaug hafi verið í skúrinn ofan frá kúlu, hélt Henning, en það hafi ekki verið í sambandi. Henning hélt, að byrjað hefði verið að byggja nýja skúrinn sama sumarið og gamli skúrinn var rifinn. Ekki hafi verið leitað leyfis byggingaryfirvalda, en skúrinn byggður þannig, að hægt væri að flytja hann burtu. Þetta hafi stefnendur ekki samþykkt. Stefnendur hafi ekki skaffað teikningar, skúrinn hafi bara átt að byggja eftir þeirra höfði og hafi þau viljað hafa þetta mikið stærri skúr en um var talað og jafnvel eins stóran eða stærri heldur en hinn var.

Björn Guðmundsson húsasmiður var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Hann kvaðst hafa unnið fyrir stefnda við byggingu hússins að Vitastíg 13. Fram kom hjá Birni, að skúrinn hefði skagað inn í lóðina og samkomulag hafi orðið milli stefnda og konunnar, eiganda skúrsins, að kljúfa skúrinn, en þegar farið var að hreyfa við skúrnum, þá hafi hann verið svo illa farinn, að hann hafi hrunið, og þá hafi átt að taka hann og fjarlægja og hafi stefndi átt að skaffa eigendum skúrsins einhverja kartöflugeymslu eða minni skúr, einangraðan með plasti og frágenginn að innan með þilplötum. Ekki hafi verið tekið fram um vatnslögn og rafmagn. Stærð gamla skúrsins gæti hafa verið svona 2.5 eða 3 x 7 m, hann hafi ekki verið einangraður. Það hafi verið smáherbergi eða kassi, sem var einangraður undir kartöflur. Skúrinn hafi ekki verið múrhúðaður. Í skúrnum hafi verið krani, sem stóð upp úr gólfi. Kraninn hafi verið ryðgaður og dottið í sundur um leið og komið var við hann. Ekkert vatn hafi verið í skúrnum, en sennilega hafi verið frárennsli þarna, en Björn kvaðst ekki vita, hvar það hafi verið tengt. Rafmagn hafi verið í skúrnum. Samningar stefnda við konuna hafi verið munnlegir samningar á staðnum, þegar átti að fara að rífa skúrinn. Þegar byrjað var að rífa skúrinn, hafi verið allra handa

dót í honum og hafi konan tekið eitthvað af því, en megnið af dótinu hafi konan látið fara.

III.

Af hálfu stefnenda eru kröfur rökstuddar með því, að stefndi hafi, áður en hann lét hefjast handa um að rífa skúrinn til grunna, lofað eða gefið fyrirheit um, að skúrinn yrði reistur aftur í upphaflegri gerð sinni á baklóð hússins. Þar með hafi stefndi tekist á herðar þá skyldu að efna þetta heit sitt. Hins vegar er fullyrt, að um brigð á því loforði stefnda hafi verið að tefla, af því að ætlun hans hafi verið sú að láta reisa til muna minni og óvandaðri skúrbyggingu en áður stóð á lóð hússins. Fyrir þær sakir er því haldið fram, að stefndi hafi á ótilhlýðilegan hátt þokað til hliðar þeirri samningsskyldu eða því loforði að láta reisa skúrinn á ný í upphaflegri gerð hans. Með því samningsrofi hafi stefndi valdið stefnendum verulegu tjóni. Það tap hafi dómkvaddir mats- og skoðunarmenn metið á kr. 238.875, sbr. dskj. nr. 14. Sé tapið miðað við tjónstímann árið 1973, þ. e. þann tíma, er samið var um að endurreisa skúrbygginguna.

Stefndi hafi á engan hátt viljað bæta stefnendum tap þeirra. Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að stefnendur eigi að vera fjárhagslega jafn settir og vanefndir stefnda hafi ekki orðið. Stefnendur hafi á engan hátt orðið að hlíta því að taka við þeirri skúrbyggingu, er stefndi hafi ætlað að láta reisa á baklóð hússins og hafa að eigin geðþótta.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram, að 8. júní 1972 hefði stefndi fengið leyfi byggingaryfirvalda til þess að byggja hús á lóðinni Vitastígur 13. Hinn 18. apríl 1973 hafi stefndi óskað eftir því við stefnandann Jónínu að fá að rífa skúrinn. Stefndi hafi lofað að reisa sams konar skúr. Að kvöldi sama dags hafi stefndi rætt við stefnandann Högna og hafi stefndi gefið fyrirheit um að endurbyggja skúrinn. Engir fyrirvarar hafi verið gerðir af hálfu stefnda, hvorki um aldur skúrsins né staðsetningu. Stefnandinn Högni hafi ekki svarað málaleitan stefnda, þar sem hann hafi tekið sér tveggja til þriggja daga frest. Daginn eftir hafi menn á vegum stefnda rifið skúrinn og hafi stefnandinn Högni þá ekki veitt samþykki sitt. Því var mótmælt, að stefnandinn Jónína hefði samþykkt, að reistur yrði helmingi minni skúr, að minnsta kosti hafi stefnandinn Högni aldrei samþykkt það.

Á dskj. nr. 8 komi fram, að skúrinn hafi verið lélegur í maí

1972, en hann hafi verið vel nothæfur fyrir stefnendur. Á dskj. nr. 8 komi fram, að bakhlið skúrsins hafi snúið að lóð stefnda, framhlið í suður og austurhlið á mörkum lóðar stefnenda og Grettisgötu 49. Staðsetning skúrsins sé óumdeild. Á dskj. nr. 25 og 26 komi fram, að nýbygging stefnda hafi verið reist alveg á mörkum lóðar stefnda og lóðar stefnenda. Stefndi hafi ekki getað byggt fyrirhugað hús sitt án samþykkis stefnenda. Hann hafi þurft aðstöðu fyrir vinnupalla og steypumót.

Ekki skipti máli við niðurstöðu máls þessa, hvort skúrinn hafi verið lélegur eða ekki. Ekki heldur þótt hann hafi verið byggður í leyfisleysi. Stefndi hafi vanefnt samning sinn eða loforð um að reisa skúrinn í upphaflegri mynd. Þessi vanefnd stefnda hafi valdið stefnendum tjóni, sem dómkvaddir matsmenn hafi metið á kr. 238.875.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þegar stefndi hóf byggingu húss á lóðinni nr. 13 við Vitastíg hér í borg, hafi komið í ljós, að skúr, sem tilheyrði húseigninni við Grettisgötu 47 A, skagaði u. þ. b. hálfan meter inn á lóð stefnda. Skúr þessi hafi reynst vera því sem næst gerónýtur, mikið fúinn, vatnslögn frostsprungin og skolp í ólagi. Það hafi því orðið að samkomulagi milli stefnda og stefnenda, að skúr þessi skyldi rifinn og annar reistur í staðinn sem nokkurs konar kartöflugeymsla. Skyldi hann vera töluvert minni, einangraður og klæddur að innan. Vorið 1973 hafi menn á vegum stefnda hafið að reisa hinn nýja skúr, en þá bregði svo við, að stefnendur hafi rekið starfsmenn stefnda frá verkinu, og hafi stefndi ekki enn fengið að halda því áfram.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að stefnendur hafi með því að hindra stefnda í að reisa hinn nýja skúr firrt sig öllum rétti til skaðabóta. Þá komi hér einnig til tómlæti af hálfu stefnenda, þar sem þeir hafi eigi gert gangskör að því að láta meta skúrinn, áður en hann var rifinn á árinu 1971. Í málinu liggi fyrir, að stefnendur, a. m. k. stefnandi Jónína, hafi samþykkt niðurrif skúrsins. Það sé rangt, að stefndi hafi samþykkt að reisa skúrinn í sinni upphaflegu mynd. Slíkt hafi aldrei komið til greina af hálfu stefnda. Stefndi fullyrði jafnframt, að stefnandi Högni hafi samþykkt af sinni hálfu, að skúrinn skyldi rifinn og reistur í þeirri mynd, sem stefndi hafi lýst hér að framan, a. m. k. hafi hann látið það óátalið, að skúrinn yrði rifinn, og hafi reyndar fylgst með því. Sýknukrafa stefnda er einnig á því byggð, að umræddur skúr hafi verið byggður að hluta inn á lóð stefnda

í leyfisleysi. Hagsmunir stefnda, sem var að reisa húseign upp á tugi milljóna, hafi verið yfirgnæfandi meiri en hagsmunir stefnenda að láta skúrinn standa óbreyttan áfram. Hér hafi verið um hagsmunaárekstur að ræða og skv. viðteknum reglum eignarréttarins verði minni hagsmunir að víkja fyrir meiri hagsmunum. Að sjálfsögðu hafi stefnendur rétt til þess að fjarlægja þann hluta skúrsins, sem stóð á lóð stefnda. Þeir hafi hins vegar tekið þann kostinn að leyfa stefnda að rífa hann. Þeirra sé því sönnunarbyrðin um það, hvað um hafi verið samið. Stefndi hafi átt tvímælalausan rétt á því að krefjast þess, að skúrinn yrði fjarlægður af lóðinni, án þess að til bótaréttar kæmi.

Varakrafa stefnda um lækkun stefnukrafnanna er á því byggð, að tjón stefnenda sé eigi svo mikið eins og matsgerð segi til um. Matsgerðin sé byggð á röngum forsendum, þar sem ekkert tillit sé tekið til aldurs og ástands skúrsins, er hann var rifinn. Matsfjárhæð sé miðuð við verðlag í júlí 1973. Hins vegar liggi fyrir í málinu, að skúrinn hafi upphaflega verið byggður a. m. k. fyrir 1920 og að hann hafi verið rifinn á árinu 1971. Matsgerðinni á dskj. nr. 14 sé því mótmælt sem rangri, bæði efnis- og tölulega, svo og sem óstaðfestri. Vaxtakröfu stefnenda er einnig mótmælt, þ. e. vaxtafæti frá 1. maí 1976.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að vorið 1973 hefði stefndi rætt við báða stefnendur og hafi orðið samkomulag um, að stefndi rifi það af skúrnum, sem var inni á lóð stefnda, og léti nýtt í staðinn. Þegar byrjað var að rífa skúrinn, hafi komið í ljós, að skúrinn var ónýtur. Stefnandinn Jónína hafi verið viðstödd, þegar í ljós kom, hve lélegur skúrinn var, og hafi það orðið samkomulag á milli stefnda og Jónínu, að stefndi rifi allan skúrinn og reisti í staðinn helmingi minni skúr. Þetta hafi stefnandinn Jónína samþykkt, en ekki stefnandinn Högni, þar sem hann var ekki viðstaddur. Ekkert samkomulag hafi orðið um, að nýi skúrinn yrði reistur fyrir júlí 1973. Ekkert sé fram komið um, að stefndi hafi tekið að sér að reisa skúr, eins og lýst sé á dskj. nr. 14. Á dskj. nr. 18 sé lýsing á ástandi skúrsins og vegna þessa ástands skúrsins hafi stefnandinn Jónína samþykkt helmingi minni skúr. Matsmenn hafi verið dómkvaddir tæpum 3 árum eftir að skúrinn var rifinn. Lögmaður stefnenda vilji, að kaupalögin verði látin gilda um ágreiningsefni málsaðilja, stefndi sé samþykkur því, en þá gildi líka frestir kaupalaga skv. 54. gr. þeirra laga.

Dæma beri mat hinna dómkvöddu matsmanna ógilt, þar sem

það sé byggt á skjölum, sem ekki komi málinu við. En samkvæmt matsgerð virðist matsmenn hafa haft dskj. nr. 4—7 undir höndum við gerð matsins, en þau séu máli þessu óviðkomandi. Tómlæti stefnenda beri að miða a. m. k. við júlí 1973, beðið hafi verið um mat í febrúar 1976.

IV.

Ekki er upplýst, hvenær skúr sá, sem málið er af risið, var reistur, en hann mun hafa verið rifinn í apríl 1973.

Þegar litið er til framburðar stefnda um, að hann hafi, áður en skúrinn var rifinn, rætt við stefnendur og sagt, að hann skyldi setja nýtt í staðinn fyrir það, sem rifið yrði af skúrnum, og að stefnendur hafi samþykkt, að stefndi mætti rífa skúrinn og setja nýtt í staðinn, þá þykir stefndi hafa skuldbundið sig til þess að byggja nýtt í stað þess, sem rifið yrði. Enda er ekkert fram komið um fyrirvara af hálfu stefnda vegna aldurs og ástands skúrsins, en það mátti honum vera ljóst við samningsgerðina. Stefndi hefur viðurkennt að hafa látið rífa allan skúrinn, og var því samkvæmt upphaflegu loforði sínu við stefnendur skuldbundinn til þess að byggja nýjan skúr.

Eins og að framan er rakið, eru málsaðiljar ósammála um breytingu á þessu samkomulagi, áður en skúrinn var rifinn. Stefndi hefur haldið því fram, að stefnandinn Jónína hafi vegna ástands skúrsins samþykkt, að stefndi reisti helmingi minni skúr. Þessu er mótmælt af hálfu stefnenda. Vottorð og framburðir þeirra Hennings Þorvaldssonar og Björns Guðmundssonar þykja ekki veita sönnur um það, að tekist hafi samningur milli aðilja um breytingu á upphaflega samkomulaginu um endurbyggingu skúrs á lóðinni, m. a. þar sem viðurkennt er af stefnda, að hann hafi ekki rætt við stefnandann Högna um það. Ekkert er fram komið um, að stefnandinn Jónína hafi haft umboð til þess að semja fyrir hönd stefnandans Högna eða að stefndi hefði mátt halda, að hún hefði umboð til þess. Er stefndi því bundinn samkvæmt upphaflegu loforði sínu.

Samkvæmt dskj. nr. 8 virðist skúrinn hafa verið 0.2 m inn á lóð stefnda. Ósannað er, að skúrinn hafi skagað lengra inn á lóð stefnda. Staðsetning skúrsins mátti vera stefnda ljós, áður en hann samdi við stefnendur. Ekki verður á þá málsástæðu stefnda fallist, að stefnendum hafi borið að láta meta skúrinn, áður en hann var rifinn. Málsaðiljum mátti vera ljóst ástand skúrsins, áður en stefndi lofaði stefnendum að láta nýtt í stað þess, sem rifið

yrði. Það var stefnda að láta meta skúrinn, ef ástand hans átti að vera forsenda fyrir breytingu á þegar gerðu samkomulagi. Ekki er unnt að fallast á það með stefnda, að krafa stefnenda hafi fallið niður vegna tómlætis, og styðst sú skoðun m. a. við framburð stefnda.

Það, að stefnendur höfnuðu þeim skúr, sem stefndi hugðist reisa, hefur ekki áhrif á niðurstöðu þessa máls, þar sem fram er komið, að hann var mun minni en skúrinn, sem rifinn var.

Við vettvangsskoðun kom í ljós, að á milli húsanna Grettisgötu 47 og Grettisgötu 47 A hefur einhvern tíman verið skúr. Á dskj. nr. 28 kemur fram, að eigandi hússins Grettisgötu 47 var 1920 Guðjón Guðjónsson. Á dskj. nr. 29 er teikning að húsinu nr. 47 A við Grettisgötu, eigandi Haraldur Jónsson. Þessi teikning var samþykkt 2. sept. 1925. Fram er því komið, að dskj. nr. 4—7, sem eru umsóknir Guðjóns Guðjónssonar til breytinga á skúr við húsið Grettisgötu 47 og leyfi byggingarnefndar, eru skúr þeim, sem mál þetta er af risið, óviðkomandi. Þegar litið er til matsgerðarinnar á dskj. nr. 14 svo og framburða hinna dómkvöddu matsmanna hér fyrir dómi, þá þykir það, að matsmennirnir höfðu dskj. nr. 4—7 undir höndum við gerð matsins, ekki eiga að varða ómerkingu matsgerðarinnar, enda virðast þessi dómskjöl ekki vera þess eðlis, að mat hafi verið á þeim byggt. Þykir því matsfjárhæðin verða lögð til grundvallar við niðurstöðu máls þessa, enda hefur henni ekki verið tölulega hnekkt.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnenda eru teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 77.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Bragi Þorsteinsson verkfræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Jón L. Guðnason, greiði stefnendum, Högna Ágústssyni og Jónínu Guðmundsdóttur, kr. 238.875 með 9% ársvöxtum frá 1. júlí 1973 til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 77.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. maí 1980.

Nr. 74/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Markúsi Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Með kæru 19. maí 1980, sem barst Hæstarétti ásamt gögnum máls 20. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og aðallega krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Til vara er þess krafist, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. maí 1980.

Ár 1980, mánudaginn 19. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 18. þ. m. gerði rannsóknarlögregla ríkisins þá kröfu til dómsins, að kærði, Sigurður Markús Sigurðsson, talinn til heimilis að Suðurgötu 16 á Akranesi, fæddur 22. júlí 1961, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til 25. júní nk. Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Tilefni kröfunnar er sem hér segir:

Föstudagskvöldið 16. þ. m. réðst kærði, Sigurður Markús, á pilt

í biðskýli strætisvagnanna við Hlemmtorg, að því er fram hefur komið án tilefnis, og sló hann hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að sögn piltsins, að hann nefbrotnaði.

Skömmu eftir miðnætti 18. þ. m. réðst kærði að ungum pilti í Austurstræti hér í borg í því skyni að taka af honum áfengisflösku. Þegar pilturinn brást til varnar, sló kærði hann í andlitið með þeim afleiðingum, að önnur framtönn hans brotnaði. Kærði kveðst hafa tekið áfengisflöskuna af piltinum og fengið sér að drekka af henni, en síðan fengið hana kunningja piltsins.

Kærði hefur játað fyrir dómi báðar framangreindar líkamsárásir.

Loks hefur maður borið fram kæru á hendur kærða fyrir það, að hann hafi ráðist að sér við Landssímahúsið hér í borg nokkru eftir miðnætti aðfaranótt laugardagsins 17. þ. m. Kvað hann kærða og annan mann hafa komið að sér og heimtað áfengi. Þegar hann neitaði, hafi kærði lagt til sín með hníf eða líku áhaldi. Hefði hann hörfað undan og hnífurinn snert kvið hans með þeim afleiðingum, að þar kom rispa.

Kærði hefur ekki viljað viðurkenna atferli þetta. Hann kveðst ekki muna eftir að hafa hitt kæranda framangreinda nótt.

Þá segir í gæsluvarðhaldsbeiðninni, að rannsóknarlögreglan hafi sent frá sér 44 kærur á hendur kærða til ríkissaksóknara sl. 3 ár vegna innbrota og þjófnaða. Auk þess séu þrjú mál á hendur kærða í lokavinnslu hjá rannsóknarlögreglunni, tvö þjófnaðarmál og ein líkamsárás. Við nánari athugun hefur og komið í ljós, að ríkissaksóknari hefur sent rannsóknarlögreglunni til framhaldsrannsóknar eitt mál vegna þjófnaðar, líkamsárásar og nytjatöku á bifreið.

Fyrir liggur í málinu, að 8 ákærur hafa verið gefnar út á hendur kærða, aðallega vegna innbrota og þjófnaða. en einnig vegna líkamsárása, þ. e. 8. september, 19. september og 8. desember 1977, 17. ágúst, 20. ágúst, 16. október, 29. október og 7. desember 1979. Hefur dómur ekki gengið í málum þessum.

Þegar litið er til ferils kærða, Sigurðar Markúsar Sigurðssonar, verður að telja brýna hættu á því, að hann haldi áfram brotum. Þá er rannsókn í framangreindum málum kærða ekki lokið, og hætta getur verið á, að hann kunni að torvelda rannsóknina, ef hann verður látinn laus. Brot þau, sem kærði er sakaður um, geta varðað fangelsisrefsingu. Þykir með tilvísun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 því bera að taka framangreinda kröfu rannsóknarlögreglunnar til greina og úrskurða kærða í gæsluvarð-

hald til 25. júní nk., enda samrýmist það 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Markús Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi til 25. júní 1980.

Þriðjudaginn 27. maí 1980.

Nr. 26/1980. **Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður f. h. Silvano Burgassi**
gegn
G. Albertsson, útflutningsverzlun og vörumiðlun.

Kröfu um málskostnaðartryggingu fyrir Hæstarétti synjað.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Í máli þessu krefst stefndi þess, að stefnanda, sem á heimili á Ítalíu, verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Að öðrum kosti verði málinu vísað frá Hæstarétti.

Stefnandi krefst þess, að krafa þessi verði ekki tekin til greina og stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í þessum þætti málsins.

Stefndi byggir kröfu sína á ákvæðum 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973.

Lagt hefur verið fram vottorð utanríkisráðuneytis 23. þ. m., þar sem segir:

„Það vottast hér með, að samningur frá 17. júlí 1905 um einkamálaréttarfarsákvæði (Convention relative a la procédure civile) var hinn 26. október 1979 í gildi milli Íslands og Ítalíu og hefur verið í gildi síðan".

Að svo vöxnu máli verður krafa stefnda ekki tekin til greina, sbr. 2. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Á l y k t a r o r ð:

Krafa stefnda, G. Albertsson, útflutningsverzlunar og vörumiðlunar, er ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 27. maí 1980.

Nr. 191/1979. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Friðrik Björnssyni og
Árna Péturssyni Lund
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Rannsókn máls þessa og dómprófum er áfátt í ýmsum greinum:

1) Ákærðu komu saman fyrir dóm 11. maí 1977, en eigi hvor í sínu lagi, svo sem skylt var samkvæmt 4. mgr. 77. gr., sbr. 4. mgr 40. gr. laga nr. 74/1974. Ekki er skráð í þingbók, að athygli þeirra hafi verið vakin á rétti þeirra samkvæmt 2. mgr. nefndrar 77. gr. Eigi voru þeir yfirheyrðir sjálfstætt um málavöxtu í þinghaldi

þessu, svo sem vera bar samkvæmt 1. mgr. sömu greinar. Var ekki úr þessu bætt á dómþingi því, sem háð var við Þverfell á Axarfjarðarheiði 11. október 1978. Bar nauðsyn til, að ákærðu væru yfirheyrðir sjálfstætt og hvor í sínu lagi um stað þann, þar sem að þeim var komið, um atferli þeirra þar, um það, við hvað þeir studdu þá fullyrðingu, sem eftir þeim er höfð í lögregluskýrslu, að þeir þyrftu ekki leyfi til veiða á þeim stað, svo og hvort þeir hafi talið sig vera utan eða innan skráðra landamerkja lögbýla.

2) Þórarinn Björnsson, bóndi í Sandfellshaga, hefur ekki verið sjálfstætt yfirheyrður um stað þann, sem ákærðu voru staddir á hinn 30. október 1977, og um atferli þeirra þar. Eigi hefur hann heldur verið yfirheyrður um landareign Sandfellshaga og um skiptingu lands jarðarinnar í heimaland og afréttarland og um nytjar annarra en ábúanda af afréttarlandi.

3) Stefán Tryggvason lögregluvarðstjóri hefur ekki komið fyrir dóm til að bera vætti í málinu.

4) Ákærðu voru ekki kynnt þau sakargögn, sem lögð voru fram í sakadómi Þingeyjarsýslu í máli þeirra hinn 16. október 1978.

Vegna þessara galla á rannsókninni og dómprófunum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærðu, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um það, að rannsókn málsins sé svo áfátt í ýmsum greinum, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm.

II.

Auk þess, sem greinir í dómsatkvæði meiri hluta, tel ég eftirgreinda galla vera á rannsókn máls og ákæru, en allt þetta tel ég, að leiða eigi einnig til frávísunar ákæru frá héraðsdómi.

1. Ekki verður séð af skjölum málsins eða endurritum dómprófa, að ákærðu hafi gengist við því, að þeir hafi annar hvor eða báðir verið að rjúpnaveiðum laugardaginn 30. október 1976 í svonefndum Sauðafellsmúla á Öxarfjarðarheiði, en það er þeim gefið að sök í ákæruskjali, enda verður ekki séð, að þeir hafi verið um það spurðir. Ekki verður heldur séð, að ákærðu hafi játað rjúpnaveiðar á þessum tíma á neinum þeim stöðum öðrum, sem nefndir hafa verið sem brotsstaðir, svo sem greinir hér á eftir.

Í sakadómi Þingeyjarsýslu hinn 11. maí 1977 var kærðu kynnt lögregluskýrsla frá 30. október 1976, þar sem segir, að þeir hafi viðurkennt að hafa verið að skjóta rjúpur í Sandfelli á þeim degi, sem lögregluskýrslan er gerð. Þeir tjá sig ekki um efni skýrslunnar að öðru leyti en því, að þeir hafi þá hitt Stefán Tryggvason lögregluþjón og Þórarin Björnsson, Sandfellshaga, í Sauðafelli, sem sé langt frá Sandfelli, sem nefnt sé í skýrslunni. Í þessu þinghaldi býður dómari sakborningum dómssáttir „fyrir að hafa í óleyfi verið við rjúpnaveiðar í Sauðafelli".

2. Ekki verður séð, að sakborningum hafi verið gerð grein fyrir réttarstöðu þeirra samkv. 1. mgr. 40. gr. eða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

3. Svo sem greinir í atkvæði meiri hluta, voru 2 þar tilgreindir menn, kærandi og lögreglumaður, ekki yfirheyrðir

sem vitni í málinu. Ekki verður séð af gögnum málsins, að aðrir geti borið um málið sem vitni, enda engar vitnaskýrslur teknar. Verður því ekki séð, að nægilegra sönnunargagna hafi verið aflað, til þess að ákæra eða dómur yrði byggð á.

4. Í ákæru, sem gefin er út af ríkissaksóknara 15. ágúst 1977, eru ákærðu ákærðir fyrir „brot gegn 2. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 36/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun með því að hafa laugardaginn 30. október 1976 verið að rjúpnaveiðum í svonefndum Sauðafellsmúla á Öxarfjarðarheiði . . .“ Er í ákæruskjali komin ný staðsetning meints brotsstaðar, sem ekki verður séð af skjölum eða dómprófum, að eigi sér nokkra stoð í rannsókn málsins.

5. Vegna ósamræmis um staðsetningu, sem rannsóknardómarinn taldi vera í framburðum ákærðu og kærenda, endurupptók hann málið eftir dómtöku þess og háði dómþing í sakadómi Þingeyjarsýslu við Þverfell á Öxarfjarðarheiði hinn 11. október 1978. Bókun í þingbók er svohljóðandi: „Fyrir dóminn er mættur Þórarinn Björnsson, Sandfellshaga, Öxarfirði, Árni Pétursson og Friðrik Björnsson, Raufarhöfn.

Dómari lætur þess getið, að vegna ósamræmis um staðsetningu í framburðum ákærðu og kæranda hafi verið nauðsynlegt að endurupptaka málið og fara á vettvang til nánari rannsóknar.

Eftir að hafa farið á stað þann, sem ákærðu voru teknir, og athugað nánar þá staðsetningu á korti Landmælinga Íslands, verða aðilar sammála um, að staður sá er á svæðinu milli Þverfells og Sauðafellsmúla, sem er innan landamerkja Sandfellshaga skv. landamerkjaskrá“.

Er hér komin enn ný staðsetning á meintum brotsstað, hin fjórða í röðinni.

Í bréfi ríkissaksóknara til sýslumanns Þingeyjarsýslu frá 22. janúar 1980, segir m. a. svo: „ . . . hvort staður sá i landi jarðarinnar Sandfellshaga i Öxarfjarðarhreppi, við svonefnt Sandfell, á milli Þverfells og Sauðanesmúla (sic), þar sem ákærðu voru teknir við rjúpnaveiðar laugardaginn 30. október 1976, teljast til heimalands . . .“. Bréfi þessu svarar rannsóknardómarinn hinn 21. febrúar 1980 og tekur upp í svar-

bréf sitt staðsetninguna úr bréfi ríkissaksóknara „ . . . við svonefnt Sandfell á milli Þverfells og Sauðafellsmúla . . .“ án athugasemda. Er hér komin enn ný staðsetning meints brotsstaðar, allt önnur en í ákæru greinir, þ. e. örnefni það, sem greint er í upphaflegri lögregluskýrslu að viðbættri staðsetningu þeirri, sem segir, að aðiljar (sic) hafi orðið sammála um í þinghaldinu við Þverfell hinn 11. október 1978. Á uppdrætti Landmælinga Íslands, sem lagður var fram í sakadómsmálinu sem nr. VI, er örnefnið Sauðafell alllangt utan þess svæðis, sem markað var sem land jarðarinnar Sandfellshaga, og örnefnið Sandfell sést aðeins á einum stað, nálægt bænum Sandfellshaga og víðs fjarri línu, sem dregin er milli Þverfells og Sauðafellsmúla.

III.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, er ákæra í máli þessu reist á rannsókn, sem fullnægði ekki, eins og á stóð, skilyrðum laga til málshöfðunar, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976, og ákæra að því er brotsstað varðar ekki í samræmi við gögn máls, er hún var út gefin.

Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin talsmannslaun verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 17. október 1978.

Ár 1978, þriðjudaginn 17. október, var í sakadómi Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins

í Húsavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 585-586/1976: Ákæruvaldið gegn Friðrik Björnssyni og Árna Péturssyni Lund, sem dómtekið var 11. þ. m.

Mál þetta er höfðað samkvæmt ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. ágúst 1977, gegn Friðrik Björnssyni, Vogsholti 5, Raufarhöfn, og Árna Péturssyni Lund, Vogsholti 9, Raufarhöfn, fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun með því að hafa laugardaginn 30. okt. 1976 verið að rjúpnaveiðum í svonefndum Sauðafellsmúla á Öxarfjarðarheiði í landi jarðarinnar Sandfellshaga í Öxarfirði.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Við rannsókn málsins kom fram ósamræmi í framburðum hinna ákærðu annars vegar og skýrslu lögreglu hins vegar um stað þann, er ákærðu voru teknir að hinum meintu ólöglegu veiðum, eins og fram kemur í skjölum málsins. Þótti því vera nauðsynlegt að fara á staðinn og samprófa aðilja. Var það gert hinn 11. október 1978, og kom aðiljum saman um, að staðurinn væri á svæði milli Þverfells og Sauðafellsmúla á Öxarfjarðarheiði, og er það svæði í landi Sandfellshaga, samanber endurrit af landamerkjaskrá á dómskjali nr. V og ljósrit af korti Landmælinga Íslands nr. 7 á dómskjali nr. VI.

Ákærði Friðrik Björnsson er fæddur 1. maí 1943 á Raufarhöfn og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1963 5/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Ákærði Árni Pétursson Lund er fæddur 28. október 1938 á Þórshöfn á Langanesi og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1957 18/12 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1958 19/9 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og brot á 231. gr. hegningarlaga.

1960 30/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1960 29/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1961 6/7 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 600 kr. sekt og skaðabætur kr. 3.250 fyrir brot gegn 217. gr., 231. gr. og 233. gr. hegningarlaga og 21., sbr. 44. gr. áfengislaga.

1963 25/7 í Þingeyjarsýslu: Dómur: Fangelsi í 4 vikur, skil-

orðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1963 18/7 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga.

1964 24/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1964 27/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1965 20/4 í Þingeyjarsýslu: Dómur: 9.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi ævilangt, fyrir brot gegn 215. gr. hegningarlaga, 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga.

1965 8/6 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga og 21. gr. áfengislaga. Greiði skaðabætur kr. 6.000.

1968 21/6 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1968 15/10 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

1970 8/7 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.

Málavextir eru sem hér greinir:

Um kl. 1230, laugardaginn 30. okt. 1976 hringdi Þórarinn Björnsson, bóndi í Sandfellshaga í Öxarfirði, í Stefán Tryggvason, lögregluvarðstjóra á Raufarhöfn, og bað um aðstoð vegna rjúpnaskyttna, er væru að veiðum í landi hans þrátt fyrir auglýst bann við rjúpnaveiði.

Lögregluvarðstjórinn fór á staðinn og hitti þar Þórarin bónda, og fóru þeir saman að svonefndu Þverfelli og hittu þar tvær rjúpnaskyttur, sem voru ákærðu í máli þessu.

Viðurkenndu ákærðu að hafa verið að rjúpnaveiðum og einnig að vita um auglýst bann sýslumanns í Þingeyjarsýslu við rjúpnaveiði þarna, en kváðust jafnframt álíta, að þeir væru þarna í almenningi, þar sem ekki þyrfti sérstakt leyfi til veiða.

Í sakadómi Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sem haldinn var í Félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn hinn 18. maí 1977, neituðu báðir ákærðu að ljúka málinu með dómssátt og kváðust vilja fá skorið úr um rétt sinn eða órétt til veiða, með dómi.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun er kveðið á um, að öllum íslenskum ríkisborgurum séu fuglaveiðar heimilar á afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra.

Í því tilviki, sem hér greinir, kemur skýrt fram, að svæði það, sem ákærðu voru teknir á, er innan landamerkja Sandfellshaga,

sbr. dómskjöl nr. V og VI, og verður því staðhæfing ákærðu um, að þeir væru í landi, þar sem ekki þyrfti leyfi til veiða, ekki tekin til greina.

Verður því að telja með tilliti til skýrslu lögreglu og framburða ákærðu sjálfra, að þeir hafi gerst brotlegir við þær lagagreinar, sem í ákæru greinir og að framan eru skráðar, og ber því að ákvarða þeim refsingu samkvæmt því.

Þykir refsing hinna ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin sekt, kr. 7.000, til ríkissjóðs.

Enn fremur ber ákærðu að greiða allan sakarkostnað.

Adólf Adólfsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Friðrik Björnsson greiði kr. 7.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella komi 2 daga varðhald í staðinn.

Ákærði Árni Pétursson Lund greiði kr. 7.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella komi 2 daga varðhald í staðinn.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1980.

Nr. 75/1980. **Kristján Júlíusson**
gegn
Skúla Thoroddsen
Ingibjörgu Einarsdóttur og
Halldóru Gísladóttur.

Kærumál. Frávísunardómur að hluta úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með

kæru 12. maí 1980, sem barst Hæstarétti 21. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt fyrir bæjarþing Reykjavíkur að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðiljum hefur hvorki borist kröfugerð né greinargerð.

Með tilvísun til þess, sem segir í forsendum hins kærða dóms um varnaraðiljana Ingibjörgu Einarsdóttur og Halldóru Gísladóttur ber að staðfesta frávísunardóminn að því er þær varðar.

Varnaraðilinn Skúli Thoroddsen sótti sáttafund og dómþing bæjarþings Reykjavíkur í máli þessu. Hann ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækis varnaraðilja, Rauðu stjörnunnar. Á sóknaraðili því rétt á að fá efnisdóm í málinu að því er hann varðar. Verður hinn kærði dómur því úr gildi felldur að því er varnaraðiljann Skúla Thoroddsen varðar og málinu að því leyti vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðilinn Skúli Thoroddsen greiði sóknaraðilja 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður að því er varðar varnaraðiljana Ingibjörgu Einarsdóttur og Halldóru Gísladóttur.

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur að því er varðar varnaraðiljann Skúla Thoroddsen og málinu gagnvart honum vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar af nýju.

Varnaraðilinn Skúli Thoroddsen greiði sóknaraðilja, Kristjáni Júlíussyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. apríl 1980.

Mál þetta höfðaði Kristján Júlíusson, Hofteigi 18, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 21. júní

1979, gegn Skúla Thoroddsen lögfræðingi, Reykjahlíð 12, Ingibjörgu Einarsdóttur, Ægissíðu 129, báðum í Reykjavík, og Halldóru Gísladóttur, Engjaseli 69, Reykjavík, nú dveljandi í Svíþjóð, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 593.900 með 9% ársvöxtum frá 1. jan. til 15. júlí 1976, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóv. 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979 og 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði, þar með talinn kostnaður við árangurslausa sáttatilraun, að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að hin umstefnda skuld sé eftirstöðvar andvirðis 340 eintaka af bókinni Stalin eftir J. T. Murphy, sem sameignarfélag stefndu, Rauða stjarnan, hafi fengið til sölu í nóvember og desember 1975. Eftirstöðvarnar nemi hinni umstefndu fjárhæð.

Lagt hefur verið fram ljósrit úr Firmaskrá Reykjavíkur, þar sem fram kemur, að 9. maí 1974 var skrásett, að Skúli Thoroddsen, Ingibjörg Einarsdóttir og Halldóra Gísladóttir reki með ótakmarkaðri ábyrgð sameignarfélag í Reykjavík undir nafninu Rauða stjarnan s/f. Firmað ritar Skúli Thoroddsen einn. Prókúru hefur Ingibjörg Einarsdóttir. Hinn 19. okt. 1977 var firma þetta afskráð úr firmaskránni.

Málið var þingfest 21. júní 1979 að undangenginni sáttameðferð hjá sáttanefnd Reykjavíkur 12. febrúar 1979. Sáttakæran var ekki birt skv. 8. og 89. gr. laga nr. 85/1936, en árituð af stefnda Skúla Thoroddsen þannig: „Mér löglega birt 8. febr. 79 Skúli Thoroddsen f. h. sameigenda.“ Á fund sáttanefndar mættu lögmaður stefnanda og stefndi Skúli Thoroddsen. Stefnan, sem dagsett er 13. júní 1979, var ekki birt skv. ákvæðum VIII. kafla laga nr. 85/1936, heldur árituð af stefnda Skúla þannig: „Mér löglega birt fyrir hönd stefndu beggja Ingibjargar og Halldóru auk mín. Reykjavík 13. júní 1979, Skúli Thoroddsen.“ Í stefnu kemur fram, að stefnda Halldóra sé dveljandi í Svíþjóð og að fallið verði frá stefnufresti fyrir hana.

Stefndi Skúli Thoroddsen, sem ekki hefur lögmannsréttindi og ekki er í þeim tengslum við stefndu Ingibjörgu og Halldóru, sem talin eru í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942, skilaði greinargerð fyrir sína hönd og annarra stefndu. Í greinargerð þessari er krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu, allt að 80% af taxta LMFÍ, þar sem stefndu verji mál sitt án aðstoðar héraðsdóms-

lögmanns. Til vara eru þær dómkröfur gerðar, að stefnufjárhæð verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

Þar sem Skúli Thoroddsen hefur ekki lögmannsréttindi, er honum óheimilt að fara með mál fyrir stefndu Ingibjörgu og Halldóru skv. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942. Verður því að telja, að ekki hafi verið sótt þing fyrir þessa stefndu, og þar sem stefnubirting fór ekki fram skv. ákvæðum VIII. kafla laga nr. 85/1936, ber að vísa málinu frá dómi að því er stefndu Ingibjörgu og Halldóru varðar.

Skuld sú, sem stefnandi krefur stefndu um greiðslu á, er vegna viðskipta stefnanda við sameignarfélag stefndu, sem þau ráku með ótakmarkaðri ábyrgð. Samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 bar stefnanda að höfða mál á hendur öllum sameigendunum. Þegar til þess er litið, sem að framan hefur verið rakið um birtingu stefnu og sáttakæru í máli þessu, þá hefur málið ekki verið höfðað á hendur stefndu Halldóru og Ingibjörgu, sbr. 103. gr. laga nr. 85/1936. Ber því einnig að vísa máli þessu frá dómi að því er stefnda Skúla varðar.

Niðurstaða málsins er því sú, að máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Þegar málsatvik eru virt, þykir þrátt fyrir ákvæði 180. gr. laga nr. 85/1936 rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 3. júní 1980.

Nr. 82/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Bjarna Leifi Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. maí 1980, er barst Hæstarétti 30. s. m. Krefst hann þess aðallega, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur.

Greinargerð hefur hvorki borist frá ríkissaksóknara né skipuðum verjanda ákærða.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. maí 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 28. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að gæsluvarðhald það, sem kærði, Bjarni Leifur Pétursson, var úrskurðaður til að sæta þann 26. apríl sl. og rennur út kl. 1700 í dag, verði framlengt.

Hjá rannsóknarlögreglu ríkisins eru nú til meðferðar fimm mál á hendur kærða:

1. Mál nr. 1246/80:

Kæra vegna þjófnaðar á gítar, að verðmæti um kr. 500.000, úr versluninni Hljómbæ. Kærði hefur viðurkennt að hafa farið ásamt Gústaf R. Gústafssyni og Kristni Styrmissyni inn í ofan-

greinda verslun. Þar hafi Gústaf stolið gítarnum, en kærði hefur viðurkennt að hafa ráðstafað gítarnum á þann hátt, að hann bað Margréti Aðalsteinsdóttur að afhenda fanga á Litla-Hrauni gítarinn til geymslu eða sölu. Gítarinn komst til skila.

2. Mál nr. 1254/80:

Kærði hefur viðurkennt við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi að hafa stolið 25 flöskum af sterku áfengi, 6 flöskum af léttu víni og 9 lengjum af vindlingum, ásamt tveim öðrum mönnum. Rannsókn máls þessa er nú lokið.

3. Mál nr. 1322/80:

Þar er kærði grunaður um skjalafals og tilraun til fjársvika. Hefur kærði viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi að hafa falsað nafnritun sem vottur vegna bifreiðakaupa. Rannsókn málsins er lokið.

4. Mál nr. 1362/80:

Þann 7. maí sl. kærði Valgeir Magnússon, Ránargötu 10, kærða fyrir að hafa stolið nokkrum dögum áður gítar af gerðinni Yamaha. Kærði hefur borið, að hann hafi sett gítarinn í umboðssölu að beiðni vörslumanns gítarsins. Gítarinn komst til skila. Rannsókn máls þessa er ekki lokið, þar sem samprófun hefur ekki farið fram. Gítarinn komst til skila.

5. Mál nr. 1141/80:

Enn fremur er til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kæra á hendur kærða fyrir þjófnað á veski og skjalafals. Hefur kærði viðurkennt fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi að hafa stolið veski af manni þann 18. apríl sl. í Glæsibæ, en í því var ávísanahefti á Sparisjóð Siglufjarðar, og falsaði kærði úr heftinu ellefu ávísanir, framhlið og bakhlið, og var upphæð ávísananna samtals kr. 845.000, en eina þessara ávísana, að upphæð kr. 130.000, fann rannsóknarlögregla ríkisins að Ránargötu 10, og hafði hún ekki verið seld. Aðra ávísun að fjárhæð kr. 95.000 reyndi kærði að selja í Seðlabankanum, en hljóp á brott, áður en honum hafði tekist að selja hana. Ólögmætur ávinningur kærða af sölu ofangreindra ávísana er samtals kr. 560.000, en ekki kr. 595.000, eins og fram kemur í kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem hann seldi ávísun að upphæð kr. 95.000 á bensínstöð BSÍ og fékk þar greitt fyrir hana kr. 60.000. Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og ekki er ljóst, hvort kærði hefur falsað fleiri ávísanir úr tékkheftinu en hann hefur þegar játað.

Á árinu 1979 og það, sem af er ársins 1980, hefur kærði fimm sinnum setið í gæsluvarðhaldi: Frá 3. júní — 8. júní 1979 vegna

árásar, frá 14. október — 23. október 1979 vegna árásar og ráns, frá 10. nóvember — 19. desember 1979 vegna þjófnaðar og frá 15. janúar — 23. janúar 1980 vegna árásar svo og frá 26. apríl og fram til kl. 1700 í dag vegna rannsóknar á málum í 1.—4. tl., sem getið er hér að framan.

Er kærði var úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi laugardaginn 26. apríl sl., láðist rannsóknarlögreglu ríkisins að leggja fram mál nr. 1141/80 varðandi þjófnað og skjalafals kærða, og lá það því ekki fyrir í dóminum, er kærði var úrskurðaður í gæsluvarðhaldið.

Á undanförnum árum hefur kærði sætt samtals 6 kærum fyrir árásir, 18 kærum fyrir þjófnaði og 19 kærum fyrir skjalafals. Ríkissaksóknara hafa verið send 38 þessara mála til meðferðar. Hjá sakadómi Reykjavíkur eru til meðferðar ákærur, útgefnar þann 3. september 1979 fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 245. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga, 7. desember 1979 fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga, þann 24. mars sl. fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga og 19. maí sl. fyrir brot gegn 155. gr. alm. hegningarlaga. Eru þessi mál nú til meðferðar hjá dóminum.

Þann 24. janúar sl. var kærði dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 4 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir brot á 155. gr. alm. hegningarlaga, og 22. þ. m. var hann dæmdur í 6 mánaða fangelsi óskilorðsbundið fyrir brot á 218. gr. alm. hegningarlaga. Hefur ákærði áfrýjað báðum ofangreindum dómum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann auk ofangreindra tveggja fangelsisdóma hlotið á árunum 1975—1979 9 fangelsisdóma, samtals 28 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 155. gr., 217. gr., 244. gr., 252. gr., 254. gr. og 259. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af því, að ofangreindum málum er ekki að fullu lokið, svo og ef litið er til sakaferils kærða og með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og þar sem hætta þykir á, að kærði haldi áfram brotastarfsemi sinni, ef hann er látinn laus, þykir rétt að taka til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um áframhaldandi gæsluvarðhald kærða, og skal hann því sæta gæsluvarðhaldi áfram, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 25. júní nk., kl. 1700.

Kærði er sakaður um brot, sem geta varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XVII. og XXVI. kafla alm. hegn-

ingarlaga nr. 19/1940, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 25. júní nk., kl. 1700.

Föstudaginn 6. júní 1980.

Nr. 35/1978. **Bæjarsjóður Kópavogs**
(Þórólfur Kristján Beck hdl.)
gegn
Hraðbraut s/f
og gagnsök
(Jón Þorsteinsson hrl.).

Skaðabótamál. Verksamningur. Orsakasamband. Sönnun. Ábyrgð. Samdómendur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. sama mánaðar. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda gegn greiðslu á 15.604 krónum með vöxtum af þeirri fjárhæð í samræmi við kröfugerð gagnáfrýjanda. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, sem skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1978, krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2.390.769 krónur með 9% ársvöxt-

um frá 11. febrúar 1972 til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í héraði greindi gagnáfrýjandi kröfur sínar í 3 þætti, en aðaláfrýjanda var dæmd sýkna af einum þeirra, III. kröfuþætti, sem varðaði vexti vegna viðskipta 1970 og 1971. Gagnáfrýjandi sættir sig við þessa niðurstöðu. Hann sættir sig einnig við niðurstöðu héraðsdóms um I. kröfuþátt í héraði, þannig að þessi þáttur verður 380.000 krónur. Gagnáfrýjandi sundurliðar því kröfur sínar þannig fyrir Hæstarétti:

I.	Bætur vegna tafa við framkvæmdir 1968—1969	kr. 380.000
II.	Krafa um vangoldið fé vegna ágreinings um bætur til eigenda Ásbrautar 3 og 5	— 2.010.769
		Kr. 2.390.769

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, sömdu aðiljar máls þessa um það 1. júlí 1968, að gagnáfrýjandi annaðist tilteknar framkvæmdir við Hafnarfjarðarveg í Kópavogi. Ágreiningslaust er, að gagnáfrýjandi gat ekki á umsömdum tíma hafið einn verkþáttinn, en það var lagning tengivegar af Hafnarfjarðarvegi á Kársnesbraut. Stafaði töfin af ágreiningi aðaláfrýjanda og eigenda sambýlishúsanna Ásbrautar 3 og 5 um tengiveginn. Með skírskotun til þess, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja, að töfin hafi verið á áhættu aðaláfrýjanda. Af hans hálfu var því lýst yfir við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að hann vefengdi ekki sérstaklega, að gagnáfrýjandi væri réttur aðili að bótakröfum, ef einhverjar væru, vegna þessarar tafar, þó að starfslið það, sem vinna átti við tengiveginn, virðist, meðan töfin stóð, hafa starfað hjá öðrum aðiljum og fengið laun frá þeim. Enn fremur var því lýst yfir af hálfu aðaláfrýjanda, að sýknukrafa hans væri ekki byggð á því, að gagnáfrýjandi hefði sýnt tómlæti um þessa kröfugerð.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til

forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta niðurstöðu hans um kröfur samkvæmt þessum lið.

II.

Í útboðs- og verklýsingu, sem varð hluti verksamnings aðilja 1. júlí 1968, segir um öryggisráðstafanir meðal annars í gr. 2.9:

„. . . Verksali skal haga meðferð sprengiefnis og vinnu við sprengingar þannig, að ekki hljótist tjón af. Til þess að fyrirbyggja óréttmætar skaðabótakröfur vegna tjóns á nálægum mannvirkjum verður framkvæmd hlutlaus úttekt á ástandi nálægra mannvirkja, áður en sprengingar hefjast, og niðurstöður úttektarinnar skrásettar. Verksala mun gefinn kostur á að vera viðstaddur, er úttektin fer fram."

Í kafla um ábyrgð verktaka segir meðal annars í gr. 2.11: „Verksali ber sjálfur ábyrgð og kostnað af óhöppum, er hann kann að verða fyrir við framkvæmd verksins, ennfremur því tjóni, sem menn hans eða framkvæmd verksins kann að valda þriðja aðila . . ."

Í kafla um sprengingar vegstæðis segir meðal annars í gr. 3.4.3.1:

„Við sprengingar skal gæta ýtrustu varúðar. Geymsla og meðferð sprengiefnis og viðvaranir vegna sprenginga skulu í öllu vera skv. þeim reglum, sem um það gilda. Tími til sprenginga skal hverju sinni háður samþykki lögregluyfirvalda í Kópavogi og tilkynntur þeim með nægum fyrirvara, svo að viðeigandi ráðstafanir varðandi umferðarstjórn og annað öryggi megi gera í tæka tíð. Eftirlitsmanni verkkaupa skal einnig tilkynnt um tímasetningu allra sprenginga fyrirfram.

Svo sem getið er í almennum tilboðs- og samningsskilmálum gr. 2.9. verður ástand nærliggjandi bygginga tekið út og skrásett, áður en sprengingar hefjast.

Verksali er ábyrgur fyrir öllum skemmdum á húsum og mannvirkjum, er orsakast kunna vegna sprenginga hans. Á því tímabili, er sprengingar fara fram, skal verkkaupi annast sérstakar mælingar á jarðsveiflum við þær byggingar,

sem næst standa sprengisvæðinu. Verða í þessu skyni settir upp sjálfritandi sveiflumælar (vibrographs) við viðkomandi byggingar, og verður verksala tilkynnt um staðsetningu þeirra. Sveifluhæð (amplitude) af völdum sprenginga verksala, sem þannig verður mæld, má ekki fara yfir 150μ (0,15 mm) . . . .

Áður en verksamningur er undirritaður, skal verksali leggja fyrir verkkaupa til samþykkis sprenginaráætlun (tilhögun borunar, hleðslu og sprenginga). Sérstakt tillit verður að taka til sveiflumælinga við fyrstu sprengingar í vegstæði hraðbrautar í því skyni, að magn sprengiefnis verði í framhaldi af þeim hæfilega ákveðið í samræmi við sveifleiginleika bergsins á svæðinu.

Skal sprengingaráætlun endurskoðuð, ef eftirlitsmaður krefst, og allar breytingar á tilhögun borunar og sprenginga og á magni sprengiefnis háðar samþykki eftirlitsmanns hverju sinni . . .".

Um haustið 1968 lét aðaláfrýjandi skoða byggingar innan 100 m frá fyrirhuguðu sprengingasvæði, en þar eru allmörg hús. Páli Hannessyni verkfræðingi, framkvæmdastjóra gagnáfrýjanda, var tilkynnt, hvenær skoðunin skyldi hefjast. Var hann viðstaddur í upphafi, en kveðst hafa tilkynnt skoðunarmönnum stuttu síðar, að hann hefði ekki aðstöðu til að fylgjast með verki þeirra, þar sem það ætti að fara fram á kvöldin. Skoðun húsanna Ásbrautar 3 og 5 og skráning á sprungum þar fór fram í ágúst og september 1968.

Ágreiningslaust er, að aðaláfrýjandi átti að sjá um, að lagalegur réttur væri tryggður til framkvæmdanna. Svo fór, að deilur urðu við eigendur íbúða í húsunum Ásvegi 3 og 5, en með samkomulagi „um framkvæmd á lagningu tengivegar milli Hafnarfjarðarvegar og Kársnesbrautar" 8. apríl 1969 samþykktu húseigendurnir, að lagning tengivegarins hæfist tafarlaust. Var þetta gert með tilteknum skilyrðum. Tekið var fram, að aðaláfrýjandi skyldi greiða matskostnað, og því lýst yfir „við eigendur Ásbrautar 3—5 . . ., að bæjarsjóður ábyrgist greiðslu til þeirra á væntanlegum bótum skv.

mati eða dómi". Samkomulag þetta er tekið upp í héraðsdóm.

Sprengingar vegna tengivegarins fóru fram 5.—20. maí 1969. Fólk í áðurnefndum húsum við Ásbraut kvartaði vegna þessa. Er því haldið fram af aðaláfrýjanda, að sprengingarnar 7. maí kl. 1940 og 8. maí kl. 1040 og 1155 hafi verið öflugri en vera mátti og að af þeim hafi orðið tjón í Ásbraut 3 og 5. Mat fór fram á tjóni á húsunum og síðar yfirmat, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Aðaláfrýjandi greiddi bætur samkvæmt yfirmatinu ásamt ýmsum kostnaði og vöxtum, og var gerð um það dómssátt 10. september 1971. Síðar greiddi aðaláfrýjandi frekari kostnað.

Með bréfi 17. nóvember 1971 tilkynnti aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda, að hann hefði fært honum til skuldar á viðskiptareikningi vegna þessa fjárhæð, er sundurliðast þannig:

Greiðsla samkvæmt sátt 10. september 1971:

Bætur skv. yfirmati	kr.	1.013.130	
Matskostnaður	—	115.500	
Vextir	—	139.392	
Málskostnaður	—	205.375	kr. 1.473.397
Málskostnaður aðaláfrýjanda			— 195.375
Yfirmatskostnaður			— 245.500
Kostnaður við athuganir á sprungum o. fl. ..			— 67.906
Vextir			— 28.591
			Alls kr. 2.010.769

Gagnáfrýjandi telur, að skuldfærsla þessi hafi verið óheimil, og krefst greiðslu fjárhæðarinnar.

Sem fyrr segir, hefur aðaláfrýjandi viðurkennt, að sér beri að greiða 15.604 krónur.

Gagnáfrýjandi hefur sérstaklega andmælt skyldu sinni til að greiða málskostnað (lögmannskostnað) eigenda Ásbrautar 3 og 5 vegna matsgerðanna og máls, sem eigendurnir höfðuðu til innheimtu bóta og málskostnað (lögmannskostn-

að) aðaláfrýjanda. Nema þessir liðir 205.375 + 195.375 = 400.750 krónum.

Málsástæður og lagarök þau, sem fram voru flutt af hálfu aðilja fyrir Hæstarétti, voru mjög með sama hætti og í héraði, og vísast um þau til héraðsdóms. Verulegur hluti málflutnings fyrir Hæstarétti snerist um tækniatriði, er varða orsakir sprungna í Ásbraut 3 og 5 og sprengingar á vegum gagnáfrýjanda.

Af hálfu aðaláfrýjanda er mótmælt þeirri ályktun í héraðsdómi, að fræðilega sé útilokað, að sprungur í Ásbraut 3 og 5 verði nema að litlu leyti raktar til sprenginganna í maí 1969.

Þá er því haldið fram, að dómkröfur aðaláfrýjanda beri að taka til greina af réttarfarsástæðum. Gagnáfrýjandi eigi að bera halla af því, að sönnun skorti um styrkleika sprenginganna, sem um er deilt, en aðaláfrýjandi telur, að í héraðsdómi sé gagnáfrýjandi ekki í raun látinn bera halla af óvissu um þetta atriði. Þá er bent á, að matsgerðir voru fengnar í samræmi við ákvæði X. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Yfirmatsgerðina beri að leggja til grundvallar dómi og sé hlutverk meðdómenda ekki að endurmeta það, sem í yfirmatsgerð er metið, heldur að skýra það. Mundi óviðunandi réttaróvissa leiða af annarri niðurstöðu um sönnunargildi matsgerða.

Af hálfu gagnáfrýjanda er mótmælt þeirri ályktun í héraðsdómi, að hann eigi að bera halla af óvissu um bergstuðul, enda hafi aðaláfrýjandi átt að annast mælingar til að sannreyna, hver hann væri. Þá er því mótmælt, að unnt sé að byggja á fyrstu skráningu sprungna í Ásbraut 3 og 5, en hún fór, sem fyrr segir, fram haustið 1968. Er meðal annars bent á ummæli í héraðsdómi um ágalla á skráningunni og því haldið fram, að rök séu til að leggja hana til hliðar. Í málflutningi fyrir Hæstarétti var ítrekað af hálfu gagnáfrýjanda, að ósannað yrði að telja, að hluta af sprungutjóninu megi rekja til sprenginga á vegum hans. Verði aðaláfrýjandi að bera halla og óvissu um þetta atriði. Að vísu telur gagnáfrýjandi hugsanlegt, að 40% af sprungutjóninu gæti hafa stafað af sprengingunum, en sú niðurstaða fáist því aðeins, að öll

óvissuatriði séu túlkuð gagnáfrýjanda í óhag eins og frekast megi verða.

III.

Héraðsdómari mátti nefna til sérfróða meðdómsmenn samkvæmt 200. gr., 1. mgr., 3. tl., laga nr. 85/1936. Menn þessir skulu „fara með og dæma mál", en í því felst, að þeim er rétt að taka afstöðu til alls þess, sem til álita er í málinu, þar á meðal atriða, sem matsmenn hafa fjallað um, enda tekið fram í 144. gr. sömu laga, að dómari meti öll atriði, er varða sönnunargildi matsgerðar. Ekki verður því fallist á þau rök, sem fram komu af hálfu aðaláfrýjanda, að skylt sé að leggja yfirmatsgerðina til grundvallar dómi.

Ákvæði verksamnings aðilja, sem tekin eru upp hér að framan, verður að skýra þannig, að með þeim hafi gagnáfrýjandi tekið á sig hlutlæga ábyrgð gagnvart aðaláfrýjanda á tjóni af völdum sprenginga á vegum gagnáfrýjanda við verk það, sem um var samið.

Að þessu athuguðu þarf úr því að skera, hvort tjón hafi orðið af sprengingunum 7. og 8. maí 1969, sem fyrr er frá sagt, og hve mikið, ef svo hefur verið.

Í verksamningi var mælt fyrir um skráningu sprungna, og fór hún fram í Ásbraut 3 og 5 haustið 1968. Gagnáfrýjandi átti þess kost að fylgjast með skráningunni, en gerði það ekki, og verður ekki talið, að þannig hafi verið að þessu verki staðið, að gagnáfrýjandi hafi mátt sér að meinfangalausu láta undan fallast að fylgjast með því. Mótmæli komu ekki fram af hans hálfu, fyrr en lokið var hinum umdeildu sprengingum. Þegar þessa er gætt svo og niðurstöðu héraðsdóms um skráningu þessa, ber að leggja hana til grundvallar.

Ekki hefur verið hnekkt þeirri niðurstöðu héraðsdóms, að fræðilegur ómöguleiki sé fyrir því, að sprungurnar í Ásbraut 3 og 5 verði raktar nema að takmörkuðu leyti til sprenginga á vegum gagnáfrýjanda í maí 1969. Gagnáfrýjandi hefur hins vegar ekki hnekkt því, að tjón hafi orðið í þeim mæli sem orðið gat samkvæmt þessu. Eru ekki efni til að breyta því áliti héraðsdóms, að þetta tjón sé 40% af heildartjóninu.

Krafa gagnáfrýjanda í II. lið er sundurliðuð hér að framan.

Af hálfu gagnáfrýjanda hefur því verið sérstaklega mótmælt, sem fyrr segir, að hann eigi að greiða málskostnað þann, sem aðaláfrýjandi hefur fært honum til skuldar, og kveður hann hér vera um að ræða greiðslur til lögmanna. Eðlilegt var, að lögmönnum væri falin hagsmunagæslan, og þykir af því leiða, að þessum mótmælum verði ekki sinnt.

Aðiljar fjölluðu ekki að öðru leyti um einstaka kröfuliði í greinargerðum sínum eða málflutningi fyrir Hæstarétti. Af því leiðir, að reikna verður greiðslu þá, sem aðaláfrýjanda verður gert að inna af hendi til gagnáfrýjanda, með sama hætti og gert var í héraði. Verður því mats- og vaxtakostnaði skipt, eins og þar var gert, og heildarfjárhæðinni, sem gagnáfrýjanda var færð til skuldar, 2.010.769 krónum, skipt þannig, að aðaláfrýjanda verður gert að greiða 60% hennar, en tillit tekið til þeirra 15.604 króna, sem aðaláfrýjandi viðurkennir, að sér beri að greiða gagnáfrýjanda.

IV.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður héraðsdómur staðfestur.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur.

Það athugast, að héraðsdómari átti áður en tekið var að taka munnlegar skýrslur af aðiljum og vitnum á dómþingum, að ákveða, hvort hann kveddi til sérfróða meðdómendur. Áttu þeir síðan að vera við yfirheyrslurnar. Enginn sérfróður meðdómandi var í dómi, þegar fyrst voru teknar munnlegar skýrslur 12. janúar 1973, en í næsta þinghaldi var einn meðdómandi, Páll Sigurjónsson verkfræðingur. Var dómur þannig skipaður 8 sinnum eftir þetta, þegar teknar voru munnlegar skýrslur, og allt til 11. desember 1974, en þá sat Júlíus Sólnes verkfræðiprófessor í fyrsta skipti í dómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, bæjarsjóður Kópavogs, greiði gagn-

áfrýjanda, Hraðbraut s/f, 350.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég vísa til atkvæðis meiri hluta dómenda svo og héraðsdóms um málsatvik.

II.

Telja verður, að aðaláfrýjandi hafi sem verkkaupi borið áhættuna af því, að skipulagsmál Kópavogskaupstaðar stæðu því ekki í vegi, að gagnáfrýjandi fengi aðstöðu til að hefjast handa um lagningu tengivegarins af Hafnarfjarðarvegi á Kársnesbraut á þeim tíma, sem verksamningur aðilja gerði ráð fyrir. Að því leyti sem tafir á þessu ollu gagnáfrýjanda auknum tilkostnaði við verkframkvæmdina mátti hann krefjast greiðslu til viðbótar við samningsfjárhæð. Gögn og málsreifun um þennan þátt dómkröfunnar eru að vísu ófullkomin, en eigi að síður verður þó að fallast á, að dæma megi gagnáfrýjanda nokkra fjárhæð vegna tafanna, svo sem héraðsdómur hefur gert. Tel ég hæfilegt að ákveða hana 200.000 krónur.

III.

Skoðun sú og skráning á sprungum í veggjum húsanna Ásbrautar 3 og 5, sem fram fór haustið 1968, var gerð vegna sérstakra ákvæða í verklýsingu og verksamningi aðilja um, að úttekt færi fram á ásigkomulagi mannvirkja í næsta nágrenni við framkvæmdastaðinn, áður en sprengingar hæfust. Ljóst er, að skoðunin var til þess ætluð að verða undirstöðugagn um ástand mannvirkjanna, ef ágreiningur risi síðar um það, hvort tjón hefði hlotist á þeim vegna fyrirhugaðra sprenginga gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjanda var veittur kost-

ur á að vera viðstaddur, þegar skoðunin fór fram, svo sem skylt var samkvæmt verksamningi. Þann rétt sinn notfærði hann sér ekki að öðru leyti en því, að forstöðumaður hans mætti í fyrsta sinn, er skoðunarmenn voru að störfum. Eftir það fylgdist enginn af hans hálfu með skoðuninni, án þess að séð verði, að nauðsynjar hafi bannað. Ekki var af hendi gagnáfrýjanda hreyft neinum athugasemdum við niðurstöðum hennar, þegar henni var lokið, og eigi fyrr en í maí 1969. Þá voru sprengingar við tengiveginn þegar hafnar, og kvartanir höfðu borist frá íbúum Ásbrautar 3 og 5 um, að skemmdir hefðu orðið á húsunum. Þegar litið er til þess, hvert sönnunargildi skoðanaskýrslunum var ætlað að hafa, var sérstaklega brýnt, að gagnáfrýjandi gerði athugasemdir sínar við þær, áður en hann hóf sprengingar í nánd við húsin, ef hann hugðist vefengja þær. Sérstök ástæða var og til þess fyrir hann að krefjast nýrrar úttektar, áður en sprengingar hófust, ef hann taldi ásigkomulag húsanna kunna að hafa breyst á þeim tíma, sem ágreiningur aðaláfrýjanda og húseigenda hafi staðið því í vegi, að hann gæti hafið framkvæmdir við tengiveginn og stoðmúrinn.

Þegar alls þessa er gætt, sem að framan hefur verið rakið, þykir gagnáfrýjandi bera sönnunarbyrði fyrir því, að sprungur í veggjum húsanna Ásbrautar 3 og 5, sem í ljós komu við skoðun undirmatsmanna samkvæmt matsgerð þeirra, dags. 17. janúar 1970, en ekki er getið í þeirri sprunguskrá, sem gerð var samkvæmt verksamningnum haustið 1968, eigi sér aðrar orsakir en sprengingar gagnáfrýjanda. Skal í þessu sambandi tekið fram, að skoðun sú, sem fram fór í maí 1969, þykir ekki hafa sjálfstætt sönnunargildi um ástand húsanna, er sprengingar vegna tengivegar og stoðmúrs hófust, þar sem hún fór fram, eftir að sprengingar höfðu staðið í nokkra daga, og hinar aflmestu þeirra voru þegar um garð gengnar.

Gagnáfrýjandi hefur að vísu ekki fært sönnur á, að neinar þeirra sprungna, sem um getur í matsgerð undirmatsmanna, en ekki voru taldar í sprunguskránum frá 1968, eigi sér tilteknar orsakir aðrar en sprengingarnar. Enn fremur telja

yfirmatsmenn í matsgerð sinni, sem rakin er í héraðsdómi, „að sprengikrafturinn frá sprengingunum við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut, Kópavogi, hinn 7. og 8. maí 1969 sé einn nægileg skýring á hinum fjölmörgu viðbótarsprungum og stækkun á þeim sprungum, sem fyrir voru". Hins vegar er á það að líta, að héraðsdómur, sem skipaður var tveimur sérfróðum mönnum um byggingarverkfræði, hefur komist að þeirri niðurstöðu, „að fræðilegur ómöguleiki sé fyrir því, að þær verði raktar nema að takmörkuðu leyti til sprenginga" gagnáfrýjanda „í maí 1969". Er það mat héraðsdómenda, að „allt að 60% þeirra hljóti að vera tilkomnar af öðrum orsökum". Hefur héraðsdómurinn miðað við það hlutfall í dómi sínum. Gegn þeirri skiptingu, sem héraðsdómur leggur til grundvallar, kann að vísu að virðast mæla það, að hún veiti ekki viðhlítandi skýringu á hinni tiltölulega jöfnu dreifingu sprungnanna í húsunum. Í því sambandi er þó aðgætandi, að ekki þykir rétt að skilja héraðsdóminn svo, að fullyrt sé, að 40% af sprungunum hljóti að stafa af sprengingum gagnáfrýjanda, heldur þannig, að á þessu sé möguleiki, og sé ábyrgðin á sprungutjóninu því lögð á gagnáfrýjanda að sama marki vegna sönnunaraðstöðu í málinu.

Af hálfu aðaláfrýjanda hefur því verið haldið fram, að héraðsdómendum hafi verið skylt að leggja yfirmatsgerðina til grundvallar um orsakir sprungutjónsins. Á þetta verður þó ekki fallist. Að jafnaði hlýtur dómari að leggja matsgerð sérfróðra dómkvaddra matsmanna til grundvallar dómi varðandi matsefni. Dómari metur þó sönnunargildi matsgerðar án þess að vera af henni fortakslaust bundinn. Það hefur mjög tíðkast, að dómarar hafa kvatt sérfróða samdómendur til dómsetu með skírskotun til heimildar í 200. gr. laga nr. 85/1936. Síður á að vera þörf á að neyta þeirrar heimildar, þegar dómkvaddir menn hafa framkvæmt mat eða skoðun, svo sem einmitt hagaði til í þessu máli. Allt að einu verður ekki talið, að héraðsdómara í máli þessu hafi verið óheimil kvaðning sérfróðra samdómenda til dómsetu, einkum þegar virt er sú dómvenja, sem komist hefur á um þetta atriði. Að því er varðar líklegar orsakir sprungna verður að skoða yfir-

matsgerðina sem álitsgerð yfirmatsmanna, sem héraðsdómur gat virt sjálfstætt eftir sérfræðilegri þekkingu dómenda. Héraðsdómendur hafa meðal annars orðið að gefa gaum að röksemdum yfirmatsmanna fyrir niðurstöðu sinni, en hafa þó fyrir sitt leyti ekki getað á þær fallist. Ekki hefur verið sýnt fram á, að álit héraðsdómenda á orsökum sprungnanna sé reist á röngum fræðilegum grundvelli. Verður eigi, eins og hér hagar til, gengið í berhögg við niðurstöðu þeirra um, að útilokað sé, að meira en 40% af sprungum í veggjum húsanna á Ásbraut 3 og 5 stafi af sprengingum gagnáfrýjanda, en að öðru leyti hljóti sprungurnar að eiga sér aðrar orsakir.

IV.

Málflutning gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti verður að skilja á þann veg, að hann vefengi ekki sérstaklega, að gagnvart eigendum Ásbrautar 3 og 5 hafi hann borið fébótaábyrgð án nánari skilyrða á öllum sprunguskemmdum á húsunum, sem sprengingar hans orsökuðu. Þarf þá ekki að kanna sérstaklega, hver sé lagagrundvöllur þeirrar ábyrgðar hans. Hins vegar virðist gagnáfrýjandi telja, að aðaláfrýjandi, sem bætti húseigendum tjón þeirra, hafi því aðeins mátt framkrefja gagnáfrýjanda um greiddar skaðabætur, að ekki hafi verið gætt nægrar varúðar af hendi hans eða starfsmanna hans við sprengingarnar. Ósannað sé, að á því hafi orðið misbrestur. Aðaláfrýjanda hafi því verið óheimilt við reikningsskil að halda eftir af innstæðu gagnáfrýjanda vegna þeirra fébóta, sem greiddar voru húseigendum.

Á þetta verður ekki fallist. Með samkomulaginu 8. apríl 1969 skuldbatt aðaláfrýjandi sig til að ábyrgjast greiðslu á væntanlegum bótum til eigenda Ásbrautar 3 og 5 vegna lagningar tengivegarins á Kársnesbraut. Um þetta samkomulag var gagnáfrýjanda kunnugt, enda ritaði hann á það samþykki sitt sem verktaki vegna tiltekinna öryggisráðstafana, sem samkvæmt því bar að gera við vegarlagninguna. Gagnáfrýjandi mátti vænta þess, að aðaláfrýjandi mundi framkrefja hann um þær bætur, sem gagnáfrýjandi bæri sem verktaki ábyrgð á gagnvart húseigendum sjálfum, en aðal-

áfrýjandi greiddi þeim. Hann gerði engan fyrirvara um, að hann teldi sér óskylt gagnvart aðaláfrýjanda að svara til slíkra framkrafna af hans hendi, ef húseigendur beindu kröfum sínum að aðaláfrýjanda. Verksamningur aðilja rennir ekki stoðum undir þann skilning, að áhætta af tjóni af völdum sprenginga gagnáfrýjanda, sem hann bæri fébótaábyrgð á gagnvart eigendum Ásbrautar 3 og 5, hafi endanlega átt að hvíla á aðaláfrýjanda. Bendir ákvæðið 1 tl. 2.11. í útboðslýsingu til þess, að gagnáfrýjandi eigi að lyktum að bera áhættuna af því, ef bótaskylt tjón hljótist af sprengingum hans. Samkvæmt þessu svo og því, sem greinir í III. hér að framan, var aðaláfrýjanda heimilt að skuldfæra gagnáfrýjanda fyrir 40% af þeim fébótum, sem hann greiddi húseigendum samkvæmt matsgerð yfirmatsmanna.

V.

Í fjárhæð þeirri, sem aðaláfrýjandi skuldfærði gagnáfrýjanda fyrir, eru innifaldar eigi aðeins fébætur til húseigenda vegna sjálfra sprunguskemmdanna, heldur ýmsar aðrar greiðslur og kröfuliðir, sem taldir eru eiga rót sína að rekja til þeirra atvika, sem málið er risið af. Er nánar frá þessu greint í atkvæði meiri hluta dómenda.

Héraðsdómur hefur dæmt, að aðaláfrýjanda hafi verið óheimilt að skuldfæra gagnáfrýjanda fyrir þessum kröfuliðum að sama marki og bótum vegna sprungna. Við þetta hefur hvorugur aðilja gert athugasemdir fyrir Hæstarétti að öðru leyti en því, að gagnáfrýjandi telur kostnað matsaðilja vegna lögfræðiaðstoðar við matsgerðir óhóflegan og sér óviðkomandi. Um það skal tekið fram, að eðlilegt var, að aðiljar leituðu slíkrar aðstoðar við mötin. Kostnaður, er af hlaust, var að vísu allmikill, en þó þykir verða að leggja hann til grundvallar óbreyttan í lögskiptum aðilja. Var gagnáfrýjanda þess og kostur að gerast meðalgönguaðili í máli því, er húseigendur höfðu höfðað á hendur aðaláfrýjanda, áður en sáttin var gerð, til að gæta hagsmuna sinna. Svo sem málið hefur verið lagt fyrir Hæstarétt, tel ég samkvæmt

framansögðu, að staðfesta megi niðurstöðu héraðsdóms um síðari kröfuþátt gagnáfrýjanda.

Ég fellst á úrlausn meiri hluta dómenda um málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti svo og á athugasemdir þeirra um dómsetu samdómenda.

Samkvæmt framansögðu er ég samþykkur dómsorðinu að öðru leyti en því, að ég tel, að fjárhæð sú, sem gagnáfrýjanda er dæmd, ætti að vera 1.412.700 krónur (200.000 + 1.212.700 krónur).

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er samþykkur úrlausn meiri hluta dómenda á fyrsta þætti kröfu gagnáfrýjanda.

II.

Í atkvæði meiri hluta dómenda eru rakin þau atriði í útboðslýsingu og verksamningi aðilja frá 1. júlí 1968, sem hér skipta máli, og vísast til þess, er þar greinir. Rétt er þó að benda einnig á 3. mgr. 17. gr. verksamningsins, en þar segir, að sá aðili, sem bera vilji fyrir sig óviðráðanleg atvik, skuli sanna tilvist þeirra.

Nokkru eftir að gert var samkomulagið 8. október 1969 hófst vinna við gerð tengivegarins og sprengingar fyrir grunni stoðmúrsins. Páll Hannesson verkfræðingur, framkvæmdastjóri gagnáfrýjanda, kveðst hafa ákveðið að hraða framkvæmdum svo sem unnt væri og gefið manni þeim, sem verkstjórn hafði á hendi við sprengingarnar, fyrirmæli um að nota það sprengiefnamagn, sem honum hafi reiknast til, að lægi innan þeirra marka, er í útboðslýsingu greindi. Verkstjóri við sprengingarnar, Jón Þórðarson, kveður sér ekki hafa verið kunnugt um skilyrði útboðslýsingar um hámark sveifluhæðar sprenginga og fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda hafi ekki gefið sér fyrirmæli um, hversu mikið sprengiefni skyldi nota. Þá hafi honum ekki verið kunnugt um útreikn-

inga á hámarki sprengiefnahleðslu vegna nálægðar húsanna nr. 3—5 við Ásbraut. Ekki voru samdar sprengingaáætlanir, áður en sprengingar þessar voru gerðar, og hvorki voru eftirlitsmenn aðaláfrýjanda kvaddir til álits né þeim tilkynnt um, hvenær þær skyldu hefjast.

Eins og í héraðsdómi greinir, töldu mats- og skoðunarmenn, sem eigendur húsanna nr. 3—5 við Ásbraut fengu dómkvadda 24. september 1969, að þær sprungur, sem fram hefðu komið eftir skoðun haustið 1968, ættu rót sína að rekja til sprenginga gagnáfrýjanda.

Yfirmatsmenn, sem aðaláfrýjandi fékk dómkvadda 10. apríl 1970, töldu, að sveiflur frá sprengingum þeim, sem gagnáfrýjandi lét framkvæma 7. og 8. maí 1969, hefðu farið fram úr þeim hámörkum um sveifluhæð, sem í útboðslýsingu greinir. Lögðu yfirmatsmenn til grundvallar skoðun húsanna um haustið 1968 og skoðun og lýsingu undirmatsmannanna og töldu sprunguaukninguna afleiðingu sprenginganna. Hæfilegan kostnað af viðgerð á skemmdunum og verðmætisrýrnun húsanna af þeim sökum töldu þeir nema samtals 1.013.130 krónum.

Hinn 21. júlí 1971 ritaði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda bréf og skoraði á hann að taka til varna í máli því, er húseigendur höfðu höfðað á hendur aðaláfrýjanda. Bærist ekki svar frá gagnáfrýjanda fyrir 8. ágúst 1971, kvaðst aðaláfrýjandi mundu freista þess að semja við húseigendur á grundvelli yfirmatsgerðarinnar og krefja síðan gagnáfrýjanda um greiðslu þess fjár ásamt öllum kostnaði. Ekki svaraði gagnáfrýjandi bréfi þessu. Aðaláfrýjandi og eigendur húsanna nr. 3—5 við Ásbraut gerðu 10. september 1971 dómssátt í máli því, sem höfðað var 20. júní 1970. Skuldbatt aðaláfrýjandi sig til að greiða húseigendum bætur samkvæmt yfirmatsgerðinni auk vaxta frá 17. janúar 1970, kostnaðar af undirmati, lögmannskostnaðar við undirmat og yfirmat svo og kostnaðar af dómsmálinu, samtals 1.463.397 krónur.

Aðaláfrýjandi greiddi fé þetta og færði gagnáfrýjanda til skuldar ásamt vöxtum af yfirmatskostnaði og nokkrum kostnaði, sem hann hafði haft af málinu, og er það fé, sem

gagnáfrýjandi krefur aðaláfrýjanda um í þessum þætti málsins.

Ákvæði útboðslýsingar og verksamnings aðilja verður að skýra svo, að gagnáfrýjandi hafi tekið á sig fébótaskyldu á öllu því tjóni, sem eigendur mannvirkja kynnu að verða fyrir vegna sprenginganna, án tillits til þess, hvort um sök starfsmanna hans væri að ræða eða ekki. Ákvæðið um hámarkssveifluhæð er öryggismark, en leysir gagnáfrýjanda ekki undan fébótaskyldu. Gagnáfrýjandi var því fébótaskyldur vegna alls þess tjóns, sem eigendur húsanna nr. 3—5 við Ásbraut urðu fyrir og sannanlega varð rakið til sprenginga hans.

Skoðun á húsum, sem framkvæmd var um haustið 1968, var gerð í samræmi við ákvæði útboðslýsingarinnar. Gagnáfrýjandi átti þess kost að láta fylgjast með skoðun þessari og gerði það í upphafi. Hins vegar hirti hann eigi um að láta fylgjast með henni að fullu. Verður skoðun þessi á húsunum nr. 3—5 við Ásbraut lögð til grundvallar um ástand húsanna á þeim tíma. Þegar litið er til atvika máls þessa og sönnunarstöðu, verður við það að miða, að sprungur þær, sem fram komu á húsunum eftir þann tíma samkvæmt skoðun undirmatsmanna og staðfest var af yfirmatsmönnum, eigi rót sína að rekja til sprenginga gagnáfrýjanda, nema annað sé sannað.

Gagnáfrýjandi hefur talið, að sprunguaukningin stafi af landskjálfta, sem varð 5. desember 1968, og einnig af almennum ástæðum, en vitað sé, að sprungur myndist oft í húsveggjum hér á landi, án þess að áhrif að utan komi til.

Þegar virt er ákvæði útboðsauglýsingarinnar, sem gagnáfrýjandi var bundinn af, var honum rétt að láta kanna, hvort ástand húsanna hefði breyst við landskjálftann frá því, sem fram kom í skoðuninni sama haust, ef hann vildi bera slíkt fyrir sig, en við það verður að miða, að fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda hafi orðið varir við jarðhræringar þessar eða frétt um þær. Gagnáfrýjandi hefur engin rök leitt að því, að veggir húsanna hafi sprungið af völdum landskjálfta á þeim tíma, sem hér er um fjallað. Ekki hefur hann

heldur leitt sönnur að öðrum ástæðum til sprungumyndananna.

Eins og áður getur, var gert samkomulag við húseigendur 8. apríl 1969. Samkomulag þetta áritaði framkvæmdastjóri gagnáfrýjanda vegna gagnáfrýjanda og kvaðst samþykkja það. Samþykki þetta verður eigi skilið á annan veg en þann, að hann hafi samþykkt, að bótakröfum yrði beint að aðaláfrýjanda og að greiða skyldi allan kostnað af undir- og yfirmati, ef til kæmi. Mátti hann ekki túlka þessa yfirlýsingu svo, að bótaskyldu væri af honum létt, ef kröfum yrði beint að aðaláfrýjanda. Átti aðaláfrýjandi því rétt til greiðslu úr hendi gagnáfrýjanda vegna þeirra bóta, er hann réttilega innti af hendi til húseigenda.

Að því er varðar tjón eigenda húsanna nr. 3—5 við Ásbraut, sem hér er um fjallað, þá þykir eftir atvikum verða að leggja til grundvallar fjárhæðir samkvæmt yfirmatsgerðinni.

Eftirlit af hendi aðaláfrýjanda með framkvæmdum gagnáfrýjanda virðist samkvæmt gögnum máls eigi hafa verið svo virkt sem skyldi, en gagnáfrýjandi fór eigi eftir ákvæðum útboðslýsingarinnar um tilkynningar til eftirlitsmanna.

Þegar virt eru gögn málsins, þykir þetta þó ekki eiga að valda því, að aðaláfrýjandi eigi að bera að hluta bætur þær, sem hér um ræðir.

Samkvæmt framanrituðu getur gagnáfrýjandi ekki krafið úr hendi aðaláfrýjanda þær bætur og kostnað vegna þeirra, sem aðaláfrýjandi hefur reitt af hendi.

Í þessum þætti málsins krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um 2.010.769 krónur.

Af fé þessu hefur aðaláfrýjandi viðurkennt, að sér beri að greiða 15.604 krónur.

Gagnáfrýjandi hefur sérstaklega andmælt skyldu sinni til að greiða lögmannskostnað eigenda Ásbrautar 3—5 vegna undir- og yfirmatsgerða og málssóknar svo og lögmannskostnað aðaláfrýjanda við matsgerðirnar. Eins og máli þessu er háttað, verður að telja eðlilegt, að þessir aðiljar fengu lögmenn til að gæta hagsmuna sinna við matsgerðirnar. Sam-

kvæmt þessu og þar sem ekki verður talið, að hér hafi verið um óhæfilegar greiðslur að ræða, verða þessi andmæli ekki tekin til greina. Að öðru leyti hefur gagnáfrýjandi ekki andmælt reikningi aðaláfrýjanda tölulega.

Málsúrslit verða því þau, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda 395.604 krónur (380.000 + 15.604) með 9% ársvöxtum frá 11. febrúar 1972 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en upphafstíma vaxta hefur ekki verið andmælt.

Eftir þessum málalokum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

III.

Ég er sammála athugasemdum meiri hluta dómenda um samdómendur.

Dómur bæjarþings Kópavogs 31. október 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. september 1972, af sameignarfélaginu Hraðbraut í Kópavogi gegn Björgvin Sæmundssyni bæjarstjóra, Skjólbraut 20, Kópavogi, f. h. bæjarsjóðs Kópavogs til greiðslu kr. 3.362.003 með 9% ársvöxtum frá 11. febrúar 1972 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu kr. 15.604 með vöxtum svo sem stefnandi krefst. Þá gerir hann kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að með verksamningi gerðum 1. júlí 1968, að undangengnu útboði, tók stefnandi, Hraðbraut s/f, sem er sameignarfyrirtæki hlutafélaganna Hlaðbæjar og Miðfells í Reykjavík, að sér fyrir Kópavogskaupstað nýlagningu svonefnds Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi. Verksamningurinn tók til tveggja verkþátta 1. byggingarstigs, þ. e. I. og IV. áfanga. Annars vegar var um að ræða undirbyggingu eystri akbrautar vegarins, tengivegar af Nýbýlavegi, að hluta tengivegar á Kársnesbraut og hluta af Nýbýlavegi svo og sprengingar úr vegarstæði í Digraneshálsi að hluta. Hins vegar undirbyggingu vestari akbrautar vegarins, hluta af Kársnesbraut og lokastig tengivegar

á Kársnesbraut svo og sprengingar úr vegarstæði í hálsinum að hluta. Fyrri verkþátturinn, I. áfangi, skyldi unninn árið 1968, en hinn síðari, IV. áfangi, árið 1969.

Meðan á verkframkvæmdum stóð, risu ágreiningsefni með aðiljum svo og við lokauppgjör, er fram fór 11. febrúar 1972, en þá vísaði stefndi á bug ýmsum fjárkröfum stefnanda, en hann áskildi sér rétt til að leggja ágreininginn fyrir dómstóla.

Meginágreiningurinn var út af einhliða skuldajöfnuði við innstæðu stefnanda vegna tjónbóta til eigenda fjölbýlishúsanna nr. 3 og 5 við Ásbraut, en af stefnda hálfu var því haldið fram, að tjón hefði orðið af völdum sprenginga stefnanda fyrir stoðmúr og vegarstæði tengivegar fyrir neðan greind hús vorið 1969, en þetta tjón hafði af stefnda hálfu verið gert upp við húseigendur ásamt vöxtum og kostnaði. Þá áskildi stefnandi sér bætur vegna þess, að ekki reyndist unnt að hefja sprengingar fyrir stoðmúr og nefndu tengivegarstæði fyrr en vorið 1969 sökum deilumála bæjaryfirvalda og eigenda húsanna 3 og 5 við Ásbraut út af þessum fyrirhugaða tengivegi og stoðmúr.

Umrædd sprengingavinna hófst hinn 5. maí 1969, en þá var nýlokið deilumálum húseigenda og bæjaryfirvalda út af lagningu tengivegarins. Gerðu nefndir aðiljar með sér skriflegt samkomulag, dags. 8. apríl 1969, en þar segir á þessa leið:

„Tillaga til samkomulags um framkvæmd á lagningu tengivegar milli Hafnarfjarðarvegar og Kársnesbrautar.

1. Kópavogskaupstaður greiðir matskostnað við undir- og yfirmat, ef til kemur.
2. Kópavogskaupstaður lýsi yfir við eigendur Ásbrautar 3—5 og Kársnesbrautar 1, að bæjarsjóður ábyrgist greiðslu til þeirra á væntanlegum bótum, skv. mati eða dómi."

Samkomulag þetta eða tillaga var undirritað af forsvarsmönnum greindra húseigenda og þáverandi lögmanni stefnda, Árna Guðjónssyni, svo og framkvæmdastjóra stefnanda, Páli Hannessyni, vegna þess, er greindi í 3ja tölulið plaggsins, en þar voru upptalin skilyrði húseigenda fyrir því, að framkvæmdir mættu hefjast. Er þau skilyrði höfðu verið uppfyllt og samkomulagið hafði verið staðfest í bæjarráði Kópavogs, hófust framkvæmdir, eins og fyrr segir.

Strax í upphafi sprenginganna komu fram kvartanir og mótmæli frá íbúum húsanna nr. 3 og 5 við Ásbraut. Af því tilefni voru teknar lögregluskýrslur af nokkrum íbúanna föstudaginn 9. maí 1969.

Í skýrslu Valborgar Vestfjörð Emilsdóttur húsfreyju segir m. a.:

„Ég bý í íbúð á efstu hæð til vinstri í blokkinni nr. 5 við Ásbraut. Nú undanfarna daga hafa orðið nokkrar skemmdir á íbúðinni vegna sprenginga, sem sprengdar eru vegna vegaframkv. fyrir utan blokkina.

Víðast hvar í íbúðinni hafa myndast sprungur fyrir ofan dyr og glugga í íbúðinni, sem ég tel, að sé vegna umræddra sprenginga, og sprungur þessar voru ekki áður en byrjað var á framkvæmdum þessum.

Ég hef verið heima hjá mér alltaf fyrir hádegi undanfarna daga og a. m. k. verið í íbúðinni, þegar tvær sprengingar hafa verið sprengdar á hverjum degi. Ég hef orðið fyrir óþægindum vegna sprenginganna, og s.l. mánudag, er ég var stödd í íbúðinni, datt ég á borð, sem ég stóð við, vegna þess að blokkin titraði svo mikið við sprenginguna".

Í skýrslu Guðmundu Sigurðardóttur húsfreyju segir m. a. á þessa leið:

„Ég bý á efstu hæðinni í húsinu nr. 5 við Ásbraut og bý í íbúðinni fyrir miðju. Ég á umrædda íbúð ásamt eiginmanni mínum Árna Óskarssyni.

Nokkrar skemmdir hafa myndast í íbúðinni nú að undanförnu, sem ég tel, að stafi frá jarðvegasprengingum vegna vegaframkvæmda fyrir utan blokkina. Skemmdir þessar eru þær, að í austurveggina á eldhúsinu hefur myndast sprunga, sem nær frá gólfi og upp í loft, einnig hefur komið sprunga fyrir ofan eldhúsdyrnar, og nær sprunga þessi frá dyrunum og upp í loft, sprunga þessi er í veggnum, þeim megin sem læsingin er á hurðinni. Þá hefur einnig stækkað sprunga, sem áður var í eldhúsveggnum, og er sú sprunga í austurveggnum ofantil og náði skáhallt frá suðurveggnum og upp að loftinu. Þessi sprunga hefur bæði lengst og opnast meira.

Í eldhúsinu á íbúð minni er fataskápur úr tré, og var hann fastur við vegg, en sprunga hefur myndast við skápinn, þar sem hann kemur við vegginn, og er skápurinn að losna frá veggnum".

Skýrslur annarra íbúa eru mjög á sömu lund, og eiga þessar skýrslur það sammerkt, að sérstaklega eru tilnefndar sprengingar mánudaginn 5. maí, en þá var einkum sprengt stórgrýti í stæði tengivegarins. Þá segir svo í skýrslu Guðnýjar Benediktsdóttur húsfreyju:

„Ég bý á annarri hæð fyrir miðju í húsinu nr. 3 við Ásbraut.

Ég á íbúðina, sem ég bý í. Ekki hef ég orðið vör við skemmdir í íbúð minni af völdum sprenginganna, sem sprengdar eru fyrir utan blokkina s.l. daga. En ég hef orðið fyrir ónæði af völdum sprenginganna. Og mér hefur brugðið mjög, þegar sprengt er, og það heyrist ekki inn til mín, þegar gert er aðvart fyrir sprengingarnar, enda snúa gluggarnir á minni íbúð frá þeim stað, þar sem sprengt er. Það er mjög mikill hávaði af því, þegar verið er að bora til að sprengja, og mér finnst vera meiri óþægindi af borunum heldur en sprengingunum að öðru leyti en því, að skemmdir verða í húsinu vegna sprenginganna. Ég hef þó ekki séð skemmdirnar af völdum sprenginganna, en mér er sagt, að fólk sé farið að taka eftir sprungum í húsinu, sem taldar eru af völdum sprenginganna".

Með beiðni, dags. 23. september 1969, var þess beiðst f. h. eigenda Ásbrautar 3 og 5, að dómkvaddir yrðu menn „til þess að skoða sprungur, sem fram hafa komið á fyrrgreindu húsi og einstökum íbúðum í því," svo sem orðrétt hermir í beiðninni.

Daginn eftir voru dómkvaddir til matsins þeir Guðmundur Óskarsson verkfræðingur og Þórður Þórðarson múrarameistari. Skiluðu þeir ítarlegri matsgerð, dags. 17. janúar 1970. Niðurstaða þeirra er á þá lund, að þeir telja samanlagða matsfjárhæð eins og hér segir:

Vegna viðgerða á sprungum innanhúss	kr.	246.630
Vegna rakavarnar sprungna utanhúss	kr.	70.000
Vegna rýrnunar verðmæta	kr.	1.239.000
Samtals	kr.	1.555.630

Ofangreindir liðir matsniðurstöðu voru sundurliðaðir nánar í matsgerðinni.

Matsmenn skýra frá því, að á fyrsta fundi þeirra með aðiljum 27. september 1969 hafi verið fulltrúar beggja málsaðilja, enn fremur íbúðareigenda og tryggingarsala stefnanda. Voru þá lagðar fram greinargerð og skrá yfir sprungur í umræddum húsum, gerð í ágúst og september 1968 af starfsmönnum í þjónustu stefnda, og skrá, gerð af sömu mönnum í maí 1969, er sprengingum í vegarstæðinu næst húsinu var lokið.

Á næstu vikum gengu matsmenn í allar íbúðir húsanna, skoðuðu alla fleti og gerðu lista yfir allar sprungur, sem þeir greindu og ekki voru í skráningunni haustið 1968.

Í forsendum matsmanna segir svo:

„Matsmenn telja, að hinar nýju sprungur geti því aðeins hafa myndast, að húsið hafi orðið fyrir miklum titringi frá jarðskjálfta eða sprengingum.

3.1. Jarðskjálftar.

Á tímabilinu frá ágúst 1968 til dagsins í dag hefur orðið aðeins einn verulegur jarðskjálfti, en það var 5. desember 1968. Samkvæmt upplýsingum Ragnars Stefánssonar á jarðeðlisfræðideild Veðurstofu Íslands var styrkleiki hans á umræddu svæði milli 4 og 5 stig eftir Mecalli skala. Að sögn Ragnars svarar þessi styrkleiki til þess, að sprungur, sem eru fyrir í steinsteyptum húsum, geti opnast lítilsháttar, en hverfandi litlar líkur séu á því, að nýjar sprungur geti myndast, jafnvel þótt húsin væru aðeins miðlungi vel byggð.

3.2. Sprengingar.

Sprengingar við lagningu Ásbrautar voru miklar og aðeins í fárra metra fjarlægð frá húsinu. Við hinar stærstu þeirra titraði það mjög. Samanber lögregluskýrslu dags. 9. maí 1969 kveðst fólk hafa kastast til, þar sem það stóð eða sat, og fullyrðir, að sprungur hafi myndast í veggi. Þá tjáði Pálmi Steingrímsson, einn af eigendum hússins, matsmönnum, að ljósakrónur hefðu sveiflast til við stærstu sprengingarnar og munir fallið á gólfið í íbúðum og geymslu. Með hliðsjón af ofangreindu og þeirri umsögn Ragnars Stefánssonar, að hverfandi litlar líkur væru á því, að fyrrgreindur jarðskjálfti hefði getað myndað nýjar sprungur, ályktа matsmenn, að þær stafi frá sprengingunum.“

Stefndi vildi eigi una niðurstöðu matsmanna og óskaði yfirmats með beiðni, dags. 16. febrúar 1970, en í henni segir á þessa leið:

„Ég leyfi mér því, hr. bæjarfógeti, að biðja yður að tilnefna þrjá hæfa og óvilhalla menn til þess að framkvæma yfirmat á þeim atriðum, sem í undirmatsgerð greinir, en að lokinni útnefningu mun yfirmatsmönnum fengin í hendur undirmatsgerðin og önnur gögn.

Þess er beiðst, að yfirmatsmenn geri mér f .h. yfirmatsbeiðanda og Þorvaldi Lúðvíkssyni hrl., Skólavörðustíg 30, Reykjavík, f. h. eigenda Ásbrautar 3 og 5 og Páli Hannessyni verkfræðingi f. h. Hraðbrautar h/f sannanlega aðvart, hvenær matið á fram að fara, svo að þeim veitist kostur á að vera viðstaddir, skila greinargerðum og flytja mál sitt fyrir yfirmatsnefndinni og gæta hags-

muna sinna í hvívetna, en þetta hefur undirmatsmönnum láðst í verulegum atriðum."

Til yfirmats voru dómkvaddir þeir Guðmundur Einarsson verkfræðingur, Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður og Sigurður Helgason múrarameistari. Í matsgerð þeirra, dags. 14. maí 1971, segir m. a. svo:

„Í útboðslýsingu varðandi lagningu Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi er tekið fram, að stoðmúr komi í suðurkanti tengivegar á Kársnesbraut, fyrir framan sambýlishúsið nr. 3—5. Skal hann styðja við fyllingu á lóð norðan sambýlishússins. Stoðmúrinn gengur niður á klöpp, og er gerð í hana 15 cm djúp rás.

Í þeim kafla útboðslýsingar þessarar, sem fjallar um sprengingar, segir m. a., að sprengingar megi ekki hefjast, fyrr en úttekt og mælingar eftirlitsmanns hafi farið fram á klöppinni, og skuli eftirlitsmanninum tilkynnt um tímasetningu allra sprenginga fyrirfram. Á því tímabili, sem sprengingar fari fram, skuli verkkaupi annast sérstakar mælingar á jarðsveiflum við þær byggingar, sem næst standi sprengisvæðinu. Verði í þessu skyni settir upp sjálfritandi sveiflumælar (vibrographs) við viðkomandi byggingar og verði verksala tilkynnt um staðsetningu þeirra. Sveifluhæð (amplitude) af völdum sprenginga verksala, sem þannig verði mæld, megi ekki fara yfir 150μ (0,15 mm).

Þess er enn fremur getið í nefndri útboðslýsingu, að verksali skuli haga meðferð sprengiefnis og vinnu við sprengingar þannig, að ekki hljótist tjón af, enda sé verksali ábyrgur fyrir öllum skemmdum á húsum og mannvirkjum, er orsakast kunna vegna sprenginga hans. Til þess að fyrirbyggja óréttmætar skaðabótakröfur vegna tjóns á nálægum mannvirkjum, verði framkvæmd hlutlaus úttekt á ástandi nálægra mannvirkja, áður en sprengingar hefjist, og niðurstöður úttektarinnar skrásettar. Muni verksala gefinn kostur á að vera viðstaddur, er úttektin fari fram.

Verksali við framangreint verk var Hraðbraut s.f., Grænutungu 3, Kópavogi. Forstöðumaður fyrirtækis þessa segir í skýrslu sinni, dagsettri 9. janúar 1971, varðandi framkvæmdir við sprengingar fyrir götustæði og stoðmúr við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut, að það verk hafi alveg verið komið í eindaga vegna ýmissa tafa um 10 mánaða skeið.

Hafi hann því reynt að hraða framkvæmdum eins og unnt hafi verið og gefið sprengingameistara verksins fyrirskipanir um að nota sprengiefnamagn, sem sér hafi reiknast til, að lægi þó vel innan við þau mörk, sem sett hafi verið í útboðslýsingunni og

væri samkvæmt þeim reglum, sem settar eru fram í handbók Norsk Sprængstof A/S svo og í sænsku handbókinni „Bergsprængningsteknik", en báðar séu bækur þessar ritaðar af viðurkenndum sérfræðingum í sprengingum.

Um fyrirkomulag sprenginga, magn og holufjölda vísaði forstöðumaðurinn til skýrslu sprengingameistarans. Ennfremur getur forstöðumaðurinn þess í skýrslu sinni, að eftir að kvartanir fóru að berast, hafi hann talið nauðsynlegt að draga úr sprengikraftinum.

Sprengingameistari verksins, Jón Þórðarson, kveðst hafa stjórnað sprengingum og ákveðið hleðslur samkvæmt fyrirmælum forstöðumanns verksala. Hann kveðst hafa byrjað sprengingar fyrir stoðmúrnum, sennilega 5. maí 1969, og hafi verið sprengt fyrir honum sérstaklega, ekki þó þannig, að sprengt hafi verið fyrir honum öllum, áður en sprengt hafi verið fyrir vegarstæðinu, heldur hafi sprengingar fyrir stoðmúrnum verið nokkuð á undan.

Hann kveður klöppina hafa verið úr grágrýti, en með sprungum og leirlögum á milli, sem dregið hafi úr sprengikrafti. Hann kveðst hafa borað 24 holur í einu, fjórar á breiddina og sex á lengdina og hafi haft 70—80 cm bil á milli holanna. Um leið og sprengingameistarinn lét yfirmatsmönnum þessar upplýsingar í té, dró hann upp og afhenti þeim sýnishorn af slíku borsvæði með 24 holum, og kemur þar fram, hvernig hann hafi númerað hvellhetturnar.

Sprengingameistarinn kveðst ætíð byrja þannig á verki að meta samkvæmt reynslu sinni, sem byggð sé á 4 ára starfi sem sprengingameistari, hversu miklar hleðslur þurfi í borholur, og nota þá 2/3 hluta af því, sem hann telji þurfa. Síðan meti hann út frá þeim árangri, sem það skot gefi, hvernig hlaða eigi fyrir næsta skot og svo koll af kolli. Hann kveðst alltaf bora niður fyrir þá dýpt, sem hafi átt að sprengja, og hafi full dýpt verið tekin þá í einu skoti. Fullur árangur hafi alltaf orðið af sprengingunum, og man hann ekki til þess, að þurft hafi að endurtaka sprengingu, enda hafi aldrei verið dregið úr sprengimagninu allan tímann. Hann kveðst hafa fært bók yfir sprengingarnar daglega og jafnóðum og sprengingarnar voru framkvæmdar. Hafa yfirmatsmenn haft þessa bók til athugunar, og kemur fram af henni dagsetning og tímasetning sprenginga svo og sprengimagn ásamt hvellhettufjölda hverju sinni.

Yfirmatsmenn létu gera útreikning varðandi sýnishorn það af borsvæði því, sem að framan getur, byggðan á sprengimagni því

og hvellhettufjölda, sem fram kemur af dagbókinni, og fæst þannig út kg sprengiefnis á hverja hvellhettu. Var forstöðumanni verksala sýnt bæði sýnishornið og útreikningurinn, og hefur hann staðfest hvort tveggja rétt með undirskrift sinni. Lýsti forstöðumaðurinn því jafnframt yfir, að hann teldi stystu fjarlægð milli borholu og nálægasta punkts í húsvegg við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut hafa verið um 6 metra.

Byggingarnefnd Hafnarfjarðarvegar réð Theódór Árnason, verkfræðing, sem eftirlitsmann með framkvæmdum, og jafnframt var samið við Guðmund Magnússon, verkfræðing, að koma í stað Theódórs í fjarveru hans.

Í aprílmánuði 1969 fóru þeir Thoódór Árnason og Guðmundur Magnússon, verkfræðingar, báðir utan. Kom Theódór aftur 7. eða 8. s. m., en Guðmundur Magnússon kom aftur úr sinni för stuttu síðar. Meðan þeir Theódór og Guðmundur voru erlendis, var Gunnari Rósinkrans, verkfræðingi, falið að annast mælingar í fjarveru þeirra og hafa með höndum daglegt eftirlit. Theódór Árnason segir hins vegar, að Gunnari Rósinkrans hafi ekki verið falið að taka neinar mikilvægar ákvarðanir, enda hafi ekki verið talið, að til slíks þyrfti að koma, þar eð lítið myndi verða um aðgerðir, meðan þeir Guðmundur Magnússon væru báðir fjarverandi.

Forstöðumaður verksala segir, að sökum fjarveru eftirlitsmannanna Theódór Árnasonar og Guðmundar Magnússonar hafi ekki verið hægt að tilkynna þeim um, áður en sprengingar við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut hafi hafizt. Hann kveður tilraunasprengingar einungis hafa verið gerðar við aðalveginn, en engar við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut. Þar hafi heldur ekkert sprengiplan verið gert, enda ekki venja við slíkar smásprengingar. Hann segir, að breytt hafi verið um aðferð við sprengingar við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut. Fyrst hafi verið sprengt fyrir stoðmúrnum eingöngu, þ. e. að austanverðu, enda hafi þar ekki þurft að sprengja fyrir götustæðinu. Eftir því sem vestar hafi dregið, hafi fyrst verið sprengt fyrir götustæðinu og síðan fyrir stoðmúrnum og að lokum vestast fyrir götustæðinu, stoðmúrnum og götustæðinu.

Með bréfi, dagsettu 3. marz 1971, sendu yfirmatsmenn Guðmundi Magnússyni, verkfræðingi, ljósrit af yfirliti yfir framkvæmdir sprenginga fyrir stoðmúr framan við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut, Kópavogi, svo og ljósrit af sýnishorni því af borsvæði, sem sprengingameistarinn hafði gert fyrir yfirmatsmenn,

og fóru þess á leit, að hann reiknaði út skv. gögnum þessum sprengistyrkleika í sprengingunum, þ. e. sveifluhæð (amplitude) í bergi við undirstöður nr. 3 og 5 við Ásbraut. Jafnframt óskuðu yfirmatsmenn eftir samanburði á sprengistyrkleika þessum miðað við kvaðir í útboðslýsingu og samanburði við viðmiðunarreglur varðandi hættumörk skemmda á nærliggjandi mannvirkjum.

Í svarbréfi Guðmundar Magnússonar, verkfræðings, dagsettu 10. s. m., segir m. a. svo:

„Skv. meðfylgjandi „yfirliti yfir framkvæmdir sprenginga fyrir stoðmúr við Ásbraut 3—5 vorið 1969 hafa við sprengingar fyrir stoðmúr aldrei verið fleiri en 3 holur í númeri. Á lægsta númeri (venjul. nefnt nr. 0) voru hvergi fleiri en 2 holur. Gera verður ráð fyrir, að sammiðjulína holuraða hafi fallið saman við miðlínu undirstöðuklossa stoðmúrs. Sú lína er 6,95 m frá húsi. Með þrem holum í sama númeri og staðsetningu eins og fyrir nr. 10 í „Dæmi um borplan" verður meðalfjarlægð milli borhola, þar sem springur samtímis, lítið eitt milli, þ. e. 6,8 m. Af „Skrá yfir einstakar sprengingar" er ekki með vissu hægt að sjá, hvaða sprengingar eru í skurði stoðmúrs og hverjar eru í götustæði eða holræsisskurði.

Fyrst er fundið, hvaða sprengingar gefa meiri sveifluhæð en 150μ, miðað við bergstuðul: K-800.

Skv. skránni verða það eftirtaldar sprengingar, og er (til könnunar) einnig gefin upp sú fjarlægð frá húsi ($d_{mín.}$), sem nauðsynleg er, til að ekki sé farið yfir leyfileg mörk:

		$d_{mín}$
Sprenging 7/5 kl. 19.40	A-189μ	8,4 m
Sprenging 8/5 kl. 10.40	A-180μ	8,2 m
Sprenging 8/5 kl. 11.45	A-159μ	7,2 m

Hafi þessar sprengingar verið í skurði fyrir stoðmúr, er því ljóst, að hleðsla hefur verið yfir hættumörkum.

Í framangreindum útreikningi er miðað við bergstuðul: K-800. Telja yfirmatsmenn þetta vera í samræmi við mælingar á sprengingum 13. og 14. nóvember 1968 í vegstæði Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi og upplýsingar Ragnars Heggstad í ritinu: Orientering om rystelses- og luftstötvirkninger fra sprengning i fjell, sem gefið er út í Oslo í maí 1958. Þar segir á bls. 8, að fyrir „middels hardt fjell" sé K meðaltal — 800.

Rétt er að geta þess í þessu sambandi, að forstöðumaður Hraðbrautar s.f., en það fyrirtæki var verksali, eins og fyrr greinir, telur, að bergstuðull geti tæplega verið hærri en 700—750, en

miðað við þær tölur myndi styrkleiki sprengingarinnar 7. maí 1969 kl. 19.40 hafa verið A-164μ miðað við 700 og A-176μ miðað við 750.

Til grundvallar útreikningi þeim, sem að framan getur, hefir eftirfarandi formúla verið notuð til þess að finna sveifluhæð af völdum sprenginganna: $A = \frac{K\sqrt{Lx\ s}}{d}$

Þarna merkir A sveifluhæð (Amplitude í 1/1000 mm)
K bergstuðul (fjell konstant)
L hleðslu í kg
S samverkun og
d fjarlægð í metrum.

Miðað við bergstuðul: K-800 og borplan, þar sem þrjú númer tímahvellhettu eru tengd saman og meðaltalsfjarlægð borholanna frá mannvirki, 6,80 m, verður útreikningurinn þannig:

$$A = \frac{800\sqrt{3 \times 1{,}29 \times 2/3}}{6{,}80} = 189\mu$$

Samkvæmt öllu framangreindu er það álit yfirmatsmanna, að sprengikraftur við sprengingar verksala framan við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut, Kópavogi, hafi þann 7. og 8. maí 1969 farið að sprengistyrkleika upp fyrir það hámark, 150μ, sem leyfilegt var samkvæmt útboðslýsingu, sbr. grein 3.4.3., sprengingar, bls. 41 í útboðslýsingunni".

Enn fremur svo um niðurstöður:

„Það var sameiginlegt álit yfirmatsmanna og lögmanna yfirmatsbeiðanda og yfirmatsþola, þegar skoðun fór fram hinn 3. febrúar 1971, að yfirlit undirmatsmanna hafi verið rétt varðandi viðbótarsprungur á húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut, frá því að úttekt og sprunguskráning fór fram á árinu 1968. Miðað við aldur húsanna telja yfirmatsmenn engin skynsamleg rök hníga að því, að þessar fjölmörgu viðbótarsprungur, sem að vísu eru eðlislægar sprungur í járnbentum steinsteypuhúsum, hafi myndast frá þeim tíma, er skoðun fór fram árið 1968 án utanaðkomandi orsaka.

Með bréfi, dagsettu 9. janúar 1971, sneru yfirmatsmenn sér til Ragnars Stefánssonar, jarðskjálftafræðings í Veðurstofu Íslands, og fóru þess á leit, að hann gerði yfirlit um mestan árlegan jarð-

skjálftastyrkleika á svæði því, sem húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut í Kópavogi standa á, árin 1961 til 1970, að báðum árum meðtöldum. Óskuðu þeir þess jafnframt, að hann léti í ljós álit sitt á því, hvort einhverjar af þeim jarðhræringum gætu hafa valdið sprungum í mannvirkjunum, og ef svo væri, þá hverjar þeirra.

Í svari hans, dagsettu 15. febrúar 1971, segir m. a. svo:

„Varðandi það atriði, hvort einhver ofannefndra jarðskjálfta gæti hafa valdið sprungum í ákveðnum húsum í Kópavogi, þá er það helzt jarðskjálftinn 5. des. 1968. Þó er ekki líklegt, að sá jarðskjálfti hefði getað valdið sprungum annars staðar en þar sem veikleiki hefði verið fyrir í veggjum."

Niðurstaða yfirmatsmanna verður því samkvæmt öllu framansögðu sú, að sprengikrafturinn frá sprengingunum við húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut, Kópavogi, hinn 7. og 8. maí 1969 sé einn nægileg skýring á hinum fjölmörgu viðbótarsprungum og stækkun á þeim sprungum, sem fyrir voru. Hinsvegar telja yfirmatsmenn að sprengistyrkleiki þessi hafi verið vel innan þeirra marka, sem gætu valdið burðarþolslegum skemmdum á húsunum".

Að lokum draga þeir saman heildarniðurstöðu vegna viðgerðarkostnaðar og verðrýrnunar beggja húsanna, og nemur það kr. 1.013.130.

Með stefnu, dagsettri 20. júní 1970, höfðu eigendur Ásbrautar 3 og 5 hafið málarekstur á hendur stefnda og krafist skaðabóta á grundvelli undirmatsins, en með tilkomu yfirmatsgerðarinnar lækkaði krafan til samræmis við niðurstöðutölu hennar.

Undir rekstri máls þessa sendi bæjarstjóri f. h. stefnda framkvæmdastjóra stefnanda bréf, dags. 21. júlí 1971, en í því segir á þessa leið:

„Bæjarráð álítur yfirmatsgerðina vel rökstudda og telur vart hugsanlegt að fá bótafjárhæðina lækkaða fyrir dómi. Yður hefur oft verið gefinn kostur á því að halda uppi vörnum í matsmáli þessu, og hafið þér einnig gert það að nokkru með framlagningu greinargerðar Páls Hannessonar, verkfr., svo og með útskýringum hans á málinu fyrir yfirmatsmönnum.

Eigendur Ásbrautar 3—5 hafa, eftir að undirmati lauk, stefnt bæjarsjóði Kópavogs fyrir bæjarþing Kópavogs til greiðslu bóta. Mál þetta verður næst tekið fyrir í september n.k.

Bæjarráð vill nú gefa yður kost á því, að Hraðbraut s.f. eða tryggingarfélag þess taki við rekstri máls þessa, enda skuldbindi Hraðbraut s/f eða tryggingarfélag þess sig til að greiða

eigendum húsanna þær bætur, sem dæmdar kunna að verða ásamt kostnaði.

Fallizt þér ekki á þessa meðferð málsins fyrir 8. ágúst 1971, mun bæjarsjóður Kópavogs greiða húseigendum bætur samkv. yfirmatinu og jafnframt krefja Hraðbraut s/f og/eða tryggingarfélag þess, þ. e. Samvinnutryggingar, um bótafjárhæðina ásamt kostnaði við matsgerðir og annan áfallinn kostnað.

Þar sem þér og tryggingarfélag yðar hafið þegar haft ljósrit af yfirmatsgerðinni til athugunar um nokkurn tíma, vil ég vænta svars við bréfi þessu fyrir 8. ágúst 1971".

Bréfi þessu var ekki svarað formlega af hálfu stefnanda eða Samvinnutrygginga. Lauk málarekstrinum með dómssátt hinn 23. september 1971.

Með bréfi, dags. 17. nóvember 1971, tilkynnti lögmaður stefnda Páli Hannessyni, framkvæmdastjóra stefnanda, að bæjarsjóður Kópavogs hefði lagt út samtals kr. 2.010.769 til að fullnægja sáttargerðinni frá 23. september og hefði þessi fjárhæð verið færð til skuldar á viðskiptareikningi stefnanda hjá bæjarsjóði. Páll Hannesson mótmælti kröfunni sem rangri svo og skuldajafnaðarfærslunni. Jafnframt var því lýst yfir, að af hálfu stefnanda yrðu hafðar uppi skaðabótakröfur vegna verksamningsins, og í því sambandi vísað til bréfa til byggingarnefndar Hafnarfjarðarvegar, meðan beðið var eftir, að hægt yrði að hefjast handa um byggingu stoðmúrsins og lagningu tengivegarins. Enn fremur til bréfa, sendum bæjarstjóra undir rekstri matsmálanna.

Páll Hannesson framkvæmdastjóri lagði fram sundurliðaða skaðabótakröfu stefnanda á hendur stefnda, að upphæð kr. 3.820.375. Við skriflegt uppgjör aðilja daginn eftir var skaðabótakröfunni vísað á bug svo og vaxtakröfu stefnanda. Af hálfu stefnanda var því lýst yfir, að hafist yrði handa um málssókn til heimtu ofangreindra krafna að viðbættri kröfu til að hnekkja skuldfærslu dómssáttarupphæðarinnar, kr. 2.010.769.

Verður nú vikið nánar að helstu atriðum í skýrslum fyrirsvarsmanna aðilja og vitna til frekari upplýsinga málavöxtum.

Matsmennirnir Guðmundur Óskarsson og Þórður Þórðarson staðfestu matsgerð sína fyrir dómi 12. janúar 1973.

Í skýrslum þeirra kemur fram, að einn fundur hafi verið haldinn með umboðsmönnum aðilja í upphafi, en síðan ekki meir. Hafi þeir matsmennirnir leitað eftir athugasemdum við framlögð gögn, en þar sem engin mótmæli eða athugasemdir hafi

verið gerðar, hafi þessi gögn verið lögð til grundvallar við matið. Þeir telja báðir, að allar „eðlilegar" sprungur hefðu átt að vera komnar fram í umræddum húsum sumarið og haustið 1968, er sprunguskráning fór fyrst fram.

Guðmundur Óskarsson telur húsin vera lakari byggingarlega séð en almennt gerist, en Þórður telur þau í meðallagi í því tilliti.

Yfirmatsmennirnir staðfestu gerð sína í þinghaldi 21. maí og 5. nóvember 1973.

Í skýrslu Sigurðar Helgasonar múrarameistara segir m. a., að þeir yfirmatsmennirnir hafi lagt upphaflega sprunguskráningu til grundvallar sem viðmiðun. Hafi þeir ekki gert neinar athuganir til að sannreyna hana eða vinnubrögð skráningarmanna.

Hann álítur umrædd hús sæmileg að byggingu og frágangi.

Sigurður segir aðspurður það vera sitt álit, að sprungurnar í húsunum hafi verið svo miklar, að þær gætu ekki hafa komið fram án utanaðkomandi orsaka, en tekur jafnframt fram, að þær gætu hafa komið fram, þótt sprengingum hefði ekki verið til að dreifa. Hann segist vita um sprunguskemmdir á húsum af völdum jarðskjálftans í desember 1968 og nefnir þar til dæmis Landakotsspítalann.

Guðmundur Einarsson verkfræðingur segir í skýrslu sinni, að bergstuðullinn K-800, sem miðað sé við í matsgerðinni, hafi verið ákveðinn með hliðsjón af upplýsingum Guðmundar Magnússonar verkfræðings, sem hafði eftirlit verksins með höndum, en hann hafði staðið að tilvitnuðum mælingum sprenginga 13. og 14. nóvember 1968. Hann kveður sér hafa verið kunnugt um, hvernig mælingar Guðmundar Magnússonar hafi verið framkvæmdar, og kveðst hafa talið þær fullnægjandi.

Varðandi tilvitnað svar Ragnars Stefánssonar jarðskjálftafræðings, sem getur á bls. 11 í matsgerðinni, segir hann, að ekki hafi verið hægt að fá nákvæmari upplýsingar um greindan jarðskjálfta heldur en almennt um eðli sveiflunnar. Ekki hafi verið hægt að áætla sveifluhæðina og tilgreina hana í μ.

Aðspurður kveðst hann hafa í starfi sínu sem verkfræðingur staðið fyrir fjölmörgum verkum, þar sem sprengingum þurfti að beita, svo og samið fjölmörg sprenginga- og borplön. Hafi hann í því sambandi haft til hliðsjónar handbækur um sprengingar, fyrst og fremst Dupont handbókina. Þá hafi hann notið aðstoðar og tilsagnar erlendra sprengjusérfræðinga.

Varðandi spurningu, sem borin var fram í upphafi, tekur hann fram, að hér á Íslandi hagi þannig til, að mjög erfitt sé að ákvarða

bergstuðul absolut, þar sem algengt sé, að þéttleiki klappar sé mismunandi á sama klapparsvæði. Að sinni hyggju leiði þetta til þess, að til þessa sérstaka atriðis verði að taka fullt tillit við sprengingar.

Vitnið kveður, að skemmdirnar á húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut hafi verið mestar í eystra húsinu. Hann kveður, að þeir matsmennirnir hafi reynt að staðsetja sprengingarnar þrjár, sem getur neðarlega á bls. 7 í matsgerðinni.

Guðmundur kveður, að samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir matsmönnunum lágu, hafi það verið álit þeirra, að ofannefndar þrjár sprengingar hafi verið þær einu, sem hafi farið yfir þau mörk, sem ákveðin hafi verið í verklýsingunni.

Lögmaður stefnanda leggur eftirfarandi spurningu fyrir Guðmund: Geta loft og veggir herbergja í húsunum nr. 3 og 5 við Asbraut, sem voru í meira en 8.4 m fjarlægð frá sprengingastaðnum, hafa orðið fyrir spjöllum af völdum sprengingarinnar 7. maí 1969? Hann svarar þessari spurningu játandi og tekur fram í því sambandi, að sé sprengt með nægum styrkleika og það nálægt, að áhrif hafi á byggingu, þá séu líkur til, að hún hreyfist einnig, sé stífleiki hennar nægur. Hann tekur enn fremur fram, að það hafi komið í ljós, að sprungur voru meira áberandi í þverveggjum nær stoðmúr en fjær. Hann segir, að þrátt fyrir þetta, sem nú sé sagt, hafi ekki komið fram neitt hegðunarmynstur einstakra sprenginga við athugun og samanburð á sprungum.

Fyrir liggur í málinu álitsgerð norska verkfræðingsins Arne B. Vagstein um áhrif sprenginga almennt og sérstaklega með tilliti til sprenginga þeirra, sem hér um ræðir. Álitsgerð þessi, sem dagsett er 5. júní 1972, er fengin að tilhlutan Páls Hannessonar, framkvæmdastjóra stefnanda, og studd gögnum frá honum.

Óumdeilt er, að Vagstein þessi er sprengingasérfræðingur, en hann starfar sem yfirverkfræðingur hjá sprengiefnadeild Dyno Industrier A/S í Osló. Vagstein var ráðgefandi verkfræðingur hjá byggingarnefnd Hafnarfjarðarvegar vegna fyrirhugaðra sprenginga, og eru þeir kaflar í útboðslýsingu, sem varða sprengingar, samdir eftir ráðleggingum hans. Hann kom fyrir dóminn sem vitni hinn 8. maí 1973 og staðfesti ofannefnda álitsgerð, sem hann kvað reista á grunni upplýsinga, sem hann hefði fengið í hendur um gerð bergsins, svo og sprengiskýrslu, sem honum hafi verið látin í té.

Hann kveðst hafa fengið ofannefnda sprengingaskýrslu frá

Páli Hannessyni og upplýsingar að nokkru leyti frá honum einnig um gerð bergsins, en einnig hafi hann verið viðriðinn mælingar bergsins og hafi þá fengið upplýsingar um bergstuðulinn frá Guðmundi Magnússyni verkfræðingi.

Hann telur það vera algengt við framkvæmd sprenginga, að einstakar sprengingar fari að sveifluhæð fram yfir leyfilegt hámark. Í Noregi sé fylgst með slíkum framkvæmdum með mælingum og styrkleiki áframhaldandi sprenginga ákveðinn á grundvelli þeirra.

Lögmaður stefnda spyr Vagstein, hvaða gildi hann telji vera sem hæsta leyfilega mark sveifluhæðar við einstakar sprengingar, þannig að ekki valdi tjóni á mannvirkjum.

Hann kveður svar sitt miðað við byggingu á traustum grunni. Geti þá einstakar sprengingar með sveifluhæð 250—300μ verið skaðlausar.

Af hálfu stefnanda er hann spurður eftirfarandi spurningar: Er það líklegt, þar sem um tvö aðskilin hús er að ræða, eins og húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut, að einstök sprenging, sem fari fram úr leyfilegri sveifluhæð miðað við afstöðu annars hússins frá sprengistaðnum, geti valdið jöfnum skaða á báðum húsunum og á öllum hæðum?

Vagstein svarar spurningunni neitandi. Hann tekur fram, að titringurinn minnki eftir því sem fjær dregur sprengingastaðnum.

Af hálfu stefnanda er hann spurður, hvort ekki séu líkur til, að fram kæmu stórar sýnilegar veggsprungur í þeim vegg hússins að Ásbraut 5, sem næstur er sprungustað, ef sú sprenging hefði átt að valda sprungum í gafli hússins nr. 3.

Vitnið svarar þannig: „Ef mikil spenna er í hluta undirstöðu húsanna, og þar eru leyndir gallar, geta sprungur komið í ljós, en það er óvenjulegt. Ef undirstaða er eðlileg (normal), þá koma skemmdirnar fram næst sprengingastaðnum". Hann er spurður eftirfarandi spurningar: „Er leyft hámarksgildi sveifluhraða frá sprengingum stundum haft lægra en 150μ, ef byggingar í nánd eru í lélegu ástandi, og hve mikið neðar er það þá haft?

Hann svarar spurningunni á þá leið, að út frá margvíslegum mælingum hafi það sýnt sig, að 150 μ verki mjög illa á fólk og hægt sé að ákveða lægri tölu, þegar sérstaklega standi á, t. d. þegar tillit þurfi að taka til menningarverðmæta. Hann tekur enn fremur fram, að ekki sé farið niður fyrir 150 μ nema af umhverfisástæðum, en þetta verði að ræða í hverju einstöku

tilviki fyrir sig. Svo virðist sem mörkin fari lækkandi af umhverfisástæðum.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að sérfræðilegt álit, sem fram komi í vitnisburði Arne B. Vagstein, verði á nokkurn hátt lagt til grundvallar dómi í málinu, þar sem framlag yfirverkfræðingsins falli ekki undir það, sem nefnt sé mat, sbr. 1. mgr. 136. gr. laga nr. 85/1936, en sönnunargögn, sem feli í sér sérfræðilegt álit, verði að vera í þeim búningi sem tilvitnað lagaákvæði greini.

Það er áður fram komið, að í ágúst og september 1968 fór fram skráning sprungna í húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut. Byggingarnefnd Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi hafði verið 1968 falið þetta verkefni Sigurði Helgasyni lögfræðingi og Guðmundi Magnússyni verkfræðingi. Upphaf greinargerðar þeirra, dags. 17. september 1968, hljóðar svo: „Byggingarnefnd Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi ákvað á s.l. vori, að vegna hinna umfangsmiklu sprenginga, sem fyrirhugaðar eru í stæði hins nýja vegar, skyldi fara fram úttekt á þeim byggingum, sem næst liggja sprengingasvæðinu. Við ákvörðun þessa var farið að ráðum norska sprengingasérfræðingsins Arne Vagsteins, sem hingað kom á vegum nefndarinnar til ráðgjafarstarfa vegna fyrirhugaðra sprenginga. I Noregi mun það vera regla, að sveitarfélag annist slíka úttekt til að gæta hagsmuna húseigenda á viðkomandi svæði. Skyldi úttekt þessi einkum fela í sér skrásetningu á sprungum í veggjum og loftum, þannig að unnt yrði að sannprófa, er á þyrfti að halda, hvort breyting hefði orðið á sprunguástandi húsanna á því tímabili, er sprengingar vegstæðisins fara fram. Þannig yrði með úttektinni aflað gagna, sem hvort tveggja í senn yrðu nokkur trygging gegn óréttmætum bótakröfum af hálfu húseigendanna og sönnunargögn í þeirra þágu, ef um réttmætar bótakröfur væri að ræða. Er það álit okkar, að á þennan hátt þurfi ekki síst að gæta hagsmuna húseigendanna".

Sjálf sprunguskráningin var gerð af tæknifræðingunum Sigurbjarti Jóhannssyni, þáverandi byggingarfulltrúa í Kópavogi, og Ágúst Höskuldssyni, sem nú er látinn.

Þeir Sigurbjartur og Ágúst komu fyrir dóminn 24. janúar og 19. mars 1973 og staðfestu greinda skráningu og kváðu hana gerða eftir bestu þekkingu og samvisku.

Í skýrslum þeirra kemur fram, að verk þetta unnu þeir á kvöldin eftir venjulegan vinnutíma. Var Páli Hannessyni gert viðvart í upphafi, og var hann viðstaddur byrjunina, en er frá

leið, hætti Páll því. Var hann ekki viðstaddur, er þeir skoðuðu húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut.

Þeir álíta, að sprungumyndun í greindum húsum hafi ekki verið meiri en við mátti búast eftir aldri þeirra.

Þeir segjast hafa verið beðnir um að framkvæma sprunguskráningu á nýjan leik í nefndum húsum í maí 1969 og sú skoðun og skráning hafi farið fram á nokkrum kvöldum og eftir sömu verklagsreglum og haustið áður. Hafi þetta verið gert að beiðni Björns Einarssonar, framkvæmdastjóra byggingarnefndar Hafnarfjarðarvegar.

Sigurbjartur kom á ný fyrir dóminn 19. september sl.

Hann segir ítarlega aðspurður það vera sitt álit, að fyrri sprunguskoðunin hafi ekki verið síður vandvirknislega unnin og hin síðari. Kveður hann þá Ágúst heitinn hafa reynt eftir fremsta megni að hafa úttektina og skráninguna sem nákvæmasta og vandaðasta. Tekur hann fram í því sambandi, að þeir hafi verið bæði með vasaljós og stækkunargler við skoðanirnar báðar og notað þessi hjálpartæki iðulega. Skoðun utanhúss fór fram í dagsbirtu í bæði skiptin.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum fór þessi síðari skráning þeirra Sigurbjarts og Ágústs fram dagana 12.—17. maí 1969.

Theódór Árnason verkfræðingur kom fyrir dóminn 4. janúar 1974, en hann hafði eftirlit og umsjón með framkvæmdum á vegum byggingarnefndar Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi 1968—1970 ásamt Guðmundi Magnússyni verkfræðingi.

Theódór kveður engar sprengingaáætlanir hafa verið lagðar fram af hálfu stefnanda í upphafi heildarverksins. Hann kveður þá Guðmund báða hafa verið í erindagerðum erlendis, er sprengingar í tengivegarstæðinu hófust. Var Gunnari Rósinkrans verkfræðingi falið á meðan að gera ýmsar mælingar í sambandi við vegarlagninguna, en tekið fram, að hann skyldi engar mikilvægar ákvarðanir taka viðvíkjandi framkvæmd verksins.

Gunnar Rósinkrans segist í sinni skýrslu ekki muna, hvort umræddar sprengingar hófust þá daga, sem hann gegndi fyrir Theódór Árnason, eða hvort það var síðar.

Hann segist hafa haft fyrirmæli um að taka engar mikilvægar ákvarðanir, meðan Theódór var í burtu.

Aðspurður kveðst hann engin fyrirmæli hafa fengið frá Theódór eða öðrum að láta setja upp sveiflurita í Ásbraut 5 vegna sprenginga.

Guðmundur Magnússon verkfræðingur kom fyrir dóminn 22.

apríl og 11. desember 1974 og gerði grein fyrir hlutverki sínu við gerð útboðsgagna í upphafi, hönnun tengivegarins, framkvæmd sprunguskráningarinnar haustið 1968 og eftirliti sem staðgengill Theódórs Árnasonar.

Þá staðfesti hann skrifleg svör sín við 8 spurningum lögmanns stefnanda um sprengingar í tengivegarstæðinu og ýmis atriði í því sambandi, svo sem fyrirmæli um sprengingar í útboðslýsingu, ákvörðun bergstuðuls o. fl. Þykir ekki ástæða til að rekja það nákvæmlega.

Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur kom fyrir dóminn 17. febrúar 1975. Í skýrslu hans kemur fram það álit, að verði spjöll, t. d. sprungumyndun á steinsteyptum mannvirkjum af völdum jarðskjálfta, þá séu yfirgnæfandi líkindi til, að þetta komi fram strax og jarðskjálftinn gengur yfir.

Ragnar kveður, að skjálftinn 5. desember 1968 hafi verið áætlaður 6 á Richterskvarða á sínum tíma hér á landi, en yfirleitt hafi hann verið ákvarðaður 5.5 til 6 af hinum ýmsu stofnunum í heiminum, algengast 5.5.

Hann tekur fram aðspurður, að tilgreindur styrkleiki umræddss skjálfta 5 cm/sec^2 sé áætlaður eftir ýmsum upplýsingum almennings, en ekki lesinn af mælum. Hann kveður, að í áætluninni sé ekki tekið tillit til mismunandi jarðvegsstöðu innan Reykjavíkursvæðisins.

Ragnar kveðst ekki geta ábyrgst ofangreinda tölu sem nákvæmlega rétta; gæti hún verið tvöfalt hærri.

Aðspurður segist hann ekki hafa neina vitneskju um tjón af völdum jarðskjálfta á Reykjavíkursvæðinu áratuginn 1960—1970.

Jón Þórðarson, sem var sprengingamaður í þjónustu stefnanda vorið 1969, kom fyrir dóminn 30. nóvember 1973. Kveðst hann hafa séð um sprengingarnar fyrir stoðmúrnum og tengivegarstæðinu. Hafi hann haldið dagbók um sprengingarnar, þar sem skrásett var dagsetning og tímasetning sprenginganna, sprengiefnamagn og fjöldi hvellhettna. Hafi hann afhent Páli Hannessyni þessa dagbók og eftir henni hafi Páll samið greinargerð um sprengingarnar, sem þeir undirrituðu báðir, Páll og hann, og muni greinargerðinni hafa verið komið á framfæri við yfirmatsmenn.

Hann segir sér ekki hafa verið kunnugt um kröfur eða skilyrði útboðsgagna um hámark sveifluhæðar af völdum sprenginga og ekki hafi honum verið gefin nein sérstök fyrirmæli um hlíðslur eða annað varðandi sprengingarnar af hálfu yfirmanns stefnanda.

Jón kveðst hafa verið búinn að starfa 3 ár sem sprengingamaður vorið 1969 og hafði til þess tilskilin leyfi lögreglustjóra.

Páll Hannesson, framkvæmdastjóri stefnanda, kom fyrir dóminn 12. janúar 1973. Í skýrslu hans segir m. a. á þá leið, að sprengingar fyrir umræddum stoðmúr og tengivegi hafi orðið mun meiri en gert var ráð fyrir og reiknað með í útboðsgögnum. Hafi aukagreiðslur vegna sprenginga numið um kr. 300.000 með verðlagsuppbótum.

Aðspurður um það atriði, að ekki var í tæka tíð búið að tryggja framkvæmdarétt af hálfu stefnda, kveðst hann ekki geta flokkað það undir annað en trassaskap. Hann kveður, að forsvarsmenn stefnanda og þáverandi framkvæmdastjóri lagningar Hafnarfjarðarvegar gegnum Kópavog, Björn Einarsson, hafi samið um framkvæmdaréttinn við eigendur hússins nr. 3—5 við Ásbraut, en því samkomulagi hafi verið hafnað af bæjarstjórn Kópavogs. Hafi hann sjálfur og Björn Einarsson freistað þess að ná þessu samkomulagi við húseigendur án sérstakrar beiðni stefnda, þar sem fyrirsjáanlegt var, að ef ekkert yrði reynt að gera í þessu efni, gæti verkið ekki hafist á tilsettum tíma. Í reynd hafi það verið svo, að gröftur hafi byrjað 10. júlí 1968, en var stöðvaður samdægurs, þar sem bæjaryfirvöld höfðu vanrækt að tryggja framkvæmdarétt.

Hann segist ekki hafa í reynd vitað á þessum tíma um yfirvofandi lögbannsaðgerðir af hálfu eigenda Ásbrautar 3—5. Hins vegar hafi honum verið kunnugt um ýmis stóryrði af hálfu húseigenda og lögmanns þeirra. Páll kveðst hafa heyrt, að húseigendur hafi haft í hyggju að girða framkvæmdasvæðið af með járnkeðjum, en hvort þeir létu verða af þessu, kveðst hann ekki geta borið um. Hann kveður, að sérstakur vinnuflokkur, sem átti að vinna verkið við stoðmúr og tengiveg, hafi verið meira og minna verklaus veturinn 1968—1969. Hafi flokkurinn, sem var undir stjórn Steingríms Kára Pálssonar trésmiðs, verið hafður í alls konar snatti á vegum stefnanda, og eins var honum komið í vinnu við verkefni, sem annar verktaki hafði samið um við stefnda.

Aðspurður um málsmeðferð við undirmat segir Páll, að þáverandi lögmaður stefnda, Árni Guðjónsson hæstaréttarlögmaður, hafi hringt í sig og boðað sig á fund matsmanna sem vitni. Hafi matsmenn lesið upp matsbeiðni og dómkvaðningu, en ekki hafi þeir lagt fram nein skjöl önnur, svo hann yrði var við. Hann kveðst hafa búist við, að hann yrði tilkvaddur síðar á fund mats-

manna, til þess að honum gæfist kostur á að tjá sig eitthvað um viðfangsefnið og þau gögn, sem þeir byggðu á, en sú hafi ekki orðið raunin.

Hann kveðst ekkert frekar hafa af þessu frétt, fyrr en honum var tilkynnt, að matsgerð lægi fyrir og lögmaður stefnda væri búinn að biðja um yfirmat.

Páll kom aftur fyrir dóminn til skýrslugjafar 14. mars sl. og segir þá, að í greindum vinnuflokki Steingríms Kára Pálssonar hafi verið 2 smiðir auk hans, og var það kjarni flokksins. Auk þeirra voru aðstoðarmenn, þ. e. verkamenn. Voru mjög tíð skipti þessara aðstoðarmanna, þar sem ætíð var verið að ráðstafa mönnunum í hin ýmsu verk. Páll kveður smiðina hafa verið á tímakaupi trésmiða með 20% álagi, en Steingrímur Kári 15% ofan á það. Verkamennirnir á venjulegu verkamannakaupi, 7.—8. taxta Dagsbrúnar.

Páll kveður, að verkefni stefnanda frá því í júlí 1968 og fram á vor 1969 hafi eingöngu verið fyrir Framkvæmdanefnd Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi skv. verksamningi 1. júlí 1968 svo og verk fyrir Kópavogskaupstað, sem fólst í því að grafa úr vegarstæði vestasta hluta fyrirhugaðs Nýbýlavegar og koma þar fyrir sprengigrjóti úr „gjánni".

Páll tekur fram, að veturinn 1968—1969 hafi verið frekar lítið að gera hjá Hlaðbæ h/f og Miðfelli h/f, og var því viðleitni í þá átt að koma mönnum og vélum fyrir í heildarverki því, sem málið fjallar um.

Páll tekur fram, að engir menn hafi verið á launaskrá hjá Hraðbraut s/f, heldur voru viðkomandi starfsmenn á launum hjá Hlaðbæ h/f og Miðfelli h/f. Var vinna þeirra þannig bókhaldslega útseld til Hraðbrautar s/f. Hann kveður Hlaðbæ h/f og Miðfell h/f hvort um sig hafa tekið ábyrgðartryggingu að fjárhæð kr. 3.000.000 á umræddum tíma.

Varðandi sprunguskráninguna haustið 1968 kveður Páll, að hann hafi, fljótlega eftir að hún hófst, sagt þeim Sigurbjarti og Ágúst, að þar sem þeir ætluðu sér að vinna verkið, er þeim hentaði eftir vinnutíma á kvöldin, þá hefði hann ekki aðstöðu til að fylgjast með þeim við það. Var hann því aldrei viðstaddur utan fyrsta skiptið.

Í sama þinghaldi kom Steingrímur Kári Pálsson trésmiður fyrir dóminn. Í skýrslu hans segir, að hann hafi verið í þjónustu Hlaðbæjar h/f frá því vorið 1968 og fram á sumar 1969. Haustið 1968 í september eða október var fyrirhugað, að hann yrði fyrir

flokki smiða, sem mundu smíða steypumót fyrir stoðmúr, sem áformað var að reisa meðfram tengivegi af hraðbrautinni fyrir neðan húsin nr. 3 og 5 við Ásbraut. Sökum þess að fyrirhugaðar framkvæmdir við stoðmúrinn drógust á langinn, var þessi flokkur settur í ýmis smáverk hingað og þangað, og m. a. voru þeir lánaðir til Árna Jóhannssonar til að slá upp fyrir stoðmúrnum í gjánni. Hann tekur fram, að sökum þess, hve langt sé um liðið, muni hann þetta ekki greinilega. Hann man, að fjöldi manna í þessum vinnuflokki var mjög breytilegur. Voru menn að koma og fara og gjarnan lánaðir í önnur verk. Er verkið var svo unnið, voru við það 4—5 menn, þar af líklega 2 verkamenn og 3 smiðir, að hann best man.

Aðspurður kveðst hann álíta, að ástæðan til þess, að umrætt verk dróst á langinn, hafi verið sú, að eigendur húsanna nr. 3 og 5 við Ásbraut vildu ekki sætta sig við skerðingu á lóð sinni.

Aðspurður kveðst hann muna það, að þegar smíði mótanna við stoðmúrinn hófst, var bætt við einum tíma í næturvinnu daglega auk þess sem farið var að vinna á laugardögum.

Hann kveðst ekki muna, hve langan tíma umrætt verk tók, en þegar hann hætti í þjónustu stefnanda 15. júní 1969, var því að fullu lokið.

Steingrímur kveður, að þeir í umræddum flokki hafi alltaf haft einhver verkefni þann tíma, sem beðið var eftir að geta farið í stoðmúrinn við tengiveginn, en hann álíti, að afköst hafi verið minni en skyldi vegna tíðra verkefnaskipta.

Hólmar Bragi Pálsson, sem var verkstjóri í þjónustu stefnanda, kom fyrir dóminn 22. október 1973.

Hann skýrir svo frá, að hann hafi verið verkstjóri fyrir þeim vinnuflokki, sem ætlað var að annast framkvæmdir við gerð stoðmúrs og tengivegar meðfram húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut. Hann kveður, að upphaflega hafi framkvæmdir átt að hefjast seinni hluta júlí 1968 og þá hafi verið byrjað á uppgrefti fyrir stoðmúrnum, en eftir einn dag við það verk hafi framkvæmdum verið hætt og þær legið niðri þar til í mars eða apríl 1969 vegna ákvarðana bæjaryfirvalda. Af þessum sökum kveður hann, að vinnuflokkurinn hafi á greindu tímabili verið settur í alls konar önnur verk, meðal annars við aðra þætti heildarverksins, en nýst illa. Af þessum sökum kom það til, að mennirnir í flokknum, 10—15 talsins, dreifðust, og þegar til átti að taka í mars eða apríl 1969, þegar verkið fór í gang fyrir alvöru, voru þeir ekki allir tiltækir. Þá kveður hann, að ýmsar vinnu-

vélar, sem þessum vinnuflokki tilheyrðu, hafi nýst heldur laklega þennan biðtíma.

Aðspurður kveður hann, að þessi frestun við gerð stoðmúrsins og tengivegarins hafi verið til óhagræðis við framkvæmd IV. áfanga heildarverksins, sem m. a. hafi komið fram í aukinni næturvinnu. Hann kveður, að í verkáætlunum hafi átt að nota tengiveginn til hagræðis við framkvæmd téðs IV. áfanga.

Þegar verkið var svo framkvæmt vorið 1969, hafi m. a. 5 trésmiðir unnið við smíði stoðmúrsins, en þeir hófu störf u. þ. b. þrem vikum eftir að sjálf jarðvinnan hófst. Aðspurður kveður hann, að nefndur trésmiðaflokkur hafi ekki verið verklaus nefndan biðtíma, heldur hafi þeir verið hér og þar við ýmis verkefni í heildarverkinu, en það hafi verið oft á tíðum hálfgert fokk.

Björn Einarsson, sem var framkvæmdastjóri byggingarnefndar Hafnarfjarðarvegar í gegnum Kópavog, gaf skýrslu í þinghaldi 28. apríl 1976.

Björn kveður, að tafir á framkvæmdum við gerð stoðmúrs og tengivegar samkvæmt verksamningi við stefnanda í júlí 1968 hafi aðallega orsakast vegna andstöðu íbúanna í húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut, en þeir töldu lagningu nefnds tengivegar skipulagsleg mistök og reyndu allt, sem í þeirra valdi stóð, til að koma í veg fyrir framkvæmdina. Hann kveður, að tregar greiðslur af hálfu ríkisvaldsins hafi einnig að dálitlu leyti átt þátt í töfum. Í þessu sambandi tekur Björn fram, að verk það, sem stefnandi hafði með höndum við vegarlagninguna, hafi verið svo yfirgripsmikið, að um töf á framkvæmd verksins í heild hafi ekki verið að ræða, þótt einstakir þættir tefðust.

Aðspurður kveður Björn það hafa verið álit sitt, er verksamningurinn var gerður í júlí 1968, að fyrir hendi væri fullur framkvæmdaréttur til gerðar stoðmúrsins og tengivegarins, enda hafði þessi framkvæmd verið auglýst sem þáttur í skipulagi og plögg því viðvíkjandi legið frammi, án þess að mótmæli kæmu fram, að því er nefndarmenn töldu.

Aðspurður kveður Björn, að sér hafi ekki verið tilkynnt fyrirfram um framkvæmd sprenginga í maí 1969 né lagt fyrir hann sprengiplan, enda álítur hann, að þetta hefði átt að tilkynna og leggja fyrir umsjónarverkfræðingana Theódór Árnason og Guðmund Magnússon.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína þannig:

I. Skaðabætur vegna tafa í níu mánuði á því, að framkvæmdir við tengiveg og stoðmúr gætu hafist, nánar greinist bóta-

upphæðin svo: ..... kr. 1.230.000

1. Tap við að halda mannafla tilbúnum í 9 mánuði án vanlegra verkefna ..... — 200.000
2. Stóraukinn kostnaður vegna mikillar næturvinnu við sprengingar, gröft, mótauppslátt, járnbindingu o. fl. ..... — 80.000
3. Vegna aukins óhagræðis við framkvæmd IV. áfanga, þar sem lagning tengivegar dróst .. — 700.000
4. Vegna verulegs tekjumissis af því að þurfa að binda vélar og mannafla í umræddu verki, er verkefni tóku að aukast eftir efnahagslega lægð frá því í júlí 1968 fram á næsta vor ..... — 250.000

II. Endurheimta fjár, sem stefndi tók af innstæðu Hraðbrautar s/f, en þetta voru skaðabætur að viðbættum vöxtum og kostnaði, sem stefndi greiddi eigendum Ásbrautar 3 og 5 vegna sprunguskemmda, sem hann taldi vera af völdum stefnanda ..... — 2.010.769

III. Krafa um vexti vegna viðskipta aðilja árin 1970 og 1971 ..... — 121.234

Samtals kr. 3.362.003

Hann færir þau rök fyrir fyrsta kröfulið, að með verksamningnum frá 1. júlí 1968 hafi stefndi skuldbundið sig að tryggja verktakanum framkvæmdarétt á þeim svæðum og á þeim tíma, sem samningsgögn segi til um. Við þetta gat stefndi ekki staðið að því er varðaði lagningu tengivegar og byggingu stoðmúrs vegna atvika, er hann bar óskoraða ábyrgð á, þ. e. að skipulagsmál kaupstaðarins voru ekki komin í rétt horf í tæka tíð, en þessi mannvirkjagerð öll hafði fyrirsjáanlega mikil áhrif á skipulag bæjarins.

Fyrst þegar í óefni var komið haustið 1968, hafi bæjarstjórn gert reka að því að láta leggja fram skipulagstillögu af Hafnarfjarðarvegi gegnum Kópavog ásamt deiliskipulagstillögu af tengingum við Kársnesbraut og Nýbýlaveg. Skipulagstillagan hafi svo verið staðfest með auglýsingu félagsmálaráðuneytisins 14. mars 1969.

Af þessu leiði óvefengjanlega, að vísa verði á bug sem röngum og órökstuddum fullyrðingum stefnda um, að óviðráðanleg atvik hafi tafið framkvæmdir.

Stefnandi kveður einsýnt, að dráttur á að geta hafið framkvæmdir sé í sjálfu sér almennt til þess fallinn að valda verktaka tjóni. Röskun á einum verkþætti sé einnig vís til að valda röskun á öðrum. Hér sé um svo verulegan drátt að ræða, að óhugsandi sé að komast hjá tjóni. Í þessu sambandi tekur stefnandi fram, að óvissa hafi ríkt um byrjun framkvæmda alla þessa níu mánuði. Því hafi ekki verið hægt að taka álitlegum verkefnum og binda þann mannafla og vélar, sem átti að nota við stoðmúrinn og tengiveginn.

Svo sem sundurgreining bótafjárhæðar beri með sér, kveður stefnandi tjón sitt verða rakið til fjögurra meginatriða. Hefur hann gert nánari grein fyrir þessum atriðum í skjölum málsins og í munnlegum málflutningi, en þá komu fram tölulegar röksemdir til stuðnings þætti nr. 2. Hann vísar á bug því, sem stefndi heldur fram, að kröfugerð samkvæmt þessum lið sé vanreifuð, en synjar ekki fyrir það, að beita verði mati í vissum skilningi við ákvörðun bóta sökum tjónsins, sem sannanlega hafi orðið.

Kröfu sína um endurheimt þess fjár, sem stefndi greiddi eigendum Ásbrautar 3 og 5 sem skaðabætur fyrir tjón af völdum sprenginga og gerði síðan stefnanda reikning fyrir og innheimti með skuldajöfnuði, styður hann fyrst og fremst með því, að alls ósannað sé, að sprungurnar í umræddum húsum og tjón af þeirra völdum stafi af sprengingum í tengivegar- og stoðmúrsstæðinu. Reyndar megi ganga svo langt að fullyrða, að sannað sé, að fræðilegur ómöguleiki sé fyrir því, að sprungurnar séu af völdum sprenginganna.

Hann vísar á bug sem röngum niðurstöðum yfir- og undirmatsmanna um orsakir greindra sprungna og ýmsum öðrum ályktunum þessara manna, svo sem um bergstuðul, sprengingar þær, sem taldar hafa farið yfir hámarkssveifluhæð samkvæmt útboðslýsingu, áhrifum jarðskjálftans 5. desember 1968 og öðrum atriðum, sem brjóti í bága við málsútlistun hans.

Um bergstuðulinn kveður hann öll framkomin gögn hníga að því, að hann sé K-750, en ekki K-800, svo sem byggt sé á í matsgerðum. Beri því að telja sveifluhraða sprenginganna 7. og 8. maí 1969 minni en í yfirmatsgerð greini.

Þá sé ekki sannað, að ofangreindar sprengingar hafi verið næst húsunum. Þar af leiðandi sé heldur ekki bókstaflega sannað, að sveifluhæð hafi farið yfir 150 μ

Þótt svo yrði litið á, að sprungutjónið í húsunum hefði að einhverju eða að verulegu leyti orsakast af völdum sprenginganna, þá sé stefnanda eigi skylt að bæta fyrir það, þar sem tjónið verði ekki með réttu rakið til neinna mistaka af hálfu stefnanda eða starfsmanna hans. Í þessu sambandi sé vert að vekja athygli á því, að eigendur umræddra húsa hafi aldrei haldið því fram, að Hraðbraut s/f beri ábyrgð á sprungutjóninu, enda hafi þeir einvörðungu beint kröfum sínum á hendur Kópavogskaupstað. Undirmatsmennirnir hafi einungis verið beðnir um að meta tjónið, sem matsbeiðendur fullyrtu, að orsakast hefði af sprengingunum, en matsmennirnir hafi ekkert sagt um það, hver ætti sök á því, að sprengingarnar ollu tjóni á húsunum, eða hvort um sök væri að ræða. Hins vegar gefi yfirmatsmennirnir ótvírætt til kynna, óumbeðið að því er virðist, að um aðgæsluskort hafi verið að ræða af hálfu Hraðbrautar s/f, sem hafi komið fram með þeim hætti, að sprengikrafturinn varð of mikill. Þessu atriði yfirmatsgerðarinnar sé eindregið andmælt og vísist um það efni til skýrslu Dyno Industrier A/S á dskj. nr. 41, sem sé undirrituð af sprengiefnasérfræðingnum A. B. Vagstein, en þar sé um að ræða mann, sem hafi mun meiri þekkingu og reynslu í þessum efnum heldur en yfirmatsmennirnir. Bendir stefnandi og á skýrslu Vagstein fyrir dómi.

Samkvæmt framangreindu verði að telja, að hafi sprengingarnar valdið tjóni á húsunum, þá sé orsakanna að leita í því annað hvort, að tjónið hafi verið óhjákvæmilegt, þ. e. að eigi hafi verið unnt að sprengja fyrir stoðmúr og vegarstæði án þess að eiga á hættu að valda spjöllum á nærliggjandi húsum, einkum ef þau voru ekki traustlega byggð, ellegar að tjónið stafi af mistökum verkkaupa, Kópavogskaupstaðar, er vanrækti að hafa ábyrgan eftirlitsmann til staðar til að samþykkja sprengiaðferðir, vanrækti að setja upp skjálftamæli (vibrograf) og lét einungis mjög losaralega skoðun fara fram á húsunum 7—8 mánuðum áður en sprengingarnar hófust, en engin skoðun hafi átt sér stað á tímabilinu frá jarðskjálftanum 5. desember 1968, þar til byrjað hafi verið að sprengja. Þannig fullnægði stefndi eigi ákvæðum útboðsgagna, sbr. dskj. nr. 5, liðir 2.9. og 3.43.1. Hvort heldur tjónið af völdum sprenginganna megi rekja til þess, að ómögulegt hafi verið að forðast það, eða til vanrækslu af hálfu stefnda, þá beri Kópavogskaupstaður einn ábyrgð á því, enda verði að skilja ákvæði útboðs- og verklýsingar um ábyrgð verktakans á hugsanlegu tjóni vegna sprenginga þannig,

að þar sé aðeins átt við tjón, sem leiði af mistökum verktakans eða starfsmanna hans.

Út af tjónbótum þeim, sem hér sé um deilt, hafi risið málaferli milli eigenda Ásbrautar 3—5 og Kópavogskaupstaðar, og lyktaði þeim með dómssátt. Eigi verði séð, að lögmaður Kópavogskaupstaðar hafi haft uppi neinar varnir í málinu aðrar en þær að biðja um yfirmat, af því honum þótti skaðabótaupphæðin of há, en hins vegar hafi ekki verið bornar fram neinar varnir gegn bótaskyldunni. Hraðbraut s/f hafi að vísu verið boðið að taka að sér rekstur málsins, „enda skuldbindi Hraðbraut s.f. eða tryggingarfélag þess sig til þess að greiða eigendum húsanna þær bætur, sem dæmdar kunna að verða, ásamt kostnaði", eins og segi í bréfi bæjarstjórans í Kópavogi, dags. 21. júlí 1971. Hraðbraut s/f vildi gjarnan taka að sér málsvörn, en bara með því skilyrði, að félagið yrði málsaðili. Þessu skilyrði hafi aldrei verið fullnægt, þar sem eigendur Ásbrautar 3—5 beindu kröfum sínum einvörðungu að Kópavogskaupstað og voru ófáanlegir til annars, en Kópavogskaupstaður á hinn bóginn stefndi ekki Hraðbraut s/f til meðalgöngu í málinu. Er og ljóst af málavöxtum, að hagsmunir Kópavogskaupstaðar og Hraðbrautar s/f þurftu alls ekki að fara saman í þessum efnum, og að útilokað var, að Hraðbraut s/f teldi sig skuldbundin til að greiða dómkröfu á hendur Kópavogskaupstað, enda ekki bundin af dómi, hefði hann gengið.

Skaðabótakrafan, sem Kópavogskaupstaður sættist á að greiða eigendum Ásbrautar 3—5, hafi numið að höfuðstól samkvæmt yfirmatsgerðinni kr. 1.103.130. Með kostnaði og vöxtum til viðbótar hafi Kópavogskaupstað næstum því tekist að tvöfalda þessa upphæð og nemi hún kr. 2.010.769, en þar af séu greiðslur til matsmanna og lögfræðinga samtals kr. 761.750, sem sé langt úr hófi fram.

Stefnandi kveður viðskipti málsaðilja vegna verkframkvæmdanna, er í máli þessu greini, hafi hjá Kópavogskaupstað verið bókfærð á tvo viðskiptareikninga. Annars vegar á viðskiptareikning nr. 32—3 og hins vegar á viðskiptareikning 13—3. Virðist fyrrgreindi reikningurinn hafa verið aðalreikningur, en hinn síðarnefndi eins konar aukareikningur.

Vaxtakrafan, sem hér sé fram borin samkvæmt 3ja kröfulið, sé tvíþætt. Í fyrsta lagi sé gerð krafa um vexti af viðskiptareikningi nr. 13—3 fyrir árin 1970 og 1971, að fjárhæð kr. 87.928.80, sbr. dskj. nr. 38. Kópavogskaupstaður greiddi slíka vexti af viðskiptareikningi nr. 32—3 fyrir þessi ár og sé óskiljanlegt, hvers

vegna hann telji, að viðskiptareikningur nr. 13—3 eigi á sama tíma að vera vaxtalaus.

Í öðru lagi sé krafa um vexti af vaxtamismun, þ. e. vaxtavexti á árinu 1971, að fjárhæð kr. 33.305.90, sbr. dskj. nr. 37. Af vaxtainnstæðum þeim, sem færast áttu Hraðbraut s/f til tekna í ársbyrjun 1971 á framangreindum viðskiptareikningum, beri að reikna vexti á árinu 1971 á sama hátt og af öðrum innstæðum á reikningum þessum. Sé slíkt eðlilegt í reikningsviðskiptum, þar sem vextir séu færðir um hver áramót.

Framantaldar vaxtakröfur að fjárhæð kr. 87.928.80 og kr. 33.305.90 nemi samtals kr. 121.234, en það sé upphæð kröfu samkvæmt þessum lið.

Um lið I í kröfugerð stefnanda heldur stefndi því fram, að dráttur sá, sem varð á því, að framkvæmdir gætu hafist við gerð stoðmúrs og lagningu tengivegar, hafi orðið vegna óviðráðanlegra atvika, sem hann hafi með engu móti getað ráðið við. Eigendur húsanna nr. 3 og 5 við Ásbraut hafi lýst því yfir, að þeir mundu fá lagt lögbann við þessum framkvæmdum, og höfðu jafnfram uppi tilburði til að hindra verkið í reynd. Eftir 17. gr. verksamningsins skyldu slíkar óviðráðanlegar tafir eigi skapa aðilja rétt til skaðabóta eða annarra viðurlaga úr hendi gagnaðilja.

Stefndi kveður alls ósannað mál, hvort stefnandi hafi nokkurt tjón beðið af völdum þessara tafa, sem vörðuðu lítinn hluta I. áfanga, sbr. útboðslýsingu. Hafi stefnandi getað beitt mannskap sínum og vélum í öðrum verkþáttum svo og aukaverkum. Beri því þegar af þessari ástæðu að sýkna af þessum kröfulið.

Verði á hinn bóginn mót von sinni eigi á það fallist, að stefnandi hafi verið skaðlaus sökum tafanna, þá liggi það í augum uppi, að stefnandi hafi alls ekki sannað eða gert rökstudda grein fyrir upphæð einhvers tjóns. Sé því bótakrafan samkvæmt þessum kröfulið svo vanreifuð, að hún geti alls ekki talist dómhæf.

Stefnandi (sic) byggir kröfu sína um sýknu af 2. lið kröfugerðar stefnanda fyrst og fremst á framlögðum matsgerðum, sér í lagi yfirmatsgerðinni. Hann bendir á, að yfirmatsmenn hafi að sjálfsögðu framkvæmt vandaða og ítarlega rannsókn á styrkleika og krafti sprenginganna, sem Hraðbraut s/f framkvæmdi, svo og hafi þeir kynnt sér framkvæmdaaðgerðir verktakans við sprengingarnar. Jafnframt hefðu yfirmatsmenn fjallað á hlutlægan hátt um gildi ýmissa sönnunargagna varðandi orsakir sprungnanna.

Við þessar hlutlausu athuganir matsmanna hafi upplýst ýms-

ar staðreyndir, sem í sjálfu sér sýni svart á hvítu, að vítaverður aðgæsluskortur hafi átt sér stað af hálfu Hraðbrautar s/f við framkvæmd sprenginganna, án þess þó að matsmenn væru í sjálfu sér að taka afstöðu til þess, hvort um aðgæsluskort hefði verið að ræða. Matsgerðin sé að sjálfsögðu algerlega bindandi sönnunargagn um þessi atriði, en eftirfarandi atriði, sem fram komi í matsgerðinni og séu fullsönnuð með henni, telur stefndi veigamikil:

1. Að sprunguúttektin frá 1968 hafi fullt sönnunargildi um ástand hússins nr. 3—5 við Ásbraut, áður en sprengingar hófust í byrjun maí 1969.
2. Að jarðskjálfti sá, sem átti sér stað 5. deember 1968, hafi ekki orsakað sprunguskemmdir á húsinu nr. 3—5 við Ásbraut.
3. Að verksali tilkynnti eigi um fyrirhugaðar sprengingar í maíbyrjun 1969 né lagði fram sprengiplan.
4. Að sprungur þær og sprungustækkanir, sem staðreyndar voru eftir sprengingarnar, en eigi er getið um í úttektinni frá 1968, hafi orsakast af sprengingum fyrir stoðmúr og götustæði hinn 7. og 8. maí 1969.
5. Að orsök sprungnanna sé einvörðungu sú, að verksali hafi farið að sprengistyrkleika upp fyrir hámark 150 μ, sem leyfilegt var samkvæmt útboðslýsingu, dagana 7. og 8. maí 1969, en í því atriði sé fólgið vítavert gáleysi.
6. Að verksali hafi alls ekki gætt sérstakrar varúðar, er hann sprengdi í nágrenni húsanna nr. 3—5 við Ásbraut.

Heildarniðurstöður yfirmatsins hafi verið þær, að bótaskylt tjón á húsunum nr. 3—5 við Ásbraut, var metið kr. 1.013.130, og orsök tjónsins var alfarið talin sprengingar fyrir stoðmúr og götustæði tengivegar við húseignina.

Með stefnu, dagsettri 20. júní 1970, höfðu eigendur Ásbrautar 3—5 hafist handa um málshöfðun á hendur Kópavogskaupstað og stefnt til greiðslu á niðurstöðutölu undirmatsgerðarinnar kr. 1.555.630 auk málskostnaðar, en með tilkomu yfirmatsgerðar lækkaði krafa þessi til samræmis við niðurstöðutölu hennar.

Með tilliti til hinnar vandlega unnu yfirmatsgerðar, sem hafi tekið af allan vafa um réttarstöðu málsaðilja hvors um sig, hafi verið algerlega þýðingarlaust og eingöngu til kostnaðarauka að halda uppi frekari vörnum í máli því, sem tekið var fyrir á bæjarþingi Kópavogs. Hins vegar var talið eðlilegt að benda Hraðbraut s/f á að halda málinu áfram sem sjálfstæður málsaðili eða f. h. Kópavogskaupstaðar. Þessari ábendingu, sem var formlega

sett fram í bréfi, dags. 21. júlí 1971, hafi í engu verið sinnt eða ansað af stefnanda.

Hinn 17. nóvember 1971 hafi Kópavogskaupstaður notað sáttarfjárhæðina ásamt öðrum áföllnum kostnaði vegna málareksturs í þessu sambandi, samtals kr. 2.010.769, til skuldajafnaðar við inneign Hraðbrautar s/f á viðskiptamannareikningi fyrirtækisins hjá Kópavogskaupstað, en inneign þessi samanstóð af ýmsum samþykktum liðum.

Stefndi dregur saman að lokum aðalröksemdir sínar fyrir því, að stefnandi beri ábyrgð gagnvart sér á sáttarupphæðinni ásamt öllum kostnaði, eins og hér fer á eftir:

1. Eigi sé nokkrum vafa undirorpið, að samkvæmt ákvæðum útboðslýsingar, sbr. 2.9., 2.11. og 3.4.3., hafi verksali skuldbundið sig með verksamningi til að greiða allt það tjón, sem hann kynni að valda þriðja aðilja við framkvæmd sprenginga vegna verksins, án tillits til þess, hvort um sök væri að ræða af hans hálfu eða eigi. Orðalag tilvitnaðra greina taki af allan vafa um, að ábyrgð verksala sé aðeins bundin við, að orsakasamband sannist milli sprenginga og tjóns, en alls ekki bundin við sök. Til þessa atriðis hafi verksali getað tekið fullt tillit við gerð tilboðs, enda hafi verksala borið að kaupa ábyrgðartryggingu á verk sitt fyrir tjóni, sem hann kynni að valda þriðja aðilja samkvæmt 2.12. Samkvæmt þessu hafi verksali því borið hlutlæga ábyrgð á tjóni því, sem orðið hafi af völdum sprenginga fyrir stoðmúr og götustæði tengivegar á fjölbýlishúsinu Ásbraut 3—5.

2. Með því að tilkynna eigi forsvarsmönnum kaupstaðarins um fyrirhugaðar sprengingar í byrjun maí 1969, og með því að leggja ekki fram sprengiplan fyrir sprengingar þessar þrátt fyrir skýr ákvæði útboðslýsingar hafi Hraðbraut s/f algerlega komið í veg fyrir, að gagnaðili gæti rækt samningsskyldur sínar af hendi varðandi þetta atriði. M. a. hafi eftirlitsmenn ekki átt þess kost að synja þess, að fyrirhugaðar sprengingar yrðu framkvæmdar vegna of mikils styrkleika. Ekki heldur að gera nokkrar öryggisráðstafanir af sinni hálfu né að koma upp mælitækjum í því skyni að staðreyna styrkleika sprenginganna og þar með hættueiginleika þeirra. Með svo stórfelldum samningsrofum hafi Hraðbraut s/f að fullu og öllu fellt á sig sönnunarbyrði um tvö eftirtalin atriði:

a) Að sprungur þær, sem var að finna á fjölbýlishúsinu Ásbraut 3—5 eftir framkvæmd sprenginganna fyrir 9. maí

og ekki geti um á sprunguúttektinni frá 1968, hafi ekki orsakast af sprengingum Hraðbrautar s/f fyrir 9. maí.

b) Að Hraðbraut s/f hafi eigi sýnt af sér bótaskyldar athafnir eða bótaskylt athafnaleysi við framkvæmd sprenginganna fyrir 9. maí 1969.

Hvorugt þessara atriða hafi verið afsannað og beri fyrirtækið því einnig af þessari ástæðu ábyrgð á kröfum þeim, sem notaðar voru til skuldajafnaðar.

3. Það sé fullsannað mál, að dagana 7. og 8. maí 1969 hafi stefnandi valdið bótaskyldu tjóni á fjölbýlishúsinu Ásbraut 3—5 með því, að sprengikraftur við sprengingar fyrir framan húsið hafi farið að sprengistyrkleika upp fyrir það hámark, 150 μ, sem leyfilegt var samkvæmt útboðslýsingu (3.4.3.), sem óhagganlega teljist saknæmt og bótaskylt atferli gagnvart kaupstaðnum á grundvelli fyrirliggjandi verksamnings og gagnvart eigendum Ásbrautar 3—5 án tillits til samnings.

Öll þessi atriði séu sönnuð á fullnægjandi hátt með yfirmatsgerðinni.

Því er mótmælt, að umrædd hús hafi ekki verið traustlega byggð. Hafi þau verið reist undir eftirliti byggingarfulltrúa og fullnægi í öllu tilliti styrkleikakröfum byggingarsamþykktar. Á hinn bóginn sé rétt á það að benda, að verksala hafi borið að kynna sér rækilega ástand greindra húsa og sýna sérstaka aðgæslu við sprengingarnar með tilliti til nefndra atriða, en þetta hvort tveggja hafi hann látið undir höfuð leggjast.

Því er jafnframt mótmælt, að Kópavogskaupstaður hafi með skriflegu samkomulagi skuldbundið sig til þess að bæta eigendum Ásbrautar 3—5 væntanlegt tjón vegna sprenginga. Með yfirlýsingu þeirri, sem stefnandi vitni til, sé aðeins verið að staðfesta, að Kópavogskaupstaður beri ábyrgð á framkvæmdum verktakans Hraðbrautar s/f gagnvart eigendum Ásbrautar 3—5, sem ekki feli í sér breytingu á þeirri réttarstöðu, sem fyrir hendi hafi verið.

Jafnframt sé talað um bætur samkvæmt mati eða dómi og sé því alls ekki um neina skuldbindingu að ræða umfram það, sem Kópavogskaupstaður hafi verið skyldur til lögum samkvæmt.

Greiðslu vaxta af innstæðu á viðskiptareikningi 13—3 er alfarið mótmælt, þar sem alls ekki tíðkist að greiða vexti af slíkum hlaupandi viðskiptum, nema sérstaklega sé um slíkt samið. Á viðskiptareikning nr. 32—3 séu færð öll viðskipti Hraðbrautar s/f vegna lagningar Hafnarfjarðarvegar, en um það samdist, að

vextir yrðu reiknaðir á þessi viðskipti. Hins vegar hafi önnur viðskipti Hraðbrautar s/f við Kópavogskaupstað verið bókfærð á viðskiptareikning nr. 13—3 og hafi aldrei staðið til að reikna vexti á þau viðskipti frekar en önnur hlaupandi viðskipti venju samkvæmt.

Kröfu um vaxtavexti er synjað, þar sem ekki hafi verið samið um slíka vexti og jafnframt á þeirri forsendu, að hér sé um ólögmæta vexti að ræða samkvæmt lögum nr. 58/1960.

Forsendur og niðurstaða.

I. Eigi verður á það fallist, að tafir þær, sem urðu á því, að stefnandi gæti hafið framkvæmdir við lagningu tengivegar og byggingu stoðmúrs, hafi orðið sökum óviðráðanlegra atvika. Allt, sem fram er komið um þetta efni, sýnir, svo ekki verður um villst, að það var á færi bæjaryfirvalda að tryggja framkvæmdaréttinn, en ekki var hafist handa um það, fyrr en í óefni var komið.

Samkvæmt eðli máls var það stefnda að tryggja framkvæmdarétt í seinasta lagi við undirritun verksamnings og að því gerðu bein samningsskylda.

Með því að það brást og tafði ofannefndan verkþátt í fulla níu mánuði, hefur stefndi fellt á sig sök og bótaskyldu gagnvart stefnanda, en dómurinn álítur, að byggja beri á því, að tafirnar hafi valdið stefnanda (móðurfélögunum) fjárhagstjóni.

Að ofan er rakið, hvernig stefnandi sundurgreinir bótakröfu sína samkvæmt 1. lið kröfugerðar sinnar.

Rökstuðningur hans varðandi 2. þátt, þ. e. aukinn kostnaður vegna yfirvinnu og nætur- og helgidagavinnu, þykir vera fullnægjandi og svo í hóf stillt, að rétt þykir að taka hann til greina að fullu.

Um hina þættina þrjá verður að telja, að þar sé rökstuðningur ekki jafnskýr, en samt verður ekki fallist á, að kröfugerðin sé að því leyti vanreifuð og ódómhæf.

Samkvæmt eðli máls hlýtur að verða að beita mati við ákvörðun bóta, svo sem málið er vaxið.

Þykir rétt að ákvarða bætur í einu lagi fyrir þætti 1, 3 og 4 og þá tekið fram, að kröfur samkvæmt 1. og 4. þætti sýnast reistar á sama grunni að heita má.

Þegar þetta er virt, sem nú hefur verið sagt, og annað það, sem hér þykir skipta máli, þykja bætur hæfilega ákveðnar kr.

300.000 eftir nefndum þremur liðum. Verður því stefndi dæmdur til greiðslu samtals kr. 380.000 eftir 1. lið kröfugerðarinnar.

II. Eftir málsreifun aðilja og málflutningi er deilt um réttmæti skuldajafnaðarkröfu bæjarsjóðs á hendur stefnanda út af skaðabótum til eigenda Ásbrautar 3 og 5 vegna sprungutjóns einungis að því leyti, hvort sprungurnar verði raktar til sprenginga stefnanda eða ekki. Telur stefndi kröfuna gilda, ef orsakasamband sannist, burt séð frá sök, en stefnandi heldur því fram, að sök verði að vera fyrir hendi.

Verður nú fjallað um þau atriði, sem helst teljast ráða úrslitum um þetta álitaefni.

Stefnandi heldur því fram um sprunguskráningarnar þrjár s. s. haustið 1968, í maí 1969 og þá, sem undirmatsmenn gerðu, að hin fyrsta hafi verið léleg, enda gerð í aukavinnu á aðeins tveimur kvöldum, sú í maí 1969 hafi verið góð og hin þriðja og síðasta hafi verið mjög góð.

Stefndi andmælir þessu eindregið og kveður hina fyrstu ekki síðri en hinar tvær og hafi því fullt sönnunargildi um ástand húsanna, áður en sprengingar hófust.

Það er álit dómsins, að stefnandi hafi fært mjög veigamikil rök fyrir staðhæfingum sínum í þessu efni og sýnt fram á umtalsverðar líkur fyrir þeim, en varhugavert þykir samt að telja, að honum hafi tekist að hnekkja fyrstu sprunguskráningunni.

Fram til ársins 1976 höfðu litlar sem engar rannsóknir farið fram hér á landi á yfirborðshröðun jarðskjálfta, en þá voru fyrstu mælitækin í þessu skyni sett upp.

Það er skoðun dómsins, byggð á áliti hinna sérfróðu meðdómenda, að mjög erfitt sé að giska á eða meta áhrif jarðskjálftans 5. desember 1968 í Kópavogi. Sé slíkt varla á færi nokkurra sérfræðinga um þetta efni nema með mjög mikilli vinnu, sérstökum mælingum og útreikningum varðandi þennan jarðskjálfta með tilliti til Kópavogs. Jafnvel eftir slíka vinnu yrðu niðurstöður ekki fullkomlega áreiðanlegar.

Þetta, sem nú er sagt, dregur úr gildi umsagnar Ragnars Stefánssonar jarðskjálftafræðings og framburðar hans fyrir dóminum. Reynsla af þessum desemberjarðskjálfta er í mótsögn við álit Ragnars, svo sem fram kemur í skýrslu yfirmatsmannsins Sigurðar Helgasonar múrarameistara í þinghaldi 21. maí 1973.

Þegar þetta er virt, verður að telja, að matsmenn, sérstaklega yfirmatsmenn, leggi allt of mikið vægi í álit Ragnars, hvað varðar hugsanlegar sprungumyndanir í umræddum húsum af völd-

um jarðskjálftans, en Ragnar hefur ekki sérþekkingu á því sviði að meta áhrif jarðskjálfta á byggingarmannvirki.

Síðastliðið vor náðist mæling á yfirborðshröðun jarðskjálfta við Kröflu af stærð ca 3 á kvarða Richters. Reyndist mesta hröðun (flýtni), lárétt, vera um 64 cm/sek^2.

Ragnar Stefánsson telur hins vegar, að mesta hröðun jarðskjálftans í desember 1968 í Kópavogi hafi ekki verið meiri en 5—10 cm/sek^2. Áhrif þessara tveggja jarðskjálfta, eins og þau fundust af fólki, virðast þó svipuð.

Ef um sprungumyndanir af völdum jarðskjálftans væri að ræða, mundu þær að öðru jöfnu verða jafndreifðar um bæði húsin.

Það er skoðun dómsins, byggð á áliti hinna sérfróðu meðdómenda, að þegar það sé virt, sem nú hefur verið rakið, verði eigi talið unnt á nokkurn hátt að útiloka, að jarðskjálftinn 5. desember 1968 hafi ekki orsakað neinar sprungur í nefndum húsum. Verður því að telja ályktanir matsmanna, bæði við undir- og yfirmat, rangar í þessu tilliti.

Þegar hafður er í huga aðdragandi þess, að sprengingar hófust í maí 1969, og aðstæður allar, verður að telja, að óvarlega hafi verið að þeim staðið af stefnanda hálfu, bæði almennt séð og sérstaklega með hliðsjón af ákvæðum verksamningsins að þessu lútandi. Engar tilraunasprengingar voru gerðar né reynt að koma fram mælingum á bergstuðli eða öðrum sveiflumælingum. Ekki var tilkynnt til eftirlitsmanna um, hvenær verkið hæfist, né lagt fram svokallað sprengiplan. Á hinn bóginn er þetta ekki frábrugðið því, sem gengur og gerist um svona framkvæmdir hér á Reykjavíkursvæðinu. Verður þó að meta þessi atriði stefnanda til óhags, er sönnunarstaða aðilja er ákveðin varðandi bergstuðul og áhrif sprenginganna.

Að hinu leytinu virðist mega draga þá ályktun af málsgögnum, að mikils taugaóstyrks hafi gætt vegna sprenginganna, einkum hjá íbúðum nefndra húsa. Verður það ekki talið óeðlilegt, svo sem í pottinn var búið.

Eftir kvartanir íbúanna eru teknar lögregluskýrslur af sumum þeirra. Verður að fallast á það með stefnanda, að þær hafi takmarkað sönnunargildi.

Í framhaldi af þessu er ráðist í nýja sprunguskráningu. Eins og áður er sagt, eru færð fyrir því veigamikil rök og líkur, að sú skráning hafi verið ítarlegri heldur en sú upphaflega, þótt ekki þyki fært að byggja á því sem sannaðri staðreynd.

Telja verður sannað, að sprengingarnar 7. og 8. maí 1969 hafi farið fram úr leyfilegum mörkum í verksamningi, þó eigi í verulegum mæli, þótt miðað sé við bergstuðul K-800. Svo sem málið er vaxið, verður stefnandi að bera hallann af óvissu um bergstuðul.

Þegar gögn þau eru virt, sem fyrir liggja um sprengingar stefnanda og hér um ræðir, svo sem skýrslu og vitnisburð A. B. Vagstein yfirverkfræðings, fyrirliggjandi matsgerðir og annað það, sem hér telst hafa þýðingu, m. a. fræðirit um sprengingar og áhrif þeirra á fólk og mannvirki, verður eigi talið unnt að útiloka, að einhverjar sprungumyndanir í greindum húsum hafi orðið af völdum sprenginganna í maí 1969. Eigi er fært að ákveða með öryggi nákvæmlega, hve miklar og hve umfangsmiklar.

Vert er að taka fram og leggja áherslu á, að áhrif sprenginganna dvína mjög hratt með vaxandi fjarlægð frá sprengistað og tíma. Á þetta einkum við um hátíðnibylgjur sem þær, er framkallast af völdum sprenginga í berggrunni, en tíðni þeirra er 40—150 Herz, sem þýðir mjög mikla sveifludeyfingu í bergi og steinsteypu. Um sveiflusamsvörun húsanna og sprengjubylgjanna er vart að ræða.

Það er niðurstaða dómsins að athuguðu því, sem ofan er rakið, að telja verði svo líklegt, að við það verði að miða, að sprungna hafi gætt af völdum hinna umdeildu sprenginga á takmörkuðu svæði næst sprengistöðum.

Varðandi ummæli yfirmatsmannsins Guðmundar Einarssonar í þinghaldi 5. nóvember 1973 þykir rétt að lýsa því áliti dómsins, að þótt jarðskjálfti geti skekið hús, eins og hér um ræðir, á grunni í heild sinni, þá geti vart verið um slíkt að ræða af völdum bylgjuhreyfinga þeirra sprenginga, sem hér um ræðir. Við sprenginguna myndast bylgjuskil (frontur), sem breiðast út í allar áttir í jarðveginum. Þegar þessi skil ná húsinu, breiðast þau yfir það á sama hátt. Við bylgjuskilin og innan þeirra, þ. e. nær sprengistað, eru efnisagnir hússins á hreyfingu, en utan þeirra eru þær hreyfingarlausar. Það er ekki fyrr en bylgjuskilin hafa náð yfir allt húsið, að hugsanlega geti verið um hreyfingu alls hússins að ræða. Nú hafa bylgjurnar dvínað bæði með vaxandi fjarlægð frá sprengistað og einnig vegna tíma. Því eru áhrif bylgjanna næst sprengistað nánast horfin, þegar bylgjuskilin hafa umlokið allt húsið. Þannig getur húsið vart hreyfst í heild sinni gagnstætt því, sem gerist í jarðskjálfta, þar sem öll jörðin hreyfist á stóru svæði.

Niðurstaða dómsins um orsakir sprungumyndana í húsunum Ásbraut 3—5 er því sú, að fræðilegur ómöguleiki sé fyrir því, að þær verði raktar nema að takmörkuðu leyti til sprenginga stefnanda í maí 1969.

Eins og málið er lagt hér fyrir, telur dómurinn, að um þetta verði að beita mati á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Þegar það er metið, sem nú hefur verið sagt, og annað það, sem hér þykir skipta máli, er það niðurstaða dómsins, að ekki minna en 40% af sprungumyndunum í húsunum nr. 3 og 5 við Ásbraut verði raktar til sprenginga stefnanda, en allt að 60% þeirra hljóti að vera tilkomnar af öðrum orsökum. Við úrlausn málsins að þessu leyti verður miðað við þessi hlutföll.

Ber því að dæma stefnanda 60% af skuldajafnaðarkröfunni úr hendi stefnda, er dregnar hafa verið frá henni þær kr. 15.604, sem stefndi kveður ranglega innifaldar, að viðbættum nefndum kr. 15.604, eða kr. 1.212.700 með vöxtum, svo sem krafist er.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er ekki fallist á mótmæli stefnanda varðandi mats- og málskostnaðarþætti skuldajafnaðarkröfunnar.

III. Í þriðja kröfulið krefur stefnandi vaxta úr hendi stefnda vegna viðskipta á árunum 1970 og 1971, annarra en þeirra, sem fjallað er um í verksamningi 1. júlí 1968 og viðbótarverksamningi 12. júlí 1968, en í þeim eru sérstök ákvæði um vexti.

Eigi þykja vera nein efni til að taka þessa kröfu til greina, enda hefur stefnandi eigi sýnt fram á, að hún eigi sér grundvöll í einhverjum samningum aðilja, né verður talið, að viðskiptavenja á þessum tíma veiti henni stoð. Verður því stefndi sýknaður að þessu leyti.

Heildarniðurstaða er þá sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 380.000 + 1.212.700, eða samtals kr. 1.592.700 með vöxtum, svo sem í stefnu greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 285.000.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni héraðsdómara ásamt meðdómendunum Júlíusi Sólnes prófessor og Páli Sigurjónssyni byggingaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Kópavogs, greiði stefnanda, Hraðbraut s/f, kr. 1.592.700 með 9% ársvöxtum frá 11. febrúar 1972 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi

til greiðsludags, og kr. 285.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júní 1980.

Nr. 98/1978. **Kjartan Jónsson**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Veiðifélagi Þverár
(Gunnar Helgason hdl.).

Leigusamningur. Verðtrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í aðalsök í héraði og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Í gagnsök í héraði krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér 1.921.276 krónur með 13% ársvöxtum frá 7. júní 1975 til 15. júní 1979 og með dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi, þ. e. 34.5% ársvöxtum frá 15. júní 1979 til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda í þessum þætti málsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir eigi athugasemdir við breytta kröfugerð áfrýjanda að því er tekur til vaxta.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þ. á m. reikningar stefnda fyrir árin 1976, 1977 og 1978.

I.

Aðalsök í héraði.

Stefndi reisir kröfur sínar á hendur áfrýjanda á skuldayfirlýsingu hans frá 13. september 1975, sem tekin er upp í héraðsdómi. Viðurkennir áfrýjandi í yfirlýsingunni að skulda stefnda 2.380.000 krónur og lofar að greiða þá fjárhæð í tveimur áföngum, eina milljón krónur 1. október 1975 og 1.380.000 krónur 25. nóvember s. á. Yfirlýsing þessi á rætur að rekja til leigusamnings aðiljanna frá 6. nóvember 1971 um laxveiði á vatnasvæði stefnda árin 1972—1975 með sérákvæði um árið 1976. Leigugjöld fyrir árin 1972—1974 voru gerð upp án ágreinings, að því er ráða má af gögnum máls og málflutningi hér fyrir dómi. Ágreiningsefni aðilja í máli þessu varða hins vegar uppgjör leigunnar fyrir árið 1975 og ýmis skipti þeirra, er tengjast leigusamningnum.

Í leigusamningi þessum er svofellt ákvæði: „Leigugjaldið hækkar sjálfkrafa í samræmi við hækkanir, sem verða kunna á verði bandaríkjadollars í íslenskum krónum og fram eru komnar fyrir umsaminn gjalddaga (20. maí) hverju sinni".

Ágreiningslaust er, að stofnleigugjaldið nam árið 1975 5.5 milljónum króna, en með álagi, er tók mið af gengi bandaríkjadollars, nam það 9.545.454 krónum. Er ágreiningslaust, að sú fjárhæð sé rétt reiknuð samkvæmt gengisákvæði samningsins, en svo sem í héraðsdómi greinir, ber áfrýjandi brigður á lögmæti þess andspænis 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966.

Samkvæmt reikningsgerð stefnda bar áfrýjanda að greiða honum vegna samningsskipta þeirra árið 1975 þessar fjárhæðir:

1. Ársleigu 1975	9.545.454	krónur
2. Húsaleigu fyrir húsið Víghól 1975	350.000	—
3. Umsamda vexti fram til 13. september 1975	69.522	—
Alls	**9.964.976**	krónur

Greiðslur áfrýjanda til stefnda vegna leigugjalds ársins 1975 eru þessar:

1.	Peningagreiðslur á tímabilinu 22. maí 1975 til 14. ágúst s. á., alls	5.200.000 krónur
2.	Reikningar áfrýjanda, er stefndi veitti viðtöku 24. maí 1975 og viðurkennir, að koma eigi upp í leigugjöld	1.191.318 —
3.	Reikningar áfrýjanda, sem stefndi tók gilda 13. september 1975	1.063.658 —
4.	Stefndi viðurkennir skyldu sína til að endurgreiða áfrýjanda upp í aðra framlagða reikninga samtals	130.000 —
		Alls 7.584.976 krónur

Mismunur á niðurstöðutölum þessum nemur 2.380.000 krónum, og er það sú fjárhæð, sem stefndi taldi áfrýjanda skulda sér, þegar uppgjör fór fram hinn 13. september 1975, en það er jafnframt sú fjárhæð, sem greinir í yfirlýsingu áfrýjanda nefndan dag.

Áfrýjandi andæfir kröfum stefnda með vísan til þess, svo sem greint var, að gangisákvæði í framangreindum samningi málsaðilja 6. nóvember 1971 sé að vettugi virðandi, þar sem það gangi í berhögg við 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966. Hann telur yfirlýsingu sína frá 13. september 1975 beinlínis reista á þessu ákvæði samningsins og skorti hana því allt lagaafl. Þá reisir áfrýjandi enn fremur sýknukröfu sína á því, að yfirlýsingin eigi rót að rekja til ólögmætrar nauðungar, svika eða misneytingar, og að aðdragandi að útgáfu hennar sé enda svo vaxinn, að óheiðarlegt sé af hálfu stefnda að bera hana fyrir sig. Þá séu forsendur brostnar fyrir gildi hennar.

I.B.

Í héraðsdómi er tekið upp bréf áfrýjanda 5. maí 1975 til stefnda, þar sem hann gerir það að tillögu sinni, að álagið á stofnleigugjaldið fyrir árið 1975 verði 33% af gengishækk-

un bandaríkjadollara, eða alls 7.355.000 krónur. Þessi hugmynd er áréttuð í bréfi áfrýjanda til stefnda 30. maí s. á.

Í bréfi 3. júní s. á. er lagt til, að leiga ársins 1975 verði 9.400.000 krónur, en gjaldfrestur verði veittur á greiðslu 2.100.000 króna.

Í héaðsdómi er frá því greint, að fundur var haldinn í stjórn stefnda 13. september 1975 og skyldi þar fjallað um leigu fyrir árið 1976 á veiðiréttindum á vatnasvæði stefnda. Kveður áfrýjandi sér hafa verið setta þá kosti af hálfu stjórnar stefnda, að tilboð af sinni hendi kæmi eigi til álita, nema gengið væri frá uppgjöri á samningsskiptum málsaðilja fyrir árið 1975. Fær þessi skýrsla stoð í gögnum máls, þ. á m. dómskýrslu stjórnarformanns stefnda. Áfrýjandi afhenti stjórnarformanninum þennan dag tékka að fjárhæð 1.000.000 krónur, er greiðast skyldi 1. október 1975, en hann afturkallaði tékkann með bréfi til greiðslubanka 25. september s. á. Þegar stefndi framvísaði tékkanum til greiðslu, var henni synjað með vísan til bréfs þessa, og er tékkinn enn ógreiddur, að því er skýrt var frá í málflutningi.

Áfrýjandi gerði nýtt tilboð um leigu á veiðiréttindum á vatnasvæði stefnda hinn 1. október 1975 fyrir árin 1976—1978. Í 4. lið þess tilboðs segir svo: „Uppgjör ársins 1975 sé frá gengið, eins og áður hefur verið samið um“. Hlýtur hér að vera vísað til samningsgerðar aðiljanna frá 13. september 1975.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var tilboði áfrýjanda eigi tekið og öðrum aðiljum leigð veiðin.

Af því, sem greint hefur verið frá um skipti málsaðilja, þykir sýnt, að áfrýjandi hefur gert upp árin 1972—1974 á grundvelli gengisákvæðisins í samningi aðilja frá 6. nóvember 1971. Enn fremur er sýnt, að í samningsgerðinni 13. september 1975 byggir áfrýjandi enn á því, að uppgjör fari fram á grundvelli gengisákvæðisins, og er þetta áréttað í tilboði 1. október 1975.

I.C.

Verður nú vikið að þeirri mótbáru áfrýjanda, að yfirlýsingin frá 13. september 1975 sé ógild, með því að hún sé

reist á gengisákvæði leigusamnings aðiljanna frá 6. nóvember 1971, er brjóti í bága við lög nr. 71/1966.

Leigusamningurinn er gagnkvæmur samningur, þar sem stefndi leigir áfrýjanda veiðiréttindi á vatnasvæði félagsins svo og veiðihús stefnda ásamt búnaði og enn hestagirðingu. Leigugjald skyldi greiða fyrirfram fyrir hvert leigutímabil, og er gjalddagi 20. maí. Skyldi greiða álag á stofngjaldið á grundvelli þeirra hækkana á gengi bandaríkjadollars, sem fram væru komnar fyrir umsaminn gjalddaga. Samkvæmt því hækka fjárgreiðslur áfrýjanda, sem fram kunna að fara eftir 20. maí, eigi, þótt hækkun verði á greindum gjaldmiðli gagnvart íslenskri krónu eftir þann tíma. Er sýnt, að uppgjör aðilja í september 1975 er í samræmi við þessa túlkun ákvæðisins. Eru kröfur stefnda í aðalsök og á þessu reistar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966 verður að skýra svo, að þau ógildi eigi fortakslaust það ákvæði í hinum gagnkvæma samningi málsaðilja um leigugjald, sem tengir það við gengi bandaríkjadollars, en samningurinn felur í sér þá skuldbindingu, að þeir inni báðir af hendi framlög á tilteknu tímabili eftir samningsgerð með þeim hætti, er í samningnum greinir, sbr. dóm Hæstaréttar 12. janúar 1978. Eins og áður er rakið, er álag á stofnleigugjaldið aðeins miðað við þá gengishækkun, sem fram er komin á gjalddaga leigunnar, er greiða skyldi fyrirfram 20. maí 1975, og skiptu síðari gengisbreytingar eigi máli, þótt dráttur yrði á greiðslu leigugjaldsins. Að svo vöxnu máli þykir eigi unnt að taka til greina ofangreinda málsástæðu.

I.D.

Hér að framan er getið um aðrar málsástæður áfrýjanda, er hann telur, að leiða eigi til þess, að yfirlýsing sín frá 13. september 1975 verði dæmd ógild. Með skírskotun til raka héraðsdóms verða þær eigi teknar til greina.

Samkvæmt því ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 2.380.000 krónur með 13% ársvöxtum af 1.000.000 krónum frá 1. október 1975 til 25. nóvember s. á., en af 2.380.000 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum

af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

II. Gagnsök í héraði.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í gagnsök á því, að rétt leigugjald fyrir veiðiréttindin á vatnasvæði stefnda árið 1975 sé 5.500.000 krónur, en eigi 9.545.454 krónur. Hefur þegar verið leyst úr því ágreiningsefni. Að öðru leyti krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 316.300 krónur vegna endurnýjaðra muna, endurnýjunar hestagirðingar, endurbóta á húsi og ofgreiddrar húsaleigu 1974. Hinn 13. september 1975 varð það að samkomulagi með málsaðiljum, eins og áður segir, að reikningar, sem eru undirstaða þessarar kröfu, yrðu teknir til greina með tveimur greiðslum, alls að fjárhæð 130.000 krónur. Er það samkomulag bindandi fyrir áfrýjanda. Samkvæmt því ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í gagnsök í héraði.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda alls 800.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kjartan Jónsson, greiði stefnda, Veiðifélagi Þverár, 2.380.000 krónur með 13% ársvöxtum af 1.000.000 krónum frá 1. október 1975 til 25. nóvember s. á., en af 2.380.000 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember

s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Áfrýjandi greiði stefnda alls 800.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er aðeins fjallað um reikningsskil aðilja fyrir árið 1975. Þeir eru sammála um það, að sumarið 1975 hafi verið heimilt að veiða með 11 stöngum á hinu leigða veiðisvæði og grunnleiga því reiknast 5.500.000 krónur. Í samningi aðilja frá 6. nóvember 1971 er svohljóðandi ákvæði: „Leigugjaldið hækkar sjálfkrafa í samræmi við hækkanir, sem verða kunna á verði bandaríkjadollars í íslenskum krónum og fram eru komnar fyrir umsaminn gjalddaga (20. maí) hverju sinni".

Leigusamningur þessi er milli innlendra aðilja og fjallar um leigu á hlunnindum bújarða. Verðtryggingarákvæði samningsins, sem að framan getur, er einungis stefnda til hagsbóta. Brýtur ákvæðið í bága við lög nr. 71/1966, sem giltu á þeim tíma, er hér skiptir máli, og er því ógilt samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þeirra laga. Samkvæmt því var leiga sú, er áfrýjanda bar að greiða stefnda fyrir veiðiréttindin sumarið 1975, rétt ákveðin 5.500.000 krónur. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að áfrýjandi sé bundinn af samkomulagi því, er hann gerði við stefnda 13. september 1975.

Ágreiningslaust er, að áfrýjanda hafi borið að greiða 350.000 krónur í leigu fyrir veiðihús sumarið 1975.

Aðiljar eru sammála um, að áfrýjandi hafi greitt samtals 5.200.000 krónur í reiðufé til stefnda upp í leigugreiðslur og lagt fram vörur og vinnu, er stefnda beri að greiða fyrir

samtals 2.254.976 krónur. Þá kveðst áfrýjandi hafa lagt fram vörur og vinnu á fyrri árum, sem hann hafi ekki fengið greitt fyrir, og auk þess eigi hann að fá afslátt af leigu fyrir veiðihús. Nemi þetta samtals 316.300 krónum, er stefnda beri að greiða. Stefndi hefur samþykkt, að honum beri að greiða 130.000 af þessari kröfu. Áfrýjandi hefur engin gögn fært fram til sönnunar þessum kröfum, og verða þær því aðeins teknar til greina með fyrrgreindum 130.000 krónum. Samkvæmt þessu hefur áfrýjandi innt af hendi vegna þeirra viðskipta, sem hér er um fjallað, samtals 7.584.976 krónur.

Áfrýjandi hafði haft umrætt veiðisvæði á leigu frá stefnda um nokkurra ára skeið, og höfðu í samningum verið verðtryggingarákvæði. Er eigi annað fram komið en aðiljar hafi gert upp skipti sín án deilna allt til ársins 1975. Greiðslur allar á árinu 1975 innti áfrýjandi af hendi án nokkurs fyrirvara, og engan fyrirvara gerði hann um ógildi verðtryggingarákvæðisins, er hann undirritaði samkomulagið við stefnda 13. september 1975. Þegar þetta er virt og höfð hliðsjón af viðskiptum þessum í heild, þykir áfrýjandi ekki nú geta fengið endurgreitt úr hendi stefnda það fé, sem hann kann að hafa ofgreitt samkvæmt framangreindu.

Samkvæmt þessu tel ég, að aðiljar eigi að vera sýknir hvor af annars kröfum í máli þessu, en rétt sé, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. janúar 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 14. desember sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 16. desember 1975, af Veiðifélagi Þverár, Borgarfirði, gegn Kjartani Jónssyni lögfræðingi, Hólatorgi 4 hér í borg, til greiðslu skuldar kr. 2.380.000 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 1.000.000 frá 1. okt. 1975 til 25. nóvember s. á., en af kr. 2.380.000 frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst aðallega frávísunar málsins, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar. Frávísunarkröfu stefnda var hrundið með úrskurði, uppkveðnum 26. maí 1976.

Stefndi höfðaði gagnsök á hendur stefnanda með stefnu, birtri 23. júní 1976, til greiðslu á kr. 1.977.382 með 13% ársvöxtum frá 7. júní 1975 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Gagnstefndi krefst sýknu í gagnsök og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Aðalsök og gagnsök voru sameinaðar og fluttar sem eitt mál.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að stefndi máls þessa, Kjartan Jónsson, bóndi á Guðnabakka, gerði samning við félaga sína í Veiðifélagi Þverár um veiðiréttindin í ánni frá upptökum til ósa. Fyrsti samningur aðilja var gerður 14. febrúar 1969 og gilti um veiðiárin 1969 og 1970. Skilmálar voru þeir helstir, að veiðitíminn var frá 11. júní til 10. september fyrir 10 stengur, og veiðileigan var ákveðin 1.400.000 á ári og skyldi greiðast fyrir 20. maí hvort ár. Samningurinn var uppsegjanlegur af beggja hálfu fyrir 1. október 1969 að því er varðaði leigu ársins 1969, og var honum sagt upp af hálfu veiðifélagsins. Aðiljar gerðu nýjan samning 18. janúar 1970 um veiðiárin 1970 og 1971. Veiðileigan skyldi vera kr. 1.800.000 fyrir veiðiárið 1970 og kr. 2.000.000 fyrir veiðiárið 1971, „þó þannig, að 2/5 hlutar leigugjaldsins hvort árið skulu hækka í samræmi við hækkanir, sem verða kunna á verði sterlingspunds í íslenskum krónum og fram eru komnar fyrir umsaminn gjalddaga veiðileigunnar, sem er hvort árið 20. maí. Leigutaki leggur fram bankaábyrgð fyrir greiðslu veiðileigu fyrir hvort ár, í síðasta lagi 20. október árið áður." Aðiljar gerðu nýjan samning 6. nóvember 1971 fyrir veiðiárin 1972, 1973, 1974 og 1975 með sérstökum fyrirvara fyrir árið 1976. Ákvæði þessa samnings um veiðileiguna hljóða svo: „Veiðileiga skal árin 1972 og 1973 vera kr. 4.500.000.00 — fjórar milljónir og fimm hundruð þúsund krónur — hvort ár. Árið 1974 kr. 4.750.000.00 — fjórar milljónir og sjö hundruð og fimmtíu þúsund krónur —. Árið 1975 kr. 5.000.000.00 — fimm milljónir króna —. Um leigu fyrir árið 1976 verður síðar samið. Hafi samningar um hana eigi tekist fyrir 1. júní 1975, fellur þessi samningur niður að því er varðar árið 1976. Heimilt er leigusala að leita opinberlega tilboða í veiðirétt veiðifélagsins árið 1976 til að afla gagna til viðmiðunar fyrir samninga. Leigugjaldið innir leigutaki af höndum fyrir hvert veiðitímabil fyrirfram, og er gjalddagi 20. maí ár hvert. Bankaábyrgð fyrir leigugjaldinu setur hann 6 mánuðum fyrir gjalddaga hverju sinni, þ. e. 20. nóvember. Leigu-

gjaldið hækkar sjálfkrafa í samræmi við hækkanir, sem verða kunna á verði bandaríkjadollars í íslenskum krónum og fram eru komnar fyrir umsaminn gjalddaga (20. maí) hverju sinni."

Hinn 5. maí 1975 ritaði Kjartan Jónsson stjórn veiðifélagsins svohljóðandi bréf:

„Frá og með sumrinu 1969, sem var fyrsta sumarið, sem ég undirritaður hafði Þverá á leigu, hef ég lagt á það mikla áherslu að fá til veiða erlenda veiðimenn. Ber þar ýmislegt til, m. a. góð meðferð útlendinga á ánni, þeir hafa greitt vel fyrir veitta þjónustu og hafa í hvívetna sýnt fyllstu kurteisi í einu og öllu.

Þegar gildandi leigusamningur var gerður haustið 1971, var í hann sett ákvæði um gengistryggingu leigunnar. Forsendur þessa ákvæðis voru fyrrgreind viðskipti við útlendinga og byggðist eingöngu á þeim.

Eins og kunnugt er, hækkaði leigan fyrir árið 1972 í 4,5 millj. úr kr. 2,0 m. árið 1971, síðan í kr. 4,75 m. fyrir 1974 og fyrir 1975 kr. 5,0 m. Sýna þessi hækkunarákvæði enn skýrar, að forsendur gengisákvæðisins voru hin erlendu viðskipti.

Árin 1971—2—3 kom vaxandi fjöldi útlendinga til veiða í Þverá. Í ársbyrjun 1974 byrjaði hin svonefnda Olíukreppa og í kjölfar hennar allsherjar samdráttur í viðskiptum um allan heim. Þetta ástand verkaði strax veturinn 1974 þannig, að erlendum veiðimönnum fækkaði í Þverá verulega sumarið 1974 eða um 30% frá árinu áður. Á þessu ári hefur þetta ástand enn versnað, og hefur erlendum veiðimönnum fækkað frá síðasta sumri um rúman helming. Þetta verður til þess, að tekjur erlendis frá verða nú þetta ár aðeins 1/3 þess, sem gert var ráð fyrir s.l. ár. Af þessum ástæðum er enginn grundvöllur til þess að leigan fylgi verði erlends gjaldeyris að fullu, enda forsendur þess fallnar brott, eins og áður segir. Þess skal getið, að rekstrarkostnaður tvöfaldaðist frá 1972—1974, og er áætluð hækkun í ár ca. 33%.

Því má bæta hér við, að við verðlagningu veiðileyfa fyrir árið 1975 var tekið mið af verðlagi í sept/okt. 1974 og verði erl. gjaldeyris á þeim tíma. Það er alkunnugt, að ákveða verður söluverð og aðra skilmála á veiðileyfum, ferðalögum o. þ. h. með löngum fyrirvara, sérstaklega á þetta við um menn í öðrum löndum, sem hyggja á ferðir hingað, og er algengt, að menn panti með allt að árs fyrirvara.

Um miðjan febr. s.l., þegar gengi ísl. krónunnar var fellt í annað sinn á stuttum tíma, var orðið ljóst, að mikill samdráttur

var orðinn í erlendu viðskiptunum og einnig að ekki var hægt að hækka verð hér innanlands frá því, sem búið var að ákveða og selja samkvæmt.

Af þessu leiðir svo og því, sem að framan greinir, að fullt álag samkvæmt gengistryggingarákvæði á umsamda árleigu kr. 5,0 millj. er ekki raunhæft.

Leyfi ég mér að gera þá tillögu, að álag á umsamda leigu verði 33%, sem gerir heildarleigu fyrir 11 stangir kr. 7.315.000 — sjö milljónir þrjú hundruð og fimmtán þúsund krónur —.

Vænti ég þess, að samkomulag verði um þessa greiðslu með hliðsjón af framangreindum rökstuðningi mínum."

Kjartan Jónsson afhenti formanni veiðifélagsins, Magnúsi Sigurðssyni á Gilsbakka, bréfið, og ræddu þeir efni þess. Formaður ræddi við stjórn félagsins um málaleitan Kjartans, en þeir töldu slíka eftirgjöf á leigugjaldinu fyrir árið 1975 ekki koma til greina og að ekki þýddi að bera slíkt upp á fundi í félaginu. Kjartan greiddi inn á reikning veiðifélagsins samtals kr. 4.219.318 dagana 22. og 24. maí 1975. Formaðurinn tjáði Kjartani álit stjórnarinnar, en einnig, að undir þessum kringumstæðum væri ekki ósanngjarnt, þótt Kjartan fengi gjaldfrest á nokkrum hluta leigugjaldsins fram yfir veiðitímann, þannig að tekjur Kjartans af framleigunni væru komnar inn.

Kjartan ritaði stjórn félagsins bréf, dags. 3. júní 1975, sem tekið var fyrir á aðalfundi félagsins 8. júní 1975. Hinn 30. maí hafði Kjartan greitt til viðbótar kr. 972.000 inn á reikning félagsins upp í leigugjald fyrir árið 1975, og hafði hann því alls greitt af því kr. 5.191.318.

Bréf Kjartans til veiðifélagsins, dags. 3. júní 1975, sem tekið var til meðferðar á aðalfundinum 8. júní, er svohljóðandi:

„3. júní 1975.

Eins og félaginu er kunnugt, hafa hinar háu leigur á laxveiðiám hér byggst mikið á sölu veiði til útlendinga. Nú hefur orðið alvarlegur samdráttur í þeim viðskiptum og ekki séð fyrir endann á því, hvernig fer um þau viðskipti á næstu árum. Um leið og útlendingum fækkar í ánum verður erfiðara að selja á markaði innanlands fyrir hátt verð.

Með hliðsjón af ofanrituðu svo og því, að ótryggt ástand er bæði innanlands og utan í fjármálum og atvinnumálum, leyfi ég mér að beina þeim tilmælum til veiðifélags Þverár, að eftirfarandi samkomulag verði gert um veiðileigu áranna 1975—1976 og 1977:

1.	Leiga ársins 1975 sé	kr. 9.400.000.-
	gjaldfrestur sé veittur á	— 2.100.000.-
2.	Leiga ársins 1976 sé	— 9.700.000.-
	gjalddagi verði 20. maí á	— 7.000.000.-
	Eftirstöðvar gr. 30.12. '76	— 2.400.000.-
3.	Veiðileiga ársins 1977 sé	— 10.400.000.-
	gjalddagi verði 20. maí	— 7.300.000.-
	Eftirstöðvar greiðist 30.12 1977	— 3.000.000.-

Einn þriðji hluti leigunnar fyrir árið 1977 sé umreiknaður í dollara miðað við gengisskráningu 1. febrúar 1976 og greiðist í ísl. krónum skv. gengi dollarans 1. febr. 1977. Samkomulag þetta miðist við 11 stengur, eins og verið hefur, og fylgi afnot af veiðihúsi með í leigunni.

Virðingarfyllst,

Kjartan Jónsson, Guðnabakka.

Til Veiðifélags Þverár."

Á aðalfundinum 8. júní 1975 kom fram í ræðu formanns, að vegna gengisfellinga væri leigugjaldið fyrir árið 1975 orðið 9.4 milljónir króna, og las formaður síðan bréf Kjartans frá 3. júní 1975. Miklar umræður urðu um þetta mál, um leigu á sambærilegum ám og hvort samdráttur væri yfirleitt á veiðileigu. Á fundinum voru Kjartan Jónsson og Pétur Kjartansson, og þeir lýstu því, að aðsókn útlendinga hefði minnkað mikið. Á fundinum var ákveðið að veita Kjartani umbeðinn gjaldfrest vegna veiðileigunnar fyrir árið 1975 gegn bankatryggingu, og honum var gert gagntilboð um leigu fyrir árið 1976 að upphæð kr. 11 milljónir og helmingur reiknist á gengi bandaríkjadollars miðað við 1. febrúar 1976, með gjalddögum 20. maí og 1. október. Kjartan fór fram á frest til að svara þessu gagntilboði, og var honum veittur frestur til 15. júlí. Dagana 7., 9. og 17. júlí greiddi hann 1 milljón króna til viðbótar inn á bankareikning veiðifélagsins. Stjórn veiðifélagsins hélt fund 18. júlí, og þá upplýsti formaður, að Kjartan hefði tilkynnt sér, að hann gengi ekki að gagntilboði síðasta aðalfundar varðandi leigu árinnar árið 1976 og að samningur um það ár væri niður fallinn. Var þá ákveðið að bjóða ána til leigu með auglýsingu í blöðum með tilboðsfresti til 20. ágúst.

Hinn 3. ágúst 1975 ritaði stjórn veiðifélagsins Kjartani Jónssyni svohljóðandi bréf:

„Hr. Kjartan Jónsson, Hólatorgi 4, Reykjavík.

Stjórn Veiðifélags Þverár harmar það, hve torsótt hefur reynst

að gera upp viðskipti þín við veiðifélagið nú í sumar þrátt fyrir mikla eftirgangssemi. Er þar einkum um eftirtalin atriði að ræða:

1. Ólokið er enn greiðslu þeirri, kr. 1.200.000.-, sem þú hést að greiða inn á reikning félagsins í Sparisjóði Mýrasýslu 9. júní s.l., þrátt fyrir margendurteknar fullyrðingar um, að henni væri nýlokið eða skyldi verða lokið strax. Enn vantar kr. 200.000.-.

2. Ekki hafa verið lagðir fram til uppgjörs reikningar vegna innbús (húsgögn, eldavél, kæligeymslur, o. fl. o. fl.), er þú hefur keypt fyrir félagið til Víghólshússins (og reyndar ekki útrætt, hvað af búshlutum félagið léti fylgja húsinu). Hefur þó í sumar þráfaldlega verið óskað eftir því af okkar hálfu, að reikningum þessum yrði skilað til frádráttar veiðileiguskuldinni.

3. Ekki hefur verið samið um leigu fyrir nýja Víghólshúsið né afhending þess farið fram.

4. Ekki fullnægt skilyrði aðalfundar fyrir gjaldfresti á hluta af leigugjaldi fyrir ána, þ. e. ekki lögð fram bankaábyrgð.

Vegna þeirrar tregðu, er orðið hefur á, að þú gangir frá þessum viðskiptum, nú síðast, er þú komst ekki til fundar við okkur 26. júlí s.l., og ekkert hefur frá þér heyrst síðan, hefur stjórn veiðifélagsins ákveðið að fela Jónasi Aðalsteinssyni hrl. að ganga frá þessum fjármálum og gera upp svofelldan reikning:

An:		
Umsamin veiðileiga		
(dollaragengi 19. maí 151.20)	kr.	9.545.454.-
Leiga fyrir veiðihús	—	350.000.-
	Samtals kr.	9.895.454.-
Pr:		
Greitt í Sparisj. Mýras.	—	5.000.000.-
Greiddir reikningar	—	1.191.318.-
	Kr.	6.191.318.-
Mismunur, skuld	—	3.704.136.-

Eins og hér kemur fram, ákveður stjórnin hér með að leiga eftir Víghólshúsið verði kr. 350.000.- í sumar. Er sú upphæð að sjálfsögðu lág, miðað við það fé, sem byggingin hefur kostað, en rétt hefur þótt að taka tillit til ýmissa aðstæðna við ákvörðun þessa. Stjórnin er eftir sem áður reiðubúin að ræða um endurgreiðslu á kostnaði frá fyrri árum við endurbætur á gamla hús-

inu. Stjórnin óskar eftir skriflegum samningi um Víghól í ár, þar sem fram skuli tekið um framangreinda leiguupphæð að húsinu og því, sem því fylgir, verði skilað jafngóðu og við var tekið og kveðið á um tilnefningu úttektarmanna og úrskurð í ágreiningsmálum.

Þá vill stjórnin taka fram, að hún telur, að þar sem ekki hefur verið sinnt skilyrði aðalfundar 8. júní s.l. fyrir gjaldfresti á hluta veiðileigu, sé nefndur gjaldfrestur úr gildi fallinn og leigan því öll gjaldfallin. Enda þótt í ályktun aðalfundar væri ekki tiltekinn ákveðinn frestur til að leggja fram bankaábyrgðina, verður að telja, að það hafi átt að gerast hið allra fyrsta eftir fundinn og í síðasta lagi fyrir 15. júlí.

Stjórnin mun gefa Jónasi Aðalsteinssyni umboð til að ganga að bankaábyrgð þeirri, er Útvegsbankinn hefur sett þín vegna 20. nóv. s.l.

Steinum, 3. ágúst 1975.
Magnús Sigurðsson
Oddur Kristjánsson
Diðrik Vilhjálmsson".

Stjórnarfundur var haldinn 27. ágúst, og voru þar opnuð tilboð þau, sem borist höfðu. Tilboðin voru frá þremur aðiljum, Kjartani Jónssyni, Stangaveiðifélagi Borgarness og Ástúni s/f. Ákveðið var að boða til almenns félagsfundar um tilboðin 3. september. Hinn 14. ágúst hafði Kjartan Jónsson greitt til veiðifélagsins þær kr. 200.000, sem taldar voru á vanta á greiðslu þá, sem hann hafði lofað í júní, sbr. 1. lið bréfs veiðifélagsins frá 3. ágúst.

Á fundinum 3. september 1975 var tekið fyrir eina mál fundarins, athugun tilboðanna. Formaðurinn las þau upp, en þau voru svohljóðandi:

1. Tilboð frá Kjartani Jónssyni.

„Hérmeð leyfi ég undirritaður mér að gera eftirfarandi tilboð í veiðiréttindi Veiðifélags Þverár fyrir árin 1976—77—78—79. Tilboðið miðast við 11 stengur og fylgi veiðihús í Víghól með í leigunni.

Greiðsla fyrir árið 1976 sé kr. 11.500.000.-
Greiðsla fyrir árið 1977 sé kr. 12.500.000.-
Greiðsla fyrir árið 1978 sé kr. 14.000.000.-
Greiðsla fyrir árið 1979 sé kr. 15.500.000.-

Gjalddagar leigunnar séu þessir:

65% leiga greiðist 5. maí ár hvert
15% leiga greiðist 1. okt. ár hvert
20% leiga greiðist 15. des. ár hvert

Bankatryggingu setur tilboðsgjafi fyrir 5. nóv. ár hvert".

2. Tilboð frá Stangaveiðifélagi Borgarness.

„Tilboð okkar í veiði þessa er 9.752.000.- krónur. Tilboð þetta miðast við, að viðunandi húsnæðisaðstaða sé við ána fyrir veiðimenn. Ef til samnings kemur, værum við til viðræðu um aðstoð við lausn þessa máls."

3. Tilboð frá Ástúni s/f (Jón og Vilhjálmur Ingvarssynir).

Inntak þess var, að leiga árið 1976 yrði kr. 8.900.00 og að tilboðsgjafi byðist til að byggja hús fyrir veiðifélagið við niðurána.

Formaðurinn sagði á fundinum, að stjórnin treysti sér ekki til að mæla með neinu þessara tilboða. Hann gat þess, að ýmsir reikningar milli veiðifélagsins og Kjartans Jónssonar væru óuppgerðir, og taldi, að hann hefði ekki staðið í skilum við félagið. Þótt tilboð Kjartans væri best, kæmi tæplega til greina að taka því, fyrr en viðskipti frá núverandi leigutímabili væru komin á hreint. Flutti hann tillögu um að kjósa fimm manna nefnd til að athuga tilboðin, og var það samþykkt. Nefndin tók til starfa á fundinum og bar fram tillögu, sem var samþykkt:

„Fundur í Veiðifélagi Þverár 3/9 '75 ályktar eftirfarandi vegna framkominna tilboða í veiðirétt í Þverá frá og með árinu 1976. Fundurinn telur, að ekkert tilboðanna sé þannig fram sett, að hægt sé að ganga að þeim, og bendir á eftirfarandi atriði í því sambandi.

1. Ekkert tilboðanna er bundið verðtryggingu, sem fundurinn telur skilyrði, sérstaklega varðandi samninga til lengri tíma.

2. Í tveim tilboðanna er minnst á aðstoð við húsbyggingar, án þess að fram komi mat á þeirri aðstoð, sem reiknast gæti sem leiga fyrir ána. Með tilliti til þessara atriða leggur fundurinn til, að stjórn félagsins verði falið að ræða við tilboðsgjafa og leita nánari skýringa."

Stjórnin athugaði síðan nánar tilboðin og leitaði nánari upplýsinga hjá tilboðsgjöfum. Formaður félagsins ræddi við Kjartan Jónsson að loknum fundi og gerði honum ljóst, að ganga yrði frá viðskiptum hans við félagið, áður en til fundar kæmi, ef hans tilboð ætti að geta staðið þar jafnfætis hinum. Boðað var til nýs fundar 13. september. Kjartan Jónsson kom til formanns-

ins að heimili hans að Gilsbakka þann dag, og þar gerðu þeir upp viðskipti Kjartans við félagið með svofelldu samkomulagi:

Leiga fyrir veiðirétt í Þverá árið 1975 reiknast ..	kr.	9.545.454.00
Leiga fyrir veiðihús að Víghól fyrir árið 1975 skyldi reiknast	—	350.000.00
Dráttarvextir af leigu reiknist	—	69.522.00
Samtals	kr.	9.964.976.00

Þessi skuld gagnstefnanda greiðist þannig:

Þegar greitt með peningum, 22. 5. — 14. 8. 1975			kr. 5.200.000.00
Með greiðslu reikn. f. aðalstefnanda, afh. maí 1975, samtals	kr.	1.191.318.00	
Með greiðslu reikn. f. aðalstefnanda, afh. 13. 9. 1975, samtals ..	—	1.063.658.00	— 2.254.976.00
Endurgr. aðalstefnanda til gagnstefnanda á helmingi leigu f. Víghólshús árið 1974	kr.	30.000.00	
Greiðslur aðalstefnanda til gagnstefnanda v. endurbóta á gamla veiðihúsinu við Víghól	—	100.000.00	— 130.000.00
Með peningum 1. 10. 1975			— 1.000.000.00
Með peningum 25. 11. 1975			— 1.380.000.00
Samtals			kr. 9.964.976.00

Kjartan Jónsson var þannig talinn skulda veiðifélaginu kr. 2.380.000, sem hann lofaði að greiða á tveimur gjalddögum. Hann afhenti formanninum ýmsa reikninga í samræmi við þetta uppgjör, og var ákveðið, að endanlega yrði gengið frá uppgjörinu við stjórnina í heild fyrir fundinn í Þverárrétt. Það var gert, og var farið yfir reikninga þá, sem Kjartan lagði fram, samtals kr. 1.063.659.00, og voru þeir allir teknir góðir og gildir. Ritaði Kjartan síðan svofellda skuldayfirlýsingu þarna á fundi með stjórn veiðifélagsins:

„Þverárrétt 13/9 1975.

Undirritaður viðurkennir hér með að skulda Veiðifélagi Þverár kr. 2.380.000 — tvær milljónir þrjúhundruð og áttatíu þúsund — sem ég lofa að greiða á eftirtöldum gjalddögum:

1. kr. 1.000.000 eina milljón — 1. okt. 1975
2. kr. 1.380.000 eina milljón þrjúhundruð og átta tíu þúsund — 25. nóv. 1975.

Bankaábyrgð set ég fyrir síðari greiðslu.

Kjartan Jónsson".

Jafnframt gaf Kjartan út ávísun til Veiðifélags Þverár fyrir fyrri greiðslunni, kr. 1.000.000, sem dagsett var 1. okt. 1975, og skyldi henni framvísað þann dag. Síðan hófst hinn boðaði félagsfundur í veiðifélaginu.

Formaður veiðifélagsins greindi frá því, hvað stjórnin hefði gert í málinu, og kom fram, að tilboðsgjafar hefðu skýrt tilboð sín. Ástún s/f hygðist ekki verðtryggja tilboð sitt, en Stangaveiðifélag Borgarness væri fúst til þess. Kjartan Jónsson hefði gengist inn á að verðtryggja hluta leigunnar 2 síðari árin, þ. e. kr. 4.000.000 árið 1978 og 5.000.000 árið 1979, og skyldi verðtryggingin miðuð við búvöruverð. Formaður gat þess einnig, að skuld Kjartans við félagið næmi kr. 2.3 milljónum, og hann ræddi þá hugmynd, sem fram hefði komið, að veiðifélagið sjálft sæi um rekstur árinnar. Upplýsti hann, að til hans hefðu borist fyrirspurnir frá mönnum í Sviss, hvort möguleiki væri að taka hluta árinnar á leigu, og hefðu þeir áhuga á fremra svæðinu. Kosin var nefnd til að athuga hinar nýju upplýsingar um tilboðin. Nefndin ræddi við Kjartan Jónsson um tilboð hans og bar fram gagntilboð til hans um, að leigutíminn yrði styttur í 2 ár, en Kjartan vildi ekki ganga að því. Nefndin varð þá sammála um að flytja svofellda tillögu:

„Fundur haldinn í Veiðifélagi Þverár 13/9 '75 samþykkir að hafna framkomnum tilboðum í veiðirétt í Þverá".

Tillaga þessi var rædd, og skýrði Kjartan Jónsson afstöðu sína og sagði, að tveggja ára leigusamningur væri mjög óhagstæður fyrir sig og gerði allan rekstur miklu erfiðari, og hann taldi sig hafa komið til móts við óskir síðasta fundar, þar sem verðtryggingar var óskað. Formaður spurði þá Kjartan, hvort hann bæri fram gagntilboð við gagntilboði nefndarinnar, og kvað Kjartan svo vera. Þá var gert fundarhlé, meðan stjórn og áðurkosin nefnd ræddu við Kjartan. Að viðræðunum loknum var fundi haldið áfram, og var frá því skýrt, að ákvörðun nefndarinnar væri að standa við áður framkomna tillögu um að hafna framkomnum tilboðum. Formaður félagsins lýsti miðlunartillögu Kjartans, sem var á þá leið, að leigutíminn væri 3 ár, leiga fyrir árið 1976 væri 11.5 millj. kr., 70% upphæðarinnar verðtryggt

miðað við búvöruverð árið 1977, en 100% árið 1978. Kjartan bar fram tillögu um, að miðlunartilboði hans yrði tekið. Eftir umræður bar formaður undir atkvæði tillögu um, að stjórninni væri heimilt að semja við Kjartan á grundvelli þess miðlunartilboðs, er hann hafði komið fram með og litið væri á sem breytingartillögu við tillögu nefndarinnar. Tillaga formanns var felld. Þá var borin upp tillaga nefndarinnar um að hafna öllum tilboðum í veiðirétt í Þverá, og var hún samþykkt. Formaður bað fundinn um álit á því, hvað gera skyldi undir þessum kringumstæðum, og var það rætt. Formaður bar fram tillögu þess efnis, að fundurinn fæli félagsstjórninni að kanna sem ítarlegast, hvaða leiðir væri unnt að fara til að koma ánni í verð, t. d. að félagið annaðist allan rekstur og réði framkvæmdastjóra, og var tillagan samþykkt. Var mál þetta ekki rætt frekar á þessum fundi.

Stjórnin leitaði fyrir sér um leigu á ánni, og í ljós kom, að Svisslendingar höfðu áhuga á að taka á leigu hluta árinnar, eins og skýrt hafði verið frá á fundinum. Formaður ræddi við forsvarsmenn Stangaveiðifélags Borgarness, sem lýstu áhuga á að bjóða í ána á móti Svisslendingunum. Taldi formaður þarna komna tilboðasamstæðu, sem bera mætti saman við lokatilboð Kjartans Jónssonar, ef það stæði enn. Fundur var því boðaður 1. október til þess að ræða þessi tilboð. Hinn 1. október var formaður staddur í Borgarnesi, og fór hann í Sparisjóð Mýrasýslu til þess að leysa út ávísun þá, sem Kjartan Jónsson hafði gefið út, að fjárhæð kr. 1.000.000, sem var fyrri greiðslan skv. skuldayfirlýsingunni. Í sparisjóðnum var formanninum sýnt bréf, dags. 25. september 1975, svohljóðandi:

„Sparisjóður Mýrasýslu, Borgarnesi.

Hérmeð tilkynnist, að ég undirritaður afturkalla tékka nr. 33529, útg. til Veiðifélags Þverár, á reikn. nr. 7204, til greiðslu 1. 10. 1975, tékkaupphæðin ein milljón króna — 1.000.000.-

Afturköllun þessi er gerð skv. 32. gr. tékkalaga 94/1933, og hefur þau áhrif, að greiðslubanka (sparisj.) er óheimilt að innleysa tékkann.

Virðingarfyllst,
Kjartan Jónsson".

Formaður hitti Kjartan Jónsson fyrir fundinn um kvöldið og innti hann eftir þessu og skildist á samtali við hann, að hann hugsaði sér jafnvel ekki að greiða þessa skuld sína, sem hann hefði viðurkennt, nema því aðeins að hann fengi ána á leigu

áfram. Formaður taldi þetta breyta alfarið stöðu Kjartans og tilboði hans gagnvart þeim fundi, sem í vændum var, og skýrði hann fundinum frá þessu. Rætt var um hin nýju tilboð í hluta árinnar, sem voru þannig: Stangaveiðifélag Borgnesinga er kr. 6.630.000 fyrir árið 1976 miðað við 6 stengur, leigutími 3 ár, og færist fjárhæðin árlega til samræmis við kaupgjaldsvísitölu. Tilboð Sigmars Björnssonar f. h. Svisslendinga í fjallveiðina var kr. 1.000.000 pr. stöng í 90 daga fyrir 6 stengur, með bankaábyrgð sex mánuði fyrir gjalddaga, en leigusali leggi til hesta. Formaður gat þess og, að sá háttur, að veiðifélagið sjálft annaðist rekstur árinnar, væri ekki arðvænlegri. Nefnd, sem skipuð var að venju á fundinum, bar fram tillögu um að heimila stjórninni að semja við tilboðsgjafana Sigmar Björnsson í umboði Svisslendinga og Stangaveiðifélag Borgarness á grundvelli tilboðs þeirra. Kjartan Jónsson bar fram breytingartillögu þess efnis, að fundurinn samþykkti að bjóða ána út að nýju með stuttum fyrirvara, þar sem „að einum tilboðsgjafa í veiðirétt Veiðifélags Þverár hefur verið ívilnað á þann hátt, að honum er leyft að bjóða aðeins í hluta árinnar, og vitneskja um það kom fyrst fram 1. okt. 1975". Þessi breytingartillaga var felld. Kjartan lagði þá fram nýtt tilboð í ána þess efnis, að samningstímabil yrði 3 ár, greiðsla miðaðist við 12 stengur og væri þannig: Fyrir árið 1976 kr. 12.750.000, árið 1977 kr. 13.500.000, árið 1978 kr. 15.500.000, uppgjör ársins 1975 væri frá gengið eins og áður hefði verið samið um, bankatrygging væri sett og gjalddagar yrðu 5. maí og 1. desember. Nefndin tók til starfa að nýju og tók hið nýja tilboð Kjartans til athugunar. Nefndin bar að svo búnu fram svofellda tillögu, en dró fyrri tillögu til baka:

„Fundur í Veiðifélagi Þverár 1. október 1975 samþykkir:

I. Fundurinn ítrekar samþykkt fundar frá 13. september 1975 um að hafna þá framkomnum tilboðum í veiðirétt í Þverá.

II. Að heimila stjórninni að semja við Sigmar Björnsson í umboði Svisslendinga samkvæmt tilboði frá sömu aðilum, dags. 29. sept. 1975. Þó telur fundurinn, að leigutaki skuli bera allan kostnað af hestaleigu og ákvæði um viðhald á vegi gildi aðeins við veginn að veiðihúsi.

III. Að fela stjórn félagsins að fá leyfi veiðimálanefndar til að fjölga um eina stöng í Þverá auk þeirrar, sem leyfð er vegna netaupptöku.

IV. Að fela stjórn félagsins að bjóða út neðri hluta árinnar með þeim stangafjölda, sem fáanlegur verður."

Í umræðum um tillögu þessa benti Pétur Kjartansson á, að óheimilt væri samkvæmt lögum að semja upp á verðtryggingu. Tillagan var samþykkt, og tilboði Kjartans Jónssonar var þar með vísað á bug. Pétur Kjartansson fékk bókaða svofellda yfirlýsingu:

„Ég lýsi því yfir, að ég áskil mér allan rétt að lögum vegna höfnunar tilboðs Kjartans Jónssonar og samþykktar á tilboði, sem er nálega fjórum milljónum króna lægra og ólögmætum efnisákvæðum".

Hinn 23. október 1975 hóf lögmaður Veiðifélags Þverár að innheimta skuld Kjartans Jónssonar við félagið með kröfubréfi og taldi gjalddaga seinni hluta skuldarinnar 1. nóvember 1975 gjaldfallinn við greiðslufall fyrri hlutans. Fundur var haldinn 1. nóvember 1975 í stjórn veiðifélagsins, og voru tilboðin opnuð, sem voru þessi:

1. Tilboð í símskeyti frá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, svohljóðandi: „Bjóðumst til að taka neðri hluta Þverár, 6—7 stengur, í umboðssölu á sumri komandi.

Virðingarfyllst,

Stangaveiðifél. Reykjavíkur, Barði Friðriksson, formaður."

2. „Guðnabakka, 26. 10. 1975.

Ég undirritaður geri hér með tilboð í veiðirétt Veiðifélags Þverár frá Gilbotni til ármóta Þverár og Hvítár ásamt Litlu-Þverá, miðað við 7 stengur. Greiðsla ársins 1976 sé kr. 8.300.000.-. Greiðsla ársins 1977 sé kr. 9.100.000.-. Greiðsla ársins 1978 sé kr. 10.000.000.-. Gjalddagi leigunnar sé 60% 5. maí og eftirstöðvar 10. desember sama ár. Bankaábyrgð verði sett 6 mánuðum fyrir gjalddaga. Virðingarfyllst, Kjartan Jónsson".

3. „Reykjavík, 27. 10. 1975.

Ég undirritaður leyfi mér að gera eftirfarandi tilboð í veiðiréttindi Veiðifélags Þverár, neðri hluta ásamt Litlu-Þverá. Leigan verði miðuð við 7 stengur. Fyrir árið 1976 sé leiga kr. 8.100.000.-. Tilboðsgjafi óskar eftir forleigurétti fyrir árin 1977 og 1978. Bankaábyrgð verði sett fyrir leigunni. Með beztu kveðjum. Jón Kjartansson, Guðnabakka".

4. „Reykjavík, 16. október 1975.

Ég undirritaður leyfi mér að gera veiðifélaginu eftirfarandi tilboð í auglýst veiðiréttindi miðað við 7 leyfðar stengur og leigu til þriggja ára: 1. Leigan sé kr. 7.600.000.- fyrir árið 1978. Gjalddagi sé 1. júní ár hvert. Bankaábyrgð eða önnur jafngild

ábyrgð sé sett, ef óskað er. Óskað er eftir aðstoð veiðifélagsins við að útvega húsnæði fyrir veiðimenn við ána. Virðingarfyllst, Gísli Örn Lárusson, Rauðalæk 59, Reykjavík."

5. „Reykjavík, 27. okt. 1975.

Ég undirritaður f. h. Veiðifélagsins Breiðan í Reykjavík geri hér með tilboð í veiðirétt í neðri hluta Þverár í Borgarfirði sumarið 1976 að upphæð kr. 7.100.000.-. Það skal þó tekið fram, að nauðsynleg húsnæðisaðstaða þarf að vera fyrir hendi. Virðingarfyllst, f. h. veiðifélagsins Breiðan, Markús Stefánsson, Barðavogi 7, Reykjavík."

6. Þá lá enn fremur fyrir, að tilboð Stangaveiðifélags Borgarness, sem lagt var fyrir félagsfund 1. okt. sl., stæði enn, en það er svohljóðandi:

„Í framhaldi af fyrra tilboði okkar í stangaveiði í Þverá, og þar sem komið mun hafa til mála að leigja veiðirétt í ánni í tvennu lagi, þ. e. Víghólssvæðið sér og í öðru lagi svokallað neðra svæði, frá og með Gilbotni að ármótum Þverár og Hvítár, ásamt Litlu-Þverá, vill Stangaveiðifélag Borgarness hér með gera tilboð í síðarnefnda svæðið. Er þá miðað við, að leyft sé að veiða með 6 stöngum daglega. Tilboð okkar í framangreinda veiði sumarið 1976 er kr. 6.630.000.-. Er miðað við þriggja ára leigu og verði ofangreind leigufjárhæð endurskoðuð árlega og þá færð til samræmis við verðlag, eins og það kann að verða, t. d. kaupgjaldsvísitölu. Að því er snertir húsnæðisaðstöðu við ána vísast til fyrra tilboðs okkar þar um. Virðingarfyllst, í stjórn Stangaveiðifélags Borgarness, Finnbogi Guðlaugsson, Geir G. Bachmann, Þorkell Magnússon, Aðalsteinn Björnsson, Jóhann Kr. Jóhannesson."

Stjórnin ræddi tilboðin á fundinum, en á honum voru einnig staddir Kjartan Jónsson og Jón Kjartansson. Ákveðið var, að nefndin kannaði tilboðin nánar og að það yrði gert eins fljótt og auðið væri. Stjórnin kom að nýju til fundar 8. nóvember ásamt nefndinni. Samþykkt var að óska eftir samningaviðræðum við Veiðifélagið „Breiðuna" við fyrstu hentugleika. Stjórnin ritaði Kjartani Jónssyni bréf, dags. 27. nóvember 1975, þar sem honum er tilkynnt, að þar sem umsamin greiðsla fyrir veiðiréttinn árið 1975 sé að nokkru í vanskilum, sé það álit þeirra, sem fjallað hafi um tilboðin í neðri hluta árinnar, að tilboð Kjartans geti ekki undir slíkum kringumstæðum komið til greina og því sé hér með hafnað. Hinn 8. desember 1975 gerði stjórnin leigusamning við Markús Stefánsson um neðri hluta Þverár árin

1976, 1977 og 1978 og höfðaði mál þetta til greiðslu skuldar Kjartans Jónssonar við veiðifélagið með stefnu 15. desember.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfu sína á hendur stefnda alfarið á skuldayfirlýsingu hans, dags. 13. september 1975, til stefnanda, að fjárhæð kr. 2.380.000. Stefndi hafi ekki staðið við loforð þetta og hann hafi ekki sinnt greiðsluáskorunum og því hafi mál þetta verið höfðað. Undir rekstri þess hafi í ljós komið, að stefndi neiti greiðslu skuldarinnar, þar sem hann telji sig ekki bundinn af samkomulagi því, sem gert var við stjórn veiðifélagsins 13. september 1975 um uppgjör veiðileigunnar fyrir árið 1975. Stefndi haldi því fram, að hann hafi verið beittur blekkingum og nauðung til þess að ganga að þessu samkomulagi og gefa út skuldaviðurkenninguna, en því sé af hálfu stefnanda alfarið neitað, enda ekki stutt neinum rökum af hálfu stefnda. Stefndi haldi því fram, að leigugjaldið fyrir Þverá árið 1975 hafi átt að vera kr. 5.200.000, en ekki kr. 9.545,454, eins og samið hafi verið um. Byggi stefndi þessa skoðun á því, að samningur aðilja frá 6. nóvember 1971 geri ráð fyrir grunnleigu, ákveðinni fjárhæð, kr. 5.200.000 fyrir árið 1975, og hækkun á þessari fjárhæð í samræmi við hækkun á gengi bandaríkjadollars gagnvart íslenskum krónum, sem komin sé fram fyrir umsaminn gjalddaga 20. maí. Sfefndi haldi því fram, að ólöglegt sé að krefja hann um hækkun byggða á breyttu gengi íslensku krónunnar og vísi hann í lög nr. 71/1966 máli sínu til stuðnings. Gagnkröfuna byggi stefndi á því, að hann þurfi ekki að greiða mismuninn á grunngjaldinu, kr. 5.200.000, og hækkuninni og hafi hann því ofgreitt til veiðifélagsins og sé hér því um endurgreiðslukröfu af hálfu stefnda að ræða. Aðalkrafa og gagnkrafa byggist því á sömu spurningu, þ. e. hvort í gildi sé samkomulag aðilja um veiðileigu ársins 1975, sem gert var 13. september 1975, og skuldaviðurkenning stefnda, sem byggð var á því, eða hvort þetta sé ógilt. Að vísu sé hluti gagnkröfu stefnda, kr. 56.424, byggður á öðrum forsendum, nefnilega þeim, að hér sé um að ræða tap stefnda vegna þess, að veiðifélagið hafi ekki tekið tilboði hans í veiðina árið 1976, heldur lægra tilboði, og honum beri hluti fjárhæðar þeirrar, sem í milli hafi borið á tilboðunum. Þessi hluti gagnkröfunnar sé af stefnda hálfu órökstuddur, enda ekki byggður á lagarökum. Veiðifélagið geti ekki orðið bótaábyrgt af því einu að taka ekki hærra tilboði í krónutölum. Um aðalhluta gagnkröfu stefnda, sem byggður sé á sömu rökum og and-

mæli stefnda við kröfum stefnanda, sé það að segja, að því sé alfarið mótmælt af hálfu stefnanda, að ákvæði leigusamningsins um grunngjald leigufjárhæðar og hækkun á því samkvæmt hækkun á gengi bandaríkjadollara sé á nokkurn hátt ólögmætt. Lög nr. 71/1966, 1. gr., lýsi óheimilar fjárskuldbindingar í íslenskum krónum með ákvæðum þess efnis, að greiðslur skuli breytast í hlutfalli við breytingar á gengi erlends gjaldeyris. Lögum þessum sé ætlað að treysta notkun íslensku krónunnar, en ekki ætlað að koma í veg fyrir, að menn geti samið á þann hátt sem aðiljar í þessu máli. Stefndi hafi framleigt veiðiréttinn til útlendinga og þess vegna hafi hann séð sér hag í að hafa slík ákvæði og eigendur árinnar hafi samið um að fá í sinn hlut hækkun, sem leiddi beinlínis af sjálfkrafa hækkun veiðileigunnar í íslenskum krónum. Stefndi hafi alls ekki verið að taka á sig fjárskuldbindingu í merkingu laga nr. 71/1966, heldur hafi aðiljar í samningi sínum verið að gera áætlun um markaðsverð gæðanna, eins og þeir telja það verða í framtíðinni. Þetta hafi þótt eðlilegt og sjálfsagt milli aðilja, allt þangað til stefndi hugðist standa félaginu skil á leigugjaldinu fyrir árið 1975. Áætlun á verði gæða fram í tímann sé ekki verðtrygging á fjárskuldbindingu og komi lög nr. 71/1966 ekki til álita í máli þessu. Stefnandi bendir einnig á, að jafnvel þótt svo væri litið á, að ákvæði samnings aðilja um þetta, dags. 6. nóv. 1971, færi í bága við lögin um verðtryggingu fjárskuldbindinga, þá fari samkomulag aðilja um veiðileiguna árið 1975 á engan hátt í bága við lög þessi. Aðiljar hafi endanlega gengið frá leigunni fyrir veiðitímabilið 1975, eftir að því lauk í september 1975, og komi því ekki til álita, hvort aðiljar hafi miðað við gengishækkun dollara eða annað. Stefndi hafi viljað halda því fram, að hann ætti ekki að greiða viðbótina við grunnleigugjaldið að fullu vegna þess, að erlendir veiðimenn hafi brugðist og ekki komið til veiða eins og áður. Þessu sé alfarið mótmælt sem ósönnuðu og sé af þessu ljóst, að hugleiðingar stefnda um, að hann hafi verið beittur nauðung eða misneytingu í samningum sínum við veiðifélagið, séu hugarburður einn.

Stefndi og gagnstefnandi styður kröfu sína um sýknu á því, að aðalkrafa stefnanda sé lögleysa. Hún sé byggð á verðtryggingu, sem sé lýst óheimil í 1. gr. laga nr. 71/1966, og því beri stefnda ekki að greiða hana. Dómar hafi fallið á þessa leið, bæði í héraði og Hæstarétti. Algerlega hafi verið óheimilt að krefja stefnda um gengisálag miðað við gengi bandaríkjadollars og

það sé ólöglegt að láta hann lofa ávísanagreiðslu til þess að fullnægja slíkri kröfu. Hann hafi verið beittur blekkingum og nokkurri misneytingu til þess að undirrita tékkann og hafi hann afturkallað tékkann, jafnskjótt og honum varð ljóst eðli málsins. 32. gr. samningalaga nr. 7/1936 verndi menn í slíkum tilvikum. Við þetta bætist, að það hafi verið alger forsenda af hans hálfu, er hann lofaði veiðifélaginu greiðslu 13. september 1975, að hann hefði ána til leigu áfram. Honum hafi verið sagt, að tilboð hans í ána fyrir næstu ár yrðu ekki tekin til athugunar, nema hann gerði upp við félagið og semdi á grundvelli dollaraálagsins, og honum hafi verið lofað, að tilboð hans yrði tekið til athugunar, jafnskjótt og hann hefði greitt. Hann hafi því verið búinn að greiða allar löglegar greiðslur til stefnanda samkvæmt samningum aðilja, áður en til máls þessa hafi komið, og því beri að sýkna hann. Gagnkrafa hans í málinu byggist á því, að stefnandi skuldi honum þessar fjárhæðir, ef „dollaraálagið" og samkomulagið frá 13. september 1975 dæmist ólögmætt. Hluti gagnkröfunnar, kr. 56.424, sé hins vegar orðinn til á þann hátt, að þetta sé missir arðs, sem stefndi hefði átt að fá samkvæmt eftirfarandi útreikningi:

Stefndi hafi boðið kr. 8.300.000 fyrir 7 stengur í neðri hluta Þverár sumarið 1976. Þessu tilboði hafi verið hafnað, en tekið tilboði frá Markúsi Stefánssyni, kr. 7.191.667, fyrir 6½ stöng. Mismunur sé kr. 1.108.333, þegar einnig sé reiknað með afslætti vegna húsaleigu fyrir veiðihús til leigutaka, kr. 500.000. Stefnda sem eiganda Guðnabakka tilheyri 560/11000 hlutar í arð af þessari fjárhæð og það geri í krónutölu kr. 56.424.

Stefndi haldi því fram, að ótvírætt sé, að slík verðtrygging, sem aðiljar hafi samið um í leigusamningnum 6. nóvember 1971, sé bönnuð og sé samkomulagið frá 13. september 1975, sem byggt sé á slíkri gengistryggingu, einnig ólöglegt. Stefndi hafi snemma árs 1975 gert sér ljóst, að hann gæti ekki vegna samdráttar á leigu til útlendinga greitt fullt gengisálag á leiguna á ánni. Honum hafi verið ljóst, að hann gæti einungis gert það, ef hann fengi samninginn framlengdan áfram næstu ár. Fjölskylda hans hafi öll starfað við þetta og þetta hafi því verið gífurlegt hagsmunamál fyrir þau öll. Stefnda hafi verið ljóst, að gengistryggingarákvæðið væri ólöglegt, en hann hafi samt verið tilbúinn til samninga. Hann hafi verið neyddur til að gefa út skuldayfirlýsinguna 13. september, þar sem honum hafi verið sagt, að tilboð hans kæmu ekki til greina ella. Þess vegna hafi hann

fallist á að gefa út skuldayfirlýsinguna, til þess að tilboð hans, sem fjölskyldan ætti allt undir, yrðu virt viðlits, og hann hafi gert þetta eingöngu í trausti þess, að hann mundi fá ána í leigu áfram. En í ljós hafi komið, að formaður veiðifélagsins hafi þá þegar verið búinn að gera samning við aðra aðilja um leiguna árið 1976, og þá hafi stefndi áttað sig á, að hann hafi verið blekktur, og hafi hann því afturkallað tékkann. Veiðifélagið hafi þannig notað sér aðstöðu stefnda og vitneskju um það, að stefndi yrði að fá leiguna á ánni áfram vegna lífsafkomu fjölskyldu sinnar, til þess að blekkja hann til að gefa út skuldaviðurkenningu fyrir ólögmætri skuld, og sé ljóst, að slíkt sé ógilt og óheimilt samkvæmt 32. gr. samningalaga og brot á 248. gr. almennra hegningarlaga.

Niðurstaða.

Aðalkrafa stefnanda og meginhluti gagnkröfu stefnda byggjast á uppgjöri aðilja skv. samningi þeirra um leigu á veiðirétti í Þverá. Aðiljar gerðu samninginn 6. nóvember 1971 um veiðiréttinn árin 1972, 1973, 1974 og 1975. Leigugjaldið var ákveðið grunngjald á ári hverju miðað við fjölda stanga, og ofan á grunngjaldið skyldi koma sjálfkrafa hækkun í samræmi við hækkun á bandaríkjadollar gagnvart íslenskri krónu, miðað við gjalddaga leigugreiðslunnar, sem var 20. maí ár hvert fyrirfram fyrir veiðitímabilið 11. júní til 10. september. Aðiljar eru sammála um, að leigugjaldið hafi ekki hækkað árin 1972 og 1973 samkvæmt þessu ákvæði, heldur aðeins verið grunnleigan, kr. 4.500.000, bæði árin, en árið 1974 hafi grunnleigan, kr. 4.750.000, verið færð upp í kr. 5.170.000 og að árið 1975 hafi grunnleigan verið kr. 5.200.000, en leigugjaldið með hækkun skv. gengisbreytingu átt að vera kr. 9.545.454. Aðiljar eru einnig sammála um, að ákvæðið um sjálfkrafa hækkun grunnleigunnar í samræmi við hækkun bandaríkjadollars gagnvart ísl. krónu hafi verið sett í samning aðilja vegna framleigu veiðiréttarins til útlendinga, sem greitt hafi leigugjaldið í bandaríkjadollurum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að honum hafi ekki verið skylt að greiða hækkunina á leigugjaldinu umfram grunnleigugjaldið, þar sem 1. gr. laga nr. 71/1966 banni slíka „verðtryggingu", og hann byggir meginhluta gagnkröfu sinnar á hendur stefnanda á sömu sjónarmiðum. Stefndi hefur lýst því yfir, að hann hafi ætíð talið ákvæði samningsins um sjálfkrafa hækkun leigugjaldsins ólöglegt. Stefnandi hefur ekki viljað fallast á þennan skilning stefnda.

Dómurinn telur, að með umræddu gengistryggingarákvæði í leigusamningnum hafi leigutaki ekki verið að taka á sig fjárskuldbindingu í skilningi 1. gr. laga nr. 71/1966, heldur hafi aðiljar verið að áætla leigugjald veiðiréttindanna fram í tímann. Ákvæði þetta fellur því ekki undir lög nr. 71/1966, og er ekki ólöglegt. Stefndi, sem haldinn var öðrum skilningi, telur veiðifélagið hafa neytt sig til að semja um ólöglegt gjald með því að neita að semja við hann um framhald á leigusamningi ella. Á þetta verður á engan hátt fallist. Stjórn félagsins veitti stefnda gjaldfrest á leigugjaldinu fyrir árið 1975. Stjórn veiðifélagsins og félagsfundum var rétt að gera stefnda ljóst, að tilboð hans í framhaldandi veiðirétt yrðu ekki tekin til greina, fyrr en hann hefði staðið við samninga sína og skuldbindingar gagnvart veiðifélaginu. Stefndi virðist hafa skilið þetta svo, að tilboðum hans í veiðirétt yrði tekið, ef hann gerði upp við veiðifélagið samkvæmt samningi aðilja. Ekkert í máli þessu bendir til, að slík loforð hafi verið gefin af hálfu félagsins né að félaginu hafi átt að vera ljóst, að slíkar forsendur væru af hans hálfu. Ekkert í máli þessu bendir til, að samningur aðilja um uppgjör 13. sept. 1975, og skuldaviðurkenning stefnda þann dag, sé ólöglegur eða skuli vera ógildur eða að óheiðarlegt sé af stefnanda að bera hann fyrir sig, og verða því kröfur stefnanda í aðalsök að öllu leyti teknar til greina.

Hluti gagnkröfu stefnda byggist á þeim rökum, að hann hafi orðið fyrir tjóni, sem samsvari hluta hans í mismun á hans eigin tilboði í veiðiréttinn árið 1976 og tilboði því, sem tekið hafi verið. Veiðifélagið tók tilboði, sem það taldi hagstæðast fyrir félagið, á löglegan hátt og hefur á engan hátt bakað sér bótaskyldu gagnvart einum félagsmanna, þótt hann telji, að félagið hefði átt að taka öðru tilboði. Þessi hluti gagnkröfu sem aðrir hlutar verður því ekki tekinn til greina.

Niðurstaða verður því sú, að taka ber kröfur stefnanda í aðalsök að öllu leyti til greina, en sýkna stefnanda af gagnkröfu stefnda alfarið. Stefnda verður gert að greiða stefnanda málskostnað, sem með hliðsjón af rekstri málsins og málavöxtum ákveðst kr. 500.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði stefndi, Kjartan Jónsson, stefnanda, Veiðifélagi Þverár, kr. 2.380.000 með 2% dráttarvöxtum á mán-

uði eða broti úr mánuði frá 1. október 1975 til 25. nóv. s. á., en af kr. 2.380.000 frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda.

Stefndi og gagnstefnandi, Kjartan Jónsson, greiði stefnanda og gagnstefnda, Veiðifélagi Þverár, kr. 500.000 í málskostnað.

Greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. júní 1980.

Nr. 113/1977. **Jón Þorkelsson**
Málfríður Þorkelsdóttir
Sigríður Þorkelsdóttir
Pétur Geirsson
Jón Helgason og
Hvalfjarðarstrandarhreppur,
eigendur Litla-Botns,
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Helga Eyjólfssyni,
eiganda Stóra-Botns,
og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 5. júlí 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. júní s. á. Krefjast þeir þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Verði ómerkingarkrafan ekki tekin til

greina, hafa aðaláfrýjendur gert þessar dómkröfur: Aðallega „að landamerki Stóra-Botns og Litla-Botns á hinu umdeilda svæði skuli vera bein lína dregin úr punktinum R, sbr. hdskj. 24 og 25, þar sem hún sker miðja Litlu-Botnsá í punktinum U, og þaðan línan U — V og áfram eftir þeirri línu út í miðja Stóru-Botnsá. Þaðan ráði miðja Stóru-Botnsár til sjávar. Til vara, að landamerkjum ráði lína skv. fyrrgreindum dómskjölum, er hugsast dregin frá punktinum R, þar sem hún sker miðja Litlu-Botnsá, til punktsins S og bein lína úr þeim punkti í punktinn T út í miðja Stóru-Botnsá. Þaðan ráði miðja Stóru-Botnsár til sjávar".

Í öllum tilvikum krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. október 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. september s. á. Hann krefst þess, að ómerkingarkröfu aðaláfrýjenda verði hrundið og málið dæmt að efni til. Eru dómkröfur hans um efni máls þessar: Aðallega að landamerki þau, sem um er deilt, verði ákveðin þannig: „Bein lína úr vörðubroti merkt A í vörðubrot merkt B og þaðan bein lína í punkt merktan C á uppdrættinum á dómskjali nr. 15 svo ráði Litla-Botnsá úr því". Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Hann krefst málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

Samkvæmt 48. gr. laga nr. 75/1973 hefur málið nú eingöngu verið flutt um framkomna ómerkingarkröfu.

Við munnlegan flutning máls þessa í héraði 9. júlí 1976 höfðu eigendur Litla-Botns uppi þessar kröfur um efni málsins: „Aðalkrafa varnaraðilja er sú, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að hin umdeildu landamerki séu bein lína dregin úr punktinum R, sbr. dskj. 24 og 25, þar sem hún sker miðja Litlu-Botnsá í punktinum U, og þaðan línan U til V og áfram eftir þeirri línu út í miðja Stóru-Botnsá. Þaðan ráði miðja Stóru-Botnsár. Varakrafa varnaraðilja er sú, að landamerkjum ráði lína skv. fyrrgreindum dskj., er hugsast dregin frá punktinum R, þar sem hún sker miðja Litlu-Botnsá, til punktsins S og bein lína úr þeim punkti um punkt-

inn T og út í miðja Stóru-Botnsá. Þaðan ráði miðja Stóru-Botnsár".

Í héraðsdómi eru dómkröfur þessara aðilja raktar þannig: „Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að hrundið verði kröfum sóknaraðila máls þessa og að ákveðið verði með dómi réttarins, að Litla-Botnsá ráði merkjum milli Stóra-Botns og Litla-Botns, frá því áin fellur úr Stóru-Krókatjörn, þar til hún fellur í Stóru-Botnsá, en eftir dalnum til sjávar fram ráði Stóra-Botnsá merkjum jarðanna".

Þessi kröfulýsing í dóminum er ekki í samræmi við endanlega kröfugerð eigenda Litla-Botns fyrir héraðsdómi. Þá er ekki getið raka þeirra, er þessir aðiljar færðu fram til stuðnings kröfum sínum, og ekki sæta þær beinni úrlausn dómsins.

Þessi meðferð málsins er svo gölluð, að samkvæmt 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 41/1919 og 1. gr. laga nr. 69/1954, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 24. nóvember 1976.

I.

Mál þetta var þingfest 3. október 1975 og dómtekið 23. nóvember 1976.

Með bréfi, dags. 10. júní 1975, tjáði Helgi Eyjólfsson forstjóri, Miklubraut 3, Reykjavík, sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að ágreiningur væri óleystur um merki jarðanna Stóra-Botns og Litla-Botns í Strandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Hinn 3. október á sama ári setti sýslumaður landamerkjadóm

í skrifstofu dómsins og leitaði sátta um ágreininginn með aðiljum. Sættir tókust ekki, og var skipan landamerkjadóms þá ákveðin. Var málið jafnframt þingfest í þessu réttarhaldi.

II.

Hér þykir rétt að geta þess strax, að tilraunir til þess að koma á sáttum milli aðilja höfðu reyndar farið fram fyrr.

Hinn 27. nóvember 1974 var sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu staddur í Botnsskála í Hvalfirði og með honum Guðmundur Pétursson búnaðarráðunautur þeirra erinda að kynna sér ágreininginn og leita sátta. Hafði Helgi Eyjólfsson ritað sýslumanninum bréf hinn 27. september 1973 og greint honum frá ágreiningi, sem uppi væri með eigendum jarðanna Litla-Botns og Stóra-Botns. Fór Helgi þess á leit, að sýslumaðurinn leitaði sátta í málinu. Þá hafði sýslumanninum borist tilkynning eigenda Litla-Botns, dags. 9. nóvember 1974, þar sem greint er frá landamerkjaágreiningnum og jafnframt að Sigurður Sigurðsson oddviti, Stóra-Lambhaga, hefði verið tilnefndur sáttamaður af hálfu eigenda Litla-Botns. Hermann Helgason, lögmaður í Reykjavík, hafði áður verið tilnefndur sáttamaður af hálfu Stóra-Botns.

Þennan dag var reynt að koma á sáttum. Var m. a. gengið á hið umdeilda land, skoðaðar loftljósmyndir og kannaðar mælingar. (Skjöl varðandi þessa sáttatilraun fylgja máli þessu, sbr. dskj. nr. 2).

Að áreið og athugun lokinni var sett fram sáttatillaga, sem allir aðiljar, þar á meðal fulltrúar beggja landeigenda, lýstu sig samþykka, og lýstu þeir yfir því, að þeir mundu vinna að því, að eigendur jarðanna samþykktu sáttatillöguna.

Svo fór þó, að eigandi Litla-Botns samþykkti eigi endanlega þessa sáttatilraun, sbr. hér dskj. nr. 26, þar sem fulltrúi eiganda Stóra-Botns tilkynnir státtamanni Litla-Botns, að senn verði farið í landamerkjamál, verði sáttatillagan eigi samþykkt af hálfu landeigenda í Litla-Botni.

III.

Málið var því þingfest, eins og fyrr greinir, hinn 3. október 1975. Sóknaraðili er Helgi Eyjólfsson, eigandi Stóra-Botns, en verjendur eru erfingjar Kristínar Jónsdóttur og Þorkels Péturssonar frá Litla-Botni. Eru það Jón Þorkelsson bóndi, Stóra-Botni, Málfríður Þorkelsdóttir, Akranesi, Sigríður Þorkelsdóttir, Rauða-

læk 32, Reykjavík, og börn Péturs Þorkelssonar, sem nú er látinn, en þau eru: Þorkell Pétursson og Kristín Pétursdóttir, Litla-Botni, og Sigríður Pétursdóttir.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að landamerki milli Stóra-Botns og Litla-Botns verði ákveðin í dóminum þannig, að bein lína verði dregin úr vörðubroti merktu A í vörðubrot merkt B og þaðan bein lína í punkt merktan C á uppdrætti á dskj. nr. 15, svo ráði Litla-Botnsá úr því. Þá er krafist málskostnaðar úr höndum varnaraðilja.

Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að hrundið verði kröfum sóknaraðilja máls þessa og að ákveðið verði með dómi réttarins, að Litla-Botnsá ráði merkjum milli Stóra-Botns og Litla-Botns, frá því áin fellur úr Stóru-Krókatjörn, þar til hún fellur í Stóru-Botnsá, en eftir dalnum til sjávar fram ráði Stóra-Botnsá merkjum jarðanna. Þá er þess krafist, að sóknaraðilja sé gert að greiða varnaraðiljum málskostnað.

Við áreið og könnun hefur komið fram, að það eru í aðalatriðum árnar Stóra-Botnsá og Litla-Botnsá og forn farvegur hennar, sem merkjum ráða milli þessara tveggja jarða.

Heimildarbréf: Sóknaraðili lagði fram staðfest endurrit úr landamerkjabók sýslunnar um skráningu nr. 296, en þar segir:

A) „Fyrir jörðinni Stórabotni eru landamerki þannig: á milli Litlabotns og ofangreindrar jarðar ræður Stóra-Botnsá, neðan frá vognum þar til Litlabotnsá hefur að fornu í hana fallið, og þar frá ræður Litlabotnsá til upptaka, sem eru í svonefndri Stórukrókatjörn á miðri Botnsheiði".

Síðast í þessu landamerkjabréfi segir svo á þessa leið:

B) „Stórabotnsá ræður frá Botnsvog þar til Litlabotnsá hefur að fornu í hana fallið. Þá taka við vörður á miðjum hólma norðan við árnesið, svo ræður Litlabotnsá úr því".

Undir A) liðinn er ritað:

„Samþykkt af hlutaðeigendum með eiginhandarundirskriftum. Sem umboðsmaður Þingvallakirkjutorfunnar undirskrifar

Jón Einarsson, Skorhaga. Jón Thorsteinsson
Björn Eyvindsson (handsalað) Sigurður Vigfússon
í Efstabæ
Helgi Einarsson, Litla-Botni Jón B. P. Ottisen,
Þorkell Þorláksson, Þyrli Ingunnarstöðum

Stórabotni 14. maí 1890
Gísli Gíslason, Bóndi í
Stórabotni.

Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 6. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu No 123.

Sigurður Þórðarson".

Undir B) lið landamerkjabréfsins, sem að ofan greinir, stendur:

„Þorkell Pétursson Helgi Jónsson

Innritað skv. lögum nr. 72 27/6 1921.

G. Björnsson".

Varnaraðili lagði einnig fram endurrit úr landamerkjabók um skráningu nr. 213, en þar segir:

„Landamerkjalýsing

fyrir jörðinni Litlabotni í Hvalfjarðarstrandarhreppi:

1. ..... (Þyrill)
2. ..... (Fitjar í Skorradal)
3. Litlabotnsá ræður merkjum milli Stórabotns og Litlabotns frá því áin fellur úr ofangreindri tjörn (Stóra-Krókatjörn, innskot dómsins) þar til hún fellur í Stórabotnsá, að undanskildum hólmum, sem Litlabotnsá hefur brotið á móts við bæinn í Litlabotni og tilheyra þeir nýnefndri jörðu, en eftir dalnum til sjávar fram, er Stórabotnsá merki milli nýnefndra jarða.

Litlabotni, 18. júnímán. 1886

Helgi Einarsson, ábúandi

jarðarinnar.

Guðmundur Ólafsson, bóndi á Fitjum, samþykkur

Gísli Gíslason, Stórabotni

Þorkell Þorláksson á Þyrli

Samþykkja. Stsv. kv. No 217—89.

Lesið á Saurbæjarmanntalsþingi 19. júní 1886.

Fyrir hönd sýslumanns G. Pálss.

Sigurður Þórðarson cand. jur.

Innfært í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu.

Sigurður Þórðarson

(settur)".

IV.

Samkvæmt framansögðu hafa bæði landamerkjabréfin, þ. e. bréf Litla-Botns og Stóra-Botns, verið árituð af sýslumanni og lesin á viðkomandi manntalsþingum. B liður landamerkjabréfs Stóra-Botns ber að vísu ekki með sér í skjalinu, að hann hafi verið lesinn á þingi, en það var innritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu af þáverandi sýslumanni í samræmi við ákvæði laga nr. 72/1921.

Hér er þess getið, að dómurinn telur líklegast, að þessi viðbót hafi á sínum tíma verið gerð í því skyni að taka af vafa um merki og leysa úr ágreiningi um skiptingu hólmans, en vitni og aðiljar, sem komið hafa fyrir dóm, bera einmitt, að þeim hafi verið kunnugt um deilu, sem staðið hafi milli landeigenda í Litla-Botni og Stóra-Botni um hólmann. Þegar Jón Þorkelsson, bóndi í Stóra-Botni, kom fyrir dóm 5. des. 1975, segir hann aðspurður, „að hann hafi heyrt minnst á það, að deila hafi orðið út af skógarnytjum í Skógarhólma, og hafi því verið gert samkomulag, þar sem landamerkjaskjöl höfðu brunnið í sýsluskrifstofunni 1921, um það að skipta hólmanum á milli sín". Jón Þorkelsson er meðal varnaraðilja, sonur Þorkels Péturssonar í Litla-Botni, sem undirritaði landamerkjabréfið.

Vitnið Jón Helgason, sem kom fyrir dóm 7. maí 1976 „kannast við að hafa heyrt, að skjal væri til, sem greindi frá því, að hólmanum væri skipt". Jón Helgason er sonur Helga Jónssonar, bónda í Stóra-Botni, sem undirritaði skjalið.

Vitnið Þórkell Guðmundsson, sem einnig kom fyrir dóm 7. maí 1976, „kannast við, að hólmi hafi verið á eyrunum við Litlu-Botnsá og náð niður undir ármót, neðri endinn. Efri endinn var ofan við réttina, rétt við brúna".

Í vottorði Guðmundar Brynjólfssonar á dskj. nr. 23 segir: „Þá minnist ég þess, að ég heyrði einhverntíma þess getið, að nokkur ágreiningur væri um smá hólma gegnt Litla-Botnsbænum".

Þá er rétt að víkja hér að vottorði Ingvars E. Ísdal á dskj. nr. 14. Ingvar er látinn fyrir meira en áratug, og skjal þetta er dagsett 20. apríl 1959. Ingvar keypti jörðina Stóra-Botn 1937 af Helga Jónssyni, þeim er undirritaði landamerkjabréf Stóra-Botns. Í skjali þessu segir m. a.: „Úr Stóru-Krókatjörn fram á heiði um gil það, er Litla-Botnsá fellur um, fram í dalinn, þar til kemur að hinum forna farvegi, neðan við túnið að Litla-Botni, (sést hann greinilega þótt hann sé orðinn gróinn) þaðan liggja landamerkin úr núverandi farvegi beina línu í Botnsá, þar sem hinn áðurnefndi forni farvegur kemur í hana og þar sem hinn svokallaði Beitarhúsalækur rennur í Botnsá, neðan við nýbyggðan sumarbústað við lækinn, og svo þaðan í Botnsá til sjávar".

Segir vottorðsgjafi í skjali þessu, að þannig hafi Helgi Jónsson sýnt sér merkin, er þeir gengu á þau, eftir að kaup fóru fram. Eins og fyrr greinir, hefur skjal þetta ekki verið staðfest fyrir rétti, þar eð vottorðsgjafi er fyrir löngu látinn. En

efni skjalsins styður það viðhorf, að árnar tvær, eins og þær **renna nú, hafi ekki að öllu leyti verið landamerki.**

Landamerkjabréfin eru grundvallarheimildir um það, hvernig lönd deilast millli bújarða. Landamerkjabréfi Stóra-Botns (niðurlagi) hefur verið mótmælt af varnaraðilja og m. a. talið ósannað, að eigendur og ábúendur jarðanna Litla-Botns og Stóra-Botns, þeir Þorkell Pétursson og Helgi Jónsson, hafi undirritað þau. Hvorki eru þó rök færð fyrir því né líkur á, að um fölsun geti verið að ræða. Verður að telja innfærslu landamerkjabréfsins inn í landamerkjabók sýslunnar, könnun og áritun sýslumanns á bréfið, fullgilt gagn sem slíkt, enda hefur þessum þætti landamerkjaskrár sýslunnar eigi verið mótmælt fyrr, svo kunnugt sé, og endurrit hafa verið látin af hendi, er óskað er eftir því, í meira en hálfa öld. Dómurinn telur bréfið fullgilt sem opinbert gagn, áritað og útgefið eftir könnun af þar til bæru stjórnvaldi og innfært í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu, lögum samkvæmt, sbr. ákvæði laga nr. 72 frá 27. júní 1921, einkum 4. og 6. gr. laganna.

Dómendur hafa tekið til athugunar, að hverju leyti þau landamerkjabréf, sem lögð hafa verið fram í réttinum, það er landamerkjabréf Litla-Botns frá 1886, þingl. 18. júní 1886, og landamerkjabréf Stóra-Botns frá 1890, þingl. 14. maí 1890, eru samhljóða og að hverju leyti þau greinir á.

Bæði bréfin ganga út frá því sem höfuðreglu, að Litla-Botnsá skipti löndum milli jarðanna, en þó bæði með frávikum að því er snertir hólma „á móts við bæinn í Litla-Botni" skv. bréfi Litla-Botns, en „norðan við árnesið" samkv. viðauka við bréf Stóra-Botns. Hér benda aðstæður eindregið til þess, að um sé að ræða hólma á sama svæði, sem liggur norðan árinnar, eins og hún rennur nú og nær allt frá brú á Litlu-Botnsá (merkt A á uppdrætti) og niður að girðingarhorni (merkt C á uppdrætti), en sú vegalengd er um 500 m. Framburður vitnanna Þórkels Guðmundssonar og Jóns Helgasonar styður einnig þá skoðun dómsins að því er legu hólmans varðar.

Sýnilegt er, að áin hefur ekki haft stöðugan farveg á þessum slóðum á síðustu áratugum, og kemur raunar greinilega fram í landamerkjabréfi Litla-Botns, að áin hefur brotið sér nýjan farveg nær bænum á Litla-Botni en eldri farvegur hennar var, og má ráða af orðalagi bréfsins, að þetta hafi skeð ekki löngu áður en bréfið er ritað. Þar segir svo: „að undanskildum hólmum sem Litla-Botnsá hefur brotið af á móts við bæinn í Litla-Botni

og tilheyra þeir nýnefndri jörð". Ljóst er af landslagi, að þeir hólmar eru nú norðan árinnar. Þessi málsgrein í merkjabréfinu útilokar ásamt fleiru, að „hinn forni farvegur árinnar" hafi legið þar, sem lækur við túnið á Litla-Botni rennur nú, því ekki er mögulegt, að áin hafi á sögulegum tíma runnið norðan hans.

Á landsvæðinu við Litlu-Botnsá og norðan hennar, frá brú og niður að ósi í Stóru-Botnsá, hefur farið fram talsvert jarðrask á síðustu árum vegna vegagerðar annars vegar og „lagfæringar" á farvegi árinnar hins vegar. Þetta jarðrask torveldar að ákveða af nákvæmni, hvar kvíslar úr Litlu-Botnsá hafa runnið. Þó má sjá þess glögg merki, að endi á hólma milli kvísla eða farvega hefur verið rétt neðan við girðingarhorn (merkt C á uppdrætti).

Örðugra er að ákvarða efri mörk hólmans, en dómendur telja þó sýnt, að þau hafi verið upp undir brúnni á Litlu-Botnsá. Framburður vitnisins Jóns Helgasonar styður og þá skoðun dómenda, að endar hólmans hafi verið þar, sem hér greinir, en í framburðinum segir svo: „ . . . en lengdin takmarkast nokkurn veginn af brautinni að sumarbústað Helga Eeyjólfssonar að utan, en nær lítið eitt lengra en á móts við réttina að innan".

Breidd hólmans verður varla ákvörðuð af ýtrustu nákvæmni eftir ummerkjum á landi, þar sem þjóðvegurinn og jarðrask vegna byggingar hans hylur nú náttúrleg ummerki á allbreiðu svæði norðan árinnar. Um breidd hólmans skal þó enn vitnað til framburðar Jóns Helgasonar, en í framburði hans segir: „Takmarkast að norðan af þjóðveginum".

Í viðauka við landamerkjabréf Stóra-Botns er getið um „vörður á miðjum hólma, norðan við árnesið", er skipti löndum á þessu svæði. Sækjandi sýndi dómendum grjóthrúgur, er hann telur leifar af nefndum vörðum. Dómendur hafna því, að þar sé um slík mannvirki að ræða, og við leit á vettvangi, ásamt aðiljum, fundu þeir ekki ummerki um vörður þessar. Það er álit dómenda, að mestar líkur séu til þess, að nefndar vörður hafi aldrei verið hlaðnar, þótt við gerð viðauka við landamerkjabréf hafi verið ákveðið, að svo skyldi gert.

Viðaukinn hefur sennilega verið gerður, eins og fyrr segir, til að sætta ágreining, sem uppi var um skiptingu hólmans, en svo hefur trúlega gleymst að hlaða vörðurnar eða látið nægja að setja spíkur eða steina til bráðabirgða. Hitt virðist einsýnt, að rétt merki á þessum stutta spöl milli viðkomandi jarða eru um hólmann, og verður að virða gerninga þar um, og er unnt að

skipta hólmanum af nokkurri nákvæmni, svo sem hér er gert, sbr. meðfylgjandi uppdrátt dómsins.

Fyrir meira en áratug lét Helgi Eyjólfsson, eigandi Stóra-Botns, gera vandaða girðingu milli þjóðvegarins og árinnar. Helgi valdi girðingarstæðið sjálfur, og var henni látið ómótmælt af eigendum Litla-Botns. Dómendur telja, að girðing þessi liggi sem næst miðju hólma þess, sem um ræðir í viðauka við landamerkjabréf Stóra-Botns, og sé eðlileg dreifing hólmans samkvæmt því, sem þar er ritað.

Neðan við girðingarhorn (merkt C á uppdrætti) virðist ekki vera um seinni tíma hólmamyndanir að ræða, en niður undir ósi í Stóru-Botnsá er farvegur Litlu-Botnsár glöggt afmarkaður af grasigrónum torfbökkum báðum megin árinnar (merktir F og G á uppdrætti). Dómendur telja einsýnt, að hér sé um hinn forna farveg að ræða. Neðan þess staðar er ekki um eins glögg merki um farveg að ræða, enda má ráða af loftmyndum, að á þessu svæði hafi farvegir bæði Stóru-Botnsár og Litlu-Botnsár verið allóstöðugir. Dómendur eru þó sammála um það, að hinn forni farvegur hafi legið svo sem merkjalína sýnir á uppdrætti þeim, er dómurinn hefur látið gera og fylgir dóminum, og komið í Stóru-Botnsá þar, sem hinn forni farvegur endar og merkt er á uppdrættinum með bókstafnum D. Auk þess sem þarna má greina farveginn er um eðlilega framrás árinnar að ræða, svo sem línan er dregin í punktinn D. Að áin hafi á þessum tiltölulega sléttu eyrum beygt 60—80° að Stóru-Botnsá, svo sem varnaraðili telur, er mjög ósennilegt og andstætt náttúrulegu framrennsli ár, sem rennur á eyrum, og má telja víst, að hinn forni náttúrulegi farvegur hafi verið hlykkjalítill, svo sem hann er nú ákveðinn af dóminum.

V.

Landamerkjadómurinn kvaddi vitnin og aðilja á vettvang og tók þar af þeim skýrslur, enda gafst þeim kostur á vettvangsgögnum. Ekki náðist þó til allra með þeim hætti við áreiðirnar, sbr. dskj. nr. 23, þar sem fyrir liggur skriflegt vottorð.

Nokkur vitnanna, þar á meðal Sigurður Helgason, bóndi á Þyrli, sem kom fyrir dóm 7. maí 1976, og Þórmundur Erlingsson, Holtsgötu 19, Reykjavík, sem kom fyrir dóm sama dag, bera, að þau viti eigi betur en að rétt merki milli jarðanna tveggja séu árnar Litla-Botnsá, svo langt sem hún nær, og síðan Stóra-Botnsá til sjávar.

Vitnið Jón Helgason ritstjóri, frá Stóra-Botni, Hlíð í Ljósvetningahreppi, Þingeyjarsýslu, segir í réttarhaldinu 7. maí 1976, að „merki jarðanna í reynd og framkvæmd hafa verið með Litlu-Botnsá, svo langt sem hún nær. Frá ármótum Litlu-Botnsár og Stóru-Botnsár ræður Stóra-Botnsá að ármótum Brunnár og Stóru-Botnsár".

Síðar í sama réttarhaldi segir vitnið, eins og fyrr greinir, að það kannist við að hafa heyrt, að skjal væri til, sem greindi frá því, að hólmanum væri skipt.

Nú er það ljóst, eins og dómurinn hefur fyrr vikið að, að megingreining landamerkja er sú, að árnar tvær, Litla- og Stóra-Botnsá, deila jörðunum Litla-Botni og Stóra-Botni. Frá því er sú eina undantekning, að landamerkjabréf beggja jarðanna gefa til kynna, að Litla-Botnsá hafi ekki ráðið merkjum undan bænum á Litla-Botni. Miðað við landstærð þessara jarða er hér því deilt um mjög lítinn blett. Dómurinn er þeirrar skoðunar, að skógarhlunnindi í hólmanum (rifhrís) hafi á fyrri hluta þessarar aldar mjög þorrið. Við það hafi áhugi landeigenda á þessum hólma minnkað og geti það skýrt skoðanir vitna, sem stangast á við merkjabréfin, og að merkin hafi ef til vill að nokkru í verki verið látin ráðast af ánum, enda þótt gögn sýndu, að annað var réttara.

Niðurstaða.

Eins og fyrr greinir, er það skoðun dómenda, að bæði landamerkjabréfin geri ráð fyrir því, að Stóri-Botn eigi land norðan Litlu-Botnsár, og séu því samrýmanleg með þeim hætti, að á móts við bæinn að Litla-Botni beri að ákveða landamerki eftir hólmanum, sem fyrr var lýst. Vitnum ber eigi saman í þessu efni, og enda þótt mörg þeirra telji, að árnar einar eigi að skilja jarðirnar að, kannast þau þó sum við að hafa heyrt um, að öðrum merkjum væri haldið fram sem réttum, það er að hólmanum norðan Litlu-Botnsár hafi verið skipt.

Í greinargerð varnaraðilja er að því vikið, að eigendur Litla-Botns hafi unnið hefð á landi Stóra-Botns norðan Litlu-Botnsár. Eigi verður talið, að sönnur hafi verið færðar fyrir þeirri skoðun og skilyrði hefðar eigi fyrir hendi, hvorki í tímanlegum skilningi né nytja, svo sem heyskapar eða veiði. Búfé í Botnsdal hefur án efa gengið saman í dalnum um aldir, svo sem víðast er um sveitir þessa lands. Hefð verður eigi byggð á slíku í þessu falli. Ljóst er, að laxveiði hefur ekki verið í Litlu-Botnsá í manna

minnum og er ekki enn, enda áin talin of vatnslítil til þess. Einhver silungsveiði kann að hafa verið í ánni, en engar sannanir liggja fyrir í máli þessu, sem sýna, að eigendur Litla-Botns hafi haft slíkar nytjar af ánni á hinu umdeilda svæði.

Hins vegar liggur fyrir, að eigandi Stóra-Botns girti land sitt norðan Litlu-Botnsár um 1960, og var því látið ómótmælt, eins og fyrr greinir.

Engin framkomin sönnunargögn benda til þess, að Þorkell Pétursson og Helgi Jónsson hafi eigi undirritað landamerkjabréf Stóra-Botns, og eigi hafa verið færð rök fyrir því, að sömu menn hafi eigi verið bærir um að gera bréfið.

Eigi verður fallist á þá kröfugerð sóknaraðilja um, að merkin verði ákveðin eftir línu, sem merkt er A—B—C í dómskjali nr. 15. Telur dómurinn, að kröfur sóknaraðilja byggist á því að álíta margumræddan hólma mun stærri en samrýmanlegt er landamerkjabréfunum og framburði vitna, sbr. einkum orðalagið „á móts við bæinn að Litla-Botni“ í landamerkjabréfi Litla-Botns og orðin „norðan við árnesið“ í bréfi Stóra-Botns.

Eins og áður hefur verið vikið að, er sýnilegt, að Litla-Botnsá hefur færst til á eyrunum og farvegur ekki ávallt verið stöðugur. En aðstæður benda eindregið til þess, að „hinn forni“ farvegur Litlu-Botnsár hafi verið sunnar en sóknaraðili telur og að ármót ánna hafi verið ofar við Stóru-Botnsá en sóknaraðili heldur fram.

Það er niðurstaða dómenda, að úrslit máls þessa eigi að ráðast af lýsingum landamerkja í landamerkjabréfunum og túlkun þeirra. Með skírskotun til framanritaðra forsendna telur dómurinn því eftirfarandi lýsingu vera rétt merki milli Stóra-Botns og Litla-Botns:

Girðing sú, sem sóknaraðili gerði eftir hólmanum milli þjóðvegarins og árinnar (Litlu-Botnsár) má telja, að liggi sem næst miðju hólma þess, sem lýst er hér að framan. Er því rétt að telja, að merkin milli jarðanna liggi um Litlu-Botnsá, frá Krókatjörn að punkti þeim, sem merktur er A við brúna á Litlu-Botnsá, þaðan svo sem girðingin liggur um punktinn B og þaðan í hornstólpann á girðingunni, merktan C á uppdrætti dómsins. Úr honum bein lína um punktinn D milli glöggt afmarkaðra grasigróinna bakka, sem merktir eru F og G á uppdrættinum, síðan bein lína áfram eftir fornum farvegi Litlu-Botnsár í punktinn E í Stóru-Botnsá.

Eftir atvikum þykir rétt með hliðsjón af ákvæðum 178 gr. laga nr. 85/1936, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Ásgeir Pétursson sýslumaður og meðdómsmennirnir Guðmundur Jónsson, fyrrv. skólastjóri á Hvanneyri, og Bjarni Arason búnaðarráðunautur, Borgarnesi.

Dómsorð:

Landamerki Stóra-Botns og Litla-Botns skulu vera um Litlu-Botnsá frá því áin fellur úr Stóru-Krókatjörn að punkti merktum A á uppdrætti dómsins, en sá punktur er við brúna á Litlu-Botnsá. Þaðan ræður girðing um punktinn B til punktarins C, sem er hornstólpi girðingarinnar. Þaðan bein lína um punktinn D í punktinn E við Stóru-Botnsá. Síðan ræður Stóra-Botnsá til sjávar.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 13. júní 1980.

Nr. 152/1979. **Kári Einarsson**
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Almennum Tryggingum h/f
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Vátrygging. Húftrygging flugvélar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1979. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 7.960.81 bandaríkjadali eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum á greiðsludegi með 15% ársvöxtum af 9.750.00 dölum frá 17. október 1974 til 29.

september 1975, en af 9.142.84 dölum frá þeim degi til 27. nóvember 1975 og af 7.960.81 dölum frá þeim degi til 1. maí 1976, en með 15¾% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 31. júlí 1977, 16¼% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1977, 19½% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 22½% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 24½% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 27½% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, en með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Um málavexti vísast til forsendna hins áfrýjaða dóms.

Til viðbótar því, sem þar er rakið, þykir rétt að taka fram, að Þorsteinn Sigurgeirsson, leigutaki flugvélarinnar TF-AIT, greindi svo frá í vætti sínu 29. apríl 1976, að hann hefði álitið, að eldsneytisgeymir, sem hann fékk að láni hjá Olíuverslun Íslands h/f, væri fullkominn geymir. Hefði hann haldið, „að það hlyti að vera sía úr tækinu frá tanknum einhvers staðar...", en ekki hefði hann hugsað lengra út í þetta.

Framangreinda frásögn bar lögmaður stefnda undir forráðamenn Olíuverslunar Íslands h/f með bréfi 12. maí s. á. Í svarbréfum fyrirtækisins, dags. 18. og 24. s. m., er frá því greint, að sérstaks útbúnaðar og sérstakrar aðgæslu sé krafist við áfyllingu eldsneytis á eldsneytisgeyma flugvéla til að koma í veg fyrir, að óhreinindi eða vatn komist í geymana. Þá sé þess og gætt af starfsmönnum fyrirtækisins við afgreiðslu flugvélabensíns á tunnur, að tunnurnar séu hreinsaðar og bensínið sé í fullkomnu lagi. Hins vegar sé það á ábyrgð þess manns, sem láti bensínið af tunnunum á flugvél, að bensínið sé síað til að koma í veg fyrir óhreinindi í því og að það fari í gegnum vaskaskinn, sem hafi þann eiginleika að sía vatn frá bensíni. Þá er þar enn fremur frá því greint, að Þorsteinn Sigurgeirsson hafi í nokkurn tíma verið búinn

að kaupa flugvélabensín í tunnum hjá fyrirtækinu. Hafi hann þá farið fram á það að fá að láni tankkerru til að flytja bensínið í til Selfoss. Þeirri málaleitan hafi verið hafnað. Hafi Þorsteinn þá komið með vagn og beðið um, að sér yrði lánaður geymir sá ásamt handdælu, sem um getur í héraðsdómi, og skyldi geymirinn settur á vagninn. Útbúnaður þessi hafi einungis verið ætlaður til flutnings á bensíninu og aðspurður hafi Þorsteinn sagst „hafa tæki svo sem vaskaskinn og síur, til að láta á vélarnar með. . .“

Þorsteinn Sigurgeirsson hefur ekki tjáð sig um efni framangreindra bréfa fyrir dómi. Hefur áfrýjandi haldið því fram fyrir Hæstarétti, að við það verði að miða, að Þorsteinn hafi álitið, að fullnægjandi búnaður til síunar bensínsins væri á geyminum, sem hann fékk að láni, enda séu ósannaðar staðhæfingar starfsmanna Olíuverslunar Íslands h/f um, að hann hafi sagst hafa slíkan búnað sjálfur.

Hinn 29. maí 1979 gaf Gísli Örn Lárusson, framkvæmdastjóri stefnda, skýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem hann greindi svo frá, „að Þorsteinn hefði ekki gert neinn vátryggingarsamning, þ. e. hann hafi skýrt frá því, að hann hefði vélina á leigu, en Kári eða Samverk hafi verið tryggingartaki“.

II.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, vísar stefndi til stuðnings sýknukröfum sínum fyrst og fremst til 4. tl. í svonefndum almennum undanþágum („General Exclusions“) í vátryggingarskírteini því, sem hann gaf út um vátryggingu flugvélarinnar TF-AIT. Í ákvæði þessu segir svo: „This Policy does not cover claims under any Section arising . . . 4. Whilst the aircraft is using unlicensed landing areas unless due to force majeure“. Heldur stefndi því fram, að framangreint ákvæði hafi að geyma hlutlæga takmörkun á þeirri áhættu, sem húftrygging flugvélarinnar hafi tekið til. Túnið í Efra-Seli sé ekki viðurkenndur lendingarstaður. Tjónið á flugvélinni hafi því ekki fallið undir vátrygginguna.

Ekki verður á það fallist með stefnda, að framangreint

ákvæði eigi við um það tjón, sem varð á flugvél áfrýjanda í umrætt sinn, þar sem það stafaði af brotlendingu flugvélarinnar vegna afltaps hreyfils hennar, eftir að hún hafi hafið sig til flugs af túninu í Efra-Seli. Skiptir þá ekki máli, hvort í ákvæðinu er talin felast hlutlæg takmörkun á þeirri áhættu, sem stefndi bar, eða svo er litið á, að um ákvæðið beri að beita ákvæðum 51. gr. laga nr. 20/1954 eða 45.—50. gr. sömu laga.

Í öðru lagi skírskotar stefndi til 8. tl. í hinum svonefndu almennu undanþágum í vátryggingarskírteininu. Undanþiggi ákvæði þetta hann skyldu til að bæta tjón, sem hlotist hafi af „the wilful and malicious act of the Insured or any agent or servant of the Insured or other person under the control of the Insured acting within the scope of his employment and authority".

Þegar af þeirri ástæðu, að tjónið á flugvél áfrýjanda verður ekki álitið hafa orðið vegna athafna, slíkra sem hér er lýst, hefur þessi varnarástæða ekki við rök að styðjast.

Enn vísar stefndi kröfum sínum til stuðnings til 1. tl. í þeim kafla vátryggingarskírteinisins, sem fjallar um svonefndar „ábyrgðir" (warranties), en þar segir svo: „WARRANTED THAT 1. The Insured will comply with all air navigation and airworthiness orders and requirements issued by any competent authority and will take all reasonable steps to ensure, that such orders and requirements are complied with by Insured's agents(s) and employees and that the aircraft shall be airworthy at the commencement of each flight".

Stefndi telur, að ákvæði þetta um lofthæfi flugvélar í upphafi flugs beri að meta sem varúðarreglu í skilningi 51. gr. laga nr. 20/1954. Þá varúðarreglu hafi leigutaki flugvélarinnar brotið með því að nota á flugvélina eldsneyti, sem verið hafi ónothæft vegna mengunar af óhreinindum og vatni. Sú mengun verði rakin til vanrækslu leigutakans, þar sem hann hafi hvorki gætt þess að renna undan í geyminum, sem hann varðveitti eldsneytið í, né heldur hafi hann síað bensínið tryggilega við áfyllingu á flugvélina.

Ef ekki verði fallist á framangreida skýringu á ákvæðinu,

telur stefndi ákvæðið leiða til þess, að beita beri hér reglum um aukna áhættu samkvæmt 45.—50. gr. laga nr. 20/1954, einkum 2. mgr. 50. gr. Verði ekki heldur á það fallist, telur stefndi, að leigutaki flugvélarinnar hafi sýnt af sér svo stórkostlegt gáleysi í meðferð eldsneytisins, að varða eigi áfrýjanda missi réttar til vátryggingarbóta samkvæmt 18. gr. laganna.

Ekki er annað komið fram í málinu en að flugvélin TF-AIT hafi haft gilt lofthæfisskírteini og sjálf verið í fullkomnu lagi til flugs, er flugferð hófst. Verður að telja sannað, að flugóhappið hafi hlotist af afltapi hreyfils vélarinnar vegna óhreininda í eldsneyti. Þau óhreinindi má aftur rekja til þess, að ekki voru gerðar viðeigandi ráðstafanir til að sía bensínið við áfyllingu þess á flugvélina, svo sem nauðsynlegt var, eins og geymslu þess hafði verið háttað.

Svo sem sagt var, hefur stefndi fyrst og fremst haldið því fram, að síðastgreint ákvæði í hinum almennu skilmálum vátryggingarskírteinisins beri að meta sem varúðarreglu samkvæmt 51. gr. laga um vátryggingarsamninga. Á þetta má fallast, a. m. k. að því er varðar þann hluta ákvæðisins, er fjallar um lofthæfi flugvélar í upphafi flugferðar. Að öðru leyti er ákvæðið almenns efnis og verður ekki talið hafa að geyma fyrirmæli eða varúðarreglur, sem séu nægilega skýrt greindar, til þess að nefnd 51. gr. geti átt við, eins og atvikum er háttað. En með skírskotun til þess, sem áður sagði um lofthæfi flugvélarinnar og orsakir slyssins, og þar sem enn fremur hin ótryggilega geymsla og meðferð bensínsins verður ekki talin leiða til þess, að líta beri svo á, að brotin hafi verið sú varúðarregla, sem felst í umræddu ákvæði skírteinisins, verður ekki á það fallist, að 51. gr. laganna heimili stefnda að synja áfrýjanda um greiðslu vátryggingarbóta.

Að því leyti sem stefndi hefur skírskotað til annarra ákvæða vátryggingarsamningalaga til rökstuðnings fyrir sýknukröfum sínum vegna hinnar óvarlegu meðferðar bensínsins þykja þau ekki heldur geta leitt til sýknu hans, þar sem áfrýjandi, sem var vátryggingartaki og vátryggður sam-

kvæmt vátryggingarsamningi aðilja, átti engan hlut að hinni gálauslegu meðferð leigutakans við geymslu bensínsins og áfyllingu þess á flugvélina.

Fjárhæð dómkröfu áfrýjanda hefur ekki verið andmælt tölulega. Með skírskotun til þess, sem áður er rakið, verður stefndi því dæmdur til að greiða þá fjárhæð, 7.960.81 bandaríkjadali, í íslenskum krónum eftir gengi þeirra á greiðsludegi, svo sem áfrýjandi krefst.

Áfrýjandi krefst vaxta af framangreindri fjárhæð frá 17. október 1974 til greiðsludags. Miðar hann upphafsdag vaxtanna í vaxtakröfu sinni við það, að á þeim degi hafi 14 dagar verið liðnir frá því, að dagsett sé skýrsla Loftferðaeftirlits um slysið, og skírskotar í því sambandi til 1. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954. Að vísu sést eigi, hvort áfrýjandi hafði á framangreindum degi krafið stefnda um vátryggingarféð eða stefndi fengið í hendur gögn um slysið, en þar sem vaxtakröfunni er ekki andmælt að þessu leyti, verða vextir dæmdir frá þeim tíma, sem áfrýjandi krefst.

Stefndi hefur mótmælt því, að sér verði gert að greiða hærri vexti en 7% á ári, þar sem vátryggingarfjárhæðin og bótakrafa áfrýjanda sé miðuð við erlenda mynt. Vaxtakrafa áfrýjanda er í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga um vátryggingasamninga og víxilforvexti, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands um ákvörðun vaxta við innlánsstofnanir. Verða honum því dæmdir vextir af vátryggingarbótunum, svo sem hann krefst, en beita verður ákvæði nefndrar 24. greinar, þó að vátryggingarfjárhæðin hafi verið tiltekin í erlendri mynt.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda samtals 900.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, greiði áfrýjanda, Kára Einarssyni, $ 7.960.81 í íslenskum krónum eftir gengi þeirra á greiðsludegi með 15% ársvöxtum af

$ 9.750.00 frá 17. október 1974 til 29. september 1975, en af $ 9.142.84 frá þeim degi til 27. nóvember 1975 og af $ 7.960.81 frá þeim degi til 1. maí 1976, en með 15¾% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 31. júlí 1977, 16¼% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1977, 19½% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 22½% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 24½% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 27½% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, en með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og 900.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 15. júní sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 9. mars sl., af Kára Einarssyni, Skipasundi 56 hér í borg, gegn Almennum Tryggingum h/f, einnig hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði vátryggingarfé flugvélarinnar TF-AIT, US $ 7.960.81, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum á greiðsludegi, með 15% ársvöxtum af $ 9.750.00 frá 17. október 1974 til 29. september 1975, en af $ 9.142.84 frá þeim degi til 27. nóvember 1975 og af $ 7.960.81 frá þeim degi til 1. maí 1976, en með 15¾% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 19½% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 22½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað skv. taxta LMFÍ.

Stefndi krefst algerrar sýknu og málskostnaðar að mati réttarins.

Mál milli sömu aðilja vegna sömu dómkrafna var flutt hér í bæjarþinginu og dæmt 21 júlí 1976. Með þeim dómi var stefndi sýknaður af kröfum stefnanda, en málskostnaður var látinn niður falla. Dóminum áfrýjaði stefnandi til Hæstaréttar, sem kvað upp sinn dóm 22. nóvember 1978. Með dómi Hæstaréttar var hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málsmeðferð, og var málinu vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi, þar sem málið hafði eigi verið lagt

fyrir sáttamenn, og aðiljar höfðu ekki samið um að ganga fram hjá sáttanefnd. Úr þessum annmörkum hefur nú verið bætt, og hafa aðiljar lagt ágreiningsefnið fyrir bæjarþingið að nýju.

Málavextir.

Hlutafélagið Samverk á Sauðárkróki eignaðist flugvél af gerðinni Piper PA-28-140, sem smíðuð var árið 1967. Vélin var með einum hreyfli og gat tekið þrjá farþega. Stefnandi, sem var einn af forsvarsmönnum félagsins, keypti vélina af félaginu og var eigandi hennar, er hún fórst hinn 19. september 1974. Flugvélin var tryggð hjá stefnda, Almennum Tryggingum h/f, og var gerður tryggingarsamningur um skaðatryggingu og ábyrgðartryggingu með sérstökum ákvæðum um farþega. Skírteinið er prentað á ensku, „Aircraft Policy", og er frá Lloyds tryggingarfélaginu, sem er endurtryggjandi. Vátryggingarfjárhæð vélarinnar var $ 11.400.00, en ábyrgðartrygging miðaðist við $ 70.000.00, og hámarkstryggingarfjárhæð fyrir hvern farþega var $ 16.600.00. Sjálfsábyrgð var $ 150.00 af vélinni í flugi og á ferð, en $ 50.00 á jörðu niðri, $ 30.00 í ábyrgðartryggingu og $ 15.00 gagnvart farþegum. Árlegt iðgjald var $ 1.118.00.

Hinn 14. janúar 1974 gerðu stefnandi og Þorsteinn Sigurgeirsson flugmaður, Reykjahóli, Ölfusi, með sér leigusamning um flugvélina. Tók Þorsteinn vélina á leigu frá 15. janúar 1974 til 15. apríl s. á. og tók m. a. að sér að greiða vátryggingariðgjöld á leigutímanum og skuldbatt sig til að viðhalda vátryggingunni með sömu skilmálum og fælust í vátryggingarskírteininu no. FEE 23, sem hann fékk í hendur. Tekið var fram, að vátryggingartímanum lyki 14. apríl 1974. Leigusamningurinn, sem var ítarlegur í 15 greinum, hafði einnig ákvæði þess efnis, að leigutaki hefði forkaupsrétt, ef ákveðið yrði að selja vélina, svo og ákvæði um, að yrði tjón á mönnum eða munum innan eða utan flugvélar, meðan hún væri í umráðum leigutaka, væri sú ábyrgð, sem af slíku tjóni leiddi, á ábyrgð leigutaka.

Stefnandi og Þorsteinn Sigurgeirsson framlengdu leigusamning þennan óbreyttan frá 15. apríl til 15. ágúst 1974. Þegar tryggingartíminn rann út, 14. apríl 1974, hafði Þorsteinn símasamband við stefnda, tryggingarfélagið, og fékk leyfi til að fljúga vélinni til Reykjavíkur. Iðgjaldið var síðan ekki greitt, og var vátryggingin felld úr gildi af hálfu félagsins. Hinn 15. júní 1974 kom Þorsteinn Sigurgeirsson að máli við forsvarsmenn stefnda, tryggingarfélagsins, og ræddi starfsemi sína með flugvélina og gerði nýjan vátryggingarsamning við stefnda sama efnis og þann fyrri, og var vá-

tryggingarskírteinið hið sama prentaða form. Nokkur sérákvæði voru breytt, og var vátryggingarfjárhæð flugvélarinnar lækkuð í $ 10.000.00, en sjálfsábyrgð hækkuð í 250.00 og iðgjald hækkað í $ 1.255.00. Einnig var skráð, að vélin tæki fjóra farþega í stað þriggja áður. Samið var um, að Þorsteinn Sigurgeirsson greiddi iðgjöldin af tryggingunni. Á þessum tíma hafði flugvöllurinn á Selfossi ekki verið formlega viðurkenndur og tekinn í notkun, en félaginu var kunnugt um, að Þorsteinn væri þar með starfsemi sína. Þorsteinn fékk flugvélabensín á tunnum hjá Olíuverslun Íslands h/f í Laugarnesi og flutti tunnurnar til Selfoss. Síðar fékk hann lánaðan geymi hjá versluninni, sem festur var á dráttarvagn, og þannig flutti hann bensínið um sumarið. Geymir þessi var 1.100 ltr. olíutankur. Venjuleg handdæla var á geyminum, og dældi Þorsteinn bensíni á flugvélina án þess að sía það með vaskaskinni eða á annan hátt.

Hinn 15. ágúst 1974 framlengdu stefnandi og Þorsteinn enn leigusamninginn, óbreyttan að öðru leyti en því, að ákveðið var, að leigugreiðslurnar rynnu til 1. veðréttarhafa, sem þá hafði beðið um uppboð á vélinni vegna vanskila.

Hinn 19. september 1974 flaug Þorsteinn flugvélinni að Flúðum í Hrunamannahreppi og lenti á túni við bæinn Efra-sel. Við flugtak þar gerðist atburður sá, er mál þetta er risið af, og gaf Þorsteinn þá svofellda skýrslu til loftferðaeftirlitsins:

„Fimmtudaginn 19/9 1974 fór ég undirritaður á flugvélinni TF-AIT. frá Selfossflugvelli klukkan 11:30 og var með bensín til 4:30 tíma flugs. Eftir flugtak á Selfossi kallaði ég Vestmannaeyjar turn og gaf honum flugtakstíma og sagðist ætla að lenda aftur á Selfossi kl. 14:30 og kvaðst mundi kalla hann yfir Selfossi aftur, síðan flaug ég austur að Flúðum í Hrunamannahreppi, og eftir rösklega 30 mínútna flug lenti ég á ca 530 m löngu túni við bæinn Efra-Sel, og hef ég lent þar nokkrum sinnum áður, og ætlaði þaðan í tvö flug um nágrennið, síðan fór ég heim með Guðjóni Emilssyni, sem beið eftir mér. Klukkan 12.50 fórum við Guðjón og sonur hans 9 ára gamall um borð í vélina, og ég set í gang og kveiki upp samkvæmt — uppkeyrslulista vélarinnar, og reyndist það í alla staði eðlilegt. Klukkan 12.55 hef ég flugtak, og var allt eðlilegt í fyrstu, og lyftir vélin sér til flugs og flýgur nokkra tugi metri, en þá dregur snögglega úr afli mótorsins, lendi ég vélinni aftur, en í sömu andrá nær hann fullu afli aftur, frammundan eru tveir djúpir skurðir með smá sléttu á milli, og sá seinni með all háum ruðningum á bökkunum síðan tekur við all þýfð mýri, og

sá ég mér ekki fært að stöðva vélina á þeirri vegalengd, sem eftir var, enda byrjar vélin að létta á sér aftur og fer yfir skurðinn án þess að fara með hjólin í bakkan, síðan næ ég henni á loft aftur og kemst í ca. 40—50 feta hæð, en þá missir mótorinn afl aftur og einbeiti ég mér nú að því að halda vélinni fyrir ofan (ólæsilegt), en um leið og ég fann að hjólin voru að snerta þúfurnar dró ég alveg af bensíngjöfinni, síðan skall hún með all miklu afli í þúfurnar, og brotnaði þá nefhjólið undan, síðan hendist hún áfram nokkra metra og endastakst svo og féll á bakið, þá hjálpuðstum við að því að losa beltin, og á meðan þeir feðgar fóru út slökkti ég á öllum tækjum og tók aðalrofa af, losaði slökkviflöskuna, því það var farið að renna bensín inn vænginn og inn í hús vélarinnar, og var ég með flöskuna í hendinn, þegar ég kom út, sótti síðan rafgeiminn úr vélinni og sjúkrakassa, því það blæddi úr rispum, sem ég hafði fengið á ennið, en hinir voru með öllu ómeyddir. Sótti ég síðan vörð um vélina þar til fulltrúar loftferðaeftirlitsins og flugvirki minn komu á staðinn. Samt. flugtímar mínir eru 2410.00. Á PA-28 112.50 þar af 101.10 á TF-AIT. Ég lýsi því yfir að skýrsla þessi er gerð samkvæmt bestu vitund. Þorsteinn Sigurgeirsson. Atvinnuflugmannsk. A 359."

Tveir menn fóru þegar á vettvang af hálfu loftferðaeftirlits, þeir Skúli Jón Sigurðsson fulltrúi og Björn Björnsson skoðunarmaður. Þeir komu á staðinn síðar um daginn og rannsökuðu staðhætti og gáfu ítarlega og glögga skýrslu um slysið. Niðurstaða þeirra var, að orsök eða líklega orsök slyssins verði að telja þá, að óhreint eldsneyti hafi verið sett á geyma flugvélarinnar. Túnið, sem flugvélin lenti á og notað var til flugtaks, er ekki flugvöllur, en slétt, þurrt og hart, um 500 metrar að lengd.

Flugvélin var mikið skemmd eftir slysið. Eigandi flugvélarinnar, stefnandi máls þessa, krafði stefnda um vátryggingarfjárhæðina skv. vátryggingarsamningnum og lét þess getið í kröfubréfi 15. maí 1975, að um málssókn yrði að ræða, ef krafan yrði ekki að fullu greidd, og yrði e. t. v. til öryggis flugmanninum og Olíuverslun Íslands h/f stefnt til solidariskrar greiðslu ásamt tryggingarfélaginu. Stefndi hafnaði greiðslu, og var því mál höfðað, en mál hefur ekki verið höfðað gegn flugmanninum og Olíuverslun Íslands h/f.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi, Kári Einarsson, styður kröfur sínar þeim rökum, að þegar slys það hafi gerst, sem gert hafi flugvélina ófæra til flugs, hafi í gildi verið vátryggingarsamningur við hið stefnda trygging-

arfélag, þar sem stefnandi hafi verið bæði tryggingartaki og vátryggður. Félagið hafi tekið að sér skv. samningi þessum að greiða slíkt tjón og því beri félaginu að greiða vátryggingarfjárhæðina, enda hafi stefnandi á engan hátt brotið samninginn og ekkert réttlæti neitun félagsins á greiðslu. Félagið hafi frá upphafi bent á, að tún það, sem flugtakið hafi verið reynt á, sé ekki skráður flugvöllur, en í 4. tl. kaflans „Almennar undanþágur" sé ákvæði þess efnis, að samningurinn nái ekki til krafna, sem stafi af einhverju, sem gerst hafi, meðan flugvélin sé að nota lendingarstaði, sem ekki hafi fengið opinber leyfi, nema um force majeure sé að ræða. Upplýst sé og viðurkennt í málinu, að túnið að Efra-Seli sé ekki skráður flugvöllur í skilningi 4. tl. samningsins, en það skipti ekki máli í þessu sambandi og komi þar tvennt til. Í fyrsta lagi, að þetta sé ákvæði til öryggis í samræmi við 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 og geti vátryggði sýnt fram á, að ekkert orsakasamband sé á milli þess, að ekki hafi verið gætt öryggisreglunnar, og atburðarins, þá geti félagið ekki undanskilið sig ábyrgð. Það sé einmitt sannað í þessu máli. Sérfræðingar loftferðaeftirlitsins hafi skorið úr um, að orsök eða líkleg orsök slyssins hafi verið, að óhreinindi hafi verið í eldsneyti vélarinnar og því hafi hún misst afl. Flugvöllurinn sem slíkur hafi á engan hátt haft sín áhrif, enda hefði slíkt gerst á nákvæmlega sama hátt, þótt um skráðan flugvöll hefði verið að ræða. Í öðru lagi, að jafnvel þótt á þetta yrði ekki fallist, þá bendir stefnandi á, að þegar vélin missti afl, þá hafi hún ekki verið að „nota lendingarstað", heldur hafi hún verið komin á loft og þurft að nauðlenda aftur. Hvernig sem á þetta sé litið, þá sé ljóst, að félagið geti ekki undanskilið sig ábyrgð skv. 4. tl. kafla vátryggingarsamningsins um „Almennar undanþágur".

Félagið hafi einnig leitast við að halda því fram, að stefnandi eigi ekki rétt til bótanna, þar sem flugmaðurinn hafi sýnt af sér vítavert gáleysi, sem leitt hafi til þess, að vátryggingaratburðurinn gerðist. Beri félagið fyrir sig 18. gr. laganna um vátryggingarsamninga, 2. mgr., svo og 45. gr., 1. mgr., um aukna áhættu og 1. mgr. 51. gr. og bendi á gáleysislega meðferð flugmannsins á bensíni, þegar sett var á tanka vélarinnar. Hér sé ekki um vátryggða að ræða, heldur flugmanninn, og þegar af þeirri ástæðu geti félagið ekki borið þetta fyrir sig. Engin samsvörun sé milli stefnanda og flugmannsins. Stefnandi, eigandi flugvélarinnar, hafi fullnægt sinni varúðarskyldu með því að leigja þaulreyndum flugmanni vélina og varúðarskylda eiganda hafi eingöngu falist í því. En

jafnvel þótt svo væri litið á sem samsvörun væri milli stefnanda, vátryggða, og flugmannsins, þá sé mjög varhugavert að telja, að um gáleysi hafi verið að ræða, hvað þá „stórkostlegt", enda hafi flugmaðurinn hætt sínu eigin lífi. Í málinu sé leitt í ljós, að áfyllingaraðferðin hafi orsakað það, að óhreindindi hafi verið í bensíni, og af þeim hafi stífla myndast og hreyfillinn hafi við það misst afl. En í vátryggingarsamningnum sé ekkert ákvæði um slíkt og þess vegna sé augljóst, og hafi alltaf verið, að félagið ætti að greiða stefnanda vátryggingarfjárhæðina.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi eigi ekki rétt til bóta samkvæmt vátryggingarsamningnum, þar sem atburðurinn hafi gerst við aðstæður, sem vátryggingarsamningurinn beinlínis taki fram, að undanskilji félagið ábyrgð. Í 4. tl. þess kafla samningsins, sem fjalli um almennar undanþágur, „General Exclusions", segi: „Vátryggingarskírteini þetta nær ekki til krafna samkvæmt neinum kafla, sem gerðar eru ... meðan flugvélin er að nota lendingarstaði, sem ekki hafa fengið opinber leyfi, nema ástæðan til þess sé „force majeure"." Í máli þessu sé upplýst, að aðiljum sé kunnugt um, að slíkt ákvæði sé almennt í vátryggingarsamningum flugvéla og að sérstaklega sé samið, ef bregða eigi út af þessu. Vitað sé, að þá reikni félagið hærra iðgjald og ákveðin sé hærri sjálfsábyrgð. Ákvæði þetta sé sanngjarnt og augljóst og með því takmarki félagið ábyrgð sína, eins og það geri almennt í ákvæðum sama kafla samningsins, enda sé hér um almennar ábyrgðartakmarkanir félagsins að ræða. Svokallaðir „skráðir flugvellir" séu flokkaðir í fjóra flokka og skráðir í Handbók flugmanna. Af flokkuninni sjáist, að ekki þurfi mikið til að fullnægja þeim lágmarkskröfum, til þess að lendingarstaður fái viðurkenningu sem „flugvöllur", en það séu þó lágmarkskröfur, sem einmitt skilji á milli, þegar um öryggissjónarmið sé að ræða. Félaginu sé kunnugt um þetta og því meti það sjálft áhættuna, þegar um gerð vátryggingarsamnings sé að ræða. Um þetta hafi verið samið og því sé hér um ábyrgðartakmörkun að ræða, sem teljast verði þess eðlis, að félagið sé laust úr ábyrgð, þótt ekki teljist orsakasamband milli atburðarins og brots á ákvæðinu. Þorsteinn Sigurgeirsson flugmaður, sem hafði flugvélina á leigu og samdi við félagið um tryggginguna, hafi vitað þetta fullvel, enda reyndur flugmaður, og í því ljósi megi skilja ummæli hans hér fyrir réttinum þess efnis, að félagið hafi ‚leyft" honum að nota tún á Selfossi, sem á engan hátt hafi komið til greina sem flugvöllur. Þetta sé algerlega ósatt, enda mótmælt með öllu. Þorsteinn

hafi ekkert samband haft við félagið, er hann gerði leigusamninginn við stefnanda í janúar 1974, og félaginu hafi ekki verið kunnugt um leigusamning hans við stefnanda, fyrr en hann kom í júní til þess að endurnýja vátryggingarsamninginn. Þá hafi verið rætt um túnið á Selfossi, sem var orðið fullgert sem flugvöllur, enda skráð mánuði síðar.

Í öðru lagi bendir stefndi á, að með framferði sínu hafi flugmaðurinn brotið varúðarreglur vátryggingarsamningsins og því hafi slysið orðið. Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laganna um vátryggingarsamninga eigi stefnandi því enga kröfu á hendur félaginu. Eins og eðlilegt sé, þá séu í samningum ströng ákvæði um varúðarráðstafanir, sem gætt skuli, til þess að ekki hljótist slys af notkun flugvélarinnar. Slík varúðarregla sé t.d. í 1. gr. kaflans um ábyrgðir, „Warranties", en þar segi, að ábyrgst sé, að tryggði muni hlíta öllum fyrirmælum og kröfum varðandi siglingafræði og lofthæfni, sem gefin séu af lögmætu yfirvaldi, og tryggði muni gera allar sanngjarnar ráðstafanir til að tryggja, að umboðsmenn og starfsmenn tryggða hlíti slíkum fyrirmælum og kröfum og að flugvélin sé lofthæf, þegar sérhvert flug hefst. Í málinu sé upplýst, að flugmaðurinn hafi dælt bensíni á geyma vélarinnar beint af tanki, sem hann hafi fengið lánaðan til að flytja bensín frá olíustöð Olíuverslunar Íslands h/f í Reykjavík að flugvellinum á Selfossi. Vitað sé, að vatn geti myndast í slíkum tönkum og verið í bensíninu og að óhreinindi og ryð séu oft í gömlum tönkum. Því sé bensín alltaf síað til þess að ná óhreinindum frá og vaskaskinn sé notað til þess að skilja vatn frá bensíninu. Flugmaðurinn hafi gert hvorugt þetta, heldur hafi hann notað handdælu þá, sem á tanknum var, og dælt beint á geyma vélarinnar án þess að viðhafa einföldustu varúðarráðstafanir. Hann hafi hér fyrir réttinum borið, að hann hafi haldið, að sía væri í dælunni á tanknum, en slíkt sé út í hött. En með þessu sé ljóst, að flugmanninum hafi verið kunnugt um varúðarráðstafanir, sem gera þarf við áfyllingu úr slíkum tönkum, en einnig sé ljóst, að hann hafi ekki farið eftir þeim. Þetta ákvæði samningsins nefni að vísu „lofthæfni" eingöngu og segi ekki berum orðum, að gætt skuli almennra varúðarreglna um áfyllingu eldsneytis. Lofthæfni nái yfir flugvélina sjálfa, ástand hennar og ásigkomulag og því séu hinar ströngu skoðanir á flugvélum og lofthæfnisskírteini sé gefið út að þeim loknum. Eðli máls samkvæmt hljóti eldsneyti flugvélarinnar að falla hér undir, enda sé ljóst, að flugvél, sem að öllu leyti hefur talist „lofthæf" við skoðun, geti ekki lengur talist lofthæf, ef svo

óhreint bensín er á hana sett, að hún getur ekki hafið sig til flugs. 1. mgr. 51. gr. laganna komi því beinlínis hér til, enda fjalli greinin ekki einungis um athafnir vátryggða, heldur einnig hvers þess, er skylt var að gæta varúðarinnar, leigutakans, flugmannsins, staðgengils stefnanda.

Auk þessa bendir stefndi á, að fleiri greinar laganna leiði til sömu niðurstöðu: 45. gr. um aukna áhættu, sem vitað sé, að hér hafi verið fyrir hendi með meðferð eldsneytisins. Í greininni sé fjallað um „vilja vátryggðs", sem þegar atburðurinn gerðist, var stefnandi, en lesa verði greinina með hliðsjón af 2. mgr. 50. gr., sem fjalli beinlínis um tilvik málsins, þ. e. flugvélin var vátryggð í þágu stefnanda, en var í varðveislu flugmannsins, Þorsteins Sigurgeirssonar. 2. mgr. 18. gr. laganna gefi auk alls þessa dómara vald til að meta gáleysi það, sem leiddi til atburðarins. Í máli þessu verði að lesa 8. tl. ofangreinds kafla vátryggingarsamningsins um almennar ábyrgðartakmarkanir félagsins með hliðsjón af þessari lagagrein. Félagið sé ekki ábyrgt fyrir tjóni eða skemmdum, sem kenna megi viljandi og illgjörnum aðgerðum tryggða eða einhvers umboðsmanns hans eða starfsmanns. Allt beri því að sama brunni, samningurinn og lögin um vátryggingarsamninga, að stefnandi eigi enga kröfu á félagið vegna tjóns þessa.

Niðurstaða.

Í máli þessu verður að byggja á því, að Þorsteinn Sigurgeirsson flugmaður hafi gert umræddan vátryggingarsamning, FEE 23, við hið stefnda félag í júní 1974 fyrir hönd stefnanda, eiganda flugvélarinnar, og sem fulltrúi hans og að Þorsteinn hafi á engan hátt verið dulinn um efni samningsins af félagsins hálfu. Þorsteinn var með flugvélina á leigu frá stefnanda og hafði umráð hennar að öllu leyti.

Samkvæmt vátryggingarsamningnum lýsti félagið sig laust við skuldbindingar vegna krafna, er ættu rót sína að rekja til ákveðinna tilvika, þ. á. m. þess, er notaður væri óskráður lendingarstaður. Í málinu er upplýst og óumdeilt, að orsök slyssins 19. september 1974 hafi verið gangtruflun og aflstap vélarinnar vegna óhreinindi eða vatns í eldsneyti, og einnig, að túnið, sem flugtakið var reynt á, hafi á engan hátt stuðlað að því, að slysið varð. Telja verður, að umrætt ákvæði vátryggingarsamningsins sé varúðarregla í skilningi 1. mgr. 51. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Þorsteinn Sigurgeirsson, sem var skylt að gæta þessarar varúðar skv. nefndri lagagrein, vanrækti skyldu sína, er hann notaði lendingarstað þennan, en þar sem sannað er, að slysið hafi

á engan hátt stafað af notkun þessa lendingarstaðar, er félagið ekki laust úr ábyrgð skv. þessu ákvæði.

Hins vegar er eðli málsins samkvæmt mikil hætta búin, ef flugvélarhreyfill missir afl í flugi vegna óhreininda í eldsneyti, og er því meginregla um öryggi í flugi, að ekki sé sett annað en hreint eldsneyti á geyma flugvéla. Slíkar meginreglur læra allir flugmenn að þekkja. Þorsteinn Sigurgeirsson viðhafði engar varúðarráðstafanir til þess að hindra það, að óhreinindi eða vatn bærist með eldsneytinu úr geymi hans í geyma flugvélarinnar. Í vátryggingarsamningnum segir: „Það ábyrgist að: 1. Tryggði mun hlíta öllum fyrirmælum og kröfum varðandi siglingafræði og lofthæfni, sem gefin eru af lögmætu yfirvaldi, og mun tryggði gera allar sanngjarnar ráðstafanir til að tryggja, að umboðsmenn og starfsmenn tryggða hlíti slíkum fyrirmælum og kröfum og að flugvélin sé lofthæf, þegar sérhvert flug hefst“ („.... and that the aircraft shall be airworthy at the commencement of each flight“). Ákvæði þetta telst varúðarregla, sem fellur undir 1. mgr. 51. gr. laga nr. 20/1954. Í lögum nr. 34/1964 um loftferðir er loftfar skilgreint sem lofthæft, er það er þannig saman sett, smíðað, útbúið og því við haldið og það hefur þá flugkosti, að kröfum um öryggi sé fullnægt. Til þess að ganga úr skugga um lofthæfni eru framkvæmdar skoðanir á loftförum. Af þessu verður að telja, að samkvæmt skilgreiningu sé lofthæfni flugvéla eiginleiki, sem unnt sé að ganga úr skugga um með skoðun á henni sjálfri og að eldsneyti flugvélarinnar sé þá undanskilið. En með hliðsjón af 156. gr. laga um loftferðir og eðli máls samkvæmt verður að telja, að kröfur um fullnægjandi eldsneyti falli undir þessa varúðarreglu vátryggingarsamningsins, bæði að nægilegt magn eldsneytis sé til ferðarinnar og að óhreinindi séu ekki í eldsneytinu, sem valdið gætu aflstapi og stöðvun hreyfilsins. Enda verður að telja það almenna forsendu af hálfu félagsins í samningi sínum við tryggingartakann, að ekki sé stöðug hætta á, að flugvélin hrapi til jarðar vegna óhreininda í eldsneyti. Þorsteini Sigurgeirssyni bar því að gæta þeirrar varúðar að hindra, að vatn og óhreinindi kæmust í eldsneytisgeyma flugvélarinnar. Þar sem upplýsingum Olíuverslunar Íslands h/f í máli þessu um útbúnað á geymi þeim, er Þorsteinn fékk lánaðan til flutninga á eldsneyti, og um vitneskju hans um, hvaða aðferðir og áhöld þyrfti við áfyllingu á geyma flugvélarinnar, hefur ekki verið mótmælt, verður að telja upplýst, að Þorsteinn hafi vanrækt þessa varúðarskyldu. Upplýst er, að slysið hafi orðið vegna þessarar vanrækslu. Í 1. mgr. 51. gr.

nefndra laga segir, að hafi sá, sem skylt var að gæta þess, að varúð þessi sé viðhöfð, orðið sekur um vanrækslu á að gæta hennar eigi vátryggði aðeins kröfu á hendur félaginu, þegar og að svo miklu leyti sem telja má sannað, að það hafi eigi verið að kenna vanrækslu á því, að reglum þessum væri fylgt, að vátryggingaratburðurinn gerðist eða hve víðtækar afleiðingar hans urðu. Stefnandi hefur borið fyrir dóminum, að hann hafi ekkert þekkt aðstæður hjá Þorsteini Sigurgeirssyni til bensíngeymslu og það hafi ekkert verið rætt þeirra í milli. Að öllu þessu athuguðu verður að telja í ljós leitt, að ekki hafi verið gætt grundvallarvarúðarreglu í vátryggingarsamningnum um lofthæfni flugvélarinnar, þegar sett var á hana ósíað bensín, og að umráðamaður flugvélarinnar, Þorsteinn Sigurgeirsson, hafi verið sá, sem skylt var að gæta varúðarinnar, og að 1. mgr. 51. gr. laganna nái því yfir tilvik þetta. Ber því að sýkna hið stefnda félag af öllum kröfum stefnanda.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kára Einarsson, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. júní 1980.

Nr. 206/1979. Ákæruvaldið
(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn
Jóhanni Bjarnasyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Íkveikja. Almannahætta. Bifreiðar.
Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Dómarar fóru á vettvang ásamt saksóknara og skipuðum verjanda ákærða. Skoðuðu þeir aðstæður og ummerki á húsinu nr. 16 við Njálsgötu eftir því sem föng voru á að svo löngum tíma liðnum frá atburði þeim, sem mál þetta er af risið.

Málsatvikum eru gerð skil í héraðsdómi. Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum máls er sannað, að hann helltí bensíni úr brúsa undir timburtröppum hússins að nætur lagi og lagði þar eld í, svo sem í héraðsdómi er lýst. Gat ákærða ekki dulist, að með verknaði þessum voru íbúar hússins í bersýnilegum lífsháska og slíkt atferli gæti haft í för með sér yfirgripsmikla eyðingu á eignum annarra manna.

Varðar þetta brot ákærða við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá er ölvunarakstur ákærða og sannaður, svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi. Er það brot hans réttilega heimfært til lagaákvæða í ákæru, sbr. og 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingu ákærða ber að ákvarða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún eftir atvikum hæfilega ákveðin í héraðsdómi, fangelsi 2 ár. Henni til frádráttar skal samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga koma 4 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 250.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að niðurstöðu til.

Ákærði, Jóhann Bjarnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verj-

anda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. maí 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 16. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 194/1979: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 8. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. janúar sl., á hendur ákærða, „Jóhanni Bjarnasyni, verkfræðingi, Leifsgötu 7, Reykjavík, fæddum 9. maí 1949 í Reykjavík, fyrir að hafa laugardagsnóttina 18. nóvember 1978, um kl. 04.40, lagt eld í húsið nr. 16 við Njálsgötu í Reykjavík, sem er járnvarið timburhús, ein hæð og ris á steyptum kjallara, með því að hella bensíni yfir hjólbarða og aðra muni í geymslu undir tröppum að inngangi til hæðarinnar, þar sem hann kveikti síðan í, og hraðaði sér á brott, eftir að eldur varð laus þar. Ákærði þykir með framangreindum hætti hafa stofnað íbúum hússins, sem voru sjö að tölu, þá heima og flestir sofandi, í bersýnilegan lífsháska og auk þess valdið hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, ef eldurinn hefði náð að breiðast út, en hann tókst að slökkva fljótlega, einkum fyrir tilstilli íbúa í næsta nágrenni, sem af tilviljun sáu til ákærða við verknaðinn.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá er ákærða ennfremur gefið að sök að hafa umrædda nótt ekið bifreiðinni R 57267 undir áhrifum áfengis frá heimili sínu í Reykjavík að fyrrgreindu húsi við Njálsgötu og síðan að heimili sínu að nýju að afloknum framanlýstum verknaði.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt laugardagsins 18. nóvember sl., klukkan 4.26, var

óskað lögregluaðstoðar að Njálsgötu 16 í Reykjavík vegna elds, sem þar væri laus vegna íkveikju. Þrír lögreglumenn fóru að sinna þessu, og samkvæmt skýrslu eins þeirra gaf sig fram við þá á staðnum Sigrún Gunnarsdóttir, Njálsgötu 16, og skýrði frá því, að hún hefði skömmu áður orðið vör við, að maður hefði barið harkalega á dyr íbúðar sinnar, og er hún hefði farið til dyra, hefði hún tekið eftir, að eldur var laus í stiga, sem er inngangur í húsið.

Maður sá, er Sigrún nefndi, gaf sig fram og kvaðst heita Árni Páll Jóhannsson, Njálsgötu 13 A. Hann kvaðst hafa tekið eftir manni, sem hefði verið á ferð fyrir utan Njálsgötu 16, og lýsti honum sem ungum manni í grænni úlpu, ljósskolhærðum með skegg og hefði maður þessi verið í rauðri Ford Bronco jeppabifreið, R 57267. Skömmu síðar hafði Árni tekið eftir því, að eldur var laus í stiganum.

Auk Árna gaf sig fram á staðnum Gerður Pálmadóttir, Dunhaga 15, og var framburður hennar á sama veg og framburður Árna Páls.

Lýst var eftir áðurgreindri bifreið, og fannst hún skömmu síðar á horni Leifsgötu og Barónsstígs, og var vél hennar heit viðkomu. Jafnframt var upplýst, að eigandi bifreiðarinnar væri ákærði Jóhann Bjarnason. Tveir lögreglumenn fóru heim til hans og höfðu tal af honum. Þar sem lýsing Árna Páls og Gerðar átti við hann, var hann handtekinn og færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Ákærði var að mati lögreglunnar áberandi ölvaður, og viðurkenndi hann áfengisneyslu, en harðneitaði að hafa ekið bifreið sinni og að hafa átt sök á fyrrgreindri íkveikju.

Við Njálsgötu 16 fannst plastbrúsi undan bensíni, og samkvæmt framburði Árna Páls og Gerðar hafði ökumaður bifreiðarinnar R 57267 haft hann undir höndum.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var fyrrgreindur stigi, sem var úr timbri, sviðinn. Einnig var hurð í kjallara sviðin og brunnin.

Ákærði var færður í fangageymslu lögreglunnar, og hóf rannsóknarlögregla ríkisins síðan rannsókn málsins.

Guðmundur H. Jónsson rannsóknarlögreglumaður hafði með höndum frekari rannsókn málsins. Gerði hann skýrslu um afskipti sín af málinu um nóttina, en samkvæmt henni barst tilkynning um málið til rannsóknarlögreglunnar klukkan 4.45 um nóttina. Jafnframt var þess getið, að líkur væru á því, að um íkveikju af

mannavöldum væri að ræða, og hefði maður verið handtekinn, sem grunur félli á.

Guðmundur kom á staðinn um klukkan 5.15, og segir í skýrslu hans, að þá hafi verið búið að ráða niðurlögum eldsins, en lögregla og slökkvilið var á staðnum. Að sögn lögreglumanna hafði eldurinn að mestu verið slökktur, er slökkviliðið kom á vettvang, en þó hefði það þurft að hafa aðgerðir í frammi á staðnum, er það kom.

Guðmundur gerir síðan í skýrslu sinni grein fyrir aðstæðum á vettvangi og segir svo um þær:

„Húsið Njálsgata 16, Rvík., er kjallari, hæð og ris, og eru íbúðir á öllum hæðum. Kjallarinn er steyptur, en hæðin og risið er byggt úr timbri. Að utan er hæðin og risið klætt með bárujárnsplötum. Út úr húsinu til vesturs eru tröppur að inngangi á 1. hæð. Tröppur þessar eru úr timbri, og við enda þeirra er pallur einnig úr timbri. Tröppurnar og pallurinn eru áföst húsinu. Undir tröppunum er geymsla og hurð yfir henni. Húsið er ekki áfast næstu húsum. Inngangur í kjallarann er undir pallinum beint fyrir neðan innganginn á 1. hæðina. Tveir inngangar eru á 1. hæðina, annar um áðurnefndar tröppur á vesturhlið, en hinn um suðurhlið frá bakgarði. Einn inngangur er í risíbúðina, og er hann á suðurhlið hússins.

Eldurinn hafði verið undir tröppunum og pallinum á vesturhlið hússins og í hurð og umbúnaði að kjallaraíbúðinni. Eldtungur hafa komið undan pallinum og upp húshliðina, en það mátti sjá á sviðinni og upphleyptri málningu á húshliðinni í um 50 cm fjarlægð frá inngangi á 1. hæðina.

Skemmdir voru aðallega þær, að hurð og umbúnaður hennar að kjallara var sviðin og koluð, geymslan og hurðin fyrir henni undir stiganum sviðin. Í geymslunni voru tveir hjólbarðar, og komst eldur í þá. Nokkurt sót kom upp um samskeytin á tröppunum og húsinu.

Í sundinu á milli húsanna nr. 14 og 16 við Njálsgötu var plastbrúsi. Við athugun á brúsa þessu, sem er grár að lit, og á botni hans stendur 20L, kom í ljós, að hann er allur nokkuð brunninn og bráðnaður. Á báðum hliðum brúsans er inngreyptur þríhyrningur, en á annarri hliðinni er þessi þríhyrningur málaður gulur. Ekki er ljóst, hvað verið hefur í brúsa þessum, en af honum mátti finna bensínlykt. Talið er, að brúsi þessi hafi ekki verið á staðnum fyrir eldsupptök."

Samkvæmt skýrslu slökkviliðsins barst tilkynning um eldinn

kl. 4.22, og fóru þá þegar fjórar slökkvibifreiðar á staðinn, og voru þær samkvæmt skýrslunni komnar þangað kl. 4.26.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar á slysadeild Borgarspítalans klukkan 6 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1.83‰.

Ákærði var yfirheyrður síðdegis um daginn af rannsóknarlögreglu ríkisins og kannaðist þá ekki við sakargiftirnar. Var hann eftir það færður fyrir dóm og þar gerð krafa um, að hann sætti gæsluvarðhaldi.

Í dómsyfirheyrslunni sagði ákærði, að hann rámaði í, að hann hefði notað bensín til að kynda bál í einhverju sundi eða garði við Njálsgötu nóttina áður, en það hefði ekki verið ætlun sín að kveikja í húsinu.

Að yfirheyrslunni lokinni var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt fram til 22. nóvember, og sat hann þann tíma í gæsluvarðhaldi.

Verður nú gerð grein fyrir framburðum vitna, sem borið hafa í málinu, og endanlegum framburði ákærða:

Vitnið Gerður Pálmadóttir húsmóðir, Dunhaga 16 í Reykjavík, kveðst hafa verið statt í íbúð á 2. hæð að Njálsgötu 13 A í Reykjavík aðfaranótt 18. nóvember sl.

Á milli kl. 4.15 og 4.30 um nóttina var vitnið í vestari glugganum á suðurhlið hússins. Heyrði það þá í og sá rauða og hvíta Ford Bronco jeppabifreið stansa upp á gangstéttinni að hálfu fyrir framan húsið, og sneri hún rétt miðað við aksturssstefnu. Síðan kom maður út úr bifreiðinni og gekk að húsinu nr. 16 handan við götuna með litla rauða fötu í hendi með hvítu loki. Var maður þessi um 30 ára að aldri, ljósskolhærður, hár frekar úfið, var 170 cm á hæð og samsvaraði maðurinn sér vel, að vitninu fannst. Eftir að hann hafði verið eitthvað að ganga í kringum húsið og m. a. inn í skot undir tröppur á vesturhlið hússins, gekk hann aftur að bifreiðinni með rauðu fötuna, sem vitnið sá ekki, hvað varð um.

Vitnið sá manninn teygja sig inn í bifreiðina hægra megin og koma út úr henni með meðalstóran kút í hendi, og var handfang ofan á honum.

Maðurinn gekk nú aftur yfir að húsinu handan götunnar, og sá vitnið hann standa hálfan inn undir tröppunum á vesturhlið hússins. Maðurinn var varla stansaður þarna, þegar vitnið sá glampa undan tröppunum í andlitshæð mannsins. Glampinn slokknaði, og síðan sá vitnið annan glampa neðar, og í framhaldi af honum gaus

upp eldur, eins og sprenging hefði orðið. Sá vitnið eldinn teygja sig upp með húshliðinni undan tröppunum og út úr gati, sem er inn undir tröppunum að vestanverðu.

Vitnið kveðst hafa sagt húsráðanda frá því, sem var að gerast, og hraðaði hann sér út. Vitnið fylgdist áfram með manninum og sá hann fara inn í bifreiðina og aka strax á brott. Þá kveðst vitnið hafa tekið niður númer bifreiðarinnar, og eftir það hringdi það í slökkvilið og lögreglu, en henni gaf vitnið upp númer bifreiðarinnar.

Vitnið sá enga vegfarendur í nánd, á meðan maðurinn var þarna. Vitnið kveðst ekki hafa séð ölvunarástand á manninum.

Vitnið kveðst hafa verið allsgáð, þegar það horfði á framangreindan atburð. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Árni Páll Jóhannsson kennari, Þingholtsstræti 8 B í Reykjavík, kveðst hafa búið að Njálsgötu 13 A í nóvember sl.

Aðfaranótt 18. nóvember á milli kl. 4.15 og 4.30 vakti Gerður Pálmadóttir, sem var gestkomandi hjá vitninu, athygli þess á því, að Bronco jeppabifreið væri að stansa fyrir utan. Vitnið leit út um vestari gluggann á suðurhlið íbúðarinnar og sá mann ganga frá bifreiðinni að húsinu nr. 16 við götuna með rauða fötu í hendi. Maðurinn var klæddur í nylonúlpu, græna að lit, ljósskolhærður með alskegg, rúmlega meðalmaður á hæð og samsvaraði sér eðlilega.

Vitnið sá manninn vappa í kringum húsið og koma síðan aftur að bifreiðinni. Ekki man vitnið, hvað varð um rauðu fötuna.

Vitnið segir, að maðurinn hafi farið upp tröppurnar á vesturhlið hússins og lagt þar við hlustirnar, að vitninu virtist.

Vitnið sá manninn teygja sig aftur í bifreiðina hægra megin, eftir að hann var búinn að fara að húsinu, og kom hann með gráan brúsa úr bifreiðinni og hélt aftur að húsinu.

Vitnið gekk nú frá glugganum, en kom aftur að öðrum glugga eftir örstutta stund, en þá hafði Gerður kallað til þess og sagt, að maðurinn væri að kveikja í. Vitnið sá loga undir tröppunum og upp eftir húshliðinni.

Vitnið horfði ekki frekar á þetta, en hraðaði sér út og að húsinu. Logaði þá eldur undir tröppunum og teygði sig upp með veggnum við endann á þeim.

Vitnið hraðaði sér þegar upp tröppurnar til þess að aðvara íbúana og sparkaði gat á hurðina. Fann vitnið, að hár þess sviðnaði aðeins, á meðan það var á tröppunum. Vitnið fór ekki niður tröpp-

urnar aftur, fyrr en íbúar úr húsinu komu aftan að því, en þeir höfðu farið út um bakdyr.

Vitnið fór síðan að athuga frekar með eldinn, og voru logarnir þá minni, en útihurð undir tröppunum var farin að sviðna. Þá logaði eldur í dekkjum og drasli, sem var undir tröppunum. Þarna sá vitnið líka brúsa þann, sem maðurinn hafði verið með, en hann var mikið brenndur. Vitnið kveðst hafa dregið draslið og dekkin undan tröppunum með spýtnabraki, sem það fann við tröppurnar. Vitnið segir, að logað hafi í útihurðinni og undirstöðunum undir tröppunum, þó að draslið og dekkin hefðu verið fjarlægð.

Vitnið aðstoðaði íbúa hússins við að reyna að slökkva eldinn í hurðinni og tröppunum, og var ausið snjó á eldinn. Þegar lögregla og slökkvilið birtist, var að mestu búið að kæfa eldinn.

Vitnið segir, að bifreiðin hafi verið horfin, þegar það kom út. Þá segir vitnið, að því hafi fundist maðurinn undir áhrifum áfengis, en vill þó ekki fullyrða, að svo hafi verið.

Vitnið kveðst hafa verið allsgáð þessa nótt. Vitnið vann drengskaparheit að framburði sínum.

Vitnið Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir fulltrúi, Njálsgötu 16 í Reykjavík, kveðst búa eitt í kjallaranum að Njálsgötu 16.

Aðfaranótt 18. nóvember var engin í kjallaranum, en vitnið var þá á 1. hæð hússins ásamt hálfsystur sinni, Maríu Möndu, og vinkonu sinni, Maríu Guðnadóttur. Aðrir höfðu ekki búsetu þar þessa nótt, en á rishæð hússins voru eigandi rishæðarinnar, Ásgeir Flórentzson, kona hans og bróðir hennar.

Vitnið telur, að klukkan hafi verið milli 3 og 3.30 um nóttina, þegar starfsfélagi þess, Sigurbjört, kom í heimsókn drukkin, og nokkru á eftir henni kvaddi drukkinn maður dyra og vildi fá inngöngu og viðtal við Sigurbjörtu, en áður hafði vitnið farið út í bifreið, sem maðurinn var í, og sagt honum, að Sigurbjört vildi ekki fara lengra. Sigurbjört vildi ekki tala við manninn, og vitnið sagði honum, að gestir þess væru á förum. Þá segist vitnið ekki hafa þekkt manninn neitt og vildi ekki hleypa honum inn. Fór vitnið síðan inn og sá hvorki né heyrði í manninum eftir þetta.

Vitnið segir, að maðurinn hafi ekki verið með ókurteisi, en greinilegt var, að hann vildi komast inn. Hann sagði vitninu, að hann ynni hjá Rarik eins og það, en vitnið man ekki eftir að hafa séð hann áður, þó að það kunni að vera.

Nokkrir gestir voru hjá vitninu, þegar Sigurbjört kom, og fór hún í burtu um svipað leyti og þeir.

Nokkru eftir að gestirnir voru farnir, og þegar vitnið og María voru að búa sig undir að hátta og María Manda háttuð fyrir stuttu, en ekki sofnuð, var barið á útidyrnar og hún brotin. Þá heyrði vitnið einhver köll, en ekki man vitnið glöggt, hvað sagt var. Við köllin greip hræðsla um sig á meðal þeirra þriggja, og stukku þær allar út bakdyramegin, María Manda á náttkjólnum.

Þegar vitnið kom að tröppunum á vesturhlið hússins, sá það mann standa á tröppunum við dyrnar og sá eld leika í kringum hann upp eftir húshliðinni.

Vtinið sá engan eld í portinu við hliðina á tröppunum, þegar það kom að þeim.

Þegar vitnið hafði séð, hvað var um að vera, hraðaði það sér inn til að hringja á lögreglu og biðja um aðstoð, en því fannst í fyrstu eins og að eldur væri laus inni í húsinu. Um svipað leyti hringdi vitnið dyrabjöllunni við bakdyr, sem liggja upp á rishæð hússins, til að vekja íbúana þar. Vitninu fannst löng stund, þar til svarað var, og komu íbúarnir út fáklæddir um svipað leyti og slökkviliðið kom.

Vitnið segir, að eldurinn hafi verið að mestu leyti slokknaður, þegar slökkviliðið kom, en þó man vitnið, að slökkviliðið slökkti eld í þröskuldi við kjallaradyr.

Vitnið segir, að spilaðar hafi verið hljómplötur, á meðan gestirnir dvöldu hjá vitninu, en ekki eftir að þeir fóru. Vitnið segir, að ekki hafi verið mikill hávaði, á meðan gestirnir dvöldu hjá því. Einhverjir gestanna voru með áfengi, en engin drykkjulæti voru.

Eftir að gestirnir voru farnir, voru þær þrjár, sem eftir voru, að tala saman, á meðan þær löguðu til í íbúðinni.

Vitnið kveðst álíta, að eldurinn hafi verið það magnaður, þegar það sá hann fyrst, að hann hefði ekki slokknað af sjálfu sér, heldur læst sig frekar í húsið og það brunnið.

Vitnið segir, að með aðstoð vitnisins Árna Páls hafi þeim systrum og Maríu tekist að kæfa eldinn að mestu með snjóaustri, áður en slökkviliðið kom.

Vitnið segist hafa séð vitnið Árna Pál draga dekk logandi undan tröppunum. Dekkin áttu að vera inni í læstri kompu undir tröppunum. Vitnið veitti því ekki athygli, hvort kompan var læst eða ólæst, þegar það kom að tröppunum.

Vitnið Ásgeir Einar Flórentzson vörubifreiðarstjóri, Njálsgötu 16 í Reykjavík, kveðst eiga rishæð hússins Njálsgötu 16 og búa þar ásamt eiginkonu sinni, Sigurrósu Eðvarðsdóttur, og mági, Jóni Eðvarðssyni.

Vitnið segir, að það, kona þess og mágur hafi öll verið sofandi nóttina, sem eldurinn kviknaði við húsið.

Vitnið segir þau hafa vaknað við það, að dyrabjallan hringdi og barið var á dyrnar. Var þar á ferð stúlka, sem býr niðri í húsinu, og sagði, að kveikt hefði verið í húsinu. Vitnið segir, að þau hafi gefið sér tíma til að klæða sig, og þegar þau komu niður, voru slökkviliðið og lögregla komin.

Vitnið Sigurbjört Júlíana Gunnarsdóttir skrifstofumaður, Unufelli 29 í Reykjavík, kveðst hafa hitt ákærða, þegar skemmtun Rarik í Lindarbæ var að ljúka aðfaranótt 18. nóvember sl. Hitti vitnið hann í anddyri hússins. Vitnið var drukkið og gerir sér ekki grein fyrir ástandi ákærða. Vitnið hafði ekki haft tal af ákærða á skemmtuninni, en þarna í anddyrinu bauð hann vitninu að aka því heim.

Fyrir utan Lindarbæ fengu þau leigubifreið, og ók ákærði vitninu að Njálsgötu 16. Auk bifreiðarstjórans voru engir aðrir í bifreiðinni en þau tvö.

Vitnið kveðst ekki muna greinilega, hvort ákærði leitaði eftir því að fá að koma inn að Njálsgötu 16, en vitnið fór þangað eitt inn.

Þegar vitnið hafði verið stutta stund inni, gerði ákærði vart við sig og vildi komast inn. Ekki talaði vitnið sjálft við ákærða og sá hann meira þessa nótt, en vitnið var farið heim til sín, þegar eldur varð laus við húsið.

Vitnið segir, að engir af skemmtun Rarik hafi verið þarna í húsinu, en hins vegar höfðu tvær systur, sem vinna hjá Rarik og búa í húsinu, komið við á skemmtuninni, fljótlega eftir að hún byrjaði. Þá var gestkomandi að Njálsgötu 16 stúlka að nafni María Guðnadóttir, sem vinnur hjá Rarik, en hún hafði verið í fylgd þeirra systra fyrr um kvöldið, þegar þær komu á skemmtunina hjá Rarik. Loks voru þarna tveir menn og ein kona gestkomandi, sem vitnið ekki þekkti. Þetta fólk ók vitninu heim um nóttina.

Allt framangreint fólk var á 1. hæð hússins að Njálsgötu 16.

Vitnið man ekki eftir, að hljómlist væri leikin í húsinu, á meðan það dvaldi þar.

Vitnið Erla Dagmar Ólafsdóttir húsmóðir, Njálsgötu 16 í Reykjavík, kveðst búa á 1. hæð að Njálsgötu 16 ásamt móður sinni Björgu Helgadóttur og þremur dætrum, Elínu, Díönu og Maríu Möndu.

Vitnið var erlendis, þegar atburðurinn átti sér stað, og móðir

þess á sjúkrahúsi, en þær eiga saman íbúðina á 1. hæð. Þá voru Elín og Díana fjarverandi.

Vitnið Ólafur Reimar Gunnarsson, stud. oecon., Urðarstíg 13 í Reykjavík, kveðst eiga kjallaraíbúðina að Njálsgötu 16, en bjó þar ekki.

Vitnið átti geymda þrjá hjólbarða í geymslu undir tröppum á vesturhlið hússins, og var hún læst með hengilás.

Vitnið kom að Njálsgötu 16 umrædda nótt, á meðan slökkviliðið var þar enn. Ekki tók vitnið eftir því, hvort geymslan hafði verið sprengd upp, en hjólbarðarnir voru við tröppurnar og ónýtir vegna brunaskemmda.

Vitnið Jón Björnsson lögreglumaður, Löngubrekku 16 í Kópavogi, gerði skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Vitnið kveðst telja, að eldurinn hafi byrjað undir tröppunum, en getur ekki staðsett það frekar.

Vitnið Guðmundur Halldór Jónsson rannsóknarlögreglumaður, Fífuseli 36 í Reykjavík, hefur staðfest áðurgreinda skýrslu um rannsóknina og aðstæður á vettvangi.

Vitnið telur, að skemmdirnar hafi verið mestar á hurðinni inn í kjallaraíbúðina, og ályktar af því, að þar hafi eldurinn verið mestur.

Vitnið segir, að ákærði hafi verið greinilega ölvaður, þegar það sá hann um nóttina, en rólegur.

Ákærði kveðst hafa farið á skemmtun hjá Rafmagnsveitum ríkisins (Rarik) í Lindarbæ að kvöldi föstudagsins 17. nóvember sl. og var þar fram á nóttina. Hann neytti mjög mikils áfengis á skemmtuninni og var mjög ölvaður, þegar hann fór þaðan um nóttina.

Um nóttina, þegar ákærði hélt heim, bauð hann ungri stúlku, sem hann hitti fyrir utan Lindarbæ og hann hafði áður talað við á skemmtuninni, með sér í leigubifreið. Ákærði kveðst jafnvel halda, að hann og stúlkan hafi orðið samferða út af skemmtuninni.

Ákærða minnir, að fleira fólk hafi verið með þeim í leigubifreiðinni, en ekki getur hann upplýst, hverjir það voru. Ákærði telur, að þetta fólk hafi farið úr bifreiðinni á leiðinni. Ekki veit hann, hvar fólkið fór úr bifreiðinni, en hún var látin aka að Njálsgötu 16. Ekki man ákærði, hvort fleiri voru í bifreiðinni, þegar hún kom að Njálsgötu 16, en hann telur, að svo kunni að hafa verið.

Stúlkan fór inn í húsið að Njálsgötu 16, og ákærði man, að

hann átti einhver orðaskipti við einhvern í húsinu. Ákærði kveðst hafa vitað, að í húsinu var eitthvað af gestum af skemmtuninni, og hafði ákærði hug á því að komast í félagsskap þess. Það gekk þó ekki, en minni ákærða er lélegt um það, sem gerðist í þetta skipti að Njálsgötu 16.

Ákærði fór nú heim til sín, en ekki man hann, hvort hann fór þangað í leigubifreiðinni eða gangandi.

Eftir nokkra viðdvöl heima hjá sér hélt ákærði aftur út og ók nú bifreið sinni frá Leifsgötu 7, enda þótt hann væri undir áhrifum áfengis. Tilgangur ákærða með þessari ferð var sá að komast einhvers staðar í gleðskap.

Ákærði kveðst fyrst hafa ekið niður að Lindarbæ, og man hann eftir sér þar fyrir utan. Síðan ók ákærði upp á Njálsgötu og lagði bifreiðinni að hálfu upp á gangstétt, að hann telur norðan við götuna.

Ákærði kveðst muna óljóst eftir því, sem gerðist við Njálsgötu 16 í þetta skipti, en telur, að hann hafi fyrst gengið að húsinu Njálsgötu 16 og kannað, hvort þar væri enn gleðskapur. Ákærði kveðst ekki muna eftir því, að hann hafi verið með fötu í höndunum í þetta skipti.

Ákærði kveðst muna eftir því, að hann sá ljós í gluggum og heyrði tónlist. Taldi hann því fullvíst, að þarna væri enn gleðskapur. Ákærði man ekki eftir því, hvort hann kvaddi dyra í þetta skipti. Ákærði man mjög óljóst, hvað hann gerði næst, en man, að honum datt í hug að gera þeim, sem voru inni í gleðskapnum, grikk með því að kveikja eld í sundinu við húsið og nota til þess bensín, sem verið hafði í bifreiðinni um sinn. Ákærði segir, að þessi hugmynd hafi myndast hjá honum, þegar hann sá bensínbrúsann í bifreiðinni, en í honum var lögg af bensíni, afgangur, frá því hann þurfti að sækja bensín á bifreið sína, sem hafði orðið bensínlaus.

Ákærði man ekki nákvæmlega, hvenær hugmyndin myndaðist, en telur, að það hafi verið, þegar hann kom að bifreiðinni eftir að hafa gengið að húsinu fyrst.

Ákærði fór síðan með brúsann frá bifreiðinni inn í sund við húsið. Ákærði kveðst ekki geta lýst því nógu vel, sem næst gerðist, en hann hellti niður bensíni einhvers staðar við vesturhlið hússins, en ekki getur hann skýrt nákvæmlega, hvar það var. Hann telur sig þó hafa hellt bensíninu niður utan við tröppurnar á vesturhlið hússins. Ákærði kveðst ekki muna eftir því að hafa farið undir tröppurnar og hellt niður bensíni þar. Ákærði kveikti

síðan á eldspýtu og lét hana falla niður í bensínið, en ekki man hann, hvað hann notaði margar eldspýtur við að kveikja eldinn. Ákærði kveðst muna glöggt eftir því, þegar eldurinn kviknaði, og kom honum á óvart, hve hann var mikill. Ákærði man ekki nákvæmlega, hvar eldurinn logaði, en hann tók eftir mannaferðum, eftir að eldurinn kviknaði, og hraðaði hann sér þá í burtu á bifreiðinni án þess að tala við þá, sem þarna voru á ferð.

Ákærði var síðan handtekinn heima hjá sér, en ekki gerir hann sér grein fyrir því, eftir hve langan tíma það var. Var ákærði þá sofnaður.

Ákærði heldur, að hann hafi ekki neytt áfengis, eftir að heim kom. Hafi það verið eitthvað, hafi það verið lítið.

Ákærði segir, að hann hafi aldrei orðið var við í fari sínu, að hann ætti til að fara óeðlilega með eld.

Ákærði kveðst eftir á að hyggja enga skýringu geta gefið á tiltæki sínu aðra en ölvunarástand sitt og skyndihugmynd sína um að gera grikk, og þá fyrst, þegar hann sá bensínbrúsann.

Ákærði kveðst aldrei hafa átt við nein geðræn vandamál að stríða í lífi sínu.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands, dags. 22. nóvember sl., voru sunnan 2 vindstig í Reykjavík klukkan 3 um nóttina, og klukkan 6 um morguninn voru sunnan 3 vindstig. Mesta veðurhæð á milli athugana var 3 vindstig. Þá var rigning í Reykjavík á milli klukkan 3 um nóttina og fram til klukkan 6 um morguninn.

Samkvæmt vottorði Húsatrygginga Reykjavíkur, dagsettu 4. desember sl., var húsið nr. 16 við Njálsgötu tryggt fyrir kr. 13.233.00, þegar atburðurinn skeði. Samkvæmt sama vottorði mátu dómkvaddir matsmenn tjónið á kr. 242.000, og greiddi ákærði þá fjárhæð til rannsóknarlögreglu ríkisins 15. janúar sl.

Ákærði var ekki látinn gangast undir geðrannsókn við rannsókn málsins, en þar sem saksóknari og verjandi ákærða hafa ekki óskað eftir slíkri rannsókn og dómarinn hefur ekki séð neitt það í fari ákærða, sem gefi ástæðu til að efast um sakhæfi hans, þótti ástæðulaust að láta slíka rannsókn fara fram við meðferð málsins mörgum mánuðum eftir atburðinn.

Samkvæmt persónuskýrslu, sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert um hagi ákærða, er hann kvæntur og á eitt barn, 2 ára að aldri. Býr hann með fjölskyldu sinni í eigin íbúð að Leifsgötu 7. Hann er með próf í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands og starfar sem rafmagnsverkfræðingur hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur ekki aflað álitsgerðar sér-

fróðra manna um það, hvort ákærði hafi séð fram á almannahættu og að mönnum mundi vera bersýnilega lífsháski búinn vegna eldsvoðans eða að hann mundi hafa í för með sér yfirgripsmikla eyðingu á eignum annarra manna. Er miður, að slík álitsgerð liggur ekki fyrir, en eins og mál þetta er vaxið, og þar sem endanlegt mat á þessu er í höndum dómsins, og saksóknari og verjandi eru sammála um það að lokinni vettvangsgöngu, að ekki sé þörf á álitsgerð sérfræðinga um almannahættu vegna brots ákærða, verður við það látið sitja, enda ekki lagaskylda að láta slíka álitsgerð liggja fyrir.

Með játningu ákærða sjálfs, sem er í samræmi við framburði vitnanna Gerðar og Árna Páls og annað það, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hellti niður bensíni og kveikti í því við húsið nr. 16 við Njálsgötu greinda nótt. Þá þykir þrátt fyrir framburð ákærða um það, að hann telji sig hafa hellt bensíninu niður í sund við húsið, með framburði vitnisins Gerðar og því, hvar eldurinn virtist mestur, komin fram sönnun fyrir því, að ákærði hafi hellt bensíninu niður undir timburtröppunum á vesturhlið hússins, enda er ekkert komið fram í málinu, sem bendi til þess, að eldur hafi logað í sundinu við húsið. Hins vegar verður því ekki slegið föstu, hvort ákærði kveikti fyrst í dekkjunum og öðrum hlutum, sem áttu að vera í geymslunni, eða í hurðum og timburverki undir tröppunum.

Ekki verður fullyrt um það af gögnum málsins, hvenær ásetningur ákærða myndaðist að kveikja framangreindan eld, og þykir verða í því efni að leggja til grundvallar framburð hans sjálfs um það, að hann hafi myndast, þegar hann kom að bifreiðinni eftir fyrri ferð sína að húsinu og sá gráa bensínbrúsann í bifreiðinni.

Ákærði kveikti eld í bensíni undir timburtröppum við timburhús að næturlagi. Eldur þessi kviknaði við húsið fyrir ásetning ákærða, en því hefur verið hafnað, að ákærði hafi kveikt eldinn í sundinu við húsið. Af þeirri ástæðu verður ekki hægt að telja það óhappatilviljun eða gáleysi, að eldurinn læstist í húsið, heldur hafi hér komið til ásetningur ákærða að leggja eld í það. Ekkert verður fullyrt um það, hvað ráðið hafi þessum gerðum ákærða, en nærtækasta skýringin er sú, að þar hafi ráðið óánægja hans með að fá ekki inngöngu í húsið, enda þótt þessu verði ekki slegið föstu. Sú skýring ákærða, að hér hafi hann ætlað að gera íbúum hússins grikk, fær ekki staðist, enda getur engum, sem kveikir eld við framangreindar aðstæður, blandast hugur um, að slíkt sé meira en grikkur, heldur stórháskalegt og hljóti að leiða

til eldsvoða. Telst ákærði hafa fullframið brot sitt, þegar eldurinn var búinn að ná festu í viðum hússins, svo að slökkviaðgerðir þurfti að hafa í frammi, en af lýsingum vitna um umfang eldsins þykir óhugsandi, að hann hefði slokknað af sjálfum sér.

Þegar ákærði kveikti eldinn, voru í húsinu sex aðiljar, en ekki sjö, eins og í ákæru greinir, þar af þrír sofandi, einn háttaður og tveir í þann veginn að ganga til náða. Ákærði sá ljós í gluggum hússins og vissi, að fólk var inni. Hann gat ekkert um það vitað, hvort fólkið væri vakandi eða sofandi, né heldur hversu skjótt fólk yrði eldsins vart, enda veitir ljós í gluggum enga vissu fyrir því, að fólk sé vakandi.

Sú háttsemi að kveikja eld í bensíni undir timburtröppum við timburhús að næturlagi, þegar búast má við, að fólk sé sofandi, hlýtur ætíð að bjóða upp á almannahættu og vera lífsháskaleg, og slík háttsemi hlýtur einnig að bjóða upp á augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu eigna annarra manna, en auk hússins, sem ákærði kveikti í, eru beggja vegna við það hús úr timbri, þótt nokkurt bil sé á milli þeirra, sérstaklega til austurs. Telur dómarinn þetta einsýnt, þótt ekki sé til að dreifa álitsgerð sérfræðinga.

Þegar ákærði kveikti eldinn, vildi svo heppilega til, eins og þegar er fram komið, að til ákærða sást við verknaðinn. Þetta leiddi aftur til þess, að íbúunum var gert viðvart samstundis og þegar hafist handa um að slökkva eldinn og koma þannig í veg fyrir, að hann breiddist út. Þrátt fyrir það var tjón metið að fjárhæð 242.700 krónur. Þykir af þessu ljóst, að hér hefur tilviljun ein ráðið því, að hvorki varð líftjón né frekara eignatjón, en sannað er, að ákærði fór þegar á brott eftir að hafa kveikt í og gerði engar ráðstafanir til þess að slökkva eldinn. Þrátt fyrir framburð hans er ósannað, að mannaferðir hafi fælt hann á brott. Getur dómurinn ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri, að íkveikja ákærða varði við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

Þá er með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni R 57267 undir áhrifum áfengis, svo sem áður er rakið í ákæru og framburði ákærða. Varðar ölvunarakstursbrot ákærða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1969 22/9 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. og 26. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 10/7 1969.

1974 16/5 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 19/2 1974.

Hinn 22. júlí 1977 voru ákærða veitt ökuréttindi á ný.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga, 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, og 1. mgr. 33. gr. áfengislaga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Við ákvörðun refsingar ákærða þykja engin ákvæði 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga eiga við til refsilækkunar. Hins vegar ber til þess að líta, að ákærði hefur aldrei áður orðið sekur um hegningarlagabrot og að tjón af broti hans varð óverulegt miðað við það, hvernig til þess var stofnað, þótt það hafi ekki verið honum að þakka, heldur skjótum viðbrögðum annarra. Þá hefur ákærði greitt skaðabætur.

Með hliðsjón af þessu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að ákveða ákærða refsingu í því lágmarki, sem boðið er í 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga, fangelsi í 2 ár, sem ekki þykir fært að skilorðsbinda vegna þess, hversu brotið er alvarlegt.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi frá 18. nóvember sl., kl. 1730, til 22. nóvember sl., kl. 1335. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að þetta 4 daga gæsluvarðhald ákærða komi refsingu hans til frádráttar.

Þá hefur ákærði með ölvunarakstri sínum unnið sér til þess að verða sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem refsidómurinn frá 16. maí 1974 hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga ítrekunaráhrif á ölvunarakstursbrot ákærða, ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ákærði hefur ekki verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Fallið var frá þeirri kröfu í ákæru við flutning málsins, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu skaðabóta, enda hafði hann þegar greitt bætur, eins og áður er fram komið.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 120.000,

og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Bjarnason, sæti fangelsi 2 ár. Til frádráttar refsingunni skal koma 4 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 120.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hætaréttarlögmanns, kr. 120.000.

Miðvikudaginn 18. júní 1980.

Nr. 77/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Hjálmari Andrési Jónssyni.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. maí 1980, sem barst réttinum 21. s. m. Krefst hann þess, að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Varnaraðili var kvaddur fyrir sakadóm Selfoss hinn 14. þ. m., og var honum þar gert kunnugt um framangreinda kröfu ríkissaksóknara. Frá honum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Á sakavottorði varnaraðilja, dagsettu 7. febrúar 1980, sem lagt var fram í dómi, þegar hin kærða dómssátt var gerð, segir, að varnaraðili hafi ekki sætt refsingu, svo kunnugt sé.

Hinn 17. maí 1978 gekkst varnaraðili undir dómssátt í

sakadómi Árnessýslu, þar sem honum var gert að greiða 50.000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, og hann sviftur ökuleyfi í 12 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Varnaraðili var því kærður fyrir ítrekað brot, framið 9. desember 1979, gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt. Óheimilt var að ljúka málinu með þeim hætti, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. nefndrar 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Árnessýslu 29. febrúar 1980.

Ár 1980, föstudaginn 29. febrúar, var dómþing sakadóms Árnessýslu háð í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa sýslumanns Páli Björnssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið 22/80: Ætlað áfengis- og umferðarlagabrot Hjálmars Andrésar Jónssonar.

Dómarinn leggur fram eftirfarandi skjöl, sem fylgja í frumriti: nr. 1. bréf bæjarfógetans í Kópavogi, nr. 2 skýrslu lögreglunnar, nr. 3 varðstjóraskýrslu, nr. 4 beiðni um blóðtöku, nr. 5 alkóhólákvörðun K.Ó. 112/1979, nr. 6 sakavottorð.

Klukkan 1330 mætir í dóminn kærði, Hjálmar Andrés Jónsson nemi, Lyngheiði 2, fæddur 26. janúar 1960 að Skógum, Austur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

Kærða er kunngert tilefni yfirheyrslunnar og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýnishorni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi verið reducerandi efni, er samsvara 1.98‰ af alkóhóli.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn

kærða að ljúka málinu án málssóknar gegn því, að hann fallist á að greiða kr. 120.000 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968 og 33. gr. laga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 12 mánuði samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 82/1969 og 81. gr. laga nr. 40/1968, en brot hans þykir efnislega varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1969 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin fyrir 1. júní 1980, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað, kr. 18.985, fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin tekur nú þegar gildi, en kærði segir ökuskírteini sitt glatað.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Miðvikudaginn 18. júní 1980.

Nr. 73/1978. **Kirkjusandur h/f**
(Vilhjálmur Árnason hrl.)
gegn
Gunnari I. Hafsteinssyni
og gagnsök
(Jónas Aðalsteinsson hrl.).

Samningar. Fiskkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með

stefnu 10. apríl 1978. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að krafa hans verði stórlega lækkuð. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. apríl 1978. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en þó þannig, að frá 15. júní 1979 verði vextir af dæmdri fjárhæð ákveðnir 34.5% ársvextir til 1. september s. á., 39.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, en frá þeim degi til greiðsludags hæstu innlánsvextir við innlánsstofnanir á hverjum tíma, nú 46% ársvextir. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Aðaláfrýjandi tók við réttindum og skyldum Hraðfrystihúss SÍS á Kirkjusandi samkvæmt samningi þess við gagnáfrýjanda, dags. 16. apríl 1971. Samkvæmt samningnum átti gagnáfrýjandi að fá greitt fyrir innlagðan afla eftir því sem verðákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins og mat Fiskmats ríkisins sagði til um, en þó þannig, að hann skyldi „aldrei fá lægra verð en almennt gerist né lakari fyrirgreiðslu, og [skyldu] aðiljar koma sér saman um það hverju sinni."

Hin tilvitnuðu orð verður að skilja svo, að átt sé við verð eða fyrirgreiðslu, sem fiskseljendur almennt njóti hjá fiskkaupendum. Heimiladi ákvæðið því gagnáfrýjanda ekki að krefjast úr hendi aðaláfrýjanda verðs eða fríðinda, sem hann kunni að eiga kost á hjá öðrum fiskkaupendum, ef það var hærra en almennt gerðist. Skiptir ekki máli í því sambandi, að viðskipti við gagnáfrýjanda kunna að hafa þótt eftirsóknarverð vegna gæða aflans úr skipi hans eða af öðrum ástæðum, þar sem telja verður, að þau viðskipti hafi forveri aðaláfrýjanda einmitt tryggt sér með lánveitingunni til hans.

Gagnáfrýjandi hefur lagt fram yfirlit, sem styðst við bókhald hans og sýnir, að hann hefur selt afla til ýmissa aðilja á árunum 1973—1975 og fengið hann greiddan hærra verði en verðákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins sögðu til um. Í ýmsum tilvikum er þar þó um að ræða tiltölulega lítið aflamagn, sem selt var fisksölum o. fl. Virðast þær sölur ekki

fyllilega sambærilegar við aflalandanir hans hjá aðaláfrýjanda. Enn fremur hafa fyrirsvarsmenn sumra þeirra fiskvinnslustöðva, sem afla keyptu samkvæmt yfirliti þessu, svo sem Sjófang h/f og Barðans h/f, borið fyrir dómi, að almennt hafi þeir ekki keypt fisk með yfirborgunum á þeim tíma, sem gagnáfrýjandi lagði inn afla hjá þeim, heldur einungis þegar sérstaklega stóð á, svo sem vegna hráefnisskorts.

Auk gagna, er við nýtur um söluverð afla af skipi gagnáfrýjanda, hafa verið lögð fram vottorð frá nokkrum fiskseljendum og fiskkaupendum og þeir staðfest þau fyrir dómi, um að á þeim tíma, er hér skiptir máli, hafi þeir selt eða keypt afla á hærra verði en því, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins hafi ákveðið, og þá einkum með því móti, að fiskseljandi hafi fengið greiddan löndunarkostnað og ís til veiðiferða. Hér er þó um tiltölulega fáa aðilja að ræða, og hefur í nokkrum tilvikanna verið bent á sérstakar aðstæður, sem veita skýringu á þessum greiðslum. Þá er og á það að líta, að jafnframt þessu hafa komið fram yfirlýsingar frá öðrum aðiljum, um að ekki hafi hjá þeim verið um að ræða hærra verð eða meiri fyrirgreiðslu en upplýst er, að gagnáfrýjandi naut hjá aðaláfrýjanda.

Þegar allt þetta er virt, þykir ekki komin fram ótvíræð sönnun fyrir því, að aðaláfrýjandi hafi greitt gagnáfrýjanda lægra verð fyrir afla en almennt gerðist og honum var skylt að greiða samkvæmt samningi þeirra. Þess er enn fremur að gæta, að aðiljar áttu hverju sinni að koma sér saman um yfirborganir aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda, ef gagnáfrýjandi taldi grundvöll til að krefjast þeirra. Gagnáfrýjandi virðist þó ekki hafa hreyft athugasemdum út af því fyrr en í júní 1974, að aðaláfrýjandi hætti þegar á miðju ári 1973 yfirborgunum til hans, öðrum en ókeypis ís til veiðiferða. Samkvæmt öllu þessu þykir gagnáfrýjandi ekki hafa sýnt nægilega fram á, að aðaláfrýjandi eigi vangoldið það fé fyrir seldan afla, sem hann krefur sér til handa með málssókn þessari. Verður aðaláfrýjandi því sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kirkjusandur h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Gunnars I. Hafsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 21. febrúar 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 9. febrúar sl., höfðaði Jónas A. Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, Laufásvegi 12, Reykjavík, f. h. Gunnars I. Hafsteinssonar, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur gegn Kirkjusandi h/f, Reykjavík, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 5.800.501 með 1½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 1.236.818 frá 31. des. 1973 til 31. des. 1974, en með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 4.360.418 frá þeim degi til 5. apríl 1975 og með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 5.800.501 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þá dómkröfu, að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 4.661.451 með 1½ dráttarvöxtum á mánuði af kr. 999.668 frá 31. des. 1973 til 31. des. 1974, en með 2% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 3.221.368 frá þeim degi til 5. apríl 1975, en af kr. 4.661.451 frá þeim degi til 20. nóv. 1976, en með 2½% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu skv. taxta LMFÍ.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Við munnlegan málflutning gerði stefndi þá varakröfu, að dómkrafa stefnanda yrði stórlega lækkuð, málskostnaður felldur niður. Jafnframt var vaxtakröfu stefnanda mótmælt sem of hárri. Stefndi samþykkti ekki, að stefnandi fengi komið að hækkun á vaxtakröfu sinni.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst á þá leið, að hinn 16. apríl 1971 hafi stefnandi og Hraðfrystihús SÍS á Kirkjusandi gert með sér samning þess efnis, að Hraðfrystihús SÍS lánaði stefnanda kr. 2.000.000 til kaupa á togara. Stefnandi hafi meðal annars skuldbundið sig til þess að landa öllum þeim afla, sem togarinn landaði hérlendis, hjá Hraðfrystihúsi SÍS að Kirkjusandi, uns skuldin væri að fullu greidd. Hraðfrystihús SÍS að Kirkjusandi hafi skuldbundið sig til þess að greiða fyrir afla skipsins verð samkvæmt verðákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins hverju sinni í samræmi við mat Fiskmats ríkisins, þó þannig, að stefnandi fengi aldrei lægra verð en almennt gerðist né lakari fyrirgreiðslu. Hafi verið við það miðað, að aðiljar kæmu sér saman um það hverju sinni, hvað almennt gerðist í þessu efni. Samkomulag hafi náðst um uppbætur fyrir árið 1971, 1972 og allt til 1. júní 1973, en síðan hafi samkomulag ekki náðst með aðiljum um uppbæturnar. Stefndi í máli þessu hafi yfirtekið samningsskyldur Hraðfrystihúss SÍS á tímabilinu og beri því ábyrgð á efndum samningsins.

Í málinu hefur verið lögð fram aðiljaskýrsla, undirrituð af Árna Benediktssyni, framkvæmdastjóra stefnda. Skýrslan er svohljóðandi:

„16/4 1971 gerði Hraðfrystihús SÍS samning við Gunnar I. Hafsteinsson um lán til kaupa á m/b Freyju RE 38 og jafnframt að hann legði upp afla skipsins hjá Hraðfrystihúsi SÍS í fimm ár. Samningur þessi var að öllu leyti stílaður af mér, þar á meðal eftirfarandi ákvæði: „Þó skal Gunnar I. Hafsteinsson aldrei fá lægra verð en almennt gerist, né lakari fyrirgreiðslu, og skulu aðilar koma sér saman um það hverju sinni.“ Ofanritað ákvæði setti ég inn í samninginn vegna þess, að samningur til fimm ára um umfangsmikil viðskipti er nokkuð langur samningur, og erfitt er að segja fyrirfram um, hvað kann að breytast, t. d. um starfshætti Verðlagsráðs sjávarútvegsins, og taldi ég næsta óeðlilegt að binda Gunnar, sem og hvern annan, algjörlega til svo langs tíma. Ákvæði samningsins, „og skulu aðilar koma sér saman um það hverju sinni“, miðaði að því, að þessi viðskipti væru jafnan á hreinu, það væri sem sagt jafnan ákveðið fyrirfram, hvað „almennt gerist“. Fljótlega eftir að útgerð m/b Freyju hófst, tjáði Gunnar I. Hafsteinsson mér, að hann gæti fengið hærra verð fyrir ýsu en verðlagsráðsverð, og varð þá að samkomulagi, að honum væri heimilt að selja öðrum aðilum ýsuna. Eftir það lagði m/b Freyja

aldrei upp ýsu hjá Hraðfrystihúsi SÍS eða Kirkjusandi, nema hún væri lakari að gæðum en svo, að aðrir vildu kaupa hana, eða að magnið væri meira en að öðrum hentaði að kaupa. Engu að síður hélt Hraðfrystihús SÍS (Kirkjusandur h.f.) áfram að leggja til allan ís í skipið. Á árinu 1972 tjáði Gunnar I. Hafsteinsson mér, að hann vissi dæmi þess, að greitt væri yfirverð á fisk, kr. 0.50 pr. kg., og óskaði hann þess, að hann fengi þá greiðslu frá byrjun. Mér þótti að ekki væri farið að settum reglum og þar að auki að þessar greiðslur væru ekki almennar. Þó varð það niðurstaðan, að þessar kr. 0.50 skyldu greiddar frá byrjun og út árið 1972. Í upphafi árs 1973 tjáði Gunnar I. Hafsteinsson mér, að hann gæti fengið 10% yfirborgun á allan fisk á vertíðinni 1973. Um það var samið, að hann skyldi fá þá yfirgreiðslu hjá Kirkjusandi hf. fyrir fyrri hluta árs 1973. Aldrei var minnst á yfirborganir síðari hluta árs 1973. Frá þeim tíma hefur afkoma frystiiðnaðarins almennt verið mjög slæm og öll skilyrði til yfirborgana víðast hvar úr sögunni. Meðalhalli allra frystihúst á landinu árið 1974 var 4.6% af tekjum. Yfirborganir þær, sem tíðkuðust eitthvað á árunum 1971 til 1973, byggðust á því, að þá var afkoma frystihúsa yfirleitt allgóð, sérstaklega var staða þorskframleiðslu góð. Staða þeirra fisktegunda, sem eru uppistaðan í afla togskipa frá Reykjavík, karfa og ufsa, var hins vegar miklu lakari, og hafa þær fisktegundir aldrei gefið tilefni til yfirborgana. Yfirgreiðslur byggðust þess vegna fyrst og fremst á þorskafla, enda voru yfirgreiðslur hér í Reykjavík litlar sem engar á þessu tímabili, utan greiðslur þær, sem Gunnar I. Hafsteinsson fékk. Á því fimm ára tímabili, sem viðskipti Hraðfrystihúss SÍS/Kirkjusands hf. stóðu við Gunnar I. Hafsteinsson, var aldrei um yfirgreiðslur að ræða til annarra útgerðaraðila, nema árið 1973 fékk bv. Narfi greiddar kr. 619.560 umfram hráefnisverð Verðlagsráðs. Ég tel því, að fyllilega hafi verið staðið við samninginn við Gunnar I. Hafsteinsson af okkar hálfu."

Árni Benediktsson staðfesti skýrslu þessa hér fyrir dómi. Fram kom hjá Árna, að það hafi sennilega verið seinni partinn í febrúar eða mars, að samið var við stefnanda um 10% yfirgreiðslu á fyrri hluta árs 1973. Yfirgreiðslur hafi jafnan verið samkomulagsatriði og stefnandi hafi ekki minnst á yfirgreiðslur seinni hluta ársins 1973. Það hafi verið einhvern tímann á árinu 1974 sem stefnandi fór að minnast á yfirgreiðslur allt frá 1. júní 1973. Stefndi hafi yfirtekið rekstur hraðfrystihússins 1. jan. 1973.

Árni kannaðist við undirskrift sína á samningnum á dskj. nr.

3 og taldi hann, að eftir ákvæðum samningsins hefði verið farið á bága bóga. Stefnandi hafi fengið meira en honum bar eftir samningnum.

Árni taldi það rangt, sem fram kemur í stefnu, um að uppbætur og fyrirframgreiðsla, sem fiskseljendur almennt verði aðnjótandi umfram verð það, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákvarðaði á tímabilinu 1. júní 1973 til 5. apríl 1975, hafi numið 10% af aflaverðmæti skv. verðlagsákvörðuninni.

Fram kom hjá stefnanda, að hann hafi ekki vitað endanlega, að ekki yrðu greiddar uppbætur á afla eftir 1. júní 1973, fyrr en eftir að hann hætti viðskiptum í apríl 1975. Viðskiptin hafi gengið þannig fyrir sig, að þetta hafi komið til löngu eftir á. Stundum hafi verið miðað við áramót og rætt hafi verið um þetta af og til. Stefnandi hafi óskað eftir því, að það yrðu uppbætur eins og hjá öðrum aðiljum, og stefnanda hafi alla tíð skilist, að það yrði staðið við það.

Stefnandi sagði sér vera kunnugt um ýmsa togaraeigendur, sem hefðu fengið sömu uppbætur og þarna væri talað um. Þetta sé í því formi, að þetta sé upp í löndunarkostnað og ís. Þær uppbætur, sem stefnandi fékk greiddar, hafi verið greiddar töluvert eftir á. Skipshöfnin hafi ekki fengið hluta af þessum uppbótum. Þetta sé greiðsla upp í löndunarkostnað og ís, sem útgerðin greiði ella. Stefnandi sagði þetta ekki teljast hluta af aflaverðmæti áhafna.

Vegna aðiljaskýrslunnar á dskj. nr. 11 tók stefnandi fram, að það hafi verið að sinni ósk og í fullu samráði við Árna Benediktsson, framkvæmdastjóra stefnanda, að stefnandi hafi selt öðrum ýsu. Oft á tíðum hafi Árni óskað eindregið eftir því, að stefnandi reyndi að koma sem mestu af ýsunni út, því hún hafi ekki þótt mjög hentug í vinnslu. Þessari yfirborgun á ýsu, en hún hafi eingöngu verið seld til fisksala og harðfiskverkenda, hafi verið skipt á milli skipshafnarinnar líka. Stefnandi tók fram, að aðeins þegar meiri hluti afla skipsins var ýsa, hafi hún verið unnin hjá stefnda og öðrum frysthúsum í Reykjavík.

Vegna þess, sem fram kemur í skýrslunni á dskj. nr. 11, um að ekki hafi verið minnst á yfirborganir síðari hluta árs 1973, þá tók stefnandi fram, að rætt hafi verið um þessar yfirgreiðslur. Viðskiptin hafi yfirleitt verið þannig, að stefnandi hafi átt meira inni hjá fyrirtækinu en það lán, sem það hafi upphaflega lánað stefnanda, og kvaðst stefnandi hafa látið sér lynda, að þetta yrði gert upp síðar, og hafi stefnandi margoft rætt um það. Stefnanda hafi stöðugt verið boðnar þessar yfirborganir, en í fullu trausti

þess, að staðið yrði við þetta samkomulag, þá hafi stefnandi haldið viðkiptunum áfram.

Fram kom hjá stefnanda, að það hefði verið algert skilyrði af sinni hálfu við gerð samningsins á dskj. nr. 3, að það væri tekið fram, að stefnandi skyldi aldrei fá lægra verð en almennt gerist né lakari fyrirgreiðslu.

Fram kom hjá stefnanda, að vel megi vera, að stærri fyrirtæki hafi ekki treyst sér til þess að borga yfir, en yfirborganir hafi átt sér stað og stefnandi hafi alls staðar fengið þetta. Stefnanda hafi allan tímann frá júní 1973 verið boðið þetta verð af ýmsum aðiljum og hafi það verið frekar minni fyrirtæki, sem treystu sér til að borga þetta. Svo þegar stefnandi hætti viðskiptum við stefnda í apríl 1975 og fram í júlí 1975, en stefnandi seldi skipið þá, hafi stefnandi selt Sjófangi, Barðanum og Sjólastöðinni afla og fengið 10% yfirborgun.

Á dskj. nr. 23 er vottorð, undirritað G. Jakob Sigurðsson. Í vottorðinu segir m. a.:

„Yfirgreiðsla vor til m/s Freyju RE 38 hluta af árinu 1975 var algjör undantekning, sem stafaði af miklum hráefnisskorti. Útgerð Sjófangs hf. gekk illa á þessu tímabili, og var því gripið til þessa ráðs til að gera vinnsluna samfeldari. Allur annar fiskur, sem Sjófang hf. keypti þetta ár, var greiddur skv. verðum verðlagsráðs, enda gefur verðlagning á fiski sjaldnast möguleika til yfirgreiðslna."

Guðmundur Jakob Sigurðsson hefur staðfest undirskrift sína og efni vottorðsins hér fyrir dómi. Fram kom hjá Guðmundi Jakob, að um aukapeningagreiðslu hafi verið að ræða og talað um það, að það mundi svara svona nokkurn veginn kostnaði við ís og löndun, og hafi þeir komið sér saman um tiltekna prósentu ofan á fiskverð, sem hann kvaðst halda, að hafi verið um 10%. 10% af fiskverði sé nú líklega heldur ríflega reiknað sem löndunarkostnaður og ís. Smærri bátarnir fái oft frían ís.

Fram kom hjá Guðmundi Jakob, að hann áliti, að yfirgreiðslur á fiski séu alger undantekning, að minnsta kosti hér um slóðir. Hins vegar gjósi upp sá kvittur öðru hverju og stundum sannaður og réttur, að tilteknir aðiljar yfirborgi fisk. Það sé venjulega gert mikið úr því vegna þess, að aðrir sem heyri um það og geti sannað það, geri þá samsvarandi kröfur til sinna kaupenda, en þetta sé mjög sjaldgæft.

Guðmundur Jakob Sigurðsson var spurður að því, hvort breyting hefði orðið á miðju ári 1973 frá tímabilinu 16. apríl 1971 til

miðs árs 1973. Hann kvaðst ekki vita til, að nein sérstök breyting hefði orðið, og tók fram, að hann álíti yfirborganir vera undantekningar. En verið geti, að sérstök skip, sem talin séu sérstaklega eftirsóknarverð í viðskipti, hafi náð eitthvað hagkvæmari samningum, en þeir samningar muni að jafnaði vera milli seljanda og kaupanda og það sé ekki annarra að geta borið um það, hvort þeir kunni að vera fyrir hendi eða hvernig þeir kunni að vera. Guðmundur Jakob kvaðst hafa talið, þá er hann samdi við Freyju, að hann mundi fá úr henni fisk jafnt og reglulega.

Júlíus Stefánsson, framkvæmdastjóri útgerðarfélagsins Barðans h/f, var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Honum var sýnt dskj. nr. 17, og sagði hann, að greiðslur fyrir ís og löndun, sem greindar eru á dskj. nr. 17, hafi verið aukagreiðslur. Það virðist hafa verið greitt 10% af heildaraflaverðmæti umfram verð Verðlagsráðs, þó sé þetta ekki að öllu leyti aukalega, vegna þess að það tíðkist að greiða ís umfram ákveðið verð, þannig að greiðsla upp í löndunarkostnað gæti verið umfram það, sem t. d. í dag væri eðlilegt og tíðkaðist. Útgerðarfélagið Barðinn hafi gjarnan keypt fisk frá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og það hafi verið á verðlagsráðsverði. Félagið hafi ekki greitt yfirborganir, nema þá rétt til þess að halda gangandi rekstri í einstöku tilfellum. Viðskiptin við m/s Freyju hafi staðið tiltölulega skamman tíma.

Á dskj. nr. 24 er vottorð, undirritað af Guðmundi Ingvarssyni. Vottorðið er svohljóðandi:

„Vegna fyrirspurnar yðar um, hverja fyrirgreiðslu Íshús Hafnarfjarðar h.f. hefur fengið árin 1974 og 1975 vegna fiskviðskipta og annarra viðskipta við Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, skal eftirfarandi upplýst:

Árið 1974 lagði Íshús Hafnarfjarðar h.f. inn hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar 806.500 kg. af fiski, en keypti frá B.Ú.H. 507.366 kg., netto fiskinnlegg var því 299.134 kg. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar gaf Íshúsi Hafnarfjarðar afslátt vegna ískaupa og löndunarkostnaðar að upphæð kr. 1.10 á netto innlagt kíló af fiski, eða alls kr. 327.047.00. Árið 1975 var sams konar fyrirgreiðsla veitt á netto innlegg af fiski 413.423 kg., eða alls kr. 454.765.00."

Hér fyrir dómi kvaðst Guðmundur Ingvarsson telja það rétt, sem í vottorðinu greinir. Guðmundur kvaðst ekki geta upplýst, hvernig greiðslum til fiskseljenda hafi verið hagað á árinu 1973, en á árunum 1974 og 1975 hafi þetta verið sú fyrirgreiðsla, sem veitt hafi verið Íshúsi Hafnarfjarðar, og sagði hann, að sér væri ekki kunnugt um, að hjá fiskframleiðendum á þessu svæði hér

væri um neina slíka fyrirgreiðslu að ræða. Þessi greiðsla, 1.10 á netto innlagt kíló af fiski, sé afsláttur vegna ískaupa og löndunarkostnaðar.

Bæjarútgerð Hafnarfjarðar sé með löndunarfélag, sem sé fjárhagslega sjálfstætt rekið, og geti þeir gefið viðskiptavinum, sem séu í föstum viðskiptum, einhvern afslátt af löndun og ís, ef afkoma löndunarfélagsins leyfir það. Þessi afsláttur komi sem hærra verð til seljandans. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar eigi mikil viðskipti við fyrirtæki í Reykjavík, eins og Kirkjusand og Bæjarútgerð Reykjavíkur, og þar komi enginn afsláttur til greina. En í þessu tilviki sé það skipið Otur, sem var í föstum viðskiptum við Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og útvegaði löndunarfélaginu jafna og örugga atvinnu, það sé allt annars eðlis. Vitninu var ekki kunnugt um, að það væri yfirborgað á fisk á þessu svæði, fiskur sé einungis greiddur eftir matsnótum og vigtarvottorðum.

Á dskj. nr. 22 er vottorð, undirritað af Kristjáni Ragnarssyni f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna. Í vottorðinu segir m. a. svo:

„Varðandi afla úr netum mun sá háttur algengur, að fiskkaupendur hafa lagt skipunum til netaslöngur án endurgjalds og einnig lánað þeim án endurgjalds netaútgerð, þó þannig, að fiskseljandi hefur þurft að bæta það af netaútgerðinni, sem tapast hefur. Þá mun það einnig algengt, að fiskseljandi fái hjá fiskkaupanda netaafskurð og fellingu á netum án endurgjalds. Erfitt er að áætla nákvæmlega, hve þessi fyrirgreiðsla er mikil í hundraðshluta af aflaverðmæti, en telja má fullvíst, að meta megi hana á 5—10 hundraðshluta."

Kristján Ragnarsson hefur staðfest vottorðið hér fyrir dómi. Fram kom hjá Kristjáni, að þar sem skip stefnanda, b/v Freyja, sé togskip, sé það ekki sambærilegt við það, sem vottað er um í vottorðinu, en hliðstæða við það séu ýmsar fyrirgreislur af öðru tagi, eins og frí löndun, frír ís o. fl., sem telja megi sambærilegt við það, sem í vottorðinu segi um annað. Þetta sé algengt fyrir afla úr slíkum skipum.

Á dskj. nr. 26 er bréf til stefnanda, undirritað af Jóakim Pálssyni f. h. Miðfells h/f. Bréfið er svohljóðandi:

„Skv. fyrirspurn þinni skal upplýst, að á árunum 1973 til 1975 fékk Miðfell h/f, Hnífsdal, eigandi togarans Páls Pálssonar IS, greiddar uppbætur hjá Hraðfrystihúsinu h/f, Hnífsdal, sem nam öllum kostnaði við löndun afla skipsins. Mér er kunnugt um, að það sama hafi gilt á framangreindum tíma hjá öðrum togurum, sem gerðir voru út frá Ísafirði og víðar frá Vestfjörðum. Þess

skal getið, að á ofangreindu tímabili landaði togarinn í eitt skipti afla sínum í Reykjavík. Var afli skipsins seldur Meitlinum h/f, Þorlákshöfn, og greiddi Meitillinn h/f allan löndunarkostnað vegna þeirrar löndunar."

Jóakim Pálsson hefur komið fyrir dóm og staðfest undirskrift sína og efni bréfsins. Hann vissi ekki, hve mikill hluti af aflaverðmæti löndunarkostnaðurinn er. Fram kom hjá Jóakim, að það væru bara hluthafar í Hraðfrystihúsinu h/f, Hnífsdal, sem væru eigendur togarans Páls Pálssonar.

Á dskj. nr. 13 er vottorð, undirritað af Herði Arnþórssyni f. h. Ísbjarnarins h/f. Vottorðið er svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar vottast hér með, að Ísbjörninn h.f. greiddi engar yfirborganir á fiskkaup árið 1973—1975, aðrar en að togarar fengu frían ís og akstur eftir því sem ástæður leyfðu. Einn netabátur hefur fengið greitt jafnaðarverð fyrir netavertíð, eins og tíðkast hefur á Suðurnesjum."

Lögmaður stefnanda hefur mótmælt vottorði þessu sem röngu og villandi, en tekið það gilt sem staðfest væri.

Á dskj. nr. 15 er bréf til stefnanda, undirritað af H. Björnssyni f. h. Portlands h/f. Bréfið er svohljóðandi:

„Vísa til fyrirspurnar yðar varðandi greiðslu á ís og löndunarkostnaði á afla b/v Oturs GK 5. Frá því skipið kom í maí 1974 og á árinu 1975 greiddu þeir aðilar, sem afla skipsins keyptu og landað var hér á landi, allan löndunarkostnað og ís. Láta mun nærri að þessi kostnaður hafi numið um 10 hundraðshlutum af afla, og var miðað við þá fjárhæð, sem þannig fékkst."

Hilmar Þór Björnsson hefur hér fyrir dómi staðfest efni og undirritun bréfs þessa. Íshús Hafnarfjarðar hafi keypt afla skipsins.

Á dskj. nr. 25 er bréf til stefnanda, undirritað af Kristni Jónssyni f. h. Sjöstjörnunnar h/f. Bréfið er svohljóðandi:

„Með vísan til fyrirspurnar yðar skal upplýst, að Sjöstjarnan h.f., Y-Njarðvík, greiddi á árunum 1973—1974 yfirverð á fisk, sem fyrirtækið keypti. Hjá hinum stærri togbátum og togurum voru yfirborganirnar fólgnar í því, að skip fengu ís og löndunarkostnað greiddan. Telja má víst, að yfirborganir þessar hafi numið allt að 10 af hundraði af aflaverðmæti. Á fyrrgreindu tímabili var mjög algengt, að fiskseljendur fengu yfirborganir eins og að ofan getur."

Lögmaður stefnda hefur mótmælt vottorði þessu sem röngu og villandi, en tekið það gilt sem staðfest væri.

Á dskj. nr. 27 er svohljóðandi skeyti til framkvæmdastjóra stefnda, Árna Benediktssonar:

„Löndnnarkostnaður Guðbjarts ÍS-16 á sumarvertíð 1977 að meðaltali 2.37% aflaverðmætis Norðurtangi hf. Hans V. Haraldsson."

Á dskj. nr. 28 er svohljóðandi skeyti til lögmanns stefnda:

„Ég undirritaður Ólafur M. Ólafsson útgerðarmaður Seyðisfirði lýsi því hér með yfir að Fiskvinnslan h/f, Seyðisfirði, hefur aldrei yfirborgað keyptan afla umfram verð það sem verðlagsráð sjávarútvegsins hefur ákveðið hverju sinni. Viðskiptavinir hafa aðeins fengið ókeypis ís og beitu. Ólafur M. Ólafsson."

Lögmaður stefnanda hefur mótmælt vottorði þessu sem röngu og villandi, en tekið það gilt sem staðfest væri.

Á dskj. nr. 31 er bréf til stefnanda, undirritað af Stefáni Guðmundssyni f. h. Útgerðarfélags Skagfirðinga h/f. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Skv. fyrirspurn yðar skal upplýst, að Útgerðarfélag Skagfirðinga h.f., Sauðárkróki, sem rekið hefur skuttogara af minni gerð frá árinu 1971, hefur fengið greiddan allan ís og löndunarkostnað að ⅔ hlutum af þeim fiskkaupendum, sem afla skipsins hafa keypt. Sennilegt má telja, að þessi fyrirgreiðsla hafi numið um 8 hundraðshlutum af afla skipanna, miðað við aflaverðmæti á hverjum tíma. . . .

Afla skipanna kaupa nú þrjú frystihús, tvö á Sauðárkróki og eitt á Hofsósi."

Lögmaður stefnda hefur mótmælt bréfi þessu sem röngu, en tekið það gilt sem staðfest væri.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að uppbætur og fyrirgreiðsla, sem fiskseljendur almennt verði aðnjótandi umfram verð það, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákvarðaði á tímabilinu 1. júní 1973 til 5. apríl 1975, hafi numið 10% af aflaverðmæti samkvæmt verðlagsráðsákvörðuninni. Stefndi hafi keypt afla fyrir kr. 12.368.188 á tímabilinu 1. júní til 30. nóv. 1973, kr. 31.236.001 á tímabilinu 11. mars til 11. des. 1974 og kr. 14.400.832 á tímabilinu 14. jan. til 5. apríl 1975. Þannig nemi uppbætur til stefnanda á tímabilinu 1. júní til 30. nóv. 1973 kr. 1.236.818, 11. mars til 11. des. 1974 kr. 3.123.600 og 14. jan. til 5. apríl 1975 kr. 1.440.083, eða samtals kr. 5.800.501.

Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 4.664.451 með vísan til dskj. nr. 30.

Stefnandi byggir kröfur sínar á samningnum á dskj. nr. 3, en hann er svohljóðandi:

„Hraðfrystihús S.Í.S., Kirkjusandi, Reykjavík, og Gunnar I. Hafsteinsson, Meistaravöllum 35, Reykjavík, gera með sér svofelldan

Samning:

Hraðfrystihús S.Í.S. Kirkjusandi lánar Gunnari I. Hafsteinssyni kr. 2.000.000.00 — tvær milljónir króna 00/100 — til kaupa á togskipinu „Ben Arthur". Gunnar I. Hafsteinsson skuldbindur sig til að gefa út skuldabréf með veði í nefndu togskipi og vátryggingarfé hans til tryggingar skuld þessari.

Gunnar I. Hafsteinsson skuldbindur sig til þess að landa öllum þeim afla, sem togarinn landar hérlendis hjá Hraðfrystihúsi S.Í.S., Kirkjusandi, eða samkvæmt ráðstöfun þess, unz skuldin er að fullu greidd. Gunnar I. Hafsteinsson skuldbindur sig til þess, að skipið landi hérlendis minnst átta mánuði á hverju ári (fimm og hálfan mánuð á þessu ári). Landi skipið yfir lengri tíma eitt ár, kemur það ekki til frádráttar á öðru ári. Hraðfrystihús S.Í.S., Kirkjusandi, skuldbindur sig til þess að greiða afla skipsins samkvæmt verðákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins og samkvæmt mati Ferskfiskmats ríkisins. Þó skal Gunnar I. Hafsteinsson aldrei fá lægra verð en almennt gerist né lakari fyrirgreiðslu, og skulu aðilar koma sér saman um það hverju sinni."

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að samningurinn á dskj. nr. 3 væri grundvöllur málsins. Ágreiningsefni málsaðilja sé, hvernig beri að túlka niðurlag samningsins, þ. e. setninguna: „Þó skal Gunnar I. Hafsteinsson aldrei fá lægra verð en almennt gerist né lakari fyrirgreiðslu, og skulu aðilar koma sér saman um það hverju sinni." Þetta ákvæði beri að túlka þannig, að hér sé við það átt, hvort stefnandi hafi annars staðar getað fengið það verð, sem hann krefji um í þessu máli.

Í samningnum sé fjallað um afla úr ákveðnu skipi, afla sem ákveðinn skipstjóri aflar. Stefnandi og Árni Benediktsson hafi vitað, um hvað þeir voru að semja, og Árni hafi vitað, að réttlætanlegt var að semja um yfirverð. Þess vegna eigi að miða við það verð, sem stefnandi hafi getað fengið fyrir afla úr m/s Freyju. En sannað sé, að stefnandi hafi getað fengið það verð, sem hann krefji stefnda um. Sannað sé, að algengast sé, að yfirborganir eigi sér stað. Það sé svo algengt, að því megi jafna við venju, þannig

að ekki sé nauðsynlegt að hafa skilning stefnanda á niðurlagsákvæði dskj. nr. 3 til þess að fallast á kröfu stefnanda.

Tölur stefnanda um uppskipað aflamagn séu ekki vefengdar. Á dskj. nr. 16—21 komi fram, að greiddar hafi verið 10% yfirborganir. Sama komi fram á dskj. nr. 14 og 15. Raunverulegur löndunarkostnaður stefnanda vegna löndunar til stefnda hafi á þeim tíma, sem mál þetta snúist um, verið kr. 4.002.200, sbr. dskj. nr. 32 og 34. Stefnandi krefji um það verð, sem hann hafi getað fengið, þ. e. 10% yfirborgun á aflaverðmæti. Frá því dragi stefnandi kostnað við ís, en ís hafi hann fengið hjá stefnda allan samningstímann. Strax eftir að stefnandi hætti viðskiptum sínum við stefnda, hafi hann fengið þau kjör og það verð alls staðar, sem hann krefji stefnda um.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi að öllu leyti staðið við samninginn á dskj. nr. 3, og er því þá um leið mótmælt, að stefnandi eigi nokkurn rétt til þeirra yfirgreiðslna, sem hann krefur.

Eins og dskj. nr. 11, 12 og 13 beri með sér, muni almennt engar yfirgreiðslur hafa átt sér stað á því tímabili, sem um ræðir, og er í því sambandi bent á, að mikill hluti þess afla, sem stefnandi seldi stefnda á umræddu tímabili, hafi verið karfi og ufsi og hafi þær fisktegundir aldrei gefið tilefni til yfirborgana. Verði að telja, að stefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir hinu gagnstæða. Á dskj. nr. 12 komi fram, að yfirborganir í Reykjavík á hráefni árið 1973 nemi ca 0,35% af verðmæti heildaraflans, og muni hér vera um að ræða yfirborganir stefnda til stefnanda fyrri hluta ársins 1973 svo og yfirborganir á sama tíma til útgerðarfyrirtækis Guðmundar Jörundssonar vegna b/v Narfa. Eftir þann tíma hafi stefndi ekkert yfirgreitt, hvorki til stefnanda né annarra aðilja, sem skipað hafi upp afla hjá honum, enda hafi enginn skilyrði fyrir því verið fyrir hendi.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að dskj. nr. 3 sé miðað við almennar yfirborganir, ekki bara yfirborganir til stefnanda. Á samningstímanum hafi alltaf verið samið fyrirfram um yfirborganir. Samið hafi verið um yfirborganir fyrri hluta árs 1973 í vertíðarbyrjun. Á því tímabili, sem hér skipti máli, hafi yfirborganir á fiski verið úr sögunni.

Stefnandi byggi á því, að ís og löndunarkostnaður nemi 10% af aflaverðmæti. Undir rekstri málsins hafi stefnanda vitrast, að hann hafi aldrei borgað fyrir ís á þessum tíma, og þá hafi hann lækkað kröfu sína um verð íssins. Eins og málið liggi fyrir, krefj-

ist stefnandi þess, að stefndi greiði 8% ofan á verðlagsráðsverð. Allur þorskur hafi verið keyptur óstærðarmetinn og stefnandi hafi fengið ókeypis ís. Á ýmsum tímum og ýmsum stöðum hafi fiskkaupendur veitt fiskseljendum ýmiss konar fyrirgreiðslu, svo sem fjármagnsfyrirgreiðslu, ókeypis ís og löndunarkostnað. Netabátum hafi t. d. verið látið í té netaslöngur, netateinar og fiskur keyptur á jafnaðarverði. Til sé, að engin fyrirgreiðsla sé veitt og greiddar uppbætur í árslok og fari það eftir afkomu fiskverkanda. Til sé líka, að engin fyrirgreiðsla og engar yfirborganir séu greiddar. En það, að veita fiskseljanda fjármagnsfyrirgreiðslu, ókeypis ís og uppskipunarkostnað, hafi ekki verið algengt. Stefnandi hafi fengið meira en honum bar.

Varðandi varakröfu stefnda var því haldið fram, að ef stefnandi eigi rétt á einhverju, þá verði að miða við raunverulegan löndunarkostnað, en það sé af og frá, að löndunarkostnaður geti numið 8% af aflaverðmæti.

IV.

Álit dómsins.

Fram er komið, að stefndi yfirtók réttindi og skyldur Hraðfrystihúss SÍS, Kirkjusandi. Hraðfrystihús SÍS, Kirkjusandi, og síðar stefndi greiddu stefnanda uppbætur á fikverð Verðlagsráðs sjávarútvegsins frá upphafi samningstíma málsaðilja, þ. e. frá 16. maí 1971 til 1. júní 1973. Um uppbætur fyrir tímabilið 1. jan. 1973 til 1. júní 1973 mun hafa verið samið í febrúar eða mars 1973.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að neinar sérstakar breytingar hafi átt sér stað í sambandi við greiðslur fiskkaupenda til fiskseljenda á miðju ári 1973 og fram til 5. apríl 1975 eða til júlíloka 1975 frá því, sem var á tímabilinu 16. apríl 1971 til 1. júní 1973.

Samningurinn á dskj. nr. 3 ber með sér, að Hraðfrystihús SÍS, Kirkjusandi, lánar stefnanda ákveðna fjárhæð til kaupa á ákveðnu togskipi, og stefnandi skuldbindur sig til þess að landa öllum þeim afla, sem togarinn landar hérlendis, hjá Hraðfrystihúsi SÍS, Kirkjusandi, eða skv. ráðstöfun þess, uns skuldin er að fullu greidd. Þetta ákvæði um löndun úr skipinu hjá lánveitanda, en eftir því mun hafa verið farið allan samningstímann, verður að skilja sem endurgjald til stefnda fyrir fjármagnsfyrirgreiðslu. Skipið „Ben Arthur", seinna „Freyja", eign stefnanda, er 308 tonna skip og var á tíma þeim, sem hér skiptir máli, skip í sérflokki með sérstaka veiðiaðstöðu. Að áliti hinna sérfróðu með-

dómenda mátti reikna með betri afla úr því skipi en mörgum öðrum skipum. Þetta mátti fyrirsvarsmanni Hraðfrystihúss SÍS, Kirkjusandi, vera kunnugt, og þykir því verða að túlka ákvæði samningsins um, að stefnandi skuli aldrei fá lægra verð en almennt gerist né lakari fyrirgreiðslu, með hliðsjón af því, sem stefnandi gat almennt fengið fyrir afla úr þessu tiltekna skipi.

Dskj. nr. 36 gefur til kynna, að stefnandi hafi á tímabilinu 1. júní 1973 til 5. apríl 1975 fengið þá yfirborgun, sem hann krefur stefnanda um.

Dskj. nr. 16, 17, 18, 20 og 21 sína, að stefnandi hafi á tímabilinu apríl til júlí 1975 fengið meira en 10% af aflaverðmæti upp í kostnað við ís og löndun.

Tölu stefnanda um uppskipað aflamagn eru ekki vefengdar. Samkvæmt upplýsingum stefnanda eru 10% af aflaverðmæti afla þess, sem stefnandi seldi stefnda á þeim tíma, sem hér skiptir máli, kr. 5.800.501. Frá þeirri fjárhæð dregur stefnandi kr. 1.139.050 vegna kostnaðar við ís, en fram er komið, að stefnandi fékk ókeypis frá stefnda ís í skip sitt allan samningstímann. Aðiljar eru sammála um að leggja fjárhæðina kr. 1.139.050 til grundvallar kostnaði við ís til stefnanda á tíma þeim, sem hér um ræðir.

Með vísan til framanritaðs verður niðurstaða málsins sú, að dómkrafa stefnanda verður tekin til greina að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 9% ársvextir frá 31. des. 1973 til 31. des. 1974, en 13% ársvextir frá þeim degi til 21. nóv. 1977, en 16% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 740.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Jón Björnsson skipstjóri og Þorsteinn Gíslason skiptjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Kirkjusandur h/f, greiði stefnanda, Gunnari I. Hafsteinssyni, kr. 4.661.451 með 9% ársvöxtum af kr. 999.668 frá 31. des. 1973 til 31. des. 1974, en með 13% ársvöxtum af kr. 3.221.368 frá þeim degi til 5. apríl 1975, en af kr. 4.661.451 frá þeim degi til 21. nóv. 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 740.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. júní 1980.

Nr. 178/1978. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Ómari Friðleifssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

I.

Lögreglumennirnir, er handtóku ákærða 19. september 1976, Baldvin Kr. Baldvinsson lögregluvarðstjóri og Klemens Sigurgeirsson héraðslögreglumaður, komu fyrir sakadóm Þingeyjarsýslu og Húsavíkur hinn 29. maí 1979. Voru þeim kynntar lögregluskýrsla og varðstjóraskýrsla frá 19. september 1976, og skýrðu þeir frá atvikum í samræmi við skýrslurnar. Varða þær aðdraganda að því, að ákærði var handtekinn og færður til blóðtöku, og geyma varðstjórayfirheyrslu yfir honum af því tilefni. Vitnið Klemens telur vegalengdina, sem ákærði ók, áður en hann stöðvaði bifreið sína, vera „um 2 kílómetra", en vitnið Baldvin giskar á, að hún hafi verið „1.5—2 kílómetrar". Þeir skýra svo frá, að vegurinn, sem ákærði ók, hafi eingöngu verið notaður og lagður vegna virkjunar við Kröflu og hafi eigi náð lengra en upp að svonefndu „Sjálfskaparvíti". Þeir segja, að vegur þessi sé „einkavegur". Þeim ber saman um, að vegalengdin til Húsavíkur, þar sem ákærða var tekið blóð, sé um 60 km. Vitnið Baldvin kveður sig hafa „fundið áfengisþef" af ákærða, er hann tók að ræða við hann, eftir að ákærði stöðvaði bifreið sína.

Fyrir héraðsdóm var lagt fram vottorð, ódagsett, undirritað af þeim Héðni Ágústssyni og Sveinbirni Eiðssyni. Er það eigi rakið í héraðsdómi, en þar segir svo:

„Aðfaranótt hins 19/9 '76, laust upp úr miðnætti, bið ég, Héðinn Ágústsson, borstjóri á gufubor, Sveinbjörn Eiðsson, starfsmann við borinn, að skreppa niður í Kröflubúðir og finna annan hvorn jarðfræðinginn fyrir mig og biðja hann að skjótast upp á bor.

Kemur Sveinbjörn skilaboðum til Guðmundar Friðleifssonar, sem kemur skömmu síðar, en dvelur við borinn í u. þ. b. stundarfjórðung. Af gefnu tilefni viljum við taka fram, að við sáum engin merki um áfengisáhrif á Guðmundi".

Vottorðsgjafar staðfestu vottorð sitt í sakadómi Reykjavíkur hinn 5. júní 1979.

Svo sem fram kemur í vottorðinu, var ákærði, sem vann að jarðfræðistörfum á Kröflusvæðinu, kvaddur af starfsnauðsynjum upp að borholu, þar sem vitnin unnu. Vitnið Sveinbjörn kveður „það hafa verið tilviljun, að hann náði í ákærða, þar sem jarðfræðingar voru ekki á sérstökum vöktum". Vitnið Héðinn kveður sig minna, að hann hafi „beðið Sveinbjörn að skila því til jarðfræðingsins að koma strax og að þetta væri áríðandi". Vitnið segir vinnusvæðið hafa verið afgirt „og almenningi meinaður aðgangur".

II.

Með úrskurði Hæstaréttar 14. júní 1979 (dómasafn þ. á., bls. 646) var mælt fyrir um öflun nokkurra tilgreindra gagna.

Með bréfi ríkissaksóknara 26. september 1979 til prófessors, dr. med. Þorkels Jóhannessonar er þess óskað, að hann veiti f. h. Rannsóknastofu í lyfjafræði „svo ítarleg svör og upplýsingar sem kostur er við þeim spurningum, er greinir í 1.—5. tölulið, sbr. 8. tölulið . . ." framangreinds úrskurðar Hæstaréttar.

Hinn 19. október 1979 svarar prófessor Þorkell bréfi þessu.

II.1. Í 1. tölulið úrskurðarins var spurt, hvort fleiri en ein könnun á blóðsýni X5/1976, sem talið er tekið úr ákærða 19. september 1976, hafi verið framkvæmd, og ef svo sé,

hver niðurstaða einstakra kannana hafi þá orðið. Svar hans er, að fleiri en ein könnun hafi verið framkvæmd. Af fylgiskjali, sem til er vísað, má ráða, að tvær kannanir hafi átt sér stað. Sýnir önnur 0.66‰ vínandamagn, en hin síðari 0.60‰ í blóði því, sem rannsakað var. Er meðaltal fært til bókar sem 0.63‰, og er það vínandamagn lagt til grundvallar í hinum áfrýjaða dómi.

II.2. Í 2. tölulið úrskurðarins er óskað lýsingar á aðferð þeirri, sem nú er notuð við ákvörðun á vínandamagni í blóðsýni á Rannsóknastofu í lyfjafræði, og samanburðar á henni og aðferð þeirri, sem notuð var á Rannsóknastofu Jóns Steffensen, svo og hvernig mælingarskekkjur horfa við samkvæmt hvorri aðferðinni um sig, og sé þá einnig tekið tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, sbr. dómasafn Hæstaréttar 1965, bls. 933, og 1966, bls. 2. Svar prófessors Þorkels er þetta:

„Aðferð þessari hefur verið ítarlega lýst í ritgerð: Ákvarðanir á alkóhóli (etanóli) í blóði eftir Jóhannes Skaftason og Þorkel Jóhannesson (Tímarit lögfræðinga 1975, 25, 5—17) . . . Aðferð þessi er að stofni til eins og gasgreiningaraðferð sú, sem notuð er í Statens retstoksikologiske institutt í Oslo. Aðferð þessi hefur í Rannsóknastofu í lyfjafræði ekki verið borin saman við aðferð Widmarks, sem notuð var í Rannsóknastofu Jóns Steffensens. Hún var hinsvegar með góðum árangri borin saman við ADH-aðferð þá, er áður var notuð í Rannsóknastofunni við ákvarðanir á alkóhóli í líksýnum. Um samanburð á aðferð Widmarks og gasgreiningu eru nákvæmar heimildir fáskrúðugar . . .“ Í þessu sambandi vísar prófessorinn til bréfs frá norsku rannsóknastofnuninni frá 15. október 1979, en þar segir, að eigi hafi verið framkvæmdur slíkur samanburður á þessum aðferðum, að unnt sé að leggja hann fram. Fyrst hafi verið horfið frá Widmarks aðferð og tekin upp ADH-aðferð og síðar svo gasgreiningaraðferð. Hafi yngri aðferð í báðum tilvikum verið í fyrstu notuð til samanburðar við hina eldri og nýrri aðferð ekki tekin upp, fyrr en sýnt hafi verið með samanburðarkönnunum, að hún væri tryggileg.

II.3. Í 3. tölulið úrskurðar Hæstaréttar er spurt um það, hve mörg ‰ vínanda í blóði manns þurfi „að draga frá því vínandamagni, sem rannsókn leiði í ljós, til þess að örugglega sé fundið það vínandamagn, sem stafar af áfengisneyslu, og sé þá m. a. tekið tillit til venjulegrar mælingarskekkju?“

Svar prófessors Þorkels er þetta:

„Í 3.—6. línu í ágripi ritgerðar þeirra Jóhannesar Skaftasonar og Þorkels Jóhannessonar (þ. e. í Tímariti lögfræðinga 1975, sbr. áður) segir: „Kostir þessarar aðferðar er mikið næmi (allt að 30 nanóg af etanóli) og mikil hæfni til sundurgreiningar á náskyldum efnum og enn fremur, að önnur efni trufla ekki ákvarðanir á etanóli með aðferð þessari“. Samkvæmt þessu er frádráttur, sem í töluliðnum ræðir, óþarfur. Um mælingarskekkju, sbr. 5. tölulið á eftir“.

II.4. Í 4. tölulið úrskurðar Hæstaréttar er sett fram þessi spurning: „Ef viss ‰ þarf að draga frá vínandamagni samkvæmt 3. spurningu, á þá að draga frá meðaltali rannsóknarúrlausna eða lægstu ‰, sem fundist hefur við rannsóknina, til þess að örugg úrlausn fáist?“

Svar prófessors Þorkels er þetta: „Ef um frádrátt er að ræða, sbr. 3. tölulið á undan, hlýtur að vera dregið frá meðaltalsgildi.“

II.5. Í 5. tölulið í framangreindum úrskurði segir svo: „Vínandamagn í blóðsýni X5/1976 er talið 0.63‰. Hve mörg ‰ vínandamagns voru örugglega í blóði ákærða, þegar tekið er tillit til allra atriða, sem til greina koma ákærða í hag?“

Svar prófessors Þorkels er þetta:

„Í 6.—9. línu í ágripi ritgerðar þeirra Jóhannesar Skaftasonar og Þorkels Jóhannessonar (sbr. áður) segir . . .: „Ef þéttni alkóhóls (etanóls) í blóði er meiri en 1‰, eru vikmörk frá miðtölugildi mest 10%. Ef þéttni alkóhóls í blóði er 1‰ eða minni, er venja að telja vikmörk frá miðtölugildi 0,10‰.“ Hér skal enn fremur vísað til niðurlags kaflans um aðferðarlýsingu í áðurnefndri ritgerð. Samkvæmt þessu eru vikmörk frá 0,63‰ ± 0,10‰ og væri þá ákærða fremur í hag að reikna 0,63‰ ÷ 0,10‰ = 0,53‰ en 0,63‰ + 0,10‰ = 0,73‰.“

II.6. Í 8. tölulið úrskurðar Hæstaréttar er óskað, að greint

sé „annað það, er könnun á þeim efnum, sem að framan greinir, gefur tilefni til". Í svari prófessors Þorkels vegna þessa töluliðs vísar hann til tveggja fylgiskjala, er Jóhannes Skaftason lyfjafræðingur hefur undirritað og greind verða hér á eftir.

II.7. Í fyrra fylgiskjalinu, sem til er vitnað í framangreindu svari við 8. tölulið, segir svo:

„Meðferð blóðsýna og þvagsýna, er koma til ákvörðunar á alkóhóli í Rannsóknastofu í lyfjafræði.

Sýni koma ýmist boðsend eða með ábyrgðarpósti. Að jafnaði taka starfsmenn Rannsóknastofunnar við sýnunum. Náist ekki til starfsmanns, veitir húsvörður Háskóla Íslands sýnunum viðtöku. Mótteknum sýnum er strax komið í geymslu í kæliskáp og þau geymd, þar til þau eru tekin til rannsóknar.

Alkóhólákvarðanir fara jafnan fram tvo fyrstu virku daga hverrar viku".

II.8. Síðara fylgiskjalið er svohljóðandi:

„RANNSÓKNASTOFA Í LYFJAFRÆÐI

Framkvæmd alkóhólákvarðana í blóði og þvagi.

Sýnum þeim, er borist hafa, er raðað upp og sýni frá Reykjavík höfð fremst í númeraröð og þau tekin fyrst.

Athugað er, hvort númer á umslagi um sýni og númer á glasi sé hið sama. Athugað er, hvort beiðnir, er fylgja sýnum, séu í samræmi við merkingar á sýnaglösum.

Samanburðarlausnir (venjulega 4) eru blandaðar með þynnivökva, sem er 0,4‰ n-própanól leyst í vatni (3 þynningar af hverri.). Sýni eru blönduð með þynnivökva (3 þynningar af hverju), þynningarnar númeraðar jafnóðum og númer skráð á vinnublað. Sýnum er síðan komið til gasgreiningar, eftir að þau hafa verið látin standa í eina klst.

Fyrst eru samanburðarlausnirnar teknar og fengin gasgreinigröf af þeim og reiknilína fundin. Sýnaþynningar eru síðan teknar til gasgreiningar og fengið eitt gasgreinigraf af hverju sýni (þ. e. a. s. að fengið er graf af þriðju hverri þynningu). Skráð er á gasgreinigrafið númer viðkomandi þynningar. Samanburðarlausnir eru teknar inn á milli sýnanna og reiknilínan endurmetin (í reynd staðfest).

Síðan er farin önnur umferð með sýnaþynningar (ekki þær sömu og áður) og samanburðarlausnir og gasgreinigröf fengin. Þess er þannig gætt, að reiknilínan sé jafnan endurmetin milli þess, að tvær þynningar sama sýnis eru ákvarðaðar.

Þá eru topphæðir mældar og áfengismagn sýna reiknað út og niðurstöður færðar í dagbók alkóhólákvarðana. Sé ástæða talin til, er þriðja umferð farin.

Niðurstöðutölur ákvarðana, sem skráðar eru í dagbók alkóhólákvarðana Rannsóknastofu í lyfjafræði, eru síðan færðar inn á vottorðaeyðublöð. Útreikningar niðurstöðutalna eru síðan yfirfarnir, vinnublöð athuguð og kannað, hvort vottorð sé í samræmi við dagbók.

Vottorð eru síðan send viðkomandi embættum."

III.

Ríkissaksóknari ritaði sakadómi Reykjavíkur bréf hinn 26. september 1979 og óskaði þess, „að til úrlausnar þeirra atriða, er greinir í 6. og 7., sbr. 8. tölulið úrskurðarins (þ. e. framangreinds úrskurðar Hæstaréttar), verði dómkvaddir þrír óvilhallir og sérfróðir kunnáttumenn til þess að:

1) Gera „sérfræðilega könnun á gögnum um blóðsýni það, er tekið var úr ákærða, og úrvinnslu og mati í því sambandi."
2) Láta uppi og í té „sérfræðilega greinargerð um það, hve miklu vínandamagni ætla megi, að ákærði hafi brennt þær 100 mínútur, sem liðu frá því að hann var handtekinn kl. 01:35 19. september 1976, uns honum var tekið blóð kl. 03:15 sama dag".
3) Að í skýrslu hinna dómkvöddu manna komi fram „annað það, er könnun á þeim efnum, sem að framan greinir, gefur tilefni til"."

Hinn 24. október 1979 dómkvaddi yfirsakadómarinn í Reykjavík þessa þrjá menn „til að leysa af hendi störf þau, sem í beiðni ríkissaksóknara greinir": Davíð Davíðsson prófessor, dr. Matthías Kjeld lækni og Aðalstein Emilsson líf-

fræðing. Álitsgerð þeirra er dagsett 29. maí 1980, og er hún svohljóðandi:

„Þann 23. jan. 1980 heimsóttu undirritaðir rannsóknastofu í lyfjafræði Háskóla Íslands til að skoða starfshætti, tækjabúnað og kynna sér rannsóknaraðferð þá, er notuð hefur verið undanfarið við ákvörðun á etanoli. Aðferðinni, gasgreiningu á súlu, hafa starfsmenn rannsóknastofunnar lýst í tímaritsgrein (Skaftason, J. og Jóhannesson, Þ.: (1975) Tímarit lögfræðinga 25, 5—17) og hefur hún verið framkvæmd í samræmi við þá lýsingu.

Þann 31. jan. 1980 skoðaði A. E. nánar gögn varðandi sýni X5/1976 frá lögreglunni á Húsavík, þ. e. vinnuseðil aðstoðarmanns (fsk. 1), gasgreinigröf (fsk. 2) og dagbók alcoholákvarðana (fsk. 3). Merkingar sýnis X5/1976 á þessum vinnugögnum voru bornar saman og toppar á gasgreinigröfum þeirra tveggja mælinga, er gerðar voru á sýni X5/1976, mældir. Toppar etanolstaðla þessa dags (27. sept. 1976) voru einnig mældir. Útreikningar A. E. sýndu etanolmagn sýnis X5/1976 vera 0,65‰ (0,63‰ — 0,67‰).

Til að gera tölfræðilega könnun á mælingum, sem liggja að baki uppgefnum alkoholákvörðunum, voru teknar fyrir mælingar skráðar 29. mars 1976, 24. ágúst 1976, 28. sept. 1976 og 9. nóv. 1976, en sýni X5/1976 var fært í dagbók 28. sept. 1976. Við samanburð á 1. og 2. mælingu virtist tilviljun ráða, hvor mælingin reyndist hærri. Aftur á móti var greinilegt, að staðalfrávik mælinga, sem liggja að baki niðurstöðum, hafði tilhneigingu til að stækka með hækkandi niðurstöðu. Af þessum sökum voru reiknuð staðalfrávik fyrir 36 tvímælingar á bilinu 0,25‰ — 1,00‰, og reyndist staðalfrávik meðaltals (S. E. M.) vera 0,019‰, en 48 tvímælingar á bilinu 1,01‰ — 2,00‰ höfðu staðalfrávik meðaltals 0,039‰.

Þar sem mat á staðalfráviki byggir á takmörkuðum fjölda mælinga, voru reiknuð 99% efri vikmörk (confidence limits) fyrir staðalfrávik og þau notuð við gerð eftirfarandi töflu:

A	B	C
p<0,1%	0,58	1,36

A	B	C
p<1,0%	0,56	1,32
p<5,0%	0,54	1,28

Dálkur A gefur hámarkslíkindi á, að blóð með etanolinnihaldi minna en 0,50‰ (1,20‰) ákvarðist jafnt eða hærra en gildin í dálki B (dálki C), ef ákvarðanir byggjast á tveim mælingum. Þannig má gera ráð fyrir, að það gerist sjaldnar en í eitt skipti af 1000, að blóð með etanolinnihaldi minna en 0,50‰ ákvarðist 0,58‰ eða meira og sjaldnar en í eitt skipti af 100, að blóð með etanolinnihaldi minna en 1,20‰ ákvarðist 1,32‰ eða meira.

Þess má geta, að rannsókn á fleiri mælingum gæti hugsanlega leitt til lægri viðmiðunarmarka en þeirra, sem sýnd eru í töflunni að ofan.

2. Blóðgildi etanols ræðst af tveim þáttum aðallega, ef undan er skilið magn þess etanols, sem drukkið er, 1) frásogshraða úr maga og tæmingarhraða magans, 2) oxunarhraða í lifur.

Fyrri þátturinn er t. d. háður rúmtaki vökvans, sem drukkinn er, og íblöndunarefnum, fæðuinnihaldi magans og einstaklingsbundinni starfsemi magans. Með hliðsjón af þessum óvissuþáttum má reikna með, að etanol frásogist fullkomlega úr maga á 2—6 klst. Frásog í görn er mjög hratt og ekki háð fæðuinnihaldi í görn eða maga. Niðurbrotshraðinn (oxunarhraðinn) er stöðugur, þ. e. ekki háður þéttni etanols í blóði. Að meðaltali minnkar blóðþéttni etanols um 0,18‰ (0,10‰ — 0,25‰) á klst. í fólki, þar sem frásogi er lokið eftir drykkju (þ. e. ekkert nýtt alkoholmagn berst inn í líkamann). Mætti þannig áætla blóðþéttni á ákveðnum tímum af einni blóðmælingu. Þar sem ekki eru til upplýsingar um þyngd einstaklinga né fæðutöku með drykkju, verða reikningar þessir óáreiðanlegir. (Aðalheimild: The pharmacological Basis of Therapeutics, 1975 5th edition (eds. L. S. Goodman og A. Gilman), MacMillan Publishing Company, New York).

Í tilfelli því, sem fyrir liggur, verður ekki fullyrt um, að

frásogi hafi verið lokað, og teljum við því vafasamt að framreikna blóðþéttni etanols með framangreindum aðferðum.

3.a. Gasgreining á súlu er hentug aðferð til að þáttgreina og magngreina rokgjörn efnasambönd og er notuð víða til ákvörðunar á etanoli (Jain, N. C. og Cravey, R. H. (1972) Journal of Chromatographic Science 10, 263—267). Almennt er aðferðin fljótvirk, næm, sérhæf og nákvæmni er viðunandi. Gasgreining á súlu er því eðlilegur kostur til ákvörðunar á etanoli.

b. 4% natrium fluorið er bætt í sýnatökuglas til varnar segamyndun og vexti örvera (bæði etanolmyndandi og eyðandi). Breytingar á sýni vegna geymslu og flutninga eiga því ekki að vera sakborningi í óhag. (Brown, G. A., Neylan, D., Reynolds, W. J. og Smalldon, K. W. (1973) Analytica Chimica Acta 66, 271—283).

c. Eins og að framan getur, voru kannaðar merkingar í vinnugögnum rannsóknastofunnar, en augljóst er, að við höfum engin tök á að kanna réttmæti fyrstu merkingar við blóðtökuna né aðra meðhöndlun sýnis þá. Auðvelt virðist að skapa aukið öryggi með því að t. d. skipta blóðsýni við blóðtöku í þrjú innsigluð glös, sammerkt, eitt til alkohol-ákvörðunar sent til rannsóknastofu í lyfjafræði H. Í., eitt til varðveislu löggæslunnar og eitt til afhendingar þeim, sem blóð er tekið úr.

d. Eins og áður getur, byggir tölfræðileg könnun okkar einvörðungu á mælingum 4 daga á sama ári og lýsir eingöngu nákvæmni samtímis tvímælinga. Við getum ekkert fullyrt um sveiflur á mælingagildum, sem kunna að vera frá einu tímabili til annars."

IV.

Hinn 8. júní 1980 komu hinir dómkvöddu menn fyrir sakadóm Reykjavíkur. Endurrit úr sakadómsbók er á þessa leið, eftir að bókun lýkur um, að vitnin séu „brýnd á vitnaskyldu og ábyrgð:"

„Vitnunum er afhent til skoðunar dskj. nr. 2. Þau stað-

festa, að þau hafi samið álitsgerðina og gert það eftir bestu vitund.

Vitnin gerðu álitsgerð þá, sem þau hafa nú staðfest, samkvæmt dómkvaðningu sakadóms Reykjavíkur. Beðið var um úrlausnir vitnanna á 6. og 7., sbr. 8. tl. úrskurðar Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 178/1978. Því reyndist nauðsynlegt að gera tölfræðilega könnun á mælingum þess dags, er sýni X5/1976 var efnagreint, og til samanburðar tölfræðilega könnun á þremur öðrum dögum á mismunandi árstíma.

Dómarinn telur rétt að leggja spurningar fyrir vitnin. Með samþykki verjanda og vararíkissaksóknara eru spurningarnar lagðar fyrir vitnin samtímis.

1. spurning: Er það rétt skilið, að samkvæmt álitsgerð ykkar komi fram, að framangreind könnun mælinga hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði leiði eftirfarandi í ljós?

a) Gera má ráð fyrir, að það gerist sjaldnar en í eitt skipti af 1000, að blóð með etanolinnihaldi minna en 0,50‰ ákvarðist 0,58‰ eða meira og sjaldnar en í eitt skipti af 1000 að blóð með etanolinnihaldi minna en 1,20‰ ákvarðist 1,36‰ eða meira.

b) Gera má ráð fyrir, að það gerist sjaldnar en í eitt skipti af 100, að blóð með etanolinnihaldi minna en 0,50‰ ákvarðist 0,56‰ eða meira og sjaldnar en í eitt skipti af 100, að blóð með etanolinnihaldi minna en 1,20‰ ákvarðist 1,32‰ eða meira.

c) Gera má ráð fyrir, að það gerist sjaldnar en í fimm skipti af hundraði, að blóð með etanolinnihaldi minna en 0,50‰ ákvarðist 0,54‰ eða meira og sjaldnar en í fimm skipti af hundraði, að blóð með etanolinnihaldi minna en 1,20‰ ákvarðist 1,28‰ eða meira. Svar: Já.

2. spurning: Hafið þið allir séð frumgögn Rannsóknastofu í lyfjafræði varðandi sýni X5/1976?

Svar: Já.

3. spurning: Útreikningar Aðalsteins Emilssonar sýndu etanolmagn sýnis X5/1976 vera 0,65‰ (0,63‰ — 0,67‰). Gögn rannsóknastofunnar sýndu etanolmagn sama sýnis

vera 0,63‰ (0,60‰ — 0,66‰). Hver er skýringin á þessum mun?

Svar: Þessi mismunur rúmast innan skekkjumarka aðferðar þeirrar, sem notuð er við etanolákvörðunina.

Samkvæmt ósk vararikissaksóknara eru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir vitnin:

1. Þarf til viðbótar þeim vikmörkum, sem í álitsgerð ykkar getur, þegar viðhöfð er sú aðferð til alkoholákvörðunar, er hér um ræðir, að taka tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, er numið geta 0,03‰, sbr. úrskurð Læknaráðs nr. 6/1960?

Svar: Nei.

2. Ber að miða þau vikmörk, er í álitsgerð ykkar getur, frá meðaltali rannsóknanna eða lægstu ‰, sem fundist hafa við rannsóknina, til þess að „örugg" úrlausn fáist?

Svar: Miða ber við meðaltal.

Samkvæmt ósk verjanda eru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir vitnin:

1. Er ekki hæpið að miða við meðaltalstölu, þegar aðeins tvær athuganir eru gerðar?

Svar: Nei.

2. Er ekki meira öryggi að viðhafðar séu fjórar rannsóknir í stað tveggja, þegar mörkin eru jafnlítil og hér um ræðir?

Svar: Álitsgerð okkar byggist á því, að gerðar séu tvímælingar og vikmörk reiknuð samkvæmt því. Vikmörk þrengjast, ef fleiri mælingar eru gerðar.

3. Eru ekki jafnmiklar líkur til þess, að 0,60‰ hefðu komið upp tvisvar í rannsókn eins og einu sinni?

Dómarinn telur ekki ástæðu til að leggja þessa spurningu fyrir vitnin.

4. Byggðust kannanir ykkar, sem hér um ræðir, á frumgögnum?

Svar: Já, það á bæði við um sýni X5/1976 og etanolstaðla þess dags.

5. Geta matsmenn gefið upp í millimetrum eða broti úr

millimeter langdarmismun á „toppum“ 0,62‰ áfengismagns og 0,63‰ áfengismagns?

Dómarinn telur ekki ástæðu til að leggja þessa spurningu fyrir vitnin“.

V.

Hinn 9. júní 1980 kom dr. Þorkell Jóhannesson prófessor fyrir sakadóm Reykjavíkur. Er efni skýrslu hans svohljóðandi:

„Vitninu er nú afhent skjal þingmerkt nr. 2 (bréf vitnisins til ríkissaksóknara 19. október 1979). Vitnið staðfestir, að það hafi samið skjalið og gert það eftir bestu vitund.

Dómarinn óskar að taka fram, að hann kom ljósriti af dskj. nr. 3 (álitsgerð dómkvaddra manna, sbr. III að framan) á heimili vitnisins s.l. laugardag.

Vitnið óskar að gera eftirfarandi athugasemd varðandi dskj. nr. 3:

„Ég gagnrýni þá aðferð, sem þremenningarnir viðhafa á mati vikmarka frá alkóhólþéttni 1,20‰, og áskil mér eða samstarfsmanni mínum Jóhannesi Skaftasyni lektor, sem er forstöðumaður alkóhóldeildar Rannsóknastofu í lyfjafræði, að gera ríkissaksóknara skriflega grein fyrir athugasemdum mínum að þessu lútandi“.

Spurning dómarans: Hefur vitnið nokkuð að athuga við álit þremenninganna á vikmörkum varðandi neðri alkóhólmörk (0,50‰)?

Svar: Að svo komnu máli, nei.

2. spurning: Þarf til viðbótar þeim vikmörkum, sem í bréfi yðar getur, þegar viðhöfð er sú aðferð til alkóhólákvörðunar, er hér um ræðir, að taka tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, er numið geta 0,03‰, sbr. úrskurð Læknaráðs nr. 6/1960?

Svar: Nei, og vísar vitnið til 3. tl. í bréfi þess frá 19/10 1979.

3. spurning: Er enn til staðar hugsanleg mælingarskekkja vegna storkumyndunar í blóðsýnum, sbr. bréf rannsóknastofunnar, dags. 28. nóvember 1972, á bls. 13—18 í ágripi I?

Svar: Vitnið telur, að þessi hætta sé ekki lengur til staðar.

4. spurning: Telur vitnið ekki til bóta, að tekin séu fleiri blóðsýni en eitt úr fólki, sem grunað er um ölvun við akstur, í því skyni að tryggja frekara öryggi?

Svar: Jú, ég tel það mjög til bóta, og ennfremur tel ég, að í sumum tilvikum sé mjög æskilegt að taka einnig þvagsýni. Það á einkum við, ef mæling á alkóhóli í útöndunarlofti er nærri 0,50‰ mörkunum eða ætla megi, að hlutaðeigandi hafi viljað villa um drykkju sína.

Spurning verjanda: Telst það ekki til aukins öryggis, þegar mæling reynist nærri mörkum 0,62‰ og 0,63‰, að gerðar séu fleiri en tvær mælingar?

Svar: Segja má, að því meiri munur, sem er á niðurstöðutölum samstæðra mælinga á alkóhólmagni á sama sýni, því fleiri mælinga sé þörf.

Spurning verjanda: Telst mismunur 0,60‰ mælinga og 0,66‰ samstæðra mælinga mikill?

Svar: Ég vísa til svars við síðustu spurningu, en bendi jafnframt á, að einstök mælingagildi tveggja samhliða mælinga í því tilviki, sem um er spurt, er þannig farið, að réttlætanlegt gæti verið, að samhliða mælingar hefðu verið fleiri en tvær.

Spurning dómara: Útreikningar Aðalsteins Emilssonar sýndu etanolmagn sýnis X5/1976 vera 0,65‰ (0,63‰ — 0,67‰). Gögn rannsóknastofunnar sýndu etanolmagn sama sýnis vera 0,63‰ (0,60‰ — 0,66‰). Hver er skýringin á þessum mun?

Svar: a) Mismunur þessi rúmast innan skekkjumarka aðferðarinnar. b) Gildið 0,65‰ er fundið með reikniaðferð, sem ekki var tiltæk haustið 1976. Starfsmenn rannsóknastofunnar hafa með þessari nýju reikniaðferð fundið gildið 0,65‰ eins og Aðalsteinn Emilsson."

VI.

Í framburði dr. Þorkels Jóhannessonar í sakadómi Reykjavíkur 9. júní 1980, sbr. V. hér að framan, getur hann þess, að vænta megi skriflegra athugasemda sinna eða samstarfs-

manns síns, Jóhannesar Skaftasonar lektors, um aðferð þá, er hinir dómkvöddu matsmenn „viðhafa á mati vikmarka frá alkóhólþéttni 1,20‰“. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf 10. júní 1980, undirritað af Jóhannesi Skaftasyni, er að þessu lýtur, og segir svo í því:

„Þorkell Jóhannesson prófessor fól undirrituðum Jóhannesi F. Skaftasyni, deildarstjóra alkóhóldeildar Rannsóknastofu í lyfjafræði, að rita umsögn um þann þátt álitsgerðarinnar, er snertir tölfræðilega könnun á mælingum og útreikning vikmarka, og fer hún hér á eftir:

Í álitsgerðinni er beitt velþekktri aðferð, sem gjarnan er notuð við mat á niðurstöðutölum rannsókna, en eins og segir í álitsgerðinni: „Aftur á móti var greinilegt, að staðalfrávik mælinga, sem liggja að baki niðurstöðum, hafði tilhneigingu til að stækka með hækkandi niðurstöðu“. Þetta er vel þekkt staðreynd um niðurstöðu mælinga með gasgreiningu, og af þeim sökum er aðferð sú, sem getur í álitsgerðinni, einungis notuð með sérstakri varúð, þegar henni er beitt á niðurstöðutölur gasgreiningar, en yfirleitt er reiknað með hlutfallslegu staðalfráviki (relative standard deviation eða coefficient of variation), og er það sú aðferð, er við viljum mæla með.

Sé aðferð sú notuð, er um getur í álitsgerðinni, þarf að gæta þess að velja tvímælingar á bili umhverfis hvort markgildi (0,50‰ og 1,20‰), þannig að markgildið verði í þungamiðju bilsins. Ennfremur að bilið sé það þröngt, að reiknað staðalfrávik meðaltals tvímælinganna verði talið fullnægjandi sem staðalfrávik markgildisins.

Skoðun okkar er, að markgildin séu of fjarri miðju bila þeirra, er valin voru í álitsgerðinni (fyrir 0,50‰ var bilið 0,25‰ — 1,00‰, og fyrir 1,20‰ var bilið 1,01‰ — 2,00‰) og bilin of stór (meira en tvöföldun á staðalfráviki frá fyrra bili til hins síðara), til að staðalfrávik meðaltalanna, sem reiknuð voru, verði talin fullnægjandi sem staðalfrávik markgildanna.

Á grundvelli þeirra upplýsinga, er fram koma í álitsgerðinni, gerum við því eftirfarandi athugasemd:

Með tilliti til lagalegs mikilvægis markgildanna 0,50‰ og 1,20‰ teljum við, að ekki hafi verið beitt nógu nákvæmri aðferð við staðtölulega útreikninga og ákvörðun vikmarka."

VII.

Samkvæmt sérfræðigögnum þeim, sem fyrir liggja, þykir vera komin fram lögfull sönnun fyrir því, að áfengismagn í blóði ákærða hinn 19. september 1976 hafi farið fram yfir lágmark það, sem um getur í 3. málsgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Samkvæmt sakargögnum er sannað, að ákærði ók bifreið í þetta skipti. Ákærði hefur því gerst sekur um háttsemi, er varðar við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Ber að ákvarða refsingu ákærða samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr. og 45. gr. laga nr. 82/1969, en 5. gr. laga nr. 52/1978 verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða er ítrekað, sbr. dómsátt 23. október 1974. Í henni er greint, að nefnd ákvörðun hafi ítrekunaráhrif, sbr. 112. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 23/1976, 1. gr. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, og með vísan til þess þykir mega láta sitja við refsiákvörðun héraðsdómara, þó svo, að vararefsing verði 7 daga varðhald, ef sektin verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda hans, 250.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vararefsing verði 7 daga varðhald, ef sektin verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Guðmundur Ómar Friðleifsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun verj-

anda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 22. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 73/1978: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Ómari Friðleifssyni, sem tekið var til dóms 20. f. m.

1. Málið var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 16. nóvember sl., gegn ákærða, Guðmundi Ómari Friðleifssyni jarðfræðingi, Kleifarvegi 8, Reykjavík, fæddum þar í borg 12. júní 1950, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 19. september 1976 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 3828 frá Kröflubúðum að gufubor í Leirbotnum við Kröflu og áleiðis til baka, en á þeirri leið hafði lögreglan afskipti af honum.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarllaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

2. Í skýrslu lögreglunnar á Húsavík, undirritaðri af Baldvin K. Baldvinssyni varðstjóra, segir, að sunnudaginn 19. september 1976 hafi hann ásamt héraðslögreglumanni nr. 11 verið við löggæslu við Kröflubúðir. Klukkan 0135 voru löggæslumennirnir staddir við „Sjálfskaparvíti“ og veittu þá athygli bifreið, sem ekið var upp á hæðina skammt fyrir neðan þá og stöðvuð við vegarbrún. Skýrslugjafinn ók að bifreiðinni, þar sem hann hélt, að hinn ökumaðurinn vildi ræða við sig, enda hafði hann farið út úr sinni bifreið. Reyndist ákærði vera þarna á ferð, og þar sem áfengisþefur var af honum, var hann látinn blása í áfengisskynjara, sem sýndi 3. stig. Ákærði var því fluttur til blóðtöku á Húsavík. Samkvæmt vottorði Guðmundar Óskarssonar læknis var ákærða tekið blóð kl. 0315, eða 100 mínútum eftir að lögreglan hóf afskipti af honum.

Ofangreindur varðstjóri tók einnig af ákærða venjulega skýrslu varðstjóra um meinta ölvun við akstur. Hófst yfirheyrslan kl. 0135. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreiðinni A 3828 úr „Kröflu-

búðum“ að gufubor í Leirbotnum við Kröflu og hafa lagt af stað skömmu áður. Aðspurður um áfengisneyslu kvaðst hann hafa drukkið „sirka einn einfaldan sjúss af ísbrjót í búðunum kl. um 0030“. Ekki kvaðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Í þeim hluta skýrslunnar, sem fjallar um „Útlit og önnur einkenni“, segir, að nokkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða. Framburður hans var greinargóður, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt, andlit þrútið og augu *„Dauf, Rauð“*.

7. september sl. gaf ákærði skýrslu um málavexti í dóminum. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði aðfaranótt 19. september 1976 ekið bifreiðinni A 3828 frá Kröflubúðum að gufubor í Leirbotnum við Kröflu. Ákærði var að aka sömu leið til baka og var staddur nálægt borholu, sem kallast „Sjálfskaparvíti“, þegar hann mætti annarri bifreið. Að sögn ákærða var vegaslóðinn þarna mjög þröngur. Þess vegna stöðvaði ákærði sína bifreið og beið eftir hinni, sem í voru lögreglumenn. Þeir stöðvuðu hjá bifreið ákærða og höfðu tal af honum. Í framhaldi af því var ákærði sakaður um áfengis- og umferðarlagabrot. „Kl. 2300 og 2400“ drakk ákærði úr einu glasi af áfengi, sem í var „ca einfaldur sjúss af ísbrjót“. Ákærði kvaðst hafa verið genginn til náða, þegar hann var kalllaður til vinnu. Ekki kvaðst ákærði hafa fundið til nokkurra áfengisáhrifa við aksturinn.

Magn alkóhóls í blóðsýni því, sem ákærða var tekið, reyndist samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsettu 29. september 1976, 0.63‰.

3. Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 9. nóvember sl., hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér greinir:

1974 23/10 Hafnarfirði: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 23/10 1973.

4. Af hálfu verjanda ákærða, dr. juris Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, hefur því verið haldið fram, að þær mælingaraðferðir, sem tíðkast hafa hér undanfarin ár, séu eigi lögmætar og öruggar. Er því til að svara, að 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 (upphaflega sama grein umferðarlaga nr. 26/1958) lögleiðir enga sérstaka mælingaraðferð við ákvörðun á alkóhólmagni í blóði ökumanns, sem grunaður er um akstur undir áhrifum áfengis. Þar af leiðir, að dómurinn verður að líta svo á, að gert sé ráð fyrir, að þær mælingaraðferðir, sem viðurkenndar og notaðar eru af sérfræðingum hlutaðeigandi stofnana hverju

sinni, séu samræmanlegar ákvæðinu. Fyrst eftir lögleiðslu ákvæðisins var notuð svokölluð krómsýruaðferð, en sú aðferð var lögð niður 1. september 1972, er Rannsóknastofa próf. Jóns Steffensen hætti alkóhólmælingum og við þeim tók Rannsóknastofa í lyfjafræði við Háskóla Íslands, sem notar við alkóhólákvarðanir gasgreiningu á súlu. Eftir þann tíma hefur dómurinn byggt á hinni nýju aðferð og aðrir dómstólar í ríkinu. Því verður dómurinn að hafna því, að núgildandi mælingaraðferð sé ekki í samræmi við 25. gr. umferðarlaga.

4. Með játningu ákærða á áfengisneyslu, alkóhólgreiningu í blóði og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru greinir, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Ákærði hefur því unnið til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. 2. gr. og 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 101/1976, og telst hún hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð kr. 120.000 til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga, sbr. 53. gr. og 54. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976.

Við ákvörðun refsingar er tekið tillit til dómssáttar frá 23. október 1974 og 71. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. laga nr. 82/1969 skal ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá 16. júní 1977 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Að lokum ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 að dæma ákærða til greiðslu á sakarkostnaði málsins, m. a. á þóknun skipaðs verjanda, dr. juris Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ómar Friðleifsson, greiði sekt að fjárhæð kr. 120.000 til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 15 daga.

Ákærði sæti ökuréttindasviptingu ævilangt frá 16. júní 1977 að telja.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. þóknun skipaðs verjanda, dr. juris Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 50.000.

Föstudaginn 20. júní 1980.

Nr. 18/1980. **Þorvarður Guðmundsson**
(Sigurður Helgason hrl.)
gegn
Bátaverkstæði Gunnlaugs og Trausta s/f
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Samningar. Skuldamál. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Bjarni Jóhannesson og Bjarni Baldvinsson, fyrrverandi skipstjórar, hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

I.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 22. júní 1977. Málið var fellt niður fyrir Hæstarétti 11. febrúar 1980, en áfrýjandi áfrýjaði því að nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 25. febrúar 1980. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti, en að málskostnaður í héraði verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér dómvexti af dæmdri fjárhæð frá 1. júní 1979 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa áfrýjandi og Gunnlaugur Traustason komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslur. Þá hafa verið lögð fyrir Hæstarétt ýmis ný gögn.

Fullnægt er skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til að áfrýj-

andi megi bera fram nýjar kröfur og málsástæður fyrir Hæstarétti.

II.

Með samningi 28. maí 1973 tók stefndi að sér að smíða fiskibát fyrir áfrýjanda, og skyldi hann afhentur fullbúinn með haffærisskírteini. Umsamið verð fyrir bátinn með vél og öllum búnaði var 23.000.000 krónur, miðað við verðlag 15. maí 1973, en fyrirvari var gerður um verðhækkun í samræmi við hækkun kostnaðar, sem yrði á smíðatíma bátsins. Tilteknir hlutir úr vélbátnum Skálanesi, ÞH 190, skyldu notaðir í hinn nýja bát og reiknast sem framlag áfrýjanda upp í kaupverðið. Með samningi aðilja í nóvember 1974 voru gerðar breytingar á fyrri samningi, einkum varðandi vélar og tæki, og hækkaði þá umsamið verð um 4.834.414 krónur.

Hinn 23. júlí 1975 afsalaði áfrýjandi Ástvaldi Péturssyni í Stykkishólmi smíðasamningnum um vélbátinn. Verð er ekki tilgreint í afsali þessu, en sagt, að það sé háð endanlegu uppgjörsverði frá stefnda. Með símskeyti 29. júlí s. á. óskaði áfrýjandi þess, að stefndi gæfi út skipasmíðaskírteini fyrir vélbátinn á nafn Ástvalds Péturssonar. Gerði stefndi það, og er skírteinið dagsett sama dag. Þann dag afhenti stefndi Ástvaldi bátinn, sem var 35.51 rúmlest brúttó og hlaut nafnið Vinur, SH 140.

Meðal gagna máls er handskrifað yfirlit um verð vélbátsins, sem nefnt er „Nýsmíð B-9. Bráðabirgðayfirlit pr. 31/7 1975". Niðurstöðutala þessa yfirlits er 54.290.654 krónur. Á yfirlitinu eru samningsbundnar hækkanir á vinnulaunum, tækjum, aðalvél, efni og búnaði á smíðatímanum taldar nema alls 20.176.736 krónum. Einnig er meðal gagna máls handskrifað yfirlit yfir verð á tækjum og hlutum úr v/b Skálanesi, sem áfrýjandi lagði til smíðinnar, að fjárhæð 7.361.202 krónur. Fram er komið, að Sigurður Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi í Reykjavík, hefur gert yfirlit þessi. Í yfirlýsingu, sem hann hefur ritað, segir, að hinn 9. september 1975 hafi tveir aðiljar frá stefnda og áfrýjandi hist á skrifstofu hans. Hafi þar verið rætt um kostnaðarverð v/b Vinar

og greiðslur fyrir hluti þá úr v/b Skálanesi, sem áfrýjandi lagði til smíðinnar. Hafi náðst samkomulag um alla liði. M. a. hafi verið rætt um þá hluta af kostnaðarverði bátsins, sem stöfuðu af verðhækkunum á smíðatímanum.

Endanlegt verð á hlutum og búnaði úr v/b Skálanesi var samkvæmt reikningi 9. september 1974, undirrituðum af áfrýjanda, 8.361.202 krónur. Stafar hækkunin af því, að einn liður, stýrishús, hafði verið hækkaður um 1.000.000 krónur frá því, sem var á handskrifaða yfirlitinu, eða úr 495.000 krónum í 1.495.000 krónur.

Samkvæmt reikningi stefnda, dagsettum 17. september 1975, er verð bátsins talið 54.030.887 krónur. Á reikningi þessum nema samningsbundnar hækkanir á vinnulaunum, aðalvél, tækjum, efni og búnaði vegna stýrishúss o. fl. 21.981.777 krónum. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að reikningurinn sé saminn eftir fundinn 9. september í samræmi við samkomulag aðilja þar. Við þessa fjárhæð bættust tveir óumdeildir reikningar, samtals að fjárhæð 2.598.003 krónur, svo og greiðslur, er stefndi hafði innt af höndum til áfrýjanda á smíðatíma bátsins, 1.135.000 krónur. Verð bátsins var goldið með andvirði hluta þeirra úr v/b Skálanesi, sem fyrr getur, 8.361.202 krónum, reikningi frá áfrýjanda að fjárhæð 550.000 krónur og lánum úr Fiskveiðasjóði Íslands og Byggðasjóði. Samkvæmt reikningsyfirliti stefnda 10. desember 1975 nam skuld áfrýjanda hinn 31. júlí s. á. 48.852.688 krónum, og hafði þá verið tekið tillit til áðurgreindra reikninga og framlags áfrýjanda. Auk þess skuldfærði stefndi áfrýjanda fyrir vöxtum af skuld hans, eins og hún var á hverjum tíma, frá þeim degi til 31. janúar 1976, alls 2.790.395 krónum. Samkvæmt reikningsyfirliti þessu og gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, fékk stefndi tvær greiðslur úr Fiskveiðasjóði, 13.625.418 krónur 31. október 1975 og 26.648.939 krónur 5. nóvember s. á., svo og tvær greiðslur úr Byggðasjóði, 2.716.375 krónur 5. nóvember 1975 og 5.322.825 krónur 7. janúar 1976. Í janúar 1976 sendi áfrýjandi stefnda víxil að fjárhæð 1.055.000 krónur, og tók stefndi víxil þennan á nafnverði upp í skuldina miðað við 31. janúar

1976. Voru þá eftirstöðvar skuldarinnar samkvæmt reikningsgerð stefnda 2.273.526 krónur, sem var stefnukrafan í héraði.

III.

Áfrýjandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi selt Ástvaldi Péturssyni v/b Vin með samþykki stefnda. Hann kveðst hafa verið á fundinum hjá Sigurði Guðmundssyni, löggiltum endurskoðanda. Þar hafi verið lagðir fram reikningar yfir endanlegan kostnað við smíði bátsins og ákveðið endanlegt verð á hlutum þeim, er hann lagði fram til smíðinnar. Hann kveðst hafa talað við Gunnlaug Traustason í síma í nóvember 1975 og spurst fyrir um „eftirstöðvar á greiðslum frá sér". Hafi Gunnlaugur gefið sér upp 977.000 krónur, en á það kæmu vextir. Kveður hann Ástvald Pétursson hafa samþykkt víxil „fyrir þessari upphæð", sem var sendur stefnda. Áfrýjandi kvaðst ekki hafa farið fram á yfirlýsingu stefnda um, að hann yrði leystur frá skyldum sínum samkvæmt samningi sínum og ekki fengið neina slíka beina yfirlýsingu.

Gunnlaugur Traustason, annar eigenda hins stefnda fyrirtækis, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að áfrýjandi hafi beðið um leyfi til að selja Ástvaldi Péturssyni v/b Vin og hafi það verið samþykkt af stefnda. Enginn samningur hafi verið gerður milli stefnda og Ástvalds vegna kaupa þessara, og kvaðst Gunnlaugur hafa litið svo á, að áfrýjandi væri eftir sem áður viðsemjandi stefnda. Hann kvað rétt vera, að aukahlutir hefðu verið settir í bátinn að beiðni Ástvalds fyrir 614.696 krónur, en eigendur stefnda hefðu litið svo á, að Ástvaldur kæmi þar fram í umboði áfrýjanda. Gunnlaugur kvaðst hafa setið fundinn hjá Sigurði Guðmundssyni ásamt sameiganda sínum, Trausta Adamssyni, og áfrýjanda. Segir hann hlutverk fundarins hafa verið að semja um verð hluta þeirra, sem áfrýjandi lagði fram upp í kaupverð bátsins. Hann kvað engar athugasemdir um búnað bátsins hafa komið fram á fundinum. Hann kvað alla reikninga og reikningsuppgjör vegna smíði bátsins hafa verið sent áfrýjanda,

en Ástvaldur hefði hvergi komið nærri neinu uppgjöri. Hann kvað áfrýjanda aldrei hafa mótmælt endanlegri reikningsupphæð. Hann kannaðist við, að áfrýjandi hefði hringt og spurt um endanlegar eftirstöðvar verðs, en sagði, að það hefði ekki verið gefið upp, þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar um upphæð lána úr Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði. Hann neitaði því að hafa tjáð áfrýjanda, að eftirstöðvarnar væru 977.000 krónur.

IV.

Áfrýjandi styður ómerkingar- og frávísunarkröfu sína þeim rökum, að stefndi hafi lýst yfir því með skipasmíðaskírteininu, að v/b Vinur væri smíðaður fyrir Ástvald Pétursson og á hans kostnað. Hefði hann því átt að höfða mál þetta á hendur Ástvaldi eða á hendur honum og áfrýjanda, þar sem um „óskipta ábyrgð" þeirra hafi verið að ræða. Ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 standa því ekki í vegi, að efnisdómur sé kveðinn upp í málinu.

Sýknukröfu sína byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því, að hann sé ekki réttur aðili að máli þessu. Stefndi hafi samþykkt Ástvald Pétursson sem kaupanda að vélbátnum og gefið skipasmíðaskírteinið út á hans nafn. Ástvaldi hafi verið afhentur báturinn og hann hafi tekið lán í Fiskveiðasjóði Íslands og Byggðasjóði til að greiða kaupverð bátsins.

Stefndi hefur, eins og áður segir, neitað því að hafa gert nokkra samninga við Ástvald um smíði bátsins eða samþykkt hann sem skuldara í stað áfrýjanda.

Eins og áður er rakið, kom áfrýjandi fram sem viðsemjandi stefnda á fundinum hjá Sigurði Guðmundssyni endurskoðanda, og hann virðist hafa talið sig ábyrgan fyrir greiðslu eftirstöðva smíðaverðsins, er hann spurðist fyrir um það í nóvember 1975 og sendi stefnda síðan víxil sem greiðslu í janúar 1976. Áfrýjandi hefur því ekki gegn neitun stefnda sýnt fram á, að hann hafi losnað undan skuldbindingum sínum gagnvart stefnda, enda kveðst hann aldrei hafa farið fram á það. Verður því ekki á þessa málsástæðu fallist.

Í öðru lagi byggir áfrýjandi á því, að greiðsla sú, sem hann

innti af hendi með víxli í ársbyrjun 1976, hafi verið fullnaðargreiðsla á skuld sinni við stefnda. Hann hafi raunar verið búinn að borga meira en honum bar. Hækkanir, sem orðið hafi á verði bátsins, stafi eingöngu af kostnaðarliðum, sem Ástvaldur Pétursson beri ábyrgð á. Nemi liðir þessir alls 5.495.575 krónum, er sundurliðast þannig:

1. Rækjukassar, vegmælir o. fl. ..... 614.696 krónur
2. Mismunur á hækkunum samkvæmt bráðabirgðayfirliti 31/7 og reikningi frá 17. september ..... 905.041 —
3. Lántökukostnaður vegna lána úr Fiskveiðasjóði Íslands og Byggðasjóði .... 1.185.443 —
4. Vextir frá 31/7 1975 til 31/1 1976 .... 2.790.395 —

Um 1. lið.

Áfrýjandi heldur því fram, að hlutir þessir hafi verið settir í bátinn fyrir Ástvald og séu sér óviðkomandi. Af hálfu stefnda er því ekki andmælt, að Ástvaldur hafi óskað þess, að hlutir þessir yrðu settir í bátinn, en því jafnframt haldið fram, að Ástvaldur hafi óskað þess, að hlutir þessir yrðu settir í bátinn, en því jafnframt haldið fram, að Ástvaldur hafi komið þar fram í umboði áfrýjanda. Þegar litið er til þess, að hlutirnir voru settir í bátinn, meðan hann var enn í smíðum fyrir áfrýjanda, og þess, að áfrýjandi gerði ekki, svo séð verði, neina athugasemd vegna þessa kostnaðarliðar á fundinum 9. september og síðar, verður að telja, að áfrýjandi beri ekki ábyrgð á greiðslu samkvæmt þessum lið.

Um 2. lið.

Til stuðnings mótmælum sínum gegn reikningsgerð stefnda, að því er tekur til þessarar fjárhæðar, skírskotar áfrýjandi til mismunar á reikningsliðum um hækkanir vinnulauna, efnis og búnaðar o. fl. á hinu svonefnda bráðabirgðayfirliti frá fundinum 9. september 1975 og reikningsyfirliti stefnda, dags. 17. s. m. Ósannað er, að bráðabirgðayfirlitið hafi haft að geyma endanlega reikningsgerð stefnda að þessu leyti. Verða þessi mótmæli áfrýjanda því ekki tekin til greina.

Um 3. lið.

Andmæli áfrýjanda gegn þessum lið byggjast eingöngu á því, að Ástvaldur Pétursson eigi að greiða lántökukostnað, en ekki áfrýjandi. Með vísan til þess, sem áður segir um greiðsluskyldu áfrýjanda, verður ekki á andmæli hans fallist.

Um 4. lið.

Samkvæmt samningi aðilja bar áfrýjanda að greiða vexti af smíðakostnaðinum, jafnháa útlánsvöxtum banka frá þeim tíma talið, er einstakar greiðslur féllu í gjalddaga, uns greitt var. Eru aðiljar af þessu bundnir. Skírskotun samningsins til útlánsvaxta banka þykir rétt að skilja þannig, að miða eigi við víxilvexti greidda eftir á. Voru þeir 17% á ári á tímabili því, sem vaxtaútreikningur stefnda tekur til, sá sem hér er um fjallað.

Ekki er ágreiningur um, að allur smíðakostnaður var fallinn í gjalddaga í júlílok 1975, er báturinn var afhentur. Var stefnda því rétt að reikna dráttarvextina frá þeim tíma, svo sem hann hefur gert. Í reikningsgerð sinni hefur hann reiknað með 1.7% vöxtum á mánuði. Er það hærra en samningurinn heimilaði honum. Hefur hann og viðurkennt í málflutningi, að vextina hefði einungis átt að reikna 17% ársvexti, svo og að miðað við þann vaxtafót, hefðu vextir frá 31. júlí 1975 til 31. janúar 1976 verið rétt reiknaðir 2.344.247 krónur. Andmælir áfrýjandi ekki, að reikningslega sé sá útreikningur réttur.

Við það verður að miða, að innborganir á reikning áfrýjanda hjá stefnda hafi hverju sinni gengið til greiðslu þeirra vaxta, sem þá voru á fallnir, eftir því sem með þurfti. Áfrýjandi þykir þó í máli þessu mega hafa uppi andmæli gegn vaxtatöku stefnda að því leyti sem hún fór fram úr því, sem um var samið, enda er á þetta fallist af hálfu stefnda. Ber því að lækka kröfu stefnda um 446.148 krónur (2.790.395 ÷ 2.344.247 krónur) vegna hinna ofreiknuðu vaxta.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 1.827.378 krónur (2.273.526 ÷ 446.148 krónur) með vöxtum, sem samkvæmt samningi málsaðilja verða svo sem hér segir: 17% ársvextir frá 1. febrúar 1976 til 1. maí s. á., 18% ársvextir frá þeim degi til 1. ágúst 1977, 20% ársvextir

frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 23% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 26% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 28.5% ársvextir frá þeim degi til 15. júní s. á., en frá þeim degi dómvextir, þ. e. 34.5% ársvextir til 1. september s. á., 39.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjana til að greiða stefnda 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Þorvarður Guðmundsson, greiði stefnda, Bátaverkstæði Gunnlaugs og Trausta s/f, 1.827.378 krónur með 17% ársvöxtum frá 1. febrúar 1976 til 1. maí s. á., 18% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 26% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 28.5% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Akureyrar 31. mars 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Bátaverkstæði Gunnlaugs og Trausta s/f, Óseyri 18, Akureyri, höfðað með stefnu, útgefinni 22. febrúar sl., á hendur Þorvarði Guðmundssyni forstjóra, Skólastíg 32, Stykkishólmi. Var málið upphaflega þingfest í bæjarþingi Akureyrar þann 10. mars sl., og var þá sótt þing af hálfu stefnda, en málið var síðan flutt í sjó- og verslunardóm Akureyrar í samræmi við ákvæði í samningi aðilja með samkomulagi aðilja fyrir dóminum og síðan rekið fyrir þeim dómi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2.273.526 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði af þeirri upphæð frá 1. febrúar 1976 til 30. nóvember 1976 og 2½% dráttarvöxtum á mánuði af sömu upphæð frá 1. desember 1976 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómara.

Kveður stefnandi málavexti vera þá, að hann hafi með samningi, dagsettum 28. maí 1973, tekið að sér að smíða fiskibát fyrir stefnda, og skyldi báturinn afhendast fullgerður og með haffærisskírteini eigi síðar en 30. sept. 1974. Síðar hafi breytingar verið ákveðnar á tækjum og samningur þar um verið undirritaður í nóvember 1974. Afhendingartíma hafi verið breytt í samráði við stefnda. Á árinu 1975, þegar frágangi hafi verið að ljúka, muni Þorvarður hafa selt Ástvaldi Péturssyni, Stykkishólmi, nýsmíðina og farið þess jafnframt á leit, að stefnandi gæfi út afsal til Ástvalds. Hafi stefnandi gert það með staðfestu símskeyti. Endanlegt skipasmíðaskírteini hafi síðan verið gefið út til handa Ástvaldi og báturinn hlotið nafnið Vinur, SH 140, smíðanúmer 9 og skipaskrárnúmer 1438. Stefnandi hafi engan þátt átt í samningum stefnda og Ástvalds og stefndi hafi greitt stefnanda eða ávísað greiðslum úr lánasjóðum. Stefnandi hafi sent stefnda yfirlitsreikninga og samkvæmt yfirliti, dagsettu 10. des. 1975, sem stefnda hafi verið sent, hafi skuld hans numið kr. 3.328.526. Hinn 26. janúar 1976 hafi stefndi sent stefnanda víxil að fjárhæð kr. 1.055.000 upp í skuldina og hafi hann verið tekinn sem greiðsla. Eftirstöðvar hafi því verið kr. 2.273.526, sem sé stefnukrafan í máli þessu, og hafi stefndi ítrekað verið krafinn um þá greiðslu, en engin svör fengist, þrátt fyrir að stefnandi byði upp á samninga.

Er mál þetta var fyrir tekið hér í dóminum þann 24. mars sl.,

var þing ekki sótt af hálfu stefnda, og hafa engar varnir komið fram af hans hálfu. Málið var síðan skriflega flutt og tekið til dóms nú í dag, er stefnandi hafði skilað skriflegri sókn í málinu. Ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir kröfum og málsútlistun stefnanda að því marki sem samrýmanlegt er skjölum málsins.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu umrædda samninga um kaupin svo og bréfaviðskipti sín við stefnda, enn fremur reikningsyfirlit, þar sem greiðslustaða stefnda gagnvart honum kemur fram, og eru gögn þessi í samræmi við kröfugerð stefnanda. Ber því samkvæmt framansögðu að taka kröfur stefnanda til greina að fullu. Málskostnaður ákveðst kr. 180.000.

Dómsorð:

Stefndi, Þorvarður Guðmundsson, greiði stefnanda, Bátaverkstæði Gunnlaugs og Trausta s/f, kr. 2.273.526 ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 1. febrúar 1976 til 30. nóv. s. á., en 2½% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. júní 1980.

Nr. 71/1980. **Raðhús h/f**
gegn
Frosta Frostasyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. janúar 1980.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 14. maí 1980 og 23. júní s. á.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómarann að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Sauðárkróks 8. mars 1979, og stýrði Þorbjörn Árnason, fulltrúi bæjarfógeta, þá dómi. Þegar málið kom næst fyrir á bæjarþinginu 5. apríl 1979, sótti fulltrúinn þing af hálfu stefnanda í héraði. Málið var flutt munnlega um frávísunarkröfu 4. október 1979. Þorbjörn Árnason var þá dómari í málinu, og hann kvað upp hinn kærða frávísunardóm.

Þorbjörn Árnason var vanhæfur til að fara með og dæma málið, eftir að hann hafði sótt þing af hálfu aðilja 5. apríl 1979, sbr. 1. og 5. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Verður þess vegna að ómerkja meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 4. október 1979 svo og hinn kærða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Sem fyrr greinir, fór munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu fram 4. október 1979, en dómur í málinu var kveðinn upp 27. desember s. á. Þessi dráttur er andstæður 191. gr. laga nr. 85/1936.

Héraðsdómari hefur ranglega nefnt úrlausn sína í máli þessu úrskurð, þó að um dóm sé að ræða.

Óhæfilegur dráttur varð á afgreiðslu kærugagna til Hæstaréttar.

Þessir ágallar eru vítaverðir.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er ómerktur og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 4. október 1979, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Sauðárkróks 27. desember 1979.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu af Raðhúsum h/f, Sauðárkróki, á hendur Frosta Frostasyni, Frostastöðum í Akrahreppi í Skagafirði, með stefnu, útgefinni 20. febrúar 1979, til greiðslu kr. 441.324 með 3% mánaðarvöxtum frá 1. janúar 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. taxta LMFÍ. Þá er og krafist staðfestingar á 2. veðrétti í húsinu nr. 7 við Raftahlíð á Sauðárkróki til tryggingar skuldinni með vöxtum og kostnaði. Stefndi hefur krafist frávísunar málsins, þar sem kröfugerð sé ábótavant og að ekki sé réttum aðiljum stefnt í málið, til þess að hægt sé að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á 2. veðrétti í Raftahlíð 7 á Sauðárkróki, sem, eftir að stefndi hafi sjálfur gert lóðarleigusamning við Sauðárkróksbæ, hafi verið veðsettur til annarra aðilja með 2. og 3. veðrétti, en þeim aðiljum sé eigi stefnt í málið, eins og rétt hefði verið að gera. Jafnframt telur stefndi, að aðrar kröfur stefnanda, þ. e. um verðbætur og vexti, séu óeðlilegar og órökstuddar.

Munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda fór fram fimmtudaginn 4. október 1979. Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar af fjarveru dómarans vegna veikinda.

Málavextir eru þeir, að í maí 1977 gerðu Raðhús h/f, stefnandi í máli þessu, og Frosti Frostason, stefndi, með sér kaupsamning, þar sem stefnandi seldi stefnda fokhelt raðhús að Raftahlíð 7 á Sauðárkróki. Skyldi eignin afhendast fokheld um mánaðamótin október/nóvember 1977. Verðhækkanir skyldu greiðast á kaupverð eignarinnar, og skyldi miðað við hækkun á efni, vinnu og þjónustu frá kaupdegi 1. maí 1977 til afhendingardags hússins, sem var 21. nóvember 1977. Þá skyldi kaupandi greiða auk upphæða á kaupsamningi, sbr. dómskjal nr. 3, vexti á þær, frá því að byrjað var að grafa fyrir grunni hússins og til greiðsludags, og skyldu þessir vextir vera útlánsvextir banka ásamt öðrum kostnaði, er stefnandi þyrfti að greiða af jafnháum víxlum í Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki. Fram kemur, að hinn 10. apríl 1978 fékk stefnandi lokagreiðslu samkvæmt beinum ákvæðum kaupsamnings aðilja, þ. e. með 1. hluta láns frá Húsnæðismálastjórn ríkisins, og var stefndi þá búinn að greiða höfuðstól skv. kaupsamningi, þ. e. 2.940.000. Stefnandi heldur því fram, að þá hafi verið ólokið greiðslum á verðbótum, sem hann telur nema kr. 394.901 og eru sagðar miðaðar við hækkun vöru og vinnu svo

og vaxta, sem stefnandi telur nema kr. 357.973, eða samtals, að stefndi eigi ógreitt kr. 752.878 að frádregnum kr. 305.554, sem stefndi hafi greitt inn á kröfuna.

Stefndi hefur krafist frávísunar í máli þessu, þar sem það sé vanreiknað (sic) í alla staði. Ekki sé hægt að verða við kröfum stefnanda að því er varðar að viðurkenna 2. veðrétt í húsinu Raftahlíð 7, þar sem þegar séu aðrir kröfuhafar með veðkröfur sínar tryggðar á 2. og 3. veðrétti, en þeim hafi ekki verið stefnt inn í mál þetta. Þá er því haldið fram, að vaxta- og verðtryggingarkröfur séu engum rökum studdar og engin gögn lögð fram, er sanni tilurð þeirra eða kröfugrundvöll. Engin gögn hafi af hálfu stefnanda verið lögð fram, er sanni, að hann hafi orðið fyrir vaxtatjóni vegna vanefnda stefnda. Stefndi heldur því og fram, að vaxtakröfur stefnanda séu of seint fram komnar, þar sem dagsetning kröfubréfs á dskj. nr. 10 sé 17. okt. 1978, en vaxta er krafist frá 1. desember 1977. Þá heldur stefndi því fram, að húsinu hafi enn ekki verið skilað í umsömdu ástandi og séu þar verulegar vanefndir af hálfu stefnanda.

Á dskj. nr. 4 er reikningur frá stefnanda til stefnda fyrir verðhækkunum á efni og vinnu svo og vaxtaútreikningur. Reikningur þessi er ekki studdur neinum fylgiskjölum, svo sem nótum vegna efniskaupa, né heldur sundurliðun á efni, þ. e. hversu margir menn unnu við verkið og hve margar stundir. Vaxtaútreikningur er á sama skjali, og er ekki gerð grein fyrir, hvernig vextir eru reiknaðir, þ. e. hvaða prósentutala er notuð í það og það skiptið, en hún virðist ekki sú sama á öllum liðum reikningsins. Telja verður, að reikningur þessi brjóti í bága við anda laga um verðtryggingu fjárskuldbindinga nr. 77 frá 1966, sem virðast ekki gera ráð fyrir, að kröfur séu bæði verðtryggðar og einnig tryggðar með vöxtum, eins og um óverðtryggðar kröfur væri að ræða. Reikningur þessi verður því ekki óbreyttur tekinn til greina og vísast frá dóminum. Varðandi það atriði, að staðfestur verði og viðurkenndur 2. veðréttur í húsi stefnda, Raftahlíð 7 á Sauðárkróki, ber að vísa þeirri kröfu frá dómi þegar af þeirri ástæðu, að réttum aðiljum hefur ekki verið stefnt inn í málið til að þola breytingu á veðréttum þeim, er tryggja kröfur þeirra og þegar hefur verið þinglýst.

Tekinn er til greina framlagður reikningur á dskj. nr. 13 um málskostnað, og ber stefnanda að greiða stefnda þar greinda upphæð innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurðinn kvað upp Þorbjörn Árnason, fulltrúi bæjarfógeta.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi greiði stefnda kr. 210.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. júní 1980.

Nr. 90/1980. **Félag íslenskra atvinnuflugmanna**
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
f. h. Flugleiða h/f.

Kærumál. Félagsdómur. Kröfu um frávísun máls hrundið. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 6. júní 1980, sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar úrskurð Félagsdóms, uppkveðinn 5. júní 1980, þar sem kröfu sóknaraðilja um frávísun máls frá Félagsdómi var hrundið.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, eru dómkröfur varnaraðilja fyrir Félagsdómi þær, að viðurkennt verði, að honum beri ekki að greiða gjald í sjúkrasjóð samkvæmt 7.

gr. laga nr. 19/1979 vegna starfsmanna sinna, sem séu félagsmenn sóknaraðilja. Byggir hann á þeim málsástæðum, að ákvæði 7. gr. laga nr. 19/1979 taki ekki til flugmanna, og þó að svo yrði litið á, hefði varnaraðili þegar fullnægt framangreindri skyldu sinni með greiðslu þeirri, sem um ræðir í 5. tl. 14. gr. kjarasamnings aðilja frá 1. júní 1978. Málsástæður varnaraðilja fyrir Félagsdómi lúta þannig öðrum þræði að lögskýringu, þ. e. hvort félagar sóknaraðilja, sem eru flugmenn, séu verkafólk í skilningi 7. gr. laga nr. 19/1979, og hins vegar varða þær túlkun á kjarasamningi aðilja. Þegar litið er til eðlis beggja þessara málsástæðna og þess, hvernig þær eru samtengdar, þykir, eins og hér stendur á, rétt, að Félagsdómur taki sakarefni þetta til efnisúrlausnar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem greinir í dómsatkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar, byggir varnaraðili kröfugerð sína á þeim málsástæðum, 1) að ákvæði 7. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla taki ekki til flugmanna og 2) þó að svo yrði litið á, hefði varnaraðili þegar fullnægt skyldu sinni með greiðslu þeirri í félagssjóð, sem um ræðir í 5. tl. 14. gr. kjarasamnings aðilja frá 1. júní 1978.

Fallast verður á það með sóknaraðilja, að skýra beri þröngt ákvæði um valdsvið Félagsdóms í 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Uppspretta ágreinings aðilja máls þessa er ákvæði laga nr. 19/1979, en ekki kjarasamningur. Túlkun þeirra laga ber undir almenna dómstóla. Verð-

ur aðili máls ekki án beins lagaákvæðis sviptur rétti til þess, að mál þessa efnis skuli rekið fyrir almennum dómstóli, þó að sóknaraðili í héraði styðjist einnig við málsástæðu, sem 44. gr. laga nr. 80/1938 getur tekið til.

Ber því að taka til greina kröfu sóknaraðilja um, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi.

Varnaraðili, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Flugleiða h/f, greiði sóknaraðilja, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, 150.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður Félagsdóms 5. júní 1980.

Mál þetta var tekið til dóms eða úrskurðar 4. þ. m.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands vegna Flugleiða h/f.

Stefndi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að viðurkennt verði með dómi, að Flugleiðum h.f. sé ekki skylt að greiða 1% af launum félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna í þjónustu Flugleiða h.f. í sérstakan sjúkrasjóð Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Þá er þess krafist, að Félag íslenskra atvinnuflugmanna verði dæmt til að greiða Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Flugleiða h.f. málskostnað að skaðlausu að mati dómsins."

Dómkröfur stefnda eru þessar:

„a) Aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi.

b) Til vara, að varnaraðili verði sýknaður af kröfum sóknaraðila.

c) Að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað að mati dómsins."

Munnlegur málflutningur um framkomna frávísunarkröfu fór fram 4. þ. m.

Stefnandi gerir þær dómkröfur í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað.

Í stefnu kemur fram svohljóðandi lýsing málavaxta:

„Málavexti kveður stefnandi vera þá, að með lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, sem leystu af hólmi lög nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, hafi verið lögfest í 7. gr. ný ákvæði um greiðslur atvinnurekenda í sjúkrasjóði, svohljóðandi:

„Vinnuveitendur skulu greiða 1% af útborguðu kaupi verkafólks í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, nema um hærri greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum."

Eftir gildistöku laganna, sem birtust í Stjórnartíðindum 2. maí 1979 og tóku þegar gildi, hafi stefnandi af vangá talið, að 7. gr. kvæði á um afdráttarlausa og undantekningarlausa skyldu allra vinnuveitenda til að greiða 1% af útborguðu kaupi allra starfsmanna sinna í sérstakan sjúkrasjóð, svo fremi ekki ættu sér þegar stað svo háar greiðslur í sjóð með því nafni. Flugleiðir h.f. hafi því byrjað að greiða í sjúkrasjóð Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) 1% af launum flugmanna FÍA í þjónustu Flugleiða h.f. og ennfremur hafi sambærilegar greiðslur hafist í sjúkrasjóð Félags Loftleiðaflugmanna (FLF) vegna félagsmanna FLF í þjónustu Flugleiða h.f.

Á s.l. hausti, eftir að þessar greiðslur hafi verið búnar að eiga sér stað í nokkra mánuði, hafi Flugleiðir h.f. áttað sig á því, að flugmannafélögin áttu ekki rétt á þessum greiðslum. Þar hafi tvennt komið til. Í fyrsta lagi telji Flugleiðir h.f., að lög nr. 19/1979 taki ekki til flugmanna og verði krafa um greiðslur Flugleiða h.f. í sjúkrasjóð FÍA því ekki reist á 7. gr. þeirra laga. Lögin gildi fyrst og fremst um verkafólk og aðra félagsmenn Alþýðusambands Íslands, eins og heiti þeirra og forsaga þeirra og undanfara þeirra, þ. e. laga nr. 16/1958, beri glögglega með sér og nánar verði gerð grein fyrir í greinargerð, en FÍA sé ekki í Alþýðusambandi Íslands. Í öðru lagi álíti Flugleiðir h.f., að jafnvel þótt 7. gr. laga nr. 19/1979 þætti taka til félagsmanna FÍA í þjónustu Flugleiða h.f., þá fullnægi Flugleiðir h.f. þegar greiðsluskyldu sinni með samningsbundinni greiðslu 1% af laun-

um félagsmanna FÍA í þjónustu sinni í svonefndan félagssjóð FÍA, en um greiðslur Flugleiða h.f. í hann hafi verið samið í kjarasamningum aðila, sem undirritaðir hafi verið 1. júní 1978, og hafi hann verið hugsaður sem sjúkrasjóður, þótt hann fengi annað heiti.

Af þessum ástæðum hafi fyrirsvarsmönnum FÍA verið tilkynnt munnlega haustið 1979 sú niðurstaða Flugleiða h.f., að þeim bæri ekki að greiða í sjúkrasjóð FÍA, og hafi greiðslurnar síðan verið felldar niður frá og með 1. nóvember 1979. Fyrirsvarsmenn FÍA hafi mótmælt þessari ákvörðun Flugleiða h.f. Kjarasamningar Flugleiða h.f. og FÍA hafi runnið út 1. febrúar s.l. samtímis kjarasamningum Flugleiða h.f. og FLF. Hafi samningsumleitanir staðið yfir að undanförnu. Af hálfu FÍA hafi því nýlega verið lýst yfir á fundum með sáttasemjara í kjaradeilu Flugleiða h.f. og flugmanna, að FÍA muni ekki taka þátt í neinum efnislegum umræðum um nýja kjarasamninga, meðan Flugleiðir h.f. brjóta á FÍA lög og samninga með því að greiða ekki 1% af launum flugmanna í sjúkrasjóð FÍA.

Vegna ágreinings um skyldu Flugleiða h.f. til greiðslu í sjúkrasjóð FÍA og vegna þeirra áhrifa, sem þessi ágreiningur hafi haft á afstöðu FÍA til kjarasamningagerðar, eigi Flugleiðir h.f. ekki annars úrkosti en að skjóta ágreiningi þessum til úrlausnar Félagsdóms.

Dómkröfur stefnanda séu byggðar á sömu málsástæðum og lagarökum og lágu til þess, að greiðslum í sérstakan sjúkrasjóð FÍA var hætt 1. nóvember 1979."

Frávísunarkrafa stefnda er studd þeim rökum, að verkefni Félagsdóms séu skýrt mörkuð í 44. gr. laga nr. 80/1938, 1. mgr., lið 1—3, og 2. mgr. sömu greinar. Í þessu máli sé því ekki haldið fram, að brotið hafi verið gegn lögum nr. 80/1938 og því eigi 1. tl. ekki við. Ákvæðið um sjúkrasjóðsframlagið eigi ekki rætur að rekja til vinnusamnings aðilja, heldur reisir varnaraðili tilkallið til framlagsins alfarið á lögum nr. 19/1979. Það sé þannig ágreiningur um skilning á þeim lögum, en ekki á vinnusamningi aðilja og því komi 2. tl. ekki til greina. Málið verði ekki rekið fyrir Félagsdómi með heimild í 3. tl., þar eð ekki liggi fyrir neinn samningur aðilja um að leggja ágreiningsatriði þetta fyrir Félagsdóm. Ekki þurfi að ræða heimildina í 2. mgr. 44. gr. laganna. Það sé þannig auðsætt, að í lögum nr. 80/1938 sé hvergi að finna heimild fyrir Félagsdóm til að leggja efnisdóm á ágreiningsmál þetta. Spurningin sé þá, hvort slík heimild

finnist í öðrum lögum. Almenni löggjafinn hafi á stundum falið Félagsdómi að dæma í málum, sem rísa út af ágreiningi á tilteknum lögum, sbr. t. d. ákvæði 16. gr. laga nr. 87/1971 um orlof, en það ákvæði hafi ekki lengi verið við lýði, löggjafinn hafi breytt því ákvæði með lögum nr. 109/1972. Orlofsmál heyri því undir almenna dómstóla. Benda megi á ákvæði 26. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 34. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Allt séu þetta undantekningarákvæði frá þeirri almennu reglu, að borgararnir geti fengið mál sín flutt fyrir almennu dómstólunum. Félagsdómur sé eitt dómstig og því sé ekki kostur þess að láta reyna efnislega á mál fyrir Hæstarétti. Það þurfi því að vera skýr heimild, afdráttarlaus, án minnsta vafa, sem feli Félagsdómi meðferð máls. Engin ákvæði í lögum nr. 19/1979 mæli fyrir um, að Félagsdómur skuli dæma í málum, sem kunna að rísa út af ágreiningi um skilning á lögunum. Slíkt ákvæði hafi ekki heldur verið í lögum nr. 16/1958, en þau lög hafi verið forveri laga nr. 19/1979. Málaferli, sem sprottið hafi út af þeim lögum, hafi verið rekin fyrir almennum dómstólum. Það sé þannig einsýnt, að vísa beri máli þessu frá Félagsdómi, þar eð Félagsdóm bresti vald til að dæma um sakarefnið, sbr. 68. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Krafa stefnanda um að hrinda beri frávísunarkröfu stefnda er studd þeim rökum, að í máli þessu fléttist saman ágreiningur um skilning á lögum og kjarasamningi. Þegar lög nr. 80/1938 voru sett, hafi ekki verið jafnmikið fjallað um kjaramál launþega í lögum og gerist nú á tímum. Lagaákvæði séu því oft ígildi kjarasamninga. Mörk dómsvalds Félagsdóms séu ekki skýr og þegar ágreiningsefni sé eins háttað og í þessu máli, sé ekki ástæða til að skýra ákvæði um dómsvald Félagsdóms þröngt. Einnig sé á það að líta, að í dómum sínum hafi Félagsdómur beitt skýringum á öðrum en lögum nr. 80/1938. Þá beri og að líta til þess, að ágreiningsefni máls þessa hafi valdið töf á gerð kjarasamnings milli aðilja, en Félagsdómi sé ætlað að fjalla um mál, sem þurfi skjóta úrlausn, og sé ákvæði um málsmeðferð fyrir dóminum ætlað að tryggja það. Félagsdómi sé því rétt og skylt að taka mál þetta til efnismeðferðar.

Álit dómsins.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að lög nr. 19/1979 taki ekki til flugmanna og geti þeir því ekki krafið Flugleiðir h/f um 1%

gjald af launum þeirra í sjúkrasjóð. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnanda, að Flugleiðir h/f hafi þegar innt af hendi greiðslur í sjúkrasjóð með því að greiða 1% af launum flugmanna í félagssjóð þeirra samkvæmt kjarasamningi.

Að svo vöxnu máli og með vísan til nefndrar 7. gr. laga nr. 19/1979 ber að fallast á með stefnanda, að ágreiningsefni máls þessa falli undir úrskurðarvald Félagsdóms.

Rétt þykir, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Úrskurð þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Þorsteinn Thorarensen, Ragnar Ólafsson og Páll S. Pálsson.

Úrskurðarorð:

Framkomin frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Þriðjudaginn 24. júní 1980.

Nr. 23/1978. **B**
(Ólafur Axelsson hdl.)
gegn
A
(Guðmundur Markússon hdl.).

Ógildi samnings. Misneyting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1978. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og þess, að stefnda verði gert að gefa út afsal fyrir 2 herbergja íbúð í kjallara að X-vegi . . . í Reykjavík og að rýma íbúðina nú þegar. Þá krefst áfrýjandi úr hendi stefnda 300.000 króna í

húsaleigu svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og í héraðsdómi greinir, seldi stefndi áfrýjanda íbúð sína að X-vegi . . . hinn 21. september 1974. Samningur aðilja er tekinn upp í héraðsdóm. Hér fyrir dómi hefur krafa stefnda um, að samningurinn verði metinn ógildur, eingöngu verið byggð á 7. gr. laga nr. 58/1960 og 32. gr. laga nr. 7/1936.

Möt á hinni seldu íbúð, sem um getur í héraðsdómi, voru áætlanir, í því skyni gerðar að leggja verð á hana við sölutilraunir. Þegar þessa er gætt, þykir óvarlegt að gera ráð fyrir, að íbúðin hefði selst svo háu verði sem matsfjárhæðum nam. Mötin veita eigi að síður ótvíræða vísbendingu um, að áfrýjandi hafi samið við stefnda um mun lægra kaupverð en eðlilegt var. Þar sem áfrýjandi átti enn fremur að njóta greiðslukjara, sem voru öldungis óvenjuleg og miklum mun hagstæðari fyrir áfrýjanda en almennt gerist, þykir bersýnilegt, að mjög hafi hallað á stefnda í skiptum aðilja.

Að tilhlutan lögmanna aðilja voru lögð fyrir héraðsdómara vottorð tveggja sálfræðinga um stefnda og konu hans. Í vottorði Gylfa Ásmundssonar sálfræðings frá 13. maí 1977 segir meðal annars:

„Þau hjón eru bæði ákaflega geðþekkt fólk, einlæg í tali og allri framkomu, en greinilega ákaflega barnaleg og gagnrýnislaus. Svo virðist sem gott samband og traust ríki á milli þeirra.

Sálfræðileg próf voru lögð fyrir þau hvort í sínu lagi til þess að meta greind þeirra og persónuleika. Þessi próf voru lögð fyrir:

Wechsler, greindarpróf fyrir fullorðna
Raven progressive Matrices 1947
Bender-Gestalt.

Niðurstöður prófanna eru mjög á einn veg. Þau eru bæði mjög lítt gefin, og ber prófunum saman um, að greindarþroski þeirra sé sambærilegur við 10—12 ára meðalbörn.

Hjá báðum kemur þetta þó einkum fram í hugsun og dómgreind, en verklagni er miklum mun betri, einkum hjá A. Persónuleiki þeirra er að sama skapi vanþroska. Þau eru barnaleg í sér, trúgjörn og grandalaus og taka hverjum hlut eins og hann kemur fyrir. Einmitt þessi einkenni þeirra, þótt stundum geti þau verið óheppileg í lífsbaráttunni, tel ég, að hafi hjálpað þeim til aðlögunar í starfi og aflað þeim velvildar annarra, meðan óheppilegri skapgerðareinkenni í svo lágri greind hefðu hugsanlega gert þau óstarfhæf.

Niðurstaða mín er því sú, að þessi hjón muni láta tiltölulega auðveldlega undan þrýstingi eða blekkingum í jafn flóknu máli og fasteignaviðskipti eru.

Ástæðurnar tel ég felast í eftirfarandi:

1. Lítil skólaganga, léleg almenn þekking og einkum skortur á þekkingu á viðskiptum.
2. Lág greind, einkum dómgreindarskortur.
3. Vanþroska persónuleiki, sem m. a. kemur fram í barnalegri afstöðu til annars fólks, trúgirni og grandaleysi".

Í vottorði Gylfa Ásmundssonar kemur fram, að hann byggi á viðtölum sínum við hjónin og á sálfræðilegum prófum 28. apríl og 6. maí 1977.

Í vottorði Arnar Helgasonar sálfræðings 4. nóvember 1977 segir um stefnda:

„A, f. . . .

Samkvæmt greindarprófi (M. J.) er greindarvísitala A 82 stig. A er nokkuð mistækur á prófþrautir. Hann leysir betur verklega þætti prófsins en munnlega. — Verkleg útsjónarsemi virðist tiltölulega góð. Prófniðurstaða gefur til kynna, að A sé greindarfarslega vel yfir vanvitamörkum, en treggreindur og tornæmur í kennslulegu tilliti. Í persónulegu tilliti er og A betur á sig kominn en kona hans, D. Sjálfstraust er meira og málþroski betri.

Einstaklingar, sem svo er ástatt um sem ofangreind hjón, standa um margt nokkuð höllum fæti í lífsbaráttunni, bæði til náms og starfa. Þetta á þó, eins og þegar er sagt, í mun ríkara mæli við um D en A. Hafa ber þó í huga, að lífsferill greindarskertra og treggreindra markast af fleiru en vits-

munalegum takmörkunum, svo sem af skaplyndi og félagslegri aðlögun. Þó ég hafi ekki gert mér far um að kanna slík atriði hjá nefndum hjónum, virðist mér af viðræðum við þau og af upplýsingum, sem þau veittu mér, að þau hefðu verið fremur farsæl í lífi sínu og komið sér vel. Á það væntanlega sinn þátt í þessu, að bæði eru einlæg og geðfelld í samskiptum".

Örn Helgason getur þess í vottorðinu, að athuganir hans hafi farið fram 27. og 29. október 1977. Hafi hann rætt við hjónin og lagt fyrir þau greindarpróf Matthíasar Jónassonar.

Aðiljar bjuggu í sama húsi, þegar samningur þeirra, sem hér er deilt um, var gerður. Þeir höfðu rætt alllengi um íbúðarsöluna. Hlaut áfrýjanda að vera ljóst, eins og kynnum hans og stefnda var háttað, að einfeldni og fákunnátta stefnda hafi ráðið því, að hann samdi svo mjög sér í óhag í skiptum þeirra. Þar sem telja verður, að áfrýjandi hafi notfært sér mun þann, sem var á aðstöðu aðilja í samningsskiptum þeirra, verður á það að fallast, að samningurinn hafi ekki verið skuldbindandi fyrir stefnda vegna ákvæða 7. gr. laga nr. 58/1960. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem í húfi eru, þykir hann hæfilega ákveðinn 400.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, B, greiði stefnda, A, 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. desember 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 9. þ. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 22. júní 1976, af A, X-vegi . . . hér í borg, gegn B, sama stað.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að þola

ógildingu á kaupsamningi aðilja, dags. 21. september 1974, um íbúð stefnanda að X-vegi . . . svo og að hinn þinglýsti kaupsamningur verði afmáður úr veðmálabókum Reykjavíkur gegn því, að stefnandi afhendi stefnda sparisjóðsbók nr. 685860 við Verzlunarbanka Íslands h/f, en í henni sé andvirði víxils, sem stefnandi tók við úr hendi stefnda. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Stefndi höfðaði gagnsök með stefnu, birtri 14. október 1976, á hendur stefnanda. Gerir hann þær kröfur í gagnsök, að gagnstefnda verði gert að gefa út afsal fyrir umræddri íbúð gegn afhendingu veðskuldabréfs í samræmi við 3. tl. kaupsamningsins og einnig að gagnstefnda verði gert að rýma íbúðina strax. Enn fremur að gagnstefnda verði gert að greiða húsaleigu frá 1. október 1975 til 1. janúar 1977, kr. 20.000 á mánuði, eða kr. 300.000, og málskostnað í gagnsök.

Gagnstefndi, stefnandi í aðalsök, krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar í gagnsök.

Aðalsök og gagnsök voru sameinaðar og fluttar sem eitt mál, enda byggðar á einum og sama samningi.

Dómari hefur ítrekað reynt að sætta aðilja, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að A keypti kjallaraíbúð að X-vegi . . . árið 1968 og bjó þar með fjölskyldu sinni. Íbúðin er 2 herbergi og eldhús, 34% af húsinu, sem upphaflega var einbýlishús. Hol er í kjallaranum, og er salerni inn af því, og baðklefi er inn af þvottahúsi, og er þar sturta. Efri hæðin hefur umferðarrétt í holinu. Þeim hjónum þótti íbúðin verða lítil, þegar fjölskyldan stækkaði, og vildu selja og kaupa stærri íbúð. Í maí 1974 flutti stefndi B í íbúð efri hæðar ásamt fjölskyldu sinni. Í júní sama ár setti A íbúð sína í sölu hjá fasteignasala, og komu menn frá fasteignasölunni Eignamiðluninni, Vonarstræti 12, og skoðuðu íbúðina og mátu til verðs. Töldu þeir hinn 3. júlí 1974, að verðið ætti að vera kr. 2.000.000 og útborgun helmingur. Einnig kom fasteignasali frá fasteignasölunni Fasteignaþjónustunni, Austurstræti 17, og taldi hann verð hennar einnig eiga að vera kr. 2.000.000, og settu þau hjónin þetta verð á hana. B, eigandi efri hæðar, sagði A, að hann vildi kaupa íbúðina, fljótlega eftir að hann flutti inn, og bauð hann kr. 1.300.000 og kr. 500.000 í útborgun, en A vildi ekki taka því. A fór að leita fyrir sér að íbúð til kaups fyrir fjölskylduna. Hjá Almennu Fasteignasölunni var

til sölu íbúð í Seljahverfi í Breiðholti, og skyldi kaupandinn greiða kr. 1.000.000 útborgun í henni. A fór þá til B 19. september 1974 og spurði hann, hversu mikið hann gæti greitt út fyrir kjallaraíbúðina, ef hann fengi hana á kr. 1.300.000. B kvaðst þá ekki hafa peninga til útborgunar, en þeir tóku upp samningaumleitanir. Lauk þeim þannig, að gerður var kaupsamningur sá, sem A hefur nú krafist ógildingar á, en deilan í máli þessu er um, hvað þeim hafi farið á milli við gerð þessa samnings.

Kaupsamningurinn er svohljóðandi:

„KAUPSAMNINGUR

Við undirritaðir A til heimilis X-vegi . . ., Reykjavík, í samningi þessum nefndur seljandi, og B til heimilis X-vegi . . ., Reykjavík, í samningi þessum nefndur kaupandi, gerðum hér með svofelldan kaupsamning.

Seljandi skuldbindur sig til þess að selja og kaupandi til þess að kaupa, neðanskráða eign seljanda: 2ja herbergja íbúð í kjallara hússins nr. . . . við X-veg í Reykjavík. Nánar tiltekið er íbúðin: 2 herbergi, eldhús og salerni svo og sérgeymsla undir útitröppum og geymsluskápur í forstofu. Þá fylgir íbúðinni hlutdeild í þvottahúsi og leigulóð. Íbúðin telst vera 34% alls hússins.

Eignin er seld í því ástandi, sem hún er í nú og kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við.

Kaupverð alls hins selda er umsamið kr. 1.300.000.00 kr. — eina milljón og þrjú hundruð þúsund 00/100 — og greiðist það svo sem hér segir:

1. Kaupandi greiðir við undirskrift þessa samnings, kr. — —
   Kaupandi greiði með víxli pr. 20/1/75 ..... — 210.933.-
   Seljandi tekur á leigu íbúð þessa og gr. kaupanda húsaleigu í eitt (1) ár frá 1. október 1974 til 30. sept. 1975. Greiði hann kr. 10.000.- pr. mán. x 12 ..... — 120.000.-
2. Kaupandi tekur að sér að greiða þessar veðskuldir, er hvíla á hinni seldu eign: 1. veðr. til handhafa, samkv. veðbréfi dags. 1/2/68, upphafl. kr. 152.375.- en í dag ..... — 60.950.-
3. Eftirstöðvar kaupverðsins kr. 908.117.- greiðir kaupandi með árlegum afborgunum á næstu 3 árum, fyrst þann 1. okt. 1976 greiðir hann 10% vexti af skuldinni og skal hún tryggð með þeim veðrétti í hinni seldu eign, er veðbókarvottorð — 908.117.-

segir til við afsal. Skuldabréfið hækkar eða lækkar eftir því hvað liður 2 segir til um.

Samtals kr. 1.300.000.-

Hin selda eign skal öll verða laus til afnota 1. október næstkomandi. Tekur kaupandi við eigninni þann dag og hirðir frá þeim tíma arð hennar og greiðir af henni skatta og skyldur. Afsal skal gefið út 1. okt. 1975 næstkomandi, er kaupandi hefur fullnægt skuldbindingum sínum skv. framanskráðu.

Veðbókarvottorð dags. 20. september 1974 liggur frammi við kaupin.

Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar, er hvílir á 2. veðr. samkv. veðbr. dags. 10. janúar 1973 verður aflýst af seljanda, þá er hann kaupir aðra fasteign eða í síðasta lagi við afsal.

Að öðru leyti en að ofan greinir er eignin seld án kvaða eða veðbanda.

Kaupandi greiðir stimplun og þinglýsingu afsals og veðskuldabréfs.

Til staðfestingu eru nöfn kaupanda og seljanda undirrituð í viðurvist vitundarvotta.

Reykjavík, 21. september 1974.

B
kaupandi

A
seljandi

D
maki

Vitundarvottar
Konráð Sævaldsson
Angela G. Guðjónsdóttir".

Málsástæður og lagarök.

Lögmaður stefnanda styður kröfur sínar þeim rökum, að stefndi hafi notað sér einfeldni og fákunnáttu stefnanda og konu hans til að komast yfir íbúð þeirra og sé bersýnilegur mismunur á hagsmunum þeim, sem stefnandi hafi látið af hendi, og þeim, er stefndi fékk með samningnum. Kaupsamningurinn sé því ógildur gagnvart stefnanda með vísan til 7. gr. laga nr. 58/1960. Einnig bendir lögmaðurinn á 32. gr. samningalaga nr. 7/1936 og segir, að stefndi geti ekki borið kaupsamninginn fyrir sig, þar sem það yrði talið óheiðarlegt af honum.

Upplýst sé í máli þessu, að stefndi hafi notfært sér rangar hugmyndir stefnanda um tvö atriði, sem úrslitaþýðingu hafi

haft í umræðum þeirra um söluna á kjallaraíbúðinni, þ. e. hugmyndir stefnanda um svonefndan „forkaupsrétt“ stefnda og hugmyndir hans um, að unnt væri að selja skuldabréf auðveldlega á góðu verði. Stefnandi hafi viljað selja íbúð sína og stefnda, sem var nýfluttur á efri hæð hússins, hafi verið það vel kunnugt og hann hafi viljað eignast kjallaraíbúðina. Stefnandi hafi fengið fasteignasala til að líta á íbúðina og verðleggja hana og þeir hafi sagt honum, sinn í hvoru lagi, að verð íbúðarinnar ætti að vera kr. 2 milljónir með helmingi út í hönd. Síðan hafi það gerst, að stefnandi hafi gert samning við stefnda án milligöngu fasteignasala og hafi samningurinn hljóðað upp á langtum lægra verð en stefnanda hafi verið tjáð. Úrlausnarefni máls þessa sé að svara spurningunni, hvers vegna stefnandi hafi gert þetta. Upplýst sé, að stefndi hafi sagt stefnanda, að hann hefði „forkaupsrétt“ að íbúðinni, og að stefnandi hafi skilið það svo, að hann mætti engum öðrum selja íbúðina. Hafi stefnandi treyst stefnda og talið, að hann hefði vit á þessu og hann færi með rétt mál. Stefnandi hafi á engan hátt viljað styggja stefnda og ganga gegn óskum hans og hljóti stefndi að hafa áttað sig á þessari afstöðu stefnanda. Svo þegar stefnanda hafi skilist á orðum stefnda og kunningja hans, að skuldabréf að fjárhæð kr. 900 þúsund mætti selja á kr. 800 þúsund, hafi hann talið, að það gæti komið sem útborgun í íbúð, sem hann hugðist kaupa. Þar hafi þurft eina milljón í útborgun og þetta hafi stefndi vitað og þess vegna vitað, að stefnandi þurfti að hafa þessa peninga til þess að festa sér umrædda íbúð eða aðra íbúð. Þegar þetta sé virt, komi í ljós skýring á því, hvers vegna stefnandi hafi gert samning með slíkum eindæma kjörum. Útborgun sé næsta engin, aðeins víxill að fjárhæð kr. 210 þúsund, sem greiðast átti í janúar, fjórum mánuðum eftir samningsgerð, kaupandinn átti að njóta arðs af hinni seldu eign, áður en hann hefði greitt eina einustu krónu, að seljandi greiði húsaleigu, meðan hann sitji í íbúðinni. Allt séu þetta atriði, sem séu einsdæmi. Fasteignaviðskipti séu flókin og erfið fyrir allt venjulegt fólk, hvað þá fyrir þá, sem eru á einhvern hátt verr settir en almennt gerist. Stefnandi sé þannig gerður, að hann beri traust til fólks, en hafi ekki hæfileika til þess að átta sig á flóknum viðfangsefnum. Þess vegna hafi hann misskilið þessi atriði í samningunum og stefndi hafi notfært sér þann misskilning. Vitnið Þorsteinn Steingrímsson fasteignasali hafi borið um þetta hér fyrir dóminum. Stefnandi hafi komið til hans út af væntanlegri sölu íbúðarinnar og hafi vitn-

inu fljótlega orðið ljóst, að leiðbeina þurfti stefnanda um flókin atriði frekar en almennt gerist.

Með þessu hafi verið sannað af stefnanda hálfu, að skilyrðum 7. gr. laga nr. 58/1960 sé fullnægt. Fari hins vegar svo, að svo verði ekki talið af hálfu dómsins, þá bendir lögmaðurinn á, að 32. gr. laga nr. 7/1936 sé viðtækari regla og þar sé ekki krafist eins strangra skilyrða, en augljóslega eigi hún við þetta tilvik. Reglur þessar megi ekki túlka þröngt, heldur einmitt rúmt, eins og gert sé á Norðurlöndum. Reglum þessum sé ætlað að vernda minni máttar í samningum þeirra. Þetta mál fjalli um það.

Lögmaður stefnda og gagnstefnanda bendir hins vegar á, að upplýst sé í málinu, að stefnandi hafi að fyrra bragði komið til stefnda og spurt hann, hvort hann vildi kaupa kjallaraíbúðina. Aðstæður hafi þá verið breyttar frá því stefndi bauð stefnanda að kaupa hana fyrir kr. 1.3 milljónir með kr. 500 þúsund út í hönd og hafi hann sagt stefnanda það. Stefnandi hafi þá leitast við að selja íbúð sína, en það hafi gengið illa. Íbúðin sé léleg og illseljanleg, þar sem hol í henni sé sameiginlegt með efri hæðinni og það sé inn af þvottahúsi og sé hún þannig nánast hluti af sameigninni að mörgu leyti og lítið út af fyrir sig. Því sé alfarið mótmælt í máli þessu, að stefndi hafi sagt, að unnt væri að selja skuldabréf á þann hátt sem stefnandi heldur fram. Stefndi hafi einungis sagt, að greiðslur samkvæmt skuldabréfum gætu gengið hvor á móti annarri, eins og alþekkt sé í fasteignakaupum. Einn selji íbúð sína og fær í hendur skuldabréf frá kaupanda, og hann kaupir aðra og gefur út skuldabréf til seljanda, og greiðslur eru látnar haldast í hendur. Einnig sé því alfarið andmælt, að stefndi hafi sagt stefnanda, að hann hefði forkaupsrétt að íbúðinni. Hann hafi eingöngu sagt, að hann gæti gengið inn í hæsta tilboð, sem stefnandi fengi í íbúðina. Þetta hafi stefndi talið, þar sem hann væri sameigandi fasteignarinnar, en hann viðurkenni nú, að þetta sé rangur skilningur. Upplýst sé í málinu, að stefnandi hafi ekkert tilboð fengið í íbúðina nálægt því, sem fasteignasalarnir hafi sett upp sem verð. Stefndi og kona hans hafi vitað, hvað þau voru að gera, þegar salan fór fram, þar sem þau höfðu fengið íbúðina metna til fjár. Stefndi hafi á engan hátt beitt þvingunum, nauðung eða blekkingum og stefndi hafi á engan hátt talið eða átt að telja, að stefnandi og eiginkona hans væru öðruvísi en fólk er flest. Þau hafi gert samninginn af fúsum og frjálsum vilja, þau séu lögráða og samn-

ingurinn sé í alla staði löglegur. Upplýst sé, að stefnandi hafi keypt íbúðina árið 1968, og sé þetta því ekki í fyrsta sinn sem hann standi í fasteignaviðskiptum. Öryggi viðskiptalífsins krefjist þess, að löglega gerðir samningar séu ekki ógiltir eftir á, þar sem við það mundi skapast mikil óvissa um samninga manna almennt. Kaupsamningurinn í máli þessu sé í alla staði eðlilegur og stefndi hafi tekið á sig að greiða sanngjarnt verð fyrir þessa íbúð, sem sé óforsvaranleg og ósamþykkt. Með samningnum hafi stefnandi átt að fá skuldabréf einungis til 3 ára, sem sé miklu betra en almennt gerist, og hafi það komið á móti hinni lágu útborgun. Stefnandi hafi verið spurður, hvort hann vildi, að fasteignasali annaðist samningsgerðina, en hann hafi ekki bent á neinn til þess. Þess vegna hafi stefndi haft samband við kunningja sinn, Konráð Ó. Sævaldsson, löggiltan fasteignasala, sem tekið hafi að sér að ganga frá samningunum, en hann hafi ekki komið nálægt sjálfri samningsgerðinni. Lagagreinar þær, sem lögmaður stefnanda hafi vísað í, eigi alls ekki við í þessu máli, þar sem engin misneyting hafi átt sér stað, enginn óheiðarleiki verið af hálfu stefnda og samningurinn hafi í alla staði gengið eðlilega fyrir sig. Stefndi hafi talið sig kaupa íbúðina á þeim kjörum, sem hann taldi sig ráða við, og hann hafi talið, að stefnandi gæti keypt aðra íbúð í framhaldi af þessum samningi, þótt honum væri á engan hátt kunnugt um málefni stefnanda, fjármálaleg né önnur, og ekki skipt sér af þeim.

Niðurstaða.

Upplýst er í máli þessu, að fasteignasalar frá tveimur fasteignasölum hafi metið íbúð stefnanda til verðs á árinu 1974 og að mat þeirra hafi verið, að verð íbúðarinnar ætti að vera kr. 2.000.000 miðað við, að útborgun væri kr. 1.000.000. Einn þessara fasteignasala hefur borið hér fyrir dómi, að íbúðin hafi verið „góð söluvara", þar sem eftirspurn sé mikil eftir íbúðum af þessari stærð. Þessi vitnisburður hefur ekki verið hrakinn af hálfu stefnda. Stefndi gerði samning 21. september 1974 við stefnanda, að hann keypti íbúðina á kr. 1.300.000 með útborgun 20. janúar 1975 kr. 210.933. Bersýnilegur mismunur er á kjörum þessa samnings og mati fasteignasala á verði íbúðarinnar. Stefnda var ljóst, að stefnandi ætlaði að leitast við að kaupa stærri íbúð fyrir fjölskyldu sína, og stefndi hefur viðurkennt að hafa sagt stefnanda, að hann ætti rétt á að ganga inn í hæsta boð, sem stefnanda bærist, þótt stefndi hafi fyrir réttinum neitað að hafa notað orðið „forkaupsrétt" í því sambandi. Fasteigna-

sölumaður hefur borið fyrir dómi sem vitni, að í kynnum sínum af stefnanda hafi vitnið fljótlega orðið vart við og ekki dulist, að stefnandi væri fákunnandi í fasteignaviðskiptum og að hann hafi þarfnast leiðbeiningar umfram það, sem almennt gerist. Þessi umsögn um stefnanda hefur ekki verið hrakin af stefnda hálfu, og þykir dóminum rétt að leggja hana til grundvallar. Telja verður, að stefndi hafi gert sér grein fyrir þessum annmörkum stefnanda. Telja verður og, að stefnda hafi mátt vera ljóst, að stefnandi gerði sér rangar hugmyndir um forgangsrétt stefnda til íbúðarkaupanna og um hagsmuni þá, er stefnandi fengi fyrir íbúðina í samningi þeirra. Þegar þetta er virt og það, sem áður greinir um bersýnilegan mismun á kjörum samningsins og matsverði íbúðarinnar, telst samningur aðilja ógildur með vísan til 7. gr. laga nr. 58/1960. Ber því að taka kröfur stefnanda í aðalsök að öllu leyti til greina, en sýkna gagnstefnda í gagnsök af sömu ástæðum.

Eftir þessum málalokum verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 170.000, þar með talinn útlagður kostnaður.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kaupsamningur stefnanda, A, og stefnda, B, dags. 21. september 1974, um íbúð stefnanda að X-vegi . . ., Reykjavík, er ógildur, og ber að afmá hann úr veðmálabókum Reykjavíkur.

Stefnandi afhendi stefnda sparisjóðsbók nr. 685860 við Verzlunarbanka Íslands h/f, aðalbanka.

Stefndi greiði stefnanda kr. 170.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudagur 25. júní 1980.

Nr, 209/1977. **Raffell h/f**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Helgason hrl.).

Lögtak. Skattamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. nóvember 1977. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um lögtak. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta var flutt fyrir Hæstarétti 11. maí 1979. Að loknum málflutningi beindi dómurinn því til lögmanna aðilja, að þeir öfluðu skýrslu ríkisskattstjóra um framkvæmd nokkurra atriða varðandi 9. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 4. gr. laga nr. 71/1972 og 11. gr. laga nr. 68/1971, þar á meðal um það, hvort skattstjórar geti valið um, hvoru ákvæðinu þeir beiti, ef því er að skipta, og hvort þeir geti beitt þeim báðum samtímis, svo sem hér var gert, enda sé um félag að ræða, sem hafi varasjóð, sbr. 9. gr.

Lögmenn aðilja lögðu fyrir Hæstarétt bréf ríkisskattstjóra frá 27. maí 1980. Var málið flutt að nýju 2. júní 1980.

Í framangreindri greinargerð segir meðal annars svo:

„1. Frá því ákvæði um varasjóði félaga voru lögfest, hefur í ótal tilvikum komið til skattlagningar á skattalegum varasjóði félaga eða álagi, þegar fjármunir hafa runnið frá félaginu til hluthafa, eigenda, stjórnenda eða starfsmanna.

Tilvikin og atvik mála hafa verið með ýmsum hætti, og erfitt er að gefa almenna lýsingu á beitingu varasjóðsbrotaákvæðanna. Við athugun á þeim hluta slíkra mála, sem gengið hafa til ríkisskattanefndar, virðist þó ráðið, að til þeirrar nefndar hafi einkum borist mál, er varða þau tilfelli, þar sem eignir félaga hafa runnið til aðila félögunum tengdum í formi s.k. lána, oft sagðra til langs tíma og vaxtalausra. Eignakaup félaga við óeðlilega háu verði eða með afbrigðilegum kjörum hafa og valdið tekjufærslu varasjóðs með álagi og sömuleiðis eignasala félaga við óeðlilega lágu verði eða með afbrigðilegum kjörum að öðru leyti. Til ríkisskattanefndar hafa gengið nokkur varasjóðsmál, þar sem atvik voru með þeim hætti, að á gjaldahlið rekstrarreiknings félaga hefur verið færður kostnaður, sem á engan hátt tengdist tekjuöflun, t. d. einkaferðakostnaður forsvarsmanna félaga. Þau tilvik virðast hlutfallslega mun færri en þau mál, er varða eignaumsýslu.

2. Skattyfirvöld geta hvorki heimilað né bannað launagreiðslur frá einum aðila til annars, hverrar tegundar sem nefnast og hvers eðlis, sem þær eru. Til kasta skattyfirvalda hefur aftur á móti á undanförnum áratugum oft komið að meta, hvort eða að hve miklu leyti ýmsar greiðslur geti fallið undir skilgreiningu skattaréttarins á rekstrarútgjöldum atvinnurekenda, þ. e. hvort eða að hve miklu leyti slíkar greiðslur gangi til að afla tekna, tryggja þær og halda við tekjum. Á þetta jafnt við um launagreiðslur, sem tilfærðar eru á gjaldahlið rekstrarreiknings, sem og önnur útgjöld. Í flestum tilvikum þarf að meta, hvort eða að hve miklu leyti útgjöldin falli undir eðlileg útgjöld skattaðilans. Um launagreiðslurnar sérstaklega hafa fallið allmargir úrskurðir á undanförnum árum. Af þeim verður ekki dregin almenn ályktun um stefnu eða stefnubreytingu varðandi þau atriði. Meðferð og úrlausn slíkra mála ræðst af þeim viðhorfum, sem almennt ríkja í framkvæmdinni. Í dómaskyni skal t. d. á það bent, að oft freista rekstraraðilar þess að „dreifa" skattskyldum tekjum á aðila til skattlagningar með þeim hætti, að sem lægst hlutfall teknanna renni til hins opinbera í formi skatta. Er yfirvöldum óhægt um vik að gagnrýna eða véfengja launareikn-

inga og skattskýrslur, nema um bersýnileg brot sé að ræða. Verður því hvorki fullyrt, hvort framkvæmd ákvæða 3. málsliðar A-liðar 11. gr. laga nr. 68/1971 hafi tekist né ráðið hversu hátt hlutfall slíkar úrlausnir eru af fjölda mála hjá skattyfirvöldum.

3. Afdráttarlaust orðalag 1. mgr. 9. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 4. gr. laga nr. 7/1972 þykir benda til þess, að lögskiptum félaga við félagsmenn eða aðra aðila, sem tengjast félaginu, séu settar mjög þröngar skorður þannig, að ekki komi til tekjufærslu uppsafnaðs varasjóðs vegna fjármunahreyfinga. Ekkert hefur komið til, sem bendir til þess, að ekki sé unnt að beita varasjóðsbrotaákvæðinu samhliða ákvæðum 11. gr. Í fljótu bragði gæti þó sumum þótt niðurstaða slíks máls líta óeðlilega út, þar eð skattstofn ríflega þrefaldast. En þess ber að gæta, að það er ekki hlutverk stjórnvalda að leggja mat á réttmæti eða réttlætingu lagasetningar. Fullyrða má, að skattyfirvöld hafa á undanförnum árum farið varlega í að beita ívitnuðum skattalagaákvæðum samhliða. Jafnframt skal ítrekað, að hvorki af hálfu ríkisskattanefndarinnar, ríkisskattstjóra eða skattstjóra hefur verið talið, að neitt væri því til fyrirstöðu að beita þeim með þeim hætti."

II.

Meginhluti hlutabréfa áfrýjanda, Raffells h/f, er í eigu framkvæmdastjóra félagsins, eiginkonu hans og barna þeirra hjóna. Samkvæmt skattframtali áfrýjanda 1976 greiddi hann á árinu 1975 hjónunum báðum laun svo og dóttur þeirra Margréti Pálsdóttur.

Með bréfi 3. nóvember 1976 tilkynnti skattstjórinn í Reykjanesumdæmi áfrýjanda, að fyrirhugað væri að fella niður sem rekstrargjöld félagsins launagreiðslur til Margrétar Pálsdóttur og hækka skattskyldar tekjur félagsins sem því næmi, eða um 512.000 krónur. Áfrýjandi andmælti þessu með bréfi 9. nóvember 1976. Hinn 16. nóvember 1976 tilkynnti skattstjórinn áfrýjanda, að opinber gjöld hans álögð 1976 hefðu verið tekin til endurúrskurðar. Fyrrnefnd laun til Margrétar Pálsdóttur hefðu verið felld niður sem rekstrar-

gjöld félagsins og skattskyldar tekjur þess því hækkaðar um sömu fjárhæð. Samkvæmt því var tekjuskattur áfrýjanda hækkaður um 205.555 krónur. Álagningu þessa kærði áfrýjandi til skattstjóra með bréfi 23. nóvember 1976 og gerði nokkra grein fyrir, í hverju störf nefndrar Margrétar hefðu verið fólgin. Skattstjórinn óskaði þá eftir því með bréfi 8. desember s. á., að rannsóknadeild ríkisskattstjóra rannsakaði mál þetta. Framkvæmdi rannsóknadeildin athugun á bókhaldi áfrýjanda og tók skýrslu af framkvæmdastjóranum.

Hinn 1. apríl 1977 tilkynnti skattstjórinn áfrýjanda, að fyrirhugað væri að taka skattframtal hans 1976 til úrskurðar aftur. Mundu afgreiðsla þess máls og kærunnar frá 23. nóvember 1976 verða sameinuð. Ætlað væri að fella niður sem rekstrargjöld greiðslur til Ásthildar Pétursdóttur, eiginkonu framkvæmdastjóra félagsins, 311.000 krónur, og telja fé þetta sem skattskylda ráðstöfun á varasjóði svo og greiðslur til Margrétar Pálsdóttur, að því leyti sem þær yrðu ekki taldar endurgjald fyrir vinnuframlag.

Áfrýjandi mótmælti þessum fyrirhuguðu breytingum með bréfi 18. apríl 1977 og gerði enn grein fyrir skoðunum sínum.

Með úrskurði 22. apríl 1977 ákvað skattstjórinn með hliðsjón af því, sem fram var komið um vinnuframlög Margrétar Pálsdóttur hjá áfrýjanda, að hæfilegt væri að ætla endurgjald fyrir vinnu hennar 250.000 krónur. Var því hafnað að telja greiðslur áfrýjanda til hennar umfram þetta til rekstrargjalda árið 1975 og ætti einnig að virða þær sem skattskylda ráðstöfun á varasjóði áfrýjanda. Gegndi hinu sama um greiðslur til Ásthildar Pétursdóttur. Var beitt 9. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 4. gr. laga nr. 7/1972, svo og 11. gr. laga nr. 68/1971 við endurákvörðun tekjuskatts áfrýjanda, er hækkaði í 523.844 krónur.

Áfrýjandi kærði eigi úrskurð þennan.

III.

Í hinum áfrýjaða úrskurði eru greindar málsástæður áfrýjanda. Reisir hann kröfur sínar í málinu á því einum þræði, að skattstjóri hafi ekki gætt réttra aðferða við undirbúning að

úrskurði sínum og úrskurður hans sé ekki nægilega sérgreindur og rökstuddur. Hinum þræði ber áfrýjandi brigður á lögmæti þeirrar ákvörðunar að breyta skattframtalinu árið 1976 um launagreiðslur þær, sem greinir hér að framan, og að beita samtímis ákvæðum 9. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 4. gr. laga nr. 7/1972, og 11. gr. laga nr. 68/1971.

III.1. Skattstjóri veitti áfrýjanda viðhlítandi kost á að koma að athugasemdum sínum um fyrirhugaðar breytingar á skattframtali hans og um þá fyrirætlun að beita 9. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 4. gr. laga nr. 7/1972 samhliða 11. gr. fyrrgreindra laga. Skattstjóri hefur í úrskurði sínum tekið athugasemdir áfrýjanda og gögn máls til rökstuddrar úrlausnar.

III.2. Skattstjóra var rétt samkvæmt 37. gr. laga nr. 68/1971 að óska skýringar á launagreiðslum áfrýjanda til þeirra Ásthildar og Margrétar og eftir atvikum að breyta skattframtalinu, ef fullnægjandi skýringar kæmu ekki fram. Á úrlausn skattstjóra um þessi atriði eru engir þeir efnisannmarkar, sem hnekkt geta henni. Skattstjóra var enn fremur rétt að virða framangreindar greiðslur til hluthafanna Ásthildar og Margrétar sem fríðindi til þeirra í skilningi 9. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 4. gr. laga nr. 7/1972. Ákvæði þetta er afdráttarlaust og veitir skattstjóra sjálfstæða heimild til að beita viðurlögum þeim, er þar greinir, svo sem hér er gert, einnig í því tilviki, er skattstjóri viðurkennir ekki launagreiðslur til hluthafa sem rekstrargjöld samkvæmt 11. gr. laga nr. 68/1971.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til, en um tölulegan ágreining er ekki að ræða, og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Raffell h/f, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Í framtalsgögnum áfrýjanda 1976 sagði, að Margrét Pálsdóttir hefði 1975 fengið 512.000 krónur í laun frá félaginu og Ásthildur Pétursdóttir 311.000 krónur. Þessar greiðslur voru færðar sem launatekjur á framtöl Margrétar og Ásthildar. Verður að byggja á því, að þær hafi greitt skatta í samræmi við það. Skattar þeirra eru ekki til meðferðar í máli þessu.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða úrskurði, komst skattstjóri að þeirri niðurstöðu, að greiðslan til Margrétar væri hærri en nam eðlilegu endurgjaldi fyrir vinnufamlag hennar og að Ásthildur hefði ekki unnið í þágu áfrýjanda 1975. Skattstjóri mat hæfilegt endurgjald fyrir vinnu Margrétar 250.000 krónur.

Áður en skattstjóri kvað upp úrskurð sinn 22. apríl 1977, var tilefni til, að hann aflaði skýrslna Ásthildar Pétursdóttur og Margrétar Pálsdóttur um vinnu þeirra 1975. Þá bar í úrskurðinum að fjalla í ríkara mæli en gert var um einstök atriði í athugasemdum áfrýjanda. Ég verð engu að síður að vera sammála meiri hluta dómenda um, að annmarkar á málsmeðferð hjá skattstjóra geti ekki, eins og á stendur, leitt til þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hnekkt.

Dóm verður að byggja á því, að greiðslurnar til Ásthildar og Margrétar hafi verið inntar af hendi og að þær hafi greitt skatt af þeim sem tekjum. Í öðru lagi er þess að gæta, að greiðslurnar voru ekki taldar frádráttarbær rekstrarkostnaður, þegar skattar áfrýjanda voru ákveðnir. Þetta á þó ekki við um þær 250.000 krónur af greiðslunni til Margrétar, sem fyrr er að vikið. Í þriðja lagi er þess að gæta, að varasjóður áfrýjanda var færður honum til tekna 1975 með 20% álagi á þeim forsendum, að greiðslurnar til Ásthildar og Margrétar hefðu verið skattskyld ráðstöfun varasjóðs. Skattstjóri taldi varasjóðinn nema 385.517 krónum í árslok 1975.

Í bréfum og úrskurðum skattstjóra er vitnað til laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, sem við áttu. Er hér um að ræða 9. gr. laganna varðandi ráð-

stöfun varasjóðs, sbr. breytingu í 4. gr. laga nr. 7/1972. Þá var vitnað í 11. gr. um frádráttarbæran rekstrarkostnað. Í fógetarétti Kópavogs var auk þess fjallað um 37. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1973, en í þessu ákvæði segir meðal annars, að skattstjóri skuli áætla tekjur skattþegns, ef framtal er tortryggilegt og skýringar og önnur gögn ófullnægjandi.

Þegar þess er gætt, sem fram er komið um vinnuframlög í þágu áfrýjanda 1975, og það jafnframt haft í huga, hver voru tengsl Ásthildar Pétursdóttur og Margrétar Pálsdóttur við áfrýjanda, eru ekki efni til að hnekkja niðurstöðu skattstjóra um, að þær hafi fengið greiðslur frá áfrýjanda á árinu 1975 umfram eðlilegar launagreiðslur.

Orð 9. gr .laga nr. 68/1971, sbr. 4. gr. laga nr. 7/1972 eru ótvíræð um, hvernig með þessar greiðslur skuli fara. Þær skal meta ráðstöfun varasjóðs og telja þær til tekna áfrýjanda á árinu 1975 með 20% álagi, meðan varasjóður endist.

Í 11. gr. laga nr. 68/1971 segir meðal annars: „Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður: A. Rekstrarkostnað ... Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefur varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi...“ Bæði Ásthildur og Margrét áttu verulega hluti í Raffelli h/f, en töldu sem fyrr greinir hinar umdeildu greiðslur fram sér í lagi sem launatekjur sínar. Þegar þetta er haft í huga, verður 37. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1973, ekki skilin svo, að hún heimili skattstjóra að lækka framtalinn rekstrarkostnað áfrýjanda til viðbótar því að beita vegna greiðslnanna til Ásthildar og Margrétar 9. gr. laga nr. 68/1971.

Samkvæmt framanskráðu er það skoðun mín, að hin umdeilda skattákvörðun sé ekki lögmætur grundvöllur lögtaks. Þess vegna tel ég, að fella beri hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um lögtak og jafnframt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Kópavogs 17. október 1977.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 11. október sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur gerðarbeiðandi krafist þess, að lögtak verði gert í eignum gerðarþola til tryggingar opinberum gjöldum til skattheimtu ríkissjóðs í Kópavogi. Er hér um að ræða viðbótargjöld (hækkun) frá maí sl. vegna gjaldársins 1976, samtals kr. 477.648 auk dráttarvaxta og kostnaðar við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Auk þess hefur gerðarbeiðandi krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Kröfur gerðarþola eru þær, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar, en til vara, að lögtak verði gert fyrir til muna lægri fjárhæð og honum verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati dómsins.

Ekki voru hafðar uppi kröfur til frávísunar málsins, og þykja málsskjöl ekki gefa tilefni til þess.

Mál þetta snýst um opinber gjöld gerðarþola vegna úrskurðar skattstjóra Reykjanesumdæmis um hækkun tekna hans vegna gjaldársins 1976.

Gerðarþoli skilaði á tilskyldum tíma skattframtali sínu til skattstofu, og fylgdi því efnahags- og rekstrarreikningur hans.

Framangreind gögn voru lögð til grundvallar við álagningu gjalda hans viðkomandi skattár, en með bréfi skattstjórans í Reykjanesumdæmi, dags. 3. nóv. 1976, var gerðarþola tilkynnt, að fyrirhugað væri að fella niður sem rekstrarútgjöld félagsins launagreiðslu til Margrétar Pálsdóttur Þorlákssonar, framkvæmdastjóra félagsins, að fjárhæð 512.000, vegna þeirrar ástæðu, að miðað við möguleika hennar til þessarar teknaöflunar og tengsla hennar við launagreiðanda væru allar líkur til þess, að hér væri um að ræða fjárstyrk til hennar, en ekki greiðslu fyrir vinnuframlag, þ. e. a. s. að Margrét hafi verið í erfiðu námi 9 mánuði ársins 1975, unnið í sumarleyfi sínu hjá Kópavogskaupstað og þegið laun frá hlutafélagi, sem foreldrar hennar ættu 98.33% hlutafjár í. Samkvæmt þessu taldi skattstjóri, að hér væri ekki um að ræða rekstrarútgjöld félagsins skv. a lið 11. gr. laga nr. 68/1971, og tilkynnti þá ætlun að hækka skattskyldar tekjur um kr. 512.000, en áður en fyrirhuguð endurálagning færi fram, var gefinn 10 daga frestur til að koma að athugasemdum.

Þessu bréfi svaraði endurskoðandi gerðarþola með bréfi, dags. 9. nóv. 1976, og mótmælti eindregið athugasemdum skattstjóra og

benti á, að þótt Margrét hefði verið í skóla 9 mánuði ársins, hefði hún innt af hendi alla skrifstofuþjónustu hjá félaginu, svo sem útreikninga efnis- og vinnusölu svo og launaútreikninga, annast að verulegu leyti um innheimtur hjá viðskiptavinum félagsins, og hafi vinna þessi verið öll unnin utan reglulegs vinnutíma og væru laun þessi síst of hátt reiknuð.

Þá mótmælti endurskoðandinn fullyrðingu skattstjóra um hlutfall foreldra Margrétar í eignum hlutafélagsins og kvað það vera kr. 90.000 af kr. 200.000 hlutafé, sem væri 45% af heildarhlutafénu. Samkvæmt þessu taldi endurskoðandinn ljóst, að óraunhæft væri að áætla félaginu teknaviðbót.

Varðandi skiptingu hlutafjárins skal þess getið, að skv. tilkynningu til skattstjóra var hlutafjáreign fjölskyldu framkvæmdastjórans pr. 31. desember 1975 kr. 178.000 af kr. 200.000, er skiptist þannig: Páll Þorláksson kr. 45.000, Ásthildur Pétursdóttir, eiginkona hans, kr. 45.000, Margrét og Björgvin, börn þeirra, kr. 44.000 hvort.

Með bréfi skattstjórans, dags. 16. nóv. 1976, var gerðarþola tjáð, að athugasemdir í svarbréfi hans frá 9. nóv. 1976 gæfu ekki tilefni til breytinga á þeirri álagningu, er boðuð var í fyrrnefndu bréfi skattstjóra. Síðan segir í bréfinu: „Tekjur til skatts verða kr. 470.316.-. Aðstöðugjaldsstofn verður kr. 17.380.048.-. Vinnuvikum, er atv. rekstrargjöld reiknast af, fækkar um 28.

ÚRSKURÐARORÐ:

Tekjuskattur 1976 verður kr. 251.751.- var kr. 46.196.-. Hækkun kr. 205.555.-. Aðstöðugjald 1976 verður kr. 225.940.- var kr. 232.600.-. Lækkun kr. 6.660.-. Slysatryggingagjald 1976 verður kr. 39.494.- var kr. 42.042.-. Lækkun kr. 2.548.-. Lífeyristryggingagjald 1976 verður kr. 134.540.- var kr. 143.220.-. Lækkun kr. 8.680.-. Atvinnuleysistryggingagjald 1976 verður kr. 29.016.- var kr. 31.928.-. Lækkun kr. 2.912.-."

Í bréfi endurskoðanda gerðarþola, dags. 23. nóv. 1976, er skattstjóri tók sem kæru á nefndum úrskurði, kveður endurskoðandinn umbjóðanda sinn hafa beðið sig að veita skattstjóra nánari upplýsingar varðandi vinnu Margrétar Pálsdóttur, og var eftirfarandi upptalið:

1. Vinnulaun-tímatalning-launaútreikningar.
2. Skýrslugerð, orlof, lífeyrissjóður.
3. Nótuútskrift á efni, verðútreikningar.

4. Innheimtur, m. a. póstlagningar, innfærslur á innheimtur o. þ. h.
5. Þrif á skrifstofu, snyrtingu og bifreið.
6. Símavarsla, verkbeiðnir, skilaboð.
7. Vélritun-skýrslur, bréf o. fl.
8. Sendiferðir, útréttingar í banka o. fl.

„Eins og fram kemur á ofanskráðu, þá eru störf Margrétar margþætt hjá fyrirtækinu, og þó svo að hún hafi verið í skóla og unnið sumarvinnu, hefur það ekki komið að sök, þar sem störf þessi eru unnin á ýmsum tímum dags, eftir því, hvenær hún hefur tíma til, og einnig á helgidögum.

Erfitt er í þessu tilfelli að segja til um nákvæman tíma, og var því ákveðið að greiða fast kaup á mánuði fyrir þessa vinnu. Alltaf má deila um, hvort unnið sé fyrir þeim launum, sem greidd eru hverju sinni, en í þessu tilfelli þykir umbj. mínum sem starfskraftur þessi sé síst oflaunaður.

Verði efast um sannleiksgildi starfa ofangreinds aðila, má alltaf fá það staðfest hjá starfsmönnum og viðkiptavinum umbj. míns.

Vona ég, að upplýsingar þessar reynist yður fullnægjandi.“

Með bréfi, dags. 8. des. 1976, fór skattstjóri þess á leit við rannsóknadeild ríkisskattstjóra, að sannleiksgildi fullyrðinga í bréfi gerðarþola, dags. 23. nóv. 1976, yrðu kannaðar með vitnaleiðslum eða öðrum hætti, er deildin teldi við eiga. Þá tók skattstjóri fram í bréfinu, að móðir Margrétar, Ásthildur Pétursdóttir, hefði fengið greiddar kr. 311.000 í laun frá félaginu, „að því er virðist fyrir samskonar störf og Margrét er talin vinna.“ Þá var bent á, að laun þau, er Margrét fékk frá Raffelli h/f, hafi hún lánað föður sínum og hafi skuld hans við hana numið kr. 800.000 pr. 31. desember 1975.

Endurrit úr gerðabók rannsóknadeildar ríkisskattstjóra varðandi könnun þessa hljóðar svo:

„Ár 1977, fimmtudaginn 10. mars, kom fyrir Gunnar Jóhannesson, deildarstjóra rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, Páll Þorláksson, Fífuhvammsvegi 39 í Kópavogi, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Raffels h.f., Fífuhvammsvegi 39, einnig í Kópavogi.

Mættum er tjáð, að hann sé kvaddur til skýrslugjafar þessarar í tilefni af athugun rannsóknardeildarinnar á tilteknum atriðum í skattframtali Raffels h.f. gjaldárið 1976 að beiðni skattstjórans í Reykjanesumdæmi.

Mættur kveður starfsemi fyrirtækisins fólgna í rafverktaka-

starfsemi almennt. Hann kveður starfsstöð fyrirtækisins vera að Fífuhvammsvegi 39. Er efnisgeymsla í bílgeymslu. Vinnustaður er í einu herbergi í kjallara, en þar fer þó í raun nánast engin starfsemi fram, heldur eru þar geymd verkfæri o. fl. skylt dót. Á fyrstu hæð er skrifstofa fyrirtækisins í einu herbergi ásamt snyrtiaðstöðu. Á annarri hæð er vinnuaðstaða í einu herbergi fyrir teikningar og geymslu þeirra. Er um helmingur af öllu flatarrými hússins að meðtöldum bílskúr notaður undir starfsemi fyrirtækisins.

Aðspurður kveður mættur sig, eiginkonu sína og dóttur vinna á starfsstöð fyrirtækisins. Einnig koma þar starfsmenn fyrirtækisins til útreikninga o. fl., en þeir vinna við einstök verk.

Aðspurður kveður mættur eiginkonu sína vinna í þágu fyrirtækisins við allt mögulegt, sem til fellur, svo sem símavörslu, útreikninga á ýmsu í sambandi við ákvæðisvinnumælingar, vinnulaunum, sendiferðir, pástlagningar, innheimtu o. fl. Annars kveðst mættur ekki muna, hvað hún gerði og hvað dóttirin gerði.

Mættur kveður dóttur sína, Margréti, hafa unnið við það sama á árinu 1975 og eiginkona sín gerði og tekið síðan við af henni.

Aðalstarf dótturinnar Margrétar í starfi skrifstofunnar kveður mættur það ekki hafa verið neitt sérstakt.

Mætta er bent á, að af rúmlega 400 launanótum og reikningsútskriftum í bókhaldi fyrirtækisins 1975 séu um 40 með annarri rithönd en hans. Að sögn mætta kveður hann þetta vel geta verið.

Skýrsla þessi er tekin skv. 36. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt."

Í bréfi ríkisskattstjóra til skattstjóra í Reykjanesumdæmi, dags. 25. mars sl., er eftirfarandi getið um athugun á bókhaldi og bókhaldsgögnum gerðarþola rekstrarárið 1975:

„1. Á árinu voru skrifaðir út 430 launareikningar, og sá Margrét líklega um útskrift 46 reikninga, en faðir hennar Páll Þorláksson, nafnnr. 7036-5278, framkvæmdastjóri Raffells h.f., sá um útskrift þeirra reikninga, sem eftir voru. Tímatalning sýnist eingöngu unnin af Páli.

2. Margrét hefur líklega einnig séð um skýrslugerð vegna lífeyrissjóðs, en þær eru um 10 handskrifaðar síður fyrir allt árið. Ekki hafa verið útfylltar skýrslur vegna orlofs á árinu.

3. Margrét hefur líklega fyllt úr 132 nótur af 200 vegna efnis- og verðútreikninga, en Páll séð um að útfylla það, sem þá er eftir.

4. Margrét hefur líklega séð um innfærslu á 11 reikningum í reikningsbók af 171, en að öðru leyti hefur Páll séð um þetta verk.

Liðir 5—8 í bréfinu var reynt að kanna á þann hátt, að Páll var kallaður fyrir til viðtals, og hjálagt sendist yður afrit úr gerðabók rannsóknardeildarinnar, þar sem framburður Páls kemur fram.

Ekki verður séð af fylgiskjölum né bókhaldi fyrirtækisins, hvaða störfum Ásthildur Pétursdóttir, nafnnr. 0803-9127, hefur gegnt hjá fyrirtækinu."

Niðurstöður þessarra athugana sendi skattstjóri gerðarþola með bréfi, dags 5. apríl sl., og hinn 1. apríl sl. sendi hann gerðarþola bréf og boðaði honum, að afgreiðsla kæru hans frá 23. nóv. 1976 yrði sameinuð fyrirhugaðri breytingu vegna nýrra upplýsinga, og veitti félaginu 8 daga frest til að koma að skriflegum athugasemdum. Skattstjóri færði þau rök fyrir þessari ætlun sinni, að við „ofangreinda athugun, sem m. a. fór fram á bókhaldsgögnum félagsins, verður ekki séð, að Ásthildur Pétursdóttir, eiginkona framkvæmdastjóra félagsins og aðalhluthafa, inni af höndum vinnu í þágu félagsins fyrir þeirri launagreiðslu, sem félagið gjaldfærir vegna hennar. Er því fyrirhugað að fella niður úr gjaldalið framtalsins meinta launagreiðslu til Ásthildar að upphæð kr. 311.000.-. Ennfremur er fyrirhugað að færa þessa upphæð til tekna með 20% álagi, þar sem telja verður greiðslu þessa skattskylda ráðstöfun á varasjóði félagsins, sbr. 9. gr. laga nr. 68/1971, eins og henni var breytt með 4. gr. laga nr. 7/1972.

Sömuleiðis verður að telja þá greiðslu félagsins til Margrétar Pálsdóttur, sem ekki getur talist vera fyrir vinnuframlag hennar, til skattskyldrar ráðstöfunar á varasjóði."

Með bréfi, dags. 18. apríl sl., mótmælti gerðarþoli fyrirhugaðri niðurfellingu á launagreiðslu að fjárhæð kr. 311.000 til Ásthildar Pétursdóttur úr gjaldalið framtals gerðarþola og mótmælti jafnframt niðurskurði á launagreiðslum til Margrétar Pálsdóttur að fjárhæð kr. 512.000. Hann kvað Margréti og Ásthildi hafa annast að mestu öll þau störf, sem ein skrifstofustúlka mundi anna hjá fyrirtæki sem þessu. Væru laun þeirra beggja samanlögð þó lægri en ein vélritunarstúlka hefur hjá því opinbera í árslaun. „Verður því ekki séð, með hvaða rétti skattstofan getur skert þessar greiðslur, því ekki er í verkahring starfsmanna skattstofu að ákveða laun starfsfólks fyrirtækja. Er ekkert við það að athuga, þótt fyrirtæki greiði eiginkonu og dóttur framkvæmdastjóra laun fyrir þau störf, sem þær annast, því ella þyrfti að ráða skrifstofustúlku, og yrðu laun hennar efalaust ekki lægri."

Gerþarþoli gat þess, að skv. athugun rannsóknadeildar ríkis-

skattstjóra hefði komið fram, að Margrét hafi unnið ýmis störf fyrir fyrirtækið, sem sannanleg séu skv. bókhaldi, en benti sérstaklega á, að flest þau störf, sem Margrét og Ásthildur hafi unnið, væru ekki lesin út úr bókhaldi og fylgiskjölum, t. d. öll vélritun, sendiferðir, útréttingar í banka, símavarsla, skilaboð, verkbeiðnir, ræsting á skrifstofu, snyrtiherbergi, innheimtur, póstlagningar, innfærslur á innheimtum o. fl. o. fl. Af þessu taldi gerðarþoli ljóst, að skattstjóri gæti ekki réttlætanlega skorið niður þau laun, sem hér hafa verið greidd og væru ekki hærri en sem svaraði lágum launum skrifstofustúlku.

Hinn 22. apríl sl. kvað skattstjóri upp þann úrskurð, að tekjuskattur 1976 yrði kr. 523.844, var kr. 251.751, hækkun kr. 272.093, aðstöðugjald 1976 yrði kr. 225.100, var kr. 225.940, lækkun kr. 840, kirkjugarðsgjald 1976, hækkun kr. 19.

Kærufrestur vegna úrskurðar á kæru félagsins frá 23. nóv. 1976 var veittur 21 dagur til ríkisskattanefndar, en kærufrestur vegna annarra breytinga 14 dagar til skattstjóra, hvort tveggja frá dags. úrskurðar þessa.

Í forsendum úrskurðarins segir eftirfarandi:

„I.

Gjaldárið 1975 synjaði skattstjóri að sérskattleggja tekjur Margrétar Pálsdóttur. Taldi hann, að launagreiðsla frá Raffelli h/f væri tilraun til tekjudreifingar. Var sú niðurstaða byggð á því, að launagreiðslan væri óeðlilega há miðað við möguleika Margrétar til öflunar hennar. Var þá haft í huga 9 mánaða nám hennar. Niðurstaðan studdist einnig við tengsl hennar við launagreiðanda, en foreldrar hennar áttu 98.33% hlutafjár í Raffelli h/f. Ríkisskattanefnd staðfesti þennan úrskurð skattstjóra með vísan til forsendna hans, sbr. úrskurð nefndarinnar nr. 169 frá 1976.

Á framtali næsta árs (1976) gjaldfærir Raffell h/f sem launagreiðslu til nefndrar Margrétar kr. 512.000.-. Í ljósi þess, að Margrét hafði enn verið í 9 mánaða erfiðu námi á árinu 1975, (lauk landsprófi um vorið og hóf nám í Verslunarskóla Íslands um haustið) auk þess að vinna í sumarleyfi sínu hjá Kópavogskaupstað, þótti launagreiðsla þessi með ólíkindum. Var þá félaginu ritað bréf, í hverju var boðað, að fyrirhugað væri að fella niður gjaldfærðan frádrátt vegna nefndrar launagreiðslu, þar eð atvik bentu til, að ekkert vinnuframlag væri innt af hendi sem endur-

gjald fyrir hana. Í samræmi við framanritað var framtal félagsins tekið til endurálagningar þann 16. nóv. s.l.

II.

Endurálagningin var kærð með bréfi, dags. 23. nóv. s.l., hvar krafist var, að hún yrði felld niður og laun til Margrétar að fullu leyfð til frádráttar.

Vegna eindreginna fullyrðinga um ákveðið vinnuframlag Margrétar þótti rétt að kanna nánar réttmæti þeirra. Rannsóknardeild ríkisskattstjóra athugaði þessi atriði með könnun á bókhaldi og skjölum félagsins ásamt skýrslutöku af framkvæmdastjóra þess. Skýrslur rannsóknardeildarinnar hafa verið sendar félaginu.

Fram kemur við nefnda athugun, að megnið af þeirri skjalavinnu, sem Margrét er talin vinna, er unnin af framkvæmdastjóra félagsins. Ennfremur má sjá, að sú skjalavinna, sem hún hefur annast, er ekki veigamikil. Þótt hún hafi og staðið í tilgreindum snúningum fyrir félagið, sem þó verður að ætla, að sé að mestu leyti verk framkvæmdastjórans, er greinilegt, að endurgjald fyrir vinnu hennar er miklu hærra en eðlilegt getur talist. Í þessu sambandi er athyglisvert að bera saman laun Margrétar kr. 512.000.- annars vegar og framkvæmdastjórans kr. 1.191.298.- hins vegar, einkum þegar það er haft í huga, að hann var hvorki í skólanámi 9 mánuði ársins né í fullri vinnu annars staðar hina þrjá.

Skv. því, sem rakið hefur verið, er ekki unnt að fallast á kröfu kæranda, en rétt þykir að fallast á, að hæfilegt endurgjald fyrir vinnu Margrétar sé kr. 250.000.-. Kæra er að þessu marki tekin til greina.

III.

Fram kemur í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, að ekki verði séð af fylgiskjölum né bókhaldi félagsins, að eiginkona framkvæmdastjórans inni af hendi nokkurt starf í þess þágu. Því var félaginu ritað bréf þann 1. apríl s.l. og tilkynnt, að fyrirhugað væri að fella niður sem rekstrarútgjöld meinta launagreiðslu til Ásthildar Pétursdóttur, þar eð telja mætti víst, að um ekkert vinnuframlag væri að ræða. Sömuleiðis var boðað, að varasjóður félagsins yrði færður til tekna með 20% álagi, þar sem greiðsla til Ásthildar og hluti greiðslu til Margrétar teldist skattskyld ráðstöfun á varasjóði.

Þar sem svarbréf félagsins gefur ekki tilefni til breytinga á

boðaðri endurálagningu, tilkynnist, að skattframtal þess hefur verið tekið til endurálagningar með þeim breytingum, sem boðaðar voru í bréfi skattstofunnar frá 1. apríl s.l., þ. e. meint launagreiðsla til Ásthildar kr. 311.000.-, en felld úr gjaldalið framtals og varasjóður í árslok 1975 k. 385.517.- færður til tekna ásamt 20% álagi.

Nettótekjur verða kr. 1.150.707.-
Tillag í varasjóð verður kr. 172.021.-
Aðstöðugjaldsstofn verður kr. 17.319.048."

Ekki neytti gerðarþoli kæruheimildarinnar, heldur mótmælti hann lögtaki með bréfum til innheimtumanns ríkissjóðs, dags. 15. maí 1977 og 12. september s. á., og kvaðst mundu halda uppi vörnum í fógetaréttarmáli.

Í greinargerð rökstyður lögmaður gerðarþola kröfur sínar og segir þar, að skattahækkun sú, sem lögtakskrafan lýtur að, sé ólögmæt ákvörðun sökum þess, að gerðarþola hafi ekki verið veittur kostur á að tjá sig, áður en skattstjóri tók ákvörðun sína um útstrikun launa Margrétar í bréfi, dags. 3. nóvember 1976, og launa Ásthildar í bréfi, dags. 1. apríl 1977. Skattstjóri hafi strax myndað með sér skoðun á málinu án þess að leita skýringa hjá gerðarþola áður, sbr. 4. málslið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1973 um breytingu á þeim lögum. Þá gaf skattstjóri gerðarþola ekki kost á að tjá sig um þær upplýsingar og þau gögn, sem skattstjóri aflaði sjálfur og byggði ákvörðun sína á, en telja verður almenna reglu í skattarétti, að í úrskurðum sínum megi skattayfirvöld ekki byggja á upplýsingum og gögnum, sem þau kunna að afla sér sjálf, án þess að veita skattaðilja kost á að tjá sig um þær.

Þá telur lögmaðurinn úrskurði skattstjóra frá 16. nóv. f. á. og 22. apríl þ. á. órökstudda, þar sem hann hafi ekki tekið til rökstuddrar úrlausnar skýringar gerðarþola, en honum beri að rökstyðja úrskurði sína, sbr. 40. gr. laga nr. 68/1971, þannig að skattaðiljar geti séð það af úrskurðinum, að gögn hans og skýringar hafi verið tekin til meðferðar og rökstuddrar úrlausnar.

Gerðarþola var ekki veitt tækifæri til að tjá sig um niðurstöður athugunar rannsóknadeildar ríkisskattstjóra gagnvart rannsóknaraðiljum sjálfum, sem starfaði eftir sérstökum lagaheimildum.

Framkvæmdastjóra félagsins var ekki gefið að sök að hafa skýrt rangt frá tekjum sínum, er hann gaf skýrslu hjá nefndri rannsóknadeild, sbr. Hrd. 1974, bl. 154. Þannig skortir verulega á,

að skattayfirvöld hafi gætt réttra aðferða og hlutlægni við alla meðferð málsins.

Þá taldi lögmaðurinn grundvöll lögtakskröfunnar ekki nægilega skýran, m. a. að því leyti, að úrskurður skattstjóra, dags. 16. nóv. 1976, þar sem tekjuskattur var hækkaður um kr. 205.555, var kærður og sætti hækkun með úrskurði, dags. 22. apríl þ. á., „en skattstjóri sameinar málin í þeim úrskurði og tilkynnir nettóhækkun til innheimtumanns eftir að hafa nánast skuldajafnað á móti oftilkynntri skatthækkun.

Kæra umbj. míns á úrskurði skattstjóra, uppkveðnum hinn 16. nóv. 1976, hlaut að fresta framkvæmd hans, og var því ekki rétt að tilkynna þá hækkun til innheimtumanns, einkum með tilliti til þess, að þegar skattstjóri tilkynnir fjárhæð þessa óbreytta, var hann búinn að lækka hana verulega með úrskurði sínum, dags. 22. apríl 1977. Er allur málatilbúnaður gerðarbeiðanda óskýr og ófullkominn að þessu leyti.

Af öllu því, sem nú var rakið um annmarka þá, sem eru á meðferð málsins hjá skattyfirvöldum, má þegar vera ljóst, að úrskurðir skattstjóra geta ekki verið lögmæt undirstaða undir skatthækkanir þær, sem lögtakskrafan lýtur að, og á því það eitt að leiða til þess, að synjað verði um framkvæmd lögtaksins."

Í seinni hluta greinargerðar sinnar fjallar lögmaður gerðarþola um þau störf, er Margrét Pálsdóttir og Ásthildur Pétursdóttir gegndu í þágu gerðarþola og rakið hefur verið hér að framan. Auk þess vitnaði hann til framlagðra vottorða frá 12 aðiljum, viðskiptamönnum og starfsmönnum gerðarþola, um almenn skrifstofustörf Margrétar hjá félaginu.

Síðan segir í greinargerðinni:

„Skattstjóri ákvað að fella niður sem rekstrarútgjöld launagreiðslur þessar, en skattstjóri mat þó síðar kr. 250.000.- sem hæfilegt endurgjald fyrir vinnu Margrétar. Skattstjóri féllst því ekki á, að kr. 262.000.- séu endurgjald fyrir vinnu Margrétar og kr. 311.000.- séu ekki endurgjald fyrir vinnu Ásthildar. Þessari ákvörðun skattstjóra er hér með harðlega mótmælt sem rangri, ólögmætri og óhóflegri, enda í ósamræmi við staðreyndir, og vafasamt er um lagaheimild skattstjóra til þessara aðgerða.

Skattstjóri fer langt út fyrir starfssvið sitt, þegar hann telur sig hafa heimild til þess að meta, hvað sé hæfilegt endurgjald fyrir sannanlega veitt vinnuframlag. Þá má benda á, að ekki hafa launagreiðslur þessar eða störf Margrétar og Ásthildar verið bornar undir þær sjálfar af hálfu skattyfirvalda. Því er mótmælt,

að launagreiðslur til þeirra Margrétar og Ásthildar hafi verið með þeim hætti, að þær eigi að leiða til skattlagningar sem ráðstöfun í varasjóð, enda um venjulegar og eðlilegar launagreiðslur til þeirra að ræða. Á það er bent, að skattyfirvöld hafa farið ákaflega varlega í að beita ákvæðum 3. liðar 4. gr. laga 58/1971 um breytingar á 9. gr. laga nr. 68/1971, sbr. hér t. d. úrskurð ríkisskattanefndar nr. 1255 frá árinu 1973."

Röksemdir gerðarbeiðanda.

1. Lögmaður gerðarbeiðanda telur ljóst, að skattstjóri hafi veitt gerðarþola kost á að tjá sig, áður en hann tók ákvörðun um útstrikun launa Margrétar og Ásthildar, og hafi gerðarþoli skýrt rangt frá staðreyndum. Vísaði lögmaðurinn til 1. mgr. 37. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1973 í þessu sambandi og kvað skattstjóra hafa tilkynnt í báðum umræddum bréfum til gerðarþola, að fyrirhugað væri að fella niður rekstrarútgjöld og málið skýrt með því að rekja ástæður. Eftir að skattstjóri hafði fengið þær upplýsingar, sem hann bað um skriflega, eins og áðurnefnd lagatilmæli segja til um, kvað hann upp úrskurði sína og hafði ekki áður myndað sér neina ákveðna skoðun.

2. Lögmaðurinn mótmælti, að úrskurði skattstjóra skorti rökstuðning Með bréfi endurskoðandans, dags. 9. nóv. 1976, voru engin gögn send, heldur aðeins fullyrt, að laun þessi væru síst of hátt reiknuð. Í úrskurði skattstjóra var þetta rökstutt með því, að bréf þetta gæfi ekki tilefni til breytinga. Þegar endurskoðandinn gerir fyllri grein fyrir máli sínu í bréfi, dags. 23. nóv. 1976, telur skattstjóri nauðsynlegt að kanna til hlítar sannleiksgildi fullyrðinga þeirra, er fram komu í bréfinu, og er seinni úrskurður hans ítarlega rökstuddur og byggist á undangenginni rannsókn hjá ríkisskattstjóra.

3. Þeirri röksemd gerðarþola, að við skýrslutöku af framkvæmdastjóranum hjá rannsóknadeild hafi honum ekki verið gefið að sök að hafa skýrt rangt frá tekjum sínum á skattframtali 1976, sbr. Hrd. 1974, 154, mótmælti gerðarbeiðandi og kvað þennan dóm hafa fjallað um langtum víðtækari atriði, en aðeins hafi verið til umfjöllunar launagreiðslur tveggja aðilja og réttmæti þeirra.

4. Varðandi gagnrýni gerðarþola á reikningsaðferð gerðarbeiðanda að byggja fyrst á úrskurði sínum, dags. 16. nóv. 1976, og

taka síðan tillit til hans í úrskurði sínum, dags. 22. apríl, vísaði lögmaðurinn til viðtekinnar venju hjá embætti skattstjóra Reykjanesumdæmis, sem ekki hafi verið vefengd til þessa, að því er hann best vissi. Jafnframt væri ekki að sjá, að gerðarþoli teldi hækkun skatta kr. 477.648 fjárhagslega ranga.

5. Lögmaðurinn mótmælti þeirri fullyrðingu gerðarþola, að tilkynnt hefði verið um hækkun til innheimtumanns, áður en úrskurður, dags. 22. apríl sl., var upp kveðinn, þar sem umræddar hækkanir á tekjuskatti hafi verið sendar innheimtumanni ríkissjóðs í Kópavogi 3. og 31. maí sl. Væri hvort tveggja í fyllsta samræmi við gildandi lagaákvæði.

6. Gerðarbeiðandi mótmælti þeirri vörn gerðarþola, að úrskurður skattstjóra væri óréttmætur og ósanngjarn og bryti gegn staðreyndum, og vísaði til bréfs ríkisskattstjóra, þar sem niðurstöður athugana rannsóknadeildar voru kynntar. Í ljós hafi komið takmörkuð bókhaldsvinna Margrétar, og engin fylgiskjöl í bókhaldi sýndu störf Ásthildar Pétursdóttur. Var framkvæmdastjórinn sérstaklega spurður um þessi atriði, og kom þar ekkert fram, er sérstaklega styddi umræddar launagreiðslur, umfram það, sem skattstjóri réttilega viðurkenndi vinnu Margrétar að fjárhæð kr. 250.000, og er hér tekin til greina vottorð starfsmanna og viðskiptamanna.

7. Ekki telur lögmaðurinn, að skattstjóri hafi farið út fyrir valdsvið sitt, er hann ákvað hæfilegt endurgjald fyrir sannanlega veitt vinnuframlag, þar sem hann hafi skv. ótvíræðu ákvæði 37. gr. laga 68/1971 heimild til þess að áætla tekjur eftir bestu vitund, ef hann fær ekki fullnægjandi svar. Hins vegar væri viðurkennt hjá fjölmörgum fræðimönnum í skattamálum, svo og kemur það sjónarmið fram í dómum hér og erlendis, að mjög orkar tvímælis, hvort dómstólar eigi að hafa heimild til þess að breyta ákvörðunum skattayfirvalda, sem ekki megi telja óhóflegar eða rangar. „Veruleg afskipti dómstóla af ákvörðunum skattstjóra rýra álit og tiltrú hans úti frá og ber aðeins að beita, ef brýn ástæða þykir til þess koma."

8. Varðandi þá ákvörðun skattstjóra, að ekki væri fallist á, að þær launagreiðslur, sem felldar voru niður, fari að hluta í varasjóð, byggist á því, að af hálfu gerðarbeiðanda var gengið út frá því sem sönnu, er framtalið ber með sér, að viðkomandi aðiljar hafi fengið umræddar fjárhæðir greiddar, og af þeirri ástæðu væri ekki hægt að ætla hluta þeirra í varasjóð.

Niðurstaða.

Fram hefur komið í málinu, að framangreind fjárhæð, sem lögtaks er krafist fyrir, sé rétt reiknuð samkvæmt tilkominni tekjuhækkun skattayfirvalda. Mál þetta snýst því eigi um útreikning fjárhæðarinnar, heldur um það í fyrsta lagi, hvort skattayfirvöld hafi farið að lögum um tekjuhækkunina og gætt þeirra fyrirmæla, sem sett eru í 37. grein laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1973. Í öðru lagi, hvort ákvörðun skattstjóra um niðurfellingu launa hafi við rök að styðjast, og í þriðja lagi var því mótmælt, að umræddar launagreiðslur hefðu verið með þeim hætti, að þær eigi að leiða til skattlagningar sem ráðstöfun í varasjóð, sbr. b lið 4. gr. laga 58/1971 um breytingu á 9. gr. laga nr. 68/1971.

Svo sem að framan greinir, vefengdi skattstjóri framtal gerðarþola að því er varðar launagreiðslur til tveggja starfsmanna gerðarþola. Skoraði skattstjóri á gerðarþola með bréfum að skýra þennan lið framtalsins og efnahags- og rekstursreikning, sem framtalinu fylgdi. Gerðarþoli sendi í tæka tíð svör við þessum áskorunum skattstjóra, en þar eð hann taldi skýringar gerðarþola eigi fullnægjandi, voru gerðarþola áætlaðar umræddar viðbótartekjur, er leiddi til hækkunar þinggjalda í samræmi við tekjuhækkunina.

Um langa tíð hefur verið ákvæði í íslenskum skattalögum þess efnis, að gefi skattþegn ekki fullnægjandi upplýsingar um fjármál sín í framtali af áskorun skattstjóra þar um, hafi skattstjóri heimild til að áætla skatt skattþegns með hliðsjón af framlögðum gögnum. Í lögum um tekju- og eignarskatt frá 1877 var þetta beinlínis orðað svo, að skattstjóri áætlaði skattgjald skattþegns eftir því sem hann teldi sannast og réttast. Efnislega hliðstætt ákvæði í núgildandi skattalögum felst í 37. gr. laga nr. 68/1971, sbr. lög nr. 60/1973, 7. gr., en þar segir m. a.: „Berist eigi svar frá framteljanda innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn, sem óskað er, eða send gögn eru ófullnægjandi, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattþegns svo ríflega, að eigi sé hætt við, að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru, og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun."

Hvergi er í greinargerð með þessum ákvæðum talið, að þau þurfi frekari skýringa við, en líta verður svo á, að heimild skattstjóra til áætlana sé allvíðtæk.

Í máli þessu er deilt um, hvort aðili, gjaldandi eða skattayfirvöld, beri sönnunarbyrði um framangreind vinnuframlög þeirra

mæðgna. Telja verður almenna reglu í skattarétti, að skattstjóri úrskurði með hliðsjón af þeim gögnum, sem honum hafa borist, en heimilt er honum að krefjast viðbótargagna, en ekki skylt, jafnvel þó að hann telji gögn skorta. Skortur á gögnum hlýtur að leiða til synjunar skattstjóra á kröfum kæranda.

Samkvæmt nefndri 37. grein ber skattstjóra engin skylda til að tilkynna framteljanda sérstaklega, að hann telji eigi skýringar hans fullnægjandi, og verður hin tilvitnaða lagagrein eigi skilin á annan veg, svo sem hér að framan greinir, en að það sé innan valdsviðs skattayfirvalda að meta, hvort skýringar framteljanda séu fullnægjandi eða eigi.

Þegar litið er á gögn málsins í heild og munnlegan málflutning þess, virðist gerðarþoli ekki hafa getað gefið skattayfirvöldum fullnægjandi skýringar á athugasemdum þeim, er þau hafa gert við skattframtal hans. Dómurinn lítur svo á, að gerðarþoli hafi eigi leitt rök að því, að á umræddri tekjuhækkun, og þar af leiðandi þinggjaldahækkun, séu þeir annmarkar, að ógildingu varði, og verður ekki annað séð en að skattstjóri hafi fullnægt framangreindum ákvæðum 37. gr. laganna og öðrum ákvæðum þeirra við hina umdeildu skattálagningu, og þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að umrædd tekjuáætlun hafi verið svo óhófleg, að dómstólum sé rétt að grípa fram fyrir hendur skattayfirvalda af þeim sökum, ber að taka kröfur gerðarbeiðanda til greina og leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar fyrir árið 1976, kr. 477.648 auk dráttarvaxta, eins og krafist hefur verið, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu verða þau mótmæli gerðarþola, að umræddar launagreiðslur hafi ekki verið með þeim hætti, að þær ættu að leiða til skattlagningar sem ráðstöfun í varasjóð, ekki tekin til greina, enda segir eftirfarandi í b lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 7/1972 um breytingu á g. (sic) gr. laga nr. 68/1971: „Ef félag, sem er sjálfstæður skattaðili og hefur varasjóð, myndaðan af skattfrjálsum framlögum, ráðstafar honum til annars en þess að mæta rekstrarhalla fyrirtækisins, svo sem veitir hluthöfum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur og arðsúthlutun, skal telja þá fjárhæð að viðbættum 20% til skattskyldra tekna á því ári."

Að lokum ber að úrskurða gerðarþola til að greiða gerðarbeiðanda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000.

Sigurberg Guðjónsson fulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á hendur gerðarþola, Raffelli h/f, Fífuhvammsvegi 39, Kópavogi, á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda fyrir kr. 477.648 auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 100.000 í málskostnað.

Fimmtudaginn 26. júní 1980.

Nr. 97/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Eðvarð Lövdahl.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. júní 1980 í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Gögn máls bárust Hæstarétti 23. s. m. Hvorki hefur borist greinargerð frá ríkissaksóknara né skipuðum verjanda varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. júní 1980.

Ár 1980, laugardaginn 21. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Í gær krafðist rannsóknarlögregla ríkisins þess, að Eðvarð

Lövdahl, fæddur 12. desember 1937, til lögheimilis að Kríuhólum 2, dvalarstaður Hörpugata 12 hér í borg, yrði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 2. júlí nk. vegna rannsóknar á ætluðum fjársvikum hans.

Kærði var færður fyrir dóm í gær og hann yfirheyrður um sakargiftir, eftir að honum hafði verið kynnt krafa rannsóknarlögreglu ríkisins, sem tekin var til úrskurðar í lok dómþings.

Í ítarlegri greinargerð, sem fylgdi kröfu rannsóknarlögreglunnar, segir m. a.:

„RLR hefur borist kæra Steingríms Þórissonar, Reykholti, Borgarfirði, á hendur Eðvarð Lövdahl fyrir víðtæk fjársvik.

Upphaf þessara viðskipta kærða og Steingríms var, að hann kvaðst hafa verið að reyna að fjármagna útgáfu „Snorrapening" (sic), sem gefa átti út í tilefni Snorrahátíðar á s.l. sumri. Erfiðlega hefði gengið að útvega fjármagn til útgáfunnar og hafi það síðar orðið að samkomulagi milli Steingríms og kærða, að kærði reyndi að útvega fármagjn í gegnum frænda sinn, Sigurð Jónsson. Í þessu skyni kveðst Steingrímur hafa afhent kærða óútfyllta víxla, samþykkta af honum sjálfum og konu hans.

Útvegun fjármagnsins hafi síðan dregist, en kærða tekist með blekkingum að fá að nota þrjá af áðurnefndum sjö víxlum til eigin þarfa. Steingrímur kveðst hafa útfyllt þessa þrjá víxla sjálfur að fyrirlagi kærða, samtals að upphæð kr. 3.900 milljónir (sic), jafnframt hafi kærði fullvissað hann um, að afgangurinn af víxlunum myndi nægja til að tryggja lánsféð, sem ætti að afhendast 25. júlí. Ekkert varð þó af því. Þann 21. ágúst segir Steingrímur, að hringt hafi til sín maður, er kvaðst heita Sigurður Jónsson. Kvaðst hann hafa hringt samkvæmt tilmælum kærða til að staðfesta, að lánsféð fengist.

Vitnið, Konráð Axelsson, sem framleiða átti minnispeningana, hefur borið, að til hans hafi hringt maður til að spyrjast fyrir um framleiðsluna, þar sem til stæði að lána Steingrími fé til framleiðslu þeirra.

Steingrímur (sic) segir, að sama dag og hann ræddi við Sigurð Jónsson í síma, eða daginn eftir, hafi kærði haft samband og beðið um að fá að nota enn einn af óútfylltu víxlunum. Steingrímur kveðst hafa samþykkt það og eftir fyrirmælum kærða útfyllt víxilinn að upphæð kr. 1.450.000.

Vegna fjárskorts varð ekkert úr því, að minnispeningarnir yrðu framleiddir. Steingrímur kveðst þá hafa óskað eftir því við kærða, að hann skilaði aftur víxlunum, en hann hafi ekki gert

það, heldur hafi hann sett þá alla í umferð. Er fyrstu víxlarnir tóku að falla, kveðst Steingrímur hafa útgefið og samþykkt framlengingarvíxla, en kærði hafi ekki notað þá alla til framlengingar, heldur sett þá í umferð. Urðu þetta því alls 10 víxlar, samtals að upphæð 14.660.000.-. Steingrímur kveðst hafa fengið til baka í víxlum og vörum 8.160.000.-, en kærði því haft af honum fé með blekkingum að upphæð kr. 6.5 milj."

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi hefur kærði neitað að hafa veitt Steingrími vilyrði fyrir útvegun lánsfjár vegna fyrirhugaðrar útgáfu á svokölluðum „Snorrapening". Hann kveður ofangreinda víxla vera tilkomna vegna vöruviðskipta þeirra Steingríms. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kvaðst kærði hafa selt Steingrími vörur fyrir 6.760.000, sbr. kvittanir, er hann lagði fram við yfirheyrsluna, en skv. þeim kvittunum eru vörurnar afhentar skv. lista. Kvaðst kærði ekki vita, hvar þessir vörulistar væru niðurkomnir. Enn fremur neitaði kærði við sömu yfirheyrslu svo og fyrir dómi, að Steingrímur hefði afhent honum fyrstu 7 víxlana óútfyllta, heldur hafi Steingrímur útfyllt þá sjálfur. Kærði kvaðst ekki þekkja neinn Sigurð Jónsson.

Í greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins segir enn fremur:

„Steingrímur Þórisson hefur einnig borið, að kærði hafi stolið tveimur víxlum, hvorum að upphæð 1 milj. kr. Þessir tveir víxlar hafi verið meðal 11 víxla, er voru í vörslu kærða vegna fyrirhugaðra kaupa þeirra á skurðgröfu. Af kaupunum varð þó ekki. Víxlarnir voru samtals að fjárhæð 11 milj., samþykktir af Steingrími Þórissyni. Víxlarnir voru afhentir í júlí 1979, og skilaði kærði Steingrími umslagi með víxlunum í ágúst eða september s.l. Nú í vor hafi Steingrímur fengið tilkynningu um gjalddaga á tveimur af þeim víxlum, er samþykktir voru vegna gröfukaupanna, og við athugun hafi komið í ljós, að tvo útfyllta víxla vantaði í umslagið, en í stað þeirra voru sett tvö óútfyllt víxileyðublöð."

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi hefur kærði neitað að hafa haldið eftir ofangreindum tveim víxlum, en borið, að hann hafi skilað Steingrími öllum 11 víxlunum, en Steingrímur hafi sjálfur í viðurvist kærða afhent Þóri Halldórssyni víxlana, en Þórir var þá starfsmaður kærða, og hafi Þórir átt að koma víxlunum í peninga fyrir Steingrím. Þórir Halldórsson hefur hins vegar borið við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að kærði hafi afhent honum ofangreinda

tvo víxla í desember 1979 sem greiðslu fyrir vinnu í þágu kærða. Enn fremur hefur sonur kærða, Ragnar Kornelíus Lövdahl, borið fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann hafi heyrt á samtal föður síns og Þóris, þar sem rætt var um, að Þórir ætti að fá tvo 1 millj. kr. víxla sem greiðslu fyrir ýmis viðvik og störf, sem Þórir hefði innt af hendi fyrir föður hans. Taldi Ragnar Kornelíus, að samtal þetta hefði átt sér stað einhvern tíma nálægt sl. áramótum.

Í greinargerð rannsóknarlögreglu ríkisins segir enn fremur:

„Steingrímur hefur borið, að í desembermánuði s.l. hafi kærði haft samband og sagst vera á förum til Austur-Asíu í viðskiptaerindum. Hægt væri að gera þar góð kaup á ýmsum seljanlegum vörum. Kærði hafi sagt, að hann vantaði fjármagn, og beðið Steingrím að samþykkja víxla að upphæð 20 milj. kr. Steingrímur fengi endurgreitt í vel seljanlegum vörum. Samningar hafi tekist um, að framlag Steingríms yrði 18.450.000.-. Af því átti Steingrímur að fá 2.450.000.- til baka í reiðufé (7x350.000). Ekkert varð úr verslunarferð þessari, þar sem kærði átti að hefja afplánun refsidóms í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg þann 15. janúar 1980. Samkvæmt staðfestu ljósriti af bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem hér fylgir með, vissi kærði um, að hann hæfi afplánun þennan dag, þann 19. júlí 1979."

Kærði hefur neitað að hafa ætlað í ofangreinda innkaupaferð, en umræddir víxlar séu tilkomnir vegna vörukaupa Steingríms. Steingrímur kveðst hins vegar ekki hafa fengið neinar vörur, en hins vegar hefur kærði borið, að Steingrímur hafi keypt af sér m. a. leikföng, skó og skartgripi og hafi endanlega verið gengið frá þessum kaupum þann 10. janúar sl., en þá hafi Steingrímur afhent sér víxla að fjárhæð kr. 16 millj. vegna þessara kaupa, sbr. ljósrit af „samkomulagi", dagsettu 10. janúar sl., sem kærði lagði fram. Steingrímur hefur hins vegar borið, að hann hafi samþykkt víxla, samtals kr. 18.450.000, en kærði hefur neitað að hafa tekið við víxlum frá Steingrími að upphæð kr. 2.450.000 (7x350.000), en segist hafa móttekið víxla að upphæð kr. 16 millj. (32x500.000). Steingrímur lagði fram í málinu „kvittun", sem er aftan á víxileyðublaði, þar sem m. a. stendur: „hefi í dag 21.12.'79 móttekið víxla að upph. 18.450.000, sem fer upp í til . . . (?) viðskipti okkar." Annað á „kvittuninni", m. a. undirskriftir, er illlæsilegt. Steingrímur hefur borið, að kvittun þessa hafi kærði ritað. Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kvaðst kærði ekki geta neitað að hafa

undirritað „kvittun" þessa, en fyrir dómi í gær kvaðst hann ekki kannast við að hafa skrifað það, sem á henni stendur.

Í kröfugerð rannsóknarlögreglu ríkisins er þess getið, að vitneskja hafi borist um, að allmargir ofangreindra víxla séu komnir í umferð og séu þeir nú í innheimtu. Eftir eigi að rekja feril víxlanna, en þeir eru 51 talsins, og hafi rannsóknarlögregla ríkisins frá því rannsókn þessi hófst unnið að því að afla ljósrita af víxlunum og kanna, á hvern hátt þeim var komið í umferð.

Enn fremur hafa rannsóknarlögreglu ríkisins borist tvær kærur varðandi ætluð fjársvik kærða. Einnig er til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kæra Gunnhildar Ólafsdóttur vegna ætlaðra fjársvika vegna sölu bifreiðar, en við þá sölu komu fram 3 af þeim 32.500.000 kr. víxlum, sem Steingrímur kveður kærða hafa haft af sér vegna fyrirhugaðrar verslunarferðar til Austur-Asíu.

Kærði var úrskurðaður gjaldþrota þann 28. maí 1979. Í yfirheyrslu fyrir skiptarétti þann 29. ágúst 1979 lýsti hann sig algerlega eignalausan. Endurrit úr skiptabók Reykjavíkur liggur frammi í dóminum. Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að kærði hefur haft fjármálaumsvif, eftir að hann var úrskurðaður gjaldþrota, og af gögnum málsins má sjá, að hann hafi einnig á þessum tíma rekið heildverslun á eigin nafni og á eigin nafnnúmeri.

Rannsókn framangreindra mála er á frumstigi.

Með hliðsjón af því, sem að framan segir, og vísan til 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, þannig að hann sæti gæsluvarðhaldinu allt til kl. 1700 miðvikudaginn 2. júlí nk., þar sem hætta er talin á, að ella geti kærði með óskertu frelsi hugsanlega haft áhrif á vitni eða spillt sakargögnum.

Kærði er sakaður um brot, sem geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Eðvarð Lövdahl, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 1700 miðvikudaginn 2. júlí 1980.

Föstudaginn 27. júní 1980.

Nr. 93/1980. **Sigríður Magnúsdóttir**
gegn
Ormari Þorgrímssyni og skiptaráðandanum í Árnessýslu.

Kærumál. Skiptamál. Kröfu um búskipti vegna hjónaskilnaðar synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Með kæru 22. maí 1980, sem barst Hæstarétti 20. júní 1980, hefur sóknaraðili með heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Árnessýslu 25. apríl 1980, en sóknaraðili fékk vitneskju um uppkvaðningu úrskurðarins hinn 9. maí sl. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og skiptaréttinum gert að taka bú málsaðilja til skiptameðferðar. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa engar kröfur borist.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður á það að fallast, að lagaskilyrði skorti, til að sinnt verði kröfu sóknaraðilja um, að bú málsaðilja verði tekið til skiptameðferðar.

Staðfesta ber ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Synjað er kröfu sóknaraðilja, Sigríðar Magnúsdóttur, um, að skiptaréttur Árnessýslu taki til skiptameðferðar bú hennar og varnaraðilja, Ormars Þorgrímssonar.

Málskostnaðarákvæði hins kærða úrskurðar er staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður skiptaréttar Árnessýslu 25. apríl 1980.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi, er tilkomið á þann hátt, að í skiptamálinu nr. 3/1980, skipti á félagsbúi Sigríðar Magnúsdóttur og Ormars Þorgrímssonar, hefur skiptaþoli krafist frávísunar.

Skiptabeiðandi er Sigríður Magnúsdóttir, Þinghólsbraut 63, Kópavogi. Skiptaþoli er Ormar Þorgrímsson, Hrísholti, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.

Skiptabeiðandi og sóknaraðili hefur krafist þess, að skiptaréttur Árnessýslu taki jörðina Hrísholt í Biskupstungum til skiptameðferðar ásamt bústofni, vélakosti og öllum gögnum og gæðum.

Í réttarhaldi 11. mars sl., er mál þetta var fyrst tekið fyrir, krafðist sóknaraðili þess, að búið yrði tekið til opinberra skipta miðað við stöðu búsins eins og hún var á þeim degi. Sóknaraðili gerði einnig kröfu um hlutdeild í afrakstri búsins frá 14. júlí 1977, þ. e. af helmingi bústofns auk leigu af helmingi jarðarinnar Hrísholts, húsum og vélakosti.

Varnaraðili mótmælti í þessu réttarhaldi framkomnum kröfum sóknaraðilja.

Báðir aðiljar kröfðust málskostnaðar úr hendi hins samkv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sættir tókust ekki, og málinu var frestað til 25. mars sl. Þá skilaði lögmaður sóknaraðilja greinargerð.

Málinu var þá frestað til 10. apríl sl., er lögmaður varnaraðilja skilaði greinargerð og málið var munnlega flutt. Varnaraðili krafðist þess, að skiptakröfu yrði vísað frá.

Málsatvik eru þau, að sóknaraðili og varnaraðili gengu í hjúskap 12. apríl 1975 og munu hafa búið að Hrísholti, Biskupstungum.

Hinn 14. júlí 1977 var gefið út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng milli aðilja máls þessa við embætti sýslumannsins í Árnessýslu, sjá dskj. nr. 7. Þar kemur fram, að samkomulag er um skilnaðarskilmála. Endurrit úr hjónaskilnaðarbók Árnessýslu, dskj. nr. 8, sýnir, að bókað hefur verið um eignaskipti samkomulag hinn 29. júní 1977.

Hinn 21. febrúar 1979 fer sóknaraðili fram á leyfi til lögskilnaðar við embætti bæjarfógetans í Kópavogi. Endurrit hefur verið lagt fram, dskj. nr. 9. Þar kemur eftirfarandi fram: „Kveður

konan öll skilnaðarkjör óbreytt og óskar ekki neinna breytinga á áðurgerðu samkomulagi".

Hinn 28. mars 1979 er lögskilnaðarumleitun sóknaraðilja tekin fyrir aftur við embætti bæjarfógetans í Kópavogi. Þá vill sóknaraðili taka fram til að koma í veg fyrir misskilning, að hún hafi ekki hugsað sér að falla á neinn hátt frá helmingaskiptareglu eigna þeirra hjóna við skilnaðinn, sbr. dskj. nr. 10.

Hinn 14. september 1979 er málið tekið fyrir við embætti sýslumannsins í Árnessýslu og bókað um það í hjónaskilnaðarbók. Bæði sóknaraðili og varnaraðili mættu.

Þar er bókað: „Hjónin kveðast munu freista þess að komast að samkomulagi um búskiptin hið fyrsta, og er málinu frestað í því skyni," sbr. dskj. nr. 11.

Ber því samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 86 23. júní 1936, sbr. 223. gr. sömu laga, að taka afstöðu til frávísunarkröfu varnaraðilja strax.

Sóknaraðili hefur haldið því fram, að samkomulag hafi ekki tekist um skipti bús þeirra hjóna 29. júní 1977. Sóknaraðili telur „þær bókanir um búskipti, sem fyrir liggja í málinu" harla ófullkomnar sem samning „auk þess sem hann er bersýnilega ósanngjarn, er til hans var stofnað, og því ekki bindandi fyrir sóknaraðila, sbr. 46. gr. og 54. gr. laga nr. 60/1972, þar sem lögskilnaður hefir enn ekki verið veittur," sbr. ummæli í greinargerð, dskj. nr. 6.

Sóknaraðili hefur einnig haldið því fram, að um misskilning væri að ræða varðandi orðalag umgetinnar bókunar svo og að yfirvald hafi ekki gætt skyldu sinnar við fyrirtöku hjónaskilnaðarmálsins.

Varnaraðili hefur haldið því fram, að samkomulag hafi orðið um skiptin og skiptum þar með verið lokið. Jafnframt telur varnaraðili, að ekki beri að taka bú til opinberra skipta, þegar aðiljar hafa lokið skiptum sín á milli með samningi.

Ekki verður annað séð en sóknaraðili sjálf hafi litið svo á, að um samkomulag væri að ræða, sbr. bókun hjónaskilnaðarmálsins frá 21. febrúar 1979.

Yfirvaldi ber að koma á samkomulagi um skilnaðarkjör við skilnað milli hjóna, sbr. 45. gr. laga nr. 60 29. maí 1972. Slíkt virðist þarflaust, þegar hjón eru sammála.

Aðiljar þessa máls hafa bæði staðfest samkomulag það, sem hér

er deilt um, með nafnundirritun sinni í hjónaskilnaðarbók Árnessýslu 29. júní 1977.

Samkomulagi um skilnaðarkjör má lýsa óskuldbindandi með dómi skv. 54. gr. laga nr. 60 29. maí 1972. Frestur til málshöfðunar er ákveðinn í 2. mgr. sömu gr. 1 ár frá fullnaðardómi eða útgáfu leyfisbréfs.

Slíkt ógildingarmál á undir aukadómþing Árnessýslu.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, verður talið, að samkomulag hafi tekist um skilnaðarskilmála.

Verður því að taka kröfu varnaraðilja til greina. Máli þessu er vísað frá skiptarétti. Málskostnaður fellur niður.

Úrskurð þennan kvað upp Ólafur Helgi Kjartansson, fulltrúi sýslumanns.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá skiptarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 27. júní 1980.

Nr. 58/1978. **Sigurbjörn Sigmarsson**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Svanhildi Sigfúsdóttur
Eddu Ólafsdóttur
Sigríði Ólafsdóttur
Jóni Ólafssyni
Sigfúsi Ólafssyni
Ragnari Eiríkssyni
(Tómas Gunnarsson hdl.)
og Sigurlaugu Ólafsdóttur
(Jón Hjaltason hrl.)
og
Sigurlaug Ólafsdóttir
gegn
Sigurbirni Sigmarssyni
Svanhildi Sigfúsdóttur
Eddu Ólafsdóttur
Sigríði Ólafsdóttur
Jóni Ólafssyni
Sigfúsi Ólafssyni
og Ragnari Eiríkssyni
og
Svanhildur Sigfúsdóttir
Edda Ólafsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Jón Ólafsson
Sigfús Ólafsson og
Ragnar Eiríksson
gegn
Sigurbirni Sigmarssyni.

Ábúðarréttur. Sýknað af skaðabótakröfu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-

son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Halldór Þ. Jónsson, fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, og meðdómsmennirnir Egill Bjarnason framkvæmdastjóri og Haraldur Árnason skólastjóri hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Dómkröfur hans eru þessar:

„1. Að ábúðarréttur aðaláfrýjanda að jörðinni Gröf í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, verði viðurkenndur og gagnáfrýjendur verði skyldaðir með dómi til að láta aðaláfrýjanda fá jörðina til ábúðar frá uppkvaðningu hæstaréttardómsins gegn greiðslu á kr. 40.000 á ári í eftirgjald fyrir jörðina, sem greiðist ársfjórðungslega, kr. 10.000 í hvert sinn, eða gegn nýju eftirgjaldi og leigumála, sem ákveðinn yrði eftir ákvæðum 36. gr. laga nr. 36/1961 eða nú 7. gr., sbr. 44. gr. nýju ábúðarlaganna nr. 64/1976, ef gagnáfrýjendur krefjast þess.

2. Að gagnáfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða aðaláfrýjanda in solidum kr. 2.413.000.- í skaðabætur með 13% ársvöxtum frá 19. júní 1975 til 15. júní 1979, en dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags. Krafa samkvæmt þessum lið er ekki gerð á hendur gagnáfrýjandanum Ragnari Eiríkssyni.

3. Gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða aðaláfrýjanda hæfilegan málskostnað að mati réttarins í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál".

Með bréfi dómsmálaráðherra 2. mars 1978 var aðaláfrýjanda veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Með gagnáfrýjunarstefnu 17. apríl 1978 skaut Sigurlaug Ólafsdóttir máli þessu til Hæstaréttar og stefndi öðrum aðiljum þess. Hún krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með gagnáfrýjunarstefnu 9. maí 1978 skutu aðrir varnaraðiljar í aðalsök málinu til Hæstaréttar. Þau krefjast aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í málinu. Til vara er krafist

staðfestingar á dómi héraðsdóms að því er varðar 1. og 2. mgr. dómsorðs hins áfrýjaða dóms og lækkunar á fégreiðslum samkvæmt 3. mgr. Til þrautavara er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Jafnframt er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Þessir áfrýjendur gera ekki kröfur á hendur gagnáfrýjandanum Sigurlaugu. Með bréfi dómsmálaráðherra 11. janúar 1979 var Svanhildi Sigfúsdóttur veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Við munnlegan flutning málsins notuðu aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandinn Sigfús Ólafsson sér heimild 49. gr. laga nr. 75/1973 til að koma að stuttum athugasemdum, og viku þeir báðir að ýmsum atvikum málsins. Sigfús skýrði m. a. svo frá, að dánarbú föður hans hefði verið skrifað upp. Að öðru leyti liggur það eitt fyrir um búskiptin, sem fram kom í héraði, að þeim lauk með einkaskiptum 22. febrúar 1971.

Aðaláfrýjandi fluttist að Gröf og hóf þar búskap 1. október 1966. Hinn 19. desember 1966 heimilaði gagnáfrýjandi Svanhildur Sigfúsdóttir aðaláfrýjanda full afnot jarðarinnar frá 1. október 1966 til 1. júní 1968, eins og í héraðsdómi greinir. Aðaláfrýjandi hélt síðan áfram búskap á jörðinni sem ábúandi og greiddi landskuld eftir hana, þar til hann fluttist þaðan árið 1975. Ekki var gefið út neitt byggingarbréf til aðaláfrýjanda, eftir að samningurinn frá 19. desember 1966 rann út. Að þessu athuguðu verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi hafi öðlast lífstíðarábúð á jörðinni, sbr. 9. gr. laga nr. 36/1961, er þá giltu, þó að landsdrottinn hafi vanrækt að gefa út byggingarbréf fyrir jörðinni, sbr. 5. og 7. gr. laganna. Skiptir þá ekki máli, hvort gagnáfrýjandinn Svanhildur hafði heimild til að byggja jörðina, áður en dánarbúi eiginmanns hennar, Ólafs Jónssonar, var skipt 1971.

Með bréfi 4. nóvember 1974 sagði gagnáfrýjandi Svanhildur aðaláfrýjanda upp ábúð á Gröf frá fardögum 1975 að telja. Engar ástæður voru tilgreindar í uppsögn þessari. Aðaláfrýjandi ritaði henni bréf 1. desember 1974 og óskaði eftir að fá jörðina keypta. Engin mótmæli gegn uppsögninni eru í bréfi

þessu né ósk um áframhaldandi ábúð. Gagnáfrýjandinn Svanhildur svaraði aðaláfrýjanda með bréfi 28. s. m. og tjáði honum, að hann fengi jörðina ekki keypta. Jafnframt ítrekaði hún útbygginguna. Aðaláfrýandi kveðst í mars 1975 hafa farið þess á leit við Svanhildi og annan eiganda jarðarinnar að fá áframhaldandi ábúð á jörðinni, þó ekki væri nema til haustsins, en það hafi verið árangurslaust. Þau hafi látið í það skína, að þau ætluðu sjálf að nota jörðina. Aðaláfrýjandi fluttist síðan af jörðinni nokkru eftir fardaga vorið 1975, eða 19. júní, en fékk leyfi til að hafa búfé sitt á jörðinni til haustsins.

Í bréfinu 4. október 1974 var þess ekki getið, að jarðeigendur ætluðu að taka jörðina til eigin nota, enda var útbyggingarfrestur of skammur, ef sú hefði verið útbyggingarástæðan, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36/1961. Ekki var tilgreint, að aðaláfrýjandi hefði vanefnt neinar skyldur sínar sem leiguliði, en í útbyggingu skal taka skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu, sbr. 30. gr., sömu laga, ef útbygging er á því byggð. Aðaláfrýjanda mátti ljóst vera, að honum væri ekki skylt að flytjast af jörðinni í fardögum 1975. Hann fluttist ekki af jörðinni fyrr en 19. júní, eins og fyrr segir, en þá var ekki hafinn búskapur né sýnilegur undirbúningur að búskap á jörðinni með venjulegum hætti. Samt sem áður fluttist aðaláfrýjandi sjálfviljugur brott án mótmæla eða athugasemda. Þegar þetta er virt og atvik málsins að öðru leyti, þykir hann ekki eiga rétt til að krefjast þess að fá jörðina aftur til ábúðar.

Þar sem aðaláfrýjandi hlítti útbyggingu af jörðinni, þótt á henni væru þeir annmarkar, sem áður greinir, verður ekki talið, að hann geti krafið jarðeigendur um bætur fyrir tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir vegna búferlaflutningsins.

Samkvæmt því, sem að framan segir, ber að sýkna gagnáfrýjendur af öllum kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæsta-

rétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, 450.000 krónur.

Allur gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjandans Svanhildar Sigfúsdóttur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, 300.000 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendurnir Svanhildur Sigfúsdóttir, Edda Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Jón Ólafsson, Sigfús Ólafsson, Ragnar Eiríksson og Sigurlaug Ólafsdóttir eiga að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Sigurbjarnar Sigmarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 450.000 krónur.

Gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjandans Svanhildar Sigfúsdóttur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Tómasar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, 300.000 krónur.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Um löskipti, sem fjallað er um í máli þessu, ber að beita ábúðarlögum nr. 36/1961.

Ég er sammála héraðsdómi og meiri hluta Hæstaréttar um, að aðaláfrýjandi hafi öðlast æviábúð á jörðinni Gröf og ábúðinni hafi ekki verið löglega sagt upp, áður en aðaláfrýjandi fluttist af jörðinni í júní 1975.

Í 4. mgr. 9. gr. laga nr. 36/1961 segir:

„Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskins-

ástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar samkvæmt þessari grein, og er þá sú uppsögn ógild, og á leiguliði heimtingu á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess innan árs, frá því að hann flutti af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum".

Að sönnu verður ekki séð, að ástæður hafi verið tilgreindar, þegar aðaláfrýjanda var sagt upp ábúð á Gröf. Síðar hafa af hálfu gagnáfrýjanda komið fram tvenns konar skýringar á því, en þær skipta engu í þessu sambandi. Það fær ekki staðist, að aðaláfrýjandi missi rétt til að fá ábúð að nýju fyrir þá sök eina, að gagnáfrýjendur greindu ekki uppsagnarástæður. Hann hafði æviábúð, og skylt var að tilgreina ástæður, sem gildar væru eftir ábúðarlögum. Gátu gagnáfrýjendur ekki aukið rétt sinn með því að nefna engar ástæður. Verður því að telja, að réttarstaða aðaláfrýjanda sé hin sama nú eins og verið hefði, ef yfirskinsástæður hefðu verið tilgreindar.

Af hálfu aðaláfrýjanda kom fram veturinn 1974—1975, að hann hafði hug á að halda áfram búskap á Gröf. Þegar hann fór af jörðinni, hafði enginn samningur að mínu áliti verið gerður um, að hann rýmdi jörðina. Með bréfi frá lögmanni aðaláfrýjanda 11. nóvember 1975 var þess krafist, að hann fengi jörðina á ný til ábúðar. Það bréf var sent gagnáfrýjandanum Svanhildi Sigfúsdóttur, sem ein hafði undirritað bréfið um uppsögn ábúðarinnar. Var þetta nægilegt til að binda alla eigendur jarðarinnar. Í 9. gr. ábúðarlaga eða öðrum greinum þeirra laga er hvergi að finna það skilyrði, að ábúandi skuli hafa uppi fyrirvara eða mótmæli við brottför eða á öðrum tíma, áður en sá árs frestur er liðinn, sem tilgreindur er í 4. mgr. 9. gr. Sú staðreynd, að þessi frestur er berum orðum settur og annar frestur ekki, leiðir til þess að mínu áliti, að skýra ber ákvæðið svo, að aðaláfrýjandi eigi rétt til að fá jörðina Gröf til ábúðar að nýju.

Kröfugerð aðaláfrýjanda verður að telja fullnægjandi að því er varðar jarðarafgjaldið, en ekki eru efni til að dæma, að það verði ákveðið valkvætt. Tel ég, að taka ætti til greina þá kröfu, að gjaldið verði 40.000 krónur á ári og greiðist eins og

segir í kröfugerðinni, en fjárhæðin er miðuð við útgáfudag héraðsstefnu, og fer um breytingar á henni að lögum. Sérstök mótmæli um fjárhæð jarðarafgjaldsins hafa ekki komið fram.

Sem fyrr segir, fluttist aðaláfrýjandi frá Gröf í júní 1971, og þar er nú samkvæmt málflutningi rekinn búskapur. Þykir því eftir 1. mgr. 57. gr. laga nr. 75/1973 eiga að ákveða, að gagnáfrýjendur hafi frest til fardaga 1981 til að fá aðaláfrýjanda jörðina aftur til ábúðar.

Gagnáfrýjandinn Sigurlaug Ólafsdóttir seldi gagnáfrýjandanum Ragnari Eiríkssyni 1/15 hluta Grafar 18. mars 1976. Sigurlaugu verður því dæmd sýkna af kröfu aðaláfrýjanda um ábúð að nýju, enda hefur Ragnari verið stefnt til að þola dóm.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum hins áfrýjaða dóms, tel ég, að hann beri að staðfesta að því er varðar bótakröfur í 2. lið kröfugerðar aðaláfrýjanda.

Eins og á stendur, tel ég rétt að setja fram, hvernig ég tel, að dómsatkvæði Hæstaréttar í máli þessu ætti að vera. Læt ég nægja að vísa til þess um málskostnað.

Viðurkennt er, að gagnáfrýjendunum Svanhildi Sigfúsdóttur, Eddu Ólafsdóttur, Sigríði Ólafsdóttur, Jóni Ólafssyni, Sigfúsi Ólafssyni og Ragnari Eiríkssyni er skylt að veita aðaláfrýjanda, Sigurbirni Sigmarssyni, ábúð á jörðinni Gröf í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu í fardögum vorið 1981 gegn greiðslu á 40.000 krónum í jarðarafgjald á ári, sem greiðist ársfjórðungslega. Þessir gagnáfrýjendur aðrir en Ragnar Eiríksson skulu greiða aðaláfrýjanda 300.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 5. mars 1976 til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gagnáfrýjendurnir Svanhildur, Edda, Sigríður, Jón, Sigfús og Ragnar greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti,

700.000 krónur samtals, þar af 450.000 krónur til ríkissjóðs, en 250.000 krónur til aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandinn Sigurlaug Ólafsdóttir skal vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu. Málskostnaður fellur niður í héraði að því er hana varðar. Aðaláfrýjandi greiði henni 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Um gjafsóknarkostnað og gjafvarnarkostnað er ég sammála meiri hluta Hæstaréttar.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 11. ágúst 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., er höfðað hér fyrir dóminum af Sigurbirni Sigmarssyni, Suðurgötu 31, Hafnarfirði, með stefnu, útgefinni 5. mars 1976, gegn Svanhildi Sigfúsdóttur, Eddu Ólafsdóttur og Sigríði Ólafsdóttur, öllum til heimilis að Hlíðarvegi 30, Kópavogi, Jóni Ólafssyni, Ránargötu 30 A, Reykjavík, og Sigfúsi Ólafssyni, Hvanneyri, Borgarfjarðarsýslu, með stefnu, útgefinni 22. september 1976, gegn Ragnari Eiríkssyni, Gröf, Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, og með stefnu, útgefinni 3. nóvember 1976, gegn Sigurlaugu Ólafsdóttur, Vestmannabraut 9. Vestmannaeyjum, og voru málin á hendur hinum tveim síðasttöldu sameinuð aðalmálinu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að: 1. Stefndu verði dæmd til að láta stefnanda í té frá uppkvaðningu héraðsdóms ábúðarrétt á jörðinni Gröf í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu gegn greiðslu á kr. 40.000 á ári í eftirgjald fyrir jörðina, sem greiðist ársfjórðungslega fyrir lok hvers ársfjórðungs, kr. 10.000 í hvert sinn, eða gegn nýju eftirgjaldi og leigumála, sem ákveðinn yrði eftir ákvæðum 36. gr. laga nr. 36/1961 eða nú 7. gr., sbr. 44. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976, ef stefndu krefjast þess. 2. Stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda kr. 2.413.000 í skaðabætur með 13% ársvöxtum frá 19. júní 1975 til greiðsludags. Krafa samkvæmt þessum lið er ekki gerð á hendur stefnda Ragnari Eiríkssyni. 3. Stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Stefndu hafa öll krafist algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans.

Til vara hafa stefndu, aðrir en Sigurlaug Ólafsdóttir og Ragnar Eiríksson, krafist þess, að bótakrafa verði lækkuð mjög verulega og vextir aðeins dæmdir frá stefnudegi.

Rétt þykir í upphafi að gera nokkra grein fyrir meðferð málsins fyrir dómi, þar sem lögmaður stefndu, annarra en Sigurlaugar Ólafsdóttur, lagði í síðasta þinghaldi fram bókun varðandi formhlið málsins, sem hann fjallaði nánar um í málflutningi.

Lögmaðurinn vakti athygli á, að formaður dómsins hefði ritað sem vitundarvottur á eitt framlagt dómskjal í málinu, samning, dagsettan 19. desember 1966, og kynni að eiga að víkja sæti af þeim sökum, en gerði þó enga kröfu þar um.

Dómurinn telur, að formaður dómsins hafi engin þau afskipti haft af máli þessu, að vanhæfi valdi, og standi því engin efni til, að hann víki sæti ex officio.

Þá telur lögmaðurinn, að málið sé ekki nægilega reifað af stefnanda og sumar kröfur ekki studdar nægilegum gögnum, þannig að frávísun kæmi til greina af þeim sökum.

Dómurinn telur, að það, sem á kynni að vanta um rökstuðning fyrir kröfum stefnanda, væri honum í óhag og skerti í engu rétt stefndu og reifun málsins ekki það gölluð, að frávísun varði án kröfu.

Þá telur lögmaðurinn, að þar sem mál á hendur stefndu Ragnari Eiríkssyni og Sigurlaugu Ólafsdóttur til samaðildar hafi ekki verið þingfest í þinghá fasteignar, kunni að eiga að vísa málinu frá dómi ex officio.

Mál þetta var upphaflega þingfest í þinghá fasteignar, en síðari þinghöld fóru með samþykki allra aðilja fram á Sauðárkróki. Í upphaflegri stefnu var Sigurlaugu Ólafsdóttur einnig stefnt og sú stefna áritуð af lögmanni Svanhildar Sigfúsdóttur og barna hennar án athugasemda. Hvorugum lögmanninum mun hafa verið kunnugt um það fyrr en síðar, að Sigurlaug var ekki dóttir Svanhildar, þannig að nauðsynlegt taldist að stefna henni síðar inn í málið og einnig Ragnari Eiríkssyni, sem keypt hafði hlut hennar í jörðinni.

Samkomulag varð um þingfestingu þessara mála og sameiningu þeirra og aðalmálsins í þinghaldi í því máli á Sauðárkróki.

Með tilvísun til 81. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 er heimilt með samkomulagi aðilja að taka mál varðandi fasteign fyrir utan þinghá fasteignar, og er sá skilningur staðfestur í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til einkamálalaga, og í riti Einars Arnórssonar um meðferð einkamála í héraði.

Málavextir í máli þessu eru þeir, að í júnímánuði 1966 andaðist Ólafur Jónsson, bóndi í Gröf í Hofshreppi, en hann og kona hans,

stefnda Svanhildur Sigfúsdóttir, voru eigendur og ábúendur þeirrar jarðar.

Erfingjar Ólafs heitins Jónssonar voru auk konu hans börn þeirra, stefndu Edda, Sigríður, Jón og Sigfús, og auk þeirra dóttir Ólafs, stefnda Sigurlaug.

Haustið 1966 brá stefnda Svanhildur Sigfúsdóttir búi og seldi búpening sinn, m. a. til stefnanda, sem var bóndi á Stekkjarbóli, sem er nýbýli í sama hreppi og Gröf.

Stefnandi og stefnda Svanhildur gerðu með sér samning, sem dagsettur er 19. desember 1966, þar sem stefnda heimilar stefnanda „full afnot jarðarinnar Gröf á Höfðaströnd frá 1. október 1966 að telja til 1. júní 1968, en þá skal afnotatímabilinu lokið án uppsagnar af minni (þ. e. Svanhildar) eða hans hálfu."

Síðar segir í samningnum:

„Yfir sama tímabil og með sömu skilmálum leigi ég honum öll mannvirki á jörðinni, svo og afnot af dráttarvél, múgavél og mjaltavél. Skal Sigurbjörn annast viðhald allt á eignum þessum og skila mér þeim aftur að leigutímanum loknum í sem líkustu standi og hann tók við þeim, að öðru leyti en því, sem talist getur eðlilegt slit.

Fari svo, að ég, að framangreindu tímabili loknu, ákveði að selja jörðina eða setja hana í ábúð, skal Sigurbjörn eiga þar forkaupsrétt eða leigurétt með þeim kjörum, er bjóðast kunna, eða samkomulag verður um, enda tilkynni Sigurbjörn, ef hann óskar slíks fyrir 1. apríl 1968."

Síðan eru í samningi þessum ákvæði um leigugjald, sem er ákveðið kr. 10.000 fyrir tímabilið 1. október 1966 til 1. júní 1967 og kr. 40.000 fyrir tímabilið 1. júní 1967 til 1. júní 1968, sem greiðist ársfjórðungslega fyrir lok hvers ársfjórðungs.

Samningur þessi er undirritaður af stefnanda og stefnda Sigfúsi Ólafssyni f. h. stefndu Svanhildar Sigfúsdóttur.

Að framangreindu leigutímabili loknu hélt stefnandi áfram búskap í Gröf, án þess að nýr samningur væri gerður. Að sögn stefnda Sigfúsar Ólafssonar var um það talað, að samningurinn frá 19. desember 1966 framlengdist um óákveðinn tíma, og ljóst er, að stefnandi greiddi áfram sama leigugjald og í þeim samningi greinir.

Stefnandi býr síðan óslitið í Gröf, þar til hann flytur búferlum til Hafnarfjarðar í júnímánuði 1975.

Ekki var á þessu tímabili gengið frá neinum samningum milli stefnanda og stefndu um afnot hans af jörðinni, og með bréfi,

dagsettu 4. nóvember 1974, undirrituðu af stefndu Svanhildi Sigfúsdóttur, er stefnanda tilkynnt, að honum sé sagt upp ábúð hans á jörðinni Gröf í Hofshreppi frá fardögum 1975 að telja.

Engar ástæður eru tilgreindar í bréfinu fyrir uppsögn þessari.

Með bréfi, dagsettu 1. desember 1974, óskar stefnandi eftir að fá jörðina Gröf keypta á komandi vori með eða án íbúðarhúss, og segir í bréfinu, að hann vonist til, að eigendur jarðarinnar taki þetta til athugunar hið allra fyrsta.

Stefnda Svanhildur svarar bréfi þessu með bréfi, dagsettu 28. desember 1974. Þar er ósk stefnanda um kaup á jörðinni hafnað á þeim grundvelli, að jörðin sé ekki til sölu, og jafnframt ítrekað, að stefnanda sé „gert að flytja af jörðinni í fardögum á komandi vori (1975)".

Síðar um veturinn fer stefnandi síðan til fundar við stefndu Svanhildi og Sigfús og ræðir við þau um að fá að vera áfram í Gröf, a. m. k. einhvern tíma, en þeirri málaleitan er alfarið hafnað.

Stefnandi flytur síðan búferlum til Hafnarfjarðar í júnímánuði 1975, og er stefndi Sigfús þá kominn að Gröf og farinn að dytta að íbúðarhúsi.

Enginn flytur þó að Gröf þá um sumarið, en jörðin að einhverju leyti nytjuð til heyskapar af mönnum úr Hofsósi.

Með bréfi, dagsettu 11. nóvember 1975, til stefndu Svanhildar Sigfúsdóttur frá lögmanni stefnanda fer stefnandi fram á að fá jörðina Gröf þá þegar afhenta til ábúðar, þar sem eigendur hefðu ekki tekið jörðina til ábúðar og hún væri í eyði, og áskildi sér að öðrum kosti allan rétt á bótum. Með bréfi, dagsettu 3. desember 1975, er krafa þessi enn ítrekuð við stefndu Svanhildi, en hvorugu þessu bréfi virðist hafa verið svarað, og er stefna gefin út 5. mars 1976, eins og áður greinir, og málið þingfest 4. júní 1976.

Stefnda Svanhildur Sigfúsdóttir leitaði aldrei leyfis til setu í óskiptu búi. Búskipti drógust verulega, en frá þeim var gengið með erfingjaskiptum 22. febrúar 1971, og var jarðeigninni Gröf þá skipt á milli erfingja þannig, að stefnda Svanhildur fékk í sinn hlut 10/15 hluta eignarinnar, en börn Ólafs heitins fengu 1/15 hluta hvert. Stefnda Svanhildur Sigfúsdóttir og börn hennar urðu þannig eigendur að 14/15 hlutum jarðarinnar, en stefnda Sigurlaug Ólafsdóttir að 1/15 hluta. Þennan 1/15 hluta seldi síðan Sigurlaug stefnda Ragnari Eiríkssyni með afsali, dagsettu 15. mars 1976, eftir að aðrir eigendur höfðu fallið frá forkaupsrétti.

Stefndi Ragnar Eiríksson fluttist síðan að Gröf vorið 1976 og hóf búskap þar að einhverju leyti. Þeir stefndu Ragnar og Sigfús

Ólafsson gerðu með sér samning um félagsbúskap á jörðinni, og samþykkti jarðanefnd Skagafjarðarsýslu að fengnu áliti hreppsnefndar Hofshrepps þann samning á fundi 20. janúar 1977.

Engin úttekt fór fram á jörðinni, þegar stefnandi fluttist þangað haustið 1966 né þegar hann fór þaðan vorið 1975. Úttektarlýsing var hins vegar gerð af úttektarmönnum 13. apríl 1976, og var stefnanda tilkynnt um úttektina, en hann mætti ekki og enginn fyrir hans hönd.

Stefnandi styður kröfu sína um ábúðarrétt með því, að ábúðarlögin nr. 36/1961, sem í gildi voru, meðan stefnandi bjó í Gröf, séu ófrávíkjanleg lög og samkvæmt 1. mgr. 9. gr. þeirra laga skuli allar jarðir byggja ævilangt. Hafi stefnandi þannig öðlast æviábúð í Gröf með samningnum frá 19. desember 1966, þar sem tímabinding samningsins hafi ekki verið heimil að lögum. Hafi hann ekki öðlast rétt til æviábúðar, þá hafi hann öðlast hann, þegar sá samningur rann út vorið 1968 og hann hélt áfram ábúð á jörðinni. Breyti þar engu um, þó stefnandi hafi ekki fengið byggingarbréf fyrir jörðinni, enda sé sú skylda lögð á jarðareiganda samkvæmt 7. grein ábúðarlaga að gera byggingarbréf.

Stefnandi telur, að uppsögn ábúðar hans hafi verið byggð á yfirskinsástæðum. Honum hafi verið gefið til kynna, að eigendur ætluðu sjálfir að taka jörðina til ábúðar, og hafi hann af þeim sökum talið sér skylt að víkja af jörðinni. Það hafi hins vegar komið í ljós síðar, að eigendur tóku jörðina ekki til ábúðar fyrir sig, heldur hafi hún farið í eyði og slægjur verið nýttar af utansveitarmönnum. Auk þess hafi uppsögn ekki farið fram með árs fyrirvara, eins og ábúðarlögin áskilja.

Stefnandi telur sig alltaf hafa verið í góðri trú um, að hann hefði jörðina Gröf í æviábúð, og þess vegna hafi hann selt eignarjörð sína Stekkjarból í Hofshreppi, sem hann hefði ekki gert, ef hann hefði ekki treyst á, að hann hefði æviábúð í Gröf.

Stefnandi segir, að sala á 1/15 hluta jarðarinnar til stefnda Ragnars Eiríkssonar og bygging hluta jarðarinnar til hans geti ekki breytt rétti sínum til að fá jörðina afhenta til ábúðar, þar sem sinn réttur sé eldri, honum hafi borið forkaupsréttur að hinum selda jarðarhluta vegna ábúðarréttar síns og stefndi Ragnar Eiríksson hafi viðurkennt fyrir dómi, að honum hafi verið kunnugt um, að stefnandi hefði haft orð á að fara í mál út af veru sinni og brottför frá Gröf og hafi hann því ekki verið bona fide.

Þeim samningi, sem nú hefur verið gerður um félagsbú stefndu

Ragnars og Sigfúsar í Gröf, mótmælir stefnandi sem markleysu, þar sem hann hafi verið gerður löngu síðar.

Varðandi það atriði, að stefnda Svanhildur Sigfúsdóttir hafi ekki haft umboð til að ráðstafa jörðinni, segir stefnandi, að aldrei hafi verið bornar á það brigður fyrr en nú, að hún hafi haft umboð til að koma fram fyrir hönd allra erfingja búsins. Ekki væri að efa, að börnum hennar hefði verið kunnugt um það, sem hún aðhafðist í máli þessu, og varðandi stefndu Sigurlaugu Ólafsdóttur væri ljóst, að hún hefði tekið við leigugreiðslu, eftir að búinu var skipt 1971, og því vitað, að jörðin var í ábúð. Við búskipti hafi hún orðið eigandi að hluta jarðarinnar og því borið að aðhafast þá, ef hún taldi, að Svanhildur hefði ekki hafst löglega að.

Stefnandi mótmælir því, að hann hafi setið jörðina illa, enda hafi eigendur jarðarinnar aldrei kvartað við hann um slæma umgengni og aldrei hafi verið um að ræða vanskil á leigugreiðslum, sem stefndu ekki samþykktu, og verði þau vanskil því ekki notuð löngu síðar sem ástæða til riftunar.

Máli sínu til stuðnings hefur stefnandi lagt fram vottorð frá Magnúsi Pálssyni, málara í Hofsósi, um, að stefnandi hafi haldið íbúðarhúsinu í Gröf vel við, eftir því sem hægt var að gömlu húsi að vera, vottorð þjóðminjavarðar um, að stefnandi hafi annast af snyrtimennsku viðhald og umsjón með bænhúsinu í Gröf og kirkjugarði þau ár, sem hann bjó þar, og loks hafa tveir nágrannar hans þau ár, sem hann bjó í Gröf, mætt fyrir dómi og borið, að þeir telji, að umgengni stefnanda um íbúðarhús og útihús í Gröf hafi verið góð.

Stefnandi telur, að samkvæmt 9. grein ábúðarlaga i. f. beri stefndu að bæta honum allt það tjón, sem hann hafi beðið vegna ólögmætrar uppsagnar á ábúð hans.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Niðurskurður og sala á 230 ám og 40 veturgömlum gimbrum. Reiknað er, að meðalverðmæti hverrar kindar hafi verið kr. 8.000.

Fyrir kindurnar fengust greiddar:

seldar 50 ær á kr. 6.000 hver	kr.	300.000
seldar 100 ær á kr. 5.500 hver	—	550.000
seldar 30 ær á kr. 5.000 hver	—	150.000

slátrað 90 ám á kr. 4.000 hver	kr.	360.000		
	Kr.	1.360.000		
Alls 270 ær á kr. 8.000 hver	—	2.160.000		
Mismunur: skaði stefnanda	kr.	800.000	kr.	800.000
2. Afurðarýrnun á 320 dilkum, kr. 1.000 á dilk			—	320.000
3. 7 hryssur. Sláturverð hverrar hryssu	kr.	27.000		
til lífs og nýtingar	—	50.000	—	161.000
4. 7 trippi, sláturverð hvers trippis	kr.	20.000		
verð hvers trippis til lífs og nýtingar	—	35.000		
Mismunur: skaði stefnanda	kr.	15.000	—	105.000
5. Flutningur búslóðar			—	27.000
6. Miskabætur, óþægindi og skaði vegna tímabundins missis ábúðar, niðurskurðar bústofns, búferlaflutnings fjölskyldu, atvinnutjóns, kostnaðar við að hefja búskap aftur og fleira			—	1.000.000
			Samtals kr.	2.413.000

Framangreinda kröfu rökstyður stefnandi með því, að vegna þess að hann hafi þurft að hætta búskap vegna uppsagnar á jarðnæði, hafi hann þurft að farga öllum bústofni sínum á skömmum tíma og þurft að sæta því að láta hann fyrir lægra verð en raunverulegt verðmæti hans var.

Bætur vegna afurðarýrnunar á dilkum segir stefnandi byggðar á því, að stefndu hafi sumarið 1975 leigt út til þriðja aðilja hluta úr landi Grafar. Hafi landið verið girt þannig, að fé hafi ekki komist í bithaga næst sjónum og verið í svelti, er líða tók á sumarið, og dilkar því verið rýrari til slátrunar.

Auk þessa telur stefnandi sig hafa orðið fyrir margvíslegu beinu og óbeinu tjóni, vegna þess að hann þurfti að flytja af jörðinni og þurfti auk þess að leggja í mikinn kostnað til að hefja búskap í Gröf að nýju, og er krafan samkvæmt tölulið 6 hér að framan við það tjón og kostnað miðuð.

Stefndu Svanhildur Sigfúsdóttir og börn hennar mótmæla því, að stefnandi hafi fengið æviábúð í Gröf. Stefnandi hafi aldrei

fengið jörðina nema til afnota skamman tíma, enda hafi stefnda Svanhildur ekki haft umboð til að ráðstafa jörðinni í æviábúð. Ábúðarlögin séu declaratorisk lög og hægt að semja sig frá ákvæðum þeirra og það hafi verið gert með samningnum frá 19. desember 1966, sem síðan hafi verið framlengdur. Stefnandi hafi aldrei, meðan hann bjó í Gröf, óskað eftir að fá jörðina til ábúðar, enda hafi honum verið ljóst, að hér var aðeins um afnot um takmarkaðan tíma að ræða. Hann hafi tekið við uppsögn afnotaréttar síns án mótmæla og vikið af jörðinni og þar með fyrirgert rétti til ábúðar og skaðabóta.

Stefndu telja það rangt hjá stefnanda, að hann hafi selt jörð sína Stekkjarból vegna þess, að hann hafi talið sig hafa æviábúð í Gröf, þeirri sölu hafi valdið fjárhagserfiðleikar stefnanda og hafi hann við þá sölu getað gert upp að nokkru vanskil sín við stefndu, sem jafnan hafi verið mikil.

Stefndu segja, að umgengni stefnanda um jörð og mannvirki hafi verið mjög ábótavant og jörðin illa setin. Viðskilnaður stefnanda hafi verið þannig, að nokkurn tíma hafi þurft til að koma hlutum í það lag, að hægt væri að búa á jörðinni, og hafi veturinn verið notaður til þess að gera við húsið og ábúð hafin á jörðinni vorið 1976. Sumarið 1975 hafi búfé stefnanda verið á jörðinni og slægjur leigðar. Sé því hæpið að telja, að jörðin hafi verið í eyði, þó tómarúm skapaðist vegna viðskilnaðar stefnanda. Jörðin sé nú í löglegri ábúð eigenda.

Stefndu telja, að stefnandi hafi þannig fyrir löngu fyrir vanefndir fyrirgert rétti til ábúðar, þó hann hefði átt slíkan rétt.

Stefndu mótmæla bótakröfu sem órökstuddri og ósannaðri og benda á, að verðmismunur og afurðarýrnun, sem gerð er krafa um, sé málinu með öllu óviðkomandi.

Þá mótmæla stefndu því, að uppsögnin hafi verið byggð á yfirskinsástæðum. Ástæðurnar hafi annars vegar verið ill meðferð stefnanda á jörðinni og hins vegar sú ætlun stefndu að taka jörðina sjálf til ábúðar, sem þau nú hafi gert. Ástæður hafi raunar engar þurft, þar sem ekki hafi verið um ábúð að ræða hjá stefnanda.

Stefndi Ragnar Eiríksson segir, að þeim stefnda Sigfúsi Ólafssyni hafi snemma árs 1976 komið saman um að hefja rekstur félagsbús í Gröf. Hafi hann gjarnan viljað kaupa hlut í jörðinni og eftir ábendingu Sigfúsar snúið sér til lögmanns stefndu Sigurlaugar Ólafsdóttur og gert kauptilboð í 1/15 hluta Grafar, sem var hennar eign. Þetta tilboð hafi verið samþykkt og gengið frá

kaupunum um miðjan mars 1976. Jafnframt hafi hann fengið byggingu fyrir 9/15 hlutum jarðarinnar frá stefndu Svanhildi Sigfúsdóttur.

Stefndi Ragnar bendir á, að hann hafi aldrei verið aðili að neinum samningum við stefnanda, hvorki um ábúð né jarðarafnot né heldur átt neinn þátt í því, að stefnandi flutti af jörðinni. Stefnandi hafi löngu verið fluttur af jörðinni, þegar stefndi festi kaup á umræddum jarðarhluta og fékk jörðina til ábúðar, og honum ókunnugt um fyrri viðskipti stefnanda og eigenda jarðarinnar.

Stefnda Sigurlaug Ólafsdóttir segir, að hún hafi aldrei verið kvödd til neinna samninga vegna jarðarhluta þess, sem hún fékk í arf eftir föður sinn við arfskipti 22. febrúar 1971, en þá hafi hún lengi verið búin að ganga eftir að fá gengið frá skiptum. Stefnandi hafi aldrei við hana talað eða við hana haft samband um leigumála né annað og hún engum gefið umboð til neinna aðgerða varðandi þennan jarðarhluta. Svanhildur Sigfúsdóttir hafi á árinu 1973 greitt henni kr. 3.000 vegna leigu á jarðarhlutanum 1972 og Sigfús Ólafsson hafi greitt henni kr. 9.000 vegna áranna 1973—1975.

Stefnda segir, að stefnandi hafi aldrei óskað eftir kaupum á jarðarhluta hennar og verið löngu fluttur af jörðinni, án þess að hún hafi nokkurn hlut þar að átt, þegar hún seldi eignarhlut sinn í jörðinni með afsali, dagsettu 15. mars 1976. Stefna í máli þessu hafi henni hins vegar verið birt 15. nóvember 1976, eða nokkru á annað ár eftir að stefnandi fluttist frá Gröf.

Bréf þau, sem fram hafa verið lögð í máli þessu, hafi aðeins verið send Svanhildi Sigfúsdóttur og stefndu með öllu ókunnugt um þau og hún ekki vitað um neina kröfugerð af hálfu stefnanda, þegar hún seldi umræddan jarðarhluta sinn.

Þann tíma, sem stefnandi bjó í Gröf, voru í gildi ábúðarlög nr. 36/1961, og með gildistöku laga nr. 64/1976 urðu engar þær breytingar, sem áhrif hafa á úrlausn þessa máls.

Upphaf 9. gr. ábúðarlaga kveður svo á, að allar jarðir skuli byggja ævilangt. Frá þessari meginreglu eru þó gerðar undantekningar, ef nauðsyn ber til að ráðstafa jörð tiltekinn tíma.

Stefnda Svanhildur Sigfúsdóttir gat ekki haustið 1966 sett jörðina Gröf í æviábúð, þar sem búskipti höfðu ekki farið fram né hún fengið leyfi til setu í óskiptu búi. Henni bar hins vegar að annast um eigur búsins og forða því, að þær rýrnuðu í verði, og var því eðlilegt, þegar hún brá búi eftir lát eiginmanns síns, að hún gerði ráðstafanir til, að jörðin færi ekki í eyði, þar til gengið

hafði verið frá dánarbúinu. Verður því sú ráðstöfun, sem gerð var með samningnum frá 19. desember 1966, að teljast heimil skv. 9. gr. ábúðarlaga.

Búskipti fara hins vegar ekki fram fyrir lok gildistíma samningsins 1. júní 1968. Stefnandi býr áfram á jörðinni, án þess að formlega sé gengið frá neinum samningum um veru hans þar, og svo er enn, eftir að búskipti fara fram 22. febrúar 1971.

Búskipti drógust óeðlilega lengi, en eftir að þau voru frá gengin, eru engar þær ástæður fyrir hendi, sem réttlætt geti tímabundna leigu jarðarinnar Gröf, auk þess sem enginn slíkur tímabundinn samningur var gerður, og verður því að telja, að meginregla ábúðarlaga um æviábúð gildi.

Það liggur ekki fyrir, að stefnandi hafi gengið eftir að fá byggingarbréf fyrir jörðinni. Leigugreiðslur voru óbreyttar frá því, sem ákveðið var í samningnum frá 19. desember 1966, og er viðurkennt, að stefndu hafi tekið við þeim greiðslum athugasemdalaust. Með tilvísun til 7. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961 verður því að telja, að jörðin hafi verið byggð með sömu kjörum og áður og að öðru leyti gildi um bygginguna ákvæði ábúðarlaga.

Það verður einnig að teljast eðlilegt, að stefnandi teldi eftir svo langa ábúð á jörðinni, að hann hefði nokkra tryggingu fyrir að halda henni áfram. Sala hans á nýbýlinu Stekkjarbóli er því þó óviðkomandi, þar sem hann samkvæmt þinglesnu afsali seldi þá jörð á miðju ári 1967.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hafði stefnandi öðlast æviábúð á jörðinni Gröf, og varð þeim ábúðarrétti aðeins slitið af þeim ástæðum, sem ábúðarlög heimila.

Í bréfi Svanhildar Sigfúsdóttur, dagsettu 4. nóvember 1974, þar sem stefnanda er tilkynnt uppsögn ábúðar á jörðinni Gröf frá fardögum 1975 að telja, eru engar ástæður tilgreindar fyrir uppsögninni. Ljóst er, að stefnandi fluttist nauðugur frá Gröf, og verður ekki vefengt, að honum hafi verið gefið til kynna, að ástæða uppsagnarinnar hafi verið sú, að eigendur ætluðu að hefja búskap á jörðinni, og hann hafi af þeim sökum talið sér skylt að víkja af jörðinni og þess vegna farið án mótmæla, eftir að tilraunir hans til að fá áframhaldandi ábúð eða kaup á jörðinni höfðu reynst árangurslausar.

Sú ástæða, sem stefndu telja aðra meginástæðu uppsagnarinnar, að stefnandi hafi setið jörðina illa, og um vanefndir hafi verið að ræða af hans hálfu er á engan hátt nægilegum rökum studd, til að

hún verði viðurkennd sem lögleg ástæða til að segja stefnanda upp ábúðinni.

Engar sönnur hafa verið á það færðar, að af eigendum hafi nokkurn tíma verið að því fundið við stefnanda, að meðferð hans á jörðinni væri ábótavant, og viðurkennt af stefndu, að þau hafi jafnan samþykkt þann drátt, sem varð á leigugreiðslu.

Úttektarlýsing, sem gerð var á jörðinni um 10 mánuðum eftir að stefnandi fluttist þaðan, sannar ekkert í því efni, þar sem engin lýsing er til á jörðinni, þegar stefnandi tók við henni haustið 1966, en þá fór engin úttekt fram.

Þá bendir framburður vitna einnig til, að fullyrðingar stefndu í þessu efni hafi ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961 var stefndu heimilt að taka jörðina Gröf úr ábúð til ábúðar fyrir sig, börn sín og systkini, en skilyrði er þó, að sú uppsögn sé tilkynnt með minnst árs fyrirvara.

Ekki verður séð, að búskaparáform eða undirbúningur stefndu hafi verið það á veg kominn, að réttlætt hafi uppsögn á ábúð stefnanda á þeim tíma, sem honum var gert að víkja af jörðinni, auk þess sem ekki var gætt ákvæðis um uppsagnarfrest.

Eigendur tóku jörðina ekki til ábúðar á árinu 1975, og umtal um það félagsbú, sem nú er rekið í Gröf með aðild eigenda og samþykkt var af jarðanefnd Skagafjarðarsýslu 20. janúar 1977, hófst ekki fyrr en snemma árs 1976, og ábúð á jörðinni var ekki hafin fyrr en það vor.

Stefnandi flutti að vísu af jörðinni án formlegra mótmæla og bar þá ekki fyrir sig of stuttan uppsagnarfrest auk þess sem hann fékk leyfi til að hafa búfé á jörðinni sumarið 1975, en ekki verður þó talið, að það nægi til að fyrirgera rétti hans í sambandi við þá galla, sem á uppsögninni voru.

Þrátt fyrir það, sem hér hefur verið rakið, telur dómurinn þó, að þar sem jörðin Gröf er nú komin í löglega ábúð, og þar er rekið félagsbú, sem eigendur jarðarinnar eru aðiljar að, og það búskaparform samþykkt af hreppsnefnd og jarðanefnd, standi ekki efni til að taka til greina kröfu stefnanda um að fá jörðina afhenta til ábúðar, og verða stefndu því sýknaðir af þeim lið dómkröfu stefnanda.

Bótakrafa stefnanda er í 6 liðum, og eru 1., 3. og 4. liðir kröfunnar byggðir á mati stefnanda á því tjóni, sem hann hafi orðið fyrir vegna mismunar á raunverulegu verðmæti búpenings síns

og því, sem hann hafi fengið fyrir hann með sölu og innleggi til slátrunar.

Enginn gögn hafa verið lögð fram þessu mati hans til stuðnings, hvorki um búpeningseign hans né söluverð, og verða þessir liðir kröfunnar því eigi teknir til greina gegn mótmælum stefndu.

Krafa samkvæmt 2. lið er vegna meintrar afurðarýrnunar á dilkum, sem stefnandi telur, að orðið hafi vegna girðinga, sem stefndu hafi sett upp í landi Grafar og að framan er rakið.

Engin gögn hafa verið lögð fram til stuðnings kröfu þessari, auk þess ábyrgð stefndu í því efni hæpin, og verður þessi liður kröfunnar því ekki tekinn til greina.

5. liður kröfunnar er vegna flutningskostnaðar á búslóð. Ljóst er, að þennan kostnað hefði stefnandi þurft að greiða, hvenær sem hann fluttist frá Gröf, og standa því ekki efni til, að hann verði tekinn til greina.

Svo sem að framan er rakið, þykir ekki hafa verið staðið að uppsögn ábúðar stefnanda sem skyldi. Ljóst er, að hann hefur beðið af missi jarðnæðisins nokkurt tjón, og þykir því rétt að taka að nokkru til greina bótakröfu hans skv. 6. lið, og þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 300.000, og þykir rétt, að vextir greiðist af þeirri upphæð frá stefnudegi, 5. mars 1976, til greiðsludags.

Krafa um bætur var ekki gerð á hendur stefnda Ragnari Eiríkssyni, og rétt þykir að sýkna stefndu Sigurlaugu Ólafsdóttur af skaðabótakröfu, þar sem hún átti enga aðild að samningum við stefnanda né uppsögn á ábúð hans, og ekki er sannað, að neinar kröfur eða mótmæli hafi borist til vitundar hennar varðandi mál þetta, fyrr en henni var inn í það stefnt, þó segja megi, að hún hafi sýnt nokkurt tómlæti í að kynna sér ráðstafanir varðandi þessa eign sína. Telja verður hins vegar, að börn Svanhildar hafi haft vitneskju um allt, sem gerðist í máli þessu.

Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu skulu sýkn af kröfu stefnanda um að afhenda honum jörðina Gröf á Höfðaströnd til ábúðar.

Stefnda Sigurlaug Ólafsdóttir skal sýkn af bótakröfu stefnanda.

Stefndu Svanhildur Sigfúsdóttir, Edda Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigfús Ólafsson og Jón Ólafsson greiði stefn-

anda, Sigurbirni Sigmarssyni, in solidum kr. 300.000 með 13% ársvöxtum frá 5. mars 1976 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júlí 1980.

Nr. 115/1980. **Bjarni Þ. Guðmundsson**
gegn
úthlutunarmönnum atvinnuleyfa leigubifreiðarstjóra í Reykjavík, samgönguráðherra og Ármanni Magnússyni.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með heimild í c lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 31. mars 1980, sem barst Hæstarétti 2. júlí sl. Kæranda varð kunnugt um hinn kærða úrskurð 18. mars.

Sóknaraðili gerir þá kröfu, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðiljanum Ármanni Magnússyni gert skylt að svara þessum spurningum:

„1. Hverjir öðluðust atvinnuleyfi skv. lögum nr. 25, 1955, sbr. auglýsingu um umsókn atvinnuleyfa, dags. 7. 4. 1956? Er þá átt við tæmandi skrá yfir þessa aðila.

2. Hverjir umræddra leyfishafa skv. 1. gr. höfðu **eingöngu** atvinnu af akstri skv. umræddum atvinnuleyfum?

3. Hverjir umræddra leyfishafa skv. 1. gr. gegndu öðrum störfum með akstri skv. atvinnuleyfunum, og hver voru þau störf?

4. Hverjar hafa verið undantekningar frá því, að leyfishafar skv. 2. gr. hafi **eingöngu** haft atvinnu af akstri leigubifreiða skv. téðum atvinnuleyfum síðan?

5. Hafa leyfishafar skv. 3. gr. hætt störfum þeim, er þeir upphaflega gegndu ásamt akstri skv. téðum atvinnuleyfum og tekið upp önnur störf með akstrinum? Ef svo er, óskast skýrt frá slíkum breytingum í einstökum tilvikum".

Þá er þess enn fremur krafist, að sama manni, varnaraðiljanum Ármanni, „verði dæmt skylt að hafa með sér og leggja fram eða sýna skjöl til upplýsingar um málsatvik og svara á þeim grundvelli framanskráðum spurningum sem og öðrum spurningum um sér hvað annað, er máli skiptir."

Einnig er þess krafist, að „vitnið verði dæmt til, ef það fullnægir ekki vitnaskyldu sinni, **aðallega** að sæta varðhaldi allt að 6 mánuðum, en **til vara**, að vitninu verði gert að greiða hæfilega sekt skv. tilgangi ákvæðis 2. mgr. 131. gr. eml."

Þess er og krafist, að varnaraðiljanum Ármanni verði gert skylt að staðfesta skýrslu sína með eiði eða drengskaparheiti og að sóknaraðilja verði dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins svo og kærumálskostnaður.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í héraðsstefnu 18. janúar 1979 segir meðal annars, að höfða þurfi mál „gegn úthlutunarmönnum atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík, þeim Ármanni Magnússyni, Fellsmúla 14, Reykjavík, og Sveini Jónassyni, Brúnalandi 38, Reykjavík, svo og Ragnari Arnalds samgönguráðherra í nafni samgönguráðuneytisins, Arnarhvoli, Reykjavík." Stefnt er því stjórnvaldinu úthlutunarmönnum atvinnuleyfa leigubifreiðarstjóra í Reykjavík, sem fyrirmæli voru um í reglugerð nr. 214/1972, sbr. nú reglugerð nr. 219/1979. Reglugerðirnar voru settar með heimild í lögum nr. 36/1970.

Samkvæmt gögnum málsins hætti varnaraðilinn Ármann Magnússon störfum sem úthlutunarmaður 24. júlí 1979. Um hann gilda því ekki lengur reglur réttarfarslaga um skýrslugjafir málsaðilja. Hins vegar er þess að gæta, að spurningar þær, sem sóknaraðili hefur lagt fyrir varnaraðiljann Ármann,

eru þess efnis, að þeim verður ekki svarað án könnunar á gögnum úthlutunarmannanna. Ármann Magnússon hefur fyrir dómi og skriflega skorast undan að svara spurningum frekar en hann hefur þegar gert. Í lögum er ekki heimild til að skylda hann til þess, eins og á stendur. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því þegar af þessari ástæðu staðfest, en spurningarnar, sem að framan eru raktar, eru hinar sömu og fjallað er um í hinum kærða úrskurði.

Það athugast vegna kröfugerðar sóknaraðilja, að ekki eru efni til að gera samtímis kröfu um, að tilteknar spurningar séu lagðar fyrir vitni og að það sé látið sæta viðurlögum fyrir að svara þeim ekki. Rétt er og að fjalla sérstaklega um staðfestingu vitnaskýrslna í einkamálum, þegar þær hafa verið gefnar.

Það er ámælisvert, hve lengi dróst að senda kærumál þetta til Hæstaréttar frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins. Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Krafa sóknaraðilja um málskostnað í þessum þætti málsins er ekki tekin til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. mars 1980.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 25. febrúar 1980, hefur Stefán Hirst héraðsdómslögmaður, Borgartúni 29, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Bjarna J. Guðmundssonar, Kleppsvegi 34, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn úthlutunarmönnum atvinnuleyfa leigubifreiðarstjóra í Reykjavík, þeim Ármanni Magnússyni, Fellsmúla 14, Reykjavík, og Sveini Jónssyni, Brúnalandi 38, Reykjavík, svo og Ragnari Arnalds samgönguráðherra í nafni samgönguráðuneytisins, Arnarhvoli, Reykjavík.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að ógilt verði með dómi afturköllun úthlutunarmanna atvinnuleyfa leigubifreiðarstjóra í Reykjavík, dags. 17. maí 1974, þar sem stefnandi er sviptur atvinnuleyfi, sem hann hefur haft skv. lögum nr. 25/1955 og reglu-

gerð um takmörkun leigubifreiða og ráðstöfun atvinnuleyfa í Reykjavík, sem og staðfesting samgönguráðuneytisins, dags. 9. september 1976, á umræddri afturköllun.

Jafnframt er þess krafist, að úthlutunarmönnum og eða samgönguráðuneytinu verði gert að gefa út og afhenda viðkomandi aðiljum nauðsynleg skjöl og skilríki til staðfestingar á atvinnuleyfi stefnanda til aksturs leigubifreiða í Reykjavík í óbreyttri mynd, þ. e. með öllum þeim réttindum og skyldum, er í atvinnuleyfinu fólust, er stefnandi öðlaðist það í upphafi. Loks er krafist málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu hinna stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að skv. afsali, dags. 24. janúar 1950, hafi hann keypt bifreiðina R 3675 ásamt afgreiðsluaðstöðu á bifreiðastöðinni Hreyfli hér í borg af Guðmundi Tr. Guðmundssyni. Kveðst stefnandi hafa starfað við akstur leigubifreiðar til mannflutninga í Reykjavík hinn 31. desember 1955, en við þá dagsetningu hafi takmörkun fjölda leigubifreiða í Reykjavík verið miðuð skv. lögum nr. 25/1955, sbr. auglýsingu um umsókn atvinnuleyfa, dags. 7. apríl 1956. Stefnandi kveðst síðan hafa fengið atvinnuleyfi, svo sem lög hafi staðið til, og haldið því síðan óslitið, uns honum með bréfi úthlutunarmanna, dags. 17. maí 1974, hafi verið tilkynnt, að atvinnuleyfið hefði verið afturkallað. Hinn 12. nóvember 1974 kveðst stefnandi hafa skrifað úthlutunarmönnum bréf, þar sem hann hafi gert ítarlega grein fyrir málstað sínum. Í bréfi úthlutunarmanna, dags. 11. desember 1974, hafi beiðni stefnanda um endurskoðun atvinnusviptingar verið hafnað. Með bréfi, dags. 6. september 1976, kveðst stefnandi hafa skotið niðurstöðu úthlutunarmanna til úrlausnar samgönguráðuneytisins og hafi því málskoti verið svarað með bréfi, dags. þremur dögum síðar, þar sem beiðninni hafi verið synjað. Með bréfum, dags. 25. ágúst 1977, 24. nóvember 1977, 31. maí 1978 og 5. desember 1979, hafi samgönguráðherra verið skrifað með beiðni um leiðréttingu mála stefnanda, en allt án árangurs. Sé því málshöfðun þessi óhjákvæmileg.

Undir rekstri málsins, eða í þinghaldi hinn 7. febrúar 1980, óskaði lögmaður stefnanda, Stefán Hirst héraðsdómslögmaður, upplýsinga stefnda Ármanns Magnússonar um ákveðin atriði skv. vitnastefnu, dags. 1. febrúar 1980 og framlagðri hinn 7. s. m., en atriðin voru þessi:

„1. Hverjir öðluðust atvinnuleyfi skv. lögum nr. 25, 1955, sbr. auglýsingu um umsókn atvinnuleyfa, dags. 7. 4. 1956? Er þá átt við tæmandi skrá yfir þessa aðila.

2. Hverjir umræddra leyfishafa skv. 1. gr. höfðu eingöngu atvinnu af akstri skv. umræddum atvinnuleyfum?

3. Hverjir umræddra leyfishafa skv. 1. gr. gegndu öðrum störfum með akstri skv. atvinnuleyfunum, og hver voru þau störf?

4. Hverjar hafa verið undantekningar frá því, að leyfishafar skv. 2. gr. hafi eingöngu haft atvinnu af akstri leigubifreiða skv. téðum atvinnuleyfum síðan?

5. Hafa leyfishafar skv. 3. gr. hætt störfum þeim, er þeir upphaflega gegndu, ásamt akstri skv. téðum atvinnuleyfum og tekið upp önnur störf með akstrinum? Ef svo er, óskast skýrt frá slíkum breytingum í einstökum tilvikum."

Stefndi Ármann Magnússon vísaði til dómskjals nr. 27, þar sem hann kvaðst hafa svarað spurningum lögmanns stefnanda. Lögmaður stefnanda kvaðst þá krefjast þess, að vitnið yrði úrskurðað til að svara spurningunum á dómskjali nr. 26. Lögmaður stefnda mótmælti því, að spurningar þær, sem fram koma á dómskjali nr. 26, hefðu þýðingu fyrir úrslit málsins.

Hinn 25. febrúar 1980 fór fram munnlegur málflutningur um þetta atriði, og gerði þá lögmaður stefnanda eftirfarandi dómkröfur:

1. Að vitninu verði úrskurðað skylt að svara spurningum þeim, er fram eru settar á dskj. nr. 26, auk þess að hafa með sér og leggja fram eða sýna skjöl til upplýsingar um málsatvik.

2. Að vitnið verði úrskurðað, ef það fullnægir ekki vitnaskyldu, aðallega til að sæta varðhaldi allt að 6 mánuðum, en til vara, að vitninu verði gert að greiða hæfilega sekt skv. tilgangi tilvitnaðs ákvæðis.

3. Að vitnið staðfesti skýrslu sína með eiði eða drengskaparheiti.

4. Loks er krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Af hálfu stefnda Ármanns Magnússonar voru þær dómkröfur gerðar, að kröfum stefnanda í þessum þætti málsins yrði synjað og stefnda úrskurðaður málskostnaður í þessum þætti málsins að mati dómsins.

Í stefnu aðalmálsins er vitnastefndi, Ármann Magnússon, einn hinna stefndu og því aðili þess.

Þegar af þeirri ástæðu er honum ekki skylt að svara spurningum lögmanns stefnanda á dskj. nr. 26, sbr. 1. tl. 125. gr. einka-

málalaga nr. 85/1936, enda verður sú nauðsyn ekki talin fyrir hendi, að 2. mgr. 1. tl. nefndrar greinar eigi hér við.

Afstaða til málskostnaðar í þessum þætti málsins verður tekin við væntanlegan efnisdóm í því.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Stefnda, Ármanni Magnússyni, er ekki skylt að svara spurningum lögmanns stefnanda, Stefáns Hirst, á dómskjali nr. 26 í máli þessu.

Þriðjudaginn 12. ágúst 1980.

Nr. 128/1980. **Valdstjórnin**
gegn
Sævari Erni Helgasyni.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting. Radarmælingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Með kæru 29. júlí 1980, sem barst Hæstarétti 31. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur svo og ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðaökuleyfissviptingu.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðilja sætti hann með dómi sakadóms Ísafjarðarkaupstaðar 1. júlí 1965 fjársekt og var sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. Frá 1970 hefur hann samkvæmt sakavottorði sætt eftirfarandi viðurlögum fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum:

„1970 5/2 í Reykjavík: Dómur: Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 17. des. 1969. Ekki gerð sérstök refsing fyrir brot gegn 25., 26. og 37. gr. umferðarlaga.
1972 25/8 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga. (Dómur nr. 373/72).
1973 29/3 í Reykjavík: Dómur: 5 daga varðhald (hegningarauki) fyrir brot (sic) 27., sbr. 80. gr. umferðarlaga.
1976 5/5 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
1979 19/9 í Reykjavík: Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot á á 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 13/7 '79.
1979 14/12 í Reykjavík: Dómur: 180.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umferðarlaga."

Meðal gagna máls er yfirlit frá lögreglunni í Reykjavík yfir ítrekuð afskipti lögreglu af varnaraðilja vegna ætlaðra brota hans á umferðarlögum, þ. á m. vegna ólögmæts ökuhraða.

Samkvæmt auglýsingu um umferð í Reykjavík nr. 188/1971, 6. tölulið, er hámarkshraði á Kringlumýrarbraut 60 km miðað við klst. á kaflanum frá Miklubraut að mörkum lögsagnarumdæmis Reykjavíkur í Fossvogi.

Með vísan til þess, sem í ljós er leitt um sakaferil og ökuferil varnaraðilja, svo og þess, er greinir í hinum kærða úrskurði, þykja eigi efni til að hnekkja þeirri ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík að svipta varnaraðilja ökuleyfi til bráðabirgða. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. júlí 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 29. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru sem hér segir:

Laugardaginn 19. júlí sl. voru lögreglumenn við hraðamælingar

með radar á Kringlumýrarbraut um miðja vegu milli Bústaðavegar og Sléttuvegar og mældu hraða bifreiða, sem óku til suðurs að Sléttuvegi. Klukkan 2357 hafði lögreglan afskipti af kærða, Sævari Erni Helgasyni, Hátúni 6, Reykjavík, sem ók bifreiðinni R 71694 áðurgreinda leið. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar mældist hraði bifreiðar hans 105 km/klst., en heimilaður hámarkshraði er 60 km/klst. Kærði var færður fyrir aðstoðarvarðstjóra á lögreglustöð og var gert að afhenda ökuskírteini sitt.

Mánudaginn 21. júlí sl. var kærði yfirheyrður af lögreglu. Kvaðst hann hafa ekið eftir Kringlumýrarbraut umrætt sinn og verið á leið til Hafnarfjarðar. Á móts við „gamla Bústaðaveginn" hafi önnur bifreið verið fyrir framan hans á hægri akrein og hann þá ekið yfir á þá vinstri og fram fyrir hana, en síðan aftur yfir á hægri akrein. Þá hafi hann veitt athygli lögreglubifreiðinni og kvaðst hafa dregið úr hraða bifreiðarinnar, enda verið kominn fram úr áðurnefndri bifreið. Kærði kvaðst hafa litið á hraðamælinn, þegar hann hafði ekið fram úr bifreiðinni og var að draga úr ferð, og hafi hann þá sýnt 85 km/klst, en áður en hann jók hraðann til þess að komast fram fyrir bifreiðina, hafi hann ekið með 70 km hraða á klst.

Kærði sagði, að ekki hefðu verið aðrar bifreiðar á þessum vegarkafla en sú, sem hann ók fram úr, og ein, sem lögreglan hafði stöðvað.

Að lokinni yfirheyrslu var kærða birt ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða, dags. 21. þ. m.

Þrír lögreglumenn voru við hraðamælinguna, þeir Ingi Þór Þorgrímsson og Ólafur Egilsson, sem voru í lögreglubifreiðinni og lásu af skermi, sem tengdur er radarnum, og Jónas Sigurðsson, sem var við Sléttuveg og stöðvaði bifreiðar, sem óku of hratt. Þessi vitni voru yfirheyrð hjá lögreglu þann 21. júlí sl.

Vitnin Ingi Þór og Ólafur kváðu litla umferð hafa verið um Kringlumýrarbraut á þessum tíma. Þeim bar saman um, að hraði bifreiðarinnar R 71694 hefði mælst 105 km/klst., og kváðu hraðann hafa verið hinn sama, frá því að bifreiðin kom inn í ratsjárgeislann og þar til skömmu áður en henni var ekið út úr honum aftur, en þá hafi verið dregið úr hraðanum. Þeir kváðu enga aðra bifreið hafa verið nálæga og því hafi ratsjáin ekki mælt hraða annarrar bifreiðar en bifreiðar kærða.

Vitnin kváðu ratsjána alltaf vera reynda bæði fyrir og eftir hraðamælingar samkvæmt sérstökum fyrirmælum frá framleið-

anda og hefði svo verið í umrætt sinn og tækið reynst mæla rétt.

Vitnið Jónas Sigurðsson kvaðst hafa verið við Sléttuveg og fengið boð frá hinum lögreglumönnunum um talstöð um að stöðva bifreiðar, sem óku of hratt. Kvað það mjög litla umferð hafa verið á þessum tíma. Skyndilega hafi verið kallað í talstöðina: „Einn á 105". Hafi vitnið þá litið til norðurs og séð bifreið, sem ekið var „allgreitt". Kvað vitnið hafa verið „greinilegt, að ökumaður hægði ferðina, er hann sá mig."

Vitnið stöðvaði bifreiðina, sem var R 71694, og ræddi við kærða, sem kvaðst hafa ekið með 85 km hraða á klst. Vitnið sagði, að ekki hefðu verið aðrar bifreiðar á ferð en bifreið kærða og því ekki vafi á, að það var hún, sem mældist.

Kærða var í gær boðið að ljúka máli þessu með dómssátt og greiðslu 50.000 króna sektar og að sæta ökuleyfissviptingu í 2 mánuði, en hann hafnaði því. Kvaðst hann telja hraðamælinguna vera ranga og sagði, að hann hefði ekið með 85 km hraða á klst. Þá kvað hann farþega, sem var í bifreiðinni með honum, ekki hafa verið yfirheyrðan um mál þetta. Loks krafðist hann úrskurðar um ákvörðun lögreglustjóra um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða, sbr. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Misræmis gætir í framburði kærða annars vegar og lögreglumannanna þriggja hins vegar, m. a. um umferð um Kringlumýrarbraut umrætt sinn. Kærði hefur vefengt hraðamælinguna og jafnframt óskað þess, að farþegi í bifreið hans verði yfirheyrður.

Þegar virt eru þau gögn málsins, sem nú liggja fyrir, þykja ekki efni til að svo stöddu að verða við kröfu kærða um, að felld verði úr gildi ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 21. júlí sl., og verður hún því staðfest.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 21. júlí sl., um, að kærði, Sævar Örn Helgason, Hátúni 6, Reykjavík, skuli sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, er staðfest.

Þriðjudaginn 12. ágúst 1980.

Nr. 130/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Hinrik Jóni Þórissyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. ágúst 1980, er barst Hæstarétti 8. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. ágúst 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 6. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR gerði í gær þá kröfu, að kærði, Hinrik Jón Þórisson, Aðalstræti 13, Ísafirði, fæddur 29. ágúst 1952, yrði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 27. ágúst nk. vegna gruns um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Málavextir eru sem hér segir:

Sunnudaginn 3. ágúst sl., kl. 1420, var lögreglan kvödd að Bergstaðastræti 30 B í Reykjavík. Hafði húsráðandi þar, Ásgeir Erlendsson, brugðið sér að heiman um stund, en er hann kom aftur, veitti hann því athygli, að útidyr að íbúð hans voru opnar og lítil rúða í hurðinni brotin. Inni í stofunni voru tveir menn, og kom til átaka milli þeirra og Ásgeirs. Ásgeiri tókst að halda öðrum mannanna í tökum á lóð hússins, uns lögreglan kom og handtók hann, en hinn komst undan. Í íbúðinni hafði verið rótað

í skápum og skúffum, og á stofugólfi var poki með silfurborðbúnaði, sem tekinn hafði verið úr skáp í svefnherbergi. Þá var annar poki með gallabuxum, felgujárni, keðjutöng og hönskum, sem Ásgeir kannaðist ekki við. Hann kvaðst í fljótu bragði einskis sakna úr íbúðinni.

Hinn handtekni, Bárður Ragnar Jónsson, var færður í fangageymslu. Í fórum sínum hafði hann gullnælu með steini og silfurhring, sem hann kvaðst hafa tekið að Bergstaðastræti 30 B, og glerskera. Í fyrstu kvaðst hann ekki vita önnur deili á þeim, sem með honum var, en að hann væri kallaður „Tóti trúður", en við yfirheyrslu næsta dag kvað hann félaga sinn vera kærða, Hinrik Jón Þórisson. Kvaðst hann telja, að kærði hefði komist undan með einhverja muni úr innbrotinu.

Kærði var handtekinn aðfaranótt 5. ágúst sl. og yfirheyrður af lögreglu í gær. Hann kannaðist ekki við að hafa brotist inn að Bergstaðastræti 30 B né annars staðar. Hann kvaðst hafa komið til Reykjavíkur frá Súgandafirði þann 29. f. m., en hafa verið talsvert ölvaður síðan og á þvælingi um borgina með ýmsum mönnum, þ. á m. Bárði Ragnari. Fyrir dómi kvaðst kærði telja Bárð Ragnar hafa borið sig sökum vegna þess, að hann hefði undanfarið gengið hart að Bárði Ragnari um endurgreiðslu peningaláns.

Við sakbendingu, sem fram fór hjá RLR í dag, benti Ásgeir Erlendsson á kærða, Hinrik Jón, í hópi manna sem annan innbrotsmannanna.

Þá hefur vitni, sem statt var í grennd við Bergstaðastræti 30 B sl. sunnudag, borið, að það hafi séð tvo ölvaða menn á ferli. Nokkru síðar hafi það heyrt brothljóð og síðan hafi annar mannanna komið hlaupandi eftir Bergstaðastræti. Vitnið þekkti kærða við sakbendingu í dag og kvað hann hafa verið þann, sem var á hlaupum um Bergstaðastræti.

Í greinargerð með kröfu RLR er þess getið, að rannsóknarlögreglan hafi að undanförnu m. a. unnið að rannsókn 6 innbrota auk ofangreinds innbrots, þar sem stolið var miklum verðmætum, þ. á m. verulegu magni af skartgripum. Ekki verður séð af rannsóknargögnum, að sérstök ástæða sé til að gruna kærða um að hafa verið þar að verki, að undanskildu innbrotinu að Bergstaðastræti 30 B.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir rétt að verða við kröfu um gæsluvarðhald og ákveða, að kærði skuli

sæta gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til kl. 1700 miðvikudaginn 20. ágúst nk.

Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hinrik Jón Þórisson, skal sæta gæsluvarðhaldi til kl. 1700 miðvikudaginn 20. ágúst 1980.

Þriðjudaginn 19. ágúst 1980.

Nr. 131/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Magnúsi Helga Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 13. ágúst 1980, sem barst Hæstarétti 15. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 12. ágúst 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 12. ágúst, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins

að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Magnús Helgi Kristjánsson, fæddur 3. maí 1955, til heimilis að Hverfisgötu 102 B, Reykjavík, var handtekinn af fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglu í gærkvöldi, um kl. 2210, við verslunina Glæsibæ við Álfheima, en þar var hann í leigubifreið ásamt þeim Halldóri Lárusi Péturssyni, fæddum 6. mars 1958, og Sigurði Stefáni Almarssyni, fæddum 30. ágúst 1956. Grunur lék á, að þeir hefðu fíkniefni undir höndum, og er lögreglumenn stöðvuðu leigubifreið þá, er þeir voru farþegar í, hlupu nefndur Halldór Lárus og Sigurður Stefán á brott og komust undan. Nefndur Magnús Helgi var handtekinn sem áður greinir, og við leit á honum fundust tveir vasahnífar, sem báru þess greinileg merki, að þeir höfðu verið notaðir við meðhöndlun hassolíu og á hnífsblöðum ætluð hassolía. Þá fannst einnig á nefndum Magnúsi Helga tóbaksblanda, sem talin var innihalda hassolíu. Var nefndur Magnús Helgi síðan fluttur í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík. Lögreglumenn, er handtóku Magnús Helga, báru kennsl á Halldór Lárus sem annan þeirra, er flúið höfðu af vettvangi.

Nafngreindur leigubifreiðarstjóri, er ekið hafði þeim þremenningum í umrætt sinn, staðfesti við yfirheyrslu hjá lögreglu og síðan hér í dómi í dag, að þeir þremenningar hefðu verið með hassolíu og boðið sér til sölu 3 gr á kr. 150.000 hvert gramm og þeir mælt sér mót við Glæsibæ kl. 2200 og þeir verið að handleika efni, er lögreglu bar að.

Lögreglumenn héldu síðan að Ljósheimum 14 hér í borg, en þar er búsettur nefndur Halldór Lárus. Við húsleit, er þar var framkvæmd skv. dómsúrskurði, fundust ýmis gögn tengd fíkniefnameðhöndlun og sem hér segir:

1) 1 stk. drykkjarstaup atað ætlaðri hassolíu, ætluð hassolía, talin vega 1/2 gr.
2) 1 stk. glas með ætlaðri hassolíu, 1½ gr.

Voru ofangreind efni falin í svefnbekk í herbergi Halldórs Lárusar. Móðir Halldórs Lárusar var í nefndri íbúð að Ljósheimum 14 og vísaði á og heimilaði fyrir sitt leyti leit að sakargögnum í herbergi Halldórs Lárusar að honum fjarverandi. Kvað hún Halldór Lárus hafa komið hingað til lands frá Kaupmannahöfn sl. laugardag.

Magnús Helgi Kristjánsson var í morgun yfirheyrður hjá

fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglu og laust fyrir hádegi hér í dómi.

Nefndur Magnús kvaðst hafa verið skipverji á togaranum Karlsefni sl. tvær veiðiferðir, en tekið sér frí sl. þriðjudag. Kvaðst Magnús Helgi í gærdag hafa verið við áfengisdrykkju og í miðbæ Reykjavíkur hitt þá Halldór Lárus Pétursson og Sigurð Stefán Almarsson. Hafi þeir þrír haldið heim til Halldórs Lárusar að Ljósheimum 14 og þar neytt áfengis, en jafnframt neytt af hassolíu, er Halldór Lárus hafi átt. Kvaðst Magnús Helgi ekki hafa séð, í hvernig umbúðum Halldór Lárus hafi geymt hassolíuna, en hún verið blönduð í reyktóbak og hafi hann fengið dálítið af slíku hjá Halldóri, en það efni fundist á sér við handtöku. Magnús Helgi kvað þá félaga síðan hafa ákveðið að halda á dansleik í veitingahúsinu Óðali og því gengið niður að veitingahúsinu Glæsibæ og þar tekið leigubifreið og óskað eftir því, að þeim yrði ekið í miðbæinn, en lögreglu borið að í sömu svifum.

Aðspurður neitaði Magnús Helgi að hafa komið nálægt dreifingu fíkniefna á undanförnum misserum. Þá kvaðst Magnús Helgi sl. vor hafa farið ásamt Halldóri Lárusi í skemmtiferð til Kanaríeyja, en engin fíkniefni hafa flutt hingað til lands úr þeirri ferð.

Áðurnefndur Sigurður Stefán Almarsson var handtekinn laust fyrir hádegi í morgun og þá yfirheyrður hjá fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglu. Kvaðst Sigurður Stefán hafa verið með þeim Magnúsi Helga Kristjánssyni og Halldóri Lárusi Péturssyni í miðbæ Reykjavíkur í gær, en tapað af þeim og haldið heim til Halldórs Lárusar í Ljósheima um kl. 2100. Ekki kvaðst hann hafa orðið var við neina fíkniefnameðhöndlun hjá þeim Magnúsi og Halldóri Lárusi. Skömmu síðar hafi hann haldið ásamt þeim út í einhverja leigubifreið og Magnús Helgi verið að ræða um hass við bifreiðarstjórann, er lögreglu bar að. Kvaðst Sigurður Stefán hafa flúið og þá fyrst og fremst til þess að losna við „að sitja í fangageymslu“ um nóttina. Kvaðst hann ásamt Halldóri Lárusi hafa flúið út í móa austan við Skeifuna og þar hafst við til um kl. 0100, en þaðan haldið að heimili Halldórs Lárusar og leiðir þeirra þá skilið.

Neitaði Sigurður Stefán staðfastlega allri fíkniefnameðhöndlun og kvaðst saklaus af slíkum áburði.

Fimm nafngreindir aðiljar hafa á undanförnum mánuðum borið um fíkniefnaviðskipti við Magnús Helga, og er þar um að ræða sölu Magnúsar á ýmsum tegundum kannabisefna, svo sem hass, marihuana og hassolíu.

Þá hafa fíkniefnadeild borist upplýsingar frá aðiljum, er ekki vilja láta nafns síns getið, þess efnis, að Halldór Lárus og Magnús Helgi flyttu inn hassolíu með tilgreindum flutningsaðferðum. Þess utan liggja fyrir hjá lögreglu fjölmargar ábendingar um stórfellda dreifingu Magnúsar Helga á kannabisefnum á undanförnum misserum, en Magnús Helgi hefur lýst sig saklausan af slíku.

Þá liggur fyrir, að Magnús Helgi fór með togaranum Karlsefni, er sigldi til hafnar í Þýskalandi, og mun hafa komið hingað til lands 23. júlí sl.

Enn hefur ekki tekist að ná til nefnds Halldórs Lárusar Péturssonar, en hann hringdi fyrir stundu til fíkniefnadeildar lögreglu og hafði þá í hótunum, en kvaðst ekki mundu mæta hjá lögreglu eða hér í dómi.

NIÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt ofansögðu er rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli Magnúsar Helga Kristjánssonar á algeru frumstigi. Eftir er með vissu að ná til og yfirheyra fjölmarga, er tengjast rannsókn máls þessa, og því rannsóknarlega brýnt að hindra, að ofangreindur Magnús Helgi nái að spilla eða torvelda rannsókn. Fjölmargir aðiljar hafa borið um dreifingu Magnúsar Helga á fíkniefnum á undanförnum misserum, en hann neitar sökum.

Verið er að rannsaka ætluð brot Magnúsar Helga Kristjánssonar gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, og gæti því sök, ef sönnuð reyndist, varðað fangelsisrefsingu. Þykja því ekki ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Með vísan til þess og annars ofanritaðs auk 1. töluliðar, 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir nauðsyn til bera í þágu rannsóknar máls þessa að gera Magnúsi Helga Kristjánssyni að sæta gæsluvarðhaldi, er telst hæfilega ákveðið allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Magnús Helgi Kristjánsson, fæddur 3. maí 1955, til heimilis að Hverfisgötu 102 B, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Mánudaginn 8. september 1980.

Nr. 116/1980. **Hulda Þorvaldsdóttir**
gegn
Þórði Ragnarssyni.

Kærumál. Skiptamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Helga Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 25. júní 1980, sem barst Hæstarétti 3. júlí s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 12. júní 1980. Krefst hún þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að taka bú málsaðilja til „opinberrar skiptameðferðar og efnislegs úrskurðar um ágreiningsefni". Þá krefst hún kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Úrskurður skiptaréttar í máli þessu sætir kæru samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 12. júní 1980.

I.

Með bréfi, dags. 16. maí 1980, fór Róbert Árni Hreiðarsson þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að bú umbjóðanda síns, Huldu Þorvaldsdóttur, og Þórðar Ragnarssonar, fyrrum sambýlis-

manns hennar, yrði tekið til opinberra skipta með vísan til 90. gr. laga nr. 3 frá 1878.

Kröfu sína um opinber skipti á búi málsaðilja styður lögmaðurinn þeim rökum, að þau hafi búið saman í óvígðri sambúð í u. þ. b. þrjú ár og á því tímabili hafi skapast með þeim greinileg fjárhagsleg samstaða, meðal annars hafi þau keypt í sameiningu neðri hæð hússins nr. 52 við Hæðargarð hér í borg. Jafnframt vísar hann til rskj. nr. 2, sem hefur að geyma samning, er þau Hulda Þorvaldsdóttir og Þórður Ragnarsson gerðu með sér hinn 28. nóvember 1979.

Í þinghaldi hinn 22. maí 1980 var framkominni skiptakröfu mótmælt af hálfu lögmanns Þórðar Ragnarssonar, þar sem tilgreint lagaákvæði ætti ekki við og aðrar heimildir brysti. Sáttatilraun reyndist árangurslaus, og krafðist sóknaraðili úrskurðar skiptaréttarins um, hvort taka bæri „búið" til opinberra skipta.

II.

Í 90. gr. skiptalaganna nr. 3 frá 1878 er fjallað um skipti á öðrum búum en dánarbúum. Ljóst er, að þar eru ekki tæmandi talin þau bú, sem taka má til opinberra skipta á grundvelli hennar, en samlagsbú eru nefnd sem dæmi. Talið hefur verið, að nefndri 90. gr. skiptalaganna verði beitt um skipti á búum formbundinna félaga, svo sem hlutafélaga, samvinnufélaga og félaga með ótakmarkaðri ábyrgð.

Lagaákvæði um óvígða sambúð eru fá í íslenskum rétti, og mikil óvissa ríkir um réttindi og skyldur fólks, sem velur sér það sambúðarform. Þegar litið er til þess, hversu eðlisólík óvígð sambúð er þeim félögum, sem 90. gr. skiptalaganna tekur ótvírætt til, verður ekki fallist á, að henni verði beitt um skipti vegna sambúðarslita málsaðilja.

Úrskurðarorð:

Kröfu Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns um opinber skipti á eignum Huldu Þorvaldsdóttur og Þórðar Ragnarssonar er synjað.

Mánudaginn 22. september 1980.

Nr. 46/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Viðari Björnssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Tilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu var máli þessu skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Jafnframt var því áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar, en hér fyrir dómi krafðist ríkissaksóknari þess, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal nýtt sakavottorð ákærða.

Auk þeirra refsidóma, er getur í hinum áfrýjaða dómi, sætti ákærði áfellisdómi í sakadómi Keflavíkur 7. maí 1979 fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna innbrots og þjófnaðar í verslun Kaupfélags Grundfirðinga 3. febrúar 1979. Ákærða var eigi gerð sérstök refsing vegna brots þessa, en hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp eftir að ákærði framdi það, sbr. 78. gr. nefndra laga. Þá var ákærði í sakadómi Keflavíkur hinn 16. júní 1980 dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga, er framið var 20. desember 1979.

Máli þessu hefur ekki verið áfrýjað að því er varðar Einar Júlíusson.

Ákæruliður I, 1. Hér fyrir dómi lýsti ríkissaksóknari yfir því, að fallið væri frá ákæru fyrir þjófnað á 10 gallafötum, 10 buxum og sloppi. Kemur því ekki til álita, hvort ákærði hafi gerst sekur um ófrjálsa töku þessara verðmæta. Sannað er með játningu ákærða og gögnum þeim, er í héraðsdómi

getur, að ákærði hefur gerst sekur um innbrot í verslunina Evubæ og þjófnað á öðrum þeim verðmætum, sem í ákærulið þessum greinir.

Ákæruliður I, 2 og 3. Með eigin játningu ákærða er sannað, að hann hefur framið brot þessi.

Ákæruliður I, 4. Af hálfu ákæruvalds voru við flutning málsins fyrir Hæstarétti gerðar eftirfarandi breytingar á ákærulið þessum: Í stað „55 þúsund krónum" komi „30—35 þúsund krónum", í stað „66 morfínskömmtum" komi „60 eða 66 morfínskömmtum" og í stað „150 ópíumtöflum" komi „100—150 ópíumtöflum".

Samkvæmt upplýsingum Kjartans Jónssonar lyfjafræðings, er hann gaf lögreglumönnum 28. desember 1977, hurfu úr apótekinu við innbrot þar aðfaranótt 28. desember 1977 30.000 til 35.000 krónur í peningum, 80 ampúlur af morfíni, 150 töflur af ópíum og 30 töflur af amfetamíni.

Ákærði hefur viðurkennt innbrot þetta og að hafa ófrjálsri hendi tekið lyf þau, er í ákærulið þessum getur, og auk þess 42.000 til 52.000 krónur í peningum. Ákærða verður gerð refsing fyrir þjófnað þennan, þó svo, að eigi verður hann dæmdur fyrir að hafa slegið eign sinni á hærri fjárhæð en 35.000 krónur, eins og ákærulið þessum hefur verið breytt.

Ákæruliður I, 5. Af hálfu ákæruvalds var ákærulið þessum breytt á þá leið, að í stað „2 flöskum" komi „flösku" og í stað „6 dósum" komi „4 dósum". Ákærði viðurkennir að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 10. janúar 1978 brotist inn í Félagsbíó í Keflavík og tekið ófrjálsri hendi þar verðmæti þau, er undir ákærulið þessum getur. Verður ákærða dæmd refsing fyrir brot þetta með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið varðandi þjófnaðarandlagið af hálfu ákæruvalds.

Brot ákærða eru heimfærð til réttra refsiákvæða í ákæru og hinum áfrýjaða dómi.

Ákærði er síbrotamaður.

Refsingu hans ber að ákveða með vísun til 255. gr., sbr. 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, en í sakadómi Reykjavíkur hinn 14. febrúar 1978 var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir þjófnað, framinn 18.

janúar 1978. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði.

Ákærði greiði Aðalstöðinni h/f skaðabætur, 292.018 krónur, en kröfu þessa hefur hann viðurkennt. Vaxta hefur ekki verið krafist.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, samtals 275.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Viðar Björnsson, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákærði greiði Aðalstöðinni h/f, Keflavík, 292.018 krónur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals 275.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 26. febrúar 1979.

Ár 1979, mánudaginn 26. febrúar, var í sakadómi Keflavíkur af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 695/1978: Ákæruvaldið gegn Viðari Björnssyni og Einari Júlíussyni.

Mál þetta, sem þingfest var 16. október sl. og dómtekið 19. þ. m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, útgefinni 11. maí sl., á hendur „Viðari Björnssyni sjómanni, Kirkjuvegi 13, fæddum 24. ágúst 1948 í Reykjavík, og Einari Júlíussyni, Hringbraut 100, fæddum 22. apríl 1956 í Keflavík, báðum þar í bæ, fyrir eftirtalin brot, framin þar í bænum, svo sem rakið verður:

I. Þjófnaðarbrot ákærða Viðars.

1) Aðfaranótt laugardagsins 24. desember 1977 braust ákærði inn í verslunina Evubæ, Hafnargötu 34, og stal þar allt að 30

þúsund krónum í peningum, 10 gallafötum, 10 buxum, 2 hettupeysum, 3 kjólum, blússu, 14 sokkabuxum, slopp, 17 buddum og veskjum og dálitlu af ódýru skartgripaglingri og snyrtivörum.

2) Aðfaranótt mánudagsins 26. sama mánaðar reyndi ákærði að brjótast inn í verslunina Stapafell, Hafnargötu 29, í því skyni að stela þar verðmætum.

3) Þessa sömu nótt braust ákærði inn í útibú Aðalstöðvarinnar, Hafnargötu 13 og stal þar 62 vindlingalengjum, 67 pökkum, kassa af happdrættismiðum Rauða Krossins, 2 kveikjurum, búnti af gúmvettlingum, 37 pökkum af tuggugúmí og 5 spólum af litfilmu auk þess sem ákærði drakk úr einni ölflösku.

4) Aðfaranótt miðvikudagsins 28. sama mánaðar braust ákærði inn í Apótek Keflavíkur og stal þar 55 þúsund krónum í peningum, 66 morfínskömmtum, 30 amfetamíntöflum, 150 ópíumtöflum, 2 glösum af lyfinu „Marplan", 1 glasi af svefntöflum, 2 glösum af lyfinu „Artan", 200 líbríumtöflum og skjalatösku.

5) Aðfaranótt þriðjudagsins 10. janúar 1978 braust ákærði inn í Félagsbíó, Túngötu 1, og stal þar 2 flöskum af vodka, 6 dósum af bjór, spilastokk úr leðri og rafmótor.

Telst atferli ákærða í liðum 1 og 3—5 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en í lið 2 við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

II. Hylming ákærða Einars.

Ákærða er gefið að sök að hafa um áramótin 1977—1978 tekið að sér að geyma á heimili sínu að Hringbraut 100 megnið af þýfi því, sem talið er upp í liðum 1, 3 og 4 og þegið úr því að gjöf fatnað, lyf og tóbak frá meðákærða Viðari.

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir skv. framburði ákærða Viðars og öðrum gögnum málsins.

I.

1) Laugardagsmorguninn 24. desember 1977 var lögreglunni tilkynnt, að brotist hefði verið inn í verslunina Evubæ, Hafnargötu 34 hér í bæ, og kvað verslunareigandinn, að sjáanlega hefði

verið stolið 40—60 þús. kr. í peningum og talsverðu magni af flauelsbuxum fyrir kvenfólk.

Við athugun lögreglunnar kom í ljós, að farið hafði verið inn um opnanlegan glugga á bakhlið verslunarinnar. Hafði lausafagið verið tekið úr, en það var úr krossviði.

Ákærði Viðar segist hafa verið þarna á ferð. Hafi hann komist inn í verslunina með því að losa tréhlera frá litlum glugga á jarðhæð með skrúfjárni og sporjárni. Hafi hann tekið kr. 30 þúsund í peningum, 7—10 galla- og flauelsbuxur, 2 prjónakjóla, 2 hettupeysur, 1 pils, 1 kvenslopp og eitthvað af ódýru skartgripaglingri. Allt þetta setti hann í tvo pappakassa, sem hann bar heim til sín og setti í útigeymslu.

Tveim dögum síðar fór hann með þá til Grindavíkur og setti þá í geymslu hjá systur sinni, sem ekki vissi, hvað þeir höfðu að geyma. Stuttu eftir áramótin fékk hann síðan kunningja sinn, meðákærða Einar, til að koma með sér til Grindavíkur og sækja kassana, og voru þeir síðan geymdir á heimili Einars. Sagðist Viðar hafa sagt Einari, hvaðan innihald þeirra væri komið, og hafi Einar og eiginkona hans fengið nokkrar buxur og fleira úr þýfi þessu. Einnig kvaðst Viðar hafa selt þeim þrennar buxur og fleira úr þýfi þessu. Einnig kvaðst Viðar hafa selt þem þrennar buxur fyrir kr. 17.000.

Er mál þetta upplýstist, kom í leitirnar hluti þýfisins úr nefndri verslun, og var þar á meðal 14 pör af sokkabuxum, 17 peningabuddur og kvenveski, 4 glös af naglalakki o.fl., og auk þess hluti af því, sem ákærði hafði nefnt.

2) Mánudaginn 26. desember s. á., síðdegis, var lögreglunni tilkynnt um innbrot í verslunina Stapafell, Hafnargötu 29 hér í bæ. Tjáði verslunareigandinn lögreglumönnunum, er komu á staðinn, að farið hefði verið inn um brotinn glugga á bakhlið verslunarinnar og hefðu steypujárnsteinar verið sagaðir í sundur. Ekki gat verslunareigandinn sagt til um, hverju eða hve miklu hefði verið stolið úr versluninni.

Ákærði Viðar viðurkenndi að hafa gert innbrotstilraun í verslun þessa aðfaranótt umræddS dags. Sagaði hann í sundur járnrimla með járnsög, en þar sem hún beit illa, gafst hann upp, áður en gatið var orðið það stórt, að hann kæmist þar í gegn.

3) Sama dag var lögreglunni tilkynnt um innbrot í útibú Aðalstöðvarinnar að Hafnargötu 13. Hafði verið farið inn í verslunina með því að brjóta tréhlera og glugga á bakhlið hússins og saga burtu járnrimla úr glugganum að hluta. Að sögn afgreiðslu-

stúlkna var eftirtalið horfið úr versluninni: 33 pakkar af Winston vindlingum, 33 Camel, 22 Viceroy, 11 Marlboro, 22 Kent, 1 Pall Mall og 3 Ronson kveikjarar. Á lagerinn vantaði 20 lengjur af Camel vindlingum, 30 af Winston, 3 vindlingakassa og 3 konfektkassa.

Ákærði Viðar var þarna á ferð. Kvaðst hann fyrst hafa losað tréhlera, sem þar var fyrir glugga, og síðan sagað í sundur granna járnrimla, er þar voru fyrir innan.

Viðar kvaðst hafa tekið þarna 62 lengjur af vindlingum og 67 lausa pakka, 1 kassa af Rauða Kross happdrættismiðum, 2 Ronson kveikjara og eitt búnt af gúmmívettlingum. Einnig drakk hann úr einni ölflösku þarna inni, en annað hafi hann ekki tekið. Þetta allt saman setti hann í pappakassa og plastpoka og bar heim til sín og setti í útigeymslu. Daginn eftir fór hann til kunningja síns, meðákærða Einars, og bað hann um að sækja þetta, sem hann og gerði. Kvaðst Viðar þá hafa sagt honum, hvaðan þetta væri fengið. Fór Einar með þetta upp á geymsluloft í íbúð sinni. Kvaðst Viðar hafa gefið honum nokkrar lengjur af vindlingum, en nokkrum dögum síðar hafi hann tekið 50 vindlingalengjur, pantað sér leigubifreið og farið til Reykjavíkur. Er þangað var komið, hafi hann sleppt bílnum, en tekið annan í þeim tilgangi að kaupa áfengisflösku, sem hann hafi síðan gert. Ók ökumaður leigubifreiðarinnar Viðari síðan aftur til Keflavíkur, þar sem hann keypti af honum 2 flöskur í viðbót. Sagðist Viðar hafa spurt bílstjórann, hvort hann gæti ekki tekið vindlingana upp í aksturinn og flöskurnar. Hafi bílstjórinn síðan tekið til sín nefndar 50 lengjur fyrir kr. 75 þúsund, en af því gengu kr. 25 þúsund upp í áfengisflöskurnar og aksturinn. Ekki er upplýst, hver bílstjórinn var.

Hluti þýfisins úr innbroti þessu komst til skila, og var þ. á m. 37 pakkar af tuggugúmmí og 5 pakkar af litfilmum, sem ljóst er, að Viðar hefur einnig stolið auk þess, sem áður er nefnt.

4) Miðvikudagsmorguninn 28. desember 1977 var lögreglunni tilkynnt um innbrot í Apótek Keflavíkur við Suðurgötu. Á staðnum hittu lögreglumenn fyrir Kjartan Jónsson lyfjafræðing, sem tjáði þeim, að horfið væri 30—35 þús. kr. í peningum úr peningakassa í afgreiðslusal, 80 ampúlur af morfíni, 150 töflur af opíum og 30 töflur af ampfetamíni úr geymslu á efri hæð apóteksins.

Rannsókn lögreglumannanna leiddi í ljós, að farið hafði verið inn um glugga í kjallara með því að taka úr rúðu og ýta til hliðar járnrimlum, sem festir voru í gluggakarminn að innanverðu.

Ákærði Viðar kveðst hafa framið innbrot þetta og þjófnað og

verið einn að verki. Sagðist hann hafa náð rúðunni úr með skrúfjárni og sporjárni og síðan getað spyrnt járnrimlunum inn. Er inn var komið, gat hann gengið hindrunarlaust um apótekið. Tók hann þar 60 eða 66 morfínampúlur, 30 ampfetamíntöflur og nokkur glös af opíumtöflum. Áleit hann, að töflufjöldinn hafi verið 100—150 stk. Einnig sagðist Viðar hafa tekið 20—30 þúsund krónur í seðlum og 22 þúsund í skiptimynt. Þá tók hann eitt glas af svefntöflum, 2 glös af Marplantöflum, 2 glös af Artantöflum og 200 librium töflur. Allt þetta setti hann í litla skjalatösku, sem hann tók þarna, og fór með út.

Viðar kvaðst síðan hafa farið heim til sín og sett töskuna í útigeymsluna, en farið með hana næsta dag og það, sem í henni var, til meðákærða Einars og sett hana í geymslu þar. Kvaðst hann hafa skipt töflunum nánast til helminga milli þeirra beggja svo og morfíninu.

5) Þriðjudaginn 10. janúar 1978 var lögreglunni tilkynnt um innbrot í Félagsbíó, Keflavík, nóttina áður, og hafði þá verið stolið einni flösku af áfengi og 4 dósum af bjór. Hafði verið farið inn í húsið um kjallarahurð á suðurgafli þess með þeim hætti að rjúfa lítið gat á hurðina, en þannig hafði verið hægt að teygja sig í smekklásinn að innanverðu og opna. Einhvers konar höggverkfæri virtist hafa verið notað við innbrot þetta.

Í lögregluskýrslu segir síðan, að innbrotsmaðurinn hafi farið upp á skrifstofuna á 2. hæð hússins og tekið þaðan eina áfengisflösku og fjórar bjórdósir. Einnig hafi verið drukkið úr einni bjórdós á staðnum, og virtist því sem innbrotsmaðurinn hefði verið einn á ferð. Síminn hafði verið slitinn úr sambandi, en aðrar skemmdir höfðu ekki verið unnar, svo séð væri, né annað tekið. Sá, sem þarna hafði verið að verki, hafði párað nokkur illa læsileg orð í minnisbók, sem þarna var á skrifstofunni, og tók lögreglan hana til athugunar.

Ákærði Viðar hefur viðurkennt að hafa framið innbrot þetta og notað til þess sams konar verkfæri og áður hafa verið nefnd. Inni í bíóinu kvaðst Viðar hafa fundið 2 flöskur af Vodka, 6 dósir af bjór, leðurkassa undan spilum, reykskynjara og lítinn bláan rafmótor. Hafi hann tekið þetta allt saman og farið með heim til sín.

Viðar kvaðst hafa neytt áfengisins sjálfur næstu daga á eftir. Jafnframt kvaðst hann hafa fest reykskynjarann upp á vegg á ganginum heima hjá sér og rafmótorinn á borðið í smíðakompu sinni. Leðurkassann hafi hann sett inn í glerskápinn í stofunni heima hjá sér.

Viðar kvaðst hafa skrifað orðsendingu til eigandans og skilið hana eftir á skrifborðinu inni í bíóinu.

Framangreind háttsemi ákærða Viðars varðar í öllum tilvikum við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varðandi annan lið vísast þó í 20. gr. sömu laga, þar sem hér er um tilraunaverknað að ræða. Er rétt fært til refsiákvæða í ákæru og atferli Viðars þar réttilega lýst, nema að því er varðar innbrotið í Evubæ. Þykir ekki sannað, að ákærði hafi bæði stolið 10 gallafötum og 10 buxum, heldur einungis 10 buxum.

II.

Áður er fram komið, að ákærði Einar tók að sér að geyma á heimili sínu hluta þýfisins skv. 1., 3. og 4. lið hér á undan. Hefur hann skýrt nánar frá atvikum á þá leið, að ákærði Viðar hafi komið heim til hans skömmu eftir jólin 1977 og sagt honum, að hann hefði brotist inn í verslunina Evubæ og í verslun Aðalstöðvarinnar. Á gamlársdag hafi Viðar aftur heimsótt Einar og sagt honum, að hann hefði brotist inn í Apótek Keflavíkur milli jóla og nýárs.

Einar kvað þá Viðar hafa farið til Grindavíkur fyrir gamlárskvöld að beiðni þess síðarnefnda. Fór Viðar inn á heimili systur sinnar og sótti þangað tvo pappakassa, og kvað Einar, að í kössum þessum hefði verið þýfi úr áðurnefndum innbrotum. Fóru þeir fyrst með kassa þessa heim til Viðars, þar sem hann tók ýmislegt úr þeim og setti í ferðatösku og muni hann hafa ætlað að eiga það sjálfur, að sögn Einars. Síðan fóru þeir með ferðatöskuna og kassann heim til Einars, sem tók að sér að geyma þetta fyrir Viðar. Við það tækifæri lét Viðar meðákærða Einar hafa buxur, peysu o. fl.

Einar kvað Viðar hafa gefið sér 3 töflur af ampfetamíni við heimsókn hins síðarnefnda á gamlársdag. Sama dag kom hann með skjalatösku heim til Einars, og var í henni þýfi úr apótekinu. Tók Einar hana til geymslu, en áður hafði Viðar læst henni og tekið með sér lykilinn. Síðar lánaði hann Einari skjalatöskuna, sem hann notaði sem skólatösku. Þegar það var, hafði saxast allmikið á lyfin, sem í töskunni voru, og hefði Viðar tekið það, sem eftir var, að undanskildu morfíni, sem hann lét Einar hafa og bað hann um að geyma. Ekki neytti Einar þess á neinn hátt, og ekki vissi hann um, hvort Viðar gerði það. Viðar hefði hins vegar gefið honum eitt glas af pillum, sem hann sagði, að væru róandi, og kvaðst Einar hafa tekið inn nokkrar af þeim.

Með þessari framanlýstu háttsemi sinni, sem er rétt lýst í ákæru, hefur ákærði Einar gerst brotlegur við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorðum hafa ákærðu sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Ákærði Viðar:

1965 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 9. sept. 1965.

1966 33/1 í Reykjavík: Sátt: 300 kr. sekt fyrir brot á 4. gr. umferðarlaga.

1966 5/8 í Reykjavík: Dómur: Varðhald 10 daga fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár.

1969 24/6 í Kópavogi: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr., 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956. Greiði skaðabætur in solidum með öðrum, kr. 20.950.

1969 16/7 í Reykjavík: Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaga.

1970 16/1 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga. (dómur 24/6 1969 dæmdur með).

1970 12/2 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1971 4/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. og 155. gr. hegningarlaga.

1974 4/4 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1974 4/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár.

1977 18/5 í Keflavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1978 14/2 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Ákærði Einar:

1973 í Keflavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 2/5 1973.

1973 19/1 í Keflavík: Dómur: 12 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 14 mánuði frá 19/6 1973.

Með tilvísun til 71., 72., 77. og 78. gr. alm. hegningarlaga þykir refsing ákærða Viðars hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Refsing ákærða Einars þykir hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð, en fresta skal fullnustu refsingar hans og hún niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Aðalstöðin h/f og Verslunin Evubær hafa sett fram skaðabótakröfur á hendur ákærðu í málinu. Er krafa Aðalstöðvarinnar samtals kr. 307.186, sem er annars vegar krafa fyrir varnig, kr. 291.350, og hins vegar vegna viðgerðarkostnaðar á húsnæði, kr. 5.836 (svo). Ákærði Viðar hefur samþykkt kröfu þessa, en ákærði Einar mótmælt henni. Þykir rétt að taka hana til greina að frádregnum kr. 15.168, sem er andvirði fjögurra para af gúmmívettingum, er komu í leitirnar síðar og var skilað, og andvirði tveggja vindlakassa og tveggja konfektkassa, en ekki er viðurkennt í málinu, að ákærði Viðar hafi stolið kössum þessum. Samkvæmt þessu skulu ákærðu vera dæmdir til að greiða Aðalstöðinni h/f óskipt kr. 276.182, en auk þess skal ákærði Viðar einn greiða kr. 15.836, þ. e. viðgerðarkostnaðinn.

Krafa Evubæjar er samtals að upphæð kr. 450.000 og er sundurliðuð þannig:

A. Stolnir peningar		kr.	50.000
B. Horfnar vörur:			
1. 14 stk. buxur á 7.750	kr. 108.500		
2. 13 stk. buxur á 7.900	— 102.700	—	211.200
C. Ónýtum vörum skilað		—	135.340
D. Krafa vegna fyrirhafnar, óþæginda o. fl.		—	53.460

Í kröfugerð þessari er krafist bóta fyrir fleira en ákærði Viðar hefur viðurkennt að hafa stolið, en auk þess fór mat á vörum þeim, sem skilað var, ekki fram. Þykir krafan því eigi nægilega skýr, til þess að unnt sé að leggja dóm á hana í opinberu máli, og ber því að vísa henni frá dómi.

Samkvæmt framangreindum úrslitum og með tilvísun til 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 skal

ákærði Viðar greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Viðar Björnsson sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði Einar Júlíusson sæti fangelsi í 1 mánuð, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði Aðalstöðinni h/f kr. 276.182 óskipt, en ákærði Viðar einn kr. 15.836.

Ákærði Viðar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 23. september 1980.

Nr. 36/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Jóhannesi Kristjánssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, viðurkennir ákærði að hafa neytt nokkurs áfengis um 3 klukkustundum áður en hann hóf akstur laugardaginn 27. ágúst 1977. Samkvæmt framburðum vitna, sem getur í héraðsdómi, var hann

með áfengisáhrifum, er þau komu að bifreið hans. Eftir það kveðst ákærði hafa fært bifreiðina úr vegarkantinum og á þann stað utan vegar, þar sem hún var, er lögreglumenn komu að henni. Að þessu loknu kveðst ákærði hafa neytt áfengis, sem í bifreiðinni hafi verið, en magn alkóhóls í blóði hans reyndist vera 2.21‰.

Þegar virt eru sakargögn, þykja fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi við akstur bifreiðarinnar frá Böðmóðsstöðum og að þeim stað, þar sem hann var handtekinn, verið með áhrifum áfengis. Ekki verður þó niðurstaða blóðrannsóknar um vínandamagn í blóði ákærða lögð til grundvallar refsingu og öðrum viðurlögum í máli þessu, en eigi er upplýst, hve mikils áfengismagns hann kann að hafa neytt, eftir að akstri hans lauk og þar til hann var handtekinn.

Varðar brot ákærða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969, en ákvæði 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, og 45. gr. áfengislaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, samtals 180.000 krónur.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa í héraði. Það er aðfinnsluvert, að vitni voru ekki látin staðfesta framburði sína, og lögreglumenn þeir, er afskipti höfðu af ákærða, komu ekki fyrir dóm.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Jóhannes Kristjánsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 180.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. apríl 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 11. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 126/1979: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Jóhannesi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms hinn 3. þ. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 14. mars 1978, gegn ákærða, Guðmundi Jóhannesi Kristjánssyni deildarstjóra, Barmahlíð 20, Reykjavík, fæddum 11. júní 1911 á Sveinseyri í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, „fyrir að aka laugardaginn 27. ágúst 1977 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 6752 frá Böðmóðsstöðum í Laugardal í Árnessýslu áleiðis að Laugarvatni, þar til bifreiðin lenti út af vegi skammt frá Neðra-Apavatni í Grímsnesi, en þegar lögreglan kom þar að, var ákærði undir stýri bifreiðarinnar með aflvél hennar í gangi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir:

Laugardaginn 27. ágúst 1977, kl. 1455, var tilkynnt til lögreglunnar í Árnessýslu um ölvaðan ökumann á bifreiðinni R 6752, sem væri utan vegar skammt sunnan við Neðra-Apavatn í Grímsnesi í Árnessýslu. Tilkynnendur voru Hafsteinn Jónsson, Silfurtúni, Stokkseyri, Árnessýslu, og Einar Jóhannsson, Sólheimum 23, Reykjavík.

Er lögreglan kom á staðinn, var bifreiðin R 6752 á grasflöt utan

vegar, og var vél hennar í gangi. Undir stýri sat ákærði, Guðmundur Jóhannes Kristjánsson, og var hann að mati lögreglunnar ölvaður. Einnig var í bifreiðinni Páll Þórhallsson, Hagamel 42, Reykjavík.

Lögreglan flutti ákærða og Pál á lögreglustöðina á Selfossi svo og bifreiðina R 6752. Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra kvaðst ákærði hafa lagt af stað frá Böðmóðsstöðum í Laugardal um kl. 1400, en hafa drukkið 2½ ml af Kláravíni, blandað bjór, á tímabilinu frá kl. 1000 til 1200. Þá kvaðst ákærði hafa drukkið „smásopa" af Kláravíni, eftir að akstri lauk.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 1745, og samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar var magn alkóhóls í blóði hans 2.21‰.

Samkvæmt skýrslum ákærða, sem hann gaf hjá lögreglunni í Reykjavík þann 24. nóvember 1977 og fyrir dómi þann 15. júní 1978 og sem eru efnislega samhljóða í öllum aðalatriðum, drakk hann tvö glös af Whisky að kvöldi þess 26. ágúst 1977, en fór að sofa um kl. 2230 til 2300. Næsta morgun, um 3 klst. áður en ákærði hóf akstur, drakk hann lítið eitt af pilsner, blönduðum Kláravíni, en fann ekki til neinna áfengisáhrifa af því.

Um kl. 1400 fór ákærði á bifreið sinni, R 6752, frá Böðmóðsstöðum í Laugardal ásamt Páli Þórhallssyni að Laugarvatni, en síðan áleiðis að Selfossi. Skammt frá Neðra-Apavatni í Grímsnesi lenti bifreið ákærða út af veginum vegna hvassviðris og sat þar föst. Ákærði kvað bifreið hafa komið þarna að og hafi ökumaður hennar reynt að aðstoða ákærða og Pál við að ná bifreiðinni úr vegarkantinum, en án árangurs og hafi hann farið við svo búið.

Ákærða og Páli tókst að ná bifreiðinni hjálparlaust úr vegarkantinum. Taldi ákærði bifreið sína hafa skemmst við útafaksturinn og hafi hann tekið þá ákvörðun að skilja hana eftir á nærliggjandi afleggjara, en fá far til Selfoss með bifreiðum, sem ættu leið um.

Ákærði kvað þá Pál hafa verið blauta og kalda og hafi þeir beðið í bifreiðinni og haft vél hennar í gangi og miðstöðina á.

Eftir að hafa komið bifreiðinni fyrir kvaðst ákærði hafa drukkið mestallt úr vodkapela, sem var í bifreiðinni, og hafi hann ekkert ekið henni, eftir að hann hóf áfengisneysluna. Biðu þeir Páll í bifreiðinni nokkra stund, áður en lögreglan kom, en ákærði fór þó tvisvar út til að huga að skemmdum á bifreiðinni. Ekki kvaðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa fyrr en eftir komu lögreglunnar.

Vitnið Páll Þór Skúli Þórhallsson læknir, fæddur 15. júní 1935, var yfirheyrt hjá lögreglunni í Reykjavík þann 25. nóvember 1977 og í dómi þann 30. janúar sl., og staðfesti það þá skýrslu sína fyrir lögreglu í öllum aðalatriðum.

Vitnið hefur skýrt svo frá, að það hafi verið við veiðar ásamt ákærða skammt frá Böðmóðsstöðum þann 26. ágúst 1977 og hafi þeir báðir neytt áfengis og ákærði verið undir áfengisáhrifum, en hann hafi farið snemma að sofa um kvöldið. Næsta morgun hafi þeir haldið til veiða á ný og vitnið þá neytt áfengis, en vissi ekki til, að ákærði neytti áfengis þá.

Um hádegið hafi þeir ákærði farið saman í bifreiðinni R 6752, sem ákærði ók, fyrst að Laugarvatni, en síðan áleiðis að Selfossi, en skammt frá Neðra-Apavatni hafi bifreiðin lent út af veginum. Virtist vitninu bifreiðin renna út af veginum og hafi ákærði þá bakkað henni út í moldarflag, sem þar var, og hafi bifreiðin tekið niðri þar. Vitnið sagði, að hvasst hefði verið og rigning.

Vitnið kvað þá ákærða hafa reynt að losa bifreiðina, en það ekki tekist, fyrr en þeim barst aðstoð manns, sem átti leið þarna um. Eftir að bifreiðin losnaði, hafi ákærði tekið þá ákvörðun að skilja hana eftir, þar sem hann taldi, að hún hefði skemmst við útafaksturinn, og fá far með bifreiðum, sem ættu leið um. Þeir hafi setið inni í bifreiðinni, ákærði undir stýri hennar og haft vél hennar í gangi og miðstöðina á, enda báðir orðnir blautir og kaldir.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu sagði vitnið, að þegar það ætlaði að taka áfengispela, sem var í bifreiðinni, hafi það séð, að mikið hafði minnkað í honum, og hafi það vitað, að ákærði hefði drukkið úr honum, eftir að hann ók bifreiðinni, enda þótt vitnið sæi hann ekki gera það.

Fyrir dóminum bar vitnið, að það hefði neytt áfengis, er þeir biðu í bifreiðinni, en taldi sig ekki fært um að segja til um áfengisneyslu ákærða vegna þess, að það var sjálft undir áfengisáhrifum. Vitnið gat þess einnig, að verið gæti, að í pelanum hefði verið spíritus, ætlaður til sótthreinsunar, en ekki vissi það, hve sterkur hann var.

Vitnið sagði, að fólk hefði komið þarna að í bifreið, áður en tekist hafði að losa bifreiðina úr vegarkantinum, og hafi það rætt við ákærða. Sagði vitnið, að ákærði væri að jafnaði óskýrmæltur og ókunnugir kynnu að telja hann ölvaðan, enda þótt svo væri ekki. Taldi vitnið, að þetta fólk kynni að hafa hvatt til lögreglu.

Vitnið sagði, að þær tvær bifreiðar, sem komu að, þar sem bifreið ákærða var, hafi komið, áður en tekist hafði að losa bifreiðina, og hafi þeir ákærði þess vegna ekki óskað eftir fari með þeim.

Vitnið Hafsteinn Jónsson kom fyrir dóminn þann 13. febrúar sl. Það kvaðst hafa verið á leið að Laugarvatni í bifreið sinni þann 27. ágúst 1977. Er það átti skammt eftir ófarið, mætti það bifreið, sem ók eftir miðjum veginum, og gat vitnið naumlega vikið frá henni, er bifreiðarnar mættust. Um 20—30 mínútum síðar, er vitnið var að koma frá Laugarvatni aftur ásamt Þorkeli Bjarnasyni, sá það fyrirnefnda bifreið að öllu leyti utan vegar skammt frá þeim stað, er bifreiðarnar mættust áður, og virtist hún hafa farið út af á leið til Laugarvatns, þar sem framendi hennar sneri í þá átt.

Vitnið kvað tvo menn hafa verið við bifreiðina, og lá annar þeirra og virtist hafa dottið út úr bifreiðinni bifreiðarstjóramegin, en hinn stumraði yfir honum. Kvaðst vitnið hafa gengið til mannanna og taldi Þorkel einnig hafa komið út úr bifreiðinni. Vitnið talaði við þann mannanna, sem stóð, og spurði, hvort eitthvað væri að, en hann sagði, að allt væri í lagi. Skildist vitninu, að sá mannanna, sem lá, hefði misst gleraugu sín og væri að leita að þeim. Ekki vissi vitnið, hvor mannanna var eldri, og ekki veitti það heldur athygli, hvort vél bifreiðarinnar var í gangi.

Vitnið kvaðst hafa álitið, að báðir mennirnir væru drukknir, og dró þá ályktun af ástandi mannsins, sem lá, og framkomu hins. Ekki fann vitnið áfengislykt af mönnunum.

Vitnið bauð mönnunum aðstoð sína, en þeir þáðu hana ekki, og hélt vitnið þá áfram ferð sinni og skýrði lögreglunni á Selfossi frá bifreiðinni og mönnunum, en Þorkell hafði skráð hjá sér númer bifreiðarinnar.

Vitnið sagði, að ausandi slagveður hefði verið þennan dag.

Vitnið Einar Magnús Jóhannsson kom fyrir dóminn þann 15. mars sl. Kvaðst það hafa verið með konu sinni og dóttur á leið um Laugardal þann 27. ágúst 1977, er það ók fram á bifreið utan vegar við Neðra-Apavatn. Sagði vitnið, að bifreiðin hefði hallast, og taldi það hættu á, að hún gæti oltið, en bifreiðin hafði lent út af veginum vinstra megin, þegar ekið er að Laugarvatni, og virtist bifreiðin hafa verið á leið þangað. Vitnið nam staðar og fór út úr bifreið sinni og kannaði aðstæður og talaði við tvo menn, sem voru við bifreiðina í vegarkantinum. Bauðst vitnið til að aðstoða þá við að koma bifreiðinni upp á veginn eða á afleggjara,

sem var skammt frá, en hætti við það, er það varð þess áskynja, að mennirnir hugðust aka bifreiðinni, enda kvaðst vitnið hafa talið þá vera töluvert drukkna. Sagði vitnið, að þeir hefðu báðir verið reikulir í spori og áfengislykt hefði verið af þeim báðum. Vitnið bauðst til að aka þeim að Laugarvatni, en þeir þáðu það ekki.

Um svipað leyti og vitnið kom þarna að, kom einnig önnur bifreið. Talaði vitnið við ökumann þeirrar bifreiðar, sem kom út úr bifreið sinni ásamt einum farþega, og urðu þeir sammála um, að óforsvaranlegt væri, að mennirnir tveir ækju bifreiðinni. Eiginkona vitnisins lagðist einnig gegn því, að bifreiðin yrði dregin upp á veginn, vegna þess hvernig mennirnir tveir voru á sig komnir. Ekki kvaðst vitnið vita nein deili á þessu fólki.

Vitnið Þorkell Bjarnason kom fyrir dóminn þann 15. mars sl. Það kvaðst telja, að það kynni að hafa verið farþegi í bifreið með Hafsteini Jónssyni umræddan dag, en mundi ekki eftir neinu sérstöku í því sambandi. Það mundi ekki eftir að hafa séð neina bifreið utan vegar í þeirri ferð.

Hinn 16. mars sl. kom fyrir dóminn vitnið Sigríður Guðný Jóhannsdóttir. Kvaðst það hafa verið á leið upp Laugardal ásamt eiginmanni sínum og dóttur umræddan dag. Skammt frá Neðra-Apavatni komu þau að bifreið utan vegar, sem virtist hafa farið út af veginum vinstra megin á leið til Laugarvatns. Við bifreiðina voru tveir menn, og fóru vitnið og eiginmaður þess út úr bifreið sinni og ræddu við þá. Vegna framkomu mannanna kvaðst vitnið hafa talið þá báða ölvaða, enda þótt það fyndi ekki áfengislykt af þeim, en því fannst þeir vera reikulir í spori og óskýrmæltir. Enn fremur fannst vitninu það, sem þeir sögðu, vera hálfgert rugl, en treysti sér ekki til að hafa neitt eftir þeim. Mennirnir voru rólegir, að sögn vitnisins.

Vitnið sagði, að annað fólk hefði komið þarna að í bifreið og hafi vitnið og eiginmaður þess ráðgast við það um, hvað gera skyldi. Hafi sú ákvörðun verið tekin að aðstoða ekki mennina við að ná bifreið þeirra úr vegarkatninum, þar sem þau töldu hættu á, að þeir kynnu að aka henni eins og þeir voru á sig komnir. Var mönnunum skýrt frá þessari ákvörðun, og tóku þeir henni vel.

Eiginmaður vitnisins bauðst til að aka mönnunum tveimur í bifreið þeirra hjóna, en þeir vildu ekki þiggja það. Héldu þau hjónin þá að Laugarvatni, þaðan sem eiginmaður vitnisins hringdi til lögreglunnar.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt neyslu áfengis að kvöldi hins 26. ágúst 1977 og að hafa drukkið lítils háttar af pilsner, blönduðum Kláravíni, áður en hann hóf aksturinn þann 27. ágúst 1977, en kveðst ekki hafa fundið til neinna áfengisáhrifa. Gegn neitun ákærða þykir ekki verða litið svo á, að hann hafi við aksturinn frá Böðmóðsstöðum og þar til bifreið hans lenti út af veginum við Neðra-Apavatn, verið undir áhrifum áfengis, eins og hann er ákærður fyrir.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi neytt áfengis, eftir að bifreiðin náðist úr vegarkantinum og hann hafði komið henni fyrir, ákveðinn í að skilja hana eftir. Enda þótt vitnið Páll Þór Skúli Þórhallsson hafi ekki treyst sér, er það kom fyrir dóminn, til að segja til um áfengineyslu ákærða, þar sem vitnið var sjálft með áfengisáhrifum umræddan dag, þykir verða að líta svo á, að framburður ákærða hafi nokkra stoð í vætti vitnisins Páls. Er af þeim sökum ekki unnt að leggja niðurstöðu alkóhólrannsóknar til grundvallar í máli þessu.

Vitnin Hafsteinn Jónsson, Einar Magnús Jóhannsson og Sigríður Guðný Jóhannsdóttir hafa öll borið, að ákærði og vitnið Páll hafi virst vera ölvaðir, er þeir voru við bifreiðina í vegarkantinum, og sáu vitnin Hafsteinn og Einar Magnús bæði ástæðu til að tilkynna lögreglunni um ákærða, en ekkert er fram komið, sem bendir til þess, að vitnin hafi haft um það nein samráð. Með framburðum ákærða og ofangreindra þriggja vitna þykir mega telja fullsannað, að ákærði hafi með því að aka bifreið sinni úr vegarkantinum og þangað, sem hann hugðist skilja hana eftir, gerst brotlegur við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978. Ekki þykja efni til að heimfæra brot ákærða jafnframt undir 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1961 27/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1963 2/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1973 9/11 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 9/11 1973.

Dómurinn frá 9. nóvember 1973 hefur ítrekunaráhrif á brot

það, sem hér er fjallað um, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og ber að ákvarða refsingu með tilliti til þess.

Brot ákærða var framið, áður en ákvæðum áfengislaga var breytt með lögum nr. 52/1978. Verður honum því ekki ákveðin refsing samkvæmt hinum nýju refsiákvæðum áfengislaga, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 150.000 króna sekt, sem renni til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar ekki verkun dómsins að þessu leyti.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Jóhannes Kristjánsson, greiði kr. 150.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar ekki verkun þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Þriðjudaginn 23. september 1980.

Nr. 149/1980. **Geir Gunnar Geirsson og Guðbjörn Guðjónsson** gegn **Einari Matthíasi Einarssyni.**

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðiljar hafa skotið málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 75/1973 með kæru 1. júlí 1980, sem barst Hæstarétti 1. september s. á. Krefjast þeir þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Þeir krefjast og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Dómi aukadómþings Kjósarsýslu, sem upp var kveðinn 5. september 1979 í víxilmáli varnaraðilja á hendur sóknaraðiljum, skutu hinir síðarnefndu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu hinn 21. maí 1980. Þar sem víxilmál þetta er enn til meðferðar fyrir dómstólum, er vissa ekki fengin fyrir því, hvort sóknaraðiljar missi færis á því vegna ákvæða XVII. kafla laga nr. 85/1936 að koma að í því máli þeim vörnum, er þeir telja sig eiga gegn kröfum varnaraðilja. Ber þegar af þessum ástæðum og með vísun til 2. mgr. 209. gr. og 1. mgr. 69. gr. áðurgreindra laga að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 20. júní 1980.

Mál þetta var þingfest 18. mars sl. og tekið til dóms eða úrskurðar 4. þ. m. um frávísunarkröfu stefnda.

Stefnendur eru Geir Gunnar Geirsson, Vallá, Kjalarneshreppi, og Guðbjörn Guðjónsson, Síðumúla 22, Reykjavík.

Stefndi er Einar Matthías Einarsson, Teigi, Mosfellshreppi.

Málið er höfðað gegn stefnda til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2.257.700 með 3% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 2.000.000 frá 31. ágúst 1978 til 18. mars 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í greinargerð stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara sýknu að svo stöddu. Málskostnaðar er krafist að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnenda er málavöxtum lýst þannig, að með leigusamningi, dags. 14. mars 1975, sem síðan hafi verið endurnýjaður með leigusamningi, dags. 5. apríl 1977, hafi stefnendur tekið á leigu alifuglabú stefnda að Teigi í Mosfellssveit. Samkvæmt 4. gr. hins síðara samnings skyldi Geir Gunnar Geirsson samþykkja tryggingarvíxil, er Guðbjörn Guðjónsson áriti sem útgefandi, og víxillinn „vera til tryggingar fyrir leigusala og sem ákveðið var í hinum eldri samningi gegn því, að hinu leigða sé skilað í réttu ásigkomulagi að leigutíma loknum."

Samkvæmt þessu ákvæði hafi stefndi fengið afhentan víxil að fjárhæð kr. 2.000.000, útfylltan á víxileyðublað Iðnaðarbanka Íslands h/f, Reykjavík, útgefinn og ábakinn af Guðbirni Guðjónssyni, en samþykktan til greiðslu af Geir Gunnari Geirssyni, en með óútfylltum útgáfudegi og greiðsludegi. Víxillinn beri með sér, að á hann hafi verið ritað, „Tryggingavíxill", en síðan hafi verið strikað yfir það orð. Víxillinn sé stimplaður 30. VIII. 77. Að liðnum leigutíma hinn 1. september 1977 hafi stefnendur skilað hinu leigða af sér í samningshæfu standi. Stefndi þá fengið hið leigða afhent og ekki gert neinar athugasemdir um, að eitthvað skorti á um skaðlaus og skilvís skil. Ekki hafi stefnendur þó fengið víxilinn afhentan aftur. Með innheimtubréfi, dags. 7. nóvember 1978, hafi Kristján Stefánsson héraðsdómslögmaður krafið um greiðslu víxilsins ásamt dráttarvöxtum, afsagnar- og stimpilkostnaði og innheimtulaunum. Þá hafi verið ljóst, að stefndi hefði fyllt út víxilinn með útgáfudegi 31. ágúst 1977 og greiðsludegi 31. ágúst 1978 og látið síðan afsegja víxilinn 4. september 1977. Stefndi hafi síðan höfðað víxilmál á hendur stefnendum til þingfestingar á aukadómþingi Kjósarsýslu 5. mars 1979. Málið hafi þó ekki verið þingfest þann dag, en stefndi síðan höfðað nýtt víxilmál, sem þingfest hafi verið 9. maí 1979.

Dómur hafi verið kveðinn upp í því máli 5. september 1979, án þess að stefnendur fengju komið að nokkrum vörnum. Stefnendum hafi verið synjað um að hafa uppi varnir, sem byggst hafi á því, að engar fjárkröfur lægju bak við víxilskuldbindinguna, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Með dóminum hafi stefnendur verið dæmdir til að greiða víxilfjárhæðina, kr 2.000.000 með 3% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 31. ágúst 1978 til greiðsludags, kr. 7.700 í banka- og afsagnarkostnað og kr. 250.000 í málskostnað, en samtals nemi þessar fjárhæðir stefnukröfunni.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að stefndi hafi fengið víxildóminn á hendur þeim, án þess að nokkur skuld lægi á bak við víxilinn. Þvert á móti telji stefnendur sig eiga kröfur á hendur stefnda út af fyrrgreindum leigusamningum. Er áskilinn réttur til að krefja stefnendur um frekari skaðabætur annað hvort með framhaldsstefnu eða í sérstöku máli. Þar sem stefnda virðist full alvara að krefja stefnendur um fulla greiðslu skv. ákvæðum víxildómsins, hann hafi þannig gert fjárnám til tryggingar skuldinni, neyðist stefnendur til að höfða mál þetta til skaðabóta skv. heimild í 209. gr., 2. mgr., laga nr. 85/1936.

Í greinargerð stefnda segir, að málavaxtalýsing stefnenda í stefnu sé í verulegum atriðum röng og villandi og þörf á að leiðrétta hana. Stefnda hafi verið afhentur víxill að fjárhæð kr. 2.000.000 til tryggingar efndum af hálfu leigutaka. Leigusamningnum skyldi ljúka 1. september 1977. Fyrir lok hans (í maí/júní 1977) hafi stefnendur gengið frá búinu og viðskilnaður þeirra verið með öllu ófullnægjandi. Stefndi hafi fundið ítrekað að þessu við stefnendur, án þess að úr yrði bætt. Stefndi átt þá inni ógreidda húsaleigu fyrir 3—4 mánuði. Enn fremur hafi vantað verulega á, að bústofn sá, er stefnendur skiluðu, uppfyllti samningsákvæði, bæði hvað varðaði fjölda og gæði. Þá hefðu stefnendur notað verulegt magn af vírneti, sem stefndi átti, án þess að greiðsla kæmi fyrir. Stefndi hafi óskað ítrekað eftir fundi með stefnendum, til þess að hægt yrði að setja niður deilur, og m. a. verið boðað til sáttafundar hjá Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, en hann hefði í upphafi séð um samningsgerð. Borist hafi þá skilaboð frá stefnanda Geir Gunnari þess efnis, að hann vildi enga samninga. Stefndi telji ástæður þess, að stefnendur hættu skyndilega starfsemi að Teigi, að um þetta leyti hafi stefnandi Geir Gunnar verið búinn að byggja upp öflugt fuglabú að Vallá á Kjalarnesi og snúinn að starfsemi þess óskiptur. Þegar

sýnt hafi verið, að stefnendur hafi ekki ætlað að efna leigusamninginn, hafi stefndi falið lögmanni innheimtu víxilsins, sem honum hefði verið afhentur til tryggingar efndabótum. Stefnendur hafi látið halda uppi vörnum í því máli, en hætt síðar að mæta í málinu, þegar það hafi átt að fá málsmeðferð. Hafi því aldrei verið fyrir það girt af hálfu stefnda Matthíasar, að þeir kæmu að efnisvörnum.

Sýknukröfuna byggir stefndi á þeirri málsástæðu, að stefnda hafi verið afhentur víxillinn sem efndabætur, kæmi til vanefnda af hálfu stefnenda sem leigutaka. Stefnendur hafi í svo verulegum atriðum vanefnt samninginn, að stefnda hafi verið nauðugur sá kostur einn að leita efndabóta skv. víxlinum. Þá er því mótmælt, að 2. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936 geti verið grundvöllur þessarar málshöfðunar.

Varakrafa stefnda um sýknu að svo stöddu er á því byggð, að stefnendur hafi ekki orðið fyrir neinu fjártjóni, þar sem þeir hafi enn ekki greitt víxildómsskuldina.

Er mál þetta var tekið fyrir 4. þ. m., var af hálfu stefnda lagt fram ljósrit áfrýjunarstefnu, sem er út gefin 21. maí 1980. Hafa stefnendur þessa máls þar áfrýjað greindum víxildómi til Hæstaréttar og stefnandi Guðbjörn áfrýjað fjárnámsgerð samkvæmt þeim dómi, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 1. nóvember 1979. Kröfur sínar fyrir Hæstarétti kveða áfrýjendur verða, að hinum áfrýjaða dómi verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi verði teknar til greina og þeim dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Enn fremur, að hin áfrýjaða aðfarargerð verði úr gildi felld og að Guðbirni verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti vegna áfrýjunar hennar. Er Einari Matthíasi Einarssyni stefnt fyrir Hæstarétt miðvikudaginn 1. október nk. til að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, halda uppi vörn og sæta dómi.

Á dómþinginu 4. þ. m. varð sáttatilraun dómara árangurslaus.

Af hálfu stefnda var krafist frávísunar máls þessa svo og málskostnaðar vegna áfrýjunar víxildómsins til Hæstaréttar, þar sem víxildómurinn væri grundvöllur málssóknar stefnenda.

Af hálfu stefnenda var frávísunarkröfu stefnda mótmælt sem tilhæfulausri, en því jafnframt lýst yfir til vara, að áfrýjun til Hæstaréttar yrði felld niður, væri það nauðsynlegt, til þess að mál þetta gæti haldið áfram fyrir aukadómþinginu, og krafist

málskostnaðar vegna frávísunarkröfunnar við endanlegan dóm í máli þessu.

Samkvæmt 2. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936 virðist það réttarfarsskilyrði fyrir málssókn þessari, að stefnendur hafi misst færi á að koma vörnum að í greindu víxilmáli. Niðurstaða héraðsdóms í því máli var, að varnir, sem varði viðskiptin á bak við víxilinn, komist ekki að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936, og aðrar varnir, sem koma megi að samkvæmt því ákvæði, hafi ekki komið fram í málinu. Í því máli var krafist sýknu og málskostnaðar. Þeim dómi hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar. Við meðferð víxilmálsins í héraði kveða stefnendur sér hafa verið synjað um að hafa uppi varnir, sem byggðust á því, að engar fjárkröfur lægju bak við víxilskuldbindinguna, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Málssókn þessi er alfarið á því byggð, að stefndi hafi fengið víxildóminn á hendur stefnendum, án þess að nokkur skuld lægi á bak við víxilinn, og stefnda virðist full alvara að krefja stefnendur um greiðslu samkvæmt ákvæðum dómsins. Greinda mótbáru í víxilmálinu, sem eigi er nú til lykta leitt, hefur stefnandi uppi sem málsástæðu fyrir dómkröfum sínum í þessu máli, en stefnufjárhæðin er hin sama og samtals þær fjárhæðir, er í víxildóminum greinir, þar á meðal er stefndi í máli þessu krafinn um greiðslu á dæmdum málskostnaði í víxilmálinu, 250.000 krónum, en samkvæmt málatilbúnaði stefnenda í því máli fyrir Hæstarétti er gerð sú krafa, að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Með vísan til framanritaðs og 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85/1936 þykir því bera að vísa máli þessu frá dómi.

Málskostnaður ákveðst kr. 120.000.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Geir Gunnar Geirsson og Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnda, Matthíasi Einarssyni, 120.000 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. september 1980.

Nr. 175/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Þorfinni Kristjánssyni
(Örn Clausen hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Er ákærði var handtekinn, neitaði hann, að hann hefði ekið bifreið sinni umrætt sinn. Þegar skýrsla var tekin af honum á lögreglustöðinni í Reykjavík sama dag, skýrði hann svo frá, að hann hefði verið að neyta áfengis kvöldið áður og eitthvað fram á nótt. Hann hefði síðan drukkið sem svaraði einum þriðja úr hvítvínsflösku á Loftleiðahótelinu á milli kl. 1330 og 1500 um daginn. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis, eftir að akstri lauk.

Hinn 27. júní s. á. var tekin lögregluskýrsla af ákærða. Skýrði hann þá svo frá, að hann hefði verið staddur á Hótel Loftleiðum daginn, sem hann var handtekinn, og drukkið úr einu staupi af hvítvíni á milli kl. 1330 og 1500. Um kl. 1600 hefði hann síðan ekið heimleiðis með stuttri viðkomu á leiðinni. Eftir að heim kom, hefði hann drukkið úr tveimur glösum af vodka blönduðu coca cola.

Ákærði kom fyrir sakadóm 13. október 1978. Þá er bókað í sakadómsbók:

„Ákærða er birt ákæran og gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Ákærða finnst ákæran ósanngjörn. Ákærði kveðst hafa drukkið eitt staup af hvítvíni á Hótel Loftleiðum, áður en hann ók bifreiðinni R 56622, og kveðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði kveðst hafa neytt áfengis á heimili sínu, eftir að akstri lauk.

Ákærði óskar ekki eftir að halda uppi vörnum í málinu og

gerir ekki athugasemdir við gögn málsins og kveðst leggja það í dóm.

Upplesið staðfest".

Síðan var málið dómtekið og dómur í því upp kveðinn samstundis.

Rannsókn máls þessa er verulega áfátt. Ekki verður séð, að ákærða hafi verið kynnt sérstaklega önnur sakargögn en ákæruskjalið, er hann kom fyrir dóm, og ekki var hann spurður sjálfstætt um sakarefni, svo séð verði, nema að mjög takmörkuðu leyti. Var þó sérstök ástæða til þess, þar sem hann hafði verið mjög reikull í frásögnum sínum hjá lögreglu. Er þetta brot á 78. gr. laga nr. 74/1974 og 75. gr. sömu laga, sbr. 13. gr. laga nr. 107/1976. Ekki hafa lögreglumenn þeir, er stóðu að handtöku ákærða, né önnur vitni, sem borið gætu um málsatvik, gefið skýrslur fyrir lögreglu eða dómi, ef frá er talin frumskýrsla lögreglu um handtöku ákærða.

Vegna þessara galla á rannsókn málsins verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. október 1978.

Ár 1978, föstudaginn 13. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 414/1978:

Ákæruvaldið gegn Þorfinni Kristjánssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. september sl., á hendur ákærða, „Þorfinni Kristjánssyni sölumanni, Gautlandi 9, Reykjavík, fæddum þar í borg 30. sept. 1950, fyrir að aka laugardaginn 27. maí 1978 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 56622 frá Loftleiðahóteli í Reykjavík að Vesturbergi 148 og eftir stutta viðdvöl þar heim til sín.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. nú 1. mgr. 33. gr. sömu laga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða fyrir dómi og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Laugardaginn 27. maí sl., kl. 1710, barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að bifreiðinni R 56622 hefði verið ekið frá Vesturbergi og væri ferð hennar heitið að Gautlandi 9. Höfðu lögreglumenn tal af ákærða á heimili hans, og þrætti hann í fyrstu fyrir að hafa ekið bifreiðinni, sem stóð fyrir utan, og var vél hennar heit. Kvað ákærði konu sína hafa ekið bifreiðinni, en hún neitaði því og kvað ákærða hafa komið á bifreiðinni þá skömmu áður.

Í skýrslutöku hjá varðstjóra viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni R 56622 frá Loftleiðahótelinu að Gautlandi 9 með viðkomu í Vesturbergi 148. Kvaðst ákærði hafa drukkið þriðjung úr hvítvínsflösku á Hótel Loftleiðum á tímabilinu kl. 1330 til 1500. Ákærði kvaðst þá ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og ekki neytt áfengis eftir að akstri lauk.

Í skýrslutöku hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 27. júní sl. skýrði ákærði á sama hátt og áður frá áfengisneyslu sinni að öðru leyti en því, að hann kveðst hafa drukkið úr tveimur glösum af Vodka blöndum með Coca-Cola á heimili sínu, eftir að akstri lauk.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar af Gunnari Inga Gunnarssyni lækni kl. 1808 sama dag. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.95‰.

Þar sem ákærði hefur viðurkennt að hafa neytt áfengis,

skömmu áður en hann hóf aksturinn, svo og með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og framburði ákærða, einkanlega í skýrslutöku þann 27. maí, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1967 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákærufrestun í 2 ár frá 10/7 1967. Skal háður eftirliti Oscars Clausen rithöfundar.

1969 15/7 í Reykjavík: Dómur: 8 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 73., 106., 244., 245. og 259. gr. hegningarlaga.

1971 19/2 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

1971 13/10 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mán. frá 8/5 1971.

1972 21/12 í Reykjavík: Sátt, 27.000 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. laga nr. 82/1969, 1. gr. laga nr. 63/1969 og 60. gr. laga nr. 59/1969.

1975 20/3 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 20/5 1974.

1975 30/7 í Reykjavík: Dómur: 45 daga varðhald fyrir brot gegn 25., 26., 35. og 37. gr., 38. og 50. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 15/1 1975.

1976 14/1 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 60. gr. tolllaga, 3. og 18. gr. áfengislaga.

1978 20/2 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

Dómarnir frá 20. mars og 30. júlí 1975 hafa samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 150.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem

um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 27. júní 1978 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Þorfinnur Kristjánsson, greiði 150.000 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 27. júní 1978 að telja.

Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 25. september 1980.

Nr. 174/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðbergi Guðjónssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að kröfu ákærða. Jafnframt var af ákæruvaldsins hálfu krafist þyngingar refsingar hans.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal nýtt sakavottorð ákærða.

Auk refsidóma þeirra, er getur í hinum áfrýjaða dómi, var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi í sakadómi Garðabæjar 6. september 1979 fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og 244. gr. sömu laga, framin á árunum 1975—1977. Var refsing samkvæmt þeim dómi því hegningarauki við refsingu samkvæmt hinum áfrýjaða dómi.

Ákærði hefur játað brotið, þó þannig, að fjárhæð sú, sem í veskinu var og hann sló eign sinni á, hafi verið tæpar 20.000 krónur. Ekki hafa verið færðar sönnur á, að um hærri fjárhæð hafi verið að ræða. Verður ákærði því eigi sakfelldur fyrir að hafa tekið og slegið eign sinni á hærri fjárhæð.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um sekt ákærða og heimfærslu til refsiákvæðis svo og ákvæði um skaðabætur.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 255. gr., sbr. 71. gr., almennra hegningarlaga svo og 72. gr. sömu laga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Það athugast, að héraðsdómari lét undir höfuð leggjast að kveðja Ásgeir Pétursson fyrir dóm.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði Ásgeiri Péturssyni, Bárugötu 7 í Reykjavík, 20.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. ágúst 1978.

Ár 1978, mánudaginn 21. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 344/1978: Ákæruvaldið gegn Guðbergi Guðjónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 19. maí 1978, á hendur ákærða, Guðbergi Guðjónssyni sjómanni, Gnoðarvogi 40 í Reykjavík, fæddum 1. ágúst 1943 þar í borg, „fyrir þjófnað með því að hafa sunnudaginn 23. apríl stolið seðlaveski með allt að 35.000 krónum og skilríkjum úr vasa Ásgeirs Péturssonar, fædds 15. febrúar 1906, í garði við húsið nr. 7 við Bárugötu í Reykjavík og slegið eign sinni á það.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Ásgeir Pétursson, Bárugötu 7, Reykjavík, hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér kr. 35.000 í skaðabætur.

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt eigin játningu ákærða fyrir dómi og öðrum gögnum málsins:

Hinn 23. apríl sl. stal ákærði seðlaveski úr vasa Ásgeirs Péturssonar við Bárugötu 7 hér í borg. Í veski þessu voru skilríki og peningar, sem ákærði telur, að hafi numið tæplega kr. 20.000. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík skýrði Ásgeir Pétursson lögreglumönnum svo frá, er þeir höfðu tal af honum framangreindan dag, að í veskinu hefðu verið milli kr. 20.000 og 30.000. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni næsta dag kvað Ásgeir líklega hafa verið í veskinu kr. 35.000 í peningum. Ákærði hefur hins vegar haldið fast við, að í veskinu hafi verið tæplega kr. 20.000 í peningum. Hefur hann fallist á að greiða Ásgeiri þá fjárhæð í skaðabætur.

Framangreindur verknaður ákærða telst sannaður með eigin játningu hans og öðrum gögnum málsins. Varðar hann við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Frá árinu 1961 hefur ákærði 14 sinnum hlotið dóma fyrir auðgunarbrot og önnur hegningarlagabrot. Síðast hlaut hann dóm 29. mars 1977, 2ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakarferli hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða Ásgeiri Péturssyni skaðabætur, en með hliðsjón af þeirri óvissu, sem ríkir í málinu um fjárhæð peninga, sem í umræddu veski voru, þykir ekki unnt að taka kröfu Ásgeirs til greina að fullu. Verður hér að miða við frásögn ákærða sjálfs, og samkvæmt því verður hann dæmdur til að greiða Ásgeiri kr. 20.000.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Ásgeiri Péturssyni, Bárugötu 7, kr. 20.000 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan kostnað af máli þessu.

Föstudaginn 26. september 1980.

Nr. 174/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Steven Arthur March.

Kærumál. Úrskurður um gæsluvarðhald úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá er þess krafist, að talsmannslaun verjanda varnaraðilja verði greidd úr ríkissjóði.

Skjöl máls bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 24. þ. m. svo og greinargerð verjanda varnaraðilja. Frekari skýrslur rannsóknarlögreglu bárust 25. þ. m. með bréfi ríkis-

saksóknara, þar sem krafist var staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Kröfu sína um, að varnaraðili yrði látinn sæta gæsluvarðhaldi, byggði vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins á bréfi varnaraðilja, dags. 21. þ. m., til A, en setning úr því um sölu mynda er tekin upp í hinn kærða úrskurð. Krafan er einnig byggð á skýrslum varnaraðilja, en með gögnum þessum, er fái stoð í skrifum þeim eða uppkasti að bréfi varnaraðilja til föður stúlkunnar, sem vikið er að í hinum kærða úrskurði, sé fram kominn rökstuddur grunur um, að varnaraðili kunni að hafa gerst brotlegur við 251. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er krafan um gæsluvarðhald einnig á því byggð, að eigi verði hjá því komist að kanna, hvort einhver fótur sé fyrir þeim alvarlega áburði varnaraðilja, að hugsanlegt sé, að stúlkan beri ábyrgð á dauða einhvers manns, eða hvort hér sé hugsanlega um ætlað brot á 148. gr. eða 149. gr. almennra hegningarlaga að ræða. Loks er á því byggt, að rannsókn máls sé skammt á veg komin, og vísað til 1. og 3. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og 15. gr. laga nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum.

Strax eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar mánudaginn 22. þ. m. var varnaraðili færður í gæsluvarðhald, kl. 1705. Fyrr þennan dag var hann yfirheyrður fyrir sakadómi. Laugardaginn 20. og sunnudaginn 21. þ. m. gaf hann skýrslur fyrir rannsóknarlögreglu, en þann dag var gerð húsleit í herbergi hans, svo sem í hinum kærða úrskurði getur, og var hann viðstaddur leitina ásamt lögmanni. Þegar til þessa er litið og gögn máls virt, verður ekki séð, að skilyrði 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 hafi verið fyrir hendi og eigi heldur 3. tl. né önnur ákvæði lagagreinar þessarar. Rannsóknarnauðsynjar voru því ekki fyrir hendi til að úrskurða varnaraðilja í gæsluvarðhald.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 45/1965 koma hér eigi til álita.

Að svo vöxnu máli er hinn kærði úrskurður úr gildi felldur.

Málsvarnarlaun verjanda varnaraðilja, 50.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Það athugast, sbr. XI. kafla laga nr. 74/1974, að verjandi varnaraðilja, Árni Guðjónsson hæstaréttarlögmaður, sem skipaður var réttargæslumaður hans í þinghaldi 21. þ. m., er úrskurður um húsleit hafði verið kveðinn upp, var hvorki viðstaddur þá leit né yfirheyrslu varnaraðilja í þinghaldi 22. þ. m., heldur fulltrúi hans.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Málsvarnarlaun verjanda varnaraðilja, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. september 1980.

Ár 1980, mánudaginn 22. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að sl. laugardag kom á skrifstofu RLR A, norskur læknanemi við Háskóla Íslands, og skýrði svo frá, að hún hefði að undanförnu orðið fyrir ónæði af völdum Steven Arthur March, bandarískum lyfjafræðinema við Háskóla Íslands. Hefði hann farið fram á, að hún greiddi honum US $ 1.600.00, sem hann sagði hana skulda sér. Kærandi kvað það alrangt, að hún skuldaði honum þetta fé. Kærandi skýrði enn fremur svo frá, að kærði, Steven Arthur March, hefði í nóvember eða desember sl. tekið af henni nektarmyndir og hefði hann í hótunum við hana að nota þær til að flæma hana úr námi og eyðileggja líf hennar. Kærandi bar einnig, að kærði hefði farið á fund kennslustjóra Háskóla Íslands og skýrt honum frá því, að A bæri ábyrgð á dauða einhvers aðilja, en nánar hafi kærði ekki útskýrt, hvað hann átti við með þessu. Þegar þennan sama dag var kærði yfirheyrður hjá RLR. Hann kannaðist við að hafa haft samband við kæranda undanfarna daga og að hafa krafið hana um US $ 1.600.00, sem hún skuldaði sér, og hafi hann hótað henni málsókn, ef hún greiddi sér ekki peningana. Þann 17. þ. m. kvaðst kærði hafa ritað utan á umslag, stílað á kæranda, orðsendingu þess efnis, að hann gæti ekki beðið til föstudags með greiðsluna. Á umslagið kveðst kærði hafa límt hluta af mynd af föður kæranda og á bakhlið myndarinnar orðið „next". Umslagið fór kærði

með á dvalarstað kæranda og festi það með límbandi á hurðarhún á herbergishurð kæranda. Með þessu kvaðst kærði hafa ætlað að gefa A til kynna, að ef hún greiddi sér ekki skuldina, sæi hann sig knúinn að snúa sér til föður hennar um greiðslu skuldarinnar.

Hann kannaðist einnig við að hafa viðhaft þau ummæli við kennslustjóra Háskóla Íslands, að kærandi bæri ábyrgð á dauða einhvers manns, en færðist undan að skýra frá vitneskju sinni um þetta atriði. Við yfirheyrslu þessa neitaði kærði að svara spurningu um það, hvort hann hefði tekið nektarmyndir af A.

Þann 21. þ. m. kom kærandi, A, enn á ný á skrifstofu RLR og lagði fram bréf kærða, dags. sama dag. Í bréfinu skoraði kærði á kæranda að finna sig að máli og ræða við sig um skuld hennar við sig þegar í stað. Í bréfinu segir m. a.: „I shall sell the photos of you that I have for whatever money I can get, if any." Samdægurs var kærði yfirheyrður á ný hjá RLR, og viðurkenndi hann að hafa ritað ofangreind bréf, og enn fremur kannaðist hann við að hafa tekið nektarmyndir af kæranda, sem væru geymdar á öruggum stað í Bandaríkjunum, en kærði kvaðst á þessu stigi ekki vilja skýra nánar frá þeim stað, sem myndirnar væru geymdar. Kærði kvaðst hafa skrifað bréf þetta með það fyrir augum, að kærandi ræddi um skuldina við sig. Er kærði var inntur eftir því, hvað hann ætti við með setningunni í bréfinu: „I shall sell the photos of you that I have for whatever money I can get, if any," svaraði kærði því til, að hann hefði verið að velta því fyrir sér að hafa samband við bandarískt tímarit og spyrjast fyrir um það, hvort það vildi kaupa myndirnar. Kærði neitaði því hins vegar, að hann væri í ofangreindu bréfi að bjóða myndir af kæranda til sölu, kvaðst hann geta selt myndirnar án tillits til, hver viðbrögð kæranda yrðu, en ef hann mundi ákveða að selja þær, gerði hann það í Bandaríkjunum og einvörðungu ef hann hefði lagalegan rétt til þess. Kærði viðurkennir, að kærandi hafi beðið sig bréflega sl. sumar að afhenda sér nektarmyndirnar, en hann hafi ekki svarað beiðninni.

Samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum að kvöldi 21. þ. m., fór fram húsleit á dvalarstað kærða að Nýja Garði við Háskóla Íslands. Við húsleitina fannst, að því er virðist vera, uppkast að bréfi til föður kæranda, ritað í stílabók, en í því stendur m. a., að kærandi skuldi kærða peninga, sem hún neiti að greiða, og hafi kærði undir höndum opinskáar myndir af kæranda, sem hann hafi í huga að selja tímariti, ef hann

geti selt þær á löglegan hátt, og muni hann krefjast 375.000 fyrir myndirnar.

Við yfirheyrslu fyrir dómi í dag staðfesti kærði ofangreindan framburð sinn fyrir RLR. Viðurkenndi hann að hafa tekið nektarmyndir af kæranda, og kvaðst hann hafa grafið þær á tilteknum stað í Bandaríkjunum. Kærði kveðst telja, að andlit kæranda mætti þekkja á sumum myndanna. Enn fremur staðfesti kærði að hafa ritað kæranda ofangreint bréf og með orðinu myndir í bréfinu hafi hann átt við nektarmyndir. Kærði kannaðist við að hafa krafið kæranda um margnefnda peninga, sem hann kvað hana skulda sér. Hann neitaði hins vegar að hafa haft í hótunum við hana, en viðurkennir að hafa tjáð henni, að hann hefði í huga að selja myndir af henni. Hann hefði hins vegar ekki gefið í skyn, að um nektarmyndirnar væri að ræða. Kærði kveðst hafa tjáð kæranda, að hann hefði spurt lögmann og lögreglumann, hvort hann mætti selja myndirnar. Lögmann þennan kvað kærði vera Bandaríkjamann, sem nú væri farinn af landinu. Kærði kannaðist ekki við, að það, sem hann skrifaði í áðurnefnda stílabók, hafi verið uppkast af bréfi til föður kæranda, heldur hafi hann skrifað þetta til að fá útrás fyrir tilfinningar sínar. Kærði staðfesti, að hann hefði skýrt kennslustjóra Háskólans frá því, að kærandi bæri ábyrgð á dauða einhvers aðilja. Með þessum orðum kveðst kærði hafa átt við fóstur, en ekki manneskju.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur í dag lagt fram í dóminum kröfu þess efnis, að kærði, Steven Arthur March, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til miðvikudagsins 1. október nk.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið.

Rökstuddur grunur þykir vera kominn fram um, að kærði hafi gerst brotlegur við 251. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til þess, sem að framan greinir, og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 svo og 15. gr. laga nr. 45/1965 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, þannig að hann sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. október nk., kl. 1700.

Kærði er sakaður um brot, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt 251. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Steven Arthur March, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. október nk., kl. 1700.

Föstudaginn 26. september 1980.

Nr. 125/1978. **Arndís Sigurðardóttir**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Guðlaugi Kristóferssyni
og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).

Fasteignakaup. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. júní 1978, sem árituð var um birtingu 20. september s. á. Krefst hún sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjað máli þessu með stefnu 20. september 1978. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða sér 390.069 krónur með 13% ársvöxtum frá 3. mars 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 15 júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvöxtum til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvöxtum, eins

og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af matsgerð þeirra Erlendar Pétursonar og Páls Zophoníassonar frá 18. mars 1976 kemur fram, að nokkur leki hafi komið fram í íbúðinni. Af matsgerðinni og vætti matsmanna má ráða, að leki þessi hafi stafað að nokkru af óvönduðum frágangi á þaki, en að nokkru vegna gerðar þakrenna hússins, en sú þakrennugerð, sem þar var, hafi verið algeng á byggingartíma þess. Matsmenn greindu hins vegar ekki sundur kostnað á úrbótum á göllum þessum. Verður ekki talið, að gagnáfrýjandi hafi sannað, að um slíka galla hafi verið að ræða á íbúðinni, að heimilað hafi honum riftun á kaupunum.

Gagnáfrýjandi stóð ekki við skuldbindingu sína um að greiða þær 1.100.000 krónur, sem honum bar að inna af hendi hinn 31. janúar 1976, og hann lét í ljós með ótvíræðum hætti þá ætlun sína að standa ekki við kaupin, m. a. með því að skila lyklum íbúðarinnar 1. mars 1976. Var aðaláfrýjanda af framangreindum orsökum heimilt að rifta kaupsamningi sínum við hann.

Verða nú teknar til úrlausnar kröfur aðilja í máli þessu. Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Eftirstöðvar af greiddu kaupverði	kr.	300.000
2. Brunabótaiðgjald 15/10 1975—15/10 1976 ..	—	7.557
3. Athugun og stilling á kynditækjum	—	4.000
4. Greiddir varahlutir til miðstöðvar	—	1.450
5. Blöndunartæki með uppsetningu	—	8.872
6. Vextir af víxli 9/9 1975—9/3 1976	—	27.890
7. Greidd dómkvaðning matsmanna og þóknun	—	40.300
Samtals	kr.	390.069

Um 1. Aðaláfrýjanda, sem rifti kaupsamningi aðilja, ber að endurgreiða gagnáfrýjanda þær 300.000 krónur, sem hann hefur greitt af kaupverði íbúðarinnar. Verður þessi liður því til greina tekinn.

Um 2. Fallast má á, að gagnáfrýjandi eigi rétt til að fá þennan lið endurgreiddan.

Um 3 og 4. Hér er um að ræða nauðsynlegt viðhald, sem ætla verður, að hafi sparað aðaláfrýjanda útgjöld. Verða þessir kröfuliðir því til greina teknir.

Um 5. Lýst hefur verið yfir í málflutningi, að hér hafi verið um að ræða blöndunartæki, en ekki nauðsynlega endurnýjun eldri tækja. Á gagnáfrýjandi rétt á að nema tækin á brott aðaláfrýjanda að skaðlausu, en ekki verður hún dæmd til að greiða honum verð tækjanna.

Um 6. Engin rök hafa verið leidd að þessum kröfulið, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Um 7. Með skírskotun til þess, sem áður segir um matsgerð þá, sem hér er fjallað um, verður ekki talið, að aðaláfrýjanda beri að greiða gagnáfrýjanda þennan kostnað.

Samkvæmt þessu verða teknar til greina kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda, samtals að fjárhæð 313.007 krónur (300.000 + 7.557 + 4.000 + 1.450).

Aðaláfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Húsaleiga í 6 mánuði	kr.	180.000
2. Greitt fyrir gerð kaupsamnings	—	45.000
3. Vextir skv. kaupsamningi, 13% ársvextir af 1.100.000 krónum í 5 mánuði	—	59.583
4. Dráttarvextir af sömu fjárhæð í 2 mánuði	—	44.000
5. Húsaleigutap í 3 mánuði	—	90.000
Samtals	kr.	418.583

Um 1. Gagnáfrýjandi hafði not íbúðarinnar frá 9. september 1975 til 1. mars 1976. Þykir greiðsla fyrir þessi not hæfilega ákveðin alls 120.000 krónur.

Um 2. Aðaláfrýjandi hefur engin gögn fært fram til sönnunar þessari kröfu, og verður hún því eigi tekin til greina gegn andmælum gagnáfrýjanda.

Um 3. og 4. Kröfur þær, sem hér er um fjallað, eru eigi þess efnis, að unnt sé að taka þær til greina.

Um 5. Krafa þessi er órökstudd og verður því eigi tekin til greina.

Samkvæmt framangreindu verða teknar til greina samtals 120.000 krónur af kröfum aðaláfrýjanda. Aðaláfrýjanda ber því að greiða gagnáfrýjanda alls 193.007 krónur (313.007 ÷ 120.000) með vöxtum, eins og krafist er, þó þannig, að vextir reiknast frá 19. mars 1976 í samræmi við kröfur gagnáfrýjanda í héraði.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 250.000 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Arndís Sigurðardóttir, greiði gagnáfrýjanda, Guðlaugi Kristóferssyni, 193.007 krónur með 13% ársvöxtum frá 19. mars 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtfrá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags svo og 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 9. maí 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. f. m., hefur Guðlaugur Kristófersson, Foldahrauni 40 C, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. mars 1977, birtri 7. mars s. á., á hendur Arndísi Sigurðardóttur, Birkigrund 74, Kópavogi, til greiðslu á kr. 390.000 ásamt með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 19. mars 1976 til 20. nóvember 1976 og

2.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full fálfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarks gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að stefnda verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni dæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt mati réttarins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og einnig í því tilviki krafist málskostnaðar. Þá mótmælti stefnda sérstaklega vaxtakröfu stefnanda sem of hárri.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

MÁLSATVIK.

Þann 9. september 1975 gerðu stefnandi og stefnda með sér kaupsamning, þar sem stefnda sem seljandi seldi stefnanda sem kaupanda í nefndum samningi íbúð í risi húseignarinnar nr. 28 við Hólagötu í Vestmannaeyjum. Nefndur kaupsamningur hafði m. a. þau ákvæði, að íbúðin seldist í því ástandi, sem hún væri þá í og kaupandi hefði kynnt sér við skoðun og sætt sig við í einu og öllu. Umsamið kaupverð íbúðarinnar var kr. 4.500.000 — krónur fjórarmilljónir og fimmhundruð þúsund — og skyldu greiðast kr. 600.000 við undirritun kaupsamnings, kr. 1.100.000 þann 31. janúar 1976 og kr. 300.000 þann 31. maí 1976, en að öðru leyti með yfirtöku áhvílandi veðlána og útgáfu nýrra. Afhending íbúðarinnar fór fram þann sama dag og kaupsamningurinn var undirritaður (9. september 1975).

Afsal fyrir eigninni skyldi fara fram hinn 31. maí 1976, þegar kaupandi hefði staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Þá var ákvæði í kaupsamningnum um það, að kaupandi greiddi almenna innlánsvexti banka af greiðslum skv. liðum 2 (1.100.000) og 3 (300.000) kaupsamningsins frá dagsetningu kaupsamningsins til greiðsludags.

Loks var ákvæði í kaupsamningnum um það, að ef mál risi út af kaupsamningnum, mætti reka það fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja án milligöngu sáttanefndarmanna.

Í kringum 15. september 1975 fluttist stefnandi í íbúðina, og hefur hann borið hér fyrir réttinum, að strax hafi farið að bera á leka í íbúðinni, þ. e. frá þakinu, og hafi vatnságanguríinn verið mestur í stofunni. Stefnandi ritaði bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum bréf, dags. 15. janúar 1976, þar sem hann bað um, að dóm-

kvaddir yrðu sérkunnáttumenn til að meta tjón á íbúðinni og segja til um, af hverju það stafaði.

Þann 16. febrúar 1976 ritar lögmaður stefndu stefnanda bréf, þar sem stefnandi er krafinn um greiðslu að fjárhæð kr. 1.100.000 samkvæmt 2. lið kaupsamnings milli aðilja. Jafnframt segir svo í bréfi lögmanns stefndu, að verði greiðsla þessi eigi innt af hendi fyrir 25. þess mánaðar ásamt tilskyldum vöxtum, verði eigi komist hjá lögsókn á hendur stefnanda til greiðslu skuldarinnar að kröfu skuldareiganda eða eftir atvikum að rifta kaupum, þannig að unnt sé að ráðstafa ofangreindu húsnæði á annan hátt.

Þann 1. mars 1976 er stefnandi nýlega fluttur úr íbúðinni og skilar af sér lyklum að íbúðinni.

Þann 3. mars 1976 ritar lögmaður stefndu stefnanda svofellt bréf:

„Mér hefur falið frú Arndís Sigurðardóttir, Birkigrund 74, Kópavogi, að tilkynna yður um riftun á kaupsamningi ykkar í millum um risíbúð á Hólagötu 28, Vestmannaeyjum, dags. 9. september 1975.

Ástæður umbjóðanda míns fyrir riftun þessari eru m. a. þær, að þér hafið eigi innt af höndum tilskildar greiðslur samkvæmt kaupsamningi og lýst því yfir, að þér munið eigi greiða. Ennfremur hafið þér nú yfirgefið íbúðina og losað yður við lykla hennar og brugðist skyldu yðar um lögmæta umsjón með eigninni. Er því umbjóðanda mínum nauðugur einn kostur að lýsa yfir riftun ofangreindra kaupa.“

Þann 9. mars 1976 féll í gjalddaga víxill að fjárhæð kr. 300.000, sem stefnandi hafði tekið og var tryggður með veði í íbúðinni, og stefnandi hafði notað andvirðið sem greiðslu á 1. lið kaupsamningsins. Stefnda yfirtók síðar víxil þennan.

Hinir dómkvöddu matsmenn, Páll Zophoníasson tæknifræðingur og Erlendur Pétursson byggingameistari, skiluðu af sér matsgerð í málinu 18. mars 1976. Í matsgerð þeirri segir m. a. svo:

„a) *Leki er í stofulofti:* Orsök lekans er, að ekki hefur verið gengið nógu vel frá samskeytum milli þaks- og kvistveggja.

b) *Leki er í eldhúsi:* Orsök lekans er, að þegar rennur hússins, sem eru steinsteyptar (sjá meðf. teikningu), eru fullar af snjó eða ís, sem teppir allt frárennsli, og í asahláku þrýstist vatn upp undir þakklæðningu og inn með mólettu.

c) *Leki er í svefnherbergi:* Orsök lekans er bæði lélegur kvistfrágangur (sjá undir a) og mólettufrágangur (sjá undir b).

d) *Leki er í baðherbergi:* Orsök lekans er, að ekki hefur verið klætt nægilega með tjörupappa ofan á kvistinn, eins og venja er, undir járnklæðningu á þökum.

Niðurstaða:
Lekar með mólettum eru ekki óþekktir hér í Vestmannaeyjum, þar sem frágangur þessi var algengur á vissu tímabili.
Lekar með kvistum eru vegna ófullnægjandi frágangs.

Tillaga að úrbótum:
1) Hreinsa upp samskeyti milli kvists og þaks (austurhlið), þétta með kítti og múra síðan uppí.
2) Losa þakjárn af kvisti (að vestan) og klæða með pappa — einnig mun þakrenna bæta úr.
3) Leka með mólettu er í flestum tilfellum erfitt að gera við, sumir húseigendur hafa brotið steinrennurnar af og sett upp plastrennur.
Tillaga matsmanna er að losa um allt járn á neðri hluta þaksins, klæða með tjörupappa ca. 60 cm. upp á þakið og líma pappann ofan í rennuna.

Kostnaður við þessar úrbætur er metinn á kr. 315 þús. á núverandi verðlagi.
Matsmenn hafa metið þann skaða, sem húseigandi hefur orðið fyrir vegna vatnságangsins og metið hann á:
a) kr. 155 þús. vegna innanhússkemda (málning, loftplötur, múrviðgerðir)
b) kr. 10 þús. vegna innanstokksmuna."

Framangreindir matsmenn hafa komið fyrir dóminn og staðfest matsgerðina.
Þann 19. mars 1976 ritar stefnandi lögmanni stefndu bréf, þar sem viðurkennd er móttaka á riftunarbréfi stefndu jafnframt því sem greint er frá niðurstöðu matsgerðarinnar. Í bréfi þessu telur stefnandi sig hafa orðið að flýja íbúðina vegna framkominna galla og telur, að hann eigi rétt til að rifta kaupunum af framangreindum ástæðum. Stefnandi segir í bréfi þessu, að stefnda eigi að gera sig skaðlausan af þessu og eigi þannig að greiða sér til baka það, sem hann hafi greitt upp í íbúðarverðið, sem hann tiltekur, að sé kr. 600.000 auk vaxta frá 9. september 1975, enn

fremur brunabótagjald, kr. 7.000, skemmdir á innbúi, kr. 10.000, og matskostnaður, kr. 40.300.

Þann 17. september s. á. ritar stefnandi stefndu bréf, þar sem hann ítrekar fyrra bréf sitt frá 19. mars s. á. og segir síðan: „Síðan bréf þetta var ritað, hafið þér tekið við að greiða víxilinn í Sparisjóðnum kr. 300.000, en annað ekki. Samkvæmt þessu er skuld yðar enn við mig sem hér segir."

Stefnandi sundurliðar síðan kröfugerðina, eins og hún er framsett í stefnunni.

Þann 19. nóvember s. á. ritar lögmaður stefnanda stefndu innheimtubréf.

Vitnið Páll Zophaníasson sagði það óvanalegt við þetta hús, að rennur væru einum metra fyrir ofan plötuhæð, en venjulega væri þetta í sömu hæð. Kvað vitnið þá hafa talið ljóst vera, þótt þeir hefðu að vísu ekki rifið járnið af þakinu, að ekki hefði verið klætt nægilega með tjörupappa ofan á kvistinn, eins og venja væri undir járnklæðningu á þökum, en lekann í baðherberginu mætti rekja til þessa atriðis.

Er vettvangsskoðun þeirra hafi farið fram, hafi stefnandi enn ekki verið fluttur úr íbúðinni og verið þar með innanstokksmuni sína og fulltrúar beggja aðila hafi verið viðstaddir. Ekki hafi verið leki í húsinu, enda þá ekki slíkt veðurfar, en menjar lekans hins vegar verið sýnilegar á þeim stöðum, er í matsgerðinni greinir, og sýnilegt hefði verið, að lekinn hefði skemmt út frá sér. Vitnið taldi, að þar sem rennur væru steyptar og mólettufrágangur, þá væri alltaf viss hætta á leka og sérstaklega þyrfti að hafa góða aðgæslu, þegar skiptist á snjór, frost og hláka. Vitnið mundi til þess, að málning var flögnuð af veggjum, en ekki mundi vitnið að tilgreina þá innanstokksmuni, er skemmst höfðu.

Vitnið Erlendur Gísli Pétursson taldi, að lélegur mólettufrágangur í upphafi hafi haft meira að segja varðandi framkominn leka en aldur hússins. Gat vitnið sérstaklega um lélegan mólettufrágang á vesturhlið hússins. Þegar þannig væri ástatt um smíði húsa, að mólettufrágangur væri viðhafður og steinsteyptar rennur, þá mætti alltaf búast við leka, þegar skiptast á skyndileg frost og hláka, en þó því aðeins, að frostið væri töluvert, og slík tilfelli kæmu reyndar ekki oft fyrir hér, sagði vitnið. Vitnið taldi, að upphaflegur frágangur vægi meira en aldur hússins í þessu sambandi.

Stefnandi, Guðlaugur Kristinn Kristófersson, sagðist hafa geng-

ið um íbúðina, er hann skoðaði hana, eins og algengt væri í slíkum tilfellum. Hafi eiginmaður stefndu, Jón Pálsson, verið að mála íbúðina, sem hafi þurft lagfæringar við, að sögn Jóns vegna viðskilnaðar leigjanda. Kvaðst hann minnast þess, að konu sinni hefði fundist fúkkalykt vera í svefnherbergi í suðausturhorni í húsinu, og hafi þau spurt Jón Pálsson, hverju það sætti, og hann svaraði því til, að hann héldi, að það stafaði af fúnum gluggakarmi. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við ummerki um leka í íbúðinni, er hann skoðaði hana. Er lekinn hafi komið fram í íbúðinni, þá hafi veðrátta verið risjótt, ýmist rigning eða snjókoma, og er lekinn hafi komið fram í baðinu, hafi verið búið að vera frost áður. Hafi leikinn í íbúðinni komið fram, stuttu eftir að þau hjónin höfðu flust í íbúðina. Hafi þau þurft að flytja fötu upp í stofugluggann, þar sem vatnságanguríinn hafi verið mestur. Hafi lekinn ágerst og þannig einnig lekið í eldhúsi, svefnherbergi og gangi og hafi þau að lokum orðið að flýja úr íbúðinni út af vatnságangi. Hann kvaðst hafa kvartað yfir lekanum við lögmann stefndu, er selt hefði þeim íbúðina, svo og við Jón Pálsson, eiginmann stefndu.

Stefnda, Arndís Birna Sigurðardóttir, sagðist telja, að húsið hefði verið byggt um 1958, og hefði hún keypt þar íbúð og flutt í hana, er húsið var 10 ára 1968. Kvaðst hún hafa búið þar með eiginmanni sínum fram að því, er eldgos hófst hér í Eyjum 23. janúar 1973. Eftir það kvaðst hún ekki hafa búið í íbúðinni, en leigt hana út á árinu 1974 og allt þar til hún seldi stefnanda íbúðina 9. september 1975. Kvaðst hún aldrei hafa orðið vör við leka í íbúðinni, á meðan hún bjó í henni, og reyndar aldrei heyrt á slíkt minnst, fyrr en stefnandi hafi komið með kröfur sínar. Kvað hún engan þeirra aðilja, er hún leigði íbúðina, hafa minnst á leka í henni eða kvartað yfir frágangi hennar. Kvað hún eiginmann sinn hafa verið að vinna í Eyjum fyrir og á þeim tíma, er kaupin við stefnanda voru gerð, en hún sjálf verið í Kópavogi. Kvað hún íbúðina hafa verið séreign sína samkvæmt kaupmála. Hún kvað stefnanda ekki hafa kvartað við sig, áður en hann flutti úr íbúðinni. Eftir að hún tók við íbúðinni aftur, kvað hún enga viðgerð hafa farið fram á íbúðinni og hafi hún selt íbúðina í október 1976 fyrir fjórar milljónir og sex hundruð þúsund. Hún kvað eiginmann sinn, Jón Pálsson, hafa haft fullt umboð til að annast um söluna til stefnanda og koma fram fyrir sína hönd varðandi það, sem á eftir fylgdi, þar á meðal að mæta við matið.

Jón Pálsson, eiginmaður stefndu, sagði, að við undirritun kaup-

samningsins hefðu engar viðræður farið fram umfram það, sem venjulegt væri í kaupum og sölum á fasteignum. Hann kvað íbúðina hafa þurft gagngerðrar viðgerðar við eftir eldgosið, bæði af völdum eldgossins og eins vegna lélegrar umgengni leigjenda þeirra, sem voru í íbúðinni á vegum Fiskiðjunnar í Vestmannaeyjum. Kvaðst hann hafa framkvæmt viðgerðirnar og hafi þær verið fólgnar í því, að hann hafi málað íbúðina, sett loftplötur í 3 herbergi af 4, dúklagt gólf, teppalagt íbúðina, ganga og stiga svo og veggfóðrað. Hann kvaðst aldrei hafa orðið var við leka í íbúðinni, á meðan hann bjó í henni, og hafi leigjendur aldrei kvartað um leka við sig. Hann kvað stefnanda hafa skoðað íbúðina hátt og lágt, áður en af kaupum varð. Hafi stefnandi komið tvisvar eða þrisvar sinnum, á meðan hann hafi verið að gera við íbúðina, fyrst þegar viðgerðir voru að hefjast og tvisvar síðar. Hafi stefnandi spurt um ýmislegt og fengið svör við spurningum sínum. Kvaðst hann muna til þess að hafa tilkynnt stefnanda, að gluggar væru lélegir. Hann kvað stefnanda hafa talað við sig í desember 1975, að því er hann minnti, og kvartað við sig um leka í íbúðinni. Kvaðst hann þá hafa verið staddur í Kópavogi og ekki átt heimangengt og sagt stefnanda, að hann skyldi láta athuga þetta. Hafi hann síðan haft samband við Þorstein Magnússon trésmíðameistara og Eyjólf Pálsson framkvæmdastjóra og beðið þá um að líta á ástandið. Hafi þeir farið á staðinn og skoðað aðstæður og síðan sagt sér, að lekinn stafaði af miklum snjóþunga og lekið hefði inn með mólettum. Síðan kvaðst hann sjálfur hafa komið til Vestmannaeyja í byrjun janúar og þá strax skoðað íbúðina. Hafi það ekki farið fram hjá sér, að lekið hefði í íbúðinni, og hafi það orðið að samkomulagi milli sín og stefnanda, að þeir fengju matsmenn til að skoða og meta íbúðina. Kvaðst hann síðan hafa verið viðstaddur, er matsgerðin fór fram 23. janúar 1976.

Vitnið Ingvi Geir Skarphéðinsson, er bjó í íbúðinni frá hausti 1973 og fram á sumar 1974, kvaðst aldrei hafa orðið var við nokkurn leka í íbúðinni, á meðan hann bjó í henni.

Vitnið Erna Fannberg Fannbergsdóttir, er bjó í íbúðinni frá því í nóvember 1974 og fram í miðjan júní 1975, sagði hins vegar, að þau hjónin hefðu orðið fyrir óþægindum vegna vatnsleka, meðan þau bjuggu í íbúðinni. Kvað hún þau hjónin hafa þurft að færa til húsgögn vegna vatnsleka frá stofulofti, eftir snjókomu, og auk þess hafi legið taumar niður með norðurvegg stofunnar. Vitnið talaði einnig um vatnsleka í eldhúsi, sem þau hefðu ekki gert sér grein fyrir, hvaðan kom. Þá talaði vitnið um raka í íbúðinni, sem

hefði verið óþægilegur, og ekki hafi þau getað sofið í suðurherbergi af þeim sökum. Vitnið sagði, að þau hjónin hefðu búið leigufrítt í íbúðinni á vegum Fiskiðjunnar.

Vitnið Stefán Einarsson, eiginmaður Ernu Fannbergsdóttur, talaði um leka á sömu stöðum og eiginkona hans hafði gert.

Vitnið Garðar Arason, er starfaði í verslun Kaupfélags Vestmannaeyja á neðri hæð hússins, sagði, að á tímabilinu frá því í mars 1973 og fram að hausti 1974 hefði leki komið fram í Kaupfélagsversluninni og hefði lekið með norðausturvegg og mikið niður með millivegg og burðarvegg, en ekki gat vitnið fullyrt, hvaðan lekinn kom.

Vitnið Kjartan Másson, er var verkstjóri stefnanda veturinn 1975—1976, staðfesti vottorð, er hann hafði gefið í málinu, um, að stefnandi hefði oft þurft að fá frí úr vinnu á þessum tíma.

Vitnið Jónína Sigríður Óskarsdóttir sagðist vera núverandi eigandi framangreindrar risíbúðar og sagðist hafa flust í íbúðina í október 1976. Hefði kaupverð íbúðarinnar verið kr. 4.600.000, og kvaðst vitnið hafa keypt íbúðina af stefndu. Kvaðst vitnið aldrei hafa orðið vart við neinn leka eða neitt, sem bent gæti til slíks í íbúðinni, allan þann tíma, sem það hefði búið í íbúðinni. Kvað vitnið, að ekkert hefði verið gert fyrir íbúðina, eftir að vitnið flutti í íbúðina, enda hefði það ekki séð ástæðu til þess, þar sem ástand íbúðarinnar hefði verið ágætt, er það keypti hana.

Áður en munnlegur málflutningur fór fram í máli þessu, gengu dómarar og lögmenn á vettvang og könnuðu þar aðstæður.

II. MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK AÐILJA.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína í málinu í sambandi við riftun kaupanna þannig:

1. Ógreitt af greiðslu upp í íbúðarverðið	kr.	300.000
2. Brunabótaiðgjald 15. október 1975—15 október 1976	—	7.557
3. Athugun og stilling á kynditækjum	—	4.000
4. Greiddir varahlutir til miðstöðvar, fótósella	—	1.450
5. Blöndunartæki m/uppsetningu, Sigursteinn Marinósson	—	8.872
6. Vextir af víxli í Sparisj. 09. 9. 1975—09. 03. 1976	—	27.890
7. Greidd dómkvaðning matsmanna og þóknun	—	40.300
Samtals	kr.	390.069

Af hálfu stefnanda er byggt á því, að ástand íbúðarinnar hafi falið í sér óskoraða riftunarheimild stefnanda á kaupum íbúðarinnar, þannig að stefndu beri að gera stefnanda eigi lakar settan en kaupin hefðu eigi verið gerð og bæta honum með því tjón hans. Þá verður að skilja málflutning stefnanda þannig, að byggt sé á því, að um leyndan galla hafi verið að ræða, sem stefnandi hafi ekki mátt sjá við skoðun. Um verulegan ágalla hafi verið að ræða í íbúðinni. Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna beri með sér, að kostnaður við úrbætur á vatnslekanum og skemmdum af völdum hans sé meira en 10% af kaupverði íbúðarinnar, og sé því augljóst, að um verulegan galla sé að ræða. Af framangreindum ástæðum sé stefnanda heimil riftun í samræmi við 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, en stefnda hafi hins vegar rift kaupunum 3. mars 1976 með bréfi lögmanns hennar og þess vegna krefjist stefnandi skaðabóta með hliðsjón af framangreindu.

Af hálfu stefnanda er því og haldið fram, að stefnandi eigi ekki að þola neinn afslátt af kröfum sínum vegna skaðabótakröfu stefndu um greiðslu á húsaleigu fyrir það tímabil, sem stefnandi var í íbúðinni, þar sem stefnandi hafi hlotið að mega treysta því, að húsið héldi vatni. Þá er af hálfu stefnanda bent á, að stefnandi hafi á engan hátt vanrækt að kvarta yfir leka í íbúðinni við stefndu eða umboðsmann hennar.

Af hálfu stefndu er hins vegar á því byggt, að krafa stefnanda eigi ekki að ná fram að ganga, þar sem stefnda geti aldrei verið jafnsett eftir kaupin, nái krafa stefnanda fram að ganga. Stefnda byggir það á því, að þegar kaupunum hafi verið rift, hafi stefnandi verið búinn að búa í íbúðinni í 6 mánuði og verði hann að sjálfsögðu að greiða húsaleigu fyrir það tímabil, þ. e. kr. 30.000 á mánuði. Vaxtatap og annar kostnaður stefndu við það, að greiðslur stefnanda samkvæmt kaupsamningi stöðvast, leiði af sér, með framangreindri fjárhæð, að beint tap stefndu sé kr. 418.583, eða kr. 118.583 hærra en numið hafi þeirri fjárhæð, er stefnandi hafði greitt inn á kaupin. Þá verði og til þess að líta, að gallinn geti á engan hátt talist verulegur. Leki sá, sem fram hafi komið í íbúðinni, á meðan stefnandi bjó í henni, hafi verið smávægilegur og stafað af óvenjulegu veðurfari. Ekki geti heldur verið um leyndan galla að ræða, þar sem auk óvenjulegs veðurfars hafi lekinn stafað af frágangi hússins í upphafi, sem stefnda beri á engan hátt ábyrgð á, enda hafi hún aldrei orðið sjálf vör við leka allan þann tíma, sem hún bjó í íbúðinni. Auk þess sé hér um gamla íbúð að ræða og stefnandi hafi ekki mátt gera sömu kröfur til hennar og

gerðar eru til nýrra íbúða. Þá hafi verð íbúðarinnar miðast við aldur hennar.

III. NIÐURSTAÐA.

Í máli þessu krefst stefnandi skaðabóta vegna riftunar stefndu á kaupsamningi milli aðilja. Skaðabætur í þessu sambandi byggir stefnandi á framkomnum göllum í íbúðinni. Aðiljar benda báðir á rétt sinn til riftunar, en af mismunandi ástæðum. Við úrlausn á ágreiningsefni þessu verður fyrst tekið til athugunar, hvort þeim aðilja, sem rifti kaupsamningnum, þ. e. stefndu, var heimilt að rifta honum.

Um lögskipti aðilja gilda ákvæði lausafjárkaupalaga, laga nr. 39/1922, þ. e. með lögjöfnun eftir því sem við á.

Er stefnda riftir kaupunum 3. mars 1976, byggir hún rétt sinn til riftunar á framkomnum vanefndum af hálfu stefnanda. Vanefnd þessi var nánar tiltekið fólgin í, að stefnandi hafði vanrækt skyldu sína samkvæmt 2. lið kaupsamnings aðiljanna, þ. e. ekki innt af hendi greiðslu á kr. 1.100.000, er féll í gjalddaga 31. janúar það ár. Greiðsla þessi er um fjórðungur af heildarverði hinnar seldu íbúðar og um helmingur af útborgun. Óumdeilt er, að stefnandi innti greiðslu þessa ekki af hendi og virðist ekki hafa gert reka til þess að inna þá greiðslu af hendi. Gögn málsins bera ekki með sér, að stefnandi hafi mótmælt rétti stefndu til riftunar, en hins vegar er ljóst, að stefnandi taldi sig eiga bótarétt úr hendi stefndu, er stefnda kemur fram með riftun sína. Stefnandi hafði þá farið úr íbúðinni og skilað lyklum. Stefnda mátti því ætla, að ekki yrði um frekari efndir stefnanda á kaupsamningnum að ræða. Af þessu er ljóst, að hér var um verulega vanefnd stefnanda að ræða og gaf þannig stefndu fullan rétt til að rifta kaupsamningnum milli aðilja, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga 39/1922.

Verður nú vikið að þrætumáli aðilja um greiðsluuppgjör þeirra á milli og eiginleika íbúðarinnar. Eins og að framan greinir, er því haldið fram af stefnanda, að á íbúðinni hafi komið fram galli, eftir að kaup voru ráðin og stefnandi var fluttur í íbúðina. Galli þessi hafi orðið þess valdandi, að stefnandi hafi orðið að flytjast úr íbúðinni. Stefnda neitar því ekki, að galli hafi komið fram í íbúðinni, hins vegar er um það deilt, hvort gallinn hafi verið verulegur og hvort stefnandi var leyndur gallanum við skoðun.

Í þessu sambandi skal bent á, að í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem þeir hafa staðfest hér fyrir dóminum, kemur fram, að leki var á ýmsum stöðum í íbúðinni. Hinir sérfróðu með-

dómsmenn og dómurinn í heild getur eftir ítarlega vettvangsskoðun fallist á niðurstöður matsmanna, en þar er greint frá því, að orsök lekans megi rekja til ófullnægajndi frágangs, eins og nánar greinir í matsgerðinni hér að framan. Þótt stefnandi hafi skoðað íbúðina vandlega, áður en hann festi kaup á henni, er þess tæplega að vænta, að hann hefði átt að sjá galla þá, sem hér um ræðir, við skoðun sína. Enn fremur verður ekki séð af gögnum málsins, að stefnda og eiginmaður hennar hafi vitað um galla þá, sem á íbúðinni voru, er stefnandi festi kaup á henni. Um skort á upplýsingum stefnanda í þessu sambandi var því ekki að ræða, en framkominn galli telst hins vegar verulegur.

Með hliðsjón af framansögðu skal greiðsluuppgjör aðilja fara þannig fram:

Lið 1 í kröfugerð stefnanda ber að taka til greina, þar sem við riftun stefndu bar henni að skila því, sem stefnandi hafði greitt henni, er kaup fóru fram.

Liður 2 verður tekinn til greina, enda er hér um lögboðin iðgjöld vegna fasteignarinnar að ræða.

Varðandi kröfuliði 3, 4 og 5 verður að telja með andmælum stefndu, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á nausðyn þessara framkvæmda. Verða því kröfur stefnanda samkvæmt þessum kröfuliðum ekki teknar til greina.

Ekki þykja efni til að taka kröfulið 6 til greina, þar sem hér var um einkalántöku stefnanda að ræða.

Fjallað verður um kröfulið 7, matskostnað, er málskostnaður verður ákveðinn, enda í samræmi við 175. gr. laga 85/1936.

Stefnandi á þannig endurkröfurétt á hendur stefndu, er nemur kr. 307.557.

Að því er viðkemur fjárkröfum stefndu á hendur stefnanda, er í fyrsta lagi krafið um húsaleigu í 6 mánuði, samtals kr. 180.000. Þegar litið er til þeirra galla, er fram komu á íbúðinni og telja verður, að hafi orðið þess valdandi, að stefnandi hafði ekki full not af íbúðinni, þykir ekki efni til að taka kröfu þessa til greina nema með kr. 60.000.

Þá krefst stefnda í öðru lagi, að stefnandi greiði sér fyrir gerð kaupsamnings kr. 45.000. Kröfuliður þessi er ekki studdur neinum gögnum, og þykja því ekki efni til að taka hann til greina.

Í þriðja lagi krefst stefnda vaxta samkvæmt kaupsamningi, 13% vaxta í 5 mánuði af kr. 1.100.000, þ. e. kr. 59.583, og dráttarvaxta af sömu fjárhæð í 2. mánuði, kr. 44.000. Við munnlegan málflutning hefur lögmaður stefndu nánar skýrt þennan kröfulið þannig,

að hér sé átt við skyldu stefnanda samkvæmt kaupsamningi milli aðilja, eins og rakið er hér að framan. Annars vegar sé hér átt við tímabilið frá gerð kaupsamnings fram til 31. janúar 1976 og hins vegar frá þeim degi til 3. mars s. á. Ekki þykja efni til að taka þessa kröfu stefndu til greina, þar sem við riftun stefndu á kaupsamningnum gengu kaup aðilja til baka, og stefnda átti eftir það ekki frekari kröfu á efndum stefnanda á ákvæðum kaupsamningsins.

Loks krefst stefnda greiðslu á kr. 90.000 úr hendi stefnanda vegna húsaleigutaps í 3 mánuði. Kröfuliður þessi verður ekki tekinn til greina, enda órökstuddur. Samkvæmt þessu verður fjárkrafa stefndu tekin til greina með kr. 60.000. Réttur stefndu til að skuldajafna fjárhæð þessari við fjárkröfu stefnanda er fyrir hendi. Ber stefndu þannig að greiða stefnanda kr. 247.557, en miða skal við ársvexti, 13% ársvexti, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 15. júlí 1974, sbr. einnig 13. gr. laga nr. 10/1961.

Þá þykir rétt að taka kröfu stefnanda um matskostnað til greina, enda var ekki beðið um matið að ófyrirsynju.

Loks ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, enda bar stefndu að gera reka að því, að skuldaskil færu fram, er hún rifti kaupunum. Þykir málskostnaður, þar með talinn matskostnaður, hæfilega ákveðinn kr. 116.000.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda, Arndís Sigurðardóttir, skal greiða stefnanda, Guðlaugi Kristóferssyni, kr. 247.557 með 13% vöxtum frá 3. mars 1976 til greiðsludags og samtals kr. 116.000 í mats- og málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson aðalfulltrúi (dómsformaður) kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Má Karlssyni tæknifræðingi og Lýð Brynjólfssyni, skólastjóra Iðnskóla Vestmannaeyja.

Dómsorð:

Stefnda, Arndís Sigurðardóttir, greiði stefnanda, Guðlaugi Kristóferssyni, kr. 247.557 með 13% ársvöxtum frá 3. mars 1976 til greiðsludags svo og samtals kr. 116.000 í mats- og málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. september 1980.

Nr. 177/1980. **Fasteignahöllin**
gegn
Jósef Guðbjartssyni.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. ágúst 1980, sem barst Hæstarétti 26. september s. á. Krefst hann þess, að hrundið verði synjun héraðsdómara um staðfestingu löghalds og að löghaldið verði staðfest. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hin kærða dómsúrlausn sætir áfrýjun, en ekki kæru samkvæmt 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti. Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. ágúst 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. júlí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13. júní 1980, af Fasteignahöllinni, Háaleitisbraut 58—60 hér í borg, gegn Jósef Guðbjartssyni, Tjarnarlundi 16, Akureyri, og Kára Jónssyni, Víkurbakka 12 hér í borg, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3.800.000 með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 22. október 1979 til 1. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 9.500 í stimpilkostnað, þar með talinn löghaldskostnaður, og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ eða síðar framlögðum reikningi. Jafnframt er krafist staðfestingar á löghaldsgerð, er fram fór 5. júní 1980, er lagt

var löghald á tvo víxla, eign stefnda Jósefs, báða samþykkta af Ragnari Stefánssyni, til heimilis að Álfaskeiði 38, Hafnarfirði, annan að fjárhæð kr. 1.000.000, með gjalddaga 5. júní 1980, en hinn að fjárhæð kr. 1.100.000, með gjalddaga 5. ágúst 1980, en víxlar þessir séu báðir í Iðnaðarbanka Íslands h/f hér í borg.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera skv. tveimur víxlum, útgefnum af stefnda Kára Jónssyni 10. september 1979, hvorum að fjárhæð kr. 1.900.000 og samþykktum af stefnda Jósef Guðbjartssyni til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands h/f hér í borg hinn 22. október 1979, en stefnandi sé ábekingur á víxlunum. Stefnandi hafi framselt víxlana eyðuframsali, en hafi síðan orðið að innleysa þá, þar eð hvorki samþykkjandi né útgefandi hafi greitt þá.

Af hálfu stefnda Jósefs Guðbjartssonar var sótt þing, en síðan féll þingsókn niður af hans hálfu, án þess að lögvarnir kæmu fram. Stefndi Kári Jónsson hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Af framlögðu endurriti af löghaldsgerð verður ekki séð, að gerðarþoli, stefndi Jósef Guðbjartsson, sé eigandi þeirra víxla, er löghald var gert í. Þykir því ekki unnt að taka til greina kröfu stefnanda um staðfestingu löghalds. Að öðru leyti verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 435.600.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir.

Uppsaga dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Synjað er um staðfestingu löghalds.

Stefndu, Jósef Guðbjartsson og Kári Jónsson, greiði in solidum stefnanda, Fasteignahöllinni, kr. 3.800.000 með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 22. október 1979 til 1. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 9.500 í stimpilkostnað og kr. 435.600 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. október 1980.

Nr. 68/1980. **Hörður Ólafsson**
gegn
Lögmannafélagi Íslands.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Lögmannafélagi Íslands, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 25.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. október 1980.

Nr. 88/1980. **Auður Björg Sigurjónsdóttir**
f. h. ólögráða sonar síns,
Sigurðar Kristinssonar,
gegn
Steingrími Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Auður Björg Sigurjónsdóttir f. h. ólögráða sonar síns, Sigurðar Kristinssonar, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 2. október 1980.

Nr. 80/1977. **Landflutningar h/f**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Þorgeiri Þorkelssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1977. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 85.735 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi rak erindi annars manns, er hann vitjaði fiskkassa þeirra, sem í málinu greinir. Hann kunni ógjörla skil á nafni viðtakanda kassanna eða annarri auðkenningu þeirra. Þetta var starfsmanni áfrýjanda ljóst, er hann ákvað að fá stefnda í hendur kassa þá, sem Erlingur Kristjánsson átti, og lagði fyrir stefnda fylgibréf ritað á hans nafn, til að stefndi kvittaði fyrir móttöku kassanna. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta þá úrlausn hans, að stefndi sé ekki skaðabótaskyldur gagnvart áfrýjanda vegna móttöku

sinnar og meðferðar á fiskkössunum. Kemur þá eigi til álita, hvort skaðabótakrafa áfrýjanda, ef einhver hefði verið, kynni að hafa verið fyrnd, er mál þetta var höfðað.

Eftir þessum úrslitum ber að staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 160.000 krónur.

Það athugast, að mál þetta átti að dæma á bæjarþingi, en eigi í sjó- og verslunardómi, en ekki verður hinn áfrýjaði dómur þó ómerktur af þessari ástæðu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Landflutningar h/f, greiði stefnda, Þorgeiri Þorkelssyni, 160.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 6. apríl 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 22. mars sl., höfðaði Landflutningar h/f, Héðinsgötu við Kleppsveg, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 9. des. 1975, gegn Þorgeiri Þorkelssyni bifreiðarstjóra, Grensásvegi 56, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 85.735 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, einnig til greiðslu málskostnaðar eftir reikningi lögmanns stefnanda eða mati réttarins.

Við munnlegan málflutning voru af hálfu stefnanda gerðar sömu dómkröfur og greindar eru í stefnu, en til vara var gerð sú dómkrafa, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 78.700 með 7% ársvöxtum frá 1. nóv. 1971 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi hefur krafist þess aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara er gerð sú dómkrafa af hálfu stefnda, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Með úrskurði, uppkveðnum 17. sept. sl., var frávísunarkröfu stefnda hrundið.

II.

Málavextir virðast vera þeir, að sumarið 1971, í júlí, hafi Sverrir Bjarnason, þáverandi verkstjóri hjá Sjófangi h/f, farið þess á leit við stefnda, sem starfar sem vörubifreiðarstjóri á Vörubílastöðinni Þrótti, að hann færi á afgreiðslu stefnanda, sem rekur vöruflutningaafgreiðslu hér í borg, og sækti 100 fiskkassa og flytti þá til Grindavíkur og Keflavíkur. Þar átti stefndi að sækja rækju og aka með farminn til Reykjavíkur og síðan til Bíldudals. Stefndi fór á afgreiðslu stefnanda, og þar voru honum afhentir 100 fiskkassar. Síðan mun stefndi hafa gert það, sem hann var beðinn um að gera. Hjá Sjófangi h/f var ísað yfir rækju þá, sem stefndi hafði sótt til Suðurnesja, og þar mun hafa verið skilið eftir töluvert af kössum þeim, sem stefndi sótti á afgreiðslu stefnanda.

Seinna kom í ljós, að kassar þeir, sem stefnda höfðu verið afhentir, voru eign annars aðilja en þeirra, sem stefndi vann fyrir. Sendandi kassanna, Bjarg h/f á Akureyri, mun hafa afhent móttakanda kassanna nýja kassa í stað þeirra, sem afhentir voru stefnda. Hér fyrir dómi hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnanda, að stefnandi hafi skuldbundið sig til þess að greiða Bjargi h/f andvirði kassanna, þ. e. kr. 78.700.

Mál þetta var rannsakað hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, í sakadómi Reykjavíkur og sakadómi Barðastrandarsýslu. Að loknum þessum rannsóknum taldi ríkissaksóknari í bréfi sínu, dags. 25. sept. 1975, ekki tilefni til aðgerða í málinu. Hér fyrir dómi hafa farið fram nokkrar yfirheyrslur vegna máls þessa.

Rétt þykir að rekja nokkuð það, sem fram kom í þessum yfirheyrslum.

Fyrir rannsóknarlögreglu bar stefndi, að Sverrir Bjarnason hefði í júlí 1971 spurt sig, hvort hann gæti tekið fyrir sig túr inn í Landflutninga við Héðinsgötu og sótt þangað 100 stykki af fiskkössum úr plasti, fara síðan til Keflavíkur og taka fleiri kassa og síðan til Sandgerðis og taka rækju úr fjórum bátum, en þetta hafi átt að verða 8 til 9 smálestir, og síðan kvaðst stefndi hafa átt að fara með þetta til Bíldudals. Sverrir hafi beðið sig um að skrifa hjá sér, hvað hann ætti að gera og hafi það átt að

vera í þessari röð. Stefndi kvaðst hafa skrifað þetta á laust blað hjá sér og hafa farið beint inn í Landflutninga, en stefndi kvaðst ekki hafa verið með nein plögg í höndunum frá Sverri varðandi kassana, og kvaðst stefndi ekki muna, hvort nokkuð hefði verið nefnt um það, hvaðan kassarnir hefðu komið í Landflutninga eða á hvern þeir væru skráðir. Þegar stefndi kom inn eftir og bað um kassana, sagði hann, að einhverjar vöflur hefðu orðið varðandi afgreiðsluna, og kvaðst stefndi hafa tekið það skýrt fram, að sér yrðu ekki afhentir kassarnir, ef eitthvað væri ekki í lagi. Stefndi kvaðst ekki þekkja afgreiðslufólkið og ekki muna, hverjir voru þarna, en afgreiðslustúlkan hafi hringt eitthvað og sagt svo, að það væri í lagi að afhenda sér þá, og það hafi verið gert. Stefndi kvaðst svo hafa kvittað fyrir móttöku kassanna á bílinn, en það sé á nótu, sem lá frammi hjá rannsóknarlögreglu, þar sem eigandi sé skráður Erling Kristjánsson skipstjóri, Margötu 3, Grindavík. Stefndi kvaðst ekki hafa vitað um viðskipti milli hans og Sverris. Stefndi kvaðst síðan hafa farið í túrinn, eins og Sverrir hafi beðið sig um, en það hafi ekki orðið nema milli 4 og 5 smálestir af rækju, sem stefndi tók og fór með vestur. Megnið af kössunum, sem stefndi tók í Keflavík, hafi farið undir rækjuna, en þeir hafi verið frá Rækjuveri. Það hafi ekki verið nema 10 til 12 kassar af þessum nýju, sem stefndi fór með vestur, en afganginn hafi Sverrir tekið um kvöldið til geymslu vestur í Sjófangi, en síðan hafi stefndi farið. Stefndi sagðist hafa átt að hitta Eyjólf Þorkelsson í Keflavík, en hann væri framkvæmdastjóri fyrir Rækjuveri í Bíldudal og hafi hann átt eitthvað að aðstoða sig suðurfrá, en stefndi kvaðst ekki hafa hitt hann. Stefndi sagðist ekki hafa fengið túrinn greiddan, þegar hann kom til Bíldudals, og hafi hann tekið skreið til baka fyrir sama fyrirtæki. Stefndi kvaðst ekkert hafa í höndunum um, að Sverrir hefði sent sig eftir umræddum fiskkössum, því miðanum kvaðst stefndi hafa hent, enda hafi hann ekki verið skrifaður af Sverri. Um mánuði eftir að ferðin var farin, kvaðst stefndi hafa heyrt, að þetta hefði ekki verið í lagi með kassana, eða þegar maður hringdi á stöðina og spurði, hvort hann, stefndi, hefði tekið þá. Stefndi sagðist hafa sagt manninum eins og var með það, þ. e. að Sverrir hefði sent sig eftir þeim, en Sverrir hafi aldrei nefnt, hvort kassarnir ættu að vera nýir eða gamlir. Hann hafi bara átt að sækja 100 kassa. Svo hafi lögmaður stefnanda hringt í sig og hafi hann spurt um kassana, og kvaðst stefndi hafa sagt honum sömu söguna. Eitt kvöldið kvaðst stefndi hafa

fengið bréf frá lögmanninum með kröfu um greiðslu á kössunum. Þá kvaðst stefndi hafa náð í Sverri og sagt honum frá þessu, en hann hafi sagt, að stefndi þyrfti ekki að hafa áhyggjur af þessu, hann skyldi tala við lögmanninn.

Hjá rannsóknarlögreglu neitaði stefndi algerlega að greiða verð kassanna, eins og krafist var, eða kr. 78.700. Einnig neitaði hann að greiða reikninginn frá lögmanni stefnanda, kr. 7.035, enda kvaðst stefndi vera algerlega saklaus varðandi þetta, og kvaðst hann ekki betur sjá en að það væri á ábyrgð stefnanda, ef þeir afhentu manni vöru, án þess að hann væri með neitt í höndunum um, að hann mætti taka hana. Stefndi tók fram, að ef hann hefði haft nokkurn minnsta grun um, að það væri ekki í lagi að taka kassana fyrir Sverri, þá hefði hann aldrei gert það.

Í seinna skiptið, sem stefndi mætti hjá rannsóknarlögreglunni vegna máls þessa, bar hann, að hann myndi vel, að það hefðu ekki verið aðrir kassar þarna í skemmunni en þessir 100 kassar, sem hann fékk afgreidda. Hann kvaðst hafa farið beint inn í skemmuna og hafa rætt við afgreiðslumennina þar, en verið vísað á skrifstofuna. Stefndi kvaðst muna vel eftir því, að ekki hafi verið nefnt neitt nafn um vörusendingareiganda inni í skemmunni, og ekki kvaðst hann muna, hvaða nöfn honum voru gefin upp af Sverri, og hafi hann nefnt nafnið Kristjánsson, hafi það verið á miðanum, en stefndi kvaðst ekki muna það frekar. Stefnda var sýnt fylgibréfið, og kvaðst hann ekki muna, hvort búið var að rita bréf þetta eða hvort það var ritað þarna á staðnum. Stefndi kannaðist við undirskrift sína á skjalinu. Stefndi taldi, að ekki hefðu verið notaðir nema tæpir 20 kassar af þessum nýju kössum, sem hann sótti, því um borð í bátinn hafi farið 10 til 15 kassar af þeim nýju, en afgangurinn hafi farið af bílnum hjá Sjófangi.

Hér fyrir dómi bar stefndi, að hann hefði tekið skýrt fram, að sér yrðu ekki afhentir kassarnir, nema það væri allt í lagi, og kvaðst hann hafa beðið þarna upp undir hálfan tíma, frá því að hann kom fyrst og þangað til honum voru afhentir kassarnir. Stefndi kvaðst halda, að um 90 kassar hefðu orðið eftir í Sjófangi.

Fyrir rannsóknarlögreglu bar Sverrir Bjarnason, að á árinu 1971 hefði hann verið öðru hverju verkstjóri hjá Sjófangi h/f. Á Bíldudal sé fyrirtæki, sem heiti Rækjuver, og forstjórinn fyrir því heiti Eyjólfur Þorkelsson. Sverrir kvaðst hafa átt viðskipti við Eyjólf, þannig að hann kvaðst hafa selt Eyjólfi rækju og það

hefði verið um samið milli þeirra, að Eyjólfur keypti af sér rækju og að Eyjólfur annaðist og greiddi flutningana og legði til kassa. Svo hafi komið þar, að Eyjólfur hafi beðið sig að sjá um að fá bíl í Reykjavík til flutnings á rækju vestur á Bíldudal frá Sandgerði og hafi hann jafnframt sagt sér, að hann ætti kassa liggjandi í Landflutningum, og hann hafi beðið sig um að láta bílinn taka þessa kassa, sem voru tómir, inni á Landflutningum og fara með þá suður í Sandgerði og taka þar rækju í þá af tilteknum bátum og fara með hana vestur. Sverrir kvaðst hafa farið á Vörubílastöðina Þrótt og hafa látið stefnda hafa miða með nöfnum bátanna, sem hann hafi átt að taka rækjuna úr, einnig nafn Eyjólfs og Rækjuvers, sem hann átti að flytja vöruna til, og kvaðst hann hafa beðið stefnda um að taka kassa inni í Landflutningum. Hve marga, kvaðst Sverrir ekki muna. Kassarnir, sem Eyjólfur átti á Landflutningum, hafi komið þangað frá Bíldudal. Sverrir kvaðst ekki muna, hve margir kassar það voru, sem Þorgeir átti að taka, eða hvort það var nefnt, því Sverrir kvaðst halda, að Eyjólfur hefði ekki vitað það sjálfur, því verkstjórinn hans fyrir vestan hafi sent kassana og það eigi að vera til fylgibréf yfir þá. Það næsta, sem skeði, hafi verið, að stefndi kom til Reykjavíkur úr túrnum frá Sandgerði einhvern tíma undir morgun næsta dag og þá hafi þeir farið með bílinn vestur í Sjófang og þar hafi verið ísað yfir og þar hafi nokkrir tómir kassar verið teknir af. Töluna kvaðst Sverrir ekki muna, en síðan hafi bíllinn farið með hlassið, eins og það kom fyrir, vestur. Sumt af þessum kössum hafi verið nýir. Kassarnir frá Bjargi séu allt öðruvísi en þeir, sem Rækjuver notaði, og sagði Sverrir, að sig minnti, að eitthvað af svoleiðis kössum hefðu farið af bílnum, en Sverrir kvaðst ekkert athugavert hafa séð við það, enda hafi hann ekki vitað nema Eyjólfur væri búinn að byrgja sig upp af kössum. Sverrir kvaðst svo ekki hafa vitað annað en að þetta væri allt í lagi, fyrr en lögfræðingurinn fór að tala um þetta. Sverrir kvaðst hafa sagt lögfræðingnum alveg, hvernig þetta hefði verið og hvaða fyrirmæli bílstjórinn hefði fengið hjá sér, enda kvaðst Sverrir vita, að hann hefði ekki farið að stela þessum kössum. Það, sem hafi skeð, væri, að það hafi verið afhentir „feil"-kassar. Sverrir kvaðst ekkert hafa grætt á þessum kössum, því kassar þeir, sem notaðir hafi verið, hafi tilheyrt Eyjólfi, eða Sverrir kvaðst ekki vita annað, og því kvaðst Sverrir neita að greiða kröfuna. Ómögulegt sé að vita, hvar kassarnir séu niðurkomnir núna, því þeir gangi á milli báta og fyrirtækja og flest-

öll fyrirtæki merki sér kassana, þegar þau fá þá, svo að þeir glatist síður. Sverrir sagði, að þegar hann hefði vitað um mistökin í þessu með kassana, þá hafi kassarnir, sem teknir voru af bílnum hjá stefnda og voru búnir að liggja vesturfrá, verið farnir hingað og þangað og því vonlaust að hafa upp á þeim. Sverrir tók sérstaklega fram, að þetta hafi verið Sjófangi h/f algerlega óviðkomandi.

Fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu bar Eyjólfur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Rækjuvers h/f, að Rækjuver h/f og Sverrir Bjarnason, verkstjóri hjá Sjófangi h/f, hefðu átt viðskipti saman. Viðskiptin hafi verið tvíþætt að því leyti, að þau hafi verið bæði við Sverri persónulega og eins við Sjófang h/f. Hin persónulegu viðskipti hafi verið í sambandi við það, að Sverrir hafi gert út tvo rækjubáta. Í júní 1971 hafi Rækjuver h/f tekið á leigu bát í Keflavík, m/b Ingibjörgu, og gert hann út til rækjuveiða við Eldey. Síðan hafi rækjan verið flutt með ýmsum flutningsaðiljum frá Suðurnesjum til Bíldudals. Til þess að fylla upp í bílfarma í þessum flutningum hafi verið keyptur rækjuafli af bátum Sverris Bjarnasonar, sem annars hafi lagt upp afla hjá Sjófangi h/f. Megnið af rækjunni hafi verið flutt vestur með Vesturleið h/f, Patreksfirði, er hafi aðsetur sitt hjá Landflutningum h/f. Hafi þarna verið um að ræða flutning bæði á rækju vestur og tómum kössum suður. Það hafi aðeins verið í tvö eða þrjú skipti, að aðrir aðiljar en Vesturleið h/f önnuðust umræddda flutninga þetta sumar. Eyjólfur kvaðst hafa beðið Sverri að senda eftir kössunum í afgreiðslu Landflutninga, þar sem hann kvaðst hafa talið, að Rækjuver ætti þar kassa undir rækju, er fluttir hefðu verið suður með Vesturleið h/f. Eyjólfur kvaðst ekki hafa tiltekið neinn ákveðinn fjölda kassa við Sverri í þessu sambandi, enda hafi sér ekki verið kunnugt um nákvæma tölu. Fiskkassar Rækjuvers h/f hafi verið af franskri gerð, „Alibert". Eyjólfur kvaðst hafa verið staddur í Sandgerði, er m/b Ingibjörg kom að landi úr sjóferð þeirri, er stefndi skyldi taka rækju úr bátnum til flutnings vestur. Eyjólfur kvaðst ekki hafa talað neitt við stefnda í umrætt sinn, en séð, að hann hafði komið með nýja kassa á bifreiðinni, og hafi þeir verið búntaðir saman. Þegar Eyjólfur kom að, hafi verið búið að setja þessi kassabúnt um borð í m/b Ingibjörgu. Kvaðst Eyjólfur þá hafa séð, að hér var ekki um að ræða fiskkassana frá Rækjuveri h/f. Kvaðst Eyjólfur þá hafa gefið skipverjum fyrirmæli um að setja kassana í land og fá í staðinn lánaða kassa frá Jökli h/f. Eyjólfur kvaðst ekki

vita nánar um framkvæmd þessara hluta, enda hafi hann haft þarna skamma viðstöðu. Kassarnir frá Jökli h/f hafi verið grænir að lit og hafi þeir komið vestur með rækju, sem var flutt vestur til Bíldudals með Vesturleið h/f úr næstu sjóferð á eftir þeirri, sem hér um ræðir. Engir af kössum þeim, sem settir höfðu verið um borð í m/b Ingibjörgu í Sandgerði og fyrr getur um, séu eða hafi verið í notkun hjá Rækjuveri h/f.

Fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu bar Ólafur Gunnar Þórðarson, verkstjóri hjá Rækjuveri h/f, Bíldudal, að yfirleitt hefði rækja verið flutt vestur með bifreiðum Vesturleiðar h/f. Ólafur kvaðst muna eftir komu bifreiðar þeirrar, er Sverrir Bjarnason hefði útvegað í júlí 1971. Ólafur kvaðst hafa tekið á móti rækjunni af bifreiðinni, sem var stór vörubifreið, og hafi rækjan verið í fiskkössum frá Rækjuveri og eins að einhverju leyti í fiskkössum, sem Rækjuver átti ekki. Ekki kvaðst Ólafur muna örugglega, hversu margir kassarnir hafi verið, en sagði, að sig minnnti, að hér hefði ekki verið um að ræða heilan bílfarm af rækju. Kassarnir, sem Rækjuver átti ekki, hafi verið fremur stórir, hvítir að lit og úr þunnu efni. Vörubifreiðarstjórinn hafi sagt sér, að hann hefði sótt umrædda kassa á afgreiðslu Landflutninga h/f samkvæmt beiðni Sverris Bjarnasonar hjá Sjófangi og farið með þá suður á Suðurnes í sambandi við umrædda rækjuflutninga vestur. Ólafur kvaðst hafa séð um sendingu kassanna suður aftur með annarri bifreið síðar og hafi kassarnir þá verið sendir til Sjófangs h/f, sem hafi annast móttöku og geymslu á rækju frá Suðurnesjum fyrir Rækjuver h/f á þessum tíma. Kassar þessir hafi aldrei komið vestur aftur. Á þeim tíma, sem kassar þessir voru teknir hjá Landflutningum, hafi Rækjuver átt að eiga geymda kassa þar.

Fyrir rannsóknarlögreglu bar Andrés Haukur Ágústsson, framkvæmdastjóri stefnanda, að þá er atvik það skeði, sem mál þetta er af risið, hafi hann ekki verið við í fyrirtækinu. Sá háttur sé á hafður, þegar komið er með vöru utan af landi, að það sé ekki tekið við henni nema henni fylgi vörufylgibréf. Hafi ekki verið búið að ganga frá bréfinu, áður en varan er afhent, sé fylgibréfið ritað strax, því það sé ekki tekið við vörunni án þess. Sá háttur sé á hafður við afgreiðslu út frá stöðinni, að sá, sem spyr um vörur, verði að gefa upp nafn þess, er vöruna eigi að fá, og helst, hver sé sendandi. Sé þetta gert vegna þess, að hver bifreið hafi sína skjalamöppu, og því handhægara að leita vörunnar þar. Þegar afgreiðslustúlkurnar séu búnar að finna fylgibréfið, sé

varan afhent og viðtakandi látinn kvitta á fylgibréfið. Það séu vanalega stúlkurnar, sem eru á símanum, sem sjái um verk þetta. Er þetta atvik skeði, hafi verið stúlka, sem heitir Guðrún I. Hlíðar, á símanum, og hafi hún tjáð sér síðar, að hún hafi fullvissað sig um, að sá, sem sótti vöruna, væri í fullum rétti með það, eftir að vera búin að kanna það, fyrir hvern bifreiðarstjórinn var að sækja vöruna. Framkvæmdastjóri stefnanda sagði, að ekki væri til í gögnum stefnanda, að Eyjólfur Þorkelsson hafi átt pantaða nýja kassa frá Bjargi. En sér hafi ekki unnist tími til þess að kanna það, hvort Eyjólfur hafi átt sendingu af notuðum kössum hjá stefnanda um þessar mundir. Hér fyrir dómi bar framkvæmdastjóri stefnanda, að hann hefði farið í gegnum pappíra stöðvarinnar og ekkert fundið um tóma fiskkassa að vestan og ekkert, sem gaf til kynna, að Eyjólfur Þorkelsson hefði átt sendingu af notuðum kössum hjá stefnanda á þeim tíma, sem hér um ræðir. Það sé hreinasta undantekning, ef þeir, sem séu að sækja vörur á afgreiðsluna, komi með fylgibréf, sem fylgir vörunni, sem verið er að sækja.

Hér fyrir dómi kvaðst framkvæmdastjórinn halda, að hann hafi greitt reikninginn á dskj. nr. 4.

Fyrir rannsóknarlögreglu bar Guðrún Ingibjörg Hlíðar, að hún hefði afgreitt vöru þá, sem málið er af risið, frá stöð stefnanda á árinu 1971. Guðrún kvaðst hafa haft þann starfa hjá stöðinni að vera við símann og sjá um að leita að fylgibréfum og síðan að afgreiða þau fram í vöruafgreiðsluna, eftir að viðtakandi væri búinn að kvitta á þau og greiða kostnað, ef hann var. Er umrætt atvik skeði, kvaðst Guðrún muna, að ungur vörubifreiðarstjóri hafi komið inn á afgreiðsluna og hafi sagst vera sendur til þess að sækja 100 plastfiskkassa og þegar hún hafi innt hann frekar eftir þessu, hafi hann ekki munað vel, fyrir hvern hann var að sækja þetta, en einhvern veginn hafi það komið fram, að maðurinn væri skipstjóri og væri Kristjánsson, að hann minnti, en um fornafn vissi hann ekki. Guðrún kvað það fast í sínu minni, að maðurinn hefði nefnt Grindavík sem útgerðarstað skipstjórans. Guðrún kvaðst hafa kannað þetta betur og hafi komið í ljós, að Erling Kristjánsson, skipstjóri í Grindavík, hafi átt þarna 100 kassa pöntun frá fyrirtækinu Bjargi á Akureyri. Guðrún kvaðst hafa leitað í símaskránni og hafa fundið þar þetta nafn og því talið, að maðurinn væri að sækja vöruna fyrir hann. Guðrún kvaðst ekki minnast þess að hafa hringt neitt út í bæ og því síður út á land. En nafnið Sjófang hafi kom-

ið inn í samtal þeirra, en hvernig kvaðst hún ekki muna. Eftir að hafa verið búin að kanna þetta, kvaðst Guðrún hafa gengið frá fylgibréfinu þannig, að hún hafi látið bifreiðarstjórann kvitta á fylgibréfið og hafi hún beðið hann að setja bílnúmerið sitt á bréfið, sem hann hafi gert. Varan hafi síðan verið afgreidd út af vörulager, og kvaðst Guðrún ekki vita annað, en að allt væri í lagi með vöru þessa, þar til nokkru eftir þetta, að Erling hafi beðið um pöntun sína og þá hafi komið í ljós, að vörubifreiðarstjórinn var ekki að sækja vöru þessa fyrir hann. Guðrún kvaðst ekki hafa skrifað vörufylgibréfið, ekki sjáist á því, að nein krafa hafi verið færð á það sem geymslugjald eða afgreiðslugjald og hafi bifreiðarstjóranum því verið afhent varan án nokkurrar greiðslu.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að á tímabilinu 26. júlí 1971 til 1. ágúst s. á. hafi stefndi tekið 100 stk. fiskkassa úr plasti úr afgreiðslu stefnanda eftir að hafa gefið upplýsingar um, að hann væri að sækja 100 fiskkassa fyrir skipstjóra úr Grindavík, sem hann myndi ekki fornafn á, en væri Kristjánsson. Þar sem á þessum tíma hafi ekki verið um að ræða aðra nýja kassa í vöruafgreiðslu stefnanda á þeim tíma og ekki kunnugt um neina aðra kassa til manns úr Grindavík í vörugeymslunni, hafi honum verið afhentir 100 stk. nýrra kassa, sem Erling Kristjánsson skipstjóri, Grindavík, hafi átt að fá, enda hafi hann þá áður kvittað fyrir móttöku kassanna, þar sem glögglega hafi verið tekið fram, að greindur Erling Kristjánsson væri viðtakandi þeirra. Síðar hafi komið í ljós, að stefndi hafi alls ekki verið umboðsmaður Erlings Kristjánssonar og ekkert hafi komið fram síðar þrátt fyrir tímafrekar og allítarlegar rannsóknaraðgerðir rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, sakadóms Reykjavíkur og sakadóms Barðastrandarsýslu, að stefndi hafi á þessum tíma átt að sækja nokkra aðra kassa á vöruafgreiðslu stefnanda. Framburði stefnda og þeirra manna, sem hann beri fyrir sig, að hafi sent hann, beri ekki saman í mikilsverðum atriðum. Eftir að ljóst varð, að stefndi hefði ekki haft heimild til viðtöku kassanna, hafi af hálfu stefnanda verið leitast við að upplýsa málið og það tekist að nokkru, þótt ekki hafi náðst samræmi í upplýsingar, en beiðni til stefnda um að greiða kassana hafi verið alfarið synjað. Þá hafi verið einnig gengist í því að útvega hinum rétta viðtakanda kassanna nýja kassa í stað þeirra, sem stefndi

hafði tekið í heimildarleysi, jafnframt hafi af hálfu sendanda kassanna verið gerður reikningur til stefnanda fyrir fyrri kössunum, kr. 78.700, sem stefndi hafi tekið. Þegar sýnt hafi verið, að ekki tækist að leysa málið án réttaraðgerða, og til að reyna að fá skjóta lausn á því og raunar einnig vegna þess, að það hafi þótt best við hæfi vegna óheimillar töku kassanna, hafi málinu verið vísað til sakadóms Reykjavíkur. Niðurstaða þeirra aðgerða hafi verið sú, að ríkissaksóknari hafi í bréfi sínu, dags. 25. sept. 1975, ekki talið tilefni til annarra aðgerða í málinu en þeirra, sem þá voru að baki, en ekki talið tilefni til ákæru. Hafi því ekki verið tækifæri til að fá dæmda bótakröfu á hendur stefnda fyrir sakadómi Reykjavíkur. Hinn hluti kröfu stefnanda, kr. 7.035, sé vegna lögmannsþóknunar við að afla gagna um málið á fyrsta stigi þess á árinu 1971 og rita kæru og kröfugerð til sakadóms auk tilrauna lögmanns, munnlega og skriflega, til þess að fá kassana greidda hjá stefnda. Hafi þeim kröfum verið hafnað.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að sendandi kassanna og stefnandi hefðu orðið fyrir tjóni. Stefnandi hafi lýst því yfir við Bjarg h/f, að stefnandi teldi sig bótaábyrgan gagnvart Bjargi h/f. Dskj. nr. 4 og 5 sýni tjónið. Stefndi hafi kvittað fyrir móttöku kassanna á dskj. nr. 3, stefndi hafi ekki haft umboð til þess að taka kassana, þeim hafi ekki verið skilað.

Við munnlegan málflutning var því sérstaklega mótmælt, að krafan væri fyrnd, þetta sé skaðabótakrafa, skaðabótakröfur fyrnist á 10 árum. Jafnframt var því haldið fram, að það að lýsa kröfu fyrir sakadómi hlyti að slíta fyrningu.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa rökstudd með því í fyrsta lagi, að stefndi sé ekki réttur aðili að máli þessu. Hann komi aðeins fram sem starfsmaður og eða umboðsmaður Sverris Ragnars Bjarnasonar og Rækjuvers h/f. Stefnandi hafi því miklu frekar átt að beina kröfum sínum að þessum aðiljum. Það sé í umboði þessara aðilja sem stefndi sé sendur í afgreiðslu stefnanda og það séu þessir aðiljar, sem taki við hinum umræddu fiskkössum. Beri þeim því tvímælalaust að standa stefnanda skil á kössunum. Sérstaklega eigi þetta ef til vill við um Rækjuver h/f, sem virðist hafa gert sér það í upphafi ljóst, að umræddir kassar væru eigi þeirra eign. Það megi öllum vera ljóst, að vörubifreiðarstjórar svo og sendibifreiðarstjórar séu oft á tíðum sendir til þess að sækja hina og þessa hluti og séu þá jafn-

framt látnir kvitta fyrir móttöku þeirra. Í slíkum tilfellum komi þeir fram sem starfsmenn og eða umboðsmenn sendenda. Geti því eigi verið um að ræða sjálfstæðan kröfurétt á hendur þeim, ef sannað sé, að þeir hafi skilað af sér til sendanda viðkomandi hlutum. Í máli þessu sé það sannað, að Rækjuver h/f svo og Sverrir Bjarnason hafi tekið við hinum umræddu kössum, og ætti því stefndi samkvæmt framansögðu að vera laus allra mála. Hér sé um ótvíræðan aðildarskort að ræða, sem leiði til sýknu.

Í öðru lagi er sýknukrafan á því byggð, að stefnandi hafi eigi sýnt fram á það, að hann hafi orðið að greiða hina umstefndu fjárhæð. Hann hafi aðeins lagt fram ókvittaðan reikning frá s/f Bjargi, dags. 22. júlí 1971, eða fjórum dögum áður en stefndi veitti kössunum viðtöku. Stefnanda hafi ekki tekist að sanna, að hann hafi orðið að greiða kassa þessa. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnandi leggi á síðari stigum málsins fram kvittaðan reikning, á þeirri forsendu, að slík framlagning sé of seint fram komin.

Í þriðja lagi sé sýknukrafan á því byggð, að krafa stefnanda sé fyrnd. Hér sé um að ræða venjulega skuld, sem sæti fjögurra ára fyrningu. Hinn umræddi atburður hafi átt sér stað 26. júlí 1971, en mál þetta hafi verið þingfest 12. desember 1975. Hér sé ekki um að ræða skaðabótakröfu í þess orðs fyllstu merkingu, heldur venjulega skuldakröfu, eins og fyrr hafi verið vikið að.

Kröfu stefnanda um greiðslu á reikningi lögmanns hans, að fjárhæð kr. 7.035, er sérstaklega mótmælt. Endurkrafa þessi sé í fyrsta lagi fyrnd, en auk þess eigi hún engan rétt á sér, þar sem hér sé um að ræða kostnað vegna gagnaöflunar í máli þessu og mundi því að öllu jöfnu vera innifalin í málskostnaðarkröfu stefnanda.

Varakrafa stefnda um lækkun á stefnukröfu er við það miðuð, að stefnanda hafi ekki tekist að sanna, að skuld stefnda nemi þeirri fjárhæð, sem stefnt er út af. Hann virðist byggja kröfugerð sína á reikningum á dskj. nr. 4 og 5. Eins og áður sé vikið að, þá sé reikningurinn á dskj. nr. 4 ókvittaður og því sé með öllu ósannað, hvað stefnandi hafi greitt fyrir viðkomandi kassa. Einingarverðinu sé því alfarið mótmælt, enda hafi stefndi á engan hátt skuldbundið sig til þess að greiða þar tilgreint verð.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að ljóst sé, að mistök hafi orðið hjá starfsfólki stefnanda varðandi afhendingu kassanna. Stefndi hafi ekki tekið

kassana, honum hafi verið afhentir kassarnir. Þarna hafi ekkert refsivert verið framið. Kassarnir hafi ekki verið sviknir út, því síður stolið. Kæran til sakadóms hafi verið ástæðulaus. Stefndi hafi ekkert grætt á kössunum. Ósannað sé, að Bjarg h/f hafi gert kröfu á hendur stefnanda um andvirði kassanna. Stefnandi geti ekki gert kröfu, fyrr en hann hafi sjálfur greitt andvirði kassanna.

IV.

Álit dómsins.

Stefndi hefur viðurkennt að hafa veitt móttöku vörum þeim, sem mál þetta er af risið. Jafnframt liggur fyrir, að stefndi veitti vörunum móttöku fyrir aðra en sjálfan sig og að hann afhenti þeim aðiljum, sem hann var að vinna fyrir, vörurnar. Stefndi auðgaðist ekki á vörum þessum. Ekkert er fram komið um, að stefndi hafi beitt svikum eða sýnt af sér vítavert gáleysi, þá er hann veitti vörunum viðtöku. Undir rekstri málsins hefur ekki verið sýnt fram á þá hegðun stefnda, að fella beri skaðabótaábyrgð á hann á meintu tjóni stefnanda.

Stefna var birt 9. des. 1975. Samkvæmt dskj. nr. 3 var varan afhent 26. júlí 1971. Er því krafa þessi niður fallin fyrir fyrningu, samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14 frá 1905, enda verður ekki á þá skoðun stefnanda fallist, að rannsókn málsins fyrir rannsóknarlögreglu, sakadómi Reykjavíkur og sakadómi Barðastrandarsýslu hafi slitið fyrningu, sbr. 11. gr. sömu laga.

Átelja ber ummæli af hálfu stefnanda um óheimila töku stefnda á vörum þeim, sem málið er af risið, og jafnframt fullyrðingar um, að varan hafi verið svikin út.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda kr. 40.000 í málskostnað.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Pétur Sigurðsson kaupmaður og Jóhann J. Ólafsson kaupmaður.

Dómsorð:

Stefndi, Þorgeir Þorkelsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Landflutninga h/f, í máli þessu. Stefnandi greiði stefnda kr. 40.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. október 1980.

Nr. 182/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóni Guðlaugssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 27. september 1980, sem barst Hæstarétti 29. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur í heild, en til vara, að því gæsluvarðhald varðar, staðfestur um geðrannsóknina. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Með vísun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. september 1980.

Ár 1980, laugardaginn 27. september, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Jón Guðlaugsson, Karlagötu 24, fæddur 3. apríl 1926, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til 19. nóv. nk. og til þess að sæta rannsókn á geðheilbrigði og sakhæfi.

Jón er undir rökstuddum grun um, að hann hafi haft kynferðisleg afskipti af eða ósiðlegt athæfi í frammi við nokkur stúlkubörn, 10—12 ára að aldri. Liggja fyrir skýrslur fjögurra stúlkna í þessa átt. Jón hefur ekki viðurkennt kæruefnið, en talar um, að hann verði fyrir ofsóknum af alls konar lýð og m. a. hafi telpur

innan við fermingu ruðst inn í íbúð til sín. Framburður hans er mjög óskýr og annarlegur.

Brot þau, sem Jóni eru gefin að sök, gætu varðað við 202. og 209. gr. hegningarlaga, en fangelsi getur legið við brotum á þeim ákvæðum.

Rétt þykir skv. d lið 2. tl. 75. gr. laga 74/1974, að Jón sæti geðrannsókn, enda vekur framburður hans og viðbrögð efasemdir um sakhæfi hans.

Þá er einnig skv. 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 rétt að úrskurða Jón í gæsluvarðhald til þess að koma í veg fyrir, að hann geti spillt sakargögnum. Þess er einnig að geta, að Jón hefur tregðast við að mæta til skýrslugjafar við rannsókn málsins, og þykir því hætta á, að hann kunni að halda því áfram við rannsóknina, og koma því ástæður 2. tl. 67. gr. hér einnig til greina. Með hliðsjón af því, að geðrannsókn á að fara fram, verður varðhaldstíminn ákveðinn allt til miðvikudagsins 29. okt., kl. 15.

Úrskurðarorð:

Jón Guðlaugsson sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 29. okt. nk., kl. 15.

Hann skal sæta rannsókn að geðheilbrigði sinni.

Föstudaginn 3. október 1980.

Nr. 32/1978. **Steinunn Agla Gunnarsdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Auði Sigurðardóttur Wölstad
Arnþóru Sigurðardóttur
Þorsteini Sigurðssyni
Kristrúnu Haraldsdóttur og
Guðmundi Helga Haraldssyni f. h. dánarbús Sigurðar Jónssonar
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 10. febrúar 1978. Krefjast þær þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og gjafabréf Sigurðar Jónssonar, dagsett 13. mars 1975, verði að fullu til greina tekið við skipti á dánarbúi hans. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Guðrún varð lögráða eftir uppsögu héraðsdóms og hefur sjálf tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefjast áfrýjendur þess, að hluta fasteignarinnar nr. 32 við Nóatún, sem var eign Sigurðar Jónssonar, verði haldið utan við skipti á dánarbúi hans.

Í málinu er erfingjunum Auði, Arnþóru, Þorsteini, Kristrúnu og Guðmundi Helga stefnt fyrir hönd dánarbús Sigurðar Jónssonar, en eigi skiptaráðandanum í Reykjavík, sbr. 1.

gr. laga nr. 19/1895. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. desember 1977.

Hinn 13. janúar 1977 andaðist í Reykjavík Sigurður Jónsson, til heimilis að Nóatúni 32, Reykjavík.

Uppskrift á eignum búsins fór fram dagana 26. janúar og 16. og 19 mars sl., og var bent á til uppskriftar íbúð að Nóatúni 32 auk innbús, sem metið var að verðmæti kr. 85.200.

Erfingjar Sigurðar Jónssonar reyndust vera börn hans, Auður Sigurðardóttir Wölstad, Arnþóra Sigurðardóttir og Þorsteinn Sigurðsson, sonarbörn hans, Kristrún Haraldsdóttir og Guðmundur Helgi Haraldsson, og loks sonardætur hans, Steinunn Agla Gunnarsdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir.

Við uppskriftina hinn 26. janúar voru lögð fram ljósrit af erfðaskrá Sigurðar heitins og ljósrit af gjafabréfi hans um íbúðina að Nóatúni 32. Erfingjarnir Arnþóra, Auður og Þorsteinn Sigurðarbörn og Kristrún og Guðmundur Haraldsbörn mótmæltu gildi erfðaskrárinnar og gjafabréfsins, og var á skiptafundi í dánarbúinu hinn 28. júní sl. ákveðið að reka sérstakt mál um ágreining þennan. Var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 1. desember sl., en áður hafði árangurslaust verið leitað sátta með aðiljum. Málið var endurupptekið hinn 19. desember, og féll þá umboðsmaður varnaraðilja formlega frá mótmælum gegn gildi erfðaskrárinnar, og var málið síðan lagt undir úrskurð að nýju.

Hinn 8. júlí 1974 gerði Sigurður heitinn erfðaskrá og arfleiddi með henni sóknaraðilja þessa máls, þær Steinunni Öglu og Guðrúnu Gunnarsdætur, að öllum eigum sínum „föstum og lausum, sem ekki eru bundnar af ákvæðum erfðalaga og falla til lögarfa lögum samkvæmt."

Hinn 13. mars 1975 undirritaði Sigurður Jónsson svohljóðandi gjafabréfi: „Ég undirritaður Sigurður Jónsson, nú til heimilis að Nóatúni 32, Reykjavík, afhendi hérmeð sonardætrum mínum, Steinunni Öglu og Guðrúnu Gunnarsdætrum, báðum til heimilis

að Bólstaðarhlíð 46 hér í bæ, eign mína í húsinu nr. 32 við Nóatún, Reykjavík.

Skulu þær eiga eignarhlutann að jöfnu og ráðstafa honum sameiginlega, enda taka þær hérmeð að sér áhvílandi kvaðir á eignarhlutanum.

Nefndur eignarhluti er þinglesinn á nafn Byggingarfélags verkamanna, Reykjavík, og hlítir þeim samþykktum, sem þeim félagsskap er nú eða framvegis settur að lögum.

Jafnframt því sem ég lýsi yfir þessu, leyfi ég mér að fara fram á, að greindur félagsskapur veiti samþykki sitt til þessarar ráðstöfunar og riti þar um samþykkt sitt á bréf þetta, enda tekur gjöfin ekki gildi fyrr en það samþykki er fengið.

Reykjavík, mars 1975 13/3
Sigurður Jónsson
Nóatúni 32

Vottar:
Hlynur Júlíusson
Björn Baldursson."

Á gjafabréf þetta undirrituðu sóknaraðiljar ásamt móður þeirra, Jónínu Bjarnadóttur, svofellda yfirlýsingu: „Við undirritaðir, eigendur að framangreindri íbúð samkvæmt ofanskráðu gerumst hér með félagar í Byggingarfélagi verkamanna, Reykjavík, og skuldbindum okkur til þess að hlýða í einu og öllu lögum og samþykktum félagsins. Jafnframt undirritar móðir og fjárhaldsmaður aðila yfirlýsingu þessa og þar með gjafabréfið .

D. u. s.
Steinunn Agla Gunnarsdóttir
Guðrún Gunnarsdóttir
Jónína Bjarnadóttir"

Loks bar gjafabréf þetta áritun um samþykki Byggingarfélags verkamanna, en íbúðin að Nóatúni 32 var byggð af Byggingarfélagi verkamanna og lýtur samþykktum þess félags og er þinglesin eign félagsins.

Sóknaraðiljar máls þessa hafa krafist þess hér fyrir réttinum, að framangreint gjafabréf verði að fullu metið gilt og að íbúðinni að Nóatúni 32 verði haldið utan við skipti á dánarbúi Sigurðar Jónssonar. Þá hafa þeir krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðiljar málsins gera þær kröfur, að gjafabréfið verði

metið ógilt og ekki tekið til greina við skipti á dánarbúi Sigurðar Jónssonar. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati skiptaráðanda.

Sóknaraðiljar styðja kröfugerð sína eftirfarandi rökum: Þeir telja ótvírætt, að gjafabréfið frá 13. mars 1975 feli í sér gjöf í lifanda lfi, en ekki dánargjöf eftir skilningi 54. gr. erfðalaga nr. 8 frá 1962, enda hafi afhending gjafabréfsins farið fram 13. mars 1975 og verið skilyrðislaust ekki neitt loforð.

Eftir að gjafabréfið var gert, hafi verið farið með það til Byggingarfélags verkamanna, eins og lög standi til, og hafi stjórn þess samþykkt eigendaskiptin, en íbúðin sé skráð á nafn félagsins og séu því eigendaskipti óheimil nema með samþykki þess. Því hafi öllum samningsgerðum verið lokið og samningnum, sem felst í gjafabréfinu, verið fullnægt, þegar Byggingarfélag verkamanna samþykkti eigendaskiptin og sóknaraðiljar gerðust félagar í byggingarfélaginu. Þeir telja, að varnaraðiljum beri að sanna, að um málamyndagerning hafi verið að ræða.

Sóknaraðiljar telja það engin rök gegn gildi gjafabréfsins, að Sigurður heitinn hafi greitt fasteignagjöld af íbúðinni eftir eigendaskiptin né það, að hann hafi ekki verið krafinn um greiðslu á leigu fyrir afnot af íbúðnni. Engan þurfi að undra, þótt sonardætur Sigurðar eða móðir þeirra hafi aðstoðað Sigurð nokkuð í elli hans og einstæðingsskap, þar sem börn hans eða aðrir vandamenn muni ekki hafa komið þar nærri.

Þá telja sóknaraðiljar, að í því, hvernig skattframtölum Sigurðar heitins annars vegar og sóknaraðilja hins vegar var háttað, felist engin sönnun fyrir því, að um dánargjöf í skilningi erfðalaganna hafi verið að ræða.

Varnaraðiljar máls þessa, þau Auður, Arnþóra og Þorsteinn Sigurðarbörn og Kristrún og Guðmundur Helgi Haraldsbörn fyrir hönd dánarbús Sigurðar Jónssonar, styðja sínar kröfur þessum rökum:

Þeir telja, að gjafabréfið frá 13. mars 1975 sé málamyndagerningur, sem ekki hafi verið ætlast til, að kæmi til framkvæmda fyrr en að gefanda látnum. Benda þeir á eftirfarandi atriði, sem sýni, að ofangreint gjafabréf sé dánargjöf, en ekki lífsgjöf: Sigurður bjó í íbúð sinni að Nóatúni 32, Reykjavík, eftir útgáfu til Byggingarfélags verkamanna. Ráðstöfunarréttur hans var á engan hátt skertur. Sigurður greiddi enga leigu fyrir veru sína í íbúðinni, og allt var þar í sömu skorðum og verið hafði um árabil og þannig hélst til þess tíma, er Sigurður andast. Afnot og/eða arður

gjafþega skv. ofangreindu gjafabréfi er því enginn, og eftir slíku er ekki kallað. Í annan stað greiddi Sigurður öll gjöld af íbúðinni, meðan hann lifði, og skv. gjaldheimtuspjöldum er það fyrst í febrúar 1977 sem þær systur eru skrifaðar fyrir greiðslu fasteignagjalda, en þá er Sigurður látinn. Samkvæmt því er greinilegt, að Sigurður telur sig bera fulla ábyrgð á íbúðinni og telur hana greinilega sín eign. Þá ber einnig að nefna, að Sigurður telur íbúðina jafnan fram sem sína eign á skattskýrslum, og sá maður, sem aðstoðaði Sigurð við gerð skattskýrslnanna, vissi ekkert um gjafabréf það, sem hér um ræðir, enda minntist Sigurður aldrei á það. Telja varnaraðiljar framangreind atriði sýna ótvírætt, að gjafabréfið hafi aldrei verið hugsað sem lífsgjöf, heldur hafi hér verið um dánargjöf í skilningi 54. gr. erfðalaganna að ræða. Þeir telja, að ráðstöfunarréttur Sigurðar heitins yfir íbúðinni hafi haldist óbreyttur í tæp tvö ár þrátt fyrir gjafabréfið.

Í greinargerð byggðu varnaraðiljar kröfur sínar einnig á því, að Sigurður heitinn hafi af heilsufarsástæðum ekki verið bær til að gera slíka ráðstöfun eigna sinna, sem í gjafabréfinu felst, eða gert sér grein fyrir þýðingu hennar. Við munnlegan flutning málsins féll lögmaður varnaraðilja frá þessari málsástæðu, en krafðist þess, að gjafabréfið yrði dæmt ógild dánargjöf, þar eð það uppfyllti ekki kröfur þær, sem erfðalög gera um form dánargjafagerninga.

Lögð hafa verið fram í málinu skattframtöl Sigurðar Jónssonar fyrir árin 1974 til 1977 að báðum meðtöldum. Skattframtal fyrir 1977 er óútfyllt, enda lést Sigurður heitinn, áður en framtalsfrestur rann út. Skattframtölin fyrir 1974 til 1976 eru undirrituð af Gunnari Vagnssyni f. h. Sigurðar Jónssonar, og er íbúð að Nóatúni 32 talin þar til eignar hjá Sigurði öll árin, en eigendaskipta að íbúðinni að engu getið.

Einnig hafa verið lögð fram skattframtöl Steinunnar Öglu Gunnarsdóttur fyrir árin 1974 til 1977 að báðum meðtöldum og framtöl Guðrúnar Gunnarsdóttur fyrir árin 1975 til 1977, en á engu þessara framtala er íbúð að Nóatúni 32 talin þeirra eign.

Þá hafa verið lögð fram ljósrit af gjaldheimtuspjöldum áranna 1976 og 1977 fyrir Nóatún 32. Samkvæmt þeim hefur Sigurður Jónsson greitt fasteignagjöld að fjárhæð kr. 20.234 árið 1976, en Steinunn og Guðrún hafa greitt kr. 18.800 árið 1977.

Lagt hefur einnig verið fram ljósrit af reikningsyfirliti, sem Byggingarfélag verkamanna hefur sent íbúðareigendum félagsins „til athugunar við skattframtal 1976“, en á reikningsyfirliti þessu

er nafna Steinunnar Ö. og Guðrúnar Gunnarsdætra getið í reit, sem ætlaður er fyrir nöfn íbúðareigenda.

Loks hafa verið lögð fram ljósrit af kvittunum frá Byggingarfélagi verkamanna fyrir greiðslu mánaðar- og árgjalda fyrir tímabilið frá 1. desember 1974 til 1. apríl 1977. Samkvæmt ljósritum af kvittunum þessum hefur Sigurður Jónsson greitt mánaðar- og árgjöld til félagsins fyrir tímabilið frá 1. desember 1974 til 1. desember 1976, en Steinunn Agla og Guðrún Gunnarsdætur hafa greitt sömu gjöld til félagsins fyrir tímabilið 1. desember 1976 til 1. apríl 1977, og eru kvittanirnar til þeirra dagsettar 7. febrúar 1977 og 9. mars s. á.

Vitundarvottar á gjafabréfinu frá 13. mars 1975, þeir Björn Baldursson skrifstofumaður og Hlynur Júlíusson lagermaður, hafa báðir borið vitni fyrir skiptaréttinum. Þeir kannast báðir við nafnritun sína á gjafabréfinu. Björn kveðst ekki muna sérstaklega eftir undirritun gjafabréfsins, en kveðst ekki minnast þess, að hann hafi nokkurn tíma ritað sem vottur á skjal án þess að hafa verið viðstaddur undirritun þess. Hlynur Júlíusson hefur hins vegar borið fyrir réttinum, að hann minnist þess að hafa verið viðstaddur, þegar Sigurður undirritaði gjafabréfið, og hann kveðst einnig muna, að Björn Baldursson hafi verið viðstaddur.

Sóknaraðiljar hafa báðar mætt fyrir réttinum til skýrslugjafar.

Steinunn Agla Gunnarsdóttir sagði aðspurð fyrir réttinum, að hún hefði ekki talið íbúðina að Nóatúni 32 til eignar á skattframtölum sínum vegna þess, að Gunnar Vagnsson hafi sagt móður hennar, að þær systur ættu ekki að telja íbúðina til eignar fyrr en að Sigurði afa þeirra látnum.

Guðrún Gunnarsdóttir gaf fyrir réttinum sömu skýringar og Steinunn Agla á því, að hún taldi íbúðina að Nóatúni 32 ekki til eignar á skattframtölum sínum. Aðspurð sagðist hún „ekki hafa talið sig raunverulegan eiganda að íbúðinni fyrr en að afa sínum látnum", en eftir að hún hafði kynnt sér ljósritið af gjafabréfinu, taldi hún, „að lagalega séð hafi hún orðið eigandi íbúðarinnar, þegar gjafabréfið var gert."

Steinunn Agla hafði einnig verið spurð fyrir réttinum, hvern hún hefði talið raunverulegan eiganda íbúðarinnar, en svör hennar voru reikandi og óljós, að lögmenn beggja aðilja töldu þau ekki fallin til að varpa ljósi á málið og óskuðu ekki eftir, að þau yrðu færð til bókar.

Móðir sóknaraðilja, Jónína S. Bjarnadóttir, mætti einnig fyrir réttinum. Við uppskriftargerð í búinu hinn 16. mars sl. sagði hún

meðal annars, að gengið hefði verið frá gjafagerningum að fullu og öllu og hann skrásettur á þeim tíma, sem dagsetningar segi til um. Hann hafi ekki á neinn hátt verið skilorðsbundinn eða takmarkaður, en henni hafi fundist svo sjálfsagt, að Sigurður heitinn hefði afnot íbúðarinnar, meðan hann lifði og gat og vildi búa þar, að um annað hafi aldrei verið rætt, en hún telji, að íbúðin hafi orðið óskoruð eign dætra sinna við gjöfina. Þennan framburð ítrekaði Jónína fyrir réttinum hinn 28. sept. sl. Þá var hún einnig spurð, hvers vegna dætur hennar töldu íbúðina ekki til eignar á skattframtölum sínum, eftir að gjafagerningurinn var gerður. Kvaðst Jónína hafa fengið þær upplýsingar hjá Byggingarfélagi verkamanna árið 1976, að dætrum hennar bæri ekki að telja íbúðina að Nóatúni 32 fram til skatts fyrr en Sigurður Jónsson væri látinn. Sömu upplýsingar hafi hún svo fengið hjá Gunnari Vagnssyni í ársbyrjun 1977, en Jónína kvað sér vera kunnugt um, að nefndur Gunnar Vagnsson hafi aðstoðað Sigurð heitinn við gerð skattskýrslu í fjölda ára. Jónína sagði aðspurð, að ástæðan fyrir því, að Sigurður heitinn greiddi fasteignagjöld af íbúðinni, eftir að hann undirritaði gjafabréfið, hefði verið sú, „að þeir hjá byggingarfélaginu hafi sagt, að íbúðin ætti að vera á nafni Sigurðar, meðan hann lifði."

Loks mætti fyrir réttinum Sigurður Kristinn Kristinsson, framkvæmdastjóri Byggingarfélags verkamanna. Hann upplýsti, að Sigurður heitinn hefði keypt íbúðina að Nóatúni 32 með kaupsamningi 3. janúar 1958 og hafi íbúðin verið skráð á hans nafn í bókum félagsins frá þeim degi til 17. mars 1975. Hann sagði, að fyrir sitt leyti hefði byggingarfélagið litis svo á, að Steinunn Agla og Guðrún Gunnarsdættur væru frá þeim degi eigendur íbúðarinnar, en tók þó fram, að í því fælist ekkert mat á lögmæti gjafabréfsins. Sigurður Kristinn mótmælti því algerlega, að hann eða nokkur annar hjá byggingarfélaginu gæti hafa sagt Jónínu Bjarnadóttur, að dætur hennar ættu ekki að telja íbúðina til eignar á skattframtölum þeirra, enda álíti hann, að þeim hafi tvímælalaust borið að gera það.

Ekki reyndist unnt að afla vættis Gunnars Vagnssonar í máli þessu, en hann andaðist fáeinum dögum áður en undirritaður tók við málinu.

Gjafagerningur sá, sem hér er deilt um, kveður svo á, að hann skuli taka gildi, þegar Byggingarfélag verkamanna hefur samþykkt ráðstöfunina. Hins vegar er á það að líta, að Sigurður Jónsson hafði einn afnot af íbúðinni í hartnær tvö ár, eftir að gjafa-

bréfið er undirritað, án þess að áskilnaður um slík not hafi verið gerður í gjafabréfinu. Einnig er sýnilegt, að hann greiddi einn öll gjöld, skatta og skyldur af íbúðinni, meðan hann lifði, þrátt fyrir ákvæði gjafabréfsins, að sóknaraðiljar skyldu „hérmeð taka að sér áhvílandi kvaðir á eignarhlutanum". Þá er og á það að líta, að Sigurður telur íbúðina fram til skatts sem sína eign þrátt fyrir gjafabréfið og kemur þannig fram gagnvart skattayfirvöldum sem eigandi íbúðarinnar. Sóknaraðiljar málsins telja íbúðina ekki til eignar á skattframtölum sínum.

Þegar til alls þessa er litið og einnig þess, að ekki verður litið svo á, að með undirritun gjafabréfsins og skráningu þess hjá Byggingarfélagi verkamanna hafi Sigurður Jónsson svipt sig öllum möguleika til að ráðstafa íbúð sinni að Nóatúni 32 með löggerningi í lifanda lífi, þá verður ekki hjá því komist að álíta, að gjafabréfið sé gjafaloforð í merkingu 54. gr. erfðalaga nr. 8 frá 1962, enda verður ekki talið, að skrásetning gjafabréfsins hjá Byggingarfélagi verkamanna hafi sömu lögfylgjur og þinglýsing afsals.

Varnaraðiljar máls þessa hafa mótmælt gildi gjafabréfsins sem dánargjafar á þeim grundvelli einum, að það uppfylli ekki þær formkröfur, sem gerðar eru til erfðaskráa, eins og þó sé áskilið í 54. gr. erfðalaganna.

Sóknaraðiljar hafa krafist þess alfarið, að gjafabréfið verði viðurkennt sem lífsgjöf, en þeir hafa ekki haft uppi neina varakröfu um það, að gjafabréfið verði metið gild dánargjöf. Af þeim sökum og með tilliti til þess, að Sigurður Jónsson hafði með erfðaskránni frá 8. júlí 1974 þegar ráðstafað til sóknaraðilja svo miklu af eignum sínum sem honum var heimilt að ráðstafa með dánargerningi, þykja ekki efni til annars en að hafna alfarið kröfugerð sóknaraðilja máls þessa.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jónas Gústavsson aðalfulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hafnað er kröfu sóknaraðilja um, að gjafagerningur Sigurðar Jónssonar frá 13. mars 1975 verði metinn gildur að fullu og að íbúð að Nóatúni 32 verði haldið utan við skipti á dánarbúi hans.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 7. október 1980.

Nr. 176/1980. **Holberg Másson**
gegn
dómsmálaráðuneytinu.

Kærumál. Afplánun refsivistar samkvæmt erlendum dómum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 23. september 1980, sem barst Hæstarétti ásamt gögnum máls hinn 25. s. m., hefur sóknaraðili skotið hinum kærða úrskurði, uppkveðnum 19. þess mánaðar, til Hæstaréttar. Kröfugerð lögmanns hans, dags. 2. október 1980, barst Hæstarétti 3. s. m. Gerir hann þessar dómkröfur:

„1. Aðallega: Að synjun dómsmálaráðuneytisins um afplánun kæranda á 2 sænskum refsidómum í sænsku fangelsi verði metin ólögmæt.

2. Til vara: Að hin dæmda refsivist kæranda í Svíþjóð „fängelse" verði við fangelsisvist hérlendis stytt að dagatölu í samræmi við 79. gr. alm. hgl., sbr. 4. gr. laga nr. 69/1963.

3. Að mér séu ákvörðuð málsvarnarlaun vegna málsins í héraði og fyrir Hæstarétti".

Engin sérstök greinargerð hefur borist Hæstarétti frá varnaraðilja og eigi heldur kröfugerð.

Lögmæti ákvörðunar um, að sóknaraðili skuli hér á landi afplána refsivist samkvæmt hinum sænsku refsidómum, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 20. gr. laga nr. 69/1963, mátti hann bera undir dómstóla samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga þessara. Samkvæmt síðastgreindu ákvæði i. f. skal mál um sakarefni þetta fara eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Þykir rétt að skýra ákvæði þetta svo, að reka skuli slíkt mál fyrir sakadómi og að það sæti kæru til æðra dóms samkvæmt

grunnrökum 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 19. september 1980 að sóknaraðilja fjarstöddum. Fékk hann vitneskju símleiðis um uppkvaðninguna að Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, þar sem hann afplánar refsivist samkvæmt dómum þeim, sem mál þetta er af risið. Fól hann lögmanni sínum að skjóta máli þessu til Hæstaréttar. Verður við það að miða, að kæru hafi verið lýst innan lögboðins frests samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann um 1. og 2. tölulið kröfugerðar sóknaraðilja.

Málskostnaður í héraði verður ekki dæmdur og eigi heldur kærumálskostnaður.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Lagaheimild skortir til þess að kæra dómsúrlausn þessa til Hæstaréttar. Tel ég því, að vísa beri kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómenda, og mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum fyrir atkvæði meiri hluta dómenda, er ég samþykkur niðurstöðu þess.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. september 1980.

Ár 1980, föstudaginn 19. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður í málinu: Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður f. h. Holbergs Mássonar gegn dómsmálaráðuneytinu, sem dómtekið var sama dag.

Sóknaraðili hefur í bréfi til dómsins 15. þ. m. gert svofelldar dómkröfur f. h. refsifangans Holbergs Mássonar:

1. Að orðið verði við kröfu hans um, að hann fái að ljúka í sænsku fangelsi fullnustu tveggja refsidóma, uppkveðnum í Svíþjóð.

2. Að refsivist hans verði færð til tilsvarandi refsingar skv. íslenskum lögum.

3. Lögmaðurinn hefur loks krafist málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Málefni þetta hafði fyrst borist sakadóminum með bréfi dómsmálaráðuneytisins 28. f. m. Fylgdi því m. a. ljósrit af bréfi Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns til ráðuneytisins, þar sem þess var óskað, að málinu yrði vísað til „hlutaðeigandi aðila", einnig ljósrit af bréfi Holbergs Mássonar sjálfs, þar sem hann óskar þess að fá að afplána refsingu sína í Svíþjóð og að málinu verði vísað til sakadóms, ef beiðnin verði ekki tekin til greina.

Lögmanninum var með bréfi dómsins 29. f. m. gefinn kostur á að gera ákveðnar dómkröfur og rökstyðja þær. Það hefur hann gert með áðurnefndu bréfi sínu, dags. 15. þ. m.

Af gögnum málsins kemur fram, að Kriminalvårdsstyrelsen í Svíþjóð hefur 18. febr. sl. óskað eftir við dómsmálaráðuneytið, að fullnusta tveggja sænskra refsidóma á hendur Holberg Mássyni, fæddum 21. sept. 1954, færi fram á Íslandi. Er hér um að ræða dóm yfirdómsins (hovrättens) í Skáni og Bleking 14. maí 1979 (9 mánaða fangelsi) og dóm yfirdómsins í Vestur-Svíþjóð 30. okt. 1979 (2 ára fangelsi). Fullnusta refsingar hefur hafist 19. júní 1980 og lýkur að fullu 20. nóv. 1981.

Einnig sýna gögn málsins, að dómsmálaráðuneytið hefur fallist á beiðnina 14. mars og Holberg svo verið fluttur hingað 14. apríl og sætt afplánun hér síðan. Enn fremur kemur fram, að hann er íslenskur ríkisborgari.

Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður hefur í áðurnefndu bréfi rökstutt dómkröfur sínar. Telur hann kjör Holbergs sem fanga hér á landi mun lakari en vera mundi í sænsku fangelsi. Þá telur hann, að Holberg eigi að taka refsingu sína hér út í varðhaldi, en ekki fangelsi, svo sem raunin sé. Refsitegundin fängelse í Svíþjóð svari til varðhalds hér á landi.

Dómsmálaráðuneytið hefur einnig lagt fram greinargerð. Þar er bent á, að í fyrri dóminum hafi Holberg verið dæmdur til þess að þola brottvísun úr Svíþjóð og hann hafi engin tengsli við það land. Ráðuneytið kveðst telja, að skv. lögum 69/1963 sé það

þess að taka ákvörðun um, hvort óskað skuli eftir fullnustu dóms annars staðar á Norðurlöndum og synjun á slíkri beiðni verði ekki borin undir dómstóla. Eigi hafi heldur verið grundvöllur til þess að bera undir dómstóla samþykki ráðuneytisins á beiðni um fullnustu áðurnefndra tveggja refsidóma hér á landi.

Ráðuneytið bendir á það í bréfi til Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, að síðan 1965 sé í Svíþjóð einungis um eina tegund refsivistar að ræða, þ. e. fängelse, en refsitegundin straffarbete hafi þá verið felld úr lögum.

Samkvæmt 22. gr. laga 69/1963 var heimilt að bera undir dóminn ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um, að Holberg Másson skyldi afplána refsingu sína hér á landi, þó einungis til úrlausnar á því, hvort sú ráðstöfun hafi verið lögmæt, en ekki því, hvort hún hafi verið heppileg eða sanngjörn. Mat á þeim atriðum er ráðuneytisins eins og verður ekki skotið til dómstóla.

Í 3. gr. laga 69/1963 segir, að fullnægja megi hér á landi sænskum dómum um straffarbete og fängelse, enda sé dómfelldi íslenskur ríkisborgari eða staddur hér á landi. Samkvæmt 4. gr. skal straffarbete í sænskum dómi þá svara til fangelsis hér á landi, en fängelse til varðhalds. Dómsmálaráðherra getur þó ákveðið, að fangelsi komi í stað síðarnefndrar refsitegundar, ef refsivist hefur verið dæmd 3 mánuði eða lengri tíma. Svo sem áður greinir, hefur refsitegundin straffarbete nú verið úr lögum numin í Svíþjóð.

Samkvæmt þessu er enginn vafi á lögmæti þeirrar ákvörðunar dómsmálaráðuneytisins, að fullnusta refsidóma Holbergs Mássonar, uppkveðinna í Svíþjóð, skuli fara fram hér á landi og að hann taki út refsivist sína hér sem fangelsisvist. Kröfum sóknaraðilja, liðum 1. og 2., er því hafnað. Sama er að segja um 3. kröfulið (um málsvarnarlaun), sem skortir allan lagagrundvöll.

Úrskurðarorð:

Kröfur sóknaraðilja verða ekki teknar til greina.

Miðvikudaginn 8. október 1980.

Nr. 180/1979. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Halldóri Sævari Kristjánssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Bifreiðar. Ákæra um brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Frásögn ákærða um það, að einhver annar en hann hafi ekið bifreið hans að kvöldi hins 30. nóvember 1977 er að vísu með nokkrum ólíkindum. En þótt líkur bendi til, að ákærði hafi sjálfur ekið bifreiðinni, er ekki loku fyrir það skotið, að einhver annar hafi verið þar að verki. Verður ákærði gegn neitun sinni ekki sakfelldur fyrir að hafa ekið bifreiðinni umrætt kvöld undir áhrifum áfengis. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Það athugast, að ekki verður séð, að önnur gögn málsins en ákæra hafi verið borin undir ákærða, er hann kom fyrir sakadóm hinn 13. september 1978, sbr. 78. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Sævar Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Sératkvæði

Benedikt Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Atvik málsins eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Þegar ákærði var yfirheyrður af lögregluvarðstjóra 1. desember 1977, kl. 0015, neitaði hann að hafa ekið bifreið, en vildi ekki svara ýmsum spurningum varðstjórans. Er lögreglumaður yfirheyrði ákærða kl. 1600 sama dag, neitaði hann að tjá sig um málið, og sömu svör komu af hans hendi við skýrslutöku kl. 2035 þennan dag. Fyrir sakadómi Reykjavíkur 13. september 1978 skýrði ákærði frá því, að „gamall drykkjubróðir sinn... sjómaður að atvinnu" hefði ekið bifreiðinni R 48542 kvöldið 30. nóvember 1977. Frekari deili vissi hann ekki á manni þessum. Frásögn þessi er með ólíkindum. Þegar þessa er gætt og þess, að ákærði neitaði að svara spurningum lögreglumanna 1. desember 1977 og gat þá ekki um ökumann þennan, þykja atvik máls þessa, sem í héraðsdómi eru rakin, veita næga sönnun fyrir því, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Brot ákærða er réttilega heimfært til lagaákvæða.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda ber að staðfesta.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Ég er sammála athugasemdum meiri hluta dómenda um rannsókn máls þessa.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. nóvember 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 30. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 502/1978: Ákæruvaldið gegn Halldóri Sævari Kristjánssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 7. mars 1978, gegn ákærða, „Halldóri Sævari Kristjánssyni, Laugarnes-

vegi 61, Reykjavík, fæddum 26. september 1941 í Keflavík, fyrir að aka að kvöldi miðvikudagsins 30. nóvember 1977 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 48542 um götur Reykjavíkur, en akstri lauk á Bústaðavegi við Grímsbæ, þar sem lögreglan hafði afskipti af ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 30. nóvember 1977, kl. 2350, var leitað aðstoðar lögreglu vegna bifreiðarinnar R 48532, þar sem hún stóð í stæði SVR á Bústaðavegi við Grímsbæ. Á staðinn fóru 3 lögreglumenn, og sat ákærði í máli þessu, Halldór Sævar Kristjánsson, undir stýri bifreiðarinnar.

Ákærði var eigandi bifreiðarinnar.

Ákærði var talsvert ölvaður.

Bifreiðin var ekki í gangi, en vél hennar reyndist vera heit. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni.

Ákærði var síðan fluttur á aðallögreglustöð, þar sem hann var færður fyrir varðstjóra. Aðspurður kvaðst ákærði þá ekki hafa ekið bifreiðinni, og neitaði ákærði að svara frekari spurningum. Var hann því næst fluttur í slysadeild Borgarspítalans til blóðsýnistöku og að því loknu í fangageymslu. Fimmtudaginn 1. des., kl. 1600, var ákærði tekinn til yfirheyrslu af Herði Jóhannessyni aðstoðarvarðstjóra.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki vilja tjá sig um kæruefnið, og lauk yfirheyrslu við svo búið.

Kl. 2035 sama dag er ákærði enn tekinn til yfirheyrslu. Ákærði ítrekaði aðeins fyrri orð sín um, að hann vildi ekkert um mál þetta ræða. Var ákærði síðan látinn laus.

Hinn 13. sept. 1978 kom ákærði fyrir dóm.

Ákærði neitaði sakargiftum og kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni R 48542 umrætt kvöld. Ákærði kvaðst hafa verið sofandi undir stýri bifreiðarinnar, þar sem hún var kyrrstæð í stæði SVR við Grímsbæ við Bústaðaveg, er lögregluna bar að.

Ákærði kvaðst hafa verið við drykkju í bifreiðinni og setið við

hlið bifreiðarstjórans. Ákærði kvaðst ekki vita nafn hans, en hann hefði ekið bifreiðinni þetta kvöld fyrir sig frá heimili sínu að Laugarnesvegi 61 og upp í Breiðholt og Árbæ og víðar um borgina.

Ákærði kvað bifreiðarstjórann hafa verið orðinn þreyttan á ákærða og því hafi hann yfirgefið bifreiðina við Grímsbæ og hent lyklunum í ákærða.

Kvaðst ákærði hafa fært sig yfir í bifreiðarstjórasætið til að komast betur að útvarpi bifreiðarinnar, þar sem hægara væri um vik að ná til þess þaðan.

Ákærði kvaðst ekki kunna önnur deili á umræddum bifreiðarstjóra önnur en þau, að hann væri „gamall drykkjubróðir" og sjómaður að atvinnu.

Kvaðst hann ekki vita, hvar maður þessi byggi né hvað hann starfaði nú.

Ákærði neitaði að hafa vðurkennt fyrir lögreglumönnum þeim, er höfðu tal af honum á vettvangi, að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn.

Verður nú greint frá framburði vitna fyrir dómi.

Vitnið Ómar Gaukur Jónsson lögregluþjónn kvaðst minnast þessa atviks. Það kvaðst hafa verið í lögreglubifreið ásamt Steindóri Gunnarssyni og þriðja lögregluþjóni umrætt sinn.

Vitnið kvað þá hafa ekið um Bústaðaveg og orðið vara við bifreið ákærða við biðstöð SVR á syðri akrein Bústaðavegar við Grímsbæ.

Vitnið minnti, að strætisvagnabifreiðarstjóri hefði tilkynnt um bifreið ákærða og þeir farið á vettvang. Vitnið kvað ákærða hafa verið sofandi undir stýri bifreiðarinnar og hafi hann verið talsvert drukkinn. Bifreiðin hafi ekki verið í gangi, en vél hennar verið heit viðkomu. Vitnið minntist þess ekki, að það né hinir lögregluþjónarnir hafi haft tal af ákærða á vettvangi, en ástand ákærða hafi verið slíkt, að styðja hefði þurft hann, til þess að hann kæmist inn í lögreglubifreiðina.

Vitnið kvaðst hafa ekið bifreið ákærða af vettvangi og því eigi vitað, hvað fór milli ákærða og hinna lögregluþjónanna á leiðinni að lögreglustöðinni.

Vitnið Steindór Gunnarsson, lögregluþjónn kvaðst hafa verið staddur í lögreglubifreið, er tilkynning hafi borist frá strætisvagnastjóra í gegnum fjarskipti lögreglunnar um bifreið ákærða, er stæði á umræddum stað.

Vitnið kvað ákærða hafa verið sofandi undir stýri bifreiðarinnar og að bifreiðin hafi ekki verið í gangi, en vél hennar heit. Lykla bifreiðarinnar kvað vitnið hafa verið í vasa ákærða.

Vitnið kvað umræddan strætisvagnastjóra hafa verið á staðnum, er þeir lögreglumennirnir komu að, en það viti ekki, hver þessi bifreiðarstjóri sé.

Vitnið minntist þess ekki að hafa spurt ákærða á vettvangi, hvort hann hefði ekið bifreiðinni, en vitnið taldi hugsanlegt, að ákærði hefði sagt eitthvað í þá áttina á vettvangi. Vitnið minntist þess ekki, hvort strætisvagnastjórinn hafi haft orð á því, hvort hann hefði séð ákærða aka bifreiðinni eða ekki.

Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir dóminum sem rétta og kannaðist við undirskrift sína.

Vitnið Óli Kristinn Björnsson lögregluþjónn kvaðst minnast þessa atburðar. Það kvað aðdraganda málsins vera á þann hátt sem áður er greint, en kvaðst þá ekki minnast þess, hvort það hafi verið strætisvagnastjóri eða einhver annar, er tilkynnti um bifreið ákærða. Vitnið kvaðst hafa gengið úr skugga um, að vél bifreiðar ákærða væri heit.

Vitnið kvaðst minnast þess, að ákærði hafi verið spurður á vettvangi af einhverjum þeirra lögreglumannanna, hvort hann hefði verið að aka bifreiðinni, en vitnið kvaðst ekki minnast þess, hverju ákærði svaraði.

Vitnið kvaðst halda, að einn lögregluþjónanna hafi fundið lyklana í bifreiðinni.

Við rannsókn málsins tókst ekki að hafa upp á þeim, er tilkynnti lögreglunni um bifreið ákærða umrætt sinn.

Samkvæmt niðurstöðu blóðflokkarannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2.69‰.

Niðurstöður.

Svo sem fram hefur komið í framburði ákærða og þriggja lögregluþjóna fyrir dómi, sat ákærði ölvaður undir stýri bifreiðar sinnar, er lögreglumennina bar að. Vél bifreiðarinnar var heit viðkomu samkvæmt framburði ofangreindra lögreglumanna. Ákærði var einn í bifreiðinni. Í skýrslu lögreglunnar segir, að ákærði hafi aðspurður á vettvangi svarað því til, að hann hefði ekið bifreiðinni. Þegar ákærði var færður fyrir varðstjóa skömmu síðar, neitaði hann að hafa ekið bifreiðinni og neitaði jafnframt að tjá sig frekar um málið.

Er ákærði kom fyrir dóm þann 13. september sl., neitaði hann enn sakargiftum, en hélt því nú fram, að annar maður hefði ekið

bifreiðinni. Ákærði gat enga grein gert fyrir manni þessum, þrátt fyrir það að hann nefndi hann „gamlan drykkjubróður".

Skýring ákærða á því, hvers vegna hann sat undir stýri bifreiðarinnar, er mjög ósennileg svo og frásögn hans af ofangreindum manni, er ákærði kveður, að hafi ekið bifreiðinni greint sinn.

Þegar litið er til þessa svo og niðurstöður alkóhólrannsóknar, þykir mega telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, er honum er gefin að sök í ákæru og þar þykir réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakarvottorði ákærða hefur hann frá árinu 1960 7 sinnum verið dæmdur eða gengist undir dómssátt vegna brota á umferðarlögum, þar af þrívegis vegna ölvunar við akstur.

Með dómi, uppkveðnum þann 11. nóvember 1975, var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá 11. júní 1974, en veitt ökuréttindi á ný þann 22. júlí 1977.

Framangreindur dómur hefur íterkunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um skv. 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt, kr. 150.000, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Sævar Kristjánsson, greiði kr. 150.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Miðvikudaginn 8. október 1980.

Nr. 45/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Bergmann Ingimagnssyni
(Agnar Gústafsson hrl.).

Bifreið. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða, en einnig til þyngingar af hálfu ákæruvalds. Við munnlegan flutning málsins var krafist þyngingar á refsingu ákærða, en staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 100.000 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að vitni voru ekki látin staðfesta framburði sína. Þá var óhæfilegur dráttur á rannsókn málsins og birtingu héraðsdóms, sem kveðinn var upp 12. september 1978, en eigi birtur fyrr en 13. júní 1979.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Bergmann Ingimagnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 12. september 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. ágúst sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru ríkissaksóknara, dags. 14. desember 1977, „á hendur Jóni Bergmann Ingimagnssyni bifreiðarstjóra, Löngubrekku 21 í Kópavogi, fæddum 4. október 1939, fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 27. ágúst 1977 ekið bifreiðinni Y 108 austur Skúlagötu í Reykjavík með allt að 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga."

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar í Reykjavík voru lögreglumennirnir Jóhann Magnússon (nr. 221), Þór Gunnlaugsson (nr. 50) og Júlíus Jens Ármann (nr. 166) staddir á Ingólfsgarði við gatnamót Skúlagötu í eftirliti á lögreglubifreiðinni R 20025 laugardaginn 27. ágúst f. á., kl. 0033, er þeir veittu athygli leigubifreiðinni Y 108, sem er Rambler Matador, þar sem henni var ekið á mikilli ferð af Kalkofnsvegi og austur Skúlagötu. Þeir veittu bifreiðinni þegar eftirför og mældu hraða hennar með jöfnu bili milli ökutækjanna frá gatnamótum Klapparstígs og að gatnamótum Barónsstígs. Sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar mestan hraða 110 km miðað við klukkustund. Þeir stöðvuðu akstur bifreiðarinnar í Borgartúni skammt austan við Skúlatorg og höfðu tal af ökumanni hennar, sem reyndist vera ákærði í máli þessu.

Lögreglumennirnir kváðu ákærða ekki hafa mótmælt broti sínu og höfðu eftir honum, að hann hefði ekki gert sér grein fyrir hraða bifreiðar sinnar. Þá hafi hann sagt, að hann væri í leiguakstri og tveir farþegar væru í aftursæti bifreiðarinnar. Að loknu viðtali var ákærða leyft að fara leiðar sinnar.

Vitnið Þór Gunnlaugsson lögreglumaður skýrði svo frá fyrir dómi, að umrætt sinn hafi það verið bifreiðarstjóri lögreglubifreiðarinnar. Er lögreglubifreiðin var stödd á Ingólfsgarði á

leið að Skúlagötu frá hafnargarðinum, veitti vitnið athygli brúnni ameríkskri fólksbifreið, þar sem henni var ekið mjög hratt af Kalkofnsvegi og austur Skúlagötu, en þarna væri nokkuð kröpp beygja. Vitnið hóf strax eftirför, en kveikti ekki á ljósmerkjum, fyrr en lögreglubifreiðin var komin að hámarkshraða, sem var fljótlega eftir að á Skúlagötu var komið. Síðan var haft jafnt bil á milli lögreglubifreiðarinnar og bifreiðar ákærða, og fylgdist vitnið með hraðamælinum. Sýndi hann mestan hraða 110 km miðað við klukkustund. Ekki mundi vitnið, hve langt eftir Skúlagötu það þurfti að aka, áður en því tókst að halda jöfnu bili á milli bifreiðanna. Ekki tókst að stöðva bifreið ákærða fyrr en í Borgartúni austan við Skúlatorg. Ekki minntist vitnið, að aðrar bifreiðar hefðu verið á ferð umrætt sinn. Þá minntist það ekki þess, að ákærði hefði mótmælt hraðmælingunni, enda hefði verið getið um það í frumskýrslu, ef svo hefur verið. Þá minntist það ekki að hafa sagt við ákærða, að hann hefði ekið á 120 km hraða, en það á 115 km hraða miðað við klukkustund. Vitnið mundi ekki til þess, að ákærði hefði gefið upp ákveðinn hraða, enda hefði þess þá verið getið í lögregluskýrslu.

Vitnið Júlíus Jens Ármann lögreglumaður skýrði svo frá fyrir dómi, að umrætt sinn hafi það setið hægra megin í lögreglubifreiðinni. Það sá til ferða bifreiðar ákærða, þar sem henni var ekið af Kalkofnsvegi og austur Skúlagötu og hafi ferð bifreiðarinnar verið mikil í beygjunni. Ekki mundi vitnið, hvenær náðist að hafa jafnt bil á milli ökutækjanna, og mundi ekki eftir, hvað hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýndi mestan hraða, en minnti þó, að hann hefði verið fyrir ofan 100 km hraða miðað við klst. Ekki mundi vitnið eftir orðviðræðum við ákærða á vettvangi, en mundi þó ekki betur en ákærði hefði ekki mótmælt uppgefnum hraða, eða 110 km miðað við klst.

Vitnið Jóhann Magnússon lögregluþjónn skýrði svo frá fyrir rétti, að umrætt sinn hafi það setið fyrir aftan framsætið í lögreglubifreiðinni og fylgst þaðan með hraðamæli bifreiðarinnar. Þegar vitnið sá bifreið ákærða, var hún stödd á Skúlagötu, en lögreglubifreiðin ók þá sem leið liggur frá varðskipabryggjunni. Eftirförin hófst við Útvarpshúsið og lauk ekki fyrr en austan við Skúlatorg. Jafnt bil var haft á milli ökutækjanna nokkuð langan spöl, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar meira en 110 km hraða miðað við klst. Engin umferð var.

Vitnið mundi eftir því, að ákærði hafi ekki mótmælt hraðanum á vettvangi, en lýst því yfir, að honum hafi fundist hann

ótrúlegur, en hann hafi ekki litið á hraðamælinn, meðan á eftirförinni stóð.

Ekki minntist vitnið þess, að lögreglumennirnir hefðu sagt við ákærða, að hann hefði ekið á 120 km hraða, en þeir á 115 km hraða.

Ákærði skýrði svo frá fyrir rétti, að hann hafi ekið eftir Skúlagötu skömmu eftir miðnætti aðfaranótt laugardagsins 27. ágúst f. á., eða um kl. 0030. Skömmu áður fór hann frá Borgarbílastöðinni og var á leið til Klúbbsins með tvo farþega, sem voru stúlkur. Ákærði vissi ekki nöfn þeirra, en þekkti þær í sjón. Ekki tókst honum að hafa upp á þeim þrátt fyrir tilraun til þess. Þá kvaðst hann hafa spurt lögreglumennina, er þeir stöðvuðu hann, hvort þeir vildu fá nöfn farþeganna, en þeir hafi ekki talið þörf á því.

Ákærði kvaðst hafa fylgst með hraðamæli bifreiðar sinnar, er hann ók eftir Skúlagötu að Skúlatorgi, og var þess fullviss, að hraðinn hafi ekki verið meiri en 70 km miðað við klst. og hann hafi ekið á 60 til 70 km hraða.

Hann kvaðst fyrst hafa orðið var við lögreglubifreiðina á eftir sér, er hann ók inn í Skúlatorg og sá þá blikkandi aðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar í baksýnisspegli bifreiðar sinnar. Hljóðmerki heyrði hann ekki. Ákærði stöðvaði bifreið sína í innri hring torgsins við Borgartún til þess að hleypa lögreglubifreiðinni fram hjá austur Borgartún, þar sem honum hafi ekki dottið í hug, að þeir þyrftu að hafa tal af honum, en honum hafi hins vegar verið bent á að leggja bifreiðinni skammt austan við torgið. Lögreglumennirnir höfðu tal af ákærða og sögðu, að hann hefði ekið nokkuð greitt. Síðan sögðu þeir, að hann hefði ekið á 120 km hraða, en þeir á 115 km hraða. Ákærði kvaðst hafa mótmælt þessu strax og sagt, að hann hefði ekið í mesta lagi á 70 km hraða.

Ákærði tók fram, að hann hefði enga bifreið séð í baksýnisspegli bifreiðar sinnar, er hann var staddur við Skúlaskála, en þaðan og að torginu voru líklega um 250 m, en vegalengdin frá Ingólfsstræti og að Barónsstíg væri líklega um 500 m.

Ákærða var gefinn kostur á að ljúka framangreindu máli með dómssátt um greiðslu sektar, sakarkostnaðar og sæta sviptingu ökuréttinda í hæfilegan tíma, en hann hafnaði því og óskaði eftir að halda uppi vörnum í málinu, er voru fluttar skriflegar.

Skipaður verjandi ákærða gerir þær dómkröfur, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og hæfileg máls-

varnarlaun að mati dómsins verði dæmd honum. Verjandinn telur, að ekki sé upplýst og sannað, að ákærði hafi ekið með ólöglegum hraða umrætt sinn og þótt lögreglubifreiðin hafi í eftirförinni ekið með yfir 100 km hraða, sanni það ekki, að ákærði hafi ekið með þeim hraða.

Síðan segir svo í vörninni:

„Fjarlægðin frá þeim stað, þar sem eftirförin hefst á mótum Ingólfsgarðs og Skúlagötu og inn að Skúlatorgi, er ekki slík, að hún geti skorið úr því á óyggjandi hátt, hver hraðinn var á bifreið umbj. m., því að til þess að ná bifreið umbj. m. þurfa lögreglumennirnir að aka inn á gatnamótin, beygja inn á Skúlagötuna og síðan að auka hraðann til þess að ná umbj. m. við Skúlatorg. Hraði lögreglubifreiðarinnar hefur þá að sjálfsögðu verið miklu meiri en hraði umbj. m.

Ég vil benda á það, að ég tel vætti Þórs Gunnlaugssonar ekki áreiðanlegt, sbr. dómabindi Hæstaréttar nr. XLVII, bls. 96—120.

Benda má á það, að umbj. m. getur á engan hátt talizt hættulegur umferðinni. Hann er reyndur bifreiðarstjóri, sem að því er ég bezt veit hefur aldrei valdið tjóni á bifreiðum eða mönnum. Tel ég því ökuleyfissviptingu alls ekki koma til greina, ef svo yrði litið á, þrátt fyrir það, sem ég hef að ofan greint, að hann hafi ekið með ólöglegum hraða."

Niðurstaða.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglumanna var hraði bifreiðar ákærða mældur með jöfnu bili milli bifreiðar hans og lögreglubifreiðarinnar frá gatnamótum Klapparstígs og að gatnamótum Barónsstígs, og reyndist hraðinn mestur 110 km miðað við klst. Haft var eftir ákærða á vettvangi, að hann hefði ekki mótmælt broti sínu, en fyrir dómi kvaðst hann ekki hafa ekið hraðar en 70 km miðað við klst. Þrír lögreglumenn staðfestu fyrir dómi, að jafnt bil hafi verið haft milli ökutækjanna og hraðinn hafi verið meiri en 100 km miðað við klst.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, telur dómurinn, að ekki sé unnt með fullkominni nákvæmni að ákvarða hraða bifreiðar ákærða, þegar höfð er í huga mælingaraðferð og aðstæður allar við hraðamælinguna í umrætt skipti. Hins vegar þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, Y 108, langt yfir lögleyfðan hámarkshraða umrætt sinn, eða á um eða yfir 100 km miðað við klukkustund.

Þykir ákærði með framferði sínu hafa gerst brotlegur við þau lagaákvæði, sem í ákæruskjali greinir.

Á það skal bent, að með lögum nr. 16/1977 hefur 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 verið breytt, og er hámarkshraði nú í þéttbýli 50 km miðað við klst. Þykir þetta ekki hagga framangreindri niðurstöðu.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1958 09/04 í Reykjavík: Sátt,150 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1958 17/04 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1958 16/05 í Reykjavík: Áminning fyrir ökuhraða.
1958 11/07 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. laga nr. 26/1958.
1958 15/09 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1958 27/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
1959 08/01 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1959 28/01 í Reykjavík: Áminning fyrir ósæmilegt hátterni.
1959 22/06 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1959 01/08 í Reykjavík: Sátt, 125 kr. sekt fyrir ölvun.
1959 26/08 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1959 des. í Reykjavík: Uppvís að þjófnaði. Ákæru frestað í 3 ár frá 1. febr. 1960.
1960 29/02 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 31. gr. og 46. gr. lögreglusamþykktar.
1960 16/05 í Reykjavík: Sátt, 350 kr. sekt fyrir ölvun.
1960 19/05 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
1961 01/02 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1961 23/03 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fryir ölvun.
1961 23/03 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1962 24/04 í Reykjavík: Sátt, 10.200 kr. sekt fyrir brot á 19. gr., sbr. 42. gr. áfengislaga.
1963 15/01 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1964 13/03 í Reykjavík: Dómur: Sýknaður af ákæru um meint brot á 18., sbr. 39., og 16., sbr. 41. gr. áfengislaga.
1965 21/12 í Reykjavík: Dómur: Varðhald í 60 daga, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga.
1967 19/05 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga og reglugerð um stöðumæla.
1969 27/11 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1969 05/12 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.

1970 25/02 í Kópavogi: Sátt, 1.975 kr. sekt fyrir brot gegn 4. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 42. gr. áfengislaga nr. 82/1968.

1974 18/01 í Kópavogi: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 45. gr., 1. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga.

Þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 mánuð frá birtingu dóms þessa að telja. Er einkum haft í huga, að margar þvergötur liggja að Skúlagötu frá Kalkofnsvegi og að Skúlatorgi, og eru blind horn á sumum gatnamótunum. Vænta mátti ökutækja frá þvergötum þessum og jafnvel gangandi vegfarenda.

Þess skal gætt, að þrátt fyrir ákvæði 178. greinar laga nr. 74/1974 frestar áfrýjun ekki ökuleyfissviptingu, þar sem það er tekið fram í 5. mgr. 81. greinar laga nr. 40/1968, en sérlög ganga fyrir almennum lögum.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 40.000.

Sigurberg Guðjónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Bergmann Ingimagnsson, greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa að telja sviptur ökuleyfi í 1 mánuð.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. október 1980.

Nr. 136/1978. **Jónas Haraldsson og**
Guðný Jónsdóttir
(Jónas Haraldsson hdl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Stefán Pétursson hrl.)
og Seðlabanka Íslands til réttargæslu
(Guðmundur Pétursson hrl.)
og gagnsök.

Áfrýjunarleyfi. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1978 samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytis 3. s. m. Krefjast þau þess aðallega, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim 17.770 krónur með 13% ársvöxtum frá 27. ágúst 1974 til greiðsludags, en til vara, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim 13% ársvexti af 17.770 krónum frá 27. ágúst 1974 til 2. september s. á. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Landsbanki Íslands, hefur áfrýjað málinu með stefnu 13. febrúar 1979 samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytis 8. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Réttargæslustefndi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur höfðuðu mál um sama sakarefni gegn gagnáfrýjanda með stefnu, birtri 26. nóvember 1974. Það var dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 3. júlí 1975. Aðaláfrýjendur sóttu um leyfi til að áfrýja málinu, þótt sakarefni

næði ekki áfrýjunarfjárhæð. Með bréfi 23. september 1975 mælti Hæstiréttur með því, að leyfi yrði veitt, og veitti dómsmálaráðuneytið aðaláfrýjendum áfrýjunarleyfi 26. s. m. Þau áfrýjuðu málinu síðan með stefnu 22. október s. á. Með dómi Hæstaréttar 14. október 1977 var hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Aðaláfrýjendur höfðuðu nýtt mál gegn gagnáfrýjanda með stefnu, útgefinni 7. desember 1977. Var nú Seðlabanka Íslands stefnt til réttargæslu. Héraðsdómur var kveðinn upp 6. júní 1978. Var úrlausn þess dóms önnur en í hinu fyrra máli. Samkvæmt umsókn aðaláfrýjenda veitti dómsmálaráðuneytið þeim 3. júlí 1978 heimild til að áfrýja málinu, þótt sakarefni þess næði ekki áfrýjunarfjárhæð. Í áfrýjunarleyfinu segir svo: „Hæstiréttur mælti með áfrýjunarheimild í bréfi dags. 23. september 1975". Áfrýjunarleyfi þetta er ógilt, þar sem ekki voru fengin meðmæli Hæstaréttar fyrir útgáfu þess, sbr. 16. gr. laga nr. 75/1973, en meðmæli Hæstaréttar varðandi annað mál skipta hér ekki máli.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði ekki hinu fyrra máli. Samkvæmt umsókn hans veitti dómsmálaráðuneytið honum heimild 8. febrúar 1979 til að áfrýja máli þessu, þótt sakarefni næði ekki áfrýjunarfjárhæð og frestir samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 væru liðnir. Í áfrýjunarleyfinu segir svo: „Hæstiréttur mælti með áfrýjunarheimild í bréfi dags. 23. september 1975 . . .". Áfrýjunarleyfi þetta er ógilt, þar sem ekki voru fengin meðmæli Hæstaréttar fyrir útgáfu þess, sbr. 16. gr. laga nr. 75/1973, en meðmæli Hæstaréttar varðandi annað mál skipta hér engu.

Þar sem áfrýjunarheimild skortir, ber að vísa bæði aðalsök og gagnsök sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Engin efni eru til að dæma réttargæslustefnda málskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um frávísun gagnsakar frá Hæstarétti með skírskotun til rökstuðnings þeirra fyrir þeirri niðustöðu.

Hins vegar er ég ósammála meiri hluta dómenda um frávísun aðalsakar. Hér er um sama sakarefni að ræða og í hinu fyrra máli, sem Hæstiréttur mælti með í bréfi 23. september 1975, að leyft yrði að áfrýja, og úrlausn héraðsdóms í báðum málum í raun hin sama.

Réttara hefði verið, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið leitaði álits Hæstaréttar að nýju, áður en það veitti áfrýjunarleyfið, en þau mistök mega ekki valda málsaðiljum þeim réttarspjöllum, sem frávísun málsins frá Hæstarétti mundi valda. Tel ég því, að taka beri aðalsökina til efnisúrlausnar.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að vísa beri málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti, er ekki efni til, að ég leggi efnisdóm á málið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júní 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 30. maí sl., hafa hjónin Jónas Haraldsson lögfræðingur og Guðný Jónasdóttir, bæði til heimilis að Birkimel 10 A, Reykjavík, höfðað með stefnu, framlagðri í dómi 13. desember 1977, á hendur Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru:

Aðalkrafa.

Að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnendum kr. 17.770 með 13% ársvöxtum frá 27. ágúst 1974 til greiðsludags.

Varakrafa.

Að stefnda verði gert að greiða stefnendum 13% ársvexti af kr. 17.770 frá 27. ágúst 1974 til 2. september 1974.

Þá er málskostnaðar krafist að skaðlausu.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og gerðar þær dómkröfur, að hann verði alfarið sýknaður af stefnukröfum, bæði aðalkröfu, og varakröfu, og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Af hálfu réttargæslustefnda hefur verið sótt þing, en engar dómkröfur gerðar, enda ekki gerðar kröfur á hendur honum.

Sáttatilraunir dómara hafa reynst árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að þann 26. ágúst 1974 keyptu stefnendur, hjónin Jónas Haraldsson og Guðný Jónasdóttir, 305 £ af stefnda, Landsbanka Íslands. Af þessari upphæð voru £ 200 keypt á nafn Jónasar, en 105 £ á nafn Guðnýjar.

Ástæðan fyrir þessum gjaldeyriskaupum var sú, að stefnendur hugðust dveljast í London í vikutíma, og var brottför ákveðin þann 27. ágúst 1974. Seðlabanki Íslands hafði þann 21. ágúst 1974 gefið út svohljóðandi tilkynningu:

„Seðlabankinn hefur, að höfðu samráði við gjaldeyrisviðskiptabankana, ákveðið, að gengisskráning verði felld niður frá kl. 4 e. h. 21. ágúst 1974.

Ráðstöfun þessi er talin nauðsynleg vegna þess óvissuástands, sem skapast hefur undanfarna daga og leitt hefur til þess, að skipuleg gjaldeyrisviðskipti geta ekki lengur farið fram.

Á meðan þetta ástand varir, munu gjaldeyrisviðskiptabankarnir, þegar brýn nauðsyn krefur, selja gjaldeyri með því skilyrði, að viðskipti, sem þannig fara fram, verði endanlega gerð upp á fyrsta opinbera gengi, sem skráð verður eftir að regluleg gjaldeyrisviðskipti hafa verið tekin upp á ný. Munu gjaldeyrisviðskiptabankarnir taka vegna slíkra viðskipta 25% tryggingarfé umfram síðasta gengi, sem skráð var."

Meðan svona stóð, afgreiddu gjaldeyrisviðskiptabankarnir ekki gjaldeyri til ferðamanna fyrr en daginn fyrir brottför. Stefnendum var við móttöku gjaldeyrisins gert að greiða, Jónasi kr. 46.610 og Guðnýju kr. 24.469. Voru fjárhæðir þessar miðaðar við gengi, er skráð var þann 21. ágúst 1974. Samkvæmt gengisskrá þeirri, er þá gilti, var sölugengi sterlingspundsins kr. 229.60. Auk nefndra fjárhæða voru stefnendur krafin um 25% tryggingargjald umfram gengi skráð 21. ágúst 1974, sbr. tilkynningu Seðlabankans, sem áður er nefnd. Jónasi var þannig gert að greiða kr. 11.653, en Guðnýju kr. 6.117, eða samtals kr. 17.770. Var þeim gert að skrifa undir yfirlýsingu, þar sem því er lýst yfir, að þau skuldbindi sig til að greiða Landsbanka Íslands í íslenskum krónum andvirði erlends gjaldeyris: Jónas 200 £ og Guðný 105 £, sem þeim sé þar með afhentur á því gengi, sem skráð verði, þegar gjaldeyrissala hefðist að nýju. Stefnendur greiddu þessar upphæðir með fyrirvara. Með bréfi, dagsettu þann sama dag, þ. e. 26. ágúst 1974, mótmæltu þau

töku 25% tryggingarfjárins, áskildu sér rétt á endurgreiðslu og fóru fram á það við Landsbankann, að hann benti á þann lagalega rétt, sem þessi gjaldtaka styddist við. Framangreind gjaldtaka er tilefni máls þessa.

Með bréfi Landsbankans, dags. 5. september 1974, er bréfi stefnenda svarað og ákvörðun Seðlabankans um að skrá ekki gengi erlendrar myntar talin byggjast á heimildum í I. og V. kafla laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands. Jafnframt til þess vitnað, að það hafi orðið að samkomulagi með Seðlabankanum og gjaldeyrisviðskiptabönkunum að gefa fólki kost á að kaupa gjaldeyri gegn því, að það „deponeraði" um leið hugsanlegri hækkun á gjaldeyrinum, er gengisskráning hæfist á ný.

24. nóvember 1974 höfðuðu stefnendur mál út af sama málefni. Málið var dæmt Landsbankanum í vil í bæjarþinginu, og áfrýjuðu stefnendur þá til Hæstaréttar, sem vísaði málinu frá héraðsdómi vegna þess, að það hafði ekki verið lagt fyrir sáttanefnd. Málið er hér lagt fyrir að nýju með nokkuð breyttri kröfugerð og breyttum áherslum á málsástæðum.

Stefnendur segja, að þar sem umræddur gjaldeyrir hafi ekki verið afhentur fyrr en daginn fyrir brottför og þar sem farseðlar höfðu þá þegar verið keyptir, hafi ekki verið annað mögulegt en að undirrita skuldbindingarskjal bankans, sem áður er greint.

Stefnendur færa nú þau meginrök fyrir kröfugerð sinni, að stefnda hafi verið óheimilt að selja gjaldeyri til stefnenda á væntanlegu gengi, eins og hann gerði, þegar af þeirri ástæðu, að slíkt brjóti í bága við fortakslaus ákvæði laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, sbr. 1. gr. laganna. Þá vitna stefnendur til laga nr. 75/1974 um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Segja þeir, að með framangreindum lögum hafi verið bannað að hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 22. maí 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, sem svo þurfti staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. einkum 1. gr. nefndra laga. Einnig vegna þessa lagaákvæðis hafi umrædd sala á gjaldeyri á væntanlegu gengi verið óheimil, þar sem samþykki þessara aðilja var ekki aflað, hvorki viðskiptaráðherra né ríkisstjórnar.

Þá segja stefnendur, að skv. 18. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 103/1973, 1. gr., ákveði Seðlabanki Íslands að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar gengi ísl. krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri.

Í tilkynningu Seðlabankans, dags. 30. ágúst 1974, sbr. dómskj. nr. 17, komi fram, að þegar gengisskráning var tekin upp að nýju mánudaginn 2. september 1974, hafi verið miðað við, að frá og með þeim degi yrði markaðsgengi ísl. krónunnar gagnvart bandarískum dollar ákveðið sem næst 17% lægra en það gengi, er í gildi var, áður en gengisskráningu var hætt, og gengi annarra mynta í samræmi við það.

Í áðurnefndri tilkynningu Seðlabankans segir m. a.:

„Bankastjórn Seðlabankans hefur nú að höfðu samráði við bankaráð lagt til við ríkisstjórnina, að gengisskráning verði tekin upp að nýju n.k. mánudag og verði þá markaðsgengi íslenzku krónunnar gagnvart bandarískum dollar ákveðið sem næst 17% lægra en það gengi, er í gildi var, áður en gengisskráningu var hætt. Verður þá kaupgengi dollars kr. 118.30 og sölugengi 118.70, en gengi annarra mynta í samræmi við það. Hefur ríkisstjórnin samþykkt þessa tillögu Seðlabankans."

Þarna komi fram, að hin nýja gengisskráning hafi átt að taka gildi mánudaginn 2. september 1974, en hafi alls ekki átt að ná til gjaldeyrisviðskipta, sem urðu á tímabilinu 22. ágúst til 1. september 1974. Ákvörðun um nýtt gengi sé stjórnvaldsákvörðun og geti ekki að stjórnarfarsrétti tekið gildi fyrr, enda væru slíkar íþyngjandi stjórnvaldsákvarðanir ólögmætar, ef þær væru gerðar afturvirkar. Sé það líka viðurkennd grundvallarregla íslensks réttar, að löggjafar þurfi við, ef skerða eigi eignir eða frjálsræði einstaklinga. Að öðrum kosti sé um efnisannmarka af hálfu stjórnvalds að ræða.

Þá telja stefnendur, að Seðlabankann hafi brostið vald til þess að ákveða að fella niður gengisskráningu hinn 21. ágúst 1974 án nokkurs samráðs við eða með samþykki ríkisstjórnarinnar eða bankamálaráðherra. Stefnendur hafa lagt fram ljósrit fréttar í dagblaðinu Vísi laugardaginn 24. ágúst 1974. Þar kemur fram, að þáverandi viðskiptaráðherra, Lúðvík Jósepsson, telur, að ekki hafi verið haft samráð við ríkisstjórnina um niðurfellingu gengisskráningar og þar af leiðandi hafi enginn ríkisráðsfundur verið boðaður um málið. Í fréttagreininni er haft eftir Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra, að gengisskráning hafi oft verið felld niður án samráðs við ríkisstjórn, hann muni reyndar ekki eftir því, að slíkt samráð hafi verið haft um niðurfellingu skráningar. Slík mál þurfi ekki að fara fyrir ríkisstjórn, en auðvitað hafi viðskiptaráðuneytið vitað um þessa ákvörðun fyrirfram.

Stefnendur vitna til 3. tl. 3. gr. laga nr. 10/1961 um, hvert sé hlut-

verk Seðlabanka Íslands. Þeir vitna til 18. gr. sömu laga, 1. mgr., eins og henni var breytt með lögum nr. 20/1962 og lögum nr. 103/1973 um, að samþykki ríkisstjórnar þurfi til ákvörðunar um stofngengi ísl. krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri, þá vitna þeir til 4. gr. laganna um, að Seðlabankinn skuli í öllu starfi sínu hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum.

Þá minna þeir á 2. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, en greinin veitir ríkisstjórninni heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu. Síðan segir í greinargerð stefnenda: „Með vísan til tilvitnaðra lagagreina, sem hér hafa verið raktar, er ljóst, að ríkisstjórnin sem slík skal fjalla um og samþykkja á fundum sínum m. a. allar þær breytingar eða takmarkanir í gjaldeyrismálum, sem Seðlabankinn og gjaldeyrisviðskiptabankarnir óska að framkvæma, nema þá þessum aðilum sé ótvírætt heimilað í lögum að framkvæma slíkar breytingar eða takmarkanir upp á eigin spýtur.

Ljóst má vera, að fyrst Seðlabankinn þarf skv. lögum bankans nr. 10/1961 með síðari breytingum að leita samráðs og samþykkis ríkisstjórnarinnar, ef hann vill breyta mörkum leyfilegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis, þ. e. þeim ramma, sem gengið má fljóta í hverju sinni, þá hlýtur það að leiða af rökbundinni nauðsyn, að Seðlabankinn *verður* að fá samþykki ríkisstjórnarinnar, vilji hann afnema mörk þessa leyfilega munar stofngengis og kaup- og sölugengis, þ. e. fella niður gengisskráninguna, afnema þau mörk, sem hann þarf samþykki ríkisstjórnarinnar fyrir, vilji hann breyta þeim eitthvað upp eða niður. Ákvörðun um afnám gengismarkanna, afnám gengisskráningarinnar, er miklu mun afdrifaríkara fyrir efnahagsmálin heldur en að gengismörkin séu færð eitthvað til, upp eða niður um nokkur prósentustig, sem Seðlabankinn verður skv. lögum bankans að fá samþykki ríkisstjórnarinnar fyrir."

Af hálfu stefnda er til þess vitnað, að Seðlabankinn greini í tilkynningunni 21. ágúst 1974 frá, hverjar ástæður lágu til niðurfellingar gengisskráningarinnar. Heimild Seðlabankans til að fella niður gengisskráningu sé að finna í I. og V. kafla laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands. Þá sé ráðstöfun þessi í samræmi við þær ráðstafanir, sem gerðar hafi verið í áratugi í sambandi við allar meiri háttar breytingar á stofngengi íslensku krónunnar.

Þá er til þess vitnað, að sérstakur samningur hafi verið gerður milli banka og viðskiptavinar í hverju einstöku tilfelli á því tímabili, sem gengi var ekki skrásett. Lokauppgjör hafi átt að fara fram, þegar gengisskráning hæfist að nýju. Trygging að upphæð 25% af andvirði selds gjaldeyris miðað við síðasta skráð gengi hafi verið algert skilyrði fyrir gjaldeyrissölunni. Bankinn hafi ekki getað keypt gjaldeyri til að mæta skuldbindingum vegna gjaldeyrissölu, fyrr en gengisskráning hófst að nýju, og gjaldeyri varð þá að kaupa á nýju gengi. Stefnendur hafi gert viðskiptasamninga við Landsbankann um að halda hann skaðlausan af hækkun, sem verða kynni á erlendum gjaldeyri og bankinn gat ekki útvegað á síðasta skráða gengi. Ljóst sé, að gjaldeyrisviðskiptabankarnir hafi heimild, en enga skyldu, til sölu erlends gjaldeyris og geti einhliða, ef ástæða sé til, hætt sölu hans eða krafist tryggingar fyrir því, að þeir skaðist ekki á þeirri gjaldeyrissölu. Í því tilfelli, sem hér um ræði, hafi ákvörðunin verið tekin af Seðlabankanum í samráði við viðskiptabankana og takmarkaðri gjaldeyrissölu gegn tryggingu verið haldið áfram með leyfi Seðlabankans. Ljóst sé því, að telji rétturinn tryggingu þessa vera verðtryggingu í skilningi laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, séu skilyrði þeirra laga uppfyllt. Þegar endanlegt uppgjör fór fram, hafi söluverð gjaldeyrisins verið miðað við þá verðhækkun, sem ríkisstjórnin hafði samþykkt, sem í raun og veru gilti þannig, frá því að gengisskráningu var hætt, og geti sá verknaður ekki stangast á við lög nr. 75/1974 um lögákveðna verðstöðvun. Við endanlegt uppgjör á gjaldeyriskaupum stefnenda hafi komið í ljós, að hluti tryggingarfjárins átti að endurgreiðast.

Þá hefur stefndi aflað vottorðs Seðlabanka Íslands. Í vottorði þessu segir m. a.:

„Viðskiptaráðuneytinu var kunnugt um ráðstöfun þess efnis, áður en ákvörðun var tekin, og hreyfði það engum athugasemdum við henni.

Jafnframt skal það upplýst, að ráðstöfun um að fella niður gengisskráninguna var rædd við forsætisráðherra, Ólaf Jóhannesson, og hafði hann ekkert við hana að athuga.

Loks skal það tekið fram, að Seðlabankinn telur sig ekki þurfa samþykki ríkisstjórnar til að fella niður gengisskráningu, og hefur það ekki verið gert formlega í gildistíð laga nr. 10/1961. Hitt er annað mál, að frá gildistöku laganna hafa slíkar ákvarðanir ætíð verið kynntar ríkisstjórn, áður en þær tóku gildi.“

Undir þetta rita Björn Tryggvason og Sigurgeir Jónsson.

Vottorði þessu fylgdi yfirlýsing fyrrverandi forsætisráðherra, Ólafs Jóhannessonar. Hún hljóðar svo:

„Það staðfestist, að bankastjórn Seðlabankans hafði samráð við mig sem forsætisráðherra um niðurfellingu gengisskráningar hinn 21. ágúst 1974, og hafði ég ekki neitt við hana að athuga."

Af hálfu réttargæslustefnda er tekið undir málsástæður stefnda.

Álit dómsins.

Samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 10/1961 er það m. a. hlutverk Seðlabankans að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gjaldeyrismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum. Samkvæmt 26. gr. sömu laga ber bankastjórn Seðlabankans ábyrgð á rekstri hans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans, sem ekki eru öðrum falin með lögunum. Bein ákvæði um stöðvun gjaldeyrisskráningar finnast ekki í lögunum. Í 18. gr. laganna, 1. mgr., eins og henni var breytt með lögum nr. 20/1962 og lögum nr. 103/1973, segir, að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar stofngengi (pari) íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Þá ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar mörk leyfilegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis. Innan þessara marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda, sem þörf er á vegna almennra viðskipta. Þar sem 18. gr. mælir fyrir um frávik frá þeirri almennu reglu, sem fram kemur af 26. gr. og 3. tl. 3. gr. laganna, að Seðlabankinn fari með ákvörðunarvald í málefnum varðandi gengismál, verður að skýra ákvæðið þröngt, en af því þykir leiða, að Seðlabankinn þurfi ekki samþykki ríkisstjórnarinnar til að stöðva gjaldeyrisskráningu.

Í 4. gr. laga nr. 10/1961 segir: „Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum." Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands, var sagt, að valdsvið stjórnar bankans ætti að vera hliðstætt valdsviði bankastjórna viðskiptabankanna. En með tilliti til

þess, að margar ákvarðanir bankastjórnar Seðlabankans, séu mjög mikilvægar fyrir þróun efnahagsmála í heild, sé gert ráð fyrir, að bankastjórnin hafi náið samráð við ríkisstjórnina annars vegar (sbr. 4. gr.) og bankaráð sem fulltrúa Alþingis hins vegar. Ákvörðun Seðlabanka Íslands frá 21. ágúst 1974 um að fella niður gengisskráningu verður eðli málsins samkvæmt að telja svo mikilvæga, að Seðlabankanum hafi borið samkvæmt réttum skilningi á 4. gr. laga nr. 10/1961 að leita samráðs við ríkisstjórnina, áður en sú ákvörðun var tekin. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, sem rakið er hér að framan, var viðskiptaráðuneytinu kunnugt um niðurfellingu gengisskráningarinnar, áður en hún var gerð, og hreyfði engum athugasemdum við henni. Jafnframt var niðurfelling gengisskráningarinnar rædd við þáverandi forsætisráðherra, og hefur hann staðfest, að samráð hafi verið haft við hann og hann ekkert haft við hana að athuga. Á þessum tíma höfðu kosningar til Alþingis ný farið fram, unnið var að myndun nýrrar ríkisstjórnar og þannig aðeins tímaspursmál, hvenær sú stjórn, sem að völdum sat, færi frá.

Þegar hér talin atriði eru höfð í huga, þykja ákvæði 4. gr. laga nr. 10/1961 hafa verið nægjanlega uppfyllt.

Þegar þannig Seðlabankinn hafði fellt niður gengisskráningu, verður að líta svo á, að ekkert gengi hafi verið í gildi og sala bankanna á gjaldeyri hafi, meðan svo stóð, orðið eðli málsins samkvæmt að fara fram með síðara uppgjör í huga.

Þegar þetta er athugað, þykir auðsýnt, að sala Landsbankans á gjaldeyri til stefnenda er ekki áskilnaður um verðtryggingu í skilningi laga nr. 71/1966, og koma þau lög þannig ekki hér til álita.

Þetta atriði þykir einnig leiða til þess, að lög nr. 75/1974 um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms verðbólgu komi hér ekki til álita og ekki sé hér heldur um afturvirka stjórnvaldsathöfn að ræða.

Ómótmælt er, að sala Landsbankans á gjaldeyri til stefnenda 26. ágúst 1974 var í samræmi við tilkynningu Seðlabanka Íslands frá 21. ágúst 1974. Taka stefnda á 25% tryggingarfé umfram síðasta skráð gengi þykir þannig hafa verið fullkomlega lögmæt.

Stefnendur hafa ekki gert sérgreinda kröfu til þess hluta tryggingarfjárins, sem endurgreiða átti að loknu uppgjöri, þegar gengisskráning hófst að nýju 2. september 1974, og er málið heldur ekki flutt sérstaklega um þennan hluta. Ómótmælt er,

að engin fyrirstaða hefur verið á endurgreiðslu þess fjár, sbr. bréf stefnda frá 25. september 1974, dómskj. 12. Á greindu dómskjali kemur fram, að stefnendur áttu samtals að fá greiddar kr. 3.771. Fjárhæð þessi mun enn ógreidd, og þykir eftir atvikum rétt að dæma stefnda til að greiða stefnendum þessa upphæð, enda þykir mega skilja kröfugerð stefnenda svo, að upphæð þessi felist í höfuðstól stefnukröfu.

Samkvæmt kröfugerð stefnenda virðist það ætlun þeirra, að varakrafa verði dæmd án tengingar við umfjöllun aðalkröfunnar. Þar sem niðurstaða dómsins er sú, að meginhluti tryggingarfjárins hafi farið til greiðslu þess gjaldeyris, sem stefnendur fengu 26. ágúst 1974, og hinn hlutann þykir rétt að taka til meðferðar með vaxtakröfu samkvæmt aðalkröfu, þykir varakrafan ekki verða tekin til greina.

Vextir þykja verða dæmdir í samræmi við aðalkröfu stefnenda, 13% ársvextir af viðurkenndri upphæð frá 27. ágúst 1974 til greiðsludags.

Rétt þykir eftir atvikum öllum, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu, þar með talinn réttargæslustefndi.

Rétt þykir að taka fram, að dómurinn er við það miðaður, að stefnendur hafi keypt gjaldeyrinn saman eða um leið, enda þótt tvær kvittanir séu út gefnar fyrir honum, sbr. dómskj. 7 og 8.

Að gefnu tilefni frá stefnendum þykir verða að taka fram, að í þessum dómi sem og hinum fyrra dómi frá 3. júlí 1975 eru afgreiddar, sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, þær málsástæður, sem máli skipta að mati dómarans. Þar sem stefnendum virðist þetta ekki ljóst eða hafa ekki lesið hinn fyrri dóm nægilega vandlega, er hér reynt að afgreiða aðeins ítarlegar þær málsástæður stefnenda, sem þeim þótti vanafgreiddar áður.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Landsbanki Íslands, greiði stefnendum, Jónasi Haraldssyni og Guðnýju Jónasdóttur, kr. 3.771 með 13% ársvöxtum frá 27. ágúst 1974 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Fimmtudaginn 9. október 1980.

Nr. 19/1978. **Hannes Pétursson**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Akurey h/f
(enginn).

Verksamningur. Dráttur á verkframkvæmdum. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1978. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda, sem fram komu í héraði, og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndi skilaði greinargerð til Hæstaréttar og krafðist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Þegar málið var tekið fyrir til munnlegs flutnings 19. september sl., var ekki sótt þing af hálfu stefnda. Var málið síðan flutt skriflega.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ósannað sé, að stefndi hafi lofað að vinna verk það, sem aðiljar deila um, fyrir fyrirfram ákveðið verð.

Eins og málið er lagt fyrir Hæstarétt, verður og byggt á þeirri niðurstöðu héraðsdóms, að til skuldajafnaðar við kröfu stefnda skuli koma 52.000 krónur vegna galla á pappalögn.

Það er að vísu ósannað, að aðiljar hafi samið um, að stefndi skyldi ljúka verki sínu við hús áfrýjanda fyrir tiltekinn tíma. Hins vegar verður að telja, að aðiljar hafi miðað við það í samningum sínum, að stefndi héldi áfram verkinu með þeim hraða, sem með sanngirni mátti af honum krefjast, eftir að hann hæfi framkvæmdir vorið 1973. Á þessu varð misbrestur, og framkvæmdir urðu slitróttar af hans hendi. Er það raunar viðurkennt af stefnda, að nokkur dráttur hafi á þeim orðið. Ekki er fram komið, að dráttur þessi hafi verið nema að nokkru leyti rakinn til atvika, sem vörðuðu áfrýjanda eða

voru á hans áhættu. Þá þykir áfrýjandi hafa leitt nægar líkur að því, að umræddur dráttur af hendi stefnda hafi valdið sér fjárhagstjóni vegna aukins byggingarkostnaðar og tafa á því, að húsið yrði íbúðarhæft.

Gögn um fjárhæð tjónsins eru ófullkomin, en þó þykir mega dæma áfrýjanda nokkrar bætur að álitum af þessum sökum. Verða þær ákveðnar 400.000 krónur, og kemur sú fjárhæð til skuldajafnaðar við kröfur stefnda auk þeirra 52.000 króna, sem fyrr getur.

Samkvæmt þessu verður áfrýjanda gert að greiða stefnda 1.066.442 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1975 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður í héraði, en málinu er ekki gagnáfrýjað. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hannes Pétursson, greiði stefnda, Akurey h/f, 1.066.442 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1975 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 14. júní 1976.

Stefnandi málsins er Akurey h/f, Reykjavík, en stefndi er Hannes Pétursson rithöfundur, Túngötu 25, Bessastaðahreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1.518.442 með 2% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar 1975 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að síðari hluta vetrar 1973 varð samkomulag um það milli stefnanda og stefnda, að stefnandi tæki að sér að byggja og koma í fokhelt ástand einbýlishúsi fyrir stefnda á lóðinni nr. 25 við Túngötu á Álftanesi.

Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að húsið skyldi byggt samkvæmt reikningi, þ. e. að stefndi hafi átt að greiða byggingarkostnaðinn samkvæmt kostnaðarreikningi. Heildarkostnaður við verkið hafi numið kr. 5.318.442. Af þeirri upphæð hafi stefndi aðeins greitt kr. 3.500.000. Eftirstöðvarnar séu því kr. 1.818.442, sem stefndi hafi ekki fengist til að greiða. Áður en til málssóknar þessarar kom, hafi stefndi fengið í sínar vörslur efnisreikninga, sem starfsmenn stefnanda hafi afhent honum til athugunar. Lögmaður stefnda hafi haldið því fram, að nokkrir reikninganna væru tvífærðir og að slík tvífærsla næmi um 3.000.000. Enda þótt stefndi skilaði reikningunum ekki strax aftur, svo að stefnandi gæti látið athuga þá, þá hafi þó verið tekin ákvörðun um að lækka hinn umkrafða reikning um kr. 300.000, jafnvel þó tvífærslur næmu ekki svo hárri fjárhæð, enda yrði þá litið svo á, að um afslátt af hálfu stefnanda væri að ræða. Samkvæmt þessu krefst stefnandi þess, að stefndi greiði kr. 1.518.442.

Gunnar Sigurbjörn Björnsson húsasmíðameistari hefur hér fyrir dómi 18. mars 1977 skýrt svo frá, að hann hafi á sínum tíma verið formaður stjórnar stefnanda og samið við stefnda um húsbygginguna. Framkvæmdarstjóri félagsins hafi verið Albert Finnbogason og hafi hann haft með framkvæmd verksins að gera. Gunnar kveðst þó hafa verið byggingameistari við framkvæmdirnar. Hann kveðst hafa þekkt stefnda lítillega, en þeir séu báðir Skagfirðingar. Gunnar skýrir m. a. svo frá: „Hannes kemur fyrst til mín og byrjar að tala um það, hvort við viljum taka þessa byggingu að okkur, sem ég játaði, að við myndum gjarnan gera. Síðar þegar frumteikningar af húsinu liggja fyrir, þá kom Hannes með þær til mín, og það var endanlega ákveðið, að við tækjum þetta verk að okkur, og þá setjumst við Hannes niður, og reynt er að gera sér einhverja smágrein út frá þeim frumteikningum, sem þá liggja fyrir, um kostnað og annað og tímasetningu, og ég gef Hannesi á blokkarblaði, eftir því sem ég man, smápunkta, sem við förum svona í gegnum saman og þá út frá fyrstu frumteikningum af húsinu. Nú það var ákveðið, að við tækjum þetta að okkur í reikningsvinnu, og tímasetning var engin á verkinu nein föst. Þetta yrði unnið í venjulegri reikningsvinnu og verkið tæki þá að

sjálfsögðu þann tíma, sem þyrfti. Þetta held ég, að sé svona í grófum dráttum það, sem á milli okkar Hannesar fór. Síðan fóru samskipti Hannesar og Akureyjar h/f í framhaldi af þessu mest fram á milli Alberts Finnbogasonar og hans. Ég kom mjög lítið nálægt þessu verki sjálfur vegna starfa minna fyrir aðra aðila. Ég var þá orðinn fastur starfsmaður Meistarasambands byggingamanna og var fyrst og fremst starfandi þar, en Albert Finnbogason var framkvæmdastjóri Akureyjar og raunverulega sá um allar framkvæmdir á staðnum. En það sem í stórum dráttum verkið fjallaði um, það var, að við sáum um allar framkvæmdir á vinnustaðnum. Við sáum um gröft fyrir húsinu, byrjuðum á því. Það var séð um af okkar hálfu lagnir í grunn, uppslátt á sökklum, steypu í þá, fyllingu inn í sökklana. Síðan sáum við um steypu á öllu burðarvirki, frágang á þaki alveg og húsið sem sagt algerlega í fokheldu ástandi. Það var séð um það algerlega á okkar vegum."

Á dómskjali nr. 18 eru ljósrit af tveim áætlunum, sem báðar eru ódagsettar og hljóða þannig:

„Túngata 25. Gróf kostnaðaráætlun:

Fokhelt ca.		kr.	2.435.600
Þar af í sökkla		—	360.000
Hæð: Timbur	ca.	—	270.000
Steypa	ca.	—	420.000
Járn	ca.	—	45.000
Þak	ca.	—	450.000

Fullbúið: Það eru margir vafasamir þættir, sem erfitt er að átta sig á, en skjóta mætti á töluna ca. kr. 5.540.000.-"

„Túngata 25. Greiðsluáætlun:

25. júní	kr.	250.000
5. júlí	—	150.000
15. júlí	—	150.000
25. júlí	—	50.000
5. ágúst	—	100.000
15. ágúst	—	150.000
25. ágúst	—	50.000
5. september	—	250.000
20. september	—	350.000"

Gunnar Sigurbjörn Björnsson kveðst hafa skráð ofangreindar áætlanir. Hann kveðst ekki þora að segja um það, hvenær hann afhenti stefnda áætlanir þessar. Hann kveðst hafa haft byggingarnefndarteikningar arkitektsins af húsinu, þegar hann gerði kostnaðaráætlunina og greiðsluáætlunina, og ekki aðrar teikningar. Hann kannaðist ekki við að hafa haft vinnuteikningar arkitektsins eða verkfræðingsteikningar, þegar hann gerði áðurgreindar áætlanir. Hann kveðst ekki muna, hvenær eða hvort hann fékk síðastgreindar teikningar afhentar. Hann telur, að aðrir starfsmenn stefnanda kunni að hafa tekið við þeim. Hann telur hins vegar alveg víst, að hann hafi séð síðargreindar teikningar, eftir að hann gerði áðurgreindar áætlanir. Hann kveðst ekki hafa talið ástæðu til að gera breytingar á kostnaðaráætluninni, eftir að hann sá margnefndar teikningar, en hann tekur fram, að kostnaðaráætlun hans hafi verið mjög gróf og lauslegir punktar um kostnað. Hann kveðst alls ekki hafa litið svo á, að stefnandi væri bundinn af þeirri kostnaðaráætlun. Hann kveðst ekki muna, hvort hann afhenti greiðsluáætlunina og kostnaðaráætlunina samtímis.

Albert Finnbogason byggingameistari, formaður stjórnar stefnanda, hefur hér fyrir dómi aðspurður um, hvaða vinnu, efni og þjónustu Akurey hafi lagt til við umrætt hús, skýrt svo frá: „Við sáum um gröft til að byrja með, mótauppslátt á sökklum, járnabindingu, steypu og mótarif, síðan fyllingu inn í sökkulinn, og síðan sáum við um verkamannavinnu í sambandi við skolplögn og náttúrulega allan frágang á þessum sökkli, þjöppun á fyllingarefni, járnbindingu í plötu og steypu á því, síðan mótauppslátt á húsinu og járnabindingu á því og steypu, mótarif og frágang á þaki og plast í glugga. Síðan sáum við um alla efnisútvegun og allt í sambandi við verkefnið. Frá okkar hendi er þakið klætt með tommuklæðningu og settur á svokallaður undirlagspappi. Ekki járn eða önnur klæðning.“ Aðspurður um tafir á verkinu hefur Albert m. a. skýrt svo frá: „Það fyrsta, sem þarna kemur til, er, að það er verið að leggja þarna Túngötuna, þar sem húsið stendur. Það gengur nú á ýmsu þar, og við komumst ekki í götuna, þegar á að fara að fylla þarna inn í húsagrunninn. Að vísu var þetta búið að koma fyrir nokkru áður, þegar við ætluðum að koma þarna efni. Það var bæði verið að leggja götu, leggja gangstétt, steypa þarna rennusteina og annað, og til þess að reyna nú að flýta fyrir þessu í „restina“, þegar við vorum orðnir óþolinmóðir, þá hjálpuðum við til þarna, og ég lánaði menn í að slá þarna upp rennusteinum og fyrir gangstéttum, þannig að það væri hægt að steypa

í þetta og við gætum nú farið að komast þarna í að fylla þetta sem allra fyrst. Síðan var grafinn skurður þarna þvers í gegn, sem okkur var nú sagt, að væri hægt að fylla í alveg hreint fyrirvaralaust, þvert í gegnum innkeyrsluna, sem við höfðum til að keyra. En það voru nú ýmis vandkvæði á því að fylla í þann skurð, þegar til átti að taka. Það gekk illa að fá frá Rafveitu Hafnarfjarðar rafmagn. Við unnum þarna án þess að hafa rafmagn í langan tíma og vorum með rafmagn þarna úr næstu húsum, og það voru ýmsir erfiðleikar því fylgjandi. Þetta er sá árstími, sem miklar annir eru og dálítið erfitt að henda reiður á mannskap. Menn vilja gjarnan fara í frí fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið alla vega. Þegar mikið er að gera, þá er erfitt að segja af eða á, því fólkið er farið. Þetta hefur náttúrulega komið þarna inn í, tafir vegna þessara hluta. Það er oft, þegar þarf að stefna saman mörgum mönnum til að vinna verkefni, að maður þarf að samræma járnamenn, múrara, trésmiði, en þó aðallega á ég við núna í sambandi við fráganginn á þessum grunni. Það þarf að fá fyllingarefni, sem var erfitt að fá þarna á þessum tíma. Það var mikið að gera og erfitt að fá menn til þess að keyra í þetta. Það þarf að fá á sama tíma vél til þess að jafna úr þessu efni og þjöppu til að þjappa þetta. Það gekk dálítið erfiðlega að samræma þessa hluti. Þegar menn hafa mikið að gera, þá vilja þeir vinna dálítið miðsvæðis. Þetta er út úr, og þessi atriði komu til og töfðu verkefnið. Hannes var óþolinmóður, og ég skýrði þetta fyrir honum og hvað væri í veginum.

Ég sagði honum líka frá því jafnóðum í sambandi við götuna og þær framkvæmdir þar.“ Albert kveðst aldrei hafa lofað stefnda, að húsið skyldi byggt fyrir ákveðið verð eða að verkinu skyldi lokið fyrir ákveðinn tíma.

Böðvar Páll Ásgeirsson trésmiður, stjórnarmaður stefnanda, kveðst hafa unnið við umrætt verk, fyrst við að steypa sökkla og síðan í og með við verkstjórn í forföllum Alberts Finnbogasonar. Hann telur, að gröftur á grunni hafi hafist annað hvort í endaðan maí eða í byrjun júnímánaðar. Verkinu hafi því næst verið lokið í mars árið eftir. Hann segir, að illa hafi gengið að fá menn til að fylla upp í grunninn, en húsið er á einni hæð. Þegar loks menn fengust til þess, þá hafi ekki verið hægt að komast að húsinu, þar sem þá hafi verið búið að grafa Túngötuna upp og keyra í hana mikið af rauðamöl, sem hindrað hafi, að hægt var að komast að húsinu. Af Túngötunni heim að húsinu er alllöng innkeyrsla. Grafið hafi verið þvert í gegnum innkeyrsluna fyrir rafmagnsstreng og vatnslögn, og lokaði það innkeyrslunni. Þeir starfsmenn

stefnanda hafi að lokum hlaupið undir bagga með verktakanum, sem vann við gerð götunnar, með því að hjálpa honum við að slá upp fyrir og steypa göturennur í Túngötunni. Loks hafi verið fyllt í grunninn, en þá hafi verið erfitt að fá gröfu til að jafna úr efninu, enda hafi á þeim tíma verið geysilega mikið að gera í byggingariðnaðinum. Gólfplatan hafi því næst verið steypt. Hafi því næst verið hafist handa við uppslátt á steypumótum fyrir veggjum hússins. Veggir hafi verið óvenjulega háir, á fimmta meter á hæð og trjónuðu upp úr. Hafi uppslátturinn því þurft að vera mjög sterkur gagnvart veðri og vindum. Ekki hafi átt að múrhúða húsið að utan. Allt mótatimbur hafi því verið heflað og hafi orðið að fella það mjög vel að. Varð því að vanda uppsláttinn sérlega vel. Gluggar hafi verið mjög stórir, en súlur hafi mikið verið á milli. Uppsláttur hafi því verið mjög seinlegur, ekki síst vegna hinnar miklu hæðar. Inni í miðju húsinu hafi verið slegið upp fyrir arni í stofu. Arin þennan hafi heldur ekki átt að múrhúða og hafi uppsláttur steypumóta fyrir hann því nánast verið föndurvinna. Miklar járnabindingar hafi verið settar í steypumótin. Af þeim ástæðum og vegna þess hve veggirnir voru háir og hve margar súlur voru, hafi gengið illa að koma steypunni fyrir. Ekki hafi það heldur bætt úr skák, að verkfræðiskrifstofan, sem stefndi skipti við, hafi viljað hafa steypuna mjög lítið vatnsblandaða. Verkið hafi auk þess tafist af því, að þeir hafi ekki fengið rafmagn, fyrr en þeir hafi verið komnir langt með að slá upp steypumótum. Hafi rafmagn loks fengist úr skúr, sem var þarna á vegum hreppsins. Áður hafi þeir að vísu fengið grannan rafkapal fyrir vinnuljós, en það hafi aðeins verið ein vinnusól, sem ekki hafi dugað á þessu svæði. Það hafi svo ekki verið fyrr en þeir hafi verið komnir áleiðis með húsið, að rafmagn kom fyrir vélsagir, bora og önnur tæki. Varðandi fundinn 21. maí 1974 tók Böðvar fram: „Á þessum fundi talaði stefndi um það að setja allt verk stefnanda undir úrskurð matsmanna. Þá sögðum við við stefnda, að ef húsið færi í mat, þá leiddi það til þess, að öll vinna við húsið stöðvaðist. Áttum við þar við það, að ekki væri hægt að vinna við húsið, meðan matsmenn væru að sínum störfum. Ég neita því, að á fundinum hafi komið fram hótun um að stöðva byggingarframkvæmdir við húsið. Varðandi pappann, sem stefnandi lét leggja á húsið, vil ég taka fram, að það var ekki tekið fram í neinni verklýsingu, að annað en asfaltpappi ætti að leggjast á húsið, en engin sérstök verklýsing var gerð fyrir þak, annað en það, sem stendur á teikningum. Pappi þessi

var enskur af gerðinni „hippó". Þegar pappinn var keyptur, spurði ég seljandann að því, hvort þetta væri ekki asfaltpappi, og sagði hann það vera. Pappinn var keyptur í heildversluninni G. O. S. Ég vissi ekki annað en að þessi pappi væri nothæfur sem undirlag undir pappalögn. Ég sá ekki pappann, þegar hann var rifinn af, enda ekki til kvaddur. Ég sá, að pappinn var farinn að gúlpa, áður en hann var tekinn af. Ég fór á staðinn vegna þess, að þakið lak, en það var ekki óeðlilegt með tilliti til þess, hve lítill halli var á þakinu. Til þess að draga úr lekanum þá smurði ég asfaltefni á samskeyti pappans. Mig minnir, að það hafi verið liðinn um þ. b. mánuður frá því að pappinn var settur á og þar til við settum asfalt á samskeytin."

III.

Stefndi hefur lagt fram í málinu langa aðiljaskýrslu, sem dagsett er 26. júní 1974. Þar segir m. a.:

„Í aprílmánuði 1973 kom ég að máli við Gunnar S. Björnsson og færði í tal við hann, að hann tæki sem trésmíðameistari að sér smíði einbýlishúss, er ég hygðist reisa að Túngötu 25 í Bessastaðahreppi um sumarið, sem í hönd færi, og fokhelt ætti að verða um haustið. Hann tók málaleitan minni vel, og varð að samkomulagi okkar í milli, að fyrirtæki, sem hann rekur ásamt öðrum, Akurey h/f, annaðist að öllu leyti um gerð hússins, þar til það yrði fokhelt, og skyldi ekki koma í minn hlut annað en að standa skil á greiðslum til fyrirtækisins skv. greiðsluáföngum, er Gunnar kvaðst síðar fá mér í hendur skriflega. Öll smíði skyldi greidd eftir uppmælingartaxta, enda voru það orð Gunnars, að með því móti yrði verkið ódýrara heldur en ef smíðað væri eftir tímavinnutaxta. Jafnframt varð að samkomulagi okkar í milli, að hann gerði áætlun um byggingarkostnað, þegar hann hefði í höndum teikningar arkitektsins. Gunnar tók fram, að naumast yrði hægt að hefja smíði hússins fyrr en um 20. maí næstan á eftir, þegar skólapiltar kæmu á vinnumarkaðinn, því fyrirtæki hans þyrfti á verkamönnum að halda. Á hinn bóginn hefði það nægum smiðum á að skipa. Síðar í sama mánuði hafði arkitektinn, Hrafnkell Thorlacius, tilbúnar teikningar sínar, og teikningar verkfræðinga (burðavirki, þakviðir, lagnir) voru tilbúnar í maímánuði svo snemma, að hefja hefði mátt framkvæmdir við húsið upp úr 20. þess mánaðar. Það var þó ekki fyrr en 4. júní, að grafinn var grunnur hússins, og vinna

við smíði sökkla hófst ekki, skv. kaupskrá Akureyjar h/f, fyrr en 18. s. m. Degi síðar hafði Gunnar S. Björnsson gengið frá þeirri greiðsluáætlun, sem fyrr er nefnd, og fékk ég hana þá í hendur. Þar er við það miðað, að fyrirtækið skilaði mér húsinu fokheldu um mánaðamótin september—október 1973, og skv. „grófri kostnaðaráætlun" skyldi sá áfangi kosta kr. 2.435.000.-. Skyldi ég greiða í áföngum á tímabilinu 25. júní — 20. september, kr. 1.500.000.-, en um eftirstöðvar átti að semja, þegar lokið væri vinnu Akureyjar h/f að húsinu. Kostnaðaráætlun Gunnars kom allvel heim við aðra kostnaðaráætlun um húsið fokhelt, sem samin var af Viðari Ólafssyni, verkfræðingi, starfsmanni á verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, en Viðar hannaði burðarvirki og þakviði hússins. Hann gerði í áætlun sinni ráð fyrir, að húsið myndi fokhelt kosta kr. 2.200.000.- og miðaði þá við áðurnefndan byggingartíma, en hins vegar vantaði í áætlun hans smíði gluggakarma.

Hinn 27. júlí voru steyptir sökklar hússins, og hafði ég ekki ástæðu til að ætla annað en verkinu yrði nú fram haldið sleytulaust, enda þegar komið talsvert á eftir áætlun. En þar fór á annan veg, því næstu fjórar vikur a. m. k. gerðist lítið sem ekki annað en það, að rifið var og hreinsað uppsláttartimbur frá sökklum. Að því unnu tveir unglingspiltar á tímakaupi, án þess verkstjóri hefði gætur á verkinu, og var þeim að sjálfsögðu ekið á minn kostnað að og frá vinnustað allan þennan tíma. Í ágústmánuði kvartaði ég ítrekað við Gunnar um seinagang framkvæmdanna og fékk þá stundum þau svör, að hafizt yrði handa um framhald verksins af fullum krafti „eftir helgi", en stundum, að drátturinn stafaði af því, að ekki yrði komizt með malarbíla eða önnur tæki að vinnustað vegna gatnagerðarframkvæmda nálægt lóð minni. Þar stóð þá svo á, að Bessastaðahreppur lét vinna að lögnum í jörð um það hverfi, sem hús mitt stendur í (Laufáshverfi), og var um tíma opinn skurður gegnum tröðina heim að húsi mínu. Þó varð ég vitni að því á umræddum tíma, að verktakinn, sem sá um gatnagerðina á vegum Bessastaðahrepps, hafði látið fylla upp í skurðinn, þar sem hann lá þvert á heimtröðina, þannig að hann var enginn farartálmi um tíma, en samt sem áður notaði Akurey h/f ekki tækifærið til þess að halda verki sínu áfram. Ennfremur er þess að geta, að oddviti Bessastaðahrepps, Eyþór Stefánsson í Akurgerði, tjáði mér, að um það hefði verið samið við verktakann, er sá um gatnagerðina, að hann hagaði þannig framkvæmdum sínum, að þær stæðu

ekki í vegi fyrir húsbyggjendum í umræddu hverfi. Af þessum ástæðum lít ég svo á, að Akurey h/f hafi jafnan haft tækifæri til að halda áfram vinnu við húsið, skv. upphaflegum samningi.

Hinn 25. ágúst bar mér að greiða skv. greiðsluáætlun Gunnars S. Björnssonar kr. 50.000.-. Fram til þess tíma hafði ég skilvíslega greitt honum það, sem mér bar, eða alls kr. 850.000.-. Ég tjáði honum þá, að sökum vanefnda fyrirtækis hans gagnvart mér teldi ég mér ekki skylt að greiða í bili frekar en orðið væri upp í verksamning okkar, en mundi inna greiðslur af hendi, þegar ég sæi, að hafin væri fullkomin vinna við húsið á nýjan leik, og lét enn sem fyrr í ljós óánægju mína með gang framkvæmdanna. Gunnar hreyfði engum mótmælum við þessari ákvörðun minni.

Þegar hér var komið sögu, átti hús mitt skv. upphaflegum samningi að vera orðið fokhelt eftir fimm vikur, en þó var ekki enn farið að aka fyllingarefni í grunninn. Mér þótti því bersýnilegt, að Akurey h/f mundi ekki ljúka verkinu á tilsettum tíma. En þannig stóð á um þetta leyti, að ég hafði sett í sölu íbúð mína að Bólstaðarhlíð 66. Mér var það ríkt í huga vegna dýrtíðar að selja hana ekki, nema ég hefði vissu fyrir því, að sá hluti söluverðsins, sem fengist greiddur við gerð kaupsamnings, gengi hið fyrsta í smíði húss míns á Álftanesi. Bragi Björnsson lögfræðingur var sá, er hafði með höndum sölu íbúðarinnar. Fór ég fram á það við hann, að hann ætti tal við Gunnar S. Björnsson og leitaði eftir skýrum svörum við því, hvort ekki mætti á það treysta, að hús mitt yrði í síðasta lagi orðið fokhelt um mánaðamótin október—nóvember, þar eð ekki væri sjáanlegt, úr því sem komið væri, að svo gæti orðið mánuði fyrr, eins og upphaflega var um samið. Bragi Björnsson átti síðan tal við Gunnar 31. ágúst. Gunnar hafði þá þau orð, að því mætti algjörlega treysta, að húsið skyldi orðið fokhelt um mánaðamótin október—nóvember, mannafli væri nægur til þess að setja kraft í verkið. Með þessi svör hans í huga réð ég af að selja íbúð mína, og var kaupsamningur þar að lútandi gerður hinn 3. september.

Loforð Gunnars S. Björnssonar reyndust í þetta skipti haldlítil svo sem stundum áður í skiptum okkar, því kominn var 8. október, þegar lokið var við að moka fyllingarefni í húsgrunninn á Álftanesi, og botnplatan var steypt 1. nóvember, einmitt á þeim tíma, sem húsið skyldi orðið fokhelt miðað við seinni tímamörk. Eftir þetta gekk allur veturinn í það, sem eftir var verksins. Veggir voru steyptir 20. febrúar, loftplatan 7. marz, en húsið taldist fokhelt 25. marz, og var vottorð um það gefið út af

byggingarfulltrúa Bessastaðahrepps hinn 30. sama mánaðar, nákvæmlega hálfu ári síðar en upphaflega var um samið.

Greiðsluáfangar þeir, sem Gunnar S. Björnsson setti mér í öndverðu, riðluðust vitaskuld með öllu við þann gang mála, sem nú hefur verið rakinn. Verðlag hækkaði einnig óðfluga.

Fyrsta reikningsyfirlit, sem mér barst frá Akurey h/f, er dagsett 18. desember 1973. Það nær yfir smíði sökklanna, tímavinnu fram til 20. október svo og efniskaup og ýmsa aðkeypta vinnu. Skv. því kostaði verkið þá þegar kr. 1.914.016.-. Greiðslur frá mér námu kr. 1.350.000.- þá. Ég gerði munnlega athugasemd við reikningsuppgjörið að því er snerti laun skv. vinnuskýrslum, taldi þau óeðlilega há og neitaði að fullgreiða reikninginn fyrr en viðhlítandi skýringar væru komnar fram frá hendi Akureyjar h/f. Benti ég á, að í þessum tiltekna reikningslið gerðu skýrt vart við sig áhrif dráttarins, sem orðið hefði á verkinu, svo og slök verkstjórn. Af hálfu Akureyjar h/f var þess ekki krafizt, að ég fullgreiddi skuld mína, áður en verkinu yrði fram haldið, og varð niðurstaðan sú, að ég greiddi kr. 250.000.- til viðbótar, þannig að eftir stóðu kr. 314.016.-, en fór fram á, að þessu fyrsta reikningsuppgjöri yrði ekki ruglað saman við væntanlegt uppgjör vegna smíði hæðar, skyldi bíða að ganga frá málinu þar til í lokin.

Annað reikningsyfirlit, sem mér barst frá Akurey h/f, er dagsett 17. apríl s.l. Það nær til smíði hæðar hússins. Skv. því kostaði hún kr. 2.829.202.-. Fyrirfram vegna þessa verkáfanga hafði ég greitt kr. 1.500.000.-. Skuld mín við fyrirtækið skv. reikningum þess var því orðin samtals kr. 1.643.218.-.

Síðasta uppgjörið, vegna smíði þaks, er dagsett 5. maí s.l. Það hljóðar upp á kr. 269.728.-. Þar af eru kr. 12.110.- viðgerðarkostnaður, sem stafar af gallaðri þakpappalögn (sífelldum þakleka, ef rigndi, eftir að húsið átti að kallast fokhelt). Skuld mín skv. þessum þremur reikningsskilum var þannig orðin kr. 1.912.946.-, en greitt hafði ég samtals til Akureyjar h/f kr. 3.100.000.-.

Af framansögðu má ráða, hversu geipilega allur kostnaður við hús mitt hafði farið fram úr gerðum áætlunum, og eru þó fjórir verkliðir ótaldir. Fyrir tvo þeirra greiddi ég beint, en ekki um hendur Akureyjar h/f, þ. e. gröft grunnsins í upphafi (sá verktaki sendi mér reikninginn beint) og rörlögn í grunninn, en ég bauðst á sínum tíma til þess að útvega pípulagningameistara, sem ég er í kunningsskap við, enda virtist mér, að Akurey h/f væri þægð í því, en tveir reikningar bárust mér, sem átt hefðu

að fylgja uppgjörinu, en urðu síðbúnir (fyrir raflögn í húsið fokhelt og fyrir vinnu véltækis á steypudegi) nam þessi kostnaður alls kr. 235.222.-.

Með þessu er þó engan veginn öll sagan sögð, að því er varðar reikningana. Er ég hafði fengið afhent það uppgjör, sem dagsett er 17. apríl s.l., þótti mér byggingarkostnaður að vonum orðinn æði hár og fór að kanna reikningana í þeim tilgangi að átta mig betur á einstökum verkliðum. Varð ég þess þá fljótlega áskynja, að ýmsir reikningar, sem ég kannaðist við frá fyrsta uppgjörinu, komu nú aftur upp í hendur mér. Nánari athugun leiddi í ljós, að alls 11 reikningar, samtals að upphæð kr. 308.800.-, voru tvíteknir. Í fyrsta uppgjöri voru þeir allir sendir mér ljósritaðir (ljósrit af greiddum reikningum), en nú komu frumnóturnar sjálfar. Við þetta, þó ekki væri annað, þótti mér bókhald Akureyjar h/f þegar orðið tortryggilegt, hvort heldur sem tvírukkanir þessar stöfuðu af óreiðu eða voru til komnar að yfirlögðu ráði. Þar við bættist, að vinnuskýrslur (vegna tímavinnu) voru á ýmsan hátt ógreinilega færðar, og efnisnótum og nótum yfir aðkeypta vinnu var afar grautarlega niður skipað, líkt og leitazt væri við að gera verkkaupanda erfitt um vik að fá glögga hugmynd um einstaka verkliði. Einnig var að finna afrit af efnisnótu, þar sem hvorki sást, að móttekið eða greitt hefði verið af hálfu fyrirtækisins það efni, sem í hlut átti; þá hafði og slæðzt með nóta, sem ekki snerti hús mitt, heldur annað að Seljagerði 7.

Í símtali stuttu eftir að mér barst annað uppgjörið tjáði ég Albert Finnbogasyni, meðeiganda í Akurey h/f og verkstjóra við smíði húss míns, að ég hefði fundið þá villu, sem áður getur (kr. 308.800.-).

Albert Finnbogason hringdi til mín og fór þess eindregið á leit, að ég skilaði þeim Akureyjarmönnum reikningunum aftur, svo þeir gætu fellt brott skekkjuna. Ég neitaði því.

Degi síðar hringdi Gunnar S. Björnsson til mín. Fór hann hins sama á leit og Albert Finnbogason, að ég afhenti honum reikningana, svo þeim mætti breyta, en ég neitaði því.

Fundur var haldinn 21. maí s.l. á teiknistofu Hrafnkels Thorlaciusar að Laugavegi 96. Af hálfu Akureyjar h/f komu þangað Gunnar S. Björnsson og Böðvar Ásgeirsson. Auk mín sátu fundinn af minni hálfu Hrafnkell Thorlacius og samverkamaður hans, Björn Emilsson. Rætt var sitt af hverju um framkvæmd verksins, en engar nýjar skýringar gáfu Akureyjarmenn á seinaganginum.

Mér þótti ég ekki á fundi þessum fá viðunandi skýringar á hinum mikla vinnulaunakostnaði við smíði húss míns. Lét ég í ljós, að e. t. v. væri þess vegna óhjákvæmilegt að setja verkið allt eins og það legði sig í mat. Því svöruðu Gunnar S. Björnsson og Böðvar Ásgeirsson óðara með hótun um, að þá yrði sett verkbann á húsið. Ég sagði ekki álit mitt á því þar á staðnum.

Degi eftir fundinn hringdi ég til Gunnars S. Björnssonar og tjáði honum, að ég skyldi — til nokkurs konar bráðabirgðasamkomulags — samþykkja tvo víxla að upphæð samtals 400.000.- kr.

Hinn 25. maí kom Böðvar Ásgeirsson til fundar við mig. Samþykkti ég umrædda tvo víxla. Um frekari greiðslur var ekki rætt í það sinn, en Böðvar talaði um, að fljótlega þyrfti að efna til nýs fundar, þar sem gengið yrði frá greiðslum „eftirstöðvanna". Sá fundur hefur ekki enn verið haldinn. En þegar þetta er ritað, nema greiðslur mínar til Akureyjar h/f, kr. 3.500.000.-, og hef ég því greitt fyrirtækinu um 1 miljón meira en verkið átti að kosta skv. áætlun Gunnars S. Björnssonar í öndverðu.

Hinn 22. maí hringdi Viðar Ólafsson verkfræðingur til mín. Hann hafði samið útboðslýsingu vegna endanlegrar pappalagnar á þak húss míns. Þrjú tilboð bárust. Allir aðilarnir þrír höfðu hver í sínu lagi kynnt sér gerð þaksins svo og gerð undirlegspappa þess, er Akurey h/f hafði látið negla á þakklæðninguna. Það var samdóma álit allra tilboðshafa, að undirlegspappinn væri ónýtur og yrði nauðsynlega að rífa hann af og leggja nýjan, þar sem ekki væri um að ræða svonefndan asfaltpappa, eins og ætlazt er til, að notaður sé.

Sá tilboðshafi, sem ég samdi við um endanlegan frágang þaksins, Guðjón Helgason, hefur nú rifið þennan ónothæfa undirlegspappa af og sett nýjan í staðinn."

Í lok aðiljaskýrslu sinnar dregur stefndi saman höfuðatriðin þannig:

„1) Akurey h/f hefur stórlega vanefnt þann verksamning, er ég gerði við fyrirtækið, og með því m. a. valdið því, að byggingarkostnaður hefur farið sem næst helmingi fram úr gerðri áætlun.

2) Íbúð mína í Bólstaðarhlíð 66 seldi ég í fullu trausti þess, að skuldbindingar Akureyjar h/f væri að marka, en þar sem smíði húss míns dróst svo mjög úr hömlu, hefur sú sala reynzt mun óhagstæðari en ráð var fyrir gert. Þetta er svo augljóst á æsilegum verðbólgutímum, að ekki þarfnast rökstuðnings. Vanefndir Akureyjar h/f hafa einnig í för með sér, að ég verð að sitja í leiguhúsnæði mörgum mánuðum lengur en ella væri.

3) Reikningar þeir, sem ég hef fengið senda frá Akurey h/f, eru vægast sagt tortryggilegir, m. a. er um að ræða tvírukkanir, sem nema liðlega kr. 300.000.-. Orðum mínum þess efnis, að e. t. v. beri nauðsyn til að setja verkið allt í mat, hefur af hálfu fyrirtækisins verið svarað með hótun um verkbann.

4) Pappalögn á þak húss míns hefur reynzt ónýt og leitt af sér drjúgan aukakostnað og margvísleg óþægindi.

5) Timburlán Akureyjar h/f til smíði húss míns er ekki á hreinu, og áttu þau sér stað, án þess fyrirtækið ráðfærði sig við mig áður eða veitti mér færi á að hafa auga með þeim.

6) Akurey h/f brást sem verktaki við útvegun múrarameistara. Af þeirri ástæðu verð ég fyrir mjög bagalegum töfum — sem skipt geta mörgum mánuðum — við að gera hús mitt íbúðarhæft."

Stefndi hefur staðfest framangreinda skýrslu sína hér fyrir dómi og gefið frekari skýrslu, sem ekki er ástæða til að rekja.

IV.

Vitnið Bragi Björnsson lögfræðingur kveðst hafa annast um sölu íbúðar að Bólstaðarhlíð 66, sem stefndi átti. Minnir vitnið, að salan hafi farið fram seinni hlutann í ágúst 1973. Varðandi viðræður sínar við Gunnar S. Björnsson tók vitnið m. a. fram: „Hannes ætlaði að fara að byggja eða var búinn að fá Gunnar Björnsson fyrir sig til þess að byggja þetta hús á Álftanesinu, og ég vissi það og veit það ósköp vel, hvað það þýðir að selja ofan af sér án þess að vita, hvort peningarnir fari strax í byggingu á svona verðbólgutímum eins og hafa alla tíð verið, bæði þá og síðan. Ég gerði mér sérstaka ferð til Gunnars og talaði við hann og gerði honum sérstaklega grein fyrir því, að ég legði mikla áherzlu á, að það lægi algjörlega ljóst fyrir, að hann héldi áfram með húsið, sem hann var búinn að taka að sér að koma undir þak, og það yrði enginn dráttur á því. Mér var kunnugt um, að það hefði orðið mikill dráttur á því og það hefði verið sáralítið unnið í húsinu og verkið bókstaflega ekki gengið nokkurn skapaðan hlut. Ég marg ítrekaði það við hann, og það endaði með því, að við tókumst í hendur til staðfestu því, að hann ætlaði að setja húsbygginguna í gang nokkrum dögum síðar og hætta ekki við hana, fyrr en hann hefði klárað sitt verk. Ég sagðist ekki mundu selja íbúðina, nema að þetta lægi algjörlega ljóst fyrir." Vitnið kveðst hafa verið búið að skoða aðstæður á byggingarstaðnum, áður en samtal þess við Gunnar fór fram. Hafi allt verið í „róðaríi í þessu hverfi þarna og allt í mold og spýtnabraki, ég held, að

það hafi ekki verið nema sökklarnir eða eitthvað slíkt og ekki byrjað að slá upp fyrir hæðinni."

Vitnið Hrafnkell Thorlacius arkitekt kvaðst hafa teiknað húsið, sem málið fjallar um. Jafnframt hefur vitnið skýrt svo frá: „Ég gerði ekki verklýsingu á pappalögn hússins. Ég minnist þess að hafa gert athugasemdir á byggingarstað vegna pappa, sem ég taldi ekki nógu góðan, en ég þori ekki að fara með það nú, hvort það var áður eða eftir að hann var settur á, en ég vil taka fram, að ég hafði ekki daglegt eftirlit með byggingu hússins. Áðurgreinda athugasemd gerði ég við trésmið á byggingarstað, en sá trésmiður mun hafa verið starfsmaður stefnanda. Ég man ekki, hvaða tegund af pappa það var, sem ég fann að, en þessi pappi var þeirrar gerðar, að ég taldi hann engan veginn nothæfan á þak eins og þetta. Mig minnir, að þetta hafi verið venjulegur þakpappi eins og lagður er undir járnþök. Það kom fram á teikningu, að þakpappi skyldi lagður á húsið, en ekki járn."

Vitnið Guðjón Helgason viðskiptafræðingur hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá m. a.: „Ég vann við húsið Túngötu 25 á Álftanesi, og ég þurfti að rífa eitt pappalag af þakinu til þess að geta sett þrjú pappalög samkvæmt teikningu eða samkvæmt verklýsingu. Ég tók að mér sem verktaki að leggja pappalögnina á húsið. Það er ekki sériðn hér á landi að leggja slíka pappalögn á þök, en ég held þó, að þetta tilheyri trésmíðaiðninni. Pappinn, sem ég reif af, var asfaltfiltpappi, sem notaður er undir járn. Slíkur pappi dregur í sig vatn, og að mínu áliti var hann ónothæfur, og pappinn var þegar orðinn ónýtur sem undirlag, þar sem hann hafði bólgnað mikið upp. Auk þess dregur slíkur pappi alltaf til sín raka. Pappinn, sem ég setti á í staðinn sem fyrsta undirlag, var úr ólífrænum efnum, asfalti og með glertrefjum. Mig minnir, að ég hafi rifið áðurgreindan pappa af og lagt pappa á þakið í júní 1974, en ég man þetta ógjörla."

Vitnið Viðar Ólafsson verkfræðingur kveðst hafa gert verkfræðiteikningar og kostnaðaráætlun fyrir burðarvirki hússins í maí 1973 og hafi kostnaðaráætlunin miðast við verðlag þá og byggingarvísitöluna B 708.

Kostnaðaráætlunin er svohljóðandi:

„Nr. Verkliðir:	Ein.	Magn:	Ein.verð kr./ein	Verð kr.
1. Ýtt úr grunni	l.s.			30.000
2. Fylling í grunn	m^3	630	300	189.000
3. Mótafletir	m^2	1065	800	852.000

4.	Steypustyrktarjárn	kg	5530	50	276.500
5.	Steypa	m^3	130	3.550	461.500
6.	Þakviðir	m^3	35	30.000	105.000
					1.914.000
	Ófyrirséð og ýmislegt um 15%				286.000
				Heildarkostnaður	2.200.000“

Vitnið kveðst hafa gert kostnaðaráætlunina, eftir að það hafði lokið öllum verkfræðiteikningum varðandi húsið, en kostnaðaráætlunin sé dagsett 14. maí 1973. Vitnið skýrir svo frá: „Í þessari kostnaðaráætlun minni yfir burðarvirki, þar er hvergi minnst á lagnir, en um það hefur verið gerð sennilega sérstök kostnaðaráætlun, hún tilheyrir fokheldu stigi, lagnir, sem koma í grunn, auk þess að gera hús fokhelt. Það þýðir að klæða og þétta þakið, en inni í þessari áætlun minni var ekki klæðningin sjálf á þaki og heldur ekki pappi á þaki. Varðandi ýmsa smáhluti og ýmist smálegt þá er sérstakur liður, sem er 15%: „Ófyrirséð og ýmislegt“, held ég, að hann sé skýrður á skjalinu, sem á að vera svona fyrir smærri atriði, sem ekki eru talin upp sérstaklega þarna. Það er ekki reiknað með vinnu við einangrun, hins vegar er reiknað með uppsetningu þakviða. Það er ekkert minnst á glugga í þessari áætlun, og þeir hafa væntanlega ekki verið með.“ Vitnið kveðst ekki muna, hvort það tók afstöðu til þess í kostnaðaráætluninni, að ekki átti að múrhúða húsið. Í þeim tilfellum þurfi að hefla mótatimbur og aukaálag sé í ákvæðistaxta trésmiða við uppslátt á mótum, þegar ekki á að múrhúða.

Vitnið Vilhjálmur Þorsteinsson kveðst hafa tekið að sér að gera Túngötuna á Álftanesi. Segir vitnið, að starfsmenn Akureyjar h/f hafi aðeins í eitt skipti kvartað undan því, að ekki væri hægt að komast heim að húsi því, sem stefndi hafði í byggingu að Túngötu 25. Var hringt til vitnisins og því sagt, að steypa ætti daginn eftir, en ekki væri fært heim að húsinu. Kveðst vitnið strax hafa farið suður á Álftanes og lagað þetta, svo að þetta hafi verið í lagi daginn eftir. Vitnið kannast ekki við, að starfsmenn stefnanda hafi hjálpað vitninu við gatnagerðina, til þess að hægt væri að komast að húsinu og keyra að því fyllingarefni. Vitnið vantaði að vísu menn og starfsmenn stefnanda hafi verið

fáanlegir til að vinna þarna hjá vitninu í nokkra daga. Það hafi ekki verið út af því, að það væri töf eða neitt þannig lagað. Þeir hafi bara verið í vinnu hjá vitninu. Þær framkvæmdir, sem smiðir stefnanda gerðu á vegum vitnisins, hafi því ekki staðið í neinu sambandi við möguleika á aðkeyrslu að lóðinni nr. 25 við Túngötu. Vitnið minnist þess ekki, að steypa í köntum hafi nokkurn tíma verið svo blaut, að ekki hafi verið hægt að keyra að lóðinni, enda hafi verið notað þarna hraðharðnandi sement, svo að hægt hafi verið að aka yfir steypuna daginn eftir.

Vitnið Eyþór Stefánsson, sem kveðst hafa verið oddviti Bessastaðahrepps á þeim tíma, sem hér um ræðir, hefur í vottorði, dagsettu 26. mars 1977 skýrt svo frá, „að verktaki sá, sem lagði Túngötu sumarið 1972—1973 í Bessastaðahreppi, var mjög liðlegur með að hliðra til við þá, sem voru að byggja við götuna á sama tíma og hún var undirbyggð, enda var um það talað af hálfu oddvita, þegar verksamningur var gerður, að hægt væri að komast að byggingum með byggingarefni án tafar, enda kom það í ljós, að hann lagði leið að byggingum sumum, þegar þess var óskað, svo bílar kæmust með steypu og annað byggingarefni.“ Vitnið kveðst ekki hafa fengið nein tilmæli frá starfsmönnum stefnanda um að hliðra til vegna flutninga að lóðinni nr. 25 við Túngötu. „Vitnið gerði ráð fyrir því, að þeir, sem þurftu að komast að byggingunum á þeim tíma, sem gatan var lögð, snéru sér til verktakans og fengju undir eins komist að byggingarsvæðinu, eins og um var talað við verktakann upphaflega, en það komu aldrei tilmæli til mín eða verktakans, eftir því sem mér er sagt, um bygginguna þarna á Túngötu 25.“

Vitnið Guðmundur Gunnar Halldórsson húsasmiður hefur í vottorði, dagsettu 28. apríl 1977, skýrt svo frá: „Ég vann sumarið 1973 að smíði húss míns, Túngötu 23 í Bessastaðahreppi. Það sumar var ég einnig steypustöðvarstjóri hjá Steypustöðinni Verk h/f, sem seldi steypu í þrjú hús við umrædda götu, auk míns eigin húss. Það var í mínum verkahring að sjá svo um, að hægt væri að komast með steypubíla og krana að byggingarstöðum. Ég þurfti því að snúa mér til verktaka þess, Húmus h/f, sem annaðist lagningu Túngötu í Bessastaðahreppi, ef eitthvað var í vegi með vegna gatnagerðarinnar, að komizt yrði að byggingarstöðum. Ég staðfesti, að verktakinn brást jafnan við þegar í stað og gerði leiðir færar, fyllti upp í skurði o. þ. h., þannig að ávallt var hægt að steypa á fyrirfram ákveðnum dögum.“ Hér fyrir dómi hefur vitnið lýst því yfir, að rétt væri frá skýrt í vottorð-

inu. Vitnið kveðst hafa ýtt upp úr grunni sínum 10. apríl 1973 og hús hans að Túngötu 23 hafi verið fokhelt fyrir 15. nóvember s. á. Vitnið minnist þess ekki, að tafir hafi orðið sérstakar við hús nr. 25 vegna vankvæða við aðkeyrslu, svo það muni eftir, en vitnið kveðst þó ekki geta sagt með fullri vissu um það. Vitnið kveðst muna eftir skurði, sem grafinn var þvert á allar innkeyrslur milli bak- og framlóða. Þessi skurður torveldaði ekki aðkeyrslu að húsi vitnisins, hann var fyrir innan lóð vitnisins, þ. e. fyrir austan lóðina. Þessi skurður hindraði hins vegar aðkeyrslu að bakhúsunum, m. a. nr. 21 og 25. Vitnið kveðst hafa séð um steypu, að því leyti sem til þurfti í húsið nr. 21, svo og bakhús nr . 17 svo og bakhús nr. 9. Engar tafir urðu á steypu við þessi hús vegna skurðarins, þar sem Vilhjálmur sá jafnan um það f. h. Húmus h/f, að leiðin væri greið að grunnunum, en vitnið kveðst jafnan hafa gert honum viðvart fyrirfram, áður en steypuvinna hófst við húsið.

Vitnið Ólafur Hafþór Guðjónsson vörubílstjóri hefur í vottorði, dagsettu 12. apríl 1977, skýrt svo frá: „Um sumarið 1973 í júnímánuði hafði Albert Finnbogason hjá Akurey h/f samband við mig undirritaðan um að fylla í grunn að Túngötu 25, Álftanesi, sem reyndist nokkrum erfiðleikum bundið vegna gangstéttar og gatnagerðar í götunni. Gerði ég tilraun til að komast með fyllingarefni, sem ekki tókst. Fór ég þá í annað verkefni, sem tók ca. 7—10 daga. Af þessu hlutust nokkrar tafir. Þetta sumar var mikið að gera við akstur fyllingarefnis, svo erfitt var að fá fyllingarefni ekið í smærri verkefni sem þetta". Hér fyrir dómi hefur vitnið staðfest vottorð þetta og skýrt svo frá, að það hafi haft samband við annan hvorn verktakann, Vilhjálm eða Hjört, sem hafi verið á staðnum. Hann hafi enga úrlausn getað veitt, því að nýbúið var að steypa gangstéttarkant, sem ekki mátti keyra yfir. Vitnið kveðst hafa verið með fullan bíl af möl. Kveðst það hafa þurft að fara með bílhlassið annað. Það kveðst hafa kvartað um þetta við starfsmenn stefnanda, sem ekki vissu um þetta fyrr en á eftir. Vitnið hætti við að aka fyllingarefni að húsi stefnda í nefnt sinn, og liðu nokkrir dagar, þar til það gat aftur hafist handa um það verk. Í annað skipti kveðst vitnið hafa lent í töfum þarna vegna skurðar, sem var efst í götunni í grennd við hús stefnda. Minnir vitnið, að það hafi einnig þá farið frá og komið síðar og muni um 2—3 dagar hafa liðið á milli.

Í málinu liggur frammi vottorð Hjartar Hanssonar verkfræðings, dagsett 15. apríl 1977, svohljóðandi: „Ég undirritaður sem

starfsmaður Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen s.f. hafði eftirlit með framkvæmdum við gerð Túngötu í Bessastaðahreppi, og staðfesti ég hér með það, að verktakinn Húmus h.f. reyndi eftir beztu getu að hliðra til fyrir húsbyggjendum, svo að þeir kæmust að lóðum sínum vegna húsbygginga sinna."

V.

Lögmaður stefnanda hefur í greinargerð sinni, sem dagsett er 16. júní 1976, m. a. tekið fram: „Heildarkostnaðurinn við verkið nam kr. 5.318.442.-. Af þeirri upphæð hefur stefndi aðeins greitt kr. 3.500.000.-. Eftirstöðvarnar eru því kr. 1.818.442.-, sem stefndur hefur verið ófáanlegur til að greiða, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, bæði munnlegar og skriflegar. Stefndi hefur í sinni vörzlu efnisreikninga, sem stefnandi afhenti honum til athugunar, en hefur ekki fengið til baka, svo hann gæti sannreynt þá staðhæfingu stefnds, að nokkrir reikningar séu tvífærðir, en á réttarskjali nr. 8 er því haldið fram, að svo sé. Að sjálfsögðu samþykkti stefnandi í bréfi á réttarskjali 9, að það yrði leiðrétt. Lögmaður stefnda hefur talið, að slík tvífærsla nemi ca. kr. 300.000.-, og er því sú upphæð dregin frá eftirstöðvunum samkv. framansögðu, og er stefnukrafan þess vegna kr. 1.518.442.-. Nemi tvífærslan ekki kr. 300.000.-, er um afslátt að ræða af hendi stefnanda."

Undir rekstri málsins afhenti stefndi stefnanda reikninga þá, sem hann hafði tekið við hjá stefnanda. Hefur stefnandi fengið löggiltan endurskoðanda til að yfirfara reikningana. Í bréfi endurskoðandans, sem er dagsett 9. nóvember 1977, segir svo:

„Reikningur frá Akurey h.f. (fskj. 1—4):				
No. 301 dags.	18. des. 1973, ...	kr.	581.000	
— 20 —	4. apr. 1974, ...	—	1.489.037	
— 34 —	5. maí 1974, ...	—	269.728	
— 125 —	16. des. 1974, ...	—	305.496	kr. 2.645.261
Útlagðir reikningar Akureyjar h/f, (fskj. 5—53):				
Efnisreikningar		kr.	1.972.559	
Aðkeypt vinna ásamt efni, tækjaleiga, akstur o. fl.		—	416.383	— 2.388.942

Reikningar frá Akurey h.f. samtals	kr. 5.034.203
Innborganir Hannesar Péturssonar, samtals	— 3.500.000
Skuld Hannesar Péturssonar samkvæmt framlögðum reikningum Akureyjar h/f	kr. 1.534.203

Sundurliðun er gerð samkvæmt nefndum fylgiskjölum og er öll vegna byggingarkostnaðar hússins að Túngötu 25 í Bessastaðahr. Það skal tekið fram, að öll fylgiskjöl eru í frumriti að undanteknu fskj. 4 að upphæð kr. 305.496 og fskj. 53 að upphæð kr. 240.919, en ljósrit af þeim fylgdu."

Við hinn munnlega flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að stefnandi gerði enga breytingu á dómkröfum sínum, enda þótt niðurstaða hins löggilta endurskoðanda reyndist kr. 15.761 hærri en stefnukrafa málsins.

Kröfur sínar styður stefnandi þeim rökum, að af hálfu stefnanda hafi ekki verið lofað að byggja húsið fyrir ákveðið verð eða fyrir tiltekinn tíma.

Þá er því haldið fram, að óbein viðurkenning á réttmæti reikninganna felist í eftirfarandi skýrslu stefnda hér fyrir dómi 28. mars 1977, en ummæli stefnda eru svohljóðandi: „Ég var í sjálfu sér ekki óánægður með að greiða það, sem ég var búinn að greiða. Ég gat vel viðurkennt, að sú greiðsluáætlun, sem Gunnar Björnsson gerði, það er ekki sanngjarnt, að hún stæðist að öllu leyti, því það hækkaði verð um sumarið, sem húsið var í smíðum. Eðlileg hækkun átti að koma til, og mér finnst ég hafa greitt nokkuð með þessu, sem ég hef þegar greitt eða hafði greitt þá og stendur enn kr. 3,5 millj., um einni millj. meira heldur en sú áætlun hljóðaði upp á, sem Gunnar gerði."

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að kostnaðaráætlun Viðars Ólafssonar verkfræðings geti skipt hér máli, þar sem áætlun sú taki aðeins til burðarvirkja hússins, en nái ekki til alls kostnaðar við að gera það fokhelt. Þetta sé hlutur, sem meðdómsmenn ættu að geta séð í hendi sér og metið.

Af hálfu stefnanda er viðurkennt, að verkið hafi dregist nokkuð, en ýmis atvik, sem stefnandi geti ekki borið ábyrgð á, hafi valdið þessum töfum meðal annars. Erfitt hafi verið að fá verkamenn á þessu tímabili og einnig hafi verið erfitt að fá tæki, svo sem krana og þjöppur og fleira slíkt á réttum tíma. Gatnagerðarframkvæmdir Bessastaðahrepps hafi staðið yfir á sama tíma

og lokað aðkeyrsluleiðum að húsinu og þannig dregið úr framkvæmdahraða, sbr. vætti vitnisins Guðmundar Gunnars Halldórssonar. Veggir hafi verið mjög háir og ekki hafi átt að múrhúða húsið. Hafi því verið allvandasamt að slá steypumótum upp og sumt af uppslættinum hafi verið vandasamt að gera, svo sem arininn. Þá hafi mjög skort á, að nægjanleg lýsing væri fyrir hendi.

Því er mótmælt af hálfu stefnanda, að stefnandi hafi borið ábyrgð á því, að stefndi seldi íbúð sína á þeim tíma, sem stefndi telji óhagstæðan fyrir sig.

Þá er því einnig mótmælt, að stefnandi beri nokkra ábyrgð á skemmdum, sem stefndi telji, að hafi orðið á pappalögn. Sennilega muni pappalögnin hafa skemmst af veðráttu, enda ekki til þess ætlast, að slík pappalögn væri lengi ysta klæðning á þakinu.

Stefnandi mótmælir því, að stefndi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna mótatimbursráðstafana stefnanda.

Einnig er því alfarið mótmælt, að stefnandi hafi átt að útvega eða sjá stefnda fyrir múrarameistara í lengri tíma en á verktíma stefnanda.

V.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan studd þeim rökum, að óumdeilt sé, að stefnandi hafi tekið að sér að byggja umrætt hús fyrir stefnda og koma því í fokhelt ástand. Forstöðumaður stefnanda, Gunnar S. Björnsson, hafi gefið út kostnaðaráætlun, og skyldi húsið samkvæmt því kosta kr. 2.435.000, og kom sú áætlun nokkuð vel heim við kostnaðaráætlun Viðars Ólafssonar verkfræðings, en þessar áætlanir hafi miðast við byggingarvísitöluna 708 stig. Kostnaðaráætlun Gunnars hafi verið gróf áætlun, en þá sé venja að miða við 10% frávik, en ekki 100%, eins og raunin hafi orðið. Gunnar hafi jafnframt gefið út greiðsluáætlun. Samkvæmt greiðsluáætluninni og munnlegum samningum Gunnars og stefnanda hafi Gunnar gefið loforð þess efnis að skila húsinu fokheldu í september/október 1973, að minnsta kosti séu löglíkur fyrir því, að Gunnar hafi f. h. stefnanda lofað þessu. Í því sambandi beri á það að líta, að Gunnar hafi viðurkennt, að um drátt af hálfu stefnanda hafi verið að ræða á afhendingu verksins. Hvernig geti verið um drátt að ræða, ef engin tímaákvörðun hafi verið tekin? Stefndi hafi tímasett sölu íbúðar sinnar í lok byggingartímans. Það sanni einmitt, að samið hafi

verið um ákveðinn afhendingartíma. Byggingartíminn hafi verið venjulegur byggingartími yfir sumarmánuðina og hafi að sjálfsögðu verið við það miðað. Samkvæmt framkvæmdaáætlun Gunnars hafi byggingartíminn verið 16 vikur. Vinnuskýrslur stefnanda sýni einnig 16 vikna vinnutíma, en 17. vikan hafi farið í það að endurbæta eigin mistök starfsmanna stefnanda við hinn ónýta pappa á þaki hússins. Húsið hafi hins vegar verið byggt á erfiðasta tíma ársins. Ef stefnandi hefði staðið við fyrirheit sín og byggt húsið á sumartímanum, hefði það tekið styttri tíma.

Afleiðingarnar af vanefndum stefnanda hafi orðið margvíslegar og dýrkeyptar fyrir stefnda. Byggingarvísitalan hafi hækkað úr 853 stigum 1. júlí 1973 í 913 stig hinn 1. nóvember 1973 og í 998 stig 1. mars 1974. Hafi kostnaðurinn við bygginguna því orðið verulega hærri fyrir þetta. Afkastageta í vetrarvinnu sé mun lakari og að vetri þurfi meiri ljós, fljótharðnandi sement og fleira og fleira. Þakpappinn, sem stefnandi notaði, hafi bæði verið óhæfur til síns brúks og auk þess illa lagður á þakið og því verið því sem ónýtur, enda hafi hann verið rifinn af og hafi stefndi þurft að fá aðra menn til að setja nýjan pappa á þakið. Beinn kostnaður við að fullgera húsið vegna vanefnda stefnanda megi teljast hæfilega áætlaður kr. 1.552.000. Stefndi hafi auk þess orðið að leigja sér húsnæði mun lengur en ella hefði orðið, ef vanefndir stefnanda hefðu ekki komið til. Megi áætla húsaleigutap stefnda kr. 300.000. Gunnar hafi sagt Braga Björnssyni, að óhætt væri fyrir stefnda að selja íbúð sína, og hafi stefndi selt íbúðina í ágústmánuði 1973. Tap vegna of fljótrar sölu íbúðarinnar sé hæfilega áætlað kr. 595.000. Þá hafi stefnandi lánað timbur til mótauppsláttar. Það hafi stefnandi gert án samráðs við stefnda. Timbur þetta hafi verið gamalt, notað og illnothæft og hefði stefndi ekki samþykkt það, ef hann hefði verið um það spurður. Þessi ráðstöfun stefnanda hafi því valdið stefnda tjóni.

Á það er einnig bent, að reikningsfærslur allar hjá stefnanda hafi verið með eindæmum lélegar. Komið hafi í ljós, að stefnandi hafði tvíreiknað reikninga upp á rúmlega kr. 300.000. Á vinnulistum séu engar kvittanir og á uppmælingum sé ekki tekið fram, hver hafi mælt, og ekki hafi stefndi verið kvaddur til að vera viðstaddur uppmælingar. Stefnda hafi verið reiknuð húsaleiga fyrir vinnuskúr og tími leigunnar hafi verið lengri en þörf var á. Skorað hafi verið á stefnanda að legggja fram skatt-

framtöl sín fyrir árið 1973/1974. Það hafi stefnandi ekki gert, heldur lagt fram skattframtöl fyrir árið 1974/1975. Stefndi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess, að múrarameistari sá, sem vann við húsið með stefnanda, hafi neitað að vinna áfram að múrverki við húsið, en á því beri stefnandi ábyrgð.

Af öllu ofansögðu sé ljóst, að bótakrafa stefnda sé mun hærri en kröfur stefnanda á hendur stefnda. Samkvæmt málavöxtum öllum beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins og dómtöku áskildi lögmaður stefnda stefnda enn á ný allan rétt til að láta meta verk stefnanda og tjón stefnda.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda sem of hárri.

VII.

Dómendur hafa farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Það er að vísu svo, að það verk, sem stefnandi tók að sér fyrir stefnda, að byggja umrætt einbýlishús að Túngötu 25 á Álftanesi og skila því í fokheldu ástandi, gekk hægara en bæði stefndi og fyrirsvarsmaður stefnanda, Gunnar S. Björnsson, virðast hafa gert ráð fyrir í upphafi. Gegn mótmælum af hálfu stefnanda hefur stefndi þó ekki sannað, að Gunnar hafi í samningaviðræðum gefið loforð fyrir hönd stefnanda eða að beinn samningur hafi komist á milli aðilja málsins þess efnis, að stefnandi skyldi byggja húsið á því tiltekna verði, sem í kostnaðaráætlun Gunnars greinir, og að stefnanda bæri að skila verkinu af sér fyrir tiltekinn tíma, svo sem stefndi vill túlka greiðsluáætlun Gunnars. Er þá meðal annars haft í huga, að áætlanir Gunnars eru handskrifaðar, ódagsettar og óundirritaðar. Frumrit skjala þessara hafa ekki verið lögð fram, en ekki hefur verið vefengt, að Gunnar hafi punktað texta þessara skjala niður á blokkarblöð. Stefndi hefur heldur ekki sannað gegn mótmælum stefnanda, að af hálfu stefnanda hafi síðar verið gefið loforð um, að byggingarframkvæmdum stefnanda skyldi lokið fyrir veturinn, sbr. vætti Braga Björnssonar.

Upplýst er, að sveitarfélagið stóð fyrir framkvæmdum við gerð Túngötunnar sumarið 1973. Gatnagerðinni fylgdi margs konar rask og tilfæringar. Byggingarlóð stefnda var innst í götunni og auk þess baklóð. Til þess að komast að lóðinni þurfti því að fara eftir Túngötunni endilangri og þar til viðbótar eftir stíg, sem liggur frá götunni að lóð stefnda. Með hliðsjón af því, hvernig til háttaði, hlutu gatnagerðarframkvæmdirnar að tor-

velda meir aðflutninga og aðkeyrslu að lóð stefnda en að lóðum flestra annarra húsa við götuna. Nú hagar svo til, að byggingarstaðurinn er í um 14 km fjarlægð frá miðborg Reykjavíkur. Þurfti því að flytja allt vinnuafl, tæki og efni alllangan veg á byggingarstaðinn. Telja verður, að stefnandi hafi gert sennilegt, að nokkrar tafir hafi orðið á framkvæmd verks hans vegna gatnagerðarinnar. Eins og á stóð, hlutu allar tafir því að koma sérlega illa við samhæfingu einstakra verkþátta og verða afdrifaríkar fyrir framvindu verksins. Upplýst er, að veggir í umræddu húsi eru háir og að ætlunin var að láta ógert að múrhúða þá. Þetta hvort tveggja krafðist sérstakrar vandvirkni og nákvæmni við mótauppslátt. Ljóst er, að tíðarfar getur haft mikil áhrif á gang þessa verkþáttar. Má því reikna með, að hverjar þær tafir í upphafi verksins, sem leitt hafa til þess, að því varð ekki lokið fyrir vetrarveður, hafi leitt til enn aukinna tafa.

Samkvæmt framansögðu er ósannað, að stefnandi beri ábyrgð á því, að byggingarframkvæmdir stefnanda drógust fram á árið 1974, eða að stefnandi beri ábyrgð á hugsanlegu tjóni stefnda vegna sölu íbúðar hans, en að stefndi hafi orðið fyrir tjóni vegna of fljótrar sölu íbúðarinnar, er einnig ósannað. Stefnandi verður því heldur ekki talinn bera ábyrgð á húsaleigutjóni stefnda.

Stefndi hefur ekki fengið dómkvadda matsmenn til að láta í ljós álit sitt á ýmsum þáttum ágreiningsefnis málsins þrátt fyrir umtal hans sjálfs þar um og lögmanna hans bæði fyrir málshöfðun þessa og undir rekstri málsins.

Stefnandi hefur nú lagt fram frumrit þeirra reikninga, sem hann byggir kröfur sínar á. Svo sem fyrr er frá greint, afhenti stefndi stefnanda reikningana undir rekstri málsins, og hafa þeir verið yfirfarnir af endurskoðanda, sem stefnandi leitaði til. Virðast þeir reikningar, sem stefndi taldi vera tvífærða, hafa verið teknir út úr, áður en endurskoðandinn fékk reikningana til meðferðar.

Hinir sérfróðu meðdómendur hafa farið yfir reikningana og þær nótur og fylgiskjöl, sem þeim fylgja, eins og skjöl þessi komu frá endurskoðandanum. Hafa meðdómendurnir ekkert fundið athugavert við reikningana annað en það, að það er álit þeirra, að stefnandi hafi átt að kynna sér rækilega, áður en hann lagði pappa á þakið, hvernig hugmyndin væri að ganga endanlega frá þakklæðningunni. Hafi stefnanda verið rétt að hafa samráð við hönnuð þaksins og/eða verktaka þann, sem tæki að sér frágang þakklæðningarinnar, áður en stefnandi valdi pappann á þakið.

Þetta vanrækti stefnandi. Er það álit dómsins, að stefnandi sé bótaskyldur gagnvart stefnda vegna þess, að stefnandi hafi hvorki valið réttan pappa né annast pappalögnina með þeim hætti sem honum bar. Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að tjón stefnda vegna hinnar gölluðu pappalagningar sé hæfilega ákveðið kr. 52.000.

Stefndi hefur ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirra timburráðstafana, sem stefnandi gerði varðandi hússmíðina. Sú málsástæða stefnda, að stefnandi beri einhverja ábyrgð á því, að sá múrarameistari, sem vann fyrir stefnanda við að gera húsið fokhelt, vildi ekki vinna fyrir stefnda, er með öllu ósönnuð.

Samkvæmt framansögðu verður hin umstefnda krafa stefnanda tekin til greina með kr. 1.466.442 (1.518.442 ÷ 52.000) ásamt vöxtum, sem rétt þykir að ákveða 13% ársvexti frá 1. janúar 1975 til greiðsludags.

Þrátt fyrir þessi úrslit þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Indriða Níelssyni húsasmíðameistara og Ragnari Ingimarssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Hannes Pétursson, greiði stefnanda, Akurey h/f, kr. 1.466.442 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1975 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. október 1980.

Nr. 204/1978. **Haraldur Jóhannsson**
(sjálfur)
gegn
Fasteignatorginu
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fasteignaviðskipti. Söluþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi í máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1978, en útivistardómur gekk í því máli 1. nóvember s. á. Ný áfrýjunarstefna var gefin út 23. nóvember 1978. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð 175.000 krónur með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. janúar 1977 og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Atvikum málsins og málsástæðum og lagarökum aðilja er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast má á það með áfrýjanda, að eftir 4. gr. laga nr. 47/1938 um fasteignasölu hafi stefnda meðal annars borið að hafa til reiðu til leiðbeiningar fyrir viðskiptamenn sína upplýsingar um fasteignamat þeirra íbúða, sem um getur í máli þessu. Þetta gerði stefndi ekki og ber að hafa í huga, þegar þóknun til hans er ákveðin, en ekki leiðir þetta til þess, að áfrýjandi verði sýknaður af kröfum stefnda. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með tilvísun til þess, sem segir í forsendum hins áfrýjaða dóms um þóknun til stefnda, ber að ákveða hana 100.000 krónur.

Krafa áfrýjanda um 175.000 króna bætur úr hendi stefnda er þannig til komin, eins og fram kemur í héraðsdómi, að

áfrýjandi greiddi nafngreindum manni þessa fjárhæð í bætur vegna riftunar áfrýjanda á samningi um sölu á íbúð áfrýjanda við Sólheima. Nú er það að vísu svo, að stefndi gætti ekki, sem fyrr segir, til hlítar skyldna sinna samkvæmt lögum um fasteignasölu, en lagarök brestur þó til að telja, að það leiði til þess, að stefnda beri að greiða áfrýjanda þær bætur, sem krafist er.

Vextir af fjárhæð þeirri, sem áfrýjanda ber að greiða stefnda, skulu vera þessir: 13% ársvextir frá 1. desember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979 og 30% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Eru vextir frá 1. desember 1979 ákveðnir með hliðsjón af kröfugerð stefnda.

Eftir þessum málalyktum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 200.000 krónur samtals fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Haraldur Jóhannsson, greiði stefnda, Fasteignatorginu, 100.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. desember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. mars 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 24. febrúar 1977, af Fasteignatorginu, Grófinni 1,

Reykjavík, gegn Haraldi Jóhannssyni, Mánagötu 11, Reykjavík, en Haraldur höfðaði gagnsök í málinu með stefnu, birtri 11. mars 1977.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 182.000 með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. desember 1976 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Aðalstefndi krefst sýknu og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnanda að skaðlausu.

Í gagnsök krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 175.000 í skaðabætur með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til 16. nóvember s. á. og með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Gagnstefndi krefst sýknu og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnstefnanda.

Málavextir eru þeir, að hinn 26. nóvember 1976 gerði aðalstefndi kauptilboð í 6 herbergja íbúð á efri hæð og í risi að Vífilsgötu 11 í Reykjavík, og nam tilboðsfjárhæðin kr. 8.000.000. Íbúðin var veðbandalaus. Aðalstefndi sagði við munnlegan flutning málsins, að þetta tilboð hefði verið samþykkt á sama tíma munnlega af hálfu umboðsmanns íbúðareigandans, Ingólfs Árnasonar, en tilboðið var skriflega samþykkt af honum með undirritun hinn 30. nóvember 1976. Á kauptilboðið er ritað eftirfarandi: „ATHUGIÐ: Þegar tilboð hefur verið samþykkt af báðum aðilum (kaupanda og seljanda) er kominn bindandi kaupsamningur á milli þeirra."

Sama dag, þ. e. 26. nóvember 1976, gera hjónin Ingibjörg Jósefsdóttir og Sveinbjörn Steinsson kauptilboð í íbúð aðalstefnda að Sólheimum 23, Reykjavík, sem er á 11. hæð í því fjölbýlishúsi, og var tilboðsfjárhæðin 9.1 milljón. Íbúð þessi var veðbandalaus. Aðalstefndi samþykkti þetta kauptilboð sama dag með þeim fyrirvara, að samþykkt yrði kauptilboð hans í íbúðina að Vífilsgötu 11.

Á þessu kauptilboði er sams konar áritun og að framan greinir.

Aðalstefndi ritar síðan Sveinbirni Steinssyni bréf, dagsett 2. desember 1976, svohljóðandi: „Ég endurtek hér með það, sem ég sagði yður í símtali s.l. laugardag 27. nóvember 1976, að mér er ógerningur að taka kauptilboði yðar í íbúð mína í Sólheimum 23, Reykjavík, þótt ég hefði fallist á það skriflega síðdegis föstudaginn 26. nóvember 1976 (þ. e. 22 klst. áður). Ég treysti því,

að þér hafið ekki orðið fyrir miklum óþægindum af þessum sökum. Gjarnan vildi ég ræða þetta mál við yður."

Aðalstefndi sagði við munnlegan flutning málsins, að hann hefði rift tilboði því, sem hann gerði í Vífilsgötu 11, í símtali laugardaginn 27. nóvember 1976 við umboðsmann Ingólfs Árnasonar, Sigmund Stefánsson, og hefði hann einhvern næstu daga látið Fasteignatorgið vita um það í símtali og sig minnti, að hann hefði gengið þar við, en af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að tilkynning um riftun hafi fyrst borist fasteignasölunni 2. desember 1976. Hinn 16. desember 1976 greiddi aðalstefndi Sveinbirni Steinssyni kr. 175.000 í skaðabætur vegna riftunar hans á kauptilboðinu í íbúðina að Sólheimum 23.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að kominn hafi verið á bindandi kaupsamningur um íbúð aðalstefnda að Sólheimum 23, sem aðalstefnandi hafi haft til sölu. Því beri aðalstefnda skylda til þess að greiða honum sölulaun, sem nemi 2% af því verði, sem greiða átti fyrir íbúðina, og sé sú upphæð kr. 182.000 auk vaxta.

Aðalstefnandi hafi að fullu gætt ákvæða 4. gr. laga nr. 47/1938 um fasteignasölu, þegar hann seldi íbúðirnar að Sólheimum 23 og Vífilsgötu 11. Tekjur af íbúðum séu eingöngu leigutekjur og aðalstefnda hafi verið ljóst, að íbúðin að Vífilsgötu 11 væri ekki í leigu. Útgjöld af íbúðum séu eingöngu fasteignagjöld og afborganir af veðskuldum, sem á þeim hvíli, en stefndi hafi vitað af framlögðu veðbókarvottorði, að engin veðskuld hvíldi á íbúðinni að Vífilsgötu 11, og hafi enn fremur mátt vita, að fasteignagjöld þyrfti að greiða af henni, enda sé aðalstefndi hagfræðimenntaður og íbúðareigandi. Ekki skipti máli um fasteignamat íbúðanna, þar sem íbúðir seljist á frjálsum markaði og fari verð þeirra eftir framboði og eftirspurn á hverjum tíma og sé ekki í neinum tengslum við fasteignamat þeirra. Aðalstefndi hafi fengið þær upplýsingar um íbúðina að Vífilsgötu 11, sem hann hafi óskað og venja sé að gefa í fasteignaviðskiptum.

Af þessu sé ljóst, að aðalstefnandi hafi að fullu gætt skyldna sinna gagnvart aðalstefnda og beri honum því skylda til að greiða aðalstefnanda umkrafin sölulaun.

Af hálfu aðalstefnda er því haldið fram, að aðalstefnandi hafi ekki gætt ákvæða 4. gr. laga nr. 47/1938 um fasteignasölu. Hann hafi ekki gert grein fyrir tekjum og gjöldum af íbúðinni að Vífilsgötu 11 eða fasteignamati hennar. Ekki hafi verið gefnar upplýsingar um flatarmál hennar, sem sé alvarleg yfirsjón af hálfu

aðalstefnanda. Í ljós hafi komið, eftir að tilboðin hafi verið gerð, að mikill mismunur sé annars vegar á hlutfalli fasteignamats og hins vegar hlutfalli fyrirhugaðs söluverðs íbúðanna, þannig að miðað við fyrirhugað söluverð íbúðarinnar að Vífilsgötu 11 hefði söluverð íbúðarinnar að Sólheimum 23 átt að nema kr. 11.117.329. Aðalstefnandi hafi vanrækt að skýra frá þessu, eins og honum hafi borið skylda til lögum samkvæmt, en hefðu þessar upplýsingar legið fyrir, hefðu tilboðin aldrei verið gerð. Orsök riftunarinnar sé því röng aðferð aðalstefnanda við sölu íbúðanna og því eigi hann ekki rétt á því að fá greidd sölulaun.

Í gagnsök er því haldið fram af hálfu gagnstefnanda, að gagnstefnda beri skylda til vegna rangra aðferða við sölu framangreindra íbúða að greiða sér í skaðabætur kr. 175.000 ásmt vöxtum, en þá upphæð hafi hann þurft að greiða Sveinbirni Steinssyni í skaðabætur vegna riftunar tilboðs hans í íbúðina að Sólheimum 23. Eins og að framan sé lýst, sé ástæða riftunarinnar sök gagnstefnda og beri honum því skylda til að greiða sér þessar bætur.

Af hálfu gagnstefnda er því haldið fram í gagnsökinni, að gagnstefnanda sé sjálfum um að kenna, að hann hafi þurft að greiða þessar skaðabætur vegna riftunarinnar, en til þess hafi hann ekki á neinn hátt verið þvingaður. Ekki séu nein tengsl á milli þessara skaðabóta og aðalsakarinnar. Gagnstefnda hafi fyrst borist riftun gagnstefnanda á kauptilboði vegna íbúðarinnar að Sólheimum 23 2. desember 1976, en þá hafi verið búið að samþykkja kauptilboðið. Gagnstefnandi verði sjálfur að standa undir þeim skaðabótum, sem hann hafi greitt, og eigi enga kröfu á hendur gagnstefnda þeirra vegna.

Af hálfu aðalstefnda er viðurkennt, að búið hafi verið að samþykkja munnlega kauptilboð hans í íbúðina að Vífilsgötu 11, þegar hann rifti því. Samþykkt hafði verið kauptilboðið í íbúð aðalstefnda að Sólheimum 23. Skiptir því ekki máli, hvenær tilkynning um riftun barst, enda ekki byggt á því atriði af hálfu aðilja.

Samkvæmt efni kauptilboðanna mátti aðalstefnda vera ljóst, að með þeim væru komnir á bindandi kaupsamningar. Skoðun aðalstefnda á íbúðinni að Vífilsgötu 11 virðist hafa verið fremur lausleg eftir því sem fram kemur í bréfi hans til aðalstefnanda, dags. 8. febrúar 1977, en ekki verður séð, að það sé sök aðalstefnanda, heldur hafi aðalstefndi ekki gefið sér betri tíma. Upplýsingar um nákvæma flatarstærð íbúðarinnar virðast ekki hafa

legið fyrir, en í framangreindu bréfi segir aðalstefndi, að aðalstefnandi hafi boðist til að athuga það, en það hafi farist fyrir vegna þess flýtis, sem síðar hafi orðið á viðskiptunum. Aðalstefndi heldur því fram, að það hafi verið alvarleg yfirsjón af hálfu aðalstefnanda að upplýsa ekki flatarstærð íbúðarinnar. Þar sem aðalstefndi skoðaði sjálfur íbúðina og eins og aðdragandinn að íbúðarkaupunum var skv. framangreindu bréfi aðalstefnda, þykir hér ekki vera um að ræða brot aðalstefnanda á ákvæðum 4. gr. laga nr. 47/1938. Viðurkennt er, að íbúðin að Vífilsgötu 11 var ekki í leigu. Hún var veðbandalaus skv. veðbókarvottorði, og aðalstefndi mátti vita, að af henni þyrfti að greiða fasteignagjöld. Upplýsingar aðalstefnanda um þessi atriði þykja hafa fullnægt ákvæðum 4. gr. laga nr. 47/1938.

Ómótmælt er af hálfu aðalstefnanda, að upplýsingar um fasteignamat Vífilsgötu 11 lágu ekki frammi við gerð kauptilboðsins. Sama máli mun hafa gegnt um íbúðina að Sólheimum 23, en þess ber að gæta, að sú íbúð var í eigu aðalstefnda, og hefur hann því hlotið að vita eða mátt vita um fasteignamat hennar. Ekki segir berum orðum í framangreindri lagagrein, að fasteignasala beri skylda til að gefa upplýsingar um fasteignamat íbúða, sem til sölumeðferðar eru.

Með hliðsjón af því, að fasteignamatsverð er sjaldnast afgerandi þáttur í ákvörðun um söluverð íbúða, þykir ekki rétt, að skortur á upplýsingum um fasteignamat íbúðarinnar að Vífilsgötu 11 eigi að leiða til þess, að aðalstefnandi eigi ekki rétt á söluþóknun úr hendi aðalstefnda fyrir aðstoð við sölu íbúðar hans að Sólheimum 23, þótt ekki yrði af sölu íbúðarinnar vegna riftunar aðalstefnda á kauptilboðinu. Í þessu sambandi ber þess að gæta, að ekkert er komið fram um það, að söluverð íbúðarinnar að Vífilsgötu 11 kynni að hafa orðið lægra eða söluverð íbúðarinnar að Sólheimum 23 hærra, þótt fasteignamat hefði legið fyrir við gerð kauptilboðanna.

Samkvæmt framansögðu þykir aðalstefndi (sic) eiga rétt til þóknunar úr hendi aðalstefnda fyrir aðstoð við sölu á íbúð hans, en við ákvörðun fjárhæðarinnar þykir verða að taka tillit til þess, að ekki varð endanlega af sölunni.

Söluþóknunin þykir hæfilega ákveðin kr. 140.000, sem aðalstefndi greiði aðalstefnanda með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. desember 1976 til greiðsludags.

Málskostnaður, sem aðalstefndi greiði aðalstefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu í aðalsök leiðir af sjálfu, þar sem gagnstefnandi byggir kröfur sínar á sömu málsástæðum og sýknukröfur í aðalsök, að gagnstefndi skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Rétt þykir, að í gagnsök falli málskostnaður niður.

Friðgeir Björnsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Haraldur Jóhannsson, aðalstefnanda, Fasteignatorginu, kr. 140.000 með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. desember 1976 til greiðsludags og kr. 60.000 í málskostnað. Í gagnsök skal gagnstefndi, Fasteignatorgið, vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Haralds Jóhannssonar. Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. október 1980.

Nr. 102/1978. **Hermann Sigurðsson**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Gerald Häsler
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Sýknað af skaðabótakröfu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða sér 1.272.920 krónur með 13% ársvöxtum

frá 19. febrúar 1976 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi engar sérstakar dómkröfur gert varðandi fjárhæðir þær, sem hann var dæmdur til að greiða stefnda með hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt málflutningi hans verður þó að líta svo á, að hann uni úrlausn héraðsdóms um þessi atriði, og verður dómurinn staðfestur að því leyti.

Fyrir Hæstarétti hefur því verið lýst yfir af hálfu aðilja, að stefndi hafi veitt viðtöku greiðslu að fjárhæð 500.000 krónur frá áfrýjanda hinn 20. nóvember 1976, en eigi 20. október 1976 eða 14. nóvember s. á., eins og talið er í forsendum hins áfrýjaða dóms.

Ósannað er, að stefnda hafi verið kunnugt um leka frá þaki hússins, áður en kaup aðilja voru ráðin. Samkvæmt málflutningi var húsið reist um síðustu aldamót. Þakjárn var orðið ryðbrunnið, og af vætti matsmanna svo og af áliti héraðsdómenda, sem sjálfir gengu á vettvang, verður fullvíst talið, að gallar, sem valdið gátu leka, hafi verið augljósir hverjum þeim, sem virti fyrir sér húsið að utan. Áfrýjandi skoðaði húsið, áður en kaup fóru fram, og átti honum samkvæmt framansögðu ekki að dyljast ásigkomulag þaksins. Samkvæmt þessu og meginreglunni í 47. gr. laga nr. 39/1922 ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er varðar skaðabótakröfu áfrýjanda vegna galla á þaki.

Stefndi hefur fallist á, að sér beri að greiða áfrýjanda skaðabætur vegna frágangs á raflögn fyrir kynditæki. Hafa aðiljar lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að þær bætur séu hæfilega metnar 50.000 krónur með vöxtum, svo sem áfrýjandi krefst.

Ekki er komið fram, að sérstakra bilana í raflögn hafi orðið vart, áður en áfrýjandi keypti húsið, og lagfæringar þær á hinni gömlu raflögn, sem Rafveita Ísafjarðar krafðist, að gerðar yrðu, eftir að skoðun fór fram 29. desember 1975, virðast í öllum meginatriðum hafa varðað endurbætur á

lögninni eða lagfæringar á frágangi, sem sjáanlegur var hverjum, er skoðaði húsið. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann einnig að því er varðar þennan þátt í kröfugerð áfrýjanda á hendur stefnda, að öðru leyti en því, að áfrýjanda verða dæmdar þær 50.000 krónur, sem fyrr voru greindar, ásamt vöxtum, svo sem krafist er.

Eftir þessum úrslitum verður málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 300.000 krónur.

Mál þetta var í héraði dæmt af fulltrúa bæjarfógetans á Ísafirði ásamt meðdómendum. Meðdómendurnir voru ekki kvaddir til setu í dómi fyrr en við munnlegan flutning máls 21. október 1977. Þessi háttur á kvaðningu meðdómenda er andstæður meginreglu 205. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Stefndi, Gerald Häsler, greiði áfrýjanda, Hermanni Sigurðssyni, 50.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 19. febrúar 1976 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslur áfrýjanda til stefnda, þar með talið ákvæði um málskostnað, eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi greiði stefnda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og Þorsteins Thorarensen.

I.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um það atriði, að áfrýjandi hafi í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti við-

urkennt, að staðfesta beri þann þátt hins áfrýjaða dóms, er lýtur að fjárhæðum þeim, er honum var gert að greiða.

Enn fremur erum við sammála meiri hluta dómenda um bótakröfu vegna leka.

II.

Hins vegar getum við ekki fallist á niðurstöðu þeirra að því er varðar þann þátt í bótakröfu áfrýjanda, sem leidd er af göllum í rafmagnslögn og rafmagnskerfi hússins.

Samkvæmt ákvæðum reglugerða, sem gilda í Ísafjarðarkaupstað, þ. e. reglugerðar um raforkuvirki nr. 264/1971 (landsreglugerð) og reglugerðar fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 230/1973, getur rafmagnseftirlit Rafveitu Ísafjarðar stöðvað raforkusölu til einstakra kaupenda raforku, ef raforkuvirki þeirra fullnægja ekki settum skilyrðum og úrbætur ekki framkvæmdar samkvæmt fyrirmælum rafmagnseftirlits. Reglugerðarákvæði þessi byggjast á öryggissjónarmiðum.

Áfrýjandi er ekki sérfróður um raforkuvirki. Gallar þeir, er matsgerð hefur leitt í ljós, að voru á raflögnum, voru honum ekki sýnilegir við þá skoðun, sem hann framkvæmdi við kaupin.

Ætla verður, að honum hafi verið kunnugt um, að stefndi hafði nýverið búið á eigninni árum saman og að hún hafi síðan verið notuð til gistihúsrekstrar, þar sem vænta má, að sérlega sé hugað að eldvörnum.

Af þessum ástæðum og einnig þegar á það er litið, að stefndi hefur rafvirkjamenntun, hafði áfrýjandi ekki sérstaka ástæðu til að ætla, að ástand raflagna fullnægði ekki almennum öryggisskilyrðum um raforkuvirki, enda þótt honum væri að sjálfsögðu ljóst, að um var að ræða mjög gamla fasteign.

Eins og hér stóð á, verður að telja, að stefndi hafi haft ríka upplýsingaskyldu gagnvart áfrýjanda um galla eða vanbúnað. Enda þótt ekki sé sönnuð gegn neitun stefnda sú frásögn áfrýjanda, að stefndi hafi aðspurður sagt rafkerfi hússins í lagi, verður að telja, að stefnda hafi borið að gera

áfrýjanda það ljóst við kaupin, að óvíst væri, að rafkerfi hússins stæðist almennar öryggiskröfur. Vegna vanrækslu stefnda í þessa átt þykir hann hafa fellt á sig bótaskyldu gagnvart áfrýjanda vegna hins gallaða rafkerfis.

Matsgerð þeirra Heiðars Guðmundssonar og Óskars Eggertssonar er gölluð að því leyti, að kostnaður við úrbætur er ósundurliðaður og heildarniðurstaða óákveðin, kr. 600.000 til 800.000 eftir gerð lagnar. Lægri fjárhæðina verður að telja miðaða við, að bætt verði með lágmarkskostnaði úr því, sem rafmagnseftirlitið krafðist í bréfi 30. des. 1975, en hærri fjárhæðina miðaða við dýrari viðgerð. Þykir því þrátt fyrir greindan ágalla á matsgerðinni mega leggja hana til grundvallar dómi í málinu með lægri kostnaðarfjárhæðinni, kr. 600.000. Kostnaður við matsgerðir, kr. 64.680, er hluti málskostnaðar. Bótakrafa fyrir óþægindi og kostnað, kr. 100.000, er órökstudd. Ber að sýkna af þeim kröfulið. Þá þykir mega taka til greina vaxtakröfu áfrýjanda, 13% ársvexti af bótafjárhæðinni frá 19. febrúar 1976 til greiðsludags.

Niðurstaða okkar er því sú, að dæma ber áfrýjanda til þess að greiða stefnda kr. 400.000 (1.000.000 ÷ 600.000) og vexti sem hér segir: 13 af hundraði ársvexti af kr. 3.500.000 frá 1. janúar 1976 til 19. febrúar 1976, af kr. 2.900.000 frá 19. febrúar 1976 til 25. mars 1976, af kr. 3.900.000 frá 25. mars 1976 til 25. ágúst 1976, af kr. 4.900.000 frá 25. ágúst 1976 til 20. nóvember 1976, af kr. 4.400.000 frá 20. nóvember 1976 til 29. desember 1976 og af kr. 400.000 frá 29. desember 1976 til greiðsludags.

Eftir öllum atvikum málsins þykir okkur rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um athugasemd varðandi kvaðningu meðdómenda.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 13. desember 1977.

Mál þetta, sem þingfest var 29. apríl og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 1. nóv. 1977, er höfðað með stefnu, birtri 6. apríl 1976, af Hermanni Sigurðssyni, Seljalandsvegi 44, Ísafirði, gegn Gerald Häsler, Skildinganesi 50, Reykjavík. Dóm-

kröfur eru þær, að stefndi þurfti aðallega að þola riftun á kaupsamningi milli aðilja um kaup stefnanda á húseigninni Hafnarstræti 20, Ísafirði, af stefnda og að stefndi greiði stefnanda kr. 1.639.265 ásamt 13% ársvöxtum af kr. 1.500.000 frá 10. október 1975 til 19. febrúar 1976, en af kr. 1.564.680 frá þeim degi til 1. apríl 1976, en af kr. 1.639.265 frá þeim degi til greiðsludags, ásamt málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Til vara, ef riftunarkrafa verði ekki tekin til greina, stefnist stefnda til greiðslu skaðabóta eða afsláttar að fjárhæð samtals kr. 1.272.920 ásamt 13% ársvöxtum frá 19. febrúar 1976 ásamt málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Til þrautavara stefnist stefnda til greiðslu lægri fjárhæðar en í varakröfu greinir, eftir mati dómsins.

Sama dag og mál þetta var þingfest var höfðað mál með stefnu, birtri 27. apríl 1976, af Gerald Häsler, Skildinganesi 50, Reykjavík, gegn Hermanni Sigurðssyni, Seljalandsvegi 44, Ísafirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 4.500.000 auk 2% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 3.500.000 frá 1. jan. til 24. mars 1976 og af allri fjárhæðinni frá 25. mars 1976 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Þar sem mál þessi eru höfðuð út af sömu lögskiptum, sameinaði dómari þau í eitt mál.

Í þinghaldi 21. febrúar 1977 féll stefnandi Hermann Sigurðsson frá aðalkröfu sinni í stefnu, en lýsti því jafnframt yfir, að varakrafa hans stæði óbreytt.

Stefnandi Gerald Häsler gerði í sama þinghaldi eftirfarandi breytingar á kröfu sinni:

Stefndi Hermann Sigurðsson greiði stefnanda Gerald Häsler kr. 1.000.000 auk 2% dráttarvaxta á mánuði af kr. 3.500.000 frá 1. janúar til 24. mars 1976, en af kr. 4.500.000 frá 25. mars til 24. ágúst 1976, af kr. 5.500.000 frá 25. ágúst til 20. nóv. 1976 og 2.5% dráttarvaxta á mánuði af kr. 5.000.000 frá 20. nóv. til 29. des. 1976 og af kr. 1.000.000 frá 29. des. 1976 til greiðsludags.

Við munnlegan flutning krafðist lögmaður stefnanda Gerald Häsler auk þess hærri dráttarvaxta, þ. e. 3% dráttarvaxta á mánuði af kr. 1.000.000 frá 1. ágúst 1977 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt reikningi, kr. 781.890.

Málavextir.

Hinn 10. október 1975 gerðu aðiljar máls þessa með sér kaupsamning um fasteignina nr. 20 við Hafnarstræti hér í bæ. Er

kaupsamningurinn fylltur út á prentað formeyðublað og er svolútandi:

„KAUPSAMNINGUR

Við undirritaðir (sic) Gerald Häsler til heimilis Skildinganes (sic) 50, Reykjavík, í samningi þessum nefndur seljandi, og Hermann Sigurðsson, til heimilis Seljalandsveg 44, Ísafirði, í samningi þessum nefndur kaupandi, gerum með okkur svofelldan kaupsamning.

Seljandi skuldbindur sig til að selja og kaupandi til að kaupa neðanskráða eign seljanda:

Húseignina Hafnarstræti 20, Ísafirði, íbúðarhúsinu og áföstum skúr og geymslu í portinu bak við húsið, ásamt með tilheyrandi eignarlóð, en það er lóð sú, er íbúðarhúsið og skúrbyggingarnar standa á. Auk þess lóð, sem tilheyrir húsinu framan við það götumegin. Ennfremur gangstígur frá Hafnarstræti að bakhúsinu svo og portið bak við húsið að hálfu á móti eigendum bakhússins. Eigendur beggja húsanna, bakhússins og íbúðarhússins, hafa hvor um sig frjálsan aðgang um gangstíginn og portið.

Eignin er seld í því ástandi, sem hún er í nú og kaupandi hefur kynnt sér.

Kaupverð hins selda er umsamið kr. 7.000.000, — sjö milljónir 00/100 — og greiðist þannig:

Við undirskrift samnings þessa greiðir kaupandi	kr. 1.500.000,00
Kaupandi greiðir í peningum hinn 31. 12. 1975 ..	— 3.500.000,00
Kaupandi greiðir í peningum hinn 25. 3. 1976 ..	— 1.000.000,00
Kaupandi greiðir í peningum hinn 25. 8. 1976 ..	— 1.000.000,00
Kaupandi tekur að sér að greiða þessar veðskuldir, er hvíla á hinni seldu eign	
Samtals	kr. 7.000.000,00

Hermann Sigurðsson

flyt kr.

flutt kr.

Eftirstöðvar kaupverðsins kr. greiðir kaupandi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu árum, í fyrsta sinni . Greiðir hann ársvexti af skuldinni frá að telja og skal hún tryggð með veðrétti og uppfærslurétti í hinni seldu eign.

Samtals kr.

Hin selda eign skal vera laus til afnota strax næstkomandi

Tekur kaupandi við eigninni þann dag og hirðir frá

þeim tíma arð hennar og greiðir af henni skatta og skyldur. Afsal skal gefið út 25. 8. 1976, er kaupandi hefur fullnægt skyldum sínum skv. framanskráðu.

Kaupanda er kunnugt um, að Ísafjarðarkaupstaður á forkaupsrétt að hinni seldu eign. Nú ákveður forkaupsréttarhafi að neyta forkaupsréttar síns og fellur þá samningur þessi niður bótalaust.

Að öðru leyti en að ofan greinir er eignin seld án kvaða eða veðbanda.

Veðbókarvottorð dags. liggur frammi og hefur kaupandi kynnt sér efni þess rækilega.

Kaupandi greiðir stimplun og þinglýsingu afsals og veðskuldabréfs.

Rísi mál út af kaupsamningi þessum má reka það í bæjarþingi Ísafjarðar án undangenginna sáttaumleitana fyrir sáttamönnum.

Til staðfestu eru nöfn kaupanda og seljanda undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Ísafirði, 10/10 1975.
Hermann Sigurðsson
Gerald Häsler.

Vitundarvottar:
Arnór Sigurðsson,
Oddur Oddsson."

Stefnandi Hermann Sigurðsson segir þannig frá þessum lögskiptum aðilja, að eiginkona hans hafi frétt, að umrætt hús væri til sölu og jafnframt, að eigandinn, Gerald Häsler, væri í bænum að mála húsið að innan. Stefnandi Hermann Sigurðsson hitti Gerald Häsler að máli í húsinu og skoðaði það. Skoðunin fór þannig fram, að hann gekk um húsið, leit inn í herbergi, niður í kjallara og upp á háaloft. Ekki sá hann nein lekamerki við þessa skoðun nema í norðurstofu, þar sem sá á lofti. Stefnandi spurði þá stefnda Gerald Häsler um leka og svaraði hann því til, að lekaskemmdir stöfuðu af því, að lekið hefði frá baðherbergi uppi á loftinu.

Stefnandi Hermann Sigurðsson skoðaði húsið ekki að utan í þetta sinn, enda myrkur úti. Sérstaklega skoðaði hann glugga hússins í greint sinn, en sá ekkert athugavert við þá. Eftir skoðunina var stefnandi Hermann Sigurðsson afhuga því. Seinna skoðaði stefnandi húsið aftur eins og í fyrra skiptið og skoðaði um leið skúr, sem fylgja átti. Spurði hann þá Gerald Häsler um raflagnir hússins, hvort þær væru í lagi, og kvað hann svo vera.

Stefnandi Gerald Häsler segir svo um tilboð kaupsamningsins milli aðilja: „Eiginkona stefnda Hermanns Sigurðssonar hafði við hann símasamband og spurði, hvort húsið væri til sölu, og sagði hann, að svo gæti orðið. Seinna um haustið 1975 fór stefnandi til Ísafjarðar til að mála húsið. Áður en hann byrjaði að mála, kom stefndi og eiginkona hans og skoðuðu húsið og ræddu verð við stefnanda. Stefnandi setti um kr. 8.000.000 fyrir húsið. Var rætt um hugsanleg kaup stefnda á húsinu án samkomulags um verð, og var haft samráð við eiginkonu stefnda um litaval.

Nokkru síðar skoðaði stefndi Hermann Sigurðsson húsið aftur með eiginkonu sinni, og varð þá samkomulag um kaup hússins fyrir kr. 7.000.000, sbr. kaupsamning dskj. nr. 3, en hann útbjó stefnandi Gerald Häsler með aðstoð Jóns K. Sigurðssonar, kunningja síns.

Stefndi Hermann skoðaði húsið þannig, að hann gekk um það herbergi úr herbergi, niður í kjallara og upp á háaloft. Ekki man stefnandi eftir því, að stefndi spyrðist fyrir um ástand raflagna, en spurði um leka í norðurherbergi. Tjáði stefnandi honum, að hann stafaði frá baðherbergi á efri hæð, en þær upplýsingar hafði hann frá leigjanda hússins."

Stefnandi Hermann Sigurðsson flutti í húsið 12. okt. 1975. Fljótlega byrjaði hann að verða fyrir ónæði af völdum umferðar og annars ágangs óviðkomandi fólks. Gekk þetta svo langt, að fjölskyldan hélst ekki við í húsinu og fluttist þaðan eftir viku veru þar.

Stefnandi Hermann Sigurðsson setti þá húsið í sölu hjá Benedikt Björnssyni, fasteignasala í Reykjavík. Benedikt hafði samband við stefnda Gerald Häsler og bað hann láta kaupin ganga til baka, en hann samþykkti það ekki.

Seinna um haustið gerði aftaka vatnsveður. Þegar stefnandi Hermann Sigurðsson skoðaði húsið eftir veðrið, sá hann, að vatn hafði lekið gegnum suðurvegg inn á gólf á háaloftí, og voru pollar þar. Einnig tók hann eftir því, að ljós kviknaði ekki í stofu, og fékk hann þá eftirlitsmann frá Rafveitu Ísafjarðar til að taka út rafkerfi hússins.

Þegar að gjalddaga kom 31. desember 1975 á kr. 3.500.000 samkvæmt kaupsamningi, sendi lögmaður stefnanda Hermanns Sigurðssonar stefnda Gerald Häsler skeyti, þar sem hann lýsir því yfir, að kaupum á húsinu sé rift vegna galla, sem komið hafi fram á húseigninni, sbr. dskj. nr. 20. Um frekari efndir stefnanda Hermanns Sigurðssonar var ekki að ræða fyrr en 20.

okt. 1976, en þá fóru þau lögskipti milli aðilja, að stefnandi Hermann Sigurðsson greiddi stefnda Gerald Häsler kr. 500.000 í peningum og gaf út ávísun til Gerald Häsler á kr. 4.000.000 hjá Iðnþróunarsjóði frá Vefstofu Guðrúnar Vigfúsdóttur h/f, sem var væntanlegur kaupandi hússins. Féll stefnandi frá riftunarkröfu sinni og fékk afsal fyrir hinni umræddu húseign, sem hann afsalaði til Vefstofu Guðrúnar Vigfúsdóttur.

Í samræmi við þessi lögskipti breyttu aðiljar kröfugerð sinni, eins og að framan greinir.

Eftirlitsmaður Rafveitu Ísafjarðar skoðaði raflagnir hússins 29. des. 1975, og varð niðurstaðan eftirfarandi:

„Athugasemdir við lágspennuvirki, skoðun gerð 29. des. 1975. Varnaðarráðstafanir

Verja skal alla veituna með lekastraumsrofa. Mark lekastraums mest 30 mA.

2. Stofnlögn

2.2 Stofnpípa er í beinu sambandi við inntakskassa, úr þessu skal bætt og lagður stofn með tvöfaldri einangrun.

3. Jarðtenging

3.1 Leki er á samskeytum vatnsinntaks við inntakskrana. Þetta má lagfæra strax og tryggja örugga leiðni milli inntakspípu og jarðkantsklemmu. Viðnám má mest vera 0.1 ohm.

4. Aðaltafla

4.01 Skipt skal um töfluna og sett tafla, sem verði í öllu samkvæmt fyrirmælum gr. nr. 268 í reglugerð um raforkuvirki.

4.14 Einnig skal taflan færð, þar sem vitað er, að sjór getur komið í kjallara í stórstraumsflæði.

7. Lagnir og neyzlutæki (kjallari)

7.01
til
7,17 Skipt skal um allar lagnir og búnað í kjallara, þar með taldar lagnir til íbúðarhæða.

7.11 Frágang á lögnum fyrir kynditæki ber að átelja harðlega. Skal þar um bætt svo allar lagnir í kyndiklefa og að kyndiklefa sér, sbr. gr. nr. 341 í reglugerð.

7. Lagnir og neyzlutæki (1. og 2. hæð og ris).

7.01
til
7.17 Um tengil á salerni vísast til gr. nr. 203-e og gr. nr. 338-3. Um aðrar lagnir á 1. hæð vísast til gr. 304 og 305 í reglugerð. Fittingslögn í risi fyrir aðra hæð liggur óvarin á gang-

fleti. Skal úr því bætt. Um einangrun fittingslagna vísast sérstaklega til gr. nr. 304-d. Fjarlægja skal allar gúmeinangraðar pípulagnir. Í þeirra stað komi plasteinangraðar taugar. Allur búnaður, svo sem rofar, tenglar og ljósker, skulu vera af viðurkenndri gerð."

Lögmaður stefnanda Hermanns Sigurðssonar beiddist dómkvaðningar matsmanna 30. desember 1975. Var þess óskað, að þeir létu í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Hver væri orsök bilunar í rafkerfi hússins?
2. Hve mikið kostaði að koma rafkerfi hússins í lag?
3. Væri óhætt að nota rafkerfi hússins í því ástandi, sem það þá var í?

Voru dómkvaddir til þessa verks þeir Heiðar Guðmundsson rafvirkjameistari og Óskar Eggertsson rafvirkjameistari, og skiluðu þeir matsgerð 18. febrúar 1976, svohljóðandi:

„Við undirritaðir höfum skoðað raflögn og rafkerfi hússins Hafnarstræti 20 samkvæmt dómkvaðningu.

Skoðunin var framkvæmd þann 26. 1. 1976 kl. 14. Hinum þrem spurningum viljum við svara svo:

1. Orsök bilunar teljum við vera bæði af völdum elli og ófullnægjandi viðhalds.
2. Hvað viðvíkur kostnaði við að koma rafkerfinu í fullkomið lag samkvæmt núgildandi reglugerð og verðlagi, teljum við, að kosta muni 600.000.- til kr. 800.000.- eftir gerð lagnar.
3. Teljum það í lagi í skamman tíma, svo fremi að strax verði lagfærðar tengingar kynditækis og settur verði lekastraumsrofi á veituna. Viljum benda á skoðunarbréf Rafveitu Ísafjarðar frá 30. 12. 1975, afrit þess fylgir.

18/2 1976.

Heiðar Guðmundsson

Óskar Eggertsson"

Matsmennirnir Heiðar Guðmundsson og Óskar Eggertsson hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína.

Fór skoðunin þannig fram, að skoðað var inn í rafmagnsdósir, athuguð gerð lagnar og hvernig hún lá.

Á efri hæð hússins var kapallögn, en á neðri hæðum ídregin lögn. Í kjallara hússins var tjöruvír, en á hæðunum mikið til plasteinangraðar lagnir. Taflan var í kjallara á tréspjaldi af elstu gerð, og blasti hún við hverjum þeim, sem þar eiga leið um. Matsmenn lýstu hvor um sig lögninni þannig, „að miðað við aldur væri hún í slöku meðallagi". Matsfjárhæðin sé við það

miðuð, að bætt sé úr þeim atriðum, sem um getur í skoðun eftirlitsmanns Rafveitu Ísafjarðar, og höfðu matsmenn þá skýrslu til viðmiðunar, þegar matið fór fram. Lögmaður stefnanda beiddist og dómkvaðningar matsmanna til að meta eftirfarandi:

„1. Hver væri orsök leka á suðvesturhlið hússins og þaki?
2. Hve mikið viðgerð kostaði á ofangreindum göllum?
3. Hversu langan tíma viðgerð tæki?“

Til verksins voru dómkvaddir þeir Kristján Jónasson og Guðni Ásmundsson húsasmiðir, og skiluðu þeir matsgerð 30. janúar 1976, svohljóðandi:

„Samkvæmt dómkvaðningu bæjarfógetans á Ísafirði, dags. 30. 12. 1975, höfum við undirritaðir framkvæmt mat þetta, og kom eftirfarandi í ljós:

1. Leki á þaki og suðvesturhlið stafar af eftirfarandi: Kjöljárn ryðbrunnið, pússning á skorsteini og kraga sprungin og sumstaðar brotin burtu. Þakjárnið meira og minna ryðbrunnið. Þakskegg stendur stutt fram af og til viðbótar ryðbrunnið upp frá brúninni. Er klaki safnast í rennu og skyndilega gerir þýðu eða rigningu, safnast vatnið fyrir ofan klakann og leitar undir járn og klæðningu inn á vegginn og niður með veggnum að innan, kemur bleytan inn úr pússningunni á neðri hæð.
2. Samkvæmt framansögðu verður viðgerð kr. 308.240.-
3. Viðgerð tekur 6—7 daga fyrir tvo menn.

Virðingarfyllst,

Guðni Ásmundsson Kristján Jónasson“

Matsmennirnir Kristján Jónasson og Guðni Ásmundsson komu fyrir dóm og staðfestu matsgerð sína.

Matsmaðurinn Kristján Jónasson mundi ekki, hvort lekamerki voru greinileg. Við skoðun hafi sést, að lekamöguleikar voru miklir. Þakjárn var mjög ryðbrunnið og stóð stutt fram af þakinu. Kjöljárn var götótt af ryði. Hugsanlegur leki með skorsteini gæti hafa stafað af sprungnum skorsteinskraga. Geti slík sprunga myndast á löngum tíma, en geti einnig myndast við loftþenslu á nokkrum dögum. Skemmdirnar á þakinu hafi verið augljósar, og til þess að sjá ryðið á brúnunum þurfti ekki að fara upp á þak, heldur hafi það sést úr garðinum.

Matsmaðurinn Guðni Ásmundsson sá greinileg lekamerki á suðvesturhlið hússins, þegar hann skoðaði það. Gallar á þakbrún hafi verið augljósir leikmanni, en þó ekki eins augljósir, að það

komi til með að leka inn í húsið. Skemmd á skorsteinskraga hafi aftur á móti ekki verið eins augljós.

Málsástæður aðilja.

Málsástæður stefnanda Hermanns Sigurðssonar eru þær, að þegar kaup voru gerð, hafi fasteignin verið haldin verulegum göllum, sem hann ekki sá við skoðun. Stefndi Gerald Häsler hafi vitað eða mátt vita um gallana og borið að segja frá þeim. Húsið hafi skort þá eiginleika, sem gera mátti ráð fyrir, að slíkt hús hefði við kaup.

Málsástæður stefnanda Gerald Häsler eru eftirfarandi:

Stefndi Hermann Sigurðsson undirritaði kaupsamning og ber að efna hann.

Eignin var seld í því ástandi, sem hún var í, er kaup voru gerð. Stefnandi Hermann Sigurðsson skoðaði húsið rækilega fyrir kaupin. Raflögn hússins var nothæf samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna, og er hún enn í notkun án teljandi viðgerðar. Ekki sé um að ræða galla í raflögn samkvæmt skilningi skaðabótaréttar, heldur geti hún verið úrelt.

Stefnda Hermanni Sigurðssyni mátti vera ljóst, að húsið var byggt við aðrar aðstæður og samkvæmt öðrum kröfum en nú séu gerðar, og mátti vera ljóst, að raflögn hússins hafði ekki þá eiginleika, sem ný lögn hefur.

Galla, sem kunna að hafa verið á þaki, sá Hermann Sigurðsson eða mátti sjá þá, því þeir voru augljósir. Húsið hafi ekki lekið áður né eftir að það var í umsjá stefnda Hermanns Sigurðssonar.

Niðurstaða dómara.

Telja má sannað, að fasteignin nr. 20 við Hafnarstræti hafi lekið á því tímabili, sem það var í umsjá Hermanns Sigurðssonar.

Stefnandi Hermann Sigurðsson skoðaði eignina tvisvar, áður en kaup voru gerð. Ekki sá hann nein lekamerki við þá skoðun nema í norðausturherbergi, en hefur ekki uppi neinar kröfur vegna þess leka.

Ekki hefur verið í ljós leitt undir rekstri máls þessa, að húsið hafi lekið, áður en stefnandi Hermann Sigurðsson keypti það, og þess vegna ósönnuð sviksamleg launung seljanda um ástand þess.

Gallar þeir, sem leiddu til leka hússins, mega teljast hafa verið augljósir hverjum þeim, sem skoðaði húsið að utan. Vanræksla kaupanda á að skoða húsið að utan verður að teljast

firra hann rétti til skaðabóta vegna galla, sem hann mátti sjá við þá skoðun, sbr. lögjöfnun frá 47. gr. kauplaga nr. 39/1922, enda hefur hann viðurkennt fyrir dómi að hafa séð galla á þakinu, þegar hann leit út um þakglugga hússins, skömmu eftir að hann keypti húsið. Lítur dómarinn svo á, að stefnandi hafi mátt gera ráð fyrir því við skoðun, að þakið stæðist ekki hvaða veðráttu sem við mátti búast án þess að leka, og þar af leiðandi gera sér grein fyrir því, að viðgerð á þakinu var nauðsynleg.

Ber því að sýkna stefnda Gerald Häsler af skaðabótakröfu vegna galla á þaki hússins.

Stefnandi Hermann Sigurðsson kveðst hafa spurt stefnda Gerald Häsler um ástand raflagna í húsinu og hann svarað því til, að hún væri í lagi. Samkvæmt mati sérfróðra meðdómsmanna var raflögn hússins „í slöku meðallagi" miðað við aldur hennar, og er þá hafður samanburður við raforkuvirki húsa, sem rafrafvædd voru á svipuðum tíma og umrætt hús.

Það er álit dómsins, að stefnandi Hermann Sigurðsson hafi mátt búast við því, að raflögnin hefði þá eiginleika, sem aldur hennar gaf til kynna, þar sem hann hafði enga ástæðu til að ætla, að raforkuvirki hússins hefðu verið endurnýjuð til samræmis við gildandi reglugerð nr. 264/1971, enda er samkvæmt áliti sérfróðra meðdómsmanna, vætti matsmanna, algengt, að gömul raforkuvirki standist ekki kröfur reglugerðar um raforkuvirki nr. 264/1971.

Frágangur lagna að kynditækinu kann að baka stefnda Gerald Häsler bótaábyrgð. Lögmaður stefnda Gerald Häsler bauð lögmanni stefnanda að bæta úr umræddri lögn samkvæmt reikningi, dskj. nr. 25, og lítur dómarinn á þennan lið málsins sem óumdeildan.

Ber því að sýkna stefnda Gerald Häsler af þessum lið.

Stefndi Hermann Sigurðsson undirritaði kaupsamning hinn 10. október 1975, þar sem hann skuldbatt sig til að greiða eftirfarandi:

við undirskrift	kr. 1.500.000
hinn 31. 12. 1975	kr. 3.500.000
hinn 25. 3. 1976	kr. 1.000.000
hinn 25. 8. 1976	kr. 1.000.000
Samtals	kr. 7.000.000

Af þessu hefur stefndi greitt:

við undirskrift	kr. 1.500.000

hinn 29. 12. 1976	kr. 4.000.000
hinn 14. 11. 1976	kr. 500.000
	Samtals kr. 6.000.000

Upphafleg málsástæða stefnda Hermanns Sigurðssonar í stefnu var, að stefnandi Gerald Häsler hefði beitt svikum við sölu hússins og um verulega galla hefði verið að ræða á hinni seldu eign. Krafðist hann í aðalsök riftunar á kaupsamningi og til vara skaðabóta eða afsláttar. Hinn 21. febrúar féll stefndi frá aðalkröfu sinni, en varakrafan stóð óbreytt.

Dómarinn lítur svo á, að með þessum aðgerðum hafi stefndi Hermann Sigurðsson ekki fallið frá upphaflegum málsástæðum, heldur einungis breytt kröfugerð sinni samkvæmt þeim.

Ber því að dæma stefnda Hermann Sigurðsson til greiðslu 13% ársvaxta af tildæmdum fjárhæðum og krafa stefnanda um dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð ekki tekin til greina, sbr. Hrd. XLVI. bindi, bls. 83.

Ber því að dæma Hermann Sigurðsson til að greiða stefnanda Gerald Häsler kr. 1.000.000 auk 13% ársvaxta af kr. 3.500.000 frá 1. janúar til 24. mars 1976, af kr. 4.500.000 frá 25. mars til 24. ágúst 1976, af kr. 5.500.000 frá 25. ágúst 1976 til 20. nóv. 1976, af kr. 5.000.000 frá 20. nóv. til 29. des. 1976 og af kr. 1.000.000 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 545.620.

Dómsorð:

Stefndi Gerald Häsler á að vera sýkn af kröfu stefnanda Hermanns Sigurðssonar í máli þessu.

Stefndi Hermann Sigurðsson greiði stefnanda Gerald Häsler kr. 1.000.000 auk 13% ársvaxta af kr. 3.500.000 frá 1. janúar 1976 til 24. mars 1976, af kr. 4.500.000 frá 25. mars til 24. ágúst 1976, af kr. 5.500.000 frá 25. ágúst til 20. nóvember 1976, af kr. 5.000.000 frá 20. nóv. 1976 til 29. des. 1976 og af kr. 1.000.000 frá 29. des. 1976 til greiðsludags auk málskostnaðar, kr. 545.620, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. október 1980.

Nr. 112/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Bjarna Leifi Péturssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Að ósk ákærða er máli þessu skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur skjöl, þ. á m. nýtt sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að ákærði hefur sætt þrem eftirtöldum refsidómum fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms, sem ákærði var viðstaddur: hinn 22. maí 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 218. gr., 19. júní 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 255. gr. og 248. gr. og 9. júlí 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr.

Málsatvik eru greind í héraðsdómi og brot ákærða réttilega heimfært til 155. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 72. gr. og 78. gr. þeirra laga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. janúar 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 24. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 32—34/1980: Ákæruvaldið gegn Bjarna Leifi Péturssyni, Hallbirni Einari Guðjónssyni og X, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 28. nóv. 1979 gegn:

1 Bjarna Leifi Péturssyni, Njálsgötu 20, Reykjavík, fæddum 15. júní 1958 í Reykjavík,

2 Hallbirni Einari Guðjónssyni, Kleppsvegi 68, Reykjavík, fæddum 19. nóvember 1958 í Reykjavík,

3 X, . . .

„fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að ákærði Bjarni Leifur falsaði umboð frá Jóni Grétari Hafsteinssyni, Laugavegi 19 B, Reykjavík, til handa ákærða X til að leysa út orlofsfé svo og nafnið Steingrímur Bjarnason sem vinnuveitanda á ávísun á orlofsfé nr. 003051, útgefna á nefndan Jón Grétar, en ákærði X leysti féð, kr. 112.654, út á aðalpósthúsinu í Reykjavík 11. maí 1979, og nutu ákærðu allir þrír peninganna saman. Ákærði Hallbjörn Einar hafði hins vegar stolið ávísuninni nokkrum dögum fyrr að Laugavegi 19 B.

Þess er krafist, að ákærðu verði allir dæmdir til refsingar til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Hinn 11. maí 1979 var leyst út í aðalpósthúsinu í Reykjavík ávísun á orlofsfé til Jóns Grétars Hafsteinssonar, Laugavegi 19 B, Reykjavík, að fjárhæð 112.654 krónur. Móttökukvittun ritaði X, . . ., fyrir hönd Jóns Grétars. Hann afhenti enn fremur svohljóðandi umboð:

„11-5 1979 Hér með gef ég undir ritaður X Leifi til þess að leisa út orlofsfé mitt. Jón Grétar Hafstein Laugavegi 19 D"

Í ljós kom, að Jón Grétar hafði ekki ritað umboð þetta, og taldi Jón, að ávísunin hefði horfið úr íbúð sinni, en hann minntist þess, að hann hafði fengið hana senda í pósti.

Í máli þessu er það leitt í ljós um feril ávísunarinnar, að ákærði Hallbjörn Einar tók hana að ófrjálsu í húsinu Laugavegi 19 B, fékk hana síðar í hendur ákærða Bjarna Leifi í Hressingarskálanum í Reykjavík, og þar fékk Bjarni ákærða X til þess að fara með ávísunina í pósthúsið og leysa hana út og fékk honum í hendur áðurgreint umboð, sem hann hafði sjálfur falsað.

Hallbjörn telur sig hafa tekið ávísunina í gangi hússins, en ekki inni í íbúð Jóns. Hann kveðst hafa stungið ávísuninni á sig og eftir það hafi hann farið út á sjó. Það hafi svo verið um það bil mánuði síðar sem hann hafi hitt Bjarna og X inni í Hressingarskála. Hann hafi tekið upp ávísunina og ætlað að fleygja henni, en Bjarni endilega viljað fá hana, og kveðst Hallbjörn þá hafa látið það eftir honum. Síðan hafi þeir Bjarni og X farið burt, en komið svo aftur og sagt frá því, að Bjarni hefði útbúið umboð handa X, sem svo hefði leyst ávísunina út. Hallbjörn heldur því fram, að hann hafi ekki vitað gerla, hvernig Bjarni ætlaði að nota ávísunina, en kveðst ekki hafa búist við, að Bjarni ætlaði að nota hana með heiðarlegu móti. Hallbjörn kveðst hafa tekið ásamt Bjarna og X þátt í drykkju, er kostuð hafi verið af fé því, er fékkst fyrir ávísunina.

Bjarni Leifur kveður það rétt, að Hallbjörn hafi verið að tala um að rífa ávísunina, og kveðst hann þá hafa fengið hann til þess að láta ávísunina af hendi. Hann kveðst ekki minnast þess, að Hallbjörn ætti þátt í notkun ávísunarinnar, né að hann væri viðstaddur, er umboðið var ritað. Bjarni segir, að Hallbjörn hafi drukkið með þeim X, eftir að fjár hafði verið aflað með sölu ávísunarinnar.

X segist hafa hitt Bjarna og Hallbjörn af hendingu í Hressingarskálanum. Hann hafi áður þekkt Bjarna, en ekki Hallbjörn. Bjarni var með orlofsávísun, sem hann bað X að leysa út, ef hann væri með persónuskilríki, og var X til í þetta. X segir, að Hallbjörn hafi verið viðstaddur, er þessi fyrirætlun var rædd, en Bjarni haft orð fyrir þeim félögum. X segir, að þeir hafi svo farið þrír saman og náð í leigubíl og látið aka með sig um stund og þá hafi Bjarni skrifað umboðið í bílnum. Síðan hafi verið stansað í miðbænum og hann

(X) og Bjarni farið að pósthúsinu, en Hallbjörn beðið í bílnum. X kveðst hafa farið inn í pósthúsið og leyst út ávísunina, en Bjarni beðið utan dyra. Síðan hafi þeir farið að leigubílnum, þar sem Hallbjörn hafi verið fyrir. Hafi nú enn verið ekin einhver hringferð, en síðan kveðst X hafa skilið við þá Bjarna og Hallbjörn í námunda við Hótel Borg. X kveðst hafa afhent Bjarna alla peninga þá, sem fengust fyrir ávísunina. Hann kveðst hafa hitt þá Bjarna og Hallbjörn síðar um daginn og þá hafi hann slegist í hóp með þeim. Þeir hafi náð í áfengi og farið með það vestur í bæ og sest þar að drykkju.

Eins og áður segir, kveðst X hafa verið ókunnugur Hallbirni og hafa fyrst haldið, að hann væri Jón Grétar Hafsteinsson, er ávísunin var stíluð á, en hann hafi þó séð, að ekki var allt með felldu, er hann horfði á Bjarna rita umboðið.

Á bakhlið ávísunarinnar hefur nafnið Steingrímur Bjarnason verið ritað sem staðfesting vinnuveitanda. Bjarni segir, að vel megi vera, að hann hafi ritað þetta nafn, en hann muni ekkert um það fyrir víst.

Framburðir ákærðu eru að vísu ekki í fullu samræmi, en ljóst er þó, að Bjarni falsaði umboðið og fékk X til þess að framvísa því og leysa út ávísunina. Hafa þeir þannig báðir staðið að notkun á fölsuðu skjali í lögskiptum. Hallbjörn lét Bjarna hafa ávísunina, sem hann hafði komist yfir með ólöglegum hætti, og hlaut því að vera ljóst, að Bjarni ætlaði að nota hana, enda hefur hann kannast við það. Hann naut góðs af því, sem fyrir ávísunina fékkst. Verður hann samkvæmt því, sem nú hefur verið lýst, einnig talinn hafa verið ásamt Bjarna og Hallbirni aðalmaður að broti því, sem í ákæru greinir.

Ákærði Bjarni hefur áður sætt þessum refsidómum:

1975 8 mán. fangelsi fyrir rán.
1975 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.
1976 Sakfelldur fyrir árás og hylmingu, en refsing ekki dæmd.
1976 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.
1977 Sakfelldur fyrir skjalafals, þjófnað, hylmingu og nytjastuld, en refsing ekki dæmd.
1977 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
1978 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað og ólögmæta meðferð fundins fjár.
1979 (19. febr.) 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
1979 (23. ágúst) 2 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

Ákærði Hallbjörn Einar hefur áður sætt þessum refsidómum:

1973 3 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot.
1974 5 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.
1976 6 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.
1977 8 mán. fangelsi fyrir skjalafals.
1977 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot.
1977 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.
1977 Sakfelldur fyrir þjófnað, en refsing ekki dæmd.
1977 8 mán. fangelsi (hegningarauki) fyrir skjalafals, þjófnað, svik og nytjastuld.
1978 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
1978 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, svik, nytjastuld og umferðarlagabrot.
1979 (19. febr.) 2 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
1979 (5. mars) Sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd.

Ákærði X hefur ekki sætt kærum né refsingum, nema hvað hann hefur einu sinni sæst á sektargreiðslu og ökuleyfismissi fyrir ölvun við akstur.

Við refsiákvörðun verður litið til þess, að Bjarni og Hallbjörn eiga verulegan brotaferil að baki, en X ekki. Við ákvörðun refsingar Bjarna verður hliðsjón höfð af 78. gr. hegningarlaga, þar sem hann hefur sætt refsidómi, eftir að hann framdi brot sitt.

Refsing ákærðu Bjarna Leifs og Hallbjörns Einars hvors um sig verður ákveðin 4 mánaða fangelsi. Refsing X verður ákveðin 60 daga fangelsi, og skuli fullnustu frestað og refsing falla niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef X heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Póstgíróstofan hefur krafist þess, að ákærðu verði dæmdir til þess að greiða 112.654 kr. ásamt ársvöxtum, 22% frá 19. júní til 1. sept. 1979, 27% frá 1. sept. til 1. des. 1979 og 31% frá þeim tíma til greiðsludags. Ákærðu hafa viðurkennt kröfuna, og verða þeir dæmdir til greiðslu fébótanna in solidum.

Þá verður ákærði Hallbjörn Einar dæmdur til þess að greiða verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærðu allir in solidum til greiðslu málskostnaðar að öðru leyti.

Dómsorð:

Ákærði Bjarni Leifur Pétursson og Hallbjörn Einar Guðjónsson sæti hvor um sig fangelsi 4 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi 60 daga. Fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu greiði Póstgíróstofunni in solidum 112.654 kr. ásamt 22% ársvöxtum frá 19. júní til 1. sept. 1979, 27% ársvöxtum frá 1. sept. til 1. des. 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Ákærði Hallbjörn Einar greiði málsvarnarlaun Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, verjanda síns, 50.000 kr., en ákærðu allir annan kostnað sakarinnar in solidum.

Fimmtudaginn 16. október 1980.

Nr. 187/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Þorvaldi Ara Arasyni.

Kærumál. Lögmannsréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 2. mgr. 68. gr. a laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 8. október 1980, sem barst Hæstarétti 9. s. m. Krefst hann þess, að réttindasvifting varnaraðilja til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti standi óbreytt. Af hálfu sóknaraðilja er unað við þá niðurstöðu hins kærða úrskurðar að fella úr gildi sviftingu verslunarleyfa varnaraðilja til smásölu og heildsölu.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Mál þetta er kært innan lögmælts frests samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Frávísunarkröfu sína byggir varnaraðili á því, að ríkissaksóknara skorti lagaheimild til að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar. Í 2. mgr. 68. gr. a laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961, segi ekki, hver hafi kæruheimild. Hvorki ríkissaksóknari né dómsmálaráðuneyti hafi verið aðili málsins í héraði og svo virðist sem löggjafinn hafi ekki gert ráð fyrir, að þessir aðiljar gætu átt aðild að slíkum málum sem þessum. Því megi líta svo á, að kæruheimildin sé aðeins til hagsbóta fyrir þann, sem æskir niðurfellingar réttindasviftingar, ef honum er synjað um hana. Ljóst sé hins vegar, að hann hafi kæruheimild.

Í áðurnefndu ákvæði hegningarlaganna segir, að bera megi undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, hvort fella skuli niður réttindasviftingu. Úrlausn héraðsdóms sæti kæru til Hæstaréttar. Reglur um kæru úrlausna héraðsdóms í opinberum málum eru í XXI. kafla laga nr. 74/1974. Í 171. gr. laganna eru talin upp tilvik, þar sem ríkissaksóknari einn getur kært úrlausn héraðsdóms til æðra dóms eða leyft aðilja að kæra. Í 172. gr. eru talin upp þau tilvik, þar sem „aðili“ getur kært til æðra dóms. Ákvæði þetta ber að skilja svo, að beita megi kæruheimild bæði af hálfu almannavalds og varnaraðilja. Ákvæðið verður og að skilja svo, að af hálfu almannavalds sé kæruheimild ávallt í höndum ríkissaksóknara, nema lög mæli fyrir á annan veg. Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafa varnaraðilja ekki tekin til greina.

Ekki þykir sýnt fram á, að varhugavert sé, að varnaraðili öðlist að nýju réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann að því er varðar niðurfellingu sviftingar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður varnaraðilja, 100.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður að því er varðar niðurfellingu sviftingar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Kærumálskostnaður varnaraðilja, Þorvalds Ara Arasonar, 100.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. október 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 2. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 30. október 1967, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 14. október 1968, var Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður, fæddur 11. maí 1928 á Víðimýri í Skagafirði, til heimilis að Sólvallagötu 63 hér í borg, dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir brot á 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sviptur leyfum til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og löggildingu til sóknar opinberra mála í héraði svo og verslunarleyfum til heildsölu og smásölu. Hann hefur nú skv. 2. mgr. 68. a gr. laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961, borið undir dóm, að honum verði veitt að nýju héraðsdóms- og hæstaréttarmálaflutningsleyfi svo og verslunarleyfi til heildsölu og smásölu. Kveðst Þorvaldur Ari hafa síðan í ársbyrjun 1978 stundað alhliða lögmannsstörf, önnur en málflutning, á eigin vegum og fyrir aðra lögmenn.

Samkvæmt sakavottorði Þorvalds Ara hefur hann ekki sætt kærum eða refsingum frá því er hann hlaut ofangreindan dóm. Samkvæmt upplýsingum, sem dómarinn hefur aflað sér frá dómsmálaráðuneytinu, var Þorvaldur Ari í gæsluvarðhaldi frá 7. janúar 1967 til 14. október 1968, eða í samtals 646 daga, og í afplánun frá þeim degi til 25. maí 1975, er hann var náðaður af 2700 daga eftirstöðvum framangreindrar refsingar, skilorðsbundið í 4 ár. Stóðst hann skilorð náðunar, og með bréfi forseta Íslands, dags. 3. júlí sl., var honum veitt uppreist æru.

Dómarinn sendi Verslunarráði Íslands beiðni Þorvalds Ara um endurveitingu verslunarleyfa til heildsölu og smásölu til um-

sagnar. Í bréfi Verslunarráðs til dómsins, dags. 30. júlí sl., segir m. a.: „Það er álit stjórnar ráðsins, að ekkert sé því til fyrirstöðu að veita Þorvaldi Ara Arasyni leyfi til verslunar, fullnægi hann skilyrðum 4. gr. laga nr. 41/1968 um verslunaratvinnu."

Lögmannafélagi Íslands og dómsmálaráðuneytinu var enn fremur send beiðni Þorvalds Ara til umsagnar. Í bréfi til dómsins frá Lögmannafélaginu, dags. 29. ágúst sl., segir m. a.: „Með vísan til þeirra gagna, er fylgdu bréfi yðar varðandi náðun Þorvalds og uppreist æru, sér stjórnin ekki annað en almennum skilyrðum sé fullnægt, sem þarf til þess að fá leyfi til málflutningsstarfa."

Í svarbréfi dómsmálaráðuneytisins til dómsins, dags. 23. september sl., segir m. a.: „Ráðuneytið telur eigi ástæðu til að koma að sérstökum athugasemdum eða sjónarmiðum vegna meðferðar beiðni þessarar fyrir sakadómi."

Frá því er Þorvaldur Ari Arason var sviptur framangreindum réttindum eru liðin tæplega 12 ár. Brot það, sem olli réttindasviptingunum, var mjög stórfellt og svívirðilegt að almenningsáliti, en Þorvaldi Ara hefur verið veitt uppreist æru. Eigi verður annað séð en að hann uppfylli almenn skilyrði til málflutningsstarfa svo og verslunarreksturs.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir rétt, sbr. 2. mgr. 68. a gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961, að verða við beiðni Þorvalds Ara Arasonar og fella úr gildi réttindasviptingu til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti svo og sviptingu verslunarleyfa til heildsölu og smásölu, sem honum var gert að sæta með dómi sakadóms Reykjavíkur 30. október 1967, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 14. október 1968.

Því úrskurðast:

Svipting réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti svo og svipting réttinda til verslunarleyfa til smásölu og heildsölu, sem Þorvaldi Ara Arasyni, Sólvallagötu 63 hér í borg, fæddum 11. maí 1928, voru dæmdar með dómi sakadóms Reykjavíkur 30. október 1967, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar Íslands 14. október 1968, eru úr gildi felldar.

Föstudaginn 17. október 1980.

Nr. 4/1979. **Sveinn Aðalsteinsson**
gegn
Þórarni Steingrímssyni.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. janúar 1979. Við munnlegan flutning máls þessa hér fyrir dómi óskaði áfrýjandi þess, að málið yrði fellt niður. Stefndi samþykkti það, en krafðist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málið er fellt niður, en rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 250.000 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Sveinn Aðalsteinsson, greiði stefnda, Þórarni Steingrímssyni, 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. október 1980.

Nr. 195/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Erni Sigfússyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. þ. m., sem barst Hæstarétti 17. þ. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

16. október 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 16. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Þann 25. sept. sl. handtók lögreglan í Reykjavík Örn Sigfússon, fæddan 27. júní 1958, grunaðan um fíkniefnamisferli.

Áðurnefndur Örn var næsta dag hér fyrir dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 20 dögum, þannig að hinn afmarkaði tími rennur út innan stundar. Örn Sigfússon hefur fyrr í dag viðurkennt að hafa átt þau 26.8 gr af hassdufti, sem í hans fórum fundust við ofangreinda handtöku.

Þess utan kveðst Örn þessi einungis hafa keypt örfá gr af hassi til eigin nota, er færi gáfust.

Eftirfarandi liggur hins vegar fyrir gögnum máls samkvæmt um meint fíkniefnamisferli Arnar Sigfússonar.

1) Þann 13. ágúst sl. mætti hjá lögreglu ónafngreindur upplýsingaaðili og kvaðst um 3 vikum fyrr í forstofugangi að Sóleyjargötu 19 hér í borg hafa séð stóran plastpoka, sem innihélt 1—2 kg af marihuana.

Á nefndum tíma var Sóleyjargata 19 lögheimili og dvalarstaður Arnar Sigfússonar.

2) Þann 6. ágúst sl. bar Þorbergur Magnússon, fæddur 5. júlí 1957, í lögregluyfirheyrslu að hafa í byrjun júní sl. af Erni Sigfússyni, þá búandi að Sóleyjargötu 19, keypt tæp 20 gr af hassi,

sennilega blönduðu PCP, og um svipað leyti af sama aðilja 1½ gr af cocaini á kr. 150.000 pr. gr.

3) Sigurður Jóhannsson, fæddur 2. október 1950, bar hér fyrir dómi þann 26. sept. sl. að hafa í mörgum afhendingum næstu vikur á undan af Erni Sigfússyni samtals keypt 40—50 gr af hassi og síðasta afhending, eða 10 gr, orðið fáum dögum fyrir yfirheyrslu.

4) Ingimundur Sigfússon, fæddur 2. sept. 1962, bar í lögregluyfirheyrslu 29. sept. sl. að hafa snemma í ágúst sl. verið viðstaddur, er Örn Sigfússon vigtaði talsvert magn af ljósbrúnu hassdufti, er muni hafa verið 400 eða 500 gr samtals.

5) Róbert Carsis, fæddur 25. janúar 1964, bar í lögregluyfirheyrslu 28. sept. sl. að hafa næstu vikur þar á undan ítrekað af Erni Sigfússyni keypt lítilræði af hassefnum og við eitt slíkt tækifæri í fórum Arnar Sigfússonar séð „nokkuð stóran plastpoka", er hafi verið „nær fullur af hassdufti". Meðal viðstaddra hafi verið Sigurður Jóhannsson.

Nefndur Sigurður hefur sjálfstætt stutt áðurnefndan framburð Róberts Carsis.

6) Guðmundur Böðvarsson, nú gæslufangi, fæddur 1. sept. 1958, lýsti í lögregluyfirheyrslu 13. október sl. að hafa í júlí sl. skipulagt ásamt Erni Sigfússyni hasskaupferð, er sá síðarnefndi fór til Spánar. Heildarfjárframlög til farar hafi verið um 2.000.000 ísl. kr. og Guðmundur Böðvarsson þar af lagt til 600—700 þús., en Örn Sigfússon afgang eða ofangreindan mismun.

Guðmundur Böðvarsson ber, að Örn Sigfússon hafi úr greindri ferð flutt hingað til lands 440 gr af hassdufti, er skipt hafi verið því sem næst til helminga milli ofangreindra félaga og hvor af sínum hluta verulega selt.

Þess utan bar Guðmundur þessi um minni háttar tilvik, þar sem Guðmundur hefði ýmist selt Erni Sigfússyni eða Örn Guðmundi.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Örn Sigfússon fangelsisrefsingu og ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 því ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess auk annars ofanritaðs og loks 1. mgr., 1. tölul., 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls nauðsyn til bera, að Örn Sigfússon, fæddur 27. júní 1958, sæti gæsluvarðhaldi, sem hæfilega telst afmarkað sem allt að 15 dögum.

Úrskurðarorð:

Örn Sigfússon, fæddur 27. júní 1958, til heimilis að Hverfisgötu 78, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum.

Þriðjudaginn 21. október 1980.

Nr. 74/1978. **Ingimar Eydal og Brunabótafélag Íslands** (Ragnar Steinbergsson hrl.) gegn **dánarbúi Jóns Þórs Egilssonar** (Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Umferðarlög. Útivist. Hafning máls. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. mars s. á. Áfrýjandi Ingimar Eydal krefst þess aðallega, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnda, en til vara, að sök á árekstri þeim, sem um er fjallað í málinu, verði skipt og stefndi talinn eiga meginsök. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Brunabótafélag Íslands greiddi dómskuldina samkvæmt héraðsdómi hinn 30. mars 1978. Það hefur engar kröfur gert í málinu, og varð útivist af þess hendi undir rekstri málsins fyrir Hæstarétti. Vegna útivistarinnar verður málið fellt niður að því er félagið varðar.

Stefndi krefst þess, „að staðfest verði ákvæði hins áfrýjaða dóms um sök áfrýjandans Ingimars Eydal og fébótaábyrgð áfrýjendanna beggja á bifreiðaárekstri þeim, er mál-

ið fjallar um, og að áfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti að mati réttarins. Jafnframt er fallið frá rétti stefnda til greiðslna úr hendi áfrýjenda samkvæmt dómsorði hins áfrýjaða dóms, þar sem áfrýjandinn Brunabótafélag Íslands innti af hendi full greiðsluskil samkvæmt dómsorðinu hinn 30. mars 1978".

Jón Þór Egilsson varð fjárráða hinn 10. júlí 1977, en hann lést hinn 1. desember 1979. Tók dánarbú hans þá við aðild málsins, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936.

I.

Áfrýjandi Ingimar Eydal á lögvarða hagsmuni af því að fá dóm Hæstaréttar í máli þessu. Greiðsla Brunabótafélags Íslands á bótum samkvæmt hinum áfrýjaða dómi sviptir hann ekki þeim rétti. Eins og mál þetta er lagt fyrir Hæstarétt, verður að skilja dómkröfur málsaðilja svo, að nú sé einungis deilt um skiptingu sakar og fébótaábyrgðar vegna bifreiðaáreksturs þess, sem um er fjallað í málinu. Koma því fjárhæðir ekki til álita.

II.

Eyjafjarðarbraut naut aðalbrautarréttar, sbr. auglýsingu nr. 98/1968, og bifreiðinni A 1027 var ekið inn á og yfir hana af einkavegi. Ökumanni bifreiðarinnar A 1027 bar skilyrðislaust að víkja fyrir umferð um Eyjafjarðarbraut, sbr. 2. og 5. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968. Þessa gætti hann ekki.

Af gögnum máls er ljóst, að bifreiðinni A 6097 hefur verið ekið óhæfilega hratt miðað við aðstæður í umrætt sinn, sbr. 1. mgr., 2. mgr. og i lið 3. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968.

Ökumönnum beggja bifreiðanna mátti vera ljóst, að mikil hálka var og hemlunarskilyrði mjög slæm. Við þær aðstæður bar þeim báðum að sýna sérstaka varúð í akstri. Þegar allt það er virt, sem að framan er rakið, er hæfilegt að telja ökumennina eiga jafna sök á árekstri þessum.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma stefnda, dánarbú Jóns Þórs Egilssonar, til að greiða áfrýjanda Ingimar Eydal málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 150.000

krónur, en málskostnaður í héraði verður ekki dæmdur, eins og máli þessu er háttað.

Brunabótafélag Íslands áfrýjaði máli þessu í upphafi, eins og áður greinir. Verður því að dæma það til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000 krónur.

Dómsorð:

Málssókn þessi fellur niður að því er varðar Brunabótafélag Íslands, sem greiði stefnda, dánarbúi Jóns Þórs Egilssonar, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi ber fébótaábyrgð gagnvart áfrýjanda Ingimar Eydal á helmingi þess tjóns, sem hann beið við árekstur bifreiðanna A 1027 og A 6097 hinn 24. febrúar 1976 og um er fjallað í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda Ingimar Eydal 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Í héraði var mál þetta höfðað vegna Jóns Þórs Egilssonar gegn áfrýjandanum Ingimar Eydal og Brunabótafélagi Íslands, og var þess krafist, að þessir aðiljar greiddu in solidum bætur vegna bifreiðaslyss. Málssóknin gegn félaginu var heimil eftir 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Hinn 30. mars 1978 greiddi Brunabótafélag Íslands Jóni Þór Egilssyni að fullu eftir héraðsdómi. Verður að byggja á því, að sú greiðsla hafi verið fyrirvaralaus, og mátti félagið af þeim sökum ekki áfrýja héraðsdóminum. Engu að síður stóð það að áfrýjuninni 11. apríl 1978, en útivist varð síðar af þess hálfu fyrir Hæstarétti. Ég er sammála þeirri niðurstöðu meiri hluta dómenda, að fella beri mál þetta niður að því er varðar Brunabótafélag Íslands.

Í héraði krafðist Ingimar Eydal sýknu, en til vara lækkunar kröfu Jóns Þórs Egilssonar. Hinn áfrýjaði dómur ber með sér, að í héraði var deilt um sök og að nokkru um fjárhæð tjóns. Dómkröfur áfrýjandans Ingimars hér fyrir dómi verður að skilja svo, að hann óski nú dóms um það, hver beri sök á árekstrinum, sem málið snýst um. Ekki var unnt að leggja dóm á málið í héraði, nema úr þessu atriði væri skorið, og er krafa áfrýjandans því ekki ný krafa að efni til. Þess er hins vegar að gæta, sem þegar er sagt, að fjárkrafa sú, sem dánarbú Jóns Þórs Egilssonar átti samkvæmt héraðsdómi, hefur nú verið greidd af Brunabótafélagi Íslands, og dánarbúið hefur ekki gagnáfrýjað málinu. Er ágreiningi þeim, sem um var dæmt í héraði milli áfrýjandans Ingimars og dánarbúsins, þar með lokið, en um ágreining áfrýjandans við aðra, svo sem Brunabótafélag Íslands eða vátryggingarfélag það, sem bifreið Jóns Þórs Egilssonar var tryggð hjá, verður ekki dæmt í þessu máli, eins og það er lagt fyrir Hæstarétt. Af þessu leiðir, að í málinu á áfrýjandi ekki lengur neina lögvarða hagsmuni. Ber því, að því er ég tel, að vísa því frá Hæstarétti.

Meiri hluti dómenda er ekki sammála því, sem nú var sagt. Verður efnisdómur lagður á málið. Eftir 53. gr., 1. mgr., laga nr. 75/1973 ber mér að greiða atkvæði um sakarskiptingu.

Ég er sammála því, að skipta beri sök til helminga.

Þá er ég sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda um málskostnað.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda fram að II. lið dóms þeirra. Ég er hins vegar ekki sammála þeim um skiptingu sakar og tel, að forsendur dómsins ættu að öðru leyti að vera svo sem hér greinir:

Svo sem greinir í héraðsdómi, varð árekstur sá, sem mál þetta reis út af, seint að kveldi 24. febrúar 1976. Samkvæmt lögregluskýrslu, sem er í samræmi við annað, sem fram hef-

ur komið, var snjór á akbraut og hált. Um yfirborð vegar sagði Jón Þór Egilsson, ökumaður bifreiðarinnar A 6097, sem ók suður Eyjafjarðarbraut, í framburði fyrir lögreglu, að „mikil hálka hafi verið á veginum og hemlunarskilyrði því mjög slæm". Hann kvaðst hafa ekið með um 70 km hraða um það leyti, er hann nálgaðist Ferðanesti, en hraðinn hafi alls ekki verið meiri en 55—60 km, þegar árekstur varð. Er hann nálgaðist nyrðri innkeyrslu að Ferðanesti, kvaðst hann hafa tekið eftir bifreiðinni A 1027 og taldi bifreið sína hafa verið um það bil á móts við verslunarhúsið, er bifreiðinni A 1027 var ekið austur á veginn. Auk farþega í bifreiðinni A 1027 var aðeins eitt vitni að árekstrinum og aðdraganda hans. Vitni þetta, Helgi Pálmar Aðalsteinsson, lýsir hraða A 6097 með svipuðum hætti og ökumaður, þannig að leggja þykir mega framburð ökumannsins, Jóns Þórs, til grundvallar um það atriði. Vitnið lýsir síðan hemlun bifreiðarinnar A 6097 og hvernig hún snerist til vinstri að framan og rakst á bifreiðina A 1027, sem þá var komin yfir á austur hluta vegarins og að nokkru leyti orðin rétt fyrir miðað við aksturssstefnu til norðurs. Sama vitni segir mikla hálku hafa verið á árekstrarstað og hemlunarskilyrði því mjög slæm. Á afstöðuteikningu lögreglu sést „skrensfar" vinstra afturhjóls A 6097 á eystri vegarhelmingi. Einnig er þar merktur staður, sem framrúða bifreiðarinnar A 1027 er talin hafa legið á eftir árekstrinn, en staður þessi er á vegaruppfyllingu austan akbrautar.

Verður að telja, að bifreiðinni A 6097 hafi verið ekið með óhæfilegum hraða miðað við aðstæður í umrætt sinn og ökumaður með þeim akstursmáta brotið 1. mgr. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Vegna of mikils hraða missti ökumaður stjórn á bifreið sinni, er bifreiðinni A 1027 var ekið inn á veginn, með þeim afleiðingum, að bifreið hans lenti á röngum vegarhelmingi gagnstætt reglum 1. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Í héraðsdómi er þess réttilega getið, að samkvæmt mælingum séu 50 metrar frá norðurkanti Flugvallarafleggjara

að norðurbrún nyrðri inn/útkeyrslu Ferðanestis. Hins vegar er þar ekki getið um, að samkvæmt sömu mælingu eru 64 metrar frá síðargreinda staðnum að norðurbrún syðri inn/útkeyrslu, en hún er sjálf 30 metra breið. Frá norðurbrún nyrðri inn/útkeyrslu að miðri syðri inn/útkeyrslu, þar sem líklegt er, að bifreiðin A 1027 hafi verið, er henni var ekið af stað austur yfir veginn, eru 79 metrar, en 129 metrar að norðurkanti Flugvallarvegar. Þar eða norðan hans taldi áfrýjandi bifreiðina A 6097 hafa verið, er hann hugðist aka inn á Eyjafjarðarbraut.

Um þátt áfrýjanda í árekstrinum þykir verða að leggja til grundvallar framburð vitnisins Helga Pálmars Aðalsteinssonar um það, hvar bifreiðin A 6097 hafi verið stödd, er bifreiðinni A 1027 var ekið inn á Eyjafjarðarbraut. Vitnið kvað A 6097 þá hafa verið á móts við nyrðri innkeyrsluna að Ferðanesti, jafnvel frekar norðar. Þessi staður er því eigi nær þeim stað, er A 1027 var ekið inn á Eyjafjarðarbraut, en um 80 metra. Það tekur tæplega 5 sekúndur að aka þá vegalengd með 60 km hraða á klst. Auðvelt er að komast yfir eina akrein á vegi eða vegarhelming á þeim tíma, ef rösklega er að því staðið.

Bifreið áfrýjanda var ekið af einkavegi inn á veg, sem naut aðalbrautarréttar samkvæmt auglýsingu nr. 98/1968. Vegna hinna slæmu aksturskilyrða mátti áfrýjandi búast við því, að hann yrði svifaseinni í för yfir veginn en við góðar aðstæður. Var því óvarlegt af honum að aka út á Eyjafjarðarbraut, er bifreið kom eftir veginum, þó að hann gæti tæplega búist við þeim ökuhraða, sem var á A 6097 miðað við aksturskilyrði. Hefur hann því ekki gætt ákvæða 2. og 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, er í ljós leitt, að ökumaður bifreiðarinnar A 6097 hefur ekið með meiri hraða en lögleyfður er og eigi getað stöðvað bifreiðina, er hann taldi það nauðsynlegt, heldur misst stjórn á henni, þannig að hún lenti á vegarhelmingi þeim, sem ætlaður er umferð úr gagnstæðri átt. Ber hann því höfuðábyrgð á árekstrinum. Þá hefur áfrýjandi fellt á sig hluta ábyrgðar á árekstrinum

með röngu mati sínu á einhverjum eða öllum eftirgreindum þáttum: fjarlægð og hraða aðkomandi bifreiðar og þeim tíma, sem hann þurfti til að aka yfir vestari vegarhelming Eyjafjarðarbrautar.

Þykir sök hæfilega skipt þannig, að stefndi beri 2/3 hluta, en áfrýjandi 1/3 hluta.

Ég er sammála málskostnaðarákvæði í dómi meiri hluta dómenda að því er varðar Brunabótafélag Íslands, en tel, að málskostnaður eigi að falla niður að öðru leyti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri 18. janúar 1977, af Agli Jónssyni bónda, Syðri-Varðgjá, Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu, f. h. ólögráða sonar síns, Jóns Þórs Egilssonar, til heimilis á sama stað, gegn Ingimar Eydal hljóðfæraleikara, Byggðavegi 101, Akureyri, og Brunabótafélagi Íslands, Laugavegi 103, Reykjavík, til heimtu skaðabóta að fjárhæð kr. 311.300 með hæstu lögleyfðu vöxtum, nú 13% p. a., frá 25. febrúar 1976 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða umkrafðar fjárhæðir in solidum.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt í málinu og stefnandi látinn bera meginhluta hennar auk þess sem stefnukröfur verði lækkaðar. Enn fremur krefjast stefndu þess, að þeir fái greiddan málskostnað úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Málsatvikum er þannig lýst í stefnu:

„Málavextir eru þeir, að um kl. 11.00 að kveldi 24. febrúar 1976 ók Jón Þór Egilsson bifreið sinni A-6097, sem var Toyota Crown fólksbifreið, suður Eyjafjarðarbraut. Hann var einn í bifreiðinni. Veður var bjart, snjór á jörðu og hált.

Er Jón Þór nálgaðist þjónustustöðina Ferðanesti vestan megin vegarins og honum á hægri hönd, var bifreiðinni A-1027, Skoda fólksbifreið, ekið af athafnasvæði Ferðanestis inn á Eyjafjarðarbraut þvert í veg fyrir bifreið Jóns Þórs, sem þá var skammt undan. Bifreið þessi er eign stefnda Ingimars, hann ók bifreiðinni, kona hans og börn voru farþegar. Bifreið þessi var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá hinu stefnda vátryggingarfélagi.

Jón Þór Egilsson nauðhemlaði þegar er stefndi Ingimar ók þannig í veg fyrir hann, en árekstri varð ekki afstýrt. Varð hann harður og hlaust af mikið eignatjón, m. a. eyðilagðist bifreið Jóns Þórs. Ennfremur meiddist stefndi Ingimar."

Af hálfu stefndu er málsatvikum þannig lýst í greinargerð: „Málsatvik eru þau, að um kl. 11.00 þriðjudagskvöldið 24. janúar (sic) 1976 ók sonur stefnanda, Jón Þór Egilsson, bifreið sinni, A-6097, á mikilli ferð suður Eyjafjarðarbraut og á bifreið stefnda Ingimars, A-1027, á eystri vegarhelmingi Eyjafjarðarbrautar gegnt þjónustustöðinni Ferðanesti. Við ákeyrsluna slasaðist Ingimar verulega, og bifreið hans eyðilagðist, og kona hans og börn, er voru með honum í bifreiðinni, hlutu höfuðhögg og mörðust illa. Hafði Ingimar ekið til austurs inn á Eyjafjarðarbraut af syðri innkeyrslu við Ferðanesti og var kominn á sinn hægri vegarhelming í stefnu norður götuna, er bifreið Jóns Þórs kom á móti honum á öfugum vegarhelmingi, og skipti engum togum, að bifreið Jóns Þórs skall á vinstri hlið bifreiðar Ingimars, sem reyndi að sveigja undan til hægri. Við áreksturinn kastaðist bifreið Ingimars út af veginum og stöðvaðist á uppfyllingu utan vegar, en bifreið Jóns Þórs snérist í öfuga akstursstefnu. Er Ingimar ók inn á Eyjafjarðarbraut, kvað hann bifreið Jóns Þórs hafa verið norðan afleggjarans að Akureyrarflugvelli, og var því langt milli bifreiðanna, en Jón Þór, sem ók á miklum hraða, nauðhemlaði og kvað bifreið sína hafa runnið eins og sleða yfir á austurhelming vegarins og lítið dregið úr ferð. Er slysið skeði, var frost, mikil hálka og hemlunarskilyrði mjög slæm."

Ítarleg og greinargóð lögregluskýrsla af árekstrinum var lögð fram í málinu ásamt ljósmyndum. Lögmenn aðilja lýstu því yfir, að þeir mundu ekki leiða aðiljana né heldur þá, sem urðu vitni að árekstrinum, þar sem lögregluskýrsla væri svo ítarleg.

Þá hafa verið lagðar fram fjarlægðarmælingar lögreglunnar á Akureyri á árekstursstaðnum og í grennd. Þar kemur fram, að skammt sunnan móta Lækjargötu og Eyjafjarðarbrautar er umferðarmerkið B12 (það er sérstakri takmörkun hámarkshraða lokið), en frá því merki að norðurbrún flugvallarafleggjara eru 2.2 km. Breidd flugvallarafleggjarans er 7 m, og frá suðurbrún hans að norðurbrún nyrðri út/innaksturs Ferðanestis eru 43 m. Breidd nyrðri út/innaksturs Ferðanestis er 22 m. Kantur, sem afmarkaður er með staksteinum austan Ferðanestis, er 43 m á lengd og syðri út/innakstur Ferðanestis er 30 m á breidd, eða samtals 2,344 km. Samanlögð breidd út/innaksturs svo og kanturinn

austan Ferðanestis er mesta sjáanlega lengd athafnasvæðis Ferðanestis. Í lögregluskýrslu segir, að á árekstursstað sé vegur hallalaus, tvíbreiður og beinn.

Í skýrslu, sem tekin var af ökumanni A 6097 á árekstursstað, segir m. a. svo: „Ökumaður A-6097 kvaðst hafa ekið suður Eyjafjarðarbraut, og kvaðst hann hafa ekið á ca 60 km hraða m. við klst. Hann kvaðst hafa verið kominn skammt suður fyrir afleggjara að flugvellinum, þegar hann hefði farið að draga úr hraða, sökum þess að þar skammt sunnar endaði malbikaði hluti vegarins. Hann kvaðst síðan hafa ekið á ca 50 km hraða m. við klst. á þriðja hraðastigi bifreiðarinnar og hefði hann ekið því sem næst á miðjum vegi, sökum þess að hálka hefði verið allmikil á veginum.“ Í skýrslu, sem Jón Þór Egilsson gaf fyrir lögreglu 25. febrúar 1976, segir m. a. svo: „Klukkan rúmlega 23.00 í kvöld ók ég bifreið minni A-6097 suður Norðurlandsveg á leið heim til mín. Er ég nálgaðist nyrðri innkeyrsluna að Ferðanesti, þá sá ég, að Skodabifreið var ekið frá Ferðanesti áleiðis austur á veginn um syðri innkeyrsluna. Taldi ég í fyrstu, að bifreiðin mundi stöðva, en sá svo, að bifreiðinni var ekið, og að því mér sýndist, hiklaust austur á veginn í veg fyrir mig, og mun ég þá hafa verið um það bil á móts við verslunarhúsið. Hemlaði ég þá um leið, en bifreiðin rann á hemluðum hjólum, og virtist mér hún lítið draga úr ferð við hemlunina, og rann hún eins og sleði og snérist eitthvað til vinstri að framan, og rann hún til austurs á veginum, og skipti það litlum eða engum togum, að vinstra framhorn minnar bifreiðar skall á vinstri hlið Skodabifreiðarinnar, og mun árekstur-inn hafa orðið á austurhelmingi vegarins. Við áreksturinn kastaðist Skodabifreiðin austur af veginum og stöðvaðist á uppfyllingu þar. Mín bifreið stöðvaðist fljótlega eftir áreksturinn og snéri þá að mestu þversum á veginum með framendann í austur. . . . . Mætti segist ekki hafa veitt athygli stefnuljósi á Skodabifreiðinni, en það geti hafa verið á, þótt hann tæki ekki eftir því. Aðspurður um ökuhraða segir mætti, að hann telji, að þegar hann hafi nálgast Ferðanesti, þá sé hann um 70 km m. v. klst. Hann segir bifreiðina búna slitnum snjódekkjum og hafi keðjur verið á afturhjólum. Mikil hálka hafi verið á veginum og hemlunarskilyrði því mjög slæm. Hann segir, að sér hafi verið vel ljóst, að mjög hált væri. Bifreiðin hafi verið í fullkomnu lagi og ekkert, sem truflað hafi sig við aksturinn. Veður hafi verið bjart og skyggni gott og þarna sé götulýsing góð.

Mætti segir, að allmiklar skemmdir hafi hlotist á bifreið sinni

við árekstur inn, aðallega á vinstra framhorni. . . . . Mætti sagðist ekki minnast þess að hafa ekið fram fyrir bifreiðina A-5968 á Norðurlandsvegi og telur, að hún hafi verið á eftir sér frá því norður við leikhús bæjarins (Hafnarstræti 53) (sic) og hafa vitað af henni á eftir sér allt þar til slysið varð og hafi sér fundist bilið vera svipað milli bifreiðanna."

Daginn eftir, eða 26. febrúar, mætti ökumaðurinn enn fyrir lögreglu og vildi leiðrétta: „Að sennilega hafi hraði sinn verið heldur meiri en sagt er í skýrslunni, eða um 70 km um það leyti er hann nálgaðist Ferðanesti, en þá hafi hann „slegið af", og þegar árekstur inn hefði orðið, hefði hraðinn alls ekki verið meir en 55 til 60 km."

Þriðjudaginn 16. mars 1976 gaf Ingimar Eydal skýrslu fyrir lögreglu, og í henni segir m. a. svo: „Hann kveðst hafa verið að fara af stað frá Ferðanesti akandi bifreið sinni A-1027. Með honum var eiginkona hans Ásta Sigurðardóttir, er sat í framsæti. Í aftursæti sonur þeirra Ingimar Eydal 10 ára. Hann kveðst hafa ætlað til baka norður í bæinn. Hann segist fyrst hafa ekið suður frá stöðinni og beygt til vinstri fram á veginn syðst á lóðinni. Hann segist hafa ekið á fyrsta hraðastígi af fjórum áfram. Hann segist hafa litið eftir umferð um þjóðveginn báðum megin frá. Sá ekkert farartæki nálgast frá suðri, en sá til bifreiðar á suðurleið norðan við flugvallarafleggjarann. Þar sem sú bifreið var í svona mikilli fjarlægð, taldi hann öruggt að aka inn á veginn og beygja til norðurs. Hann segist rétt vera búinn að rétta bifreiðina af úr beygjunni, er bifreið sú, er að norðan kom og reyndist vera A-6097, nálgast skyndilega á ofsahraða, sveigir til austurs og stefndi á bifreið hans. Hann kveðst þá hafa kallað viðvörun til farþega sinna og um leið reynt að beygja austur fyrir veginn, en í sama bili verður árekstur inn og bifreið hans kastast lengra til austurs. . . . . Ingimar tekur nú fram, að hann telji, að A-6097 hafi ekið með um 100 km hraða miðað við klukkustund, er hún nálgaðist Ferðanesti. . . . . Hann kveðst enn vilja undirstrika það, að bifreiðin A-6097 hafi verið norðan flugvallarafleggjarans, er hann ók fram á þjóðveginn, og hann því talið fráleitt, að nokkur hætta stafaði af henni."

Hinn 25. febrúar 1976 gaf Ásta Sigurðardóttir, eiginkona Ingimars, skýrslu fyrir lögreglu, og í henni segir m. a. svo: „Hún kvaðst ekki geta fullyrt, hvort Ingimar hefði gefið stefnuljós, en telja, að svo hafi verið, þar sem það sé undantekningarlaus regla hjá honum við svipaðar aðstæður. Hún segir, að þegar Ingimar

hafi ekið að Eyjafjarðarbraut, hafi bifreiðin verið staðsett frekar sunnarlega á innkeyrslunni. Hún segir, að þegar ekið hafi verið að umræddri götu, hafi Ingimar ekið mjög hægt og nærri stöðvað, áður en hann hafi ekið áfram inn á götuna. Hún kveðst hafa litið til norðurs, áður en Ingimar ók inn á götuna, og séð bílljós norður á Eyjafjarðarbraut, en þau hafi verið í það mikilli fjarlægð, að hún hafi ekki talið, að þeim stafaði nokkur hætta af þeirri bifreið, þótt þau ækju inn á götuna. Ingimar hafi síðan ekið inn á götuna og beygt til norðurs. Þegar bíll þeirra hafi verið kominn austur á austurhluta vegarins, að mætta telur austur undir vegarbrún, og snéri þá frá suðri til norðurs, kvaðst hún hafa tekið eftir bílljósum, sem komið hefðu á móti þeim á öfugum vegarhelmingi og á mjög mikilli ferð. Hún segir, að Ingimar hafi kallað í sig og son þeirra hjóna, er var í aftursæti, og sagt þeim að halda sér og síðan hafi hann reynt að beygja út af veginum til hægri. Ingimar hafi hins vegar aðeins haft tíma til að snúa bílnum lítillega og þar af leiðandi hafi bifreiðin, sem á móti kom, lent á vinstri hlið bifreiðar þeirra, en ekki framan á henni. . . . . Varðandi hraða á bifreiðinni A-6097 segir Ásta, að hún geti ekki fullyrt um hann, en hún telji, að bifreiðin hafi varla verið undir 80 til 90 km hraða miðað við klukkustund, og byggir hún þessa umsögn sína á því, hve bifreiðina hafi borið brátt að, frá því að hún sá bílljósin langt norður á Eyjafjarðarbraut, um það leyti er Ingimar var að aka inn á götuna, og einnig hve mikill hraði hafi verið á bílnum rétt áður en hann rakst á bifreið þeirra, svo og skemmdirnar, sem urðu á báðum bifreiðunum."

Hinn 24. febrúar 1976 gaf Helgi Pálmar Aðalsteinsson skýrslu fyrir lögreglu, en hann varð vitni að því umferðarslysi, sem um ræðir í þessu máli. Í skýrslu hans segir m. a. svo: „Nú skömmu áður ók ég bifreiðinni A-5968 suður Norðurlandsveg, og var ferðinni heitið suður úr bænum. Mig minnir, að einhvers staðar á kaflanum frá Höfnersbryggju að Krókeyrarstöðinni æki fram fyrir mig grá eða gráblá Toyotabifreið, og mun ökuhraði minn þá hafa verið um 70 km m. v. klst., og hélt ég þeim hraða um það bil suður á móts við býlið Litla-Garð, er ég dró frekar úr ferð, og var þá fyrrgreind Toyota-bifreið skammt undan mér, og hélt hún sömu ferð, að mér virtist, og dró því heldur í sundur, eftir að ég hægði ferðina, en áður hélst bilið svipað. Um það bil er ég var að nálgast flugvallarafleggjarann, þá var Toyotabifreiðin á móts við Ferðanesti og rétt í því sá ég, að Skodabifreið var ekið að syðri afleggjaranum að Ferðanesti inn á Norðurlandsveginn og

beygði hún til norðurs. Er bifreiðinni var ekið inn á veginn, þá fannst mér Toyotabifreiðin vera um það bil við nyrðri innkeyrsluna að Ferðanesti, eða jafnvel frekar norðar. Sá ég, að Toyotabifreiðinni var hemlað, er Skodabifreiðinni var ekið inn á veginn, og við hemlunina rann Toyotabifreið fyrst nokkuð beint áfram, en síðan snérist hún til vinstri að framan og færðist til austurs á veginum, og skall hún með framendann á vinstri hlið Skodabifreiðarinnar, er þá var komin yfir á austurhluta vegarins og að nokkru orðin rétt fyrir á veginum miðað við þá aksturs-stefnu, er sýnilega var fyrirhuguð hjá ökumanni hennar.

Við árekstur kastaðist Skodabifreiðin til suð-austurs, og stöðvaðist hún á uppfyllingu austan vegarins. . . . . Á slysstað var mikil hálka og hemlunarskilyrði því mjög slæm. Ég greindi, að Skodabifreiðin var með full ökuljós, er henni var ekið inn á veginn, og einnig tel ég mig muna eftir að hafa séð á henni stefnuljós til vinstri. Bifreiðinni var ekið frekar hægt inn á veginn. Varðandi ökuhraða á Toyotabifreiðinni, er slysið varð, get ég ekki sagt um með neinni vissu, en ég tel hann vart hafa verið undir 60 til 70 km m. v. klst."

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að umferð eftir Eyjafjarðarbraut njóti aðalbrautarréttar, enda sé hún mesta umferðargata á og í grennd við Akureyri. Inn- og útkeyrslur Ferðanestis séu einkavegur og sé því aðalbrautarrétturinn fortakslaus í þessu tilviki, sbr. 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Stefnandi hafi átt eftir skammt ófarið að Ferðanesti, þegar stefndi Ingimar hafi ekið inn á aðalbrautina, og gæti þar hafa verið um 100 m fjarlægð að ræða. Annað sé ósannað en bifreið stefnda Ingimars hafi verið þversum á veginum, þegar áreksturinn hafi orðið. Stefndi Ingimar hafi valdið árekstrinum með gáleysislegum akstri, en hann hafi átt að vægja fyrir aðalbrautarrétti stefnanda skv. 48. gr. umferðarlaga. Sök stefnda Ingimars sé meiri vegna þess, að hált hafi verið, og því óforsvaranlegt af honum að láta reyna á nauðhemlun stefnanda. Það sé ekki hægt að gera kröfu til þess, að bifreið sé stöðvuð fyrirvaralaust á hraðbraut, og líta beri á það, að 49. gr. umferðarlaganna gildi fyrst og fremst um akstur í þéttbýli, en stefnandi hafi verið búinn að aka rúmlega 2 km, eftir að sérstakri hraðatakmörkun hafi sleppt og hámarkshraði 70 km hafi gilt þá vegalengd og fram hjá Ferðanesti. Ósannað sé, að stefnandi hafi ekið á meiri hraða, en hann haldi fram, að hraði bifreiðar sinnar hafi verið 55—60 km á klst., þegar áreksturinn hafi orðið. Í ljósi þeirrar staðreyndar, að bifreið verði ekki stöðvuð

fyrirvaralaust í hálku, verði að meta sökina á árekstrinum. Með aksturslagi sínu hafi stefndi Ingimar stefnt í mikla tvísýnu og ætlað þeim, sem eftir aðalbrautinni kom, að koma í veg fyrir ófarnaðinn við hin óhagstæðustu skilyrði.

Því sé mótmælt, að um gálausan akstur stefnanda hafi verið að ræða. Ökuhraða stefnanda verði að meta skv. hans eigin framburði, því að útilokað hafi verið fyrir stefnda Ingimar og farþega hans að meta hraða bifreiðarinnar, sem komið hafi á móti þeim með full ökuljós. Tvímælalaust sé, að alla sök á árekstrinum verði að leggja á stefnda Ingimar.

Fyrir liggi mat á tjóninu, sem báðir aðiljar séu sammála.

Bifreið stefnanda hafi verið honum notadrjúg og því verði afnotamissirinn ekki bættur með lægri fjárhæð en þeirri, sem krafist sé fyrir hann. Ekki sé rétt að miða við þann tímafjölda eingöngu, sem metið sé, að taki að gera við bifreiðina, því að viðgerð eigi sér aðdraganda, s. s. þann að fá rúm fyrir bifreiðina á verkstæði, panta varahluti og ekki sé alltaf unnið samfleytt að viðgerð sömu bifreiðar.

Stefnandi hafi fengið algera synjun um bætur frá hinu stefnda tryggingarfélagi og því hafi ekki verið hafist handa um viðgerð bifreiðarinnar.

Það sé úrelt sjónarmið, að við mat á tjóni eigi að taka tillit til þess, að nýtt komi í stað gamals.

Eðlilegt sé að gera kröfu um greiðslu vaxta þannig, að dæmt verði, að af skaðabótum greiðist hæstu lögleyfðu vextir á hverjum tíma, þar sem mikil hreyfing sé á ákvörðunum um hæð vaxta. Því sé gerð krafa um hæstu lögleyfða vexti, sem séu 13% p. a. nú, en jafnframt að stefndu verði dæmdir til að greiða þá vexti, sem ákveðnir kunni að verða til hækkunar fram að greiðsludegi.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að þegar áreksturinn varð, hafi bifreið stefnda Ingimars verið komin í rétta akstursstefnu til Akureyrar.

Jón Þór viðurkenni sjálfur að hafa ekið á 70 km hraða á klst., en hann hafi orðið þrísaga í framburði um ökuhraða sinn og verði að hafa það í huga, þegar gildi framburðar hans sé metið.

Jón Þór hafi brotið ákvæði 49. gr. umferðarlaga, sem gildi jafnt í þéttbýli sem strjálbýli, þar sem hann hafi ekið um og yfir löglegum hámarkshraða við slæm skilyrði á bifreið, sem hafi verið vanbúin til aksturs.

Af skýrslu vitnisins Helga Pálmars Aðalsteinssonar megi sjá, að Jón Þór hafi ekið yfir löglegum hámarkshraða og hafi hann

ekkert haft sér til afsökunar að gera það, en ákvæði um hámarkshraða verði að skýra með hliðsjón af 49. gr. umferðarlaga.

Taka verði tillit til þess, að bifreið Jóns hafi verið illa búin til aksturs í hálku, hjólbarðar að framan hafi verið slitnir og aðeins keðjur á afturhjólum. Brýnt hafi verið að hafa einnig keðjur á framhjólum, þar sem hjólbarðar hafi verið slitnir. Þetta hafi m. a. leitt til þess, að bifreið hans hafi lent á röngum vegarhelmingi.

Líta verði á inn- og útkeyrslur Ferðanestis sem gatnamót í skilningi 2., 3. og 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga og við mat á aðstæðum verði að miða við það.

Þá verði að gæta þess, að Jón Þór hafi átt eftir ófarna 110—120 m að syðri inn/útkeyrslu Ferðanestis, þegar Ingimar hafi ekið inn á veginn, og hafi það verið nægileg vegalengd til þess að mæta aðstæðunum aðeins með því að slá af hraða bifreiðarinnar, en klosshemlun, eins og Jón Þór hafi beitt, sé það versta, sem hann hafi getað gert miðað við aðstæður.

Hemla- og skriðför bifreiðarinnar séu öll á vinstri vegarhelmingi, þar sem árekstrinn hafi orðið, eins og vettvangsuppdráttur sýni, en hann sýni enn fremur það, að Ingimar hafi verið kominn inn á hægri vegarhelming miðað við aksturs stefnu í norður og hafi hann haft tíma til að kalla til farþega sinna og vara þá við aðsteðjandi hættu.

Jón Þór hafi því átt sök á árekstri þessum með stórkostlegu gáleysi, þ. e. með óhæfilegum ökuhraða, röngum viðbrögðum og vanbúinni bifreið. Þess verði að gæta, að aðalbrautarréttur geti fallið niður, ef gáleysislega sé ekið, eins og verið hafi í þessu tilviki.

Mat á viðgerðarkostnaði bifreiðar Jóns Þórs sé ekki vefengt, en taka verði tillit til þess, að nýtt komi í stað gamals.

Krafa stefnanda um bætur fyrir afnotamissi sé vanreifuð og varla dómhæf. Metið sé, að 50 klst. taki að gera við bifreiðina, og megi því gera ráð fyrir því, að viðgerðin mundi taka vikutíma.

Þá sé þörf Jóns Þórs á bifreið ekki sönnuð.

Vaxtakröfu stefnanda, eins og hún sé gerð, sé mótmælt, en fallist á, að verði dæmdir vextir, eigi þeir að nema 13% p. a.

Af hálfu stefnda sjálfs er því haldið fram, að bifreið Jóns Þórs hafi átt eftir u. þ. b. 110—120 metra ófarna að þeim stað, þar sem stefndi Ingimar ók út á Eyjafjarðarbraut, þegar hann ekur út af athafnasvæði Ferðanestis. Enda þótt þessi fjarlægð kunni að vera næg undir venjulegum kringumstæðum, verður að skoða

hana í ljósi þeirra aðstæðna, sem ríktu á árekstursstaðnum. Fram hefur komið, að mikil hálka var og náttmyrkur, en götulýsing var þó fyrir hendi.

Stefndi Ingimar telur sjálfur í skýrslu sinni fyrir lögreglu, að bifreið Jóns Þórs hafi verið norðan svokallaðs Flugvallarafleggjara, þegar hann hugðist aka af athafnasvæði Ferðanestis inn á Eyjafjarðarbraut. Samkvæmt mælingu lögreglu eru 50 metrar frá norðurkanti Flugvallarafleggjarans að norðurbrún nyrðri inn/útkeyrslu Ferðanestis. Þar sem lýsing stefnda Ingimars á aðstæðum að þessu leyti fyrir lögreglu og hins vegar málsástæður fyrir dómi fara ekki saman og með hliðsjón af því, sem sjónarvottur segir um fjarlægðina á milli bifreiðanna, virðist verða að draga þá ályktun, að hann hafi rangmetið fjarlægð þá, sem bifreið Jóns var í.

Miðað við þær aðstæður, sem voru á árekstursstaðnum, þykir stefndi Ingimar hafa átt að bíða þess, að Jón Þór æki fram hjá, og því ekki hafa virt aðalbrautarréttinn.

Af þessum sökum þykir verða að leggja meginhluta sakar á stefnda Ingimar.

Hins vegar verður að fallast á það með stefndu, að bifreið Jóns Þórs hafi ekki verið nægilega vel búin til aksturs í þeirri hálku, sem var, og ökuhraði hans hafi verið of mikill miðað við aðstæður, enda kom í ljós, að honum reyndist ekki unnt að stöðva bifreið sína með eðlilegum hætti, heldur missir hann stjórn á henni. Ekki þykja þó efni til að leggja honum til sakar, þótt hann beitti hemlum bifreiðarinnar í því skyni að koma í veg fyrir árekstur. Jón Þór þykir því verða að bera sjálfur hluta sakar.

Þegar sök beggja er virt skv. því, sem að framan er sagt, þykir sakarskipting eiga að vera þannig, að stefnandi beri 1/3 hluta hennar sjálfur, en stefndi Ingimar 2/3 hluta.

Jón Þór á rétt á nokkrum bótum fyrir missi afnota af bifreið sinni, og þykja þær hæfilega metnar kr. 25.000.

Ekki er unnt að taka til greina þá kröfu stefnanda, að honum verði dæmdir vextir með þeim hætti, að hækki vextir, áður en greiðsla fer fram, þá skuli stefndu greiða hækkaða vexti af tildæmdum fjárhæðum. Verður að miða við 13% ársvexti og þeir því tildæmdir.

Kröfur stefnanda sundurliðast í skaðabótakröfu kr. 261.300 og kröfu um bætur afnotamissis kr. 50.000.

Samkvæmt framansögðu ber stefndu að greiða stefnanda in solidum kr. 199.200 (174.200 og 25.000) með 13% ársvöxtum frá

25. febrúar 1976 til greiðsludags. Stefndu greiði stefnanda kr. 63.000 í málskostnað.

Friðgeir Björnsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ingimar Eydal og Brunabótafélag Íslands, greiði in solidum stefnanda, Agli Jónssyni f. h. ólögráða sonar hans Jóns Þórs, kr. 199.200 með 13% ársvöxtum frá 25. febrúar 1976 til greiðsludags og kr. 63.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. október 1980.

Nr. 190/1980. **Eiríkur Ketilsson**
gegn
Jóni Skaftasyni,
skiptaráðanda í Reykjavík,
vegna sjálfs sín og
þrotabús Júlíusar Helgasonar.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skiptalok.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Jón Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, skipaði sæti skiptaráðanda og tók hina kærðu ákvörðun um skiptalok.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 3. október 1980, sem barst Hæstarétti 10. s. m. Krefst hann þess, að felld verði úr gildi ákvörðun skiptaráðanda, sem skráð er í skiptabók hinn 10. september 1980 og auglýst í Lögbirtingablaði 24. sama mánaðar, að lokið skuli vera skiptum á gjaldþrotabúi Júlíusar Helgasonar, Sogavegi 172 í Reykjavík, „og lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka þrotabúið til skipta að nýju og

ljúka búskiptum lögum samkvæmt með hliðsjón af uppskriftargerð. Þá er og krafist kærumálskostnaðar úr hendi skiptaráðanda."

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 26. janúar 1976 krafðist sóknaraðili þess, að skiptaráðandi í Reykjavík tæki bú Júlíusar Helgasonar til gjaldþrotaskipta. Studdi hann þá kröfu við tvær árangurslausar fjárnámsgerðir. Úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp 3. maí 1976. Skiptaréttur var háður 4. október s. á. til að skrifa upp eignir þrotamanns. Sjálfur var hann fjarstaddur, en eiginkona hans var mætt í réttinum. Eftirfarandi var þá skráð í skiptabók eftir henni: „Mætta kveðst telja þau þrotamann vera eigendur íbúðar hér að Sogavegi 178 (sic). Auk þess eigi þau hjónin innbú það, sem hér er". Var innbúið þessu næst skrifað upp, en ekki íbúðin. Nam verðmæti innbús 151.500 krónum samkvæmt virðingu vottanna.

Eftir þetta var gjaldþrotamálið tekið fyrir í skiptaréttinum 22. október, 5. nóvember og 22. nóvember 1976. Við fyrstnefnda fyrirtöku málsins var lagt fram veðbókarvottorð frá 5. október 1976 um fasteignina Sogaveg 172. Var hún á vottorðinu talin eign Hans Árnasonar og Sparisjóðs alþýðu samkvæmt heimildarbréfum 14. júní 1965 og 15. september 1969. Í öll framangreind skipti var af hálfu þrotamanns mættur lögmaður, er hélt því fram, að gjaldþrotabeiðnin væri „byggð á kröfu samkvæmt skuldabréfi, sem til hafi orðið fyrir svik semi, sem kærð hafi verið til sakadóms". Gat hann þess jafnframt, að þrotamaður væri sem stæði erlendis, og fékk málinu jafnan frestað, í síðasta sinn til 13. desember 1976.

Hinn 9. október 1979 var gjaldþrotamálið loks tekið fyrir að nýju í skiptaréttinum. Var hann nú háður af Jóni Sigurgeirssyni, fulltrúa yfirborgarfógeta, í stað Lúðvíks Kaaber, fulltrúa yfirborgarfógeta, sem til þessa hafði farið með búskiptin. Þrotamaður sjálfur var mættur, en ekki aðrir, og m. a. eftirfarandi skráð eftir honum í skiptabók:

„Lesin er fyrir mætta uppskrift gerð 4. október 1976. Mætti segir, að lausamunir séu enn fyrir hendi, en hafi gengið úr

sér við eðlilega notkun. Mætti kveðst ekki vita, að hann eigi íbúðina að Sogavegi 172, eins og kona hans gaf í skyn í nefndri uppskrift. Hann segir, að rétt sé eftir haft með lausamuni í uppskriftinni og engar breytingar hafi orðið þar á. Hann kveðst hafa greitt af veðskuld vegna íbúðarinnar ca. 22.000—24.000 kr. á ári í veðdeild Landsbankans, auk þess hafi hann greitt fasteignagjöld og litið á það sem leigu. Hann kveður sig eignalausan utan þeirra muna, sem komið hafa fram".

Hinn 10. september 1980 var gjaldþrotamálið tekið fyrir að nýju í skiptaréttinum. Hvorki þrotamaður né skiptabeiðandi eða aðrir kröfuhafar í búinu voru mættir. Sést raunar ekki, að þeim hafi verið tilkynnt um fyrirtöku málsins. Lagði fulltrúinn, sem skipaði sæti skiptaráðanda, fram nokkur skjöl, þeirra á meðal endurrit úr fógetabók Reykjavíkur, dags. 8. september 1980, um það, að hinn 15. september 1969 hafi Sparisjóði alþýðu verið lögð út sem ófullnægðum veðhafa að undangengnu nauðungaruppboði rishæð hússins nr. 172 við Sogaveg, áður eign Júlíusar Helgasonar. Enn fremur var lögð fram svofelld yfirlýsing tveggja manna 4. september 1980 um lausafjármuni þá, sem skrifaðir höfðu verið upp 4. október 1976:

„Við undirritaðir fórum að Sogavegi 178 (sic) að beiðni skiptaráðanda þeirra erinda að taka úr vörzlum innbúsmuni þá, er um getur í uppskriftargerð frá 4. okt. 1976 v/þb Júlíusar Helgasonar, s. st.

Innbúsmunir þeir, er voru á staðnum, reyndust svo illa farnir og lélegir, að ekki svaraði kostnaði að flytja þá á uppboðsstað.

Þvottavél og frystikista, sem tilgreind eru í uppskriftargerðinni, eru orðin ónýt og búið að henda á öskuhauga, en tæki þessi voru komin til ára sinna, þegar uppskrift fór fram".

Að svo búnu var eftirfarandi skráð í skiptabók:

„Húseignin er enn þinglýst á nafni Alþýðubankans hf.

Úrskurður um töku búsins til gjaldþrotaskipta var kveðinn upp 3. maí 1976. Innköllun krafna var ekki gefin út. Ljóst

virðist, að engar eignir finnist í búinu, og verður því að ljúka skiptum með vísan til 33. gr. laga nr. 25/1929, án þess að nokkur greiðsla fáist upp í lýstar kröfur, sem námu kr. 1.323.082,- auk vaxta og kostnaðar.

Skiptakostnaður greiðist af skiptabeiðanda, Jóni E. Ragnarssyni hrl.

Skiptameðferð á búinu er lokið".

Hinn 24. september 1980 mótmælti lögmaður sóknaraðilja því í bréfi til skiptaráðanda, að skiptum á gjaldþrotabúinu hefði verið lokið með framangreindum hætti, og krafðist hann þess, að innbúið yrði selt á nauðungaruppboði, en að öðrum kosti yrði bú Júlíusar Helgasonar tekið að nýju til gjaldþrotaskipta á ábyrgð skiptabeiðanda, en án þess að skiptabeiðandi setti tryggingu fyrir greiðslu skiptakostnaðar. Þessu synjaði skiptaráðandi með bréfi 1. október sl.

Innköllun til skuldheimtumanna var ekki gefin út í framangreindu gjaldþrotabúi, en sýnt er, að fleiri kröfuhafar en sóknaraðili hafa lýst kröfum í það. Ekkert var aðhafst, svo að séð verði, til að halda áfram skiptameðferð og ljúka skiptum í mjög langan tíma. Óvissa var þá um eignir þrotabúsins, bæði vegna ósamræmis í skýrslum þrotamanns og eiginkonu hans um eignirnar svo og vegna þess, að skiptaráðandi taldi mat vottanna við uppskriftina 3. maí 1976 ekki lengur verða lagt til grundvallar um verðmæti hinna uppskrifuðu eigna. Þegar af þessum ástæðum bar skiptaráðanda að boða til skiptafundar samkvæmt 23. gr., sbr. 90. gr., skiptalaga nr. 3/1878, eftir að hann tók til við skiptameðferðina að nýju, en áður en hann lyki skiptum samkvæmt 33. gr. laga nr. 25/1929. Þar sem þessa var ekki gætt, ber að fella hina kærðu ákvörðun skiptaráðanda úr gildi og leggja fyrir hann að halda áfram búskiptum og ljúka skiptum á búinu lögum samkvæmt.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða ákvörðun er úr gildi felld, og ber skipta-

ráðanda að taka þrotabú Júlíusar Helgasonar til löglegrar meðferðar og ljúka í því skiptum.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 23. október 1980.

Nr. 47/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Bernharð Smára Jónssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifhjól. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur vitnið Aðalsteinn Jónsson komið fyrir sakadóm að nýju. Kvaðst hann þá hafa skýrt rangt frá í sakadómi Reykjavíkur 19. (sic) febrúar 1979. Honum voru þá kynnt ákvæði 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974 svo og 148. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og skýrði hann þá svo frá, að fyrri framburður sinn í sakadómi Reykjavíkur 16. febrúar 1979 hefði verið sannleikanum samkvæmur. Kvaðst hann hafa ætlað að breyta framburði sínum vegna beiðni ákærða, mestmegnis af greiðasemi, en einnig af ótta.

Ákærði öðlaðist hinn 15. desember 1975 leyfi til að stýra léttu bifhjóli, sbr. 6. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 42. gr. reglugerðar nr. 57/1960, svo sem henni hefur verið breytt, síðast með 1. gr. reglugerðar nr. 285/1973. Hann var sviptur því leyfi í 12 mánuði með dómssátt 20. desember

1976 frá 12. október 1976 að telja. Hann fékk leyfi til að aka bifreið 22. desember 1977.

Fyrra brot ákærða hefur ekki ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar fyrir brot það, sem hér er til umfjöllunar, sbr. niðurlagsákvæði 1. mgr. 71. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann með þeirri athugasemd, að brot ákærða, sem ók léttu bifhjóli, varðaði ekki við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Bernharð Smári Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. apríl 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 10. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 127/1979: Ákæruvaldið gegn Bernharð Smára Jónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. júní 1978, á hendur ákærða, Bernharð Smára Jónssyni lagermanni, Rjúpufelli 29, Reykjavík, fæddum þar í borg 3. nóvember 1960, „fyrir að aka að kvöldi föstudagsins 26. ágúst 1977 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum létta bifhjólinu R 656 um götur í Fellahverfi í Breiðholti í Reykjavík, þar sem akstri lauk við verslunina Iðufell.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr., sbr. 8. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr.

lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1976 20/12 í Reykjavík: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 12/10 1976.

Samkvæmt skýrslu Sveinbjörns Guðmundssonar lögreglumanns eru málavextir þessir:

Föstudaginn 26. ágúst 1977 var skýrslugjafi á eftirlitsferð í lögreglubifreiðinni R 20000 ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum. Klukkan 2347 var tilkynnt frá fjarskiptastöð lögreglunnar, að maður hefði þá skömmu áður farið frá Rjúpufelli 29 á léttu bifhjóli, R 656. Sagt var, að hann væri mjög ölvaður, einnig að hann væri skorinn á höndum. Lögreglumenn á bifreiðunum R 20000 og R 20008 fóru að svipast um eftir manni þessum. Um klukkan 0028 var maður handtekinn við verslunina Iðufell, en hann var að leggja hjólinu R 656, þegar lögreglumennina bar að. Maðurinn var ákærði í máli þessu. Á vinstri hendi hans var skurður, ca 15 cm langur. Ekki var talið mögulegt að gera að sári hans á slysadeild Borgarspítalans vegna þess, hve æstur hann var.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 0155 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði 2.11‰.

Tekin var skýrsla af ákærða daginn eftir. Hann kvaðst hafa drukkið áfengi kvöldið áður, gerst mjög ölvaður og ekki muna ljóst, hvað gerðist. Hann kvaðst hafa lánað Matthíasi Waage vélhjól sitt um kvöldið, en hann mundi eftir því, að Matthías skilaði hjólinu. Hann kvaðst ekki muna eftir því að hafa ekið bifhjólinu, en hann mundi óljóst eftir því, þegar lögreglumenn voru að hlaupa á eftir honum á gangstíg við verslunina Iðufell.

Fyrir dómi hefur ákærði ekki kannast við að hafa ekið bifhjóli í greint sinn.

Verða nú raktir framburðir vitna í málinu.

Vitnið Sveinbjörn Þorgarður Guðmundsson lögreglumaður, Strandaseli 3, Reykjavík, sagði, að þegar lögreglumennirnir komu að Rjúpufelli, sögðu tveir drengir þeim, að ákærði hefði komið skömmu áður frá heimili sínu, blóðugur á hendi og mjög drukk-

inn, og hefði hann tekið bifhjól sitt, sem var geymt nálægt sorptunnum hússins, og farið burt á því. Þessir unglingar kölluðu ökumann bifhjólsins Benna. Þegar lögreglumennirnir voru að leita að ákærða og voru staddir við Kron, sögðu unglingar, sem þar voru, að ákærði væri við Nýgrill. Verslunin Kron er við göngugötu á milli Nýgrills og Iðufells, þar sem ákærði var handtekinn. Að fengnum þessum upplýsingum fór einn maður eða tveir úr lögreglubifreiðinni að leita ákærða, en vitnið hélt áfram leitinni úr lögreglubifreiðinni. Það sá ákærða fyrst, eftir að hann hafði verið handtekinn.

Lögreglumennirnir Ingi Þór Þorgrímsson, Svöluhrauni 10 í Hafnarfirði, og Vignir Sveinsson, Grensásvegi 56 í Reykjavík, voru báðir í lögreglubifreiðinni R 20000 ásamt Sveinbirni Þ. Guðmundssyni.

Ingi Þór Þorgrímsson sagði, að tilkynning hefði komið frá fjarskiptastöð lögreglunnar um ólæti í húsi við Rjúpufell. Er lögreglumennirnir komu að Rjúpufelli, hittu þeir unglinga, sem sögðu frá því, að strákur, sem þeir kölluðu Benna, hefði umturnað öllu á heimili sínu, skorið sjálfan sig og farið frá heimili sínu á vélhjóli, sem hann átti, en hafði verið í láni hjá öðrum. Lögreglumennirnir hófu leit að manni þessum með aðstoð unglinganna. Einnig voru fleiri lögreglubifreiðar kallaðar á staðinn, þar á meðal R 20006 og R 20008, að því er vitnið minnir. Þegar vitnið var nálægt versluninni Kron, sögðu unglingar frá því, að nefndur Benni væri á göngustíg, sem liggur frá Kron að Iðufelli. Vitnið fór út úr lögreglubifreiðinni og elti hjól, sem var á göngustígnum, en lögreglubifreiðin R 20000 ók að Iðufelli. Þegar vitnið var að hlaupa eftir göngustígnum, kom önnur lögreglubifreið, R 20006 eða 20008, og ók fram hjá vitninu á göngustígnum. Er vitnið kom að Iðufelli, var vélhjól þar uppi við vegg og lögreglumenn í handalögmálum við mann þar skammt frá. Þegar vitnið elti hjólið, sá það afturljós þess og aðeins móta fyrir manni.

Vitnið kvaðst hafa heyrt hjá áðurnefndum unglingum, að Benni yrði vitlaus með víni. Hann og systir hans hefðu verið með partý á heimili þeirra og hefði hann umturnað öllu í íbúðinni og skorið sjálfan sig með rakvélarblaði.

Vignir Sveinsson mundi, að unglingar sögðu lögreglumönnunum frá því, að strákur, sem væri skorinn á höndum og blóðugur, væri að aka bifhjóli ölvaður. Vitnið minnti, að það hefði tekið þátt í að hlaupa á eftir bifhjóli á göngustíg, sem liggur að Iðufelli. Vitnið minnti, að Volvo lögreglubifreið hefði verið ekið

fram hjá því á göngustígnum. Vitnið sagði, að maður, sem það telur, að hafi verið ökumaður bifhjólsins, hefði verið króaður af við Iðufell með þeim hætti, að lögreglubifreiðinni R 20000 var ekið að Iðufelli úr gagnstæðri átt en þeirri, sem Volvoinn kom úr. Vitnið gat ekki fullyrt um það, hvort bifreiðin R 20000 var komin að Iðufelli, þegar bifhjólið var stöðvað. Vitnið mundi, að þegar maðurinn var fluttur í lögreglubifreiðina R 20000, var bifreiðin við kvöldsöluna í Iðufelli.

Eiður Haralds Eiðsson lögreglumaður, Engjaseli 39 í Reykjavík, tók þátt í að leita að bifhjólinu R 656 á lögreglubifreiðinni R 20008. Með vitninu í lögreglubifreiðinni var Björn Björgvinsson, sem vitnið heldur, að sé nú íþróttakennari á Sauðárkróki.

Vitnið sagði, að þeir hefðu fengið tilkynningu um það, að hjól væri á gangstíg, sem liggur frá Kron að Iðufelli. Lögreglubifreiðinni var ekið að gangstígnum og eftir honum og fram hjá lögreglumanni, sem þar var á hlaupum. Vitnið kvaðst hafa séð vélhjólið allan tímann, frá því að lögreglubifreiðin kom að Kron og þar til hjólið hvarf fyrir horn við Iðufell. Þegar lögreglubifreiðin kom að horninu, sáu þeir vélhjól, sem lagt hafði verið skammt hjá við verslunarvegg. Lögreglubifreiðin var stöðvuð rétt eftir að hún kom fyrir hornið. Þá kom maður úr þeirri átt, sem hjólið var, gekk fram hjá lögreglubifreiðinni og reyndi að komast yfir steinvegg við gangstíginn. Þar var hann handtekinn.

Vitnið kvaðst aðeins hafa misst sjónar af vélhjólinu örstutta stund, eftir að hjólið fór fyrir hornið. Í nágrenninu voru unglingar, en það er mat vitnisins, að enginn þeirra hafi verið það nálægt hjólinu, þegar lögreglubifreiðin kom fyrir hornið, að til greina komi, að annar hafi ekið en sá, sem var handtekinn.

Að mati vitnisins er það útilokað, að maður hafi hlaupið frá vélhjólinu, eftir að það var stöðvað, og farið yfir vegginn við gangstíginn, án þess að lögreglumenn sæju hann.

Matthías Waage, Rjúpufelli 46, Reykjavík, fæddur 27. júlí 1961, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 4. október 1977. Hann kvaðst hafa fengið bifhjólið R 656 lánað hjá ákærða umrætt kvöld. Hann sagðist hafa verið á hjólinu um það bil hálfa til eina klukkustund. Eftir það sagðist hann hafa skilið við hjólið hjá versluninni Iðufelli til að fela það fyrir ákærða, sem var undir áhrifum áfengis.

Hann sagðist hafa verið með kveikjuláslykla að hjólinu, þegar ákærði var handtekinn.

Matthías Waage mætti einnig fyrir dómi. Hann kvaðst þá

eiginlega ekkert muna eftir atburðinum. Hann minnti þó, að hann hefði fengið lánað hjól hjá ákærða umrætt kvöld. Hann mundi, að hann hafði skilað hjólinu heim til ákærða, og minnti, að hann hefði þá skilað lyklum að því. Hann mundi ekki, hvers vegna hann sagði lögreglunni, að hann hefði skilið hjólið eftir við Iðufell og haldið lyklunum að því.

Aðalsteinn Jónsson, Möðrufelli 13, Reykjavík, fæddur 2. janúar 1961, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 2. mars 1978. Hann skýrði svo frá, að umrætt kvöld hefði hann hitt ákærða, sem var verulega ölvaður. Var ákærði að teyma létt bifhjól. Hann fékk hjólið lánað hjá ákærða og var að leika sér á því við Grillið. Hann sá, að lögreglan veitti honum eftirför, þegar hann ók á gangstíg. Ók hann þá að versluninni Iðufelli. Þar kastaði hann hjólinu frá sér og lyklunum til ákærða, sem var þar rétt hjá. Síðan hljóp hann af stað og yfir vegginn við gangstíginn. Hann sá, áður en hann fór yfir vegginn, að ákærði fylgdi á eftir.

Aðalsteinn Jónsson mætti einnig fyrir dómi. Þá játaði hann, að hann hefði skýrt ósatt frá um þennan atburð hjá lögreglunni. Hann kvaðst hálfpartinn hafa óttast ákærða. Hann kvaðst raunverulega ekki vita annað um málið en það, að hann heyrði á krökkum, sem voru við Nýgrill, að lögreglan væri að elta ákærða. Hann sá mann falla af bifhjóli við Nýgrill, rísa síðan upp og halda áfram. Lögreglan var á eftir þeim manni. Hann sá ekki, hver maðurinn var. Hann sagði, að frænka sín, Viktoría Ragnarsdóttir, hefði séð ákærða hlaupa frá hjólinu og lenda í handalögmálum við lögreglumenn.

Viktoría Eyrún Ragnarsdóttir, Rjúpufelli 44, Reykjavík, fædd 18. apríl 1961, kvaðst hafa séð lögregluna handtaka strák, sem kallaður er Benni, við verslunina Iðufell. Hún var að koma úr strætisvagni, þegar hún sá þetta. Hún sá hann ekki aka hjóli.

Rúnar Birgisson, Stífluseli 9, Reykjavík, fæddur 18. maí 1960, kvaðst hafa búið við sama stigagang og ákærði. Systir ákærða hringdi í lögregluna frá heimili hans, en einhver læti munu hafa verið á heimili ákærða. Hann sá ákærða ekki fyrr en lögreglan var að handtaka hann.

Systir ákærða, Bryndís Þóra Jónsdóttir, Rjúpufelli 29, fædd 13. ágúst 1962, mætti í dóminum og samþykkti að bera vitni í málinu.

Hún kvaðst hafa hringt á lögregluna. Síminn var lokaður á heimili hennar, og fékk hún að hringja úr íbúð á hæðinni fyrir

neðan. Hún sagði, að ákærði hefði verið ölvaður. Hún óttaðist, að hann tæki bifhjól og færi sér að voða. Skömmu áður hafði hann skorið sig á hendi. Hún sá ekki, þegar það gerðist. Hún kvaðst ekki hafa séð ákærða aka brott og ekki heyrt í hjólinu. Hún veit ekki um það, sem síðar gerðist í þessu máli.

Þrátt fyrir neitun ákærða verður að telja sannað með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og framburðum vitna, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali og þar er rétt heimfært til refsiákvæða.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 100.000 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi. Þykir ökuleyfissvipting hans hæfilega ákveðin í 1 ár frá uppkvaðningu þessa dóms.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal kr. 70.000 til verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæsaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Bernharð Smári Jónsson, greiði krónur 100.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 12 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal krónur 70.000 til verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Mánudaginn 27. október 1980.

Nr. 30/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Bergþóri Guðjónssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Benedikt Sigurjónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal endurrit framhaldsprófa. Kom A fyrir sakadóm Rangárvallasýslu hinn 18. þ. m. til frekari skýrslugjafar. Er bókað í þingbók, að hún hafi að eigin ósk komið fyrir dómara og vilji nú breyta fyrri framburði sínum, sem hún hafi gefið fyrir dómi í máli þessu, draga hann til baka og skýra rétt og satt frá málsatvikum öllum. Ber hún, að ákærði hafi ekið bifreiðinni L 1708 aðfaranótt sunnudagsins 28. maí 1977 frá mótssvæði á Þjórsárbakka austur Suðurlandsveg og að Grillskálanum við Hellu. Þau hafi verið tvö í bifreiðinni og hún setið við hlið hans. B, bróðir ákærða, hafi ekki verið með þeim og frásögnin um, að hann hafi ekið bifreiðinni, sé uppspuni einn. Sagði hún skýrslu þá, er hún gaf fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík hinn 28. maí 1977 við frumrannsókn málsins, vera í einu og öllu sannleikanum samkvæma. Hún kvaðst hafa skýrt rangt frá málsatvikum til þess að hjálpa ákærða og af frumkvæði hans, enda talið „það vera í lagi á sínum tíma". Hún sjái nú, að þetta hafi verið rangt, og þess vegna óski hún að skýra satt og rétt frá málavöxtum.

Af tilefni þessa framburðar A var ákærði kvaddur fyrir sakadóm Rangárvallasýslu hinn 20. þ. m. og kynntur fram-

burður hennar. Lýsti hann yfir því, að hann héldi fast við fyrri framburð sinn og hefði þar engu við að bæta.

Ákærði hefur borið, að hann hafi um eða upp úr miðnætti föstudagskvöldið 27. maí 1977 drukkið áfengisblöndu á skemmtun á Þjórsárbakka við bæinn Þjótanda, „ca 1 fl. af áfengisblöndu, þ. e. litla flösku af Coca-Cola".

Laugardaginn 28. maí 1977 viðurkenndi ákærði fyrir rannsóknarlögreglu að hafa ekið bifreiðinni L 1708 aðfaranótt þess dags frá Þjótanda að Hellu á Rangárvöllum. Hann hafi við bæinn Lyngás séð lögreglumann gefa sér stöðvunarmerki, en ekki sinnt því og ekið bifreiðinni þaðan og að Hellu með 80—90 km hraða miðað við klukkustund og þá vitað, að lögreglumenn veittu honum eftirför.

Lögreglumaðurinn Jón Helgi Birkir Snorrason, er gaf stöðvunarmerkið, kveðst öruggur um, að það hafi verið ákærði, sem ók bifreiðinni, en ekki bróðir hans B. Hann þekkti ákærða mjög vel í sjón, enda aldir upp á svipuðum slóðum, og eins þekkti hann B, bróður hans.

Þá fullyrða þeir lögreglumennirnir Jón Helgi Birkir og Þorgrímur Guðmundsson, sem veittu ákærða eftirförina og handtóku hann, að einungis tvær manneskjur hafi verið í bifreiðinni L 1708 og aðeins einn maður stokkið út úr henni við Hellu.

Með framburðum lögreglumannanna tveggja og með hliðsjón af framburði A fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir sakadómi 18. þ. m. svo og þegar litið er til játningar ákærða sjálfs fyrir rannsóknarlögreglu, eru fram komnar fullnægjandi sannanir fyrir því, að hann hafi ekið bifreiðinni L 1708 í umrætt sinn, en í blóðsýni úr honum reyndist alkóhólmagn vera 0.82‰. Afturköllun ákærða á framburði sínum fyrir rannsóknarlögreglu og framburður bróður hans, B, breyta hér engu um.

Varðar þetta atferli ákærða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þá er sannað með játningu ákærða og framburðum lögreglumannanna tveggja svo og A, að ákærði sinnti engu stöðvunarmerki lögreglumanns og ók bifreiðinni með ólög-

legum hraða, þótt eigi verði með vissu fullyrt, hve mikill hraðinn var, en að þessu atriði er vikið í héraðsdómi.

Varða þessi brot ákærða við 3. mgr. 38. gr. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga.

Refsingu ákærða ber að ákvarða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, en 5. gr. laga nr. 52/1978 verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Brot ákærða er ítrekað, sbr. dómssátt 30. apríl 1976, er greinir í sakavottorði hans. Samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 10. ágúst 1977, en þann dag var ákærða birt ákvörðun um, að hann væri sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 200.000 krónur.

Átelja verður, að óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa.

Í þinghaldi í sakadómi Rangárvallasýslu 9. september 1977 er svofelld bókun, undirrituð af skipuðum réttargæslumanni ákærða, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, og ákærða sjálfum:

„Verjandinn vill taka það fram, þrátt fyrir skilmerkilega bókun á framburði kærða, sé það augljóst, að fyrri framburðir hans séu þvingaðir fram með ólögmætum hætti".

Engum stoðum hefur verið rennt undir fullyrðingu þessa, sem er ósæmandi. Ber að víta hæstaréttarlögmanninn harðlega fyrir hana.

Dómsorð:

Ákærði, Bergþór Guðjónsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 10. ágúst 1977 að telja.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Rangárvallasýslu 16. febrúar 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 26. janúar sl., er höfðað fyrir sakadómi Rangárvallasýslu með ákæru, dags. 19. október 1978, á hendur Bergþóri Guðjónssyni, Rauðuskriðum í Fljótshlíðarhreppi, fæddum 23. október 1956 að Hólum í Biskupstungum, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 28. maí 1977 undir áhrifum áfengis bifreiðinni L 1708 frá mótssvæði við bæinn Þjótanda við Þjórsá, austur þjóðveginn og án þess að nema staðar við bæinn Lyngás, þegar lögreglumenn gáfu honum merki um það, síðan áfram austur þjóðveginn með allt að 120 km hraða, allt þar til ákærði linnti akstrinum við Grillskálann á Hellu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 3. mgr. 38. gr., 2. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæm 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1976 30/7 í Rangárvallasýslu: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 1. maí 1976.

Málsatvik.

Laugardaginn 28. maí 1977 voru tveir lögreglumenn í umferðareftirliti á vegagæslubifreið í Rangárvallasýslu. Um kl. 0300 voru þeir staddir og við vegagæslu á þjóðveginum milli Hellu á Rangárvöllum og Rauðalækjar í Holtahreppi. Veittu þeir þá athygli bif-

reið, er kom á móti þeim, þ. e. úr vesturátt. Annar lögreglumaðurinn fór út úr lögreglubifreiðinni og gaf ökumanni stöðvunarmerki með ljósakylfu, en hann sinnti því ekki og ók rakleitt áfram.

Í frumskýrslu málsins, sem skráð er af Jóni H. Snorrasyni, lögreglumanni nr. 204 í lögreglu Reykjavíkur, segir svo m. a.: „Undirritaður þekkti bílstjórann sem Bergþór Guðjónsson, Rauðuskriðum, Fljótshlíð, en bifreiðin, sem hann ók, er Saab, er ber skráningarnúmerin L-1708. Veittum við bifreiðinni eftirför, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar 120 km á klukkustund. Er bifreiðin L-1708 var komin að veitingaskálanum við Hellu, stöðvaði ökumaður bifreiðina snögglega og hljóp í átt að þorpinu, og var þar yfir vegleysur að fara. Undirritaður hóf eftirför og náði ökumanni inni í þorpinu. Við handtöku veitti hann mótspyrnu, og færði ég hann því í handjárn".

Hinn handtekni reyndist vera ákærði í þessu máli, Bergþór Guðjónsson. Ákærði var færður til blóðtöku hjá héraðslækninum á Hellu, og varð að taka úr honum blóð gegn vilja hans. Var ákærði síðan fluttur til Reykjavíkur og þar fyrir varðstjóra umferðardeildar, en bifreið hans var tekin í vörslu lögreglunnar á Hvolsvelli. Fyrir varðstjóra kvaðst ákærði hafa smávegis áfengis neytt við bæinn Þjótanda í Árnessýslu. Hann kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni L 1708 tiltekið sinn, hann kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni og annar hefði ekið, en gaf ekki frekari skýringar á því, hver það hefði verið. Ákærði var síðan færður í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík til geymslu.

Með ákærða í bifreiðinni L 1708 tiltekið sinn var stúlkan A. Hún sat í framsæti bifreiðarinnar farþegamegin, er lögreglan kom að bifreiðinni fyrir utan Grillskálann á Hellu. Í fyrstu neitaði hún að segja til nafns eða segja, hver hefði ekið bifreiðinni. En síðan lýsti hún því yfir, að hún hefði ekið bifreiðinni frá Þjótanda við Þjórsá, en ákærði, Bergþór Guðjónsson, hefði verið farþegi. Framburður stúlkunnar var þversagnakenndur, og hún virtist vera undir áhrifum áfengis. Var því tekið blóðsýni úr henni til alkóhólákvörðunar af héraðslækninum á Hellu og hún síðan flutt til Reykjavíkur. Aðspurð af varðstjóra kvaðst hún hafa ekið bifreiðinni L 1708, þegar lögreglubifreiðin hóf eftirför. Hélt hún fast við þann framburð sinn og vildi ekki tjá sig frekar um málið.

Samkvæmt ákvörðun varðstjóra var A flutt á upptökuheimilið í Kópavogi.

Ákærði var færður úr fangageymslu lögreglunnar til yfir-

heyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík kl. 0945 28. maí 1977. Þar viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreið sinni, L 1708, tiltekið sinn, þegar lögreglan veitti bifreiðinni eftirför að Hellu. Hann kvaðst hafa verið að koma frá Þjórsárbakka og með honum hefði verið í bifreiðinni stúlkan A. Ákærði kvaðst hafa drukkið ca 1 flösku af áfengisblöndu þar á staðnum. Ákærði kvaðst hafa verið á leið að Hellu. Er hann var kominn á móts við Lyngás, sem er skammt vestan við Hellu, kvaðst hann hafa séð lögreglubifreið, sem stóð á vegarkantinum, og skömmu áður en að henni var komið, kom lögreglumaður út á veginn og gaf ákærða stöðvunarmerki með því að rétta út rautt ljós. Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni segir ákærði enn fremur: „Ég var á talsverðum hraða, og þar sem ég hafði neytt áfengis, tók ég þá ákvörðun að stöðva ekki bifreiðina, þrátt fyrir það að lögreglumaðurinn hafi gefið mér stöðvunarmerki. Ég ók því áfram til Hellu, og veitti lögreglubifreiðin mér eftirför. Ég ók bifreiðinni á 80 til 90 km hraða m. v. klst., og fylgdi lögreglubifreiðin á eftir, og þegar ég kom að Grillinu á Hellu, stoppaði ég bifreið mína og hljóp út úr henni. Lögreglubifreiðin var þá rétt á eftir mér, og tók ég það ráð að stoppa bifreiðina og hlaupa frá henni í þeirri von að komast þannig undan. Ég hljóp yfir bersvæði frá Grillinu og að húsum, sem eru þar skammt frá, og kom lögreglan á eftir mér og náði mér við Freyvang 20, en þar hef ég herbergi ásamt kunningja mínum". Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann kvað það uppspuna hjá sér, sem hann hefði áður sagt lögreglunni, að farþegi, sem í bifreiðinni var, hefði ekið henni, hann kvaðst sjálfur hafa ekið bifreiðinni og enginn annar.

A var færð til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík sama dag kl. 1325. Hún greindi frá málsatvikum á sama hátt og ákærði hafði gert. Hún skýrði frá því, að ákærði hefði neytt áfengis á samkomusvæðinu á Þjórsárbakka, og kvaðst hún hafa drukkið sjálf nokkra sopa. Ákærði hefði ekið bifreiðinni þaðan og áleiðis að Hellu. Hann hefði ekið fram hjá lögreglunni við Lyngás án þess að sinna stöðvunarmerkinu. Ákærði hafi ekið bifreið sinni hratt, á ca 100 km hraða miðað við klst., er hann ók hraðast, meðan lögreglan veitti þeim eftirför. Lögreglubifreiðin hafi nálgast, og er komið var að Grillskálanum á Hellu, þá hafi ákærði stöðvað bifreiðina og sagt A að taka lykla bifreiðarinnar og fela þá. Ákærði hafi síðan farið út úr bifreiðinni, hlaupið á bak við Grillið og horfið sjónum sínum.

A kvaðst hafa sagt lögreglunni, að hún hefði sjálf ekið bifreiðinni, sem hefði verið ósatt, en með því hefði hún ætlað að hjálpa ákærða, enda væru þau góðir vinir. A kvaðst hafa skýrt frá sannleikanum í málinu.

Ákærði, Bergþór Guðjónsson, kom fyrir sakadóm Rangárvallasýslu hinn 22. ágúst 1977 vegna máls þessa. Hann kvaðst þá ekki vilja tjá sig um sakarefnið að svo stöddu og ekki fyrr en hann hefði ráðfært sig við lögfræðing. Ákærði kom að nýju fyrir dóminn 9. september 1977. Hann lýsti því þá yfir, að skýrsla sú, sem hann hefði gefið hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík 28. maí 1977, væri ekki sannleikanum samkvæm, og kvaðst hann vilja breyta þeim framburði sínum. Ákærði skýrði síðan svo frá, að tiltekið sinn hefði hann farið á bifreið sinni, L 1708, frá Hellu og á mótssvæðið á Þjórsárbakka. Með sér í bifreiðinni hafi verið bróðir sinn, B, 18 ára, og A, 15 ára. Ákærði kvaðst sjálfur hafa ekið bifreiðinni, og kvaðst hann ekki hafa neytt áfengis, áður en hann kom á mótssvæðið. Þar kvaðst hann hafa drukkið áfengisblöndu, sem hann var með, en B hefði ekkert drukkið. Ákærði sagði, að bróðir sinn, B, hefði ekið bifreiðinni frá mótssvæðinu og áleiðis að Hellu. Hafi það verið vegna þess, að ákærði hefði neytt áfengis og verið þreyttur vegna mikillar vinnu þennan dag og undanfarandi daga. Ákærði kvaðst hafa lagt sig í aftursæti bifreiðarinnar og sofnað þar, skömmu eftir að lagt var af stað. Ákærði kvaðst hafa vaknað, er bifreiðin var hjá Lyngási, við einhvern hávaða eða orðaskipti og séð, að nokkru fyrir aftan bifreiðina var lögreglumaður með ljóskylfu í hendi að hlaupa inn í bifreið, sem síðan hóf eftirför. Ákærði kvaðst ekki minnast þess að hafa séð, að lögreglan reyndi að stöðva bifreiðina. Ákærði sagði, að engin orðaskipti hefðu átt sér stað á milli sín og B, bróður síns, sem ók bifreiðinni, meðan á eftirförinni stóð. Ákærði sagði, að bifreiðinni L 1708 hefði verið ekið hratt og við Grillskálann á Hellu hafi B stöðvað bifreiðina og rokið út. Ákærði kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni einnig og hlaupið á eftir B. Ákærði kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni bílstjóramegin, en A hafi setið í framsæti bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst aðspurður hafa hlaupið á eftir B í einhverju fáti eða vitleysu. Hann kvaðst hafa séð B hlaupa á bak við „Grillið", en kvaðst svo hafa misst sjónar á honum. Ákærði kvaðst hafa hlaupið á bak við hús verkalýðsfélags Rangæinga og þar yfir bersvæði og þaðan að Freyvangi 20, en þar á tröppunum náði lögreglumaðurinn honum. Aðspurður um það, hvers vegna hann hefði viðurkennt brotið fyrir

rannsóknarlögreglu, kvaðst ákærði hafa sagt það til að sleppa úr haldi, en ákærði kvaðst hafa talið, að hann yrði settur í gæsluvarðhald, ef hann játaði ekki að hafa ekið bifreiðinni. Þá sagði ákærði, að sér hefði liðið illa í fangageymslu lögreglunnar og fundið til innilokunarkenndar, sem ákærði kvaðst hafa fundið til áður sem barn. Aðspurður um ástæðuna fyrir því að hafa ekki skýrt áður frá málavöxtum á framangreindan hátt, sagði ákærði, að hann hefði verið skelkaður og jafnframt hafi hann talið í fyrstu, að e. t. v. mundi hann sleppa við blóðprufu, þar sem hann hefði drukkið lítið áfengi. Þá kvaðst ákærði hafa talið, að hann gæti ekki sloppið eftir að hafa gefið þessa skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni og væri hann því bundinn við það.

Hinn 16. september 1977 var tekin lögregluskýrsla af B, bróður ákærða, vegna málsins, og fór skýrslutakan fram á Egilsstöðum. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni L 1708 tiltekið sinn frá mótssvæðinu við Þjórsárbrú og að Hellu. Kvaðst B hafa komið með ákærða og A á mótssvæðið og verið fenginn til að aka bifreiðinni aftur til Hellu, vegna þess að ákærði og A hefðu bæði neytt áfengis á svæðinu. Á leiðinni hafi ákærði lengst af legið hálfsofandi í aftursæti bifreiðarinnar, en A hafi setið í hægra framsæti. B kvaðst hafa séð, þegar lögreglan gaf stöðvunarmerki við Lyngás, á sig hafi komið fát, hann hafi ekki haft ökuskírteini sitt meðferðis og því ekið áfram án þess að sinna stöðvunarmerkjunum. Hann kvaðst hafa orðið þess var, að lögreglan veitti honum eftirför, og því ekið með nokkuð miklum hraða inn í kauptúnið á Hellu. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni að „Grillinu" á Hellu og hafa farið þar út úr henni og hlaupið aftur fyrir skálann og falið sig þar fyrir lögreglunni.

Hinn 14. mars 1978 fóru fram í sakadómi Reykjavíkur vitnaleiðslur vegna máls þessa. Vitnið Jón Helgi Birkir Snorrason, lögreglumaður nr. 204 í lögreglunni í Reykjavík, kom þá fyrir dóminn. Kvaðst vitnið muna glöggt eftir atvikinu. Vitnið var að gegna skyldustörfum í vegalögreglunni ásamt Þorgrími Guðmundssyni. Þeir voru staddir í lögreglubíl skammt vestan við bæinn Lyngás og voru á vesturleið. Þá kom bifreið á móti með ljósum, og lögreglubifreiðin var stöðvuð, og vitnið fór út og gaf stöðvunarmerki. Bifreiðinni var ekki ekið mjög hratt, en bifreiðarstjóri sinnti ekki stöðvunarmerkjum og ók fram hjá. Lögreglumennirnir hófu þegar eftirför. Vitnið kvaðst hafa þekkt þann mann, sem sat undir stýri. Vitnið er upp alið í Eyjafjallahreppi og þekkir Bergþór Guðjónsson mjög vel í sjón, enda ólust

þeir upp á svipuðum slóðum. Vitnið þekkir einnig B, bróður hans. Vitnið kvaðst öruggt um það, að það hefði verið ákærði Bergþór, en ekki B, sem sat undir stýri. Vitnið kvaðst einnig geta fullyrt, að aðeins hefðu verið tvær manneskjur í bifreiðinni, ákærði og stúlka, sem sat við hlið hans. Við eftirförina sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar allt að 120 km hraða miðað við klst., og dró saman með bifreiðunum. Þegar lögreglubifreiðin var við eystri brúarsporðinn á Rangárbrú, nam hin bifreiðin staðar við veitingaskálann á Hellu. Vitnið taldi, að þá hefði verið innan við 100 m á milli bifreiðanna. Vitnið sagði, að aðeins ein hurð hefði verið opnuð, vinstri framhurð bifreiðarinnar, en sú hlið sneri að lögreglumönnunum. Vitnið sagði, að ákærði hefði komið þar út og hlaupið í áttina að þorpinu. Þorgrímur ók lögreglubifreiðinni þannig, að vitnið gat þegar hafið eftirför, þegar lögreglubifreiðin var stöðvuð. Vitnið elti ákærða uppi og náði honum síðar. Ákærði nefndi það aldrei við vitnið, að bróðir sinn hefði ekið. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Sama dag kom fyrir dóminn vitnið Þorgrímur Guðmundsson, lögreglumaður nr. 83. Vitnið skýrði svo frá, að þeir tveir lögreglumennirnir hefðu verið á lögreglubíl nálægt Þykkvabæjarafleggjara. Þeir voru að kanna ástand ökumanna, sem komu frá Þjótanda. Lögreglubifreiðinni hafi verið ekið þversum út af aðalveginum. Saab bifreið, sem kom úr vesturátt, sinnti ekki stöðvunarmerkjum, sem Jón gaf, en hann hafði farið út úr bifreiðinni. Var þá þegar hafin eftirför, en vitnið ók lögreglubifreiðinni. Strax í upphafi eftirfararinnar hafði Jón orð á því, að ökumaður Saab bifreiðarinnar héti Bergþór og væri sveitungi sinn. Þegar Saab bifreiðin ók fram hjá lögreglubifreiðinni, sá vitnið, að tvær manneskjur voru í bifreiðinni, ökumaður og stúlka við hlið hans. Tekið var að rökkva, en vitnið kvaðst hafa séð greinilega inn í bifreiðina. Vitnið taldi, að lögreglubifreiðin hafi rétt verið komin yfir brúna á Rangá, þegar Saab bifreiðin var stöðvuð við veitingaskálann á Hellu. Vitnið taldi, að þá hefðu verið um 50—60 m á milli bifreiðanna. Sá, sem sat undir stýri Saab bifreiðarinnar, fór út úr henni bílstjóramegin og lagði á flótta. Vitnið stöðvaði lögreglubifreiðina við Saab bifreiðina, en Jón fór þegar að veita ökumanni hennar eftirför. Vitnið gekk að bifreiðinni. Í bifreiðinni var ung stúlka við hliðina á bílstjórasætinu, aðeins ein hurð var opin, þ. e. bílstjóramegin, og bílstjórasætið var í eðlilegum stellingum, þ. e. var ekki lagt fram. Stúlkan sagði vitninu, að hún hefði sjálf ekið. Vitnið taldi alger-

lega útilokað, að fleiri en ein manneskja hefðu hlaupið úr Saab bifreiðinni, eftir að hún var stöðvuð, enda missti vitnið aldrei sjónar á bifreiðinni, frá því að hún var stöðvuð og þar til að vitnið kom að henni. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort það fann kveikjuláslykla bifreiðarinnar, en minnti, að þeir hefðu ekki fundist í bifreiðinni. Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

Vitnið Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir sakadóm Reykjavíkur hinn 15. mars 1978. Vitnið var sérstaklega spurt um þá fullyrðingu ákærða, að hann hefði verið beittur ólöglegum þvingunum við yfirheyrslu hjá vitninu. Vitnið minnti, að skýrslutaka yfir ákærða og stúlkunni hefði gengið nokkuð greiðlega. Vitnið neitaði því, að ákærða hafi verið hótað með gæsluvarðhaldi, ef hann játaði ekki. Hins vegar kunni vel að vera, að ákærða hafi verið sagt, að honum yrði ekki sleppt, fyrr en búið væri að yfirheyra önnur vitni.

A kom fyrir sakadóm Rangárvallasýslu hinn 8. júní 1978. Greindi hún þá frá málsatvikum á sama hátt og ákærði hafði áður gert fyrir dómi og lýsti því yfir, að B hefði ekið bifreiðinni, en ekki ákærði. A sagði, að skýrsla sú, sem hún gaf hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, hafi verið ósönn. A skýrði svo frá, að ákærði hefði ekið bifreiðinni fyrst á mótsstaðinn, en B hafi ekið þaðan og að Hellu. Hún kvaðst hafa séð, að bifreiðinni var gefið stöðvunarmerki á Lyngási af lögreglu. Ökumaðurinn, B, hafði þá dregið úr ferð bifreiðarinnar og vikið frá lögreglumanninum, sem var þarna á veginum, en síðan hafi hann haldið akstrinum áfram og aukið ferð bifreiðarinnar. Hún giskaði á, að bifreiðinni hafi verið ekið á um 100 km hraða. Hún kvaðst ekk hafa rætt við ákærða, sem var í aftursæti bifreiðarinnar, meðan á þessum hraðakstri stóð. Strax og bifreiðin nam staðar fyrir utan Grillskálann á Hellu, hafi þeir báðir, B og ákærði, stokkið út úr bifreiðinni, fyrst B úr ökumannssætinu, en síðan ákærði úr aftursætinu. Hún kvaðst ekki hafa veitt því athygli, hvert bræðurnir hlupu. Hún kvaðst hafa lagt aftur bakið á ökumannssætinu, sem lagt hafi verið fram, um leið og ákærði fór út úr bifreiðinni. Hélt A fast við þennan framburð sinn. Kvað hún ákærða ekki á neinn hátt hafa haft áhrif á afstöðu sína í máli þessu eða framburð sinn fyrir dómi. Sagði hún þau ákærða hafa verið saman á þeim tíma, er tilvik þetta gerðist, en slitnað hefði upp úr vinskap þeirra og hafi þau nú engin samskipti.

B kom fyrir sakadóm Suður-Múlasýslu hinn 7. september 1978

vegna máls þessa. Skýrði hann frá málavöxtum á sömu lund og áður. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni L 1708 umrætt sinn. Tveir farþegar hefðu verið í bifreiðinni, ákærði, bróðir hans, er sat í aftursæti, og A, er sat í hægra framsæti. Þau hafi verið að koma frá mótssvæði við Þjórsá. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni að beiðni ákærða, vegna þess að hann hafði neytt áfengis. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni fram hjá lögreglunni við Lyngás og án þess að sinna stöðvunarmerkjum og síðan áfram að Hellu að Grillskálanum, stöðvað bifreiðina þar, stokkið út úr bifreiðinni og hlaupið aftur fyrir skálann og falið sig í skoti, þar sem ruslatunnur eru geymdar. Hann kvaðst hafa verið töluvert lengi í felustað sínum og ekki hafa farið þaðan fyrr en hann varð þess áskynja, að lögreglubíllinn var farinn.

Samkvæmt vottorði héraðslæknisins á Hellu var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar 28. maí 1977, kl. 0310. Niðurstaða alkóhólrannsóknar, dags. 31. maí 1977, sýnir, að magn alkóhóls í blóði ákærða var 0.82‰.

Niðurstaða.

Ákærði hefur haldið uppi vörnum í málinu og krafist sýknu af kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði viðurkenndi í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði ekið bifreiðinni L 1708 greint sinn. Stúlkan A, vinkona ákærða, sem var farþegi í bifreið ákærða, sagði í fyrstu, að ákærði hefði verið ökumaðurinn. Ákærði breytti framburði sínum fyrir dómi og kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni, en ökumaður hefði verið bróðir sinn, B. Fyrir dómi hefur bróðir ákærða, B, lýst því yfir, að hann hafi verið ökumaður bifreiðarinnar L 1708 tiltekið sinn, og hefur stúlkan A einnig haldið hinu sama fram. Framburður þeirra tveggja verður þó eigi talinn hafa sönnunargildi í máli þessu, þar sem um náin skyldleika og tengsl er að ræða milli þeirra og ákærða.

Þegar málið er þannig metið til sakarniðurstöðu og í ljósi þess, að nokkrir mánuðir líða, uns ákærði breytti fyrri framburði sínum, svo og með tilliti til staðfestra framburða lögreglumannanna Jóns Snorrasonar og Þorgríms Guðmundssonar fyrir dómi, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og annarra gagna málsins verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar er réttilega færð til refsiákvæða.

Svo sem rakið er hér að framan, gekkst ákærði undir dómssátt

fyrir sakadómi Rangárvallasýslu hinn 30. júlí 1976 og skyldi hlíta 20.000 kr. sekt og 6 mánaða sviptingu ökuleyfis fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Dómssáttin hefur ítrekunaráhrif á brot það, sem um er fjallað í þessu máli, og ber að ákveða refsingu og önnur viðurlög með hliðsjón af því. Refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 33. gr. áfengislaga verður ákveðin kr. 120.000 í sekt til ríkissjóðs, en til vara komi 15 daga varðhald, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi sínu ævilangt frá 31. júlí 1977, en frá þeim degi að telja var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Fellur sú bráðabirgðaökuleyfissvipting jafnframt úr gildi.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000.

Dómsorð:

Ákærði, Bergþór Guðjónsson, skal greiða kr. 120.000 í sekt til ríkissjóðs, en sæti til vara 15 daga varðhaldi, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá 31. júlí 1977 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. október 1980.

Nr. 127/1978. **James B. Campbell**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Ingu Arnórsdóttur
(Skúli Pálsson hrl.).

Óvígð sambúð. Kaupkrafa. Vextir. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar fyrir báðum dómum. Þá krefst hann þess, að felld verði niður kyrrsetning bifreiðarinnar JO 7287.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að vextir verði 13% ársvextir frá 1. febrúar 1977 til 5. apríl 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 31. maí 1980 og 35% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnda málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, James B. Campbell, greiði stefndu, Ingu Arnórsdóttur, 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 17. mars sl., höfðaði Inga Arnórsdóttir, Einarsnesi 12, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. apríl 1977, gegn James B. Campbell, Keflavíkurflugvelli B.O.Q., en með aðsetri að Hjálmholti 8, Reykjavík, til greiðslu á ráðskonukaupi að fjárhæð kr. 2.053.730 auk 13% ársvaxta frá 15. ágúst 1970 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar eftir mati dómsins. Auk þess er krafist staðfestingar á löghaldsgerð þeirri, sem fram fór 14. apríl 1977.

Stefndi hefur gert þá kröfu aðallega að verða algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og hrundið verði löghaldi í bifreiðinni JO 7287, en til vara, að fjárkrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins auk kostnaðar við löghaldsgerðina.

Við munnlegan málflutning var vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt, bæði vaxtafjárhæð og upphafstíma vaxta. Jafnframt var því lýst yfir, að stefndi hefði ekki haft útlagðan kostnað vegna löghaldsins.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Lagðar hafa verið fram aðiljaskýrslur beggja málsaðilja. Einnig hafa aðiljar verið yfirheyrðir hér fyrir dómi vegna málsins svo og sonur stefnanda, Einar Sigurjónsson. Í skýrslum þessum er fjallað um ýmislegt, sem ekki þykir skipta máli við niðurstöðu þessa máls, sem höfðað er til greiðslu ráðskonukaups. Rétt þykir að rekja það helsta, sem máli þykir skipta.

Fram kom hjá stefnanda, að kunningsskapur aðilja hafi hafist í júlí 1970. Á þeim tíma hafi stefnandi átt eigin íbúð og þar hafi stefndi verið öllum stundum, þegar hann gat. Ekki hafi verið um fjárhagslega samstöðu að ræða með málsaðiljum, fyrr en eftir að sambúð hófst, en það hafi verið í júlí 1971. Sambúð málsaðilja hafi verið óslitin allan sambúðartímann. en þau hafi búið á ýmsum stöðum í Reykjavík, fyrst að Melhaga 5, síðar að Sæviðarsundi 92, en lengst af hafi þau búið að Einarsnesi 12.

Allan sambúðartímann hafi málsaðiljar búið í leiguhúsnæði. Stefndi hafi ekki farið endanlega af heimili þeirra fyrr en í febrúar 1977.

Aðiljar hafi báðir unnið utan heimilis og því haft ágæt efni. Stefndi hafi að mestu séð um húsaleigugreiðslur, stefnandi hafi borgað rafmagn og hita, og síma hafði stefnandi frían. Annað hafi verið eftir því, hvernig stóð á hjá hvorum aðilja í það og það skiptið. Fyrir utan vinnu stefnanda hjá talsambandi við útlönd hafi stefnandi unnið þau störf, sem heimilið krafðist. Stefndi hafi unnið í Keflavík, en komið heim á hverju kvöldi og borðað kvöldmat heima. Stefnandi eigi 5 börn, tvö þeirra hafi dvalið á sameiginlegu heimili málsaðilja. Eldri börnin hafi verið í menntaskóla á Akureyri og Ísafirði, þau hafi ekki verið á framfæri stefnanda. Yngri börnin tvö, sem dvöldu á heimili aðilja, hafi greitt heim með sér 15% af þeim tekjum, sem þau öfluðu. Stefndi hafi ekki gefið börnum stefnanda peninga, allra síst þeim eldri, sem aldrei hafi búið á sameiginlegu heimili málsaðilja. Stefndi hafi gefið þeim afmælis- og jólagjafir og hafi þar verið um gagnkvæmni að ræða. Það, að stefndi krafðist þess, að börnin greiddu heim með sér, sýni, að hann hafi ekki talið eðlilegt að gefa þeim peninga beint. Hitt sé annað mál, að hér hafi verið um eðlilegt fjölskyldulíf að ræða og hafi því verið þegnar og gefnar gjafir á báða bóga.

Á sambúðartímanum hafi verið farið í sumarfrí og þá oft erlendis. Stefndi hafi jafnan haft mestan kostnað af ferðum þessum, en stefnandi þó alltaf einhvern og hafi það m. a. komið af því, að stefndi hafi fengið laun sín greidd í gjaldeyri og hafi því ekki verið háður neinum takmörkunum auk ríflegri tekna.

Stefnandi vildi ekki gera lítið úr framlagi stefnda til heimilisins, en benti á, að hér hefði verið um tvo tekjugæfa einstaklinga að ræða, en ekki einn, og fullyrðingum stefnda um, að hér hafi verið um hreinan fjárhagslegan ávinning stefnanda að ræða, vísaði stefnandi á bug. Hér hafi einungis verið um sambúð tveggja aðilja að ræða, sem hafi lagt sitt af mörkum til sameiginlegs heimilis. Er sambúð hófst, hafi stefnandi búið í eigin húsnæði, en eftir sambúðarslit sé stefnandi leigjandi og bendi það til þess, að efni stefnanda hafi rýrnað verulega á tímabilinu. Fyrir hluta af andvirði íbúðarinnar hafi stefnandi keypt bifreið af Fiat gerð, árgerð 1973. Stefnandi hafi selt hluta af eldra innbúi sínu til endurnýjunar og hafi stefnandi keypt flest þau húsgögn og húsbúnað, sem til var. Borðstofuhúsgögn og teppi hafi þau keypt

saman, þannig að þau hafi skipt til helminga útborgun, en afganginn hafi stefnandi séð algerlega um. Teppin hafi gengið upp í húsaleigu, þar sem aðiljar bjuggu síðast. Stefndi hafi greitt húsaleigu fram í miðjan mars. Stefnandi hafi verið að greiða afborganir af teppunum þangað til í júlí. Teppi í húsinu, gardínur og rúllugardínur hafi verið metið á kr. 160 þúsund og hafi hluti af því gengið upp í húsaleigu, en húseigandi hafi borgað stefnanda kr. 90.000.

Þá er stefndi hvarf af sameiginlegu heimili málsaðilja í janúar 1977, hafi hann sagst koma aftur, en einhver umbrot væru í honum og hann þyrfti umþóttunartíma. Stefndi hafi farið með allt persónulegt dót sitt af heimilinu, bæði húsbúnað og muni, en aðeins skilið eftir það, sem hann hafi talið sér óviðkomandi.

Í skýrslu stefnda kemur fram, að sambúð stefnanda og stefnda hafi hafist í júlí 1971 og hafi hún staðið fram í byrjun janúarmánaðar 1977. Allan sambúðartímann hafi búið á heimilinu tvö börn stefnanda. Stefndi hafi allan sambúðartímann verið leigutaki og greitt húsaleigu og hafi stefnandi engin útgjöld haft af þeim sökum. Stefnandi hafi greitt rafmagn, hita og síma. Kostnaði við matarkaup og annað hafi málsaðiljar skipt á milli sín. Eftir að upp úr sambúð slitnaði í byrjun janúar 1977, hafi stefndi greitt janúar-, febrúar- og marsleigu fyrir Einarsnes 12. Auk leigugreiðslna skv. framanskráðu hafi stefndi greitt stefnanda á tímabilinu janúar til mars kr. 68.000 að beiðni stefnanda. Auk allra leigugreiðslna á sambúðartímanum hafi stefndi greitt verulegar fjárhæðir á ári hverju beint til stefnanda og barna hennar. Fjárhæðir þessar hafi verið notaðar til heimilishaldsins og persónulegra þarfa þeirra.

Málsaðiljar hafi farið utan í sumarleyfum á hverju ári allan sambúðartímann og hafi stefndi staðið undir a. m. k. 75% af öllum kostnaði við þessar ferðir, ef ekki meira.

Þegar sambúð hófst, hafi stefnandi verið búinn að selja 80 m² kjallaraíbúð að Hofsvallagötu 61, Reykjavík. Sala þessi hafi farið fram án afskipta stefnda og hafi stefnandi ráðstafað andvirði íbúðarinnar á eigin spýtur og í eigin þágu, að því er stefndi telur að nokkru til greiðslu skulda og að nokkru til námsaðstoðar barna sinna og framfærslu þeirra, en stefnandi eigi fimm börn.

Stefndi hafi á sambúðartímanum haft mjög góðar launatekjur, sem til skamms tíma hafi verið skattfrjálsar. Þessar tekjur hafi nánast allar farið í sambúð málsaðilja með þeirri undantekningu, að stefndi hafi í ársbyrjun 1976 keypt bifreið af gerðinni Range

Rover, sem sé eina fjárfesting stefnda á sambúðartímanum þrátt fyrir mikil fjárráð. Þessi kaup hafi hins vegar ekki verið mögu-leg nema með lántöku upp á tæplega 3.000 dollara. Einnig hafi stefndi greitt $ 800 greiðslu í flugvél.

Þrátt fyrir þá verðmætamyndun, sem stefndi hafi átt hlut að í sambúðinni, t. d. að því er varðar innbú, þá hafi stefndi ekki gert við sambúðarslit kröfu til eins eða neins nema persónulegra muna sinna, sem stefnandi hafi ekki einu sinni viljað láta af hendi.

Vinnuframlag stefnanda til heimilisins og í þágu stefnda hafi auðvitað takmarkast af því, að hún hafi unnið úti í vaktavinnu. Enn fremur hafi hún að sjálfsögðu haldið heimili fyrir börn sín tvö, sem henni hafi borið skylda til.

Af hálfu stefnda hafa verið lagðar fram ávísanir stílaðar á börn stefnanda. Þess vegna var stefndi spurður að því, hvort hann hefði ekki afhent börnum stefnanda ávísanir fyrir ýmsum fjár-hæðum í þeim tilgangi, að þau leystu þær út og keyptu ýmislegt fyrir stefnda persónulega eða leystu mál, sem hann hafi ekki haft tíma til vegna veru sinnar á Keflavíkurflugvelli. Stefndi svaraði því til, að það kunni að vera á fjögurra ára tímabili, að svo hafi verið, en í flestum tilfellum þá hafi féð verið notað til þess að reka húsið. Stefndi var sérstaklega spurður um ávísun á dskj. nr. 29 og þá hvort þessi ávísun hefði verið fyrir varahlut-um í bifreið stefnda. Stefndi sagði það mögulegt, en kvaðst ekki muna það. Aðspurður kvaðst stefndi ekki muna eftir ávísun á dskj. nr. 33, en sagði það mögulegt, að þessi ávísun væri vegna kostnaðar við gæsaskytterí stefnda og Einars Sigurjónssonar. Stefndi var spurður um ávísun á dskj. nr. 58, sem er framseld af Sturlu Sigurjónssyni og Gleraugnaversluninni Fókus, og þá hvort þarna væri um að ræða ávísun, sem stefndi hefði afhent Sturlu til þess að greiða gleraugnaviðgerð fyrir stefnda. Stefndi kvaðst ekki muna það, en benti á, að hann hefði venjulega látið gera við gleraugu hjá versluninni Optik.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að í ágúst 1970 hafi stofnast til óvígðrar sambúðar milli stefnanda og stefnda. Upp úr sambúð þeirra hafi slitnað 1. febrúar 1977, en þá hafi stefndi horfið brott frá sameiginlegu heimili þeirra. Á sambúðartímanum hafi aðiljar leigt húsnæði á ýmsum stöðum í Reykjavík, en þó lengst af í Einarsnesi 12, eða í u. þ. b. 4 ár. Á heimili þeirra hafi

allan sambúðartímann verið tvö yngstu börn stefnanda. Á sambúðartímanum hafi stefnandi jafnan unnið úti við talsambandið við útlönd og fyrir umtalsverðum tekjum.

Stefndi sé bandarískur ríkisborgari, starfsmaður fyrir Lockheed flugvélaverksmiðjurnar á Íslandi, og sé hann ekki hermaður, heldur borgaralegur starfsmaður. Um atvinnutekjur stefnda séu ekki til upplýsingar í skattframtölum, en hann hafi slasast árið 1972 og sé að finna upplýsingar um vinnutekjur hans í dómi héraðsdóms og Hæstaréttar í því slysamáli og muni sá dómur lagður fram síðar. Þar komi fram, að tekjur, sem stefndi hafi haft, nemi allt að þreföldum tekjum stefnanda.

Um algert sambýli hafi verið að ræða allan sambýlistímann og engar launagreiðslur hafi verið um að ræða frá hendi stefnda til stefnanda. Þessu til stuðnings er þess getið, að árið 1973 hafi sambúðarfólkið lýst yfir trúlofun sinni, sem hafi leitt til þess, að stefnandi hafi ekki tryggt betur hagsmuni sína, þar sem vænta mátti eftirfarandi giftingar. Á sambýlistímanum hafi stefnandi unnið öll venjuleg húsmóðurstörf á sameiginlegu heimili aðiljanna auk þess sem hún hafi unnið úti. Hér sé því um að ræða kröfu á svokölluðu ráðskonukaupi fyrir þá vinnu, sem stefnandi hafi þurft að inna af hendi í þágu stefnda í sjö ár.

Að því er kröfugerð varðar er vísað til framlagðs útreiknings á verðmæti ráðskonukaups til handa stefnanda, dags. 3. apríl 1977, en útreikning þennan hafi Þórir Bergsson, cand. act., annast og sé hann á dskj. nr. 4. Af þessum útreikningi sé ljóst, að stefnandi hafi jafnan unnið fyrir tekjum, sem nægt hefðu henni og börnum þeim, sem dvöldu á heimili aðiljanna, til framfærslu og hafi stefnandi ekki þurft að leita til stefnda um framfærslueyri þess vegna. Stefnandi hafi jafnan greitt af eigin tekjum afnotagjald síma, hita og rafmagns.

Að því er varðar eignir stefnanda í upphafi sambúðartímans og hvernig eignir hennar rýrnuðu á sambúðartímanum vísist til dskj. nr. 4, bls. 3, en andvirði þeirra eigna, sem seldar voru, hafi runnið til sameiginlegs heimilishalds aðiljanna, eins og um hjónaband væri að ræða. Þá er einnig vísað til útreikningsins um vinnutekjur stefnda á þessu tímabili.

Rétt sinn til umkrafðra greiðslna byggir stefnandi á víðtækri dómvenju um greiðslu ráðskonulauna, þegar slitni upp úr óvígðri sambúð. Í því sambandi er vísað til fjölmargra hæstaréttardóma um þetta efni og til greinar Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns í Úlfljóti, 4. tbl. 1970, „Réttarstaða karls og konu, er búa

saman í óvígðri sambúð". Það sé óumdeilanlega orðin íslensk réttarregla, sem byggist á dómsúrlausnum, að konur eigi rétt til umbunar fyrir þau störf, sem þær með húshaldi vinna á sameiginlegu heimili sínu og sambýlismanns.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að raunhæf sambúð hafi hafist í júlí 1971 og staðið til 1. febrúar 1977. Lögmaður stefnanda taldi samt ekki ástæðu til þess að lækka kröfu sína frá því, sem greinir í stefnu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í júlímánuði 1971 hafi stefnandi ásamt tveimur börnum sínum flutt inn til stefnda í íbúð þá, er stefndi hafi haft á leigu á þeim tíma að Melhaga 5 í Reykjavík. Áður eða um svipað leyti hafi stefnandi gert ráðstafanir til þess að selja eign sína, 2 herbergja kjallaraíbúð að Hofsvallagötu 61. Sambúð aðilja hafi staðið til janúarloka 1977 á ýmsum stöðum í bænum, ávallt í leiguhúsnæði á kostnað stefnda. Frá samvistarslitum um miðjan janúar 1977 til og með apríl 1977 hafi stefndi greitt leigu fyrir húsnæði það, er stefnandi hafi búið í að Einarsnesi 12. Síðasta greiðsla stefnda til framfærslu heimilisins, kr. 30.000, hafi farið fram 3. mars 1977. Allan sambúðartímann hafi verið á heimili aðilja tvö yngstu börn stefnanda, sem stefnandi hafi haldið heimili fyrir auk stefnda að svo miklu leyti sem slíkt hafi verið unnt vegna útivinnu stefnanda allt sambúðartímabilið.

Stefndi hafi að verulegu leyti tekið þátt í kostnaði við heimilishald auk leigu, t. d. vegna matarinnkaupa svo og að nokkru vegna rafmagns, síma og hita, auk þess hafi stefndi hlaupið undir bagga með peningagreiðslur til barna stefnanda. Stefndi hafi að mestu leyti greitt sumarleyfisferðir aðilja erlendis, sem farnar voru árlega sambúðartímann og hafi að jafnaði staðið í hálfan mánuð. Um beinar launagreiðslur til stefnanda utan ýmiss konar gjafa, svo sem skartgripa, loðkápu o. fl., hafi ekki verið að ræða á sambúðartímanum. Stefnandi hafi við upphaf sambúðartímans verið eigandi að tveggja herbergja kjallaraíbúð, sem hún hafi selt um það leyti. Andvirði íbúðarinnar hafi runnið til eigin neyslu hennar og barna hennar, bifreiðakaupa hennar svo og til kaupa á húsgögnum og innbúi, er hún hafi haldið eftir við sambúðarslit.

Sýknukrafa stefnda er á því reist, að stefnandi eigi ekki kröfur á hendur stefnda umfram það, er stefnandi hafi þegar fengið beint eða óbeint í sambúð aðilja, enda takmarkist dómvenja sú, er stefnandi byggi fjárkröfu sína á, verulega á eftirfarandi sjónar-

miðum skv. úrlausnum íslenskra dómstóla og með hliðsjón af atvikum þessa máls:

1. Stefnandi geti ekki krafist ráðskonukaups fyrir þá vinnu, sem henni hafi hvort sem er borið, og burt séð frá sambúð, skylda til að vinna sem foreldri tveggja barna á heimili aðilja, sbr. t. d. bæjarþingsdóm í málinu nr. 6862/1975 í Reykjavík.

2. Auk ofangreinds hafi vinna stefnanda í þágu stefnda takmarkast af því, að stefnandi hafi sjálf unnið fulla vinnu úti.

3. Frá kröfu stefnanda hljóti að dragast húsnæðishlunnindi hennar og barna hennar allan sambúðartímann auk gjafa til stefnanda og annarra framlaga stefnda til stefnanda og barna hennar umfram hlutfallslega þátttöku stefnda í kostnaði af sameiginlegu heimilishaldi.

4. Verulegar árstekjur stefnda á sambúðartímanum leiði líkur að því, að stefnandi og börn hennar hafi þar notið góðs af, enda verði að draga stórlega í efa, að tekjur stefnanda og barna hennar skv. framlögðum skattframtölum hefðu einar nægt til framfærslu þeirra, sé miðað við umsvif stefnanda á sambúðartímanum. Hins vegar eigi stefnandi engan sérstakan rétt fremur en ella á ráðskonukaupi af þeirri ástæðu einni, að stefndi hafi verið tekjuhár maður.

5. Andvirði íbúðar stefnanda hafi runnið eingöngu til stefnanda sjálfrar og barna hennar, svo sem áður er rakið, og er því mótmælt, að eignir stefnanda hafi rýrnað á sambúðartímanum.

6. Útreikningum tryggingafræðings, sem stefnandi reisi fjárhæð kröfu sinnar á, er alfarið mótmælt sem villandi og röngum, enda sé þar að mjög litlu leyti tekið tillit til ofangreindra sjónarmiða auk þess sem dómvenja liggi til grundvallar því, að ekki sé miðað við útreikninga tryggingafræðinga, þegar ákvarðað sé ráðskonukaup, sbr. Hrd. nr. 40/1969, bls. 92.

7. Sambúðartími aðilja sé nánast ári styttri en stefnandi vilji vera láta í greinargerð sinni og útreikningar tryggingafræðings miðist við.

8. Sjónarmiðum stefnanda í greinargerð um þýðingu trúlofunar aðilja fyrir fjórum árum sé eindregið vísað á bug. Þá er vaxtakröfu stefnanda mótmælt sem of hárri auk þess sem dregið er í efa, að löghaldsgerð sú, er fram fór þann 14. apríl 1977, hafi verið nauðsynleg til að tryggja hagsmuni stefnanda í þessu máli.

Við munnlegan málflutning var vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt, bæði vaxtafjárhæð og upphafstíma vaxta.

IV.

Álit dómsins.

Fram er komið, að sambúð málsaðilja hófst í júlí 1971 og að henni lauk í janúar 1977, þannig að sambúðartíminn er nánast ári styttri en segir í stefnu. Málið er höfðað til greiðslu ráðskonukaups eingöngu. Þar af leiðandi skiptir ekki máli það, sem fram hefur komið undir rekstri málsins um húsgagna-, bíla- og flugvélakaup.

Eftir því sem fram er komið undir rekstri málsins, virðast ekki hafa verið glögg skil á milli þess, sem hvor aðili greiddi af sameiginlegum útgjöldum heimilisins. Þegar til þess er litið, sem að framan hefur verið rakið um fjárframlög hvors aðilja um sig, þá þykir það ekki skipta máli við niðurstöðu máls þessa, þótt stefndi hafi greitt meiri hluta af kostnaði við utanlandsferðir aðilja, enda er ekkert komið fram um, að ferðakostnaður hafi verið skilyrðum bundinn. Gjafir aðilja þykja ekki skipta máli, enda virðast gjafir hafa verið gefnar á báða bóga.

Allan sambúðartímann voru á heimili aðilja tvö yngstu börn stefnanda, en stefnandi á fimm börn. Allan sambúðartímann vann stefnandi hjá talsambandi við útlönd. Auk launatekna sinna naut stefnandi bóta hjá Tryggingastofnun ríkisins, og verður því við það miðað, að stefnandi hafi séð um framfærslu barna þeirra, sem á heimilinu voru. Fullyrðingar um framlög stefnda til barna stefnanda eru ósannaðar. Sama er um fjárhagslegan ávinning stefnanda, enda er því haldið fram af hálfu stefnda, að andvirði íbúðar stefnanda hafi runnið eingöngu til stefnanda og barna stefnanda.

Málsaðiljar eru sammála um, að stefnandi hafi unnið öll venjuleg heimilisstörf allan sambúðartímann. Enda þótt stefnandi hafi einnig haldið heimili fyrir börnin tvö, sem á heimilinu voru, þykir stefnandi eiga rétt á nokkurri þóknun úr hendi stefnda fyrir störf stefnanda í þágu stefnda á sambúðartímanum. Hins vegar þykir eigi unnt að leggja útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar við ákvörðun á þessum launum til handa stefnanda vegna þeirrar dómvenju, sem myndast hefur hér á landi í slíkum málum sem þessum. Við ákvörðun launa stefnanda þykir gegn andmælum stefnda ekki verða litið fram hjá því, að stefndi virðist hafa haft meiri kostnað af húsnæði málsaðilja, þar sem hann hafi greitt húsaleigu, en stefnandi rafmagn, hita og síma, a. m. k. virðist þetta hafa verið meginregla. Þegar til þessa alls er litið, þykja vangoldin laun stefnanda fyrir störf í þágu stefnda hæfi-

lega ákveðin kr. 700.000 með 13% ársvöxtum frá 1. febrúar 1977 til greiðsludags.

Löghald það, sem gert var 14. apríl 1977 í bifreið stefnanda, JO 7287, árgerð 1976, er staðfest.

Málskostnaður, þar með talinn löghaldskostnaður, ákveðst kr. 190.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, James B. Campbell, greiði stefnanda, Ingu Arnórsdóttur, kr. 700.000 með 13% ársvöxtum frá 1. febrúar 1977 til greiðsludags og kr. 190.000 í málskostnað, þar með talinn löghaldskostnaður, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghald það, sem gert var 14. apríl 1977 í bifreið stefnanda, JO 7287, Range Rover, árgerð 1976, er staðfest.

Löghaldsgerð fógetaréttar Keflavíkurflugvallar 14. apríl 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 14. apríl, kl. 11, var fógetaréttur Keflavíkurflugvallar settur í dómsal embættisins og haldinn af Ólafi Í. Hannessyni við undirritaða votta. Fyrir var tekið: Beiðni um löghald á eignum James B. Campbell.

Fyrir hönd gerðarbeiðanda, Ingu Arnórsdóttur, mætir Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður og leggur hann fram, þingmerkt sem dskj. nr. 1, löghaldsbeiðni.

Gerðarþoli er mættur.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda gerir kröfu til þess, að kyrrsett verði svo mikið af eignum gerðarþola, að nægi til tryggingar greiðslu á kröfu gerðarbeiðanda um ráðskonukaup að upphæð kr. 2.553.730 auk vaxta frá 15. ágúst 1970 til greiðsludags auk innheimtukostnaðar skv. lágmarkstaxta Lögmannafélags Íslands, alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Aðspurður kveðst gerðarþoli eigi tilbúinn að greiða framangreindar kröfur, en bendir á til löghalds bifreiðina JO 7287, sem er af tegundinni Range Rover, árgerð 1976.

Fógeti ákveður löghald í framangreindri bifreið og skýrir þýðingu gerðarinnar fyrir gerðarþola.

Miðvikudaginn 29. október 1980.

Nr. 219/1979. **Hallgrímur Valur Hafliðason**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
Guðmundi Lárussyni og
Sigríði Skarphéðinsdóttur
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Úrskurður um útburð. Áfrýjun. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1979. Í þinghaldi 3. desember 1979 var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda, og féll málssókn hans niður samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 75/1973. Með heimild í 36. gr. sömu laga hefur áfrýjandi áfrýjað að nýju 18. desember 1979.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það er upplýst fyrir Hæstarétti, að áfrýjandi fluttist af hinni leigðu bújörð, Eyri í Andakílshreppi, síðla sumars 1979.

Hafa aðiljar því ekki lengur lögmæta hagsmuni af því, að kveðið verði á um réttmæti þess þáttar hins áfrýjaða úrskurðar, er fjallar um framgang hinnar fyrirhuguðu útburðargerðar.

Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það er athugavert, að nafngreindur lögfræðingur mætti í

þinghaldi einn af hálfu beggja aðilja samtímis. Er þetta brot á grundvallarreglum réttarfars.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Áfrýjandi vék af jörðinni Eyri í Andakílshreppi haustið 1979, án þess að ákvörðun hins áfrýjaða úrskurðar um útburð væri komin til framkvæmda. Hann hafði áður skotið málinu til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur. Við teljum, að þegar af þeirri ástæðu geti hann nú krafist dóms um ágreiningsefnið með sama hætti og verið hefði, ef fógeti hefði framkvæmt útburð.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að vísa beri máli þessu frá Hæstarétti, eru ekki efni til að við fjöllum frekar um það.

Úrskurður fógetaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25. júní 1979.

Gerðarbeiðendur, Guðmundur Lárusson og Sigríður Skarphéðinsdóttir, Stillholti 15, Akranesi, hafa krafist þess, að gerðarþoli, Hallgrímur Valur Hafliðason, skuli borinn út af jörðinni Eyri í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu. Málskostnaðar er krafist úr hendi gerðarþola.

Af gerðarþola hálfu eru þær réttarkröfur gerðar, að beiðni gerðarbeiðenda um útburð verði vísað á bug með öllu og þeim verði gert að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

Útburðarbeiðnin er dagsett 31. maí 1979, og var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór 18. júní sl.

Með leigusamningi, dags. 27. júlí 1975, leigðu gerðarbeiðendur gerðarþola og dóttur sinni Dagnýju Ósk, þáverandi eiginkonu

gerðarþola, jörðina Eyri til 3ja ára frá 1. janúar 1976 að telja. Höfðu gerðarþoli og Dagný Ósk gift sig haustið 1974 og voru bæði tilgreind sem leigutakar í samningnum. Í samningnum var gert ráð fyrir 6 mánaða uppsagnarfresti miðað við áramót. Vorið 1978 slitnaði upp úr sambúð gerðarþola og Dagnýjar Óskar, og flutti hún burt frá Eyri vorið 1978. Strax og slitnaði upp úr hjónabandinu, gerðu gerðarbeiðendur ráðstafanir til, að gerðarþoli færi burt af jörðinni. Var honum birt uppsagnarbréf 20. júní 1978. Gerðarþoli hefur ekki viljað víkja sjálfviljugur af jörðinni.

Krafa gerðarbeiðenda um útburð er fyrst og fremst studd þeim rökum, að forsendur fyrir leigusamningnum frá 27. júlí 1975 séu brostnar, með því að skilnaður hefur nú orðið með dóttur þeirra og gerðarþola og hún flutt burt frá Eyri. Það sé ljóst, að með samningnum hafi gerðarbeiðendur fyrst og fremst verið að tryggja dóttur sinni framtíðarheimili fyrir sig og fjölskyldu sína. Gerðarþola hafi í upphafi mátt vera ljóst, að samningurinn var þessari augljósu forsendu bundinn.

Þá byggja gerðarbeiðendur kröfu sína á því, að leigusamningurinn hafi verið gerður við þau bæði, gerðarþola og Dagnýju Ósk Guðmundsdóttur. Sé ekki skylt að leigja jörðina öðrum aðilja af þeim tveimur, sem samningurinn er beinlínis gerður við.

Í þriðja lagi byggja gerðarbeiðendur kröfur sínar á því, að þeim sé rétt með vísun til 5. gr., 3. mgr., ábúðarlaga nr. 64/1976 að taka jörðina til ábúðar handa sjálfum sér.

Að lokum byggja gerðarbeiðendur kröfur sínar á því, að búskaparlag gerðarþola sé með þeim hætti, að gerðarbeiðendum sé rétt að segja honum upp leiguafnotum af jörðinni án fyrirvara og hafi gerðarþoli brotið ákvæði laga nr. 21/1957 um dýravernd og eftir atvikum ákvæði í X. kafla búfjárræktarlaga nr. 31/1973.

Gerðarþoli heldur því fram, að leigusamningur sá, sem gerður var vegna ábúðar hans á jörðinni Eyri, geti ekki talist byggingarbréf samkvæmt lögum um ábúð jarða nr. 36/1961. Verði þar af leiðandi að álíta, að þrátt fyrir téðan samning, sem gangi í berhögg við ákvæði þeirra laga, fái hann ekki staðist og allra síst, þar sem samningur þessi gangi skemmra en lögin gera ráð fyrir. Ekkert þeirra ákvæða laganna, sem varða útbyggingu, verði fundið gerðarþola til ásökunar og hjónaskilnaðarmál það, sem standi yfir milli hans og dóttur gerðarbeiðenda, gefi enga ástæðu til að byggja honum út af jörðinni.

Samkvæmt eðli ábúðarlaganna sé gert ráð fyrir því, að til-

greind sé ástæða fyrir uppsögn ábúðar. Slíkt hafi ekki verið gert í uppsagnarbréfi til gerðarþola, dags. 20. júní 1978, og með bréfi til gerðarbeiðenda, dags. 27. júní 1978, var athygli þeirra vakin á því, að allar forsendur skorti til að segja gerðarþola upp ábúð, en jafnframt lýsi hann yfir því, að hann muni ekki standa í vegi fyrir því, ef þau hafi ákveðið að hefja búskap á ný. Slíka yfirlýsingu hafi gerðarþoli ekki fengið, sem staðfest sé af þeirra hálfu, allt til þessa dags. Hins vegar hafi það gerst um mánaðamótin febrúar—mars sl., að gerðarbeiðandi hafi gefið yfirlýsingu, þar sem hann heimili gerðarþola áframhaldandi ábúð. Á grundvelli þeirrar yfirlýsingar hafi gerðarþoli gert allar ráðstafanir, sem hann taldi nauðsynlegar til undirbúnings áframhaldandi búsetu, og beri gerðarbeiðendur þar af leiðandi bótaskylduábyrgð á þeim útgjöldum, sem stofnað hafi verið til í trausti þess, að gerðarbeiðendur stæðu við orð sín.

Því er haldið fram af gerðarþola hálfu, að þótt ekkert væri annað en áðurnefnd yfirlýsing annars gerðarbeiðanda, nægi það eitt til að hindra, að útburðarkrafa gerðarbeiðenda nái fram að ganga.

Gerðarþoli heldur því fram, að samkvæmt N. L. VI-14-6 verði réttur gerðarbeiðenda til útburðar að vera skýr og ótvíræður. Um það sé ekki að ræða í máli þessu. Eigi því að synja beiðni gerðarbeiðenda. Ef kastað sé einhverri rýrð á hugsanlegan rétt gerðarbeiðenda, er svo standa sakir sem hér, sé það skýr ábending um, að málið eigi með réttu undir hinn almenna héraðsdóm, þ. e. að gerðarbeiðendur verði að fá aðfararhæfan dóm um kröfur sínar.

Með áðurgreindum leigusamningi, dags. 27. júlí 1975, leigðu gerðarbeiðendur dóttur sinni og gerðarþola eignarjörð sína, Eyri í Flókadal. Á það sjónarmið gerðarbeiðenda, að við hjúskaparslit dóttur þeirra og gerðarþola hafi verið brostnar forsendur fyrir endurnýjun leigusamningsins, er fallist. Gerðarþola mátti vera það ljóst í upphafi, að samningurinn var þessari forsendu bundinn.

Í réttinum hefur verið lögð fram yfirlýsing frá Einari Gíslasyni safnaðarpresti og Guðmundi Markússyni trúboða um, að annar gerðarbeiðenda, Guðmundur Lárusson, hafi sagt í þeirra viðurvist: „Við hjónin höfum ákveðið, að Hallgrímur Valur sitji jörðina út þetta ár að minnsta kosti.“ Því hefur verið mótmælt af gerðarbeiðenda hálfu, að framangreind yfirlýsing hafi verið gefin, og var gerðarþola kunnugt um þau mótmæli þegar 30. mars

sl., er lögmaður gerðarbeiðenda ítrekar kröfur gerðarbeiðenda um, að gerðarþoli víki af jörðinni.

Í 5. gr., 3. mgr., ábúðarlaga nr. 64/1976 er jarðareiganda heimilað að taka jörð úr ábúð sjálfum sér til handa. Með bréfi lögmanns gerðarbeiðenda, dags. 27. apríl 1979, var gerðarþola af gefnu tilefni tilkynnt, að gerðarbeiðendur hygðust taka jörðina sjálf til ábúðar.

Gerðarbeiðendur hafa að hluta til byggt kröfur sínar um útburð á því, að búskaparlag gerðarþola sé með þeim hætti, að þeim sé rétt að segja honum upp leiguafnotum af jörðinni án fyrirvara. Í skýrslu Gunnars Arnar Guðmundssonar héraðsdýralæknis, dags. 25. maí 1979, dskj. nr. 24, varðandi fjárbúið að Eyri segir m. a.: „Við skoðun fjárins, sem að hluta var á húsi og að hluta úti, kom í ljós, að það var allt meira og minna í mjög slæmum holdum að undanskildum hrútum og gemlingum. Önnur sjúkdómseinkenni en vanfóðrun var ekki sjáanleg. Lömb ánna, sem úti voru, voru sum hver í kryppu af hungri, enda ærnar ekki sjáanlega í því ástandi að geta mjólkað nægilega. Ærnar, og þá sérstaklega lambærnar, voru sumar hverjar í það slæmum holdum, að ég tel, að erfitt muni reynast að ná þeim upp í holdafari og reyndar vandasamt að halda þeim á lífi. Þó tel ég, að kunnáttumaður gæti ef til vill bjargað þeim, sem verst eru haldnar, með nákvæmri fóðrun og umönnun."

Einnig hefur verið lagt fram í málinu vottorð Guðmundar Péturssonar ráðunauts, þar sem segir m. a.: „Allt fé nema gemlingar eru að mínu mati í hraðri afturför. Nokkur hluti unglambanna er í hungurkeng, hangandi í horuðum mjólkurlitlum mæðrum."

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, og því, að gerðarþola var sagt upp ábúð jarðarinnar með þeim fyrirvara, sem í samningi hans er kveðið á, og því, að gerðarbeiðendur hafa lýst því yfir, að þau muni taka jörðina í ábúð fyrir sig sjálf, verður ekki hjá því komist að heimila útburð á gerðarþola samkvæmt kröfu gerðarbeiðenda og á þeirra ábyrgð. Ber að leggja málskostnað á gerðarþola, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 370.000.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð fer fram á ábyrgð gerðarbeiðenda. Gerðarþoli, Hallgrímur Valur Hafliðason, greiði gerðarbeiðendum, Sigríði Skarphéðinsdóttur og Guðmundi Lárus-

syni, kr. 370.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. október 1980.

Nr. 34/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Bjarna Magnúsi Aðalsteinssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Lögð hafa verið fyrir Hæstarétt nokkur ný skjöl, þar á meðal sakavottorð ákærða. Hann var hinn 27. febrúar 1980 dæmdur til að greiða 525.000 króna sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og sviptur rétti ævilangt til að öðlast ökuleyfi frá 13. nóvember 1979 að telja.

Þegar sakargögn eru virt, þykja fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni R 29435 eins og í ákæru greinir, sviptur ökuréttindum ævilangt og undir áhrifum áfengis. Er atferli ákærða réttilega heimfært til refsiákvæða í héraðsdómi. Refsingu ber að ákveða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem í gildi var, þegar ákærði framdi brot sitt, en viðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Eins og í héraðsdómi er rakið, var ákærði hinn 17. febrúar

1978 dæmdur í 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Verður honum því í þessu máli dæmdur hegningarauki við þann dóm, sem þykir með hliðsjón af brotaferli ákærða hæfilega ákveðinn í hinum áfrýjaða dómi. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1979.

Ár 1979, mánudaginn 9. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 120/1979: Ákæruvaldið gegn Bjarna Magnúsi Aðalsteinssyni, sem tekið var til dóms 26. mars sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 3. apríl 1978, á hendur ákærða, Bjarna Magnúsi Aðalsteinssyni vélvirkja, Bergþórugötu 61, Reykjavík, fæddum þar í borg 19. ágúst 1949, „fyrir að aka föstudaginn 3. júní 1977 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R 29435 um götur Reykjavíkur og suður í Kópavog, þar sem akstri lauk við biðskýlið að Kópavogsbraut 115.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 3. júní 1977, kl. 1244, kom Jón Björnsson, lögreglumaður úr Reykjavík, á lögreglustöðina í Kópavogi og tilkynnti um grunsamlegan akstur ökumanns bifreiðarinnar R 29435. Var þegar hafin leit að bifreiðinni, og fannst hún við biðskýli að Kópavogsbraut 115, Kópavogi. Samkvæmt skýrslu Guðmundar Ingasonar, lögreglumanns í Kópavogi, var haft tal af ökumanni, sem framvísaði ökuskírteini, og reyndist það vera ákærði í máli þessu. Þar eð áfengisþef lagði frá vitum hans, var hann færður í lögreglubifreið og síðan á lögreglustöð, þar sem tekin var af honum varðstjóraskýrsla. Síðar var ákærði færður á slysadeild Borgarspítalans til blóðtöku. Við rannsókn reyndist alkóhólmagn í blóði hans greint sinn vera 1.27‰.

Hjá varðstjóra skýrði ákærði svo frá, að hann hefði verið að aka framangreindri bifreið frá Lokastíg í Reykjavík og hafi ákvörðunarstaður verið ókunnur. Hann kvaðst hafa drukkið áfengi kvöldið áður til miðnættis og síðan þrjá pilsnera umræddan morgun. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Þegar ákærði mætti til yfirheyrslu vegna máls þessa hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík hinn 17. febrúar 1978, neitaði hann því að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn og kvað konu sína hafa ekið, en vegna ósættis hefði hún yfirgefið bifreiðina við biðskýlið í Kópavogi. Hann kvaðst hafa setið undir stýri bifreiðarinnar, þegar lögreglan kom, en lyklar hafi verið í vörslu eiganda hennar, sem hafi setið fram í hægra megin.

Þegar ákærði kom fyrir dóm í máli þessu hinn 25. maí 1978, skýrði hann svo frá, að hann hefði verið að Lokastíg 18 3. júní 1977, en mundi eigi, hvenær hann hafði komið þangað. Hann neytti áfengis og kvaðst hafa verið með áfengisáhrifum. Hann kvaðst hafa verið í bifreiðinni R 29435, sem ekið hafi verið frá Lokastíg 18 að biðskýlinu að Kópavogsbraut 115. Hann kvað konu sína, Margréti Jódísi Sigurðardóttur, hafa ekið bifreiðinni og neitaði algerlega að hafa gert það. Ákærða var sýnd skýrsla hans hjá lögregluvarðstjóra í Kópavogi, og kannaðist hann við að hafa gefið þá skýrslu og við nafnritun sína undir henni. Kvaðst hann hafa gefið skýrsluna tilneyddur vegna hótana um að verða settur inn.

Næsta dag kom fyrir dóminn Margrét Jódís Sigurðardóttir frú, Bergþórugötu 61, eiginkona ákærða. Í þinghaldinu var vakin athygli hennar á 1. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974. Vitnið var rækilega

áminnt um sannsögli og var 1. mgr. 142. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 lesin fyrir því í heyranda hljóði. Vitnið óskaði eftir fresti að svo stöddu til að bera vitni í málinu.

Vitni þetta kom síðan fyrir dóminn að eigin ósk hinn 5. mars sl. og skýrði það svo frá rækilega áminnt um sannsögli, að vorið 1977 hefðu þau ákærði búið aðskilin um nokkurn tíma, og dvaldist vitnið í Dvergabakka 18, en ákærði bjó að heimili þeirra að Bergþórugötu 61. Vitnið kvaðst hafa heimsótt ákærða eftir stuttan aðskilnað og hafi þau farið saman að Lokastíg til einhverra kunningja ákærða, Ásgeirs og Gylfa, sem vitnið þekkti lítið. Vitnið sá þá tvo drekka áfengi, en ekki ákærða, en það telur, að hann hafi verið „þunnur".

Eftir nokkra viðdvöl á Lokastíg var ákveðið að fara út að keyra í bifreið fyrrnefnds Ásgeirs. Var talið, að vitnið eitt væri fært um að aka, og ók það því bifreiðinni. Ók vitnið fyrst að Nesti í Fossvogi, en þar var lokað. Var þá haldið áfram í Kópavog og að biðskýli þar. Vitnið segir, að á leiðinni hafi ákærði mjög rifist við sig vegna þess, hvernig vitnið ók, og kvaðst það hafa orðið mjög taugaóstyrkt af þessum sökum. Það kvað ákærða hafa setið aftur í með Gylfa, en Ásgeir hafi setið í framsæti við hlið vitnisins.

Eftir að komið var að biðskýlinu í Kópavogi, fór ákærði þangað inn. Vitnið sagði hins vegar við eiganda bifreiðarinnar, að það stæði ekki lengur í þessu, enda var það mjög slæmt á taugum um þessar mundir. Afhenti það honum þar lykla bifreiðarinnar og hélt á brott og vissi ekkert frekar um ákærða og félaga hans þetta kvöld. Fór vitnið heim til sín í Dvergabakka.

Vitnið hitti ákærða ekki fyrr en mánuði síðar, en það var ekki fyrr en löngu síðar, að hann tjáði því, að lögreglan hefði komið að bifreiðinni við biðskýlið og fært hann á lögreglustöð. Hefði hann játað að hafa ekið af ótta við að verða settur í fangageymslu. Kvað vitnið ákærða yfirleitt vera mjög hræddan við lögreglu.

Vitnið kvað þá Ásgeir og Gylfa hafa verið talsvert ölvaða greint sinn.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Jón Björnsson lögregluþjónn, Löngubrekku 16, Kópavogi. Sem fyrr segir, tilkynnti hann til lögreglunnar í Kópavogi um ætlaðan akstur ákærða greint sinn. Vitnið skýrði frá því, að það hefði verið að aka um Miklubraut föstudaginn 3. júní 1977. Veitti vitnið athygli bifreiðinni R 29435, þar sem henni var ekið um torgið. Bifreið þessi var af Moskwitch gerð, brún að lit. Sá vitnið, að ákærði í máli þessu,

sem það kannaðist við í sambandi við starf vitnisins, ók bifreiðinni. Vitnið hafði grun um, að ákærði væri sviptur ökuleyfi. Veitti það bifreiðinni eftirför suður Reykjanesbraut. Var henni ekið frekar hratt, óörugglega og hlykkjótt, og stundum fór hún út í vegarbrún. Vitnið veitti bifreiðinni eftirför að biðskýli við Kópavogsbraut 115, en þar fór ákærði úr henni inn í biðskýlið. Nokkrir menn, sem voru í bifreiðinni, fóru með ákærða þar inn. Það tók ekki eftir, að kona væri í bifreiðinni. Vitnið kvaðst alveg öruggt um, að ákærði hefði ekið bifreiðinni. Það kvaðst hafa farið á lögreglustöðina í Kópavogi og tilkynnt lögreglunni um akstur ákærða, en síðar hafi það farið aftur á staðinn og bent lögreglunni á ákærða, sem þá sat undir stýri bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst, eins og áður greinir, hafa séð ákærða, þegar hann fór inn í biðskýlið, og hafi hann augsýnilega verið undir áhrifum áfengis.

Vitni þetta kom enn fyrir dóminn hinn 23. mars sl., og var það þá enn yfirheyrt sjálfstætt um málið og spurt sérstaklega, hvort það hefði séð konu í bifreiðinni R 29435 greint sinn eða fara út úr bifreiðinni við biðskýlið á Kópavogsbraut. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa séð konu, en með ákærða hefðu verið nokkrir menn, sem hefðu farið inn í biðskýlið með honum. Vitnið kvaðst hafa komið að biðskýlinu nokkru á eftir ákærða og minnti, að ákærði og þeir, sem með honum voru, hefðu þá verið að yfirgefa bifreiðina.

Vitnið kvað það alveg öruggt, að ákærði hafi setið undir stýri bifreiðarinnar, þegar það sá hana á Miklatorgi greint sinn, en það þekkti ákærða frá fyrri tíð. Það kvað ákærða hafa komið inn í torgið að vestan frá Hringbraut, en það hafi þá verið komið inn í hringinn frá Snorrabraut. Hafði það góða aðstöðu til að sjá ökumann R 29435.

Vitnið kvaðst aðspurt ekki þora að fullyrða það, hvort bifreiðin R 29435 hafi haft einhverja viðdvöl við Nesti í Fossvogi greint sinn. Það kvaðst hafa ekið töluvert á eftir bifreiðinni, sem hefði verið ekið allgreitt.

Vitnið Gylfi Gunnarsson útvarpsvirki, Lokastíg 18, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þeir Ásgeir Sigurðsson hafi verið að neyta áfengis á heimili vitnisins Lokastíg 18 föstudaginn 3. júní 1977. Ákærði hafi komið heim til vitnisins ásamt eiginkonu hans og neytt áfengis með vitninu og Ásgeiri, en kona ákærða hafi ekki neytt áfengis. Einhvern tíma dags hafi þau öll farið út í bifreið Ásgeirs og hafi ákærði ekið henni að biðskýlinu við Kópavogsbraut í Kópavogi. Vitnið og Ásgeir hafi ekki farið út úr bifreið-

inni, en hins vegar ákærði og kona hans. Kona ákærða fór á brott, en ákærði fór inn í biðskýlið. Var ákærði sestur aftur inn í bifreiðina, þegar lögreglan kom á staðinn. Vitnið kvaðst hafa verið töluvert ölvað og illa sofið. Vitnið sá ákærða ekki neyta annars áfengis en þess, er hann drakk heima hjá því. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt athygli, hvort ákærði var með áfengisáhrifum við aksturinn.

Vitnið Ásgeir Ragnar Sigurðsson tæknimaður, Baldursgötu 12, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi verið að neyta áfengis að Lokastíg 18 aðfaranótt 3. júní 1977. Með vitninu hafi verið Gylfi Gunnarsson. Vitnið mundi eftir því, að ákærði hefði komið að Lokastíg 18 ásamt konu sinni. Var farið í bifreið vitnisins að biðskýlinu við Kópavogsbraut 115. Kvað vitnið annað hvort ákærða eða konu hans hafa ekið bifreiðinni, en kvaðst engu geta slegið föstu um það vegna ölvunar. Kvað vitnið þau hafa setið í framsæti, en þeir Gylfi í aftursæti. Gat vitnið ekkert sagt um, hvort ákærði eða kona hans hafi tekið við lyklum að bifreiðinni, áður en lagt var af stað. Vitnið kvaðst ekkert geta sagt um áfengisneyslu ákærða.

Þá hefur komið fyrir dóminn sem vitni Guðmundur Ingi Ingason, lögregluþjónn í Kópavogi, og staðfest skýrslu sína um handtöku ákærða greint sinn. Þar segir, að ákærði hafi verið æstur í skapi, en vitnið kvaðst ekki geta sagt um það, hvort það hafi verið af áfengisáhrifum. Karlmenn hafi verið í bifreiðinni með ákærða, en vitnið mundi ekki, hvað þeir voru margir eða nöfn á þeim. Enginn kvenmaður hafi verið í bifreiðinni, að því er vitnið mundi. Vitninu fannst ákærði vera að leggja af stað frá biðskýlinu, en hvort hann var farinn að hreyfa bifreiðina, mundi það ekki. Vitnið var viðstatt, er tekin var skýrsla af ákærða hjá varðstjóra, og viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni. Vitnið kvað ákærða hafa játað þetta án þvingunar, og man það ekki til, að hann hafi nefnt það, að neinn annar hefði ekið bifreiðinni. Vitnið taldi óhugsandi, að honum hafi verið hótað á lögreglustöð, að hann yrði settur inn, ef hann játaði ekki að hafa ekið bifreiðinni.

Ingólfur Ingvarsson, lögregluvarðstjóri í Kópavogi, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að ákærði hafi setið undir stýri bifreiðarinnar, þegar þeir lögreglumennirnir komu að, og hafi kveikjuláslyklar verið í kveikjulás, en vél ekki í gangi, að því er vitnið best mundi. Áfengislykt hafi verið af ákærða og hann áberandi undir áhrifum áfengis. Tveir eða þrír menn aðrir hafi verið í bifreiðinni

og hafi þeir einnig verið undir áhrifum áfengis. Enginn kvenmaður hafi verið í bifreiðinni eða í nánd við hana. Vitnið kvað ákærða og þá menn, sem með honum voru, hafa verið æsta í skapi. Voru þeir að tala um ofsóknir í sambandi við handtöku þeirra, en þeir voru allir fluttir á lögreglustöðina. Vitnið yfirheyrði ákærða á lögreglustöð, og skýrði hann svo frá sem í skýrslu hans greinir, en að því búnu undirritaði hann skýrsluna. Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni og nefndi ekki, að neinn annar hefði gert það. Minnti vitnið, að hann hefði viðurkennt þetta í lögreglubifreiðinni. Ákærði hafi verið með ökuskírteini, en við athugun hafi komið í ljós, að hann hafði verið sviptur ökuleyfi.

Þegar vitninu var kynntur framburður ákærða, kvað vitnið það ekki rétt hjá honum, að sagt hafi verið við hann, að hann yrði settur inn, ef hann ekki játaði. Vitnið kvað játningu ákærða hafa komið strax og hafi hann greiðlega viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni og aldrei annað komið til álita. Hvorki ákærði né farþegarnir minntust á, að kona ákærða hefði verið í bifreiðinni. Vitnið kvað stutta stund hafa liðið frá því, að tilkynnt var um bifreiðina R 29435, þar til lögreglan kom að henni.

Ákærði hafði með dómi 29. janúar 1976 verið sviptur ökuleyfi ævilangt frá þeim degi að telja.

Niðurstaða.

Þegar virtir eru framburðir Jóns Björnssonar og Gylfa Gunnarssonar um akstur ákærða greint sinn og með hliðsjón af skýrslu ákærða hjá varðstjóra lögreglunnar í Kópavogi, þykir verða þrátt fyrir síðari framburð ákærða og eiginkonu hans að telja sannað í málinu, að hann hafi ekið bifreiðinni R 29435 greint sinn, svo sem lýst er í ákæru. Með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og því, að ákærði var greint sinn sviptur ökuréttindum, þykir atferli hans varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 21. mars 1978, hlaut hann dóm hinn 8. apríl 1974, 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga og var sviptur ökuleyfi í 1 ár frá þeim degi að telja. Hinn 29. janúar 1976 var ákærði dæmdur í 30 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga og sviptur ökuleyfi ævilangt frá þeim degi að telja. Enn var ákærði dæmdur hinn 17. febrúar 1978 í 10 daga varð-

hald (hegningarauka) fyrir sams konar brot. Auk þess hefur ákærði tvívegis, þ. e. á árunum 1967 og 1970, sætt sektum fyrir brot á umferðarlögum.

Framangreindir refsidómar frá 8. apríl 1974 og 29. janúar 1976 hafa ítrekunaráhrif á framangreint brot ákærða skv. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess. Þá ber að dæma honum hegningarauka við dóminn frá 17. febrúar 1978.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 25 daga.

Þá ber og skv. 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Magnús Aðalsteinsson, sæti varðhaldi í 25 daga.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000

Föstudaginn 31. október 1980.

Nr. 175/1978. **Z-húsgögn h/f**
(Stefán Pálsson hdl.)
gegn
Zetu s/f
(Othar Örn Petersen hdl.).

Firma. Vörumerki. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1978. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og að viðurkenndur verði réttur sinn til að nota heitið Z-húsgögn h/f. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Samkvæmt ljósriti úr hlutafélagaskrá hefur Þorvarður R. Jónsson ásamt fleirum stofnað hlutafélagið Z-Gardínubrautir h/f, sem á heimili í Reykjavík. Eru samþykktir þess félags dagsettar 28. febrúar 1978. Enn fremur er fram komið, að Theodór Marinósson hefur staðið að stofnun hlutafélagsins X-Brautir og gluggatjöld h/f, sem einnig á heimili í Reykjavík. Samþykktir þess félags eru dagsettar 30. desember 1977. Nafni félagsins var síðar breytt í Z-Brautir og gluggatjöld h/f.

Svo sem greint er í héraðsdómi og einnig kom fram í málflutningi stefnda fyrir Hæstarétti, hætti hann atvinnurekstri um áramót 1977—1978, eða fyrir nærfellt þremur árum. Er ekkert komið fram í málinu, sem veiti ástæðu til að ætla, að atvinnureksturinn verði hafinn að nýju. Þar sem stefndi samkvæmt þessu hefur hætt að nota firma sitt í atvinnurekstri, verður ekki talið, að notkun áfrýjanda á hinu skráða firma sínu valdi hættu á því, að villst verði á fyrirtækjunum. Þeg-

ar af þessum ástæðum getur stefndi ekki krafist þess með skírskotun til 2. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903 og 9. gr. laga nr. 84/1933, nú 30. gr. laga nr. 56/1978, að áfrýjanda verði dæmt óheimilt að nota hið skráða firma sitt.

Vörumerki málsaðilja eru eigi svo lík, að hætt sé við, að villst verði á þeim. Verður því ekki fallist á það með stefnda, að 4. gr. laga nr. 47/1968 leiði til þess, að hann geti krafist, að áfrýjanda verði bönnuð notkun vörumerkis síns. Breytir það eitt sér engu um þetta, að bókstafurinn Z er í báðum merkjunum, sbr. 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 13. gr. nefndra laga. Með skírskotun til þess, sem áður var sagt um firma stefnda, renna ákvæði 4. tl. 14. gr. laga nr. 47/1968 eða 30. gr. laga nr. 56/1978 ekki heldur nægum lagastoðum undir þá kröfu stefnda, að áfrýjanda verði bönnuð notkun vörumerkis síns. Verður samkvæmt framansögðu að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda í málinu.

Eins og háttað er kröfugerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kemur ekki til álita sú krafa hans fyrir héraðsdómi, að stefnda verði dæmt óheimilt að nota vörumerki sitt og skráning þess verði felld úr gildi. Þar sem enn fremur verður að skilja kröfu hans um dómsviðurkenningu á rétti sínum til að nota heitið Z-húsgögn h/f á þann veg, að sú krafa beinist eingöngu að áfrýjanda, eru ekki efni til að taka afstöðu til þeirrar kröfu framar en þegar hefur verið gert.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Z-húsgögn h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Zetu s/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Fallast má á þá úrlausn héraðsdóms með vísan til 9. gr.

laga nr. 84/1933, nú 30. gr. laga nr. 56/1978, sbr. 10. gr. laga nr. 42/1903, að áfrýjanda sé óheimilt að nota bókstafinn Z í heiti sínu. Þar sem telja verður, að stefndi hafi enn hagsmuni af úrlausn máls þessa, þótt starfsemi fyrirtækisins hafi legið niðri um hríð, verður áfrýjanda dæmt að afmá nafn sitt Z-húsgögn úr hlutafélagaskrá, sbr. 6. gr. laga nr. 42/1903, sbr. og nú 148. gr. laga nr. 32/1978.

Vörumerki málsaðilja, sem um er fjallað í máli þessu, eru eigi svo lík, að hætta sé á, að villst verði á þeim, þótt bókstafurinn Z sé í báðum merkjunum. Verður ekki talið, að skráning merkis áfrýjanda brjóti í bága við ákvæði 4. og 6. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 47/1968 eða 9. gr. laga nr. 84/1933, nú 30. gr. laga nr. 56/1978. Ber því að sýkna áfrýjanda af þessum þætti krafna stefnda.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 26. júlí 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. f. m., hefur Zeta s/f, Ármúla 42 hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 2. mars 1976, á hendur Z-húsgögnum h/f hér í borg. Eru dómkröfur stefnanda þessar:

Að stefnda verði dæmt skylt að láta afmá firmanafnið Z-húsgögn h/f úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur, að stefnda verði talið óheimilt að nota firmanafnið Z-húsgögn á samkeppnissviðinu, hvort heldur sem er í auglýsingum, bréfhausum eða á annan hátt, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eða samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Með stefnu, útgefinni 4. febrúar 1977, höfðaði stefndi gagnsök í málinu. Eru dómkröfur hans í gagnsök þær, að viðurkenndur verði réttur hans til að eiga og nota hlutafélagsheitið Z-húsgögn h/f og verði aðalstefnanda dæmt óheimilt að nota vörumerkið Z og skráning þess verði felld úr gildi. Þá krefst gagnstefnandi og málskostnaðar úr hendi gagnstefnda.

Í gagnsök krefst gagnstefndi sýknu af kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Með stefnu, útgefinni 29. ágúst 1977, höfðaði aðalstefnandi framhaldssök og gerði þær dómkröfur:

Að aðalstefnda, Z-húsgögnum h/f, verði dæmt skylt að láta afmá úr vörumerkjaskrá vörumerkið „Z-húsgögn“ nr. 193/1976 og aðalstefnda dæmt óheimilt að nota það merki sem nafn á fyrirtæki sínu. Aðalstefnandi krefst málskostnaðar úr hendi aðalstefnda í framhaldssök.

Af hálfu aðalstefnda eru þær dómkröfur gerðar í framhaldssök, að hann verði sýknaður af kröfum aðalstefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnanda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 29. janúar 1964 var skráð í firmaskrá Reykjavíkur firmað Zeta s/f, rekið af Theodór Marinóssyni og Þorvarði Ragnari Jónssyni með ótakmarkaðri ábyrgð til framleiðslu og smásölu á vörum til húsagerðar. Var tilkynning um þetta birt í Lögbirtingablaðinu 13. febrúar 1964. Hinn 9. september 1975 var skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur hlutafélagið Z-húsgögn, er rekið skyldi til húsgagnaframleiðslu og skylds atvinnurekstrar. Var tilkynning um það birt í Lögbirtingablaðinu.

Hinn 29. janúar 1976 fékk aðalstefnandi skráð í vörumerkjaskrá vörumerkið nr. 53/1976:



Var vörumerkið skráð fyrir eftirfarandi vörur:

„Smíði, uppsetningu og sölu gluggatjaldastanga. Húsgögn og efni. Afsteypur af listaverkum í leirblöndu. Gluggatjöld, rúmteppi, dúkar. Bönd, blúndur, þrýstilásar. Teppi, baðmottur. Vinnsla og meðferð efna og hluta. (Fl. 20, 21, 24, 26, 27, 40)“.

Hinn 29. júní 1976 fékk aðalstefndi skráð í vörumerkjaskrá, vörumerkið nr. 193/1976:



Var vörumerkið skráð fyrir „Húsgögn. (Fl. 20)“.

Hinn 5. nóvember 1975 ritaði lögmaður aðalstefnanda aðalstefnda bréf. Taldi hann ljóst, að firmanafn aðalstefnda væri svo líkt firmanafni aðalstefnanda, að veruleg hætta væri á, að firmun-

um yrði ruglað saman í viðskiptum, enda hefðu fyrirsvarsmenn aðalstefnanda þegar orðið þess varir. Væri og augljóst, að með skráningu firmanafns aðalstefnda hefði verið brotið gegn rétti aðalstefnanda, sem tryggður væri með ákvæðum 10. gr. laga nr. 42/1903 um firma og verslunarskrár o. fl. og 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum. Var þess óskað, að aðalstefndi léti afmá firmanafnið Z-húsgögn h/f og tæki upp annað nafn á firmanu, sem ekki væri hætta á, að ylli ruglingi við nafn aðalstefnanda. Ekki varð aðalstefndi við þessari málaleitan.

Hinn 16. mars 1976 ritaði lögmaður aðalstefnda iðnaðarráðherra bréf, þar sem hann fór þess á leit með vísan til 44. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, að ráðherrann felldi úr gildi þá ákvörðun vörumerkjaskrárritara 30. janúar 1976, er leiddi til þess, að firmað Zeta s/f fékk viðurkennt vörumerki með bókstafnum Z á svörtum ferhyrningi, sem m. a. væri skráð fyrir húsgögn og efni. Væri ljóst, að aðalstefnandi væri með þessu að reyna að ná betri fótfestu í þeirri baráttu að svipta aðalstefnda rétti til að nota bókstafinn Z í nafni sínu. Væri mjög villandi, að aðalstefnandi fengi að nota vörumerki sitt fyrir húsgögn og húsgagnaframleiðslu, og hefði hann engan rétt til þess. Hefði aðalstefndi um nokkurt skeið framleitt Z-húsgögn, sem væru orðin þekkt á markaðnum. Af hálfu aðalstefnanda var þessari kröfu aðalstefnda mótmælt.

Með bréfi vörumerkjaskrárritara 3. maí 1976 var kröfu lögmanns aðalstefnda hafnað. Kemur fram í bréfi þessu, að umsókn um skráningu vörumerkis aðalstefnanda hafi borist vörumerkjaskrárritara 24. október 1975 og hafi það verið auglýst með lögboðnum hætti í Lögbirtingablaðinu 28. nóvember s. á. Ekki hafi verið borin fram andmæli gegn skráningunni og að liðnum tveimur mánuðum hafi merkið verið skráð. Þar sem merkið hefði þannig verið löglega skráð og ekki vitað um nein þau atvik eða ástæður, er varða skyldu því, að merkið skyldi afmá úr vörumerkjaskrá ex officio, stæðu lög ekki til, að iðnaðarráðherra breytti ákvörðun um skráningu vörumerkis aðalstefnanda, heldur heyrði ágreiningurinn um gildi skráningarinnar undir dómstóla.

Þorvarður Ragnar Jónsson, annar eigandi aðalstefnanda, hefur skýrt svo frá, að fyrirtækið hafi flutt inn hurðir, gólflista og eldhúsinnréttingar, en síðar hafi það framleitt gluggatjaldastengur og selt þær ásamt gluggatjöldum. Þá hafi það flutt inn afsteypur af listaverkum. Ætlunin hafi verið að flytja

inn hluti til húsgagnagerðar og setja saman, svo sem stálhúsgögn, skrifstofuborð, en sá þáttur starfseminnar hafi ekki verið byrjaður. Atvik að nafngift firmans kveður hann hafa verið þau, að þeir eigendurnir hafi flutt inn efni í gluggatjaldabrautir frá þýskum framleiðanda, sem hafi í merki sínu stafina H, M og Z. Sú gerð gluggatjaldabrauta, sem þeir hafi aðallega flutt inn, hafi verið nefnd Zet Lauf-Sehienen. Þegar að því kom að gefa firma þeirra félaga nafn, hafi þeir ákveðið að nota orðið Zeta. Þorvarður kveður menn hafa ruglað saman fyrirtækjum aðilja. Hafi þetta komið fram í því m. a., að til aðalstefnda hafi verið borin bréf, sem áttu að fara til aðalstefnanda. Einnig hafi bréf, sem áttu að fara til aðalstefnda, verið lögð í pósthólf aðalstefnanda. Einnig kveður hann það hafa komið fyrir, að hann hafi greitt reikning, sem aðalstefndi átti að greiða. Þá hafi það gerst, eftir að auglýsing um skrásetningu aðalstefnda birtist í Lögbirtingablaðinu, að mikið hafi verið hringt og spurt um það, hvort aðalstefnandi væri farinn að framleiða húsgögn. Hafi þetta valdið töfum og óþægindum. Þá hafi það einnig komið fyrir, að aðalstefnandi hafi verið krafinn um greiðslu opinberra gjalda fyrir mann, sem starfaði hjá aðalstefnda.

Theodór Steinar Marinósson, hinn eigandi aðalstefnanda, hefur skýrt svo frá, að það komi mjög oft fyrir, að hringt sé til aðalstefnanda, þegar menn ætli að hringja til aðalstefnda. Þá hafi það komið fyrir einu sinni, að aðalstefnanda hafi borist peningar með símaávísun, sem hafi átt að fara til aðalstefnda.

Örn Zebitz, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri aðalstefnda, hefur skýrt svo frá, að hann hafi um tveggja ára skeið rekið óskrásett firma undir nafninu Bólstrun Arnar W. Zebitz. Viðskiptavinir hafi gjarnan stytt nafnið og skrifað Bólstrun Z. Því hafi sú hugmynd vaknað hjá honum og félögum hans, sem stofnuðu hlutafélagið, að láta það heita Z-húsgögn h/f. Fyrirtækið kveður hann framleiða bólstruð húsgögn. Hann kveðst hafa vitað, að firma aðalstefnanda starfaði hér í borg, en sér hafi ekki fundist þar vera um sama nafn að ræða. Kveðst hann ekki hafa orðið var við, að nöfn fyrirtækjanna hafi valdið ruglingi. Það hafi að vísu komið fyrir einu sinni eða tvisvar, að hringt hafi verið, en er hann hafi sagt nafn fyrirtækisins, hafi sá, sem hringdi, ekki borið upp erindi. Hann kveður það aldrei hafa komið fyrir, að fyrirtæki hans hafi fengið bréf, sem hafi átt að fara til aðalstefnanda.

Krafa aðalstefnanda í aðalsök er byggð á því, að augljóst sé,

að óheimilt hafi verið að skrá firmanafnið Z-húsgögn h/f í firmaskrá hér í borg, þar sem það líkist svo firmanafninu Zeta s/f. Það hafi og fljótlega komið í ljós, að viðskiptavinir aðalstefnanda og aðrir hafi farið að rugla saman þessum tveimur fyrirtækjum til mikilla óþæginda og tjóns fyrir aðalstefnanda. Þannig hafi aðalstefnanda borist bréf, sem rituð hafi verið aðalstefnda. Einnig hafi aðalstefnandi verið krafinn um skuldir aðalstefnda og hafi komið fyrir, að aðalstefnandi greiddi reikning, sem aðalstefndi átti að greiða. Þá hafi aðalstefnandi og verið krafinn um greiðslu opinberra gjalda, sem starfsmaður aðalstefnda hafi átt ógreidd. Þá verði aðalstefnandi svo að segja daglega fyrir óþægindum vegna símhringinga manna, sem vilji ná sambandi við aðalstefnda. Þess hafi verið farið á leit við fyrirsvarsmenn aðalstefnda, að þeir létu afmá nafn félagsins úr hlutafélagaskrá og tækju í stað þess upp nafn á félaginu, sem væri ólíkt nafni aðalstefnanda, en þeir hafi ekki viljað fallast á það. Því hafi verið óhjákvæmilegt að höfða mál þetta. Er krafa aðalstefnanda byggð á 10. gr. laga nr. 42/1903 um firma, verslanaskrár o. fl. og 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum.

Sýknukrafa stefnda í aðalsök er byggð á því, að aðalstefnandi geti ekki öðlast einkarétt til notkunar bókstafsins Z sem firmanafns eða vörumerkis. Þá sé tilgangur rekstrar firma aðalstefnanda mjög fjarlægur tilgangi rekstrar firma aðalstefnda. Tilgangur með rekstri aðalstefnanda sé takmarkaður við húsagerð, en aðalstefnda húsgagnaframleiðsla og skyldur atvinnurekstur. Nöfn fyrirtækjanna séu mjög ólík í allri gerð og þótt einhverjum kynni að verða á að rugla þeim saman, þá sé um svo mikið aðgæsluleysi að ræða, að dómstólar geti ekki tekið tillit til þess. Er því mótmælt, að nokkur ruglingur hafi orðið á bréfum eða reikningum til þeirra.

Krafa gagnstefnanda er byggð á því, að skráning vörumerkis aðalstefnanda hafi verið löglaus, því gagnstefnandi hafi verið búinn að skrásetja bókstafsmerkið Z í hlutafélagsnafni sínu, sbr. ákvæði 2. mgr. 3. gr. 13. gr. og 14. gr. vörumerkjalaga. Hafi aðalstefnandi því með ólögmætum hætti fengið skráð vörumerki sitt fyrir margs konar vörur, sem séu óskyldar skráðum tilgangi hans, þar á meðal húsgögn. Skráning og notkun vörumerkis aðalstefnanda sé því andstætt ákvæðum vörumerkjalaganna. Sé skráning vörumerkis aðalstefnanda, er ætlað sé til nota, sem ekki séu í neinu samræmi við skráðan tilgang aðalstefnanda, ætluð til þess að reyna að hasla sér þar völl til að útiloka rétt gagnstefn-

anda, sem framar aðalstefnanda eigi rétt til að nota bókstafinn Z sem vörumerki. Beri því að fella úr gildi skráningu vörumerkis aðalstefnanda skv. 25. og 37. gr. vörumerkjalaga.

Sýknukrafa gagnstefnda er byggð á því, að hann hafi þegar hinn 29. janúar 1964 fengið skráð firmaheiti sitt Z s/f. Af því leiði, að öðrum hafi verið óheimilt að taka bókstafinn Z eða orðið Zeta upp í firmanöfn sín, sbr. 2. mgr. 10. gr. firmalaga nr. 42/1903. Skráning gagnstefnanda á heitinu Z-húsgögn h/f í firmaskrá hafi farið í bága við þetta ákvæði firmalaga. Því geti gagnstefnandi ekki byggt neinn rétt á þeirri firmaskráningu, enda firmanafn gagnstefnda 11 árum eldra og njóti því betri réttar. Þá fái það ekki staðist, að skráning vörumerkis gagnstefnda sé ólögleg, þar sem vörur þær, sem merkið verndar, séu óviðkomandi og óskyldar skráðum tilgangi Zeta s/f. Samkvæmt 15. gr. vörumerkjalaga skuli skrá vörumerki í ákveðnum flokki eða flokkum vara, en flokkar þessir séu ákveðnir af ráðherra. Sé samkvæmt þeim heimilt að skrá vörumerki í alls 42 flokkum vara eða þjónustu og sé byggt á svonefndu Nissasamkomulagi. Geti þeir, sem sækja um skráningu vörumerkja, valið úr þessum flokkum einstaka flokka, sem þeir óska, að vernd merkisins nái til, eða valið þá alla. Ekki sé neitt skilyrði sett í vörumerkjalögin um það, að firmu megi ekki fá skráð merki sín fyrir aðrar vörur en þær, sem þeir versla með eða framleiða. Það sé staðreynd, að títt sé, að firmu færi út upphaflega starfsemi sína og sé þeim því nauðsyn að fá vernd fyrir aðrar vörur en þau selja eða framleiða á þeim tíma. Gagnstefndi hafi því átt fullkominn rétt á að fá vörumerki sitt skráð, hvort sem hann vildi í öllum vöruflokkunum eða einungis þeim, sem merkið er skráð fyrir. Verði réttur þessi ekki af honum tekinn, enda skráning vörumerkis hans á engan hátt andstæð ákvæðum vörumerkjalaga.

Krafa aðalstefnanda í framhaldssök er byggð á því, að óheimilt hafi verið að skrá vörumerkið nr. 193/1976 „Z-húsgögn", þar sem bókstafurinn Z í merkinu gefi tilefni til að ætla, að átt sé við firmað Zeta s/f, sbr. 14. gr., 4. tl., laga um vörumerki nr. 47/1968. Enn fremur hafi verið óheimilt að skrá merkið af þeim ástæðum, að það hafi verið of líkt eldra vörumerki aðalstefnanda, myndmerki af Z nr. 53/1976, er m. a. hafi verið skráð fyrir vörur í 20. flokki þann 29. janúar 1976, sbr. 6. lið 14. gr. vörumerkjalaga. Einnig fari notkun gagnstefnanda á merkinu Z-húsgögn í bága við 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum

verslunarháttum. Samkvæmt 25. og 37. gr. vörumerkjalaga beri að taka kröfu aðalstefnanda í framhaldssök til greina.

Sýknukrafa aðalstefnda í framhaldssök er byggð á rökum þeim, sem fram koma með kröfu hans í gagnsök.

Við munnlegan flutning málsins kom fram af hálfu aðalstefnanda, að eigendur Zetu s/f hættu rekstri fyrirtækisins um síðustu áramót og hafi hvor fyrir sig stofnað ný fyrirtæki, Z-Brautir og gluggatjöld og Z-gardínubrautir. Eigendurnir eigi firmað Zeta s/f enn, þótt unnið sé að slitum þess, og kunni það að verða selt, ef ekki verður samkomulag um, að annar hvor taki við því. Þeir telji firmað mikils virði, því það hafi aflað sér „goodwill" eftir þrettán ára starfsemi. Þeir telji sér því enn heimilt að verja firmað gegn ólögmætum aðgerðum annarra.

Mál þetta var höfðað, á meðan á rekstri firma aðalstefnanda stóð. Þótt rekstri firmans hafi nú verið hætt og unnið sé að slitum félagsins, þá þykir ekki fram komið, að firmað hafi glatað sjálfstæðri tilveru sinni. Þykja því enn slíkir hagsmunir tengdir firmanu, að eigendum þess sé enn heimilt að verja það gegn meintum ólöglegum aðgerðum annarra.

Um aðalsök.

Þorvarður Ragnar Jónsson, annar eigandi aðalstefnanda, hefur skýrt svo frá, að fyrirtækið hafi flutt inn og selt hurðir, gólflista, eldhúsinnréttingar, en síðar hafi verið hafin sala á gluggatjaldastöngum og gluggatjöldum. Verður að líta svo á, að verslun með þessar vörutegundir sé svo skyld skráðum tilgangi rekstrar aðalstefnanda, að heimilt sé að leita verndar fyrir firma aðalstefnanda gagnvart firma aðalstefnda. Orðið Zeta, sem er skráð firma aðalstefnanda, er heiti bókstafsins Z. Var firma aðalstefnanda skráð mörgum árum áður en firma aðalstefnda var skráð. Verður að telja, að firma aðalstefnanda hafi verið búið að afla sér viðskiptavildar á þeim tíma. Þótt ekki verði fallist á, að skráning firma aðalstefnanda skapi honum einkarétt til notkunar bókstafsins Z á sviði viðskipta fyrirtækisins, þá þykir verða að fallast á það með aðalstefnanda, að notkun bókstafsins Z í firma aðalstefnda, sem starfrækt er á líku sviði og rekstur aðalstefnanda, sé fallin til að valda ruglingi á firmum aðilja. Með vísan til 2. ml. 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum verður því að telja aðalstefnda óheimilt að nota bókstafinn Z í firmanafni sínu með þeim hætti sem gert er. Samkvæmt því og með vísan til 6. gr. laga nr. 42/1903 ber að dæma

aðalstefnda til að afmá firmaheitið Z-húsgögn úr firmaskrá Reykjavíkur. Af hálfu aðalstefnanda hefur ekki verið gerð slík grein fyrir mörkum samkeppnissviðs firma aðilja, að unnt sé að taka kröfu hans um það atriði til greina frekar en gert er. Afstaða til málskostnaðar í aðalsök verður tekin síðar.

Um gagnsök og framhaldssök.

Eins og málavöxtum er háttað, þykir rétt að taka afstöðu til gagnsakar og framhaldssakar saman.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir vörumerkjum þeim, sem aðiljar fengu skrásett. Þegar litið er til niðurstöðu aðalsakar málsins, þykir ekki unnt að taka til greina kröfu gagnstefnanda um viðurkenningu á rétti hans til að nota hlutafélagsheitið Z-húsgögn. Þykir gagnstefnandi af sömu ástæðu ekki eiga lögvarða kröfu til, að aðalstefnanda verði talið óheimilt að nota vörumerkið nr. 53/1976 og að skráning þess verði felld úr gildi. Hins vegar verður að líta svo á með vísan til niðurstöðu aðalsakar í málinu, að skráning vörumerkis aðalstefnda hafi brotið í bága við rétt aðalstefnanda til firmanafnsins Zetu s/f skv. 4. tl. 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og 2. ml. 9. gr. laga nr. 84/1933. Samkvæmt 25. og 37. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki þykir því bera að taka kröfu aðalstefnanda í framhaldssök til greina.

Eftir þessum úrslitum málsins verður aðalstefndi dæmdur til að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök, gagnsök og framhaldssök, sem ákveðst í einu lagi kr. 150.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Jóni Arnalds lögfræðingi og Ægi Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Í aðalsök skal aðalstefnda, Z-húsgögnum h/f, óheimilt að nota bókstafinn Z í firmanafni sínu svo sem gert er, og skal aðalstefnda skylt að afmá firmanafnið úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Zeta s/f, vera sýkn af kröfum gagnstefnanda.

Í framhaldssök skal aðalstefnda skylt að afmá vörumerkið nr. 193/1976 úr vörumerkjaskrá, og skal aðalstefnda óheimilt að nota það merki sem nafn á fyrirtæki sínu.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda, Zetu s/f, kr. 150.000 í málskostnað í aðalsök, gagnsök og framhaldssök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. nóvember 1980.

Nr. 61/1980. **Jón Hilmar Magnússon**
Helga Guðrún Hilmarsdóttir
og Hulda Fjóla Hilmarsdóttir
gegn
Gunnari Ásgeirssyni h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Jón Hilmar Magnússon, Helga Guðrún Hilmarsdóttir og Hulda Fjóla Hilmarsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. nóvember 1980.

Nr. 99/1980. **Dánarbú Gísla Marinóssonar**
gegn
Jóni Oddssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, dánarbú Gísla Marinóssonar, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef það vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. nóvember 1980.

Nr. 178/1980. **Landeigendafélag Laxár og Mývatns**
gegn
Páli Magnússyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Landeigendafélag Laxár og Mývatns, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Páli Magnússyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 25.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. nóvember 1980.

Nr. 200/1980. **Páll Magnússon**
gegn
Landeigendafélagi Laxár og Mývatns.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll Magnússon, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 4. nóvember 1980.

Nr. 44/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristjáni Péturssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða, en var einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Fyrir Hæstarétti lýsti ríkissaksóknari yfir því, að af hálfu ákæruvalds væri krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Eru brot ákærða réttilega heimfærð til lagaákvæða í héraðsdómi að öðru leyti en því, að hinn of hraði akstur ákærða varðar við 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga, eins og henni hefur verið breytt með 1. gr. laga nr. 16/1977, en samkvæmt henni er hámarkshraði bifreiða í þéttbýli 50 km á klukkustund.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði, Kristján Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verj-

anda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Verjandi ákærða rökstuddi kröfur sínar fyrir Hæstarétti aðallega um sýknu, en til vara um, að ákærði verði dæmdur í svo væga refsingu sem lög frekast heimila, m. a. með því, að það atferli lögreglunnar að veita skjólstæðingi hans eftirför með sírenuvæli og blikkljósum um götur Reykjavíkur hafi æst hann upp og orðið til þess, að hann fór að aka svo hratt og ógætilega sem raun varð á, en hinn hraði og ógætilegi akstur séu einu ákæruatriðin auk þess sem ákærði er ekki talinn hafa sinnt stöðvunarmerki.

Þó að ég telji, að lögreglan hafi með því að halda áfram hinni hröðu eftirför, sem svo varð árangurslaus, ekki metið rétt hlutfall milli þeirra hagsmuna, sem í húfi voru, þ. e. að stöðva og handsama ákærða, og þeirra hagsmuna, sem stofnað var í hættu með eftirförinni, get ég ekki fallist á þá skoðun verjanda, að það eigi að valda refsileysi eða refsilækkun fyrir ákærða.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur dómsatkvæði meiri hluta dómenda um, að hinn áfrýjaði dómur eigi að vera óraskaður.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. mars 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 27. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 105/1979: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Péturssyni, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 23. jan. sl., gegn Kristjáni Péturssyni verkamanni, Neshaga 9, fæddum 25. nóvember 1944 í Reykjavík, „fyrir að hafa sunnudagskvöldið 10. desember 1978 ekið bifreiðinni R 44017 með miklum hraða, ógætilega og án þess að

sinna stöðvunarmerkjum lögreglubifreiðar, sem veitti ákærða eftirför um Njálsgötu, Snorrabraut, Flókagötu, Lönguhlíð og Bólstaðarhlíð, þar sem ákærði ók með 120 kílómetra hraða miðað við klukkustund, þar til hann snögghemlaði þar og sneri við og hvarf sjónum lögreglumanna á Hallarmúla.

Telst þetta atferli ákærða varða við 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 1., 2., a, b og c liði 3. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga."

Að kvöldi sunnudagsins 10. des. 1978 tilkynnti Garðar Örn Kjartansson bifreiðarstjóri, Dalalandi 4, lögreglunni um hraðan og ógætilegan akstur R 44017, og samkvæmt skýrslu lögreglunnar virðist hann hafa talið, að ökumaður mundi vera ölvaður. Lögregluþjónarnir Hlynur Þór Antonsson, Hans Sigurbjörnsson og Jóhannes Viggósson, sem voru á ferð í miðborginni í lögreglubifreið, voru settir til þess að sinna þessu. Er þeir voru að aka vestur Njálsgötu, mættu þeir R 44017 og sneru þá við og veittu henni eftirför. Ökumaður nam ekki staðar þrátt fyrir stöðvunarmerki, og eltu lögregluþjónarnir bifreiðina eftir því sem næst verður komist um Snorrabraut, Flókagötu, Gunnarsbraut, Njálsgötu, Rauðarárstíg, Flókagötu, Lönguhlíð, Háteigsveg og Bólstaðarhlíð. Þar var R 44017 snúið við, og gerðu lögregluþjónarnir slíkt hið sama og eltu bifreiðina nú um Bólstaðarhlíð, Háaleitisbraut, norður Lágmúla, þar sem ökumaður ók um bifreiðastæði út í Hallarmúla, síðan inn í port bak við verslunarhús og þá leið niður á Suðurlandsbraut, síðan suður Hallarmúlann, og misstu lögregluþjónarnir svo sjónar á bifreiðinni í bílamergð við skemmtistaðinn Hollywood. Bifreiðin fannst um kl. 0210 við Súðarvog 24 og var þá mannlaus. Í farþegasæti fannst veski með skilríkjum ákærða, en hann er eigandi bifreiðarinnar.

Ákærði hefur við meðferð málsins lýst yfir því, að hann hafi verið ökumaður R 44017 í þessari ökuferð. Hann kveðst hafa ekið hratt í því skyni að komast undan lögreglubifreiðinni og ekki sinnt stöðvunarmerkjum. Hann kveðst ekki hafa verið ölvaður og gefur þá skýringu á háttsemi sinni, að hann hafi verið í vondu skapi og ekki kært sig um að tala við lögregluþjóna.

Ákærði kveðst, sem fyrr segir, hafa ekið allhratt og minnist þess, að hann ók um Bólstaðarhlíð með 80 km/klst hraða. Neitar ákærði því með öllu, að hraðinn hafi nokkru sinni farið fram

úr því í þessari ökuferð, og mótmælir sakargiftum um allt að 120 km hraða.

Vitnið Garðar Örn Kjartansson kveðst hafa ekið bifreið sinni upp (suður) Vitastíg, og er komið var að mótum hans og Njálsgötu, hafi R 44017 verið ekið yfir gatnamótin til vesturs, án þess að biðskyldu væri gætt. Garðar ók á eftir bifreiðinni vestur Njálsgötu og sá númerið. Hann segist síðan hafa séð það til ferða R 44017, að henni var ekið um Klapparstíg inn á Skólavörðustíg og niður hann. Garðar segir, að R 44017 hafi verið ekið allt of hratt og ógætilega og sér hafi komið í hug, að eitthvað væri athugavert við ökumann, og því kallað til lögreglu gegnum talstöð.

Vitnið Hlynur Þór Antonsson stýrði lögreglubifreiðinni. Hann segir, að R 44017 hafi verið ekið mjög glæfralega og hratt og engin aðgát viðhöfð við gatnamót. Hann segir, að í Bólstaðarhlíð hafi þeir félagar náð að mæla hraða R 44017, er þeir óku á eftir henni, og hraðinn hafi þá skv. mæli verið um 100 km/klst, en Hlyn minnir einnig, að dregið hafi heldur sundur með bifreiðunum, og því hafi þeir lögregluþjónarnir giskað á, að hraðinn mundi hafa náð 120 km/klst, en sú tala er tilgreind í skriflegri skýrslu, sem Hans Sigurbjörnsson hefur undirritað, en lögregluþjónarnir höfðu samið í sameiningu.

Vitnið Hans Sigurbjörnsson segir, að ökumaður R 44017 hafi einskis svifist til þess að komast undan lögreglunni og akstur hans hafi verið ein samfelld hætta. Hann hafi ekki dregið úr hraða á gatnamótum og ekið ýmist á réttum eða röngum vegarhelmingi. Hans segist hafa horft á hraðamæli í akstrinum um Bólstaðarhlíð og hafi vísirinn þá verið kominn nokkru lengra til hægri en beint upp, þ. e. verið kominn eitthvað yfir 100 km markið. Hann segir, að það hafi verið félagar hans, sem töldu hraðann hafa komist upp í 120 km/klst, svo sem skráð er í frumskýrslu.

Vitnið Jóhannes Viggósson segir, að R 44017 hafi verið ekið bæði hratt og ógætilega miðað við aðstæður og stöðvunarskyldu og aðgát ekki sinnt. Jóhannes kveðst hafa séð af hraðamæli lögreglubifreiðarinnar, er ekið var um Bólstaðarhlíð, að hraðinn hafi verið um 100 km/klst. Jóhannes kveðst hafa verið aftur í lögreglubifreiðinni. Hann segir, að Hlynur Þór hafi haft við orð, að hraðinn hafi náð 120 km/klst, en það kveðst Jóhannes ekki hafa séð sjálfur.

Ákærði neitar því, að hann hafi brotið biðskyldu á mótum

Njálsgötu og Vitastígs. Hann tekur fram, að hann hafi stöðvað vegna umferðar bæði á Rauðarárstíg og Háteigsvegi.

Ákærði hefur tekið fram, að hann hafi ekki ekið af Njálsgötu inn á Snorrabraut, heldur beygt af Njálsgötu inn á Barónsstíg, síðan ekið niður Bergþórugötu og inn á Snorrabraut. Þetta kveða Hlynur Þór og Hans ekki rétt, heldur hafi ákærði beygt af Njálsgötu suður Snorrabraut.

Vitnið Hlynur Þór Antonsson skýrir svo frá, að daginn eftir hafi verið farið með bifreið ákærða og lögreglubifreiðina suður á flugvöll og þar hafi þær verið hraðaprófaðar á flugbraut. Hámarkshraði beggja hafi reynst 116 km/klst. Hlynur segir, að brautin hafi þá verið blaut og sandborin.

Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum, að ákærði hafi vísvitandi ekki sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu. Varðar það við 38. gr. umferðarlaga.

Einnig er sannað með framburði ákærða og vitna, að hann ók langt yfir lögleyfðan hámarkshraða. Sjálfur kannast hann við 80 km/klst hraða í Bólstaðarhlíð, þar sem hámarkshraði er 45 km/klst, og af vitnaframburðum þykir sannað, að hraðinn hafi þar verið talsvert meiri, eða um 100 km/klst. Ekki er þó sannað, að hraðinn hafi verið svo mikill sem í ákæru er talið (120 km/klst).

Ákærði hefur samkvæmt þessu brotið gegn 50. gr. umferðarlaga. Hann hefur einnig bersýnilega ekið mjög ógætilega miðað við aðstæður, meðan á eftirförinni stóð. Eru þá hafðar í huga aðstæður á leið þeirri, sem ekin var, en hún liggur um íbúðarhverfi og yfir mörg gatnamót. Þykir ákærði þannig einnig hafa gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 37. gr. og 1.—3. mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Dómurinn telur brot ákærða mjög stórfelld og að hann hafi með akstri sínum stofnað umferðaröryggi í verulega hættu.

Ákærði hefur skv. sakavottorði á árabilinu 1962—1967 sjö sinnum sæst á sektargreiðslu fyrir umferðarbrot, en ekki verið kærður fyrir lögbrot síðan. Rannsóknargögnum málsins fylgir ljósrit úr ökuferilsskrá lögreglu, er telur ýmsar umferðarávirðingar ákærða á tímabilinu 1962—1978, en ekki þykir skjal þetta verða virt sem sönnunargagn í máli þessu.

Refsing ákærða þykir skv. 80. gr. umferðarlaga og samkvæmt áðurgreindum röksemdum hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald fyrir sektina, ef hún

verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá þykir skv. 81. gr. umferðarlaga verða að svipta ákærða ökuleyfi sínu 2 ár frá 11. desember 1978 að telja, en þann dag var hann sviptur leyfinu til bráðabirgða. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði verður dæmdur til þess að greiða sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Pétursson, greiði 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er frá 11. des. 1978 að telja sviptur ökuleyfi 2 ár. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur, svo og annan kostnað sakarinnar.

Þriðjudaginn 4. nóvember 1980.

Nr. 141/1979. **Leifur Sveinsson**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
og gagnsök
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Lögtak. Skattamál. Skyldusparnaður. Afturvirkni laga. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson og Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari.

Valtýr Guðmundsson, settur borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 31. júlí 1979. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framgang hins umbeðna lögtaks. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 8. ágúst 1979. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er í fyrsta lagi krafist lögtaks til tryggingar skyldusparnaði, sem lagður var á aðaláfrýjanda 1978 samkvæmt heimild í 1.—4. gr. laga nr. 77/1977, að fjárhæð 694.000 krónur. Þá er í öðru lagi krafist lögtaks til tryggingar eignarskattsauka, sérstökum tekjuskatti og sérstökum atvinnurekstrarskatti, sem lagður var á aðaláfrýjanda 1978 samkvæmt heimild í IV. kafla bráðabirgðalaga nr. 96/1978, sbr. IV. kafla laga nr. 121/1978, samtals að fjárhæð 692.372 krónur. Verður fjallað um hvorn þátt fyrir sig.

I.

Aðaláfrýjandi byggir kröfur sínar að því er þennan þátt varðar á því, að innheimta skyldusparnaðar samkvæmt lögum nr. 77/1977 sé ólögleg. Ákvæði laganna, er hér skiptir máli, brjóti í bága við ákvæði og meginreglur 40., 41., 42. gr. og 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Þá sé með skattheimtu þessari brotið gegn því réttaröryggi, sem borgurum ríkisins beri að njóta.

Skyldusparnaður sá, sem hér er um fjallað, var reiknaður sem hundraðshluti af skattgjaldstekjum manna árið 1977. Hann skal bundinn á reikningi hjá ríkissjóði til 1. febrúar 1984 án vaxta, en verðbætast í hlutfalli við hækkanir þær, sem verða kunna á vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. 2. gr. laganna. Skyldusparnaðurinn var ekki frádráttarbær til tekjuskatts, en með höfuðstól og verðbætur skal fara, að því er skatta varðaði, á sama hátt og sparifé. Þessari aðferð um fjárheimtu til hins opinbera hefur nokkuð verið beitt, sbr.

VII. kafla laga nr. 11/1975, III. kafla laga nr. 20/1976 og IV. kafla laga nr. 3/1978.

Lög nr. 77 31. desember 1977 eru sett á stjórnskipulegan hátt. Þau voru birt þann dag, er þau voru sett. Ekki verður á það fallist, að þau brjóti á nokkurn hátt gegn meginreglum eða ákvæðum 40., 41. og 42. gr. eða 77. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Ekki verður heldur á það fallist, að þau skerði eign manna á þann hátt, að varði við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Fjárhæð skyldusparnaðar þessa er miðuð við skattgjaldstekjur og byggist því á fjárhagslegum álagningargrundvelli. Lög þau, sem gjaldheimta þessi byggist á, voru að vísu sett síðasta dag ársins 1977. Framtal tekna ársins 1977 fór eigi fram lögum samkvæmt fyrr en á fyrri hluta ársins 1978, og álagning skatta á þær tekjur fór eigi fram fyrr en á miðju því ári. Með hliðsjón af langri venju um setningu skattalaga hér á landi verður það eigi talið skerða svo mjög réttaröryggi manna, að ógildi álagningarinnar varði, þótt ákvæði um skyldusparnað þennan hafi verið sett, þegar allra tekna ársins 1977 hafði raunverulega verið aflað.

Samkvæmt þessu verða fyrrgreindar málsástæður áfrýjanda ekki til greina teknar. Þar sem gjald það, sem hér er um fjallað, nýtur lögtaksréttar samkvæmt 1. tl. 1. gr. laga nr. 29/1884, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að því er þennan þátt varðar.

II.

Kröfur sínar í þessum þætti málsins byggir aðaláfrýjandi einnig á því, að skattheimta þessi sé ólögleg. Þau ákvæði laga, sem hún byggist á, brjóti í bága við ákvæði og meginreglur 40., 41., 42. gr. og 67. gr. stjórnarskrárinnar. Með lögum þessum sé brotið gegn réttaröryggi borgaranna. Þá hafi skattskrá ársins 1978 verið lögð fram, áður en lög þessi voru sett, og menn því mátt treysta því, að um frekari skattlagningu yrði ekki að ræða á því ári, að minnsta kosti skatta lagða á tekjur ársins 1977 og eign í lok þess árs. Þá hefur

aðaláfrýjandi talið, að álagningaraðferð sú, sem beitt var við álagningu skatts þessa, eigi ekki stoð í lögum.

Bráðabirgðalög nr. 96/1978 voru sett 8. september það ár og birt sama dag. Bráðabirgðalögin voru lögð fyrir Alþingi og samþykkt þar með nokkrum breytingum. Voru þau síðan gefin út sem lög nr. 121/1978.

Eignarskattsauki sá, sem á var lagður samkvæmt 8. gr. laga nr. 96/1978, er ákveðinn sem hundraðshluti af eignarskatti manna álögðum á árinu 1978 og miðast við skattskylda eign gjaldþegns 31. desember 1977. Tekjuskattur sá, sem á var lagður samkvæmt 9. gr. laga þessara, er ákveðinn sem hundraðshluti af skattgjaldstekjum ársins 1977. Hinn sérstaki tekjuskattur á atvinnurekstur samkvæmt 10. gr. laganna var ákveðinn hundraðshluti af tekjum þeirra, sem atvinnurekstur stunduðu eða sjálfstæða starfsemi á árinu 1977, ákvörðuðum á þann hátt, sem í greininni segir.

Bráðabirgðalög nr. 96/1978 eru sett á stjórnskipulegan hátt. Ekki verður talið, að þau ákvæði laganna, sem hér koma til álita og lýst er hér að framan, brjóti gegn ákvæðum 40., 41. og 42. gr. eða 77. gr. stjórnarskrárinnar. Þá skerða þau eigi svo eign manns, að þau verði talin brjóta í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og áður greinir, miðast skattheimta þessi við tekjur manna á árinu 1977 og eignir í lok þess árs. Þegar lög þessi voru sett, var lokið hinni almennu álagningu tekjuskatts og eignarskatts samkvæmt lögum nr. 68/1971 og síðari breytingum á þeim lögum, en skattskrá í Reykjavík 1978 var lögð fram 27. júlí 1978 og skattþegnum sendar skattkröfur um sama leyti. Í íslenskum stjórnskipunarlögum eru ekki ákvæði, sem beint banna afturvirkni laga. Það leiðir af eðli máls, að lög hljóta oft að vera afturvirk, og könnun á íslenskum skattalögum sýnir, að allalgengt er, að skattalög séu afturvirk. Leiðir þetta að nokkru af þeirri skipan mála hér á landi, að skattar eru greiddir eftir á, miðað við tekjur ársins á undan og eign í lok þess árs. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að þau ákvæði bráðabirgðalaga nr. 96/1978, sbr. lög nr. 121/1978, sem hér er um fjallað, séu ógild af þessum sökum.

Umrædd skattálagning var lögboðin, eftir að hin almenna skattskrá fyrir árið 1978 hafði verið lögð fram og gjaldþegnum sendar skattkröfur. Þótt slík vinnubrögð af löggjafarvaldsins hálfu verði að teljast mjög varhugaverð, þykir ekki alveg næg ástæða til að telja þetta varða ógildi lagaákvæða þeirra, sem hér skipta máli.

Við ákvörðun skatta áfrýjanda samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 96/1978 beitti skattstjórinn í Reykjavík aðferð þeirri, sem fram kemur í ákvæðum reglugerðar nr. 334/1978, þannig, að hann dró frá tekjum áfrýjanda af atvinnurekstri áætluð eigin laun, en bætti jafnhárri upphæð við persónulegar tekjur hans. Áfrýjandi hefur talið, að þessi aðferð hafi ekki stoð í lögum.

Þar sem reikningsaðferð þessi hafði engin áhrif á fjárhæð skatta áfrýjanda, verða andmæli gegn henni þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar, en rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Loga Einarssonar hæstaréttardómara og Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara.

Við erum sammála dómsatkvæði hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Benedikts Sigurjónssonar að því er skyldusparnað varðar, I í greindu dómsatkvæði.

Í dómsatkvæði því, er að framan getur, greinir frá setningu bráðabirgðalaga nr. 96/1978, að Alþingi hafi samþykkt þau og þau síðan verið gefin út sem lög nr. 121/1978. Í atkvæðinu greinir einnig frá, hvernig hagað var álagningu eignarskattsauka samkvæmt 8. gr. laga nr. 96/1978, sérstaks tekjuskatts samkvæmt 9. gr. og sérstaks skatts á tekjur af atvinnu-

rekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattþegna samkvæmt 10. gr. laganna.

Þegar bráðabirgðalög nr. 96/1978 voru sett, var í Reykjavík lokið álagningu skatta og annarra opinberra gjalda samkvæmt þágildandi lögum, skattskrá hafði verið lögð fram, 27. júlí 1978, og skattþegnum sendar skattkröfur (gjaldheimtuseðlar). Í framangreindum ákvæðum nefndra bráðabirgðalaga, sbr. sömu greinar laga nr. 121/1978, voru ákveðnar frekari álögur á skattþegna en lög þau heimiluðu, er eftir var farið við álagningu skatta fyrir útgáfu bráðabirgðalaganna. Nefndum greinum þeirra, 8., 9. og 10. gr., var því ætlað að hafa afturvirk áhrif.

Íslensk stjórnskipunarlög hafa ekki að geyma nein ákvæði, er berum orðum banna afturvirkni laga, en dæmi þess er að finna í almennum lögum, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í 1. málslið 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944 segir, að engan skatt megi á leggja né breyta nema með lögum. Er ákvæði þetta sett borgurum til öryggis og verndar og miðar að því, að stjórnvöld geti ekki á eindæmi sitt íþyngt þeim með skattaálögum að eigin geðþótta. Ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar bannar ekki berum orðum afturvirkni skattalaga, svo sem að framan getur, enda mjög algengt, að skattalög verki aftur fyrir sig og hafi komið þannig til framkvæmda, áður en skattskrá hefur verið kynnt og skattkröfur sendar skattþegnum. Það verður þó að telja, að ekki hafi það verið ætlun stjórnarskrárgjafans, að almenni löggjafinn, og því síður forseti lýðveldisins við útgáfu bráðabirgðalaga, gæti ákveðið ótakmarkaða afturvirkni slíkra laga. Ef slíkt væri heimilt, væri réttaröryggi skattþegna stofnað í hættu, t. d. ef menn gætu búist við því jafnvel löngu eftir öflun tekna, sem þegar hefði verið lagður skattur á og hann greiddur, að þurfa að greiða skatt af þeim af nýju. Einhver takmörk hljóta að vera við afturvirkni skattalaga, sem dómstólar verða að ákveða, hver eru. Nú eru skattar hér á landi ekki greiddir samtímis öflun tekna, heldur á næsta ári, eftir að þeirra hefur verið aflað. Koma

þá ýmis tímamörk til álita. Teljum við eðlilegast að miða við lok álagningar og tilkynningu um hana til skattþegna, en eftir það verði ekki að ræða um frekari álagningu á viðkomandi skattstofna.

Með vísun til framanritaðs teljum við, að 8., 9. og 10. gr. bráðabirgðalaga nr. 96/1978 og sömu greinar laga nr. 121/1978 hafi eigi stoð í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 samkvæmt grunnrökum hennar.

Ber að svo vöxnu máli að synja lögtaks til tryggingar greiðslu á framangreindum gjöldum, eignarskattsauka, 313.911 krónum, sérstökum tekjuskatti, 286.857 krónum, og sérstökum skatti af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattþegna, 91.604 krónum, samtals 692.372 krónum.

Eftir þessum úrslitum teljum við rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 400.000 krónur.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Benedikts Sigurjónssonar um þann þátt málsins, sem varðar álagningu gjalda samkvæmt ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 96/1978, sbr. lög nr. 121/1978, að fjárhæð samtals 692.732 krónur, II. töluliður dómsins.

Um þann þátt dómsins (I), sem varðar álagningu skyldusparnaðar samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum nr. 77/1977, er ég hins vegar ósammála meiri hluta dómenda.

Skattar eru óafturkræf framlög skattborgara til almannaþarfa. Skyldusparnaður sá, sem hér um ræðir, er afturkræfur ásamt lögákveðnum bótum til sparenda vegna verðrýrnunar peninga á lánstímabilinu. Ákvæði 1.—4. gr. laga um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum nr. 77 31. desember 1977 fjalla því ekki um skattheimtu, og geta ákvæðin því eigi verið sett í skjóli 77. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Ég tel, að löggjafinn geti þrátt fyrir ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar hlutast til um, að landsmenn leggi til hliðar af aflafé sínu eða öðrum reiðufjármunum, sem þeim áskotnast, til geymslu og ávöxtunar undir handarjaðri ríkisvaldsins, ef fullnægt er skilyrðum um raunverulega endurgreiðslu fjármuna og sparendum er skilið eftir nauðsynlegt fé til skattgreiðslna og lífeyris, þ. m. t. til nauðsynlegrar persónulegrar fjárfestingar.

Í lögum nr. 77/1977 er tekjuskattsskyldum mönnum gert að skyldu að leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði. Er þetta nefnt skyldusparnaður í lögunum. Kemur þá til álita merking orðsins skyldusparnaður. Hagfræðin skilgreinir sparnað einstaklinga sem mismun tekna og samtíma neyslu, þ. m. t. skattgreiðslur. Skyldusparnaður er sparnaður, sem komið er til leiðar með lagaskyldu eða hliðstæðri löglegri samningskvöð. Sparnaði verður því samkvæmt hagfræðilegri skilgreiningu því aðeins við komið, að um tekjur sé að ræða og að þeim eða hluta þeirra sé ráðstafað til sparnaðar, þegar þær koma til greiðslu. Tekjur, sem búið er að eyða eða búið er að spara, geta ekki verið andlag sparnaðar. Framangreind ákvæði laga nr. 77/1977 leggja mönnum þá skyldu á herðar að spara á árinu 1978 ákveðinn hundraðshluta af tekjum fyrra árs, án tillits til þess, hvort þeir hafi nokkrar tekjur á sparnaðarárinu. Útborguðum tekjum ársins 1977 er á árinu 1978 annað hvort búið að eyða eða menn hafa sparað þær og bætt þeim við eignir sínar. Lögbundin ráðstöfun þegar sparaðra tekna er því ekki sparnaður, heldur þvinguð eignatilfærsla, sem líkleg er til þess að valda þolendum tjóni vegna nauðsynjar á skyndilegum breytingum fastafjármuna í reiðufé, auk þess tjóns, sem leiðir af lögskipuðu arðleysi fjármunanna.

Slík íhlutun ríkisvalds um eignir manna utan skattlagningar og því án stoðar í 77. gr. stjórnarskrárinnar samrýmist ekki ákvæðum 67. gr. hennar.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, tel ég, að synja beri um framgang lögtaks hjá gerðarþola fyrir álögðum skyldusparnaði 1978, kr. 694.000.

Eftir þessum málsúrslitum og málsatvikum að öðru leyti tel ég rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 3. júlí 1979.

Mál þetta kom hér fyrst til kasta réttarins hinn 27. apríl sl. og tekið til úrskurðar hinn 29. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Með bréfi sínu, dags. hinn 15. nóv. 1978, tilkynnti gerðarþoli gerðarbeiðanda, að hann féllist ekki á réttmæti álagningar gjalda á sig eftir ákvæðum IV. kafla bráðabirgðalaga frá 8. sept. 1978, nr. 96, að fjárhæð kr. 692.372 og mundi halda að sér höndum um greiðslur og halda uppi vörnum, ef lögtaks yrði beiðst. Með bréfi sínu, dags. hinn 17. nóv. 1978, tilkynnti gerðarþoli síðan gerðarbeiðanda, að hann mótmælti einnig álagningu skyldusparnaðar, kr. 694.000, skv. lögum þar um frá 31. des. 1977 og mundi halda uppi vörnum í lögtaksmáli, ef til kæmi. Rekstur málsins hófst síðan hér fyrir réttinum með framlagningu greinargerðar gerðarbeiðanda og fleiri skjala hinn 27. apríl sl.

Réttarkröfur gerðarbeiðanda eru þær, að lögtak verði heimilað til tryggingar greiðslu kr. 1.386.372 ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði úr hendi gerðarþola að mati réttarins. Með samþykki umboðsmanns gerðarþola breytti gerðarbeiðandi kröfugerð sinni þannig við munnlegan flutning málsins, að dráttarvextir af lögtakskröfunni reiknuðust 4% á mánuði, talið frá 1. júní sl. til greiðsludags.

Réttarkröfur gerðarþola eru þær, að synjað verði um framgang lögtaksgerðar og honum úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

Samkvæmt skjölum málsins er aðdragandi þess í stórum dráttum sá til viðbótar því, sem að framan greinir, að með lögum frá 31. des. 1977, nr. 77, var mönnum gert skylt að leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði, þ. e. 10% af skattgjaldstekjum ársins 1977 að frádreginni fastri fjárhæð, sem er svo breytileg eftir högum manna. Samkvæmt skattframtali gerðarþola árið 1978 var síðan við reglulega álagningu skatta lagður á hann skyldusparnaður að fjárhæð kr. 694.000.

Með bráðabirgðalögum nr. 96/1978, IV. kafla, sem sett voru hinn 8. september það ár, voru lögteknir viðbótarskattar á tekjur og eign skv. skattframtali 1978. Hér er um að tefla eignar-

skattsauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri. Álagning hinna nýju skatta á gerðarþola sundurgreinist þannig:

1. Eignarskattsauki ..... kr. 313.911
2. Sérstakur tekjuskattur ..... — 286.857
3. Sérstakur skattur af atvinnurekstri ..... — 91.604

Alls kr. 692.372

Hinn 8. sept. sl. kærði gerðarþoli álagningu skyldusparnaðarins til skattstjórans í Reykjavík og ber þar fyrir sig ákvæði stjórnarskrárinnar um, að lög skuli aldrei virka aftur fyrir sig í tíma, eins og það er orðað (rskj. nr. 17).

Með bréfi hinn 2. nóv. sl. kærir gerðarþoli síðan álagningu nýju skattanna skv. IV. kafla bráðabirgðalaganna og ber þar fyrir sig meginreglu 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Með úrskurðum, dags. hinn 15. nóv. og 5. des. sl. (rskj. nr. 16 og 18), hafnar svo skattstjóri kærum gerðarþola að öllu leyti, þ. e. lætur álagninguna vera óbreytta.

Með bréfi, dags. hinn 5. des. sl., kærir gerðarþoli mál sín áfram til ríkisskattanefndar. Úrskurður hefur ekki verið felldur enn, og virðist ríkisskattstjóri hafa tekið þá afstöðu til kærumála gerðarþola, að nefndina bresti heimild til úrskurðar slíks ágreiningsefnis, og því beri að vísa málum þessum frá nefndinni. Ætlunin var að hinkra með mál þetta, þar til úrskurður ríkisskattanefndar lægi fyrir, en nú hefur komið fram bæði í málflutningi og frá formanni nefndarinnar, að hún veigri sér við því að kveða úrskurðinn upp.

Í málflutningi hefur gerðarbeiðandi lagt áherslu á það, að lögin nr. 77/1977, sem sett voru hinn 31. des. í lok tekjuársins, en áður en menn skiluðu skattframtölum sínum, hafi ekki virkað meira aftur fyrir sig en algengt sé um skattalög hér á landi. Á skyldusparnaðinn reiknist að vísu ekki vextir, en aftur á móti verðbætur skv. framfærsluvísitölu.

Ástæðan til útgáfu laganna hafi verið mjög hækkandi ríkisútgjöld. Afturvirkni laganna sé ekki meiri en algengt er með slík lög hér á landi.

Varðandi bráðabirgðalögin nr. 96, frá 8. sept. 1978, eða IV. kafla þeirra, hefur gerðarbeiðandi haldið því fram, að þau séu sett með stjórnskipulegum hætti og gild réttarheimild sem tekjuöflunarlög á fjárhagslega erfiðum tímum þjóðarbúsins. Skattar þessir séu nýir af nálinni, lagðir á eign og tekjur ársins 1977.

Um afturvirkni laganna heldur gerðarbeiðandi því fram, að það hafi lengi tíðkast í íslenskum rétti að setja íþyngjandi, afturvirk skattalög, enda væri löggjafinn illa settur, þegar nauðsyn er brýn vegna aðsteðjandi fjárhagsörðugleika, að geta ekki neytt slíkra úrræða til stjórnunar þjóðarbúinu. Samkvæmt þessu séu lögin gild réttarheimild til álagningar skatta þessara og því á engan hátt andstæð stjórnarskránni, eins og gerðarþoli haldi fast fram.

Gerðarþoli hefur hins vegar haldið því fram sem meginástæðu, að hvor tveggja hinna umdeildu laga fari út fyrir heimildir stjórnarskrárinnar, og vitnað í því sambandi til 40., 41. og 42. gr. stjórnarskrárinnar og þó einkum 67. gr. hennar. Með IV. kafla laga nr. 96/1978 sé brotið gegn réttaröryggi þegnanna með því að leggja á viðbótarskatta, þegar reglulegri skattálagningu sé lokið og skattskrá lögð fram, þegar bráðabirgðalögin séu sett. Slík viðbótarálagning skatta á sömu skattstofna hljóti að vera andstæð heimildum stjórnarskrárinnar og sé hér því um að ræða hreina eignarupptöku. Enn fremur brjóti nefndur IV. kafli gegn jafnræði skattþegnanna.

Gerðarþoli hefur sérstaklega mótmælt því sem broti á 67. gr. stjórnarskrárinnar, að ríkissjóður borgi enga vexti til skyldusparenda af fé því, sem hann varðveitir skv. fyrrgreindum lögum þar um.

Almennur lögtaksúrskurður var upp kveðinn hinn 16. ágúst sl. og hinn 1. febr. varðandi viðbótarskattana.

Ekki er deilt um hina tölulegu hlið málsins.

Um skyldusparnað gerðarþola, kr. 694.000, er það að segja, að enda þótt lögin nr. 77/1977 séu ekki sett fyrr en síðasta dag tekjuársins og virki þannig aftur fyrir sig (retro active), þá séu þau gild réttarheimild fyrir skattayfirvöld til að gera skattborgurum að leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði skv. hinum almenna mælikvarða laganna, enda þótt sparifé beri ekki vexti, heldur aðeins verðbætur eftir framfærsluvísitölu.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á þá málsástæðu gerðarþola, að hér sé um hreina eignarupptöku að ræða og því andstætt 67. gr. stjórnarskrárinnar. Heimila verður því framgang lögtaksins til tryggingar greiðslu kr. 694.000 í skyldusparnað. Til úrlausnar því, hvort sú meginmálsástæða gerðarþola fái staðist, að IV. kafli laga nr. 96/1978, sem út voru gefin hinn 8. september, sé ógildur í heild til álagningar viðbótarskatta þeirra, sem að framan eru raktir, vegna eignarréttarákvæðis 67. gr. stjórnar-

skrárinnar, ber að hafa í huga, hvernig efnahagslífi þjóðarinnar var háttað um þessar mundir og hver tilgangur lagasetningarinnar hafi verið. Í fáum orðum var ástandið slíkt, að mörg fyrirtæki í sjávarútvegi höfðu hótað að stöðva rekstur sinn og önnur þegar framkvæmt stöðvun reksturs og sagt upp starfsfólki, þannig að verulegt atvinnuleysi blasti við meðal þjóðarinnar. Tilgangur IV. kafla laganna virðist ekki vera sá að afla tekna í ríkissjóð í þrengri merkingu, heldur hinn að standa straum af auknum niðurgreiðslum vöruverðs og tekjumissi ríkissjóðs vegna niðurfellingar söluskatts af ýmsum nauðsynjavörum.

Það er ljóst, að IV. kafli umræddra laga verkar aftur fyrir sig (retro active) og er jafnframt eins og flest skattalög íþyngjandi fyrir skattborgarana. En regluleg álagning skatta hafði þegar farið fram, þegar lögin voru sett, og hinir nýju skattar lagðir á sama skattstofn.

Í stjórnarskrá lýðveldisins er engin ákvæði að finna, sem banna setningu afturvirkra og jafnframt íþyngjandi skattalaga, enda þótt ljóst sé, að á milli slíks og eignarupptöku kunni munndangshófið að vera mjótt.

Hins vegar er það svo, að löggjafinn hefur talsvert gert af því um hálfrar aldar skeið að setja afturvirk og íþyngjandi skattalög, (sjá rskj. nr. 14), eða allt frá árinu 1932. Og ef til vill má segja með sanni, að öll skattalög séu afturvirk (retrospective), þar eð þau mæli fyrir um álagningu skatta á tekjur og eign fyrirfarandi árs.

Með allt framanskráð í huga verður að telja lögin nr. 96/1978 vera sett með stjórnskipulegum hætti og þrátt fyrir íþyngjandi afturvirkni IV. kafla laganna sé hann ekki andstæður 67. gr. stjórnarskrárinnar né öðrum grundvallarreglum réttarskipunar landsins. Né verður talið, að mælikvarði þessara skattreglna sé svo vaxinn, að hann mismuni skattgreiðendum. Hitt virðist ljóst, að þeir einir, sem gjaldþolið hafa og mest bera úr býtum, geti borið umtalsverða skatta eftir þessum skattreglum.

Samkvæmt þessu verður umræddri skattlagningu ekki jafnað til eignarupptöku og kröfur gerðarþola því ekki teknar til greina.

Samkvæmt þessu ber að heimila framgang hins umbeðna lögtaks á ábyrgð gerðarbeiðanda til tryggingar greiðslu alls kr. 1.386.372.

Með allar staðreyndir og gang málsins í huga þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ályktarorð:
Hið umbeðna lögtak má fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 4. nóvember 1980.

Nr. 32/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Boga Brynjari Jónssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Hylming.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu er aðeins áfrýjað að því er varðar ákærða Boga Brynjar Jónsson.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf frá fangelsinu í Síðumúla 28 til ríkissaksóknara, dagsett 3. nóvember 1980. Þar segir svo:

„Samkvæmt símtali yðar, hr. ríkissaksóknari, sendi ég yður hér með umbeðnar upplýsingar varðandi Boga Brynjar Jónsson N.nr. 1372-7120. F. 13.03.1943.

Bogi er bókaður í skrám fangelsisins að Síðumúla 28, inn settur þ. 20.09.'78 kl. 14:00.

Látinn laus 21.09.'78 kl. 13:50.

Hann er handtekinn sama dag aftur þ. 21.09.'78 og bókaður inn kl. 18:40.

Úrskurðaður af sakadómi Reykjavíkur þ. 22.09.'78 til 04.10.'78. Gæsluvarðhald upphafið þ. 25.09.'78 og látinn laus kl. 11:55".

Svo sem bréfið ber með sér, var ákærði handtekinn tvisvar sinnum vegna máls þessa. Síðari handtakan var framkvæmd 21. september 1978, og var hann í haldi frá kl. 1745 þann dag að því er fram kemur í gögnum máls. Hann var leiddur fyrir dómara 22. september 1978, kl. 1738. Hann hafði þá tvívegis verið yfirheyrður af rannsóknarlögreglumönnum eftir síðari handtökuna, en þrívegis alls, frá því að rannsókn málsins hófst.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, hefur ákærði verið leiddur án undandráttar fyrir dómara og gæsluvarðhaldsúrskurður kveðinn upp innan frests, er getur í 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og 66. gr. laga nr. 74/1974.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 71. gr. sömu laga.

Að þessu athuguðu ber með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann að því er ákærða Boga Brynjar Jónsson varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að rannsóknarlögreglumaður yfirheyrði ákærða tvívegis í máli þessu, án þess að séð verði, að vottur hafi verið viðstaddur, svo sem boðið er í 37. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar ákærða Boga Brynjar Jónsson. Hann greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. febrúar 1979.

Ár 1979, föstudaginn 16. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörns-

syni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 43—44/1979: Ákæruvaldið gegn Boga Brynjari Jónssyni og A, sem tekið var til dóms 15. febrúar.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 25. f. m., gegn:

1. Boga Brynjari Jónssyni verkamanni, Bergstaðastræti 54, fæddum 13. mars 1943 á Akureyri,
2. A verkakonu, . . ., fæddri . . . 1954 í Reykjavík, og er sakarefni og dómkröfum þannig lýst í ákæru:

„I. Ákærðu A er gefið að sök að hafa aðfaranótt laugardagsins 16. september 1978, er hún var gestur í veitingahúsinu Glæsibæ við Álfheima í Reykjavík, stolið seðlaveski, sem einn gestanna, Magnús Jónsson, fæddur 8. desember 1905, hafði misst í gólfið, og voru í veskinu allt að 250.000 krónum.

Telst þetta athæfi ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákærða Boga Brynjari er gefið að sök að hafa þessa sömu nótt fyrir utan veitingahúsið þegið allt að 100.000 krónum af þessum feng meðákærðu A, enda þótt hann vissi, að hún hefði stolið fénu.

Telst þetta atferli ákærða varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Í málinu hefur Magnús Jónsson, Þykkvabæ 13, krafist bóta að fjárhæð 190.000 kr., og verður að líta svo á, að krafa þessi sé höfð uppi á hendur ákærðu báðum.

Aðfaranótt laugardagsins 16. sept. f. á. voru ákærðu bæði gestir á skemmtistaðnum Glæsibæ. Þar var og gestur Magnús Jónsson, Þykkvabæ 13. Hann tilkynnti rannsóknarlögreglu 19. sept., að hann hefði glatað þar veski sínu með 260—270 þúsund krónum. Veskið hefði fundist næsta dag við Umferðarmiðstöðina, en peningarnir verið horfnir úr því.

Ákærða A kannast við, að hún hafi tekið veskið að ófrjálsu. Hún hafi hrasað og þá séð veskið liggja á gólfinu, tekið það síðan og stungið undir buxnastreng sinn. Hún hafi svo sagt ákærða, Boga Brynjari, að hún væri með veski, án þess að skýra nánar, hvaðan það væri. Hann hafi sagt henni að fara út í bíl, en kunningi þeirra hafi beðið með bíl fyrir utan. Hún hafi gert þetta og þar talið peningana, er hún telur hafa numið 225—230 þúsundum króna. Síðan hafi Bogi komið út í bílinn og hún látið hann hafa um helming fjárins, eða rúm 100 þúsund. Ákærða kveðst

ekkert vita um, hvernig á því stendur, að veskið fannst við Umferðarmiðstöðina.

Ákærði Bogi Brynjar kannast við, að hann hafi veitt viðtöku peningafjárhæðinni úr hendi A úti í bifreiðinni, en hann telur sig ekki hafa haft hugmynd um, hvernig A hafði komist yfir þá, og hann mótmælir því, að hún hafi sagt við hann inni í húsinu, að hún væri með veski. Hann hafi ekkert vitað um peningana eða veskið, fyrr en hann kom út í bílinn til A.

Ákærði telur sig ekki hafa haft grun um, að peningarnir væru illa fengnir, er hann tók við þeim, en kannast við, að eftir á hafi slíkar grunsemdir gert vart við sig.

Ákærða A þykir með því að taka veskið og slá eign sinni á það hafa brotið gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

Dómurinn telur öruggt, að Bogi Brynjar hafi ekki getað velkst í vafa um það, eins og á stóð, að peningar þeir, sem A afhenti honum, hlytu að vera illa fengnir. Þykir því eiga að refsa honum samkvæmt 254. gr. alm. hegningarlaga, eins og í ákæru segir.

Ákærða A hefur tvisvar (1972 og 1973) sætt refsidómi fyrir ölvun við bifreiðarstjórn, en ekki sætt kærum fyrir lagabrot að öðru leyti. Ákærði, Bogi Brynjar, hefur hins vegar langan brotaferil að baki og hefur sætt þessum refsidómum:

1965 5/11 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað,
1966 12/5 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað,
1967 23/11 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnaðartilraun,
1968 13/12 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals,
1973 20/6 2 mánaða fangelsi fyrir hylmingu,
1973 12/11 2 mánaða fangelsi fyrir hylmingu,
1976 23/6 1 mánaðar fangelsi fyrir þjófnað.

Auk þess hefur Bogi Brynjar 22 sinnum sæst á greiðslu sekta, oftast fyrir ölvun.

Refsing hvors hinna ákærðu um sig verður ákveðin 60 daga fangelsi. Rétt þykir að fresta fullnustu refsingar ákærðu A, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærða heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Bogi Brynjar sætti gæsluvarðhaldi 22. til 25. sept. 1978 vegna rannsóknar máls þessa, og ber skv. 76. gr. alm. hegningarlaga að draga vist þessa frá refsingu hans.

Ákærðu hafa ekki gert athugasemd við fjárhæð kröfu Magnúsar Jónssonar. A hefur greitt 40 þús. kr. upp í hana. Ákærðu verða dæmd in solidum til greiðslu eftirstöðvanna, 150.000 kr.

Ákærði Bogi Brynjar verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Höskuldssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur, en annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði, Bogi Brynjar Jónsson, sæti fangelsi 60 daga. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhald hans, 3 daga.

Ákærða, A, sæti fangelsi 60 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dómsins, ef ákærða heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu greiði in solidum Magnúsi Jónssyni 150.000 kr.

Ákærði Bogi greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Höskuldssyni héraðsdómslögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Fimmtudaginn 6. nóvember 1980.

Nr. 5/1979. **Gestur Janus Ragnarsson**
gegn
bæjarfógetanum í Neskaupstað.

Mál fellt niður. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1979.

Þegar málið var tekið til munnlegs flutnings, óskuðu lögmenn aðilja þess, að það yrði fellt niður. Af hálfu áfrýjanda var krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en af hálfu stefnda var þess krafist, að málskostnaður fyrir Hæstarétti félli niður.

Samkvæmt þessu ber að fella málið niður. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 6. nóvember 1980.

Nr. 6/1979. **Trésmiðjan Hvammur s/f**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
bæjarfógetanum í Neskaupstað
(Sigurður Ólason hrl.).

Lögtaksgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Þorsteinn Skúlason, bæjarfógeti í Neskaupstað, framkvæmdi hið áfrýjaða lögtak.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1979. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði felld úr gildi og stefnda fyrir hönd ríkissjóðs dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu gerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður falli niður.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Samkvæmt skjölum málsins var gert lögtak hjá áfrýjanda 6. nóvember 1978 til tryggingar sömu kröfum og tryggja átti með hinni áfrýjuðu gerð. Fyrir gerðarþola kom þá fram

Gestur Janus Ragnarsson. Var þá m. a. bókað í fógetabókina:

„ . . . Aðspurður kveðst mætti ekki geta greitt ofangreind gjöld, en bendir á til lögtaks:

1 combineruð trésmíðavél (HOMBACK). Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í framangreindri eign . . .“

Ekkert var bókað um virðingu vélarinnar.

Framangreint lögtak stóð óhaggað 5. desember 1978, þegar hið áfrýjaða lögtak var gert, og var ekki komið fram með virðingu eða uppboði, að verðmæti þeirrar eignar áfrýjanda, sem lögtak var gert í 6. nóvember 1978, hrykki eigi til að greiða kröfuna. Mátti því ekki taka lögtakið upp að nýju og halda því áfram, eins og gert var 5. desember, sbr. 7. gr. lögtakslaga nr. 29/1885 og 51. og 52. gr. aðfararlaga nr. 19/1887. Ber því að fella hina áfrýjuðu fógetagerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, bæjarfógetinn í Neskaupstað, greiði áfrýjanda, Trésmiðjunni Hvammi s/f, 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Lögtaksgerð fógetaréttar Neskaupstaðar 5. desember 1978.

Fyrir tekið: Að framkvæma lögtak fyrir ógreiddum gjöldum, sem sundurliðast þannig:

Hvammur s/f trésmiðja, þinggjöld 1977 og 1978 kr. 9.843.724.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og gjaldseðil (fylgir í ljósriti).

Af gerðarþola hálfu mætir að tilhlutan fógeta Gestur Janus Ragnarsson.

Aðspurður kveðst mætti ekki geta greitt fyrir gerðarþola ofan-ofangreind gjöld, en bendir á til lögtaks:

1 framdrif	1 spónsamsetningarvél
1 bandsög	1 spónsög
1 brýnsluvél	1 slípivél
1 bútsög	1 límáburðarvél.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í framangreindri eign til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Neitar að skrifa undir.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1980.

Nr. 224/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Erlu Bjarnadóttur.

Kærumál. Kröfu um, að dómari víki sæti, hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. nóvember 1980, en ríkissaksóknari hefur veitt leyfi til kærunnar, svo sem áskilið er í nefndri 171. gr. greindra laga. Gögn máls bárust Hæstarétti 7. nóvember 1980. Frá ríkissaksóknara hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Svo sem í hinum kærða úrskurði greinir, krefst varnaraðili þess, að héraðsdómarinn, Hjörtur O. Aðalsteinsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, víki sæti í máli, er af hálfu ákæruvalds hefur verið höfðað gegn henni með ákæruskjali 29. janúar 1980, þar sem hún er sótt til saka fyrir brot gegn umferðarlögum.

Engin rök eru færð fyrir kæru þessari, sem er að ófyrirsynju.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:
Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 5. nóvember 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 5. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Erlu Bjarnadóttur. Af hálfu ákærðu hefur þess verið krafist, að dómarinn víki sæti í málinu, og var sú krafa tekin til dóms eða úrskurðar þann 30. október sl.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 29. janúar sl., á hendur ákærðu, Erlu Bjarnadóttur húsmóður, Mávahlíð 30 í Reykjavík, fæddri 15. mars 1925 þar í borg, „fyrir að hafa, um kl. 18.50, miðvikudaginn 7. júní 1978 ekið bifreiðinni R 832 suður Bergstaðastræti í Reykjavík án nægilegrar aðgæslu fram hjá blindhorni við Njarðargötu og án þess að gefa nægan gaum að og víkja fyrir umferð frá hægri með þeim afleiðingum, að árekstur varð með bifreið ákærðu og bifreiðinni R 4875, sem ekið var upp Njarðargötuna, ákærðu á hægri hönd.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., c og f liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Er ákærða kom fyrir dóm 28. mars sl., óskaði hún eftir því, að eiginmaður hennar, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, yrði skipaður verjandi sinn. Dómarinn tjáði ákærðu, að hann gæti ekki orðið við þeirri beiðni hennar, þar sem dómarinn hefði lagt fram kæru á hendur lögmanninum hjá Lögmannafélagi Íslands vegna ósæmilegrar framkomu hans í garð dómarans í símtali þann 27. mars sl. Taldi dómarinn því með vísan til 85. gr. laga um meðferð opinberra mála ekki unnt að skipa Hörð Ólafsson verjanda ákærðu. Ákærða skaut þessari ákvörðun til Hæstaréttar Íslands, og með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum þann 11. apríl sl., var framangreind ákvörðun dómarans úr gildi felld. Með bréfi, dagsettu 14. október sl., var Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi ákærðu og honum veittur frestur til fimmtudagsins 30. október 1980, kl. 1330, til þess að skila skriflegri vörn í málinu. Þann dag mætti ákærða og lagði fram dskj. nr. X, vörn, sem hún undirritaði sjálf. Í skjali þessu

var gerð krafa um, að dómarinn viki sæti í málinu, og jafnframt var beiðni ákærðu um skipun sérstaks verjanda afturkölluð.

Í skjalinu segir svo orðrétt:

„Dskj. nr. VIII er mótmælt sem máli þessu óviðkomandi. Ef rekja ætti sögu þess, er gagnasöfnun ábótavant. Eiginmaður minn reyndi að fá sækjanda til að falla frá kröfum sínum, sem okkur hjónum fannst smásmugulegar og ósanngjarnar eins og á stóð. Mér skilst, að eiginmaður minn kunni loks að hafa snúizt við neitun sækjanda með örvæntingarorðum í lok símtals við dómara, sem enga sök átti og tók þau óstinnt upp.

Ekki á ég þó að eiga á hættu að kunna að gjalda missættis milli þeirra um hluti, sem ekkert koma málinu við. Finnst mér því báðir óhæfir og fara bezt á því, að hvorugur hafi frekari afskipti af þessu máli."

Er dómarinn hafnaði beiðni ákærðu um, að Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður yrði skipaður verjandi hennar, vísaði hann í því sambandi til 85. gr. laga um meðferð opinberra mála, þar sem segir m. a., að ekki megi skipa þann mann verjanda, er skipun hans gerði dómara óhæfan til að fara með málið. Hæstiréttur féllst ekki á þessi rök dómarans, og verður því ekki séð, að dómarinn sé á nokkurn hátt vanhæfur til þess að fara með mál þetta. Samkvæmt þessu verður krafa ákærðu því ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Krafa ákærðu, Erlu Bjarnadóttur, um, að dómarinn víki sæti, er ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1980.

Nr. 197/1978. **Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Jóhanni Ólafssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Vátrygging. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. nóvember 1978 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt fyrir Hæstarétt til að gæta réttar síns þeim Valgeiri Hafþóri Matthíassyni, Guðmundi Andréssyni, dómsmálaráðherra vegna Bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, en engar kröfur gert á hendur þeim. Enginn þeirra hefur haft uppi kröfur fyrir Hæstarétti, en af hálfu hinna stefndu ráðherra hefur dómþing verið sótt og þeir lýst sig samþykka hinum áfrýjaða dómi.

Vátryggingarsamningi áfrýjanda og Guðmundar Jónssonar um ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar R 7784, sem gerður var 27. júlí 1975, var ætlað að gilda til næsta árlegs gjalddaga, 1. mars 1976. Áfrýjandi heldur því ekki fram, að samningurinn hafi síðar gengið úr gildi fyrir uppsögn af hendi annars hvors aðilja, en reisir kröfur sínar í málinu í einu og öllu á því, að vegna ákvæða 4. greinar hinna prentuðu

vátryggingarskilmála hafi vátryggingarsamningurinn gengið úr gildi við skráningu eigendaskipta hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins í september 1975. Beri hann samkvæmt því enga ábyrgð á tjóninu, sem bifreiðin olli hinn 18. október s. á.

Í nefndri 4. gr. segir svo:

„Vátryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar, ef hann lætur afskrá eða selur hið vátryggða ökutæki, enda gildir vátryggingin ekki fyrir nýjan eiganda, nema félagið samþykki það skriflega. Verði félagið að greiða skaðabætur vegna tjóns, sem hlotizt hefur af notkun ökutækisins, eftir að vátryggingartaki seldi það, en áður en tilkynningarskyldunni var fullnægt, áskilur félagið sér rétt til að endurkrefja bæturnar úr hendi vátryggingartaka".

Þegar framangreint ákvæði er skýrt í tengslum við 4. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. gr. reglugerðar nr. 88/1929, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 67/1932, svo sem hér ber að gera, verður ekki á það fallist, að eigendaskipti þau, sem urðu á bifreiðinni R 7784 og skráð voru hinn 4. september 1975 heimili áfrýjanda gagnvart stefnda að synja um greiðslu vátryggingarbóta samkvæmt áðurgreindum vátryggingarsamningi vegna þess tjóns, sem hlaust af notkun bifreiðarinnar hinn 18. október 1975 og mál þetta er risið af.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi lýst yfir, að hann fallist á úrlausn héraðsdómara um sök ökumanns R 7784 svo og um fjárhæð bóta og vexti. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er áfrýjanda varðar.

Þá ber og að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og er hann hæfilega ákveðinn 200.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar áfrýjanda, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f.

Áfrýjandi greiði stefnda, Jóhanni Ólafssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. mars 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 15. þ. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 15. mars 1977, af Jóhanni Ólafssyni, Björk við Freyjugötu, Sauðárkróki, gegn Valgeiri Hafþór Matthíassyni, Melhaga 5, Guðmundi Jónssyni, Hverfisgötu 35, Guðmundi Andréssyni, Freyjugötu 32, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, öllum hér í borg. Kröfur stefnanda í stefnu voru þær, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða honum viðgerðarkostnað bifreiðar sinnar, kr. 41.134, kostnað vegna afnotamissis hennar, kr. 10.000, og kostnað vegna fyrirhafnar við að innheimta kröfurnar, kr. 25.000, samtals kr. 76.134.

Stefndu Valgeir Matthíasson og Guðmundur Andrésson hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Ber því skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið á hendur þeim eftir kröfum stefnanda og málsútlistun eftir því, sem samrýmanlegt er framkomnum skjölum.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnanda með samþykki lögmanna stefndu og varastefndu þær viðbótarkröfur, að krafist er 13% ársvaxta af stefnufjárhæð frá 23. október 1975 til 21. nóvember 1977, en 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndu Guðmundur Jónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. Til vara krefjast þeir lækkunar á kröfum stefnanda.

Varastefndu, dómsmálaráðherra vegna Bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, krefjast algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins. Til vara krefjast þeir sýknu að svo stöddu og málskostnaðar að mati réttarins, en til þrautavara lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður falli niður.

Dómari leitaði árangurslaust sátta í máli þessu.

Málavextir eru þeir, að um kl. 1430 laugardaginn 18. október 1975 ók stefnandi bifreið sinni, Skoda fólksbifreið, K 1565, eftir Norðurlandsvegi frá Sauðárkróki í átt til Akureyrar og var staddur við bæinn Velli í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, er bifreið var skyndilega ekið með miklum hraða fram með vinstri hlið bifreiðar hans. Var þar komin bifreiðin R 7784, Opel Kapitän

fólksbifreið, og ók henni stefndi Valgeir Hafþór Matthíasson. Stefndi Valgeir hugðist aka fram úr bifreið stefnanda við þetta tækifæri, sem var í krappri beygju þarna á veginum, enda taldi hann sig hafa verið búinn að aka á eftir bifreið stefnanda um kílómetravegalengd og gefið ljós- og hljóðmerki til þess að komast fram úr henni. Sá hann þarna möguleika á að komast fram úr og reyndi það, en ekki tókst betur til en svo, að bifreið hans straukst við vinstri hlið bifreiðar stefnanda, og stefndi Valgeir missti það vald á bifreið sinni, sem hann hafði, þannig að bifreiðin snerist á veginum og lenti út af honum hægra megin. Stefndi Valgeir gaf engin merki, í því er hann reyndi að aka fram úr bifreið stefnanda. Hann hafði, áður en hann lagði af stað til Akureyrar frá hótelinu á Blönduósi, neytt lítils háttar áfengis og fann til áhrifa þess. Hann hafði með sér slatta af blönduðum Genever í gosdrykkjarflösku og neytti hans á leiðinni við aksturinn. Hann reyndist við rannsókn hafa 2.71‰ af alkóhóli í blóðinu. Skemmdir á bifreið stefnanda urðu á allri vinstri hliðinni, og var viðgerðarkostnaður kr. 41.134. Stefnandi sneri sér til stefnda Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, sem gefið hafði verið upp sem vátryggjandi bifreiðarinnar, sem stefndi Valgeir ók, og fór fram á greiðslu tjónsins. Bifreiðadeild stefnda Sjóvátryggingarfélagsins skrifaði bréf, dags. 5. janúar 1976, og sagði, að skráður eigandi bifreiðar þessarar, Guðmundur Andrésson, Freyjugötu 32, hefði ekki vátryggt bifreiðina hjá félaginu og af þeim sökum gæti félagið ekki svarað bótakröfum. Félagið ítrekaði þessa afstöðu í bréfi til lögmanns stefnanda, dags. 18. maí 1976, og höfðaði stefnandi mál þetta.

Stefnandi byggir mál sitt á því, að upplýst sé og óumdeilt, að stefndi Valgeir hafi átt alla sök á árekstri bifreiðanna og beri hann og stefndi Guðmundur Andrésson, skráður eigandi bifreiðarinnar, þegar tjónið varð, skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda skv. 69. gr., sbr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Stefndi Guðmundur Jónsson hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar til 4. september 1975, en þá hafi bifreiðin verið skráð á nafn stefnda Guðmundar Andréssonar. Við það tækifæri hafi stefndi Sjóvátryggingarfélagið verið skráður sem vátryggjandi bifreiðarinnar, enda hafi félagið verið vátryggjandi bifreiðarinnar, þegar hún hafi verið skráð á nafn Guðmundar Jónssonar. Félagið hafi því haldið áfram að vera vátryggjandi bifreiðarinnar, eftir að Guðmundur Andrésson hafi eignast hana, og geti þeir því ekki neitað að greiða bótakröfuna. Þarna sé um skyldutryggingu að ræða

skv. 70. gr. umferðarlaga og hafi stefndi Guðmundur Jónsson átt að sjá um, að bifreiðin væri áfram í löglegri skyldutryggingu við eigendaskiptin 4. september 1975. Þessari skyldu virðist stefndi Guðmundur Jónsson hafa brugðist og því sé honum stefnt með í máli þessu. Þar sem um skyldutryggingu sé að ræða, verði og að leggja þá sönnunarskyldu á stefnda Sjóvátryggingarfélagið að sanna, að annað tryggingarfélag hafi verið tryggjandi bifreiðarinnar R 7784, þegar slysið varð. Þetta hafi félagið ekki sannað og beri það hallann af því. Einnig sé ljóst, að trygging sú, sem var á bifreiðinni 4. september 1975, hafi ekki fallið niður við eigendaskiptin, sem þá urðu. Slíkar tryggingar séu óuppsegjanlegar á tryggingarárinu og geti ekki fallið niður við eigendaskipti.

Stefnandi beinir varakröfum sínum að dómsmálaráðherra sem yfirmanni Bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Skylda Bifreiðaeftirlits ríkisins sé að sjá um, að bifreiðar séu ekki í umferð, án þess að þær séu í löglegri tryggingu. Verði niðurstaða dómsins, að bifreiðin R 7784 hafi ekki verið í lögboðinni skyldutryggingu, þegar tjónatburðurinn gerðist, þá séu það mistök Bifreiðaeftirlitsins, að svo hafi verið, og beri það ábyrgð gagnvart stefnanda vegna tjóns þess, sem hann varð fyrir.

Stefndu Guðmundur Jónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að upplýst sé og óumdeilt, að stefndi Guðmundur hafi átt bifreiðina og tryggt hana lögboðinni skyldutryggingu hjá stefnda Sjóvátryggingarfélaginu þar til 4. september 1975. Þann dag hafi bifreiðin verið umskráð hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins og skráð á nafn stefnda Guðmundar Andréssonar. Réttarstaða stefnda Guðmundar Jónssonar sé því sú, að hann komi hvergi nálægt tjóni, sem varð á bifreið stefnanda vegna bifreiðarinnar R 7784 hinn 18. október 1975. Réttarstaða tryggingarfélagsins sé afleidd af réttarstöðu stefnda Guðmundar Jónssonar og sé því heldur engin í máli þessu. Ljóst sé, að hinn nýi eigandi bifreiðarinnar 4. september 1975, stefndi Guðmundur Andrésson, hafi ekki getað gefið Sjóvátryggingarfélagið upp sem tryggjanda bifreiðarinnar án þess að tala fyrst við félagið, en það hafi hann aldrei gert. Ekki geti samningur þeirra Guðmundar Jónssonar og Guðmundar Andréssonar heldur bundið félagið. Guðmundur Jónsson hafi keypt ábyrgðartryggingu hjá félaginu 27. júlí 1975, daginn áður en hún var skráð á nafn hans. Þessi vátrygging hafi fallið úr gildi, þegar bifreið-

in var skráð á nafn annars manns 4. september 1975. Guðmundur Andrésson hafi ekki tryggt bifreiðina hjá félaginu og óvíst sé í máli þessu, hvort eða hvar hann hafi vátryggt bifreiðina. Félagið geti ekki borið ábyrgð á bifreiðinni, eftir að hún var skráð á nafn Guðmundar Andréssonar. Hins vegar sé ljóst, að starfsmönnum Bifreiðaeftirlitsins hafi borið að ganga úr skugga um, að bifreiðin væri vátryggð, þegar umskráningin fór fram 4. september 1975. Þetta hafi ekki verið gert og beri ríkissjóður því ábyrgð á slíkri vanrækslu.

Varastefndu byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að bótaskylda aðalstefndu í máli þessu sé ótvíræð. Þegar af þeirri ástæðu komi ekki til þess, að varastefndu verði dæmdir bótaskyldir. Ljóst sé, að ökumaður bifreiðarinnar, stefndi Valgeir, og skráður eigandi hennar, stefndi Guðmundur Andrésson, beri ábyrgð á tjóninu. Hið sama gildi um stefnda Sjóvátryggingarfélagið, tryggingarfélag bifreiðarinnar, sem skv. óuppsögðum tryggingarsamningi hafi tekið að sér að ábyrgðartryggja bifreiðina á þeim tíma, er tjónið varð. Varðandi bótaskyldu tryggingarfélagsins í máli þessu bendi varastefndu á, að það sé misskilningur, sem haldið sé fram af lögmanni stefnda Sjóvátryggingarfélagsins, að vátrygging bifreiðarinnar hafi fallið úr gildi við eigendaskiptin 4. september 1975. Tryggingarsamningurinn geti ekki fallið sjálfkrafa úr gildi við eigendaskipti, heldur veiti eigendaskiptin félaginu heimild til þess að segja samningnum upp, og ekkert í máli þessu bendi til, að félagið hafi notað slíka heimild, og því sé ekki haldið fram af félagsins hálfu. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 88/1929 með síðari breytingum komi fram, að félagið geti ekki sagt upp tryggingunni með minna en 14 daga fyrirvara. Í hinum almennu skilmálum fyrir tryggingu þessa, sem lagðir hafa verið fram af hálfu félagsins í máli þessu, komi fram í 11. gr., að vátryggingin sé óuppsegjanleg að undanskildu því, sem segi í 5. og 10. gr., nema með minnst 3 mánaða fyrirvara miðað við hinn árlega gjalddaga. Í 5. gr. skilmálanna sé gert ráð fyrir, að vátryggingunni verði slitið vegna afskráningar á ökutækinu og vegna sölu á því. Í 4. gr. skilmálanna segi, að vátryggingartaka beri að tilkynna félaginu án tafar, ef hann lætur afskrá eða selur bifreiðina, enda gildi vátryggingin ekki fyrir nýjan eiganda, nema félagið samþykki það skriflega. Síðan segi beinlínis, að verði félagið að greiða skaðabætur vegna tjóns, sem hlotist hafi af notkun ökutækisins, eftir að vátryggingartaki seldi það, en áður en tilkynningarskyldunni var fullnægt, áskilji félag-

ið sér rétt til að endurkrefja bæturnar úr hendi vátryggingartaka. Ljóst sé því, að tryggingin hafi alls ekki fallið niður við eigendaskiptin 4. september samkvæmt lögum, reglugerð og samningi hins stefnda tryggingarfélags sjálfs. Rétt sé og að hafa í huga, að skv. 1. gr. reglugerðarinnar nr. 88/1929 heimili vanræksla bifreiðareiganda á skuldbindingum gagnvart félaginu því á engan hátt að neita greiðslu til þess, sem á rétt á skaðabótum. Þótt iðgjald hafi ekki verið greitt félaginu fyrir vátrygginguna eða hafi ekki verið í skilum, þegar tjónið varð 18. október 1975, verði félagið að uppfylla skyldu sína gagnvart þriðja manni, stefnanda í máli þessu. Ekkert sé fram komið í máli þessu, sem undanþiggi félagið ábyrgð sinni gagnvart stefnanda fyrir kröfum, sem stofnast gátu á hendur eiganda eða ökumanni vegna notkunar bifreiðarinnar, og hafi neitun þeirra á greiðslu til stefnanda því verið án allrar lagastoðar.

Varastefndu benda í öðru lagi á, að jafnvel þótt ekki verði fallist á þessar röksemdir, þá beri að sýkna varastefndu vegna þess, að hjá þeim verði ekki fundin nein sök í málinu. Engin skylda hvíli á Bifreiðaeftirliti ríkisins að fylgjast með því, að ekki sé öðrum bifreiðum ekið en þeim, sem hafi tryggingar í fullkomnu lagi. Engin skylda hvíli á Bifreiðaeftirlitinu að tilkynna viðkomandi tryggingarfélagi eigendaskipti. Krafist sé yfirlýsingar bæði fyrri eiganda og nýja eigandans um, að um áframhaldandi tryggingu sé að ræða. Upplýst sé í máli þessu, að slíkri yfirlýsingu, undirritaðri af fyrri eiganda, stefnda Guðmundi Jónssyni, og viðtakandanum, stefnda Guðmundi Andréssyni, hafi verið framvísað við eigendaskiptin, eins og lögmaður stefnda Guðmundar hafi sýnt fram á með skjali hér í málinu.

Til vara krefjast varastefndu sýknu að svo stöddu og benda á, að jafnvel þótt skaðabótaskylda ríkissjóðs væri talin vera fyrir hendi, þá geti hún ekki náð lengra en til vara á þann hátt, að stefnandi verði fyrst að sannreyna, að enginn aðalstefndu sé fær um að greiða skaðabæturnar, áður en til greiðsluskyldu ríkissjóðs geti komið.

Niðurstaða.

Upplýst er, að ökumaður bifreiðarinnar R 7784, stefndi Valgeir, hafi valdið tjóni með stórhættulegum akstri bifreiðarinnar á bifreið stefnanda og að stefnandi, sem ók sinni bifreið, hafi enga sök átt á því, að tjónið varð. Bera því stefndi Valgeir og skráður eigandi bifreiðarinnar, stefndi Guðmundur Andrésson, fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann varð fyrir.

Kröfur stefnanda á hendur þeim eru hóflegar og verða teknar til greina að fullu.

Stefndi Guðmundur Jónsson var ekki skráður eigandi bifreiðarinnar, þegar tjónsatburðurinn gerðist. Stefnandi hefur á engan hátt sýnt fram á, að hann beri fébótaábyrgð gagnvart honum fyrir tjóni því, er hann varð fyrir, og ber því að taka sýknukröfu hans til greina.

Stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f heldur því fram, að vátryggingarsamningur sá, sem stefndi Guðmundur Jónsson gerði við félagið um hina lögboðnu ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar 27. júlí 1975, hafi fallið úr gildi, er bifreiðin var skráð á nafn stefnda Guðmundar Andréssonar 4. september s. á. Ekkert í máli þessu rennir stoðum undir þessa fullyrðingu. Lagðir hafa verið fram skilmálar þeir, er giltu í vátryggingarsamningi þeim, er stefndi Guðmundur Jónsson gerði við hið stefnda félag. 11. gr. samningsins fjallar um uppsögn hans og vísar í 5. og 10. gr. hans. 5. gr. samningsins fjallar um endurgreiðslu á iðgjaldi, þegar vátryggingu lýkur eða þegar ökutæki er ekki notað, og er nánar fjallað um slit á vátryggingunni í þessari grein. Hvergi er í skilmálum þessum fjallað um, að vátryggingin falli úr gildi á annan hátt en við uppsögn. Skýra verður því 5. gr. samningsins þannig, að eigendaskiptin hafi veitt félaginu heimild til þess að segja upp vátryggingarsamningnum. Ekkert hefur komið fram um, að félagið hafi neytt þessarar uppsagnarheimildar, enda virðist af hálfu félagsins byggt á því, að stefndi Guðmundur Jónsson hafi ekki tilkynnt félaginu söluna á bifreiðinni. Ekki er heldur fram komið, að stefndi Guðmundur hafi sagt upp vátryggingarsamningnum, og var hið stefnda félag því vátryggjandi bifreiðarinnar, þegar tjónsatburðurinn gerðist. Félaginu bar því að greiða stefnanda bótakröfu hans, þegar þess var krafist, og verður því gert að greiða tjónbætur með dómi þessum ásamt meðstefndu Valgeiri Hafþór Matthíassyni og Guðmundi Andréssyni.

Reikningur stefnanda yfir viðgerðarkostnað bifreiðarinnar, kr. 41.134, hefur ekki sætt andmælum tölulega, og verður hann því tekinn til greina. Krafa stefnanda um kr. 10.000 fyrir afnotamissi bifreiðarinnar þykir ekki of há og verður einnig tekin til greina. Hins vegar er krafa stefnanda um kr. 25.000 „vegna kostnaðar og fyrirhafnar“ ekki studd slíkum gögnum, að hún verði gegn andmælum hins stefnda félags tekin til greina öðruvísi en sem hluti málskostnaðar.

Eftir þessum úrslitum verður hinu stefnda félagi einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 55.000. Rétt er, að stefndi Guðmundur Jónsson beri sjálfur sinn kostnað.

Krafa stefnanda á hendur varastefndu dómsmálaráðherra vegna Bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verður að teljast skilyrt að því leyti, að hún komi þá fyrst til álita, nái kröfur á hendur aðalstefndu ekki fram að ganga. Samkvæmt málsúrslitum kemur krafa stefnanda á hendur varastefndu ekki til álita í máli þessu, en rétt er, að varastefndu beri sinn kostnað af málinu.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi Guðmundur Jónsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóhanns Ólafssonar, í máli þessu, en beri sinn kostnað af málinu.

Stefndu Valgeir Hafþór Matthíasson, Guðmundur Andrésson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f greiði in solidum stefnanda, Jóhanni Ólafssyni, kr. 51.134.

Stefndu Valgeir Hafþór Matthíasson og Guðmundur Andrésson greiði in solidum stefnanda, Jóhanni Ólafssyni, kr. 25.000.

Stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f greiði stefnanda, Jóhanni Ólafssyni, 13% ársvexti af kr. 51.134 frá 23. október 1975 til 21. febrúar 1977, en 16% ársvexti af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvexti af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 55.000 í málskostnað.

Greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Varastefndu, dómsmálaráðherra vegna Bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, beri sinn kostnað af málinu.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1980.

Nr. 66/1978. **Félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
hreppsnefnd Fellahrepps f. h. hreppsins
(Þórólfur Kristján Beck hdl.)
gegn
Halldóri Vilhjálmssyni
(Jón Gunnar Zoëga hdl.).

Stjórnsýsla. Ógild stjórnarathöfn. Framkvæmd eignarnáms.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. apríl 1978. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda í málinu svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hreppsnefnd Fellahrepps f. h. hreppsins, hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. apríl 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi allra áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Af þeim verður séð, að Fellahreppur hefur tekið á leigu undir byggingar allmikla landspildu úr landi Ekkjufellssels við Lagarfljótsbrú að norðanverðu hjá landi stefnda, eftir að réttarþræta þessi hófst. Þá kemur það og fram í bréfi frá sveitarstjóra Fellahrepps til lögmanns síns, dags. 10. október 1980, að þegar hafa verið reist hús á 11 af þeim lóðum úr landi stefnda, sem matsnefnd eignarnámsbóta veitti hreppnum umráð yfir hinn 26. maí 1975 með skírskotun til heimildar í 14. gr. laga nr. 11/1973.

Það skal tekið fram, að skipulagsskylda sú, sem félagsmálaráðuneyti ákvað með auglýsingu nr. 77 18. apríl 1963 samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55/1921, sbr. lög nr. 64/1938, tók til „byggðar við Lagarfljótsbrú vestanverða", að því er í auglýsingunni segir, en ekki til alls Fellahrepps, eins og talið er í hinum áfrýjaða dómi. Enn fremur að ráða má af gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, að skipulagsstjórn ríkisins hafi sent Fellahreppi hinn 1. júlí 1970 tillögu að skipulagi byggðar við Lagarfljótsbrú (Hlaða) og hafi sú tillaga hlotið samþykki hreppsnefndar og byggingarnefndar „í megindráttum" hinn 15. nóvember 1971.

Hreppsnefnd Fellahrepps lagði beiðni sína um samþykki félagsmálaráðuneytis samkvæmt 27. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 til eignarnáms á landi stefnda við Lagarfljótsbrú fyrir ráðuneytið, án þess að hún hefði áður gert stefnda nokkra grein fyrir því, að hún hygðist leita heimildar til eignarnáms á landi hans, eftir að hann hafði lýst því í bréfi til nefndarinnar 14. febrúar 1972, að hann væri ekki að svo stöddu reiðubúinn til að selja hreppnum landið allt eða hluta þess. Skipulagsstjórn ríkisins, sem fjallaði um erindi hreppsnefndarinnar að tilhlutan ráðuneytisins, svo sem lögskylt var samkvæmt nefndri 27. gr., veitti stefnda þess ekki kost að gera grein fyrir viðhorfi sínu til beiðnarinnar, áður en skipulagsstjórnin lýsti sig meðmælta henni í svari sínu til ráðuneytisins. Samkvæmt þessu og þar sem erindi hreppsnefndar varðaði stefnda miklu fjárhagslega, verður að telja, að félagsmálaráðuneytinu hafi borið að veita stefnda færi á að skýra viðhorf sitt til málaleitunar hreppsnefndar, áður en það réð málefninu til lykta, enda þó að þetta sé ekki sérstaklega boðið í nefndri 27. gr.

Ráðuneytið gætti ekki framangreindrar skyldu sinnar til að kanna viðhorf stefnda. Það verður engan veginn talið útilokað, að niðurstaða þess hefði orðið önnur, ef stefndi hefði fengið færi á að tala máli sínu. Á þetta sérstaklega við um það, hversu víðtækt eignarnámið mátti vera, en af málflutningi fyrir Hæstarétti mátti ráða, að nokkur óvissa væri um það, hvort eignarnáminu væri ætlað að ná til alls þess

lands, sem stefndi hafði eignast úr landi Ekkjufellssels.

Þegar allt það er virt, sem að framan greinir, verður ekki hjá því komist að meta ógilt samþykki félagsmálaráðuneytisins til eignarnámsins svo og ákvarðanir matsnefndar eignarnámsbóta, þar sem þær styðjast ekki við gilda eignarnámsheimild.

Eftir þessum úrslitum ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 600.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að ekki var ástæða til að beina málssókn þessari að fjármálaráðherra, enda varðaði hún ekki málefni, sem til þess ráðherra eru lögð samkvæmt 5. gr. auglýsingar nr. 96/1969, sbr. lög nr. 73/1969, heldur meðferð félagsmálaráðherra á lögleyfðu valdi sínu svo og gerðir hreppsnefndar Fellahrepps og matsnefndar eignarnámsbóta.

Dómsorð:

Samþykki félagsmálaráðuneytisins 13. febrúar 1973 við eignarnámi á „landspildu við norðurenda Lagarfljótsbrúar að stærð um 22 ha“ er ógilt svo og ákvarðandi matsnefndar eignarnámsbóta á grundvelli þess samþykkis.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Áfrýjendur, ríkissjóður og Fellahreppur, greiði stefnda, Halldóri Vilhjálmssyni, 600.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. febrúar 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 7. febrúar sl., hefur Halldór Vilhjálmsson menntaskólakennari, Lagarfelli, Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. nóvember og 25. nóvember 1975, á hendur hreppsnefnd Fellahrepps f. h. Fellahrepps, Norður-Múlasýslu, og félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Af hálfu stefndu er sótt þing.

Við þingfestingu var lögð fram yfirlýsing aðilja málsins um,

að þeir væru sammála því að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu og að málið skyldi rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

„1) Viðurkennt verði með dómi, að ógild sé heimild félagsmálaráðuneytisins til Fellahrepps til þess að taka eignarnámi landareign stefnanda að Lagarfelli í Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, ásamt tilheyrandi vatnsréttindum.

2) Ómerk verði dæmd meðferð matsmálsins: Fellahreppur, Norður-Múlasýslu, gegn Halldóri Vilhjálmssyni, fyrir matsnefnd eignarnámsbóta.

3) Allir stefndu, hreppsnefnd Fellahrepps f. h. Fellahrepps, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, verði dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar til stefnanda í máli þessu."

Dómkröfunni skv. 1) er beint að félagsmálaráðherra og Fellahreppi sameiginlega, en dómkröfunni nr. 2) er beint að Fellahreppi einum.

Dómkröfur stefnda Fellahrepps eru þær, að hreppurinn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefndu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefjast þeir þess, að verði svo litið á, að ákvörðun félagsmálaráðuneytisins um að samþykkja eignarnám Fellahrepps á landi stefnanda þyki of víðtæk, verði hún ekki dæmd ógild, nema að því er þau atriði varðar. Þá er sú krafa gerð, að málskostnaður verði í því tilviki niður felldur.

Sáttaumleitanir hafa farið fram fyrir dóminum án árangurs.

Aðiljar hafa lýst þeirri skoðun sinni, að vegna hér umdeildra atriða sé vettvangsskoðun óþörf.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, Halldór Vilhjálmsson, er eigandi landsins Lagarfell, Fellahreppi, Norður-Múlasýslu. Land þetta er u. þ. b. 22 ha að stærð og liggur miðsvæðis á Fljótsdalshéraði, nánar tiltekið á bökkum Lagarfljóts að norðanverðu, þar sem Lagarfljótsbrúin tengir saman Norður- og Suður-Múlasýslur. Vatnsréttindi í Lagarfljóti og Leginum fylgja landinu. Stefnandi á sjálfur hús á landinu og hefur helgað sér nokkra lóð við það. Auk þess segist hann hafa hug á að leggja hluta landsins undir atvinnurekstur. Þá hefur hann selt og leigt nokkrar lóðir undir íbúðarhús og önnur mannvirki.

Í landareign stefnanda eru krossgötur. Þar mætast Austurlandsvegur og sýsluvegurinn austur Fellahrepp og upp í Fljótsdal. Aðalflugvöllur Austurlands, Egilsstaðaflugvöllur, er í nokkur hundruð metra fjarlægð, og Egilsstaðakauptún er í u. þ. b. tveggja km fjarlægð.

Land þetta tilheyrir Fellahreppi, en Fellahreppur hefur verið lýstur skipulagsskylt svæði, sbr. auglýsingu nr. 77 18. apríl 1963. Samþykktur uppdráttur mun ekki vera til af svæðinu, en einhverjir uppdrættir, sem unnið er eftir, a. m. k. að einhverju leyti. Með bréfi, dags. 5. janúar 1972, fer hreppsnefnd Fellahrepps þess á leit við stefnanda að fá land hans keypt. Með svarbréfi, dags. 14. febrúar 1972, hafnar stefnandi þessari málaleitan, og segir í niðurlagi bréfs hans: „Mikinn hluta landareignar minnar ætla ég mér til eigin afnota. Ég er hins vegar reiðubúinn að ræða við hreppsnefnd Fellahrepps um möguleika á sölu þess hluta landsins, sem ég tel mig ekki þurfa til nota, eftir 5—6 ár. Með bréfi til félagsmálaráðuneytisins, dags. 9. apríl 1972, fór hreppsnefnd Fellahrepps þess á leit við ráðuneytið, að það heimilaði hreppsnefndinni að taka landareign stefnanda eignarnámi skv. heimild í 27. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Í bréfinu til ráðuneytisins rekur hreppsnefndin ofangreind bréfaskipti.

Í bréfi, dags. 20. október 1972, til félagsmálaráðuneytisins segir Zóphanías Pálsson skipulagsstjóri: „Með vísan til bréfs oddvita Fellahrepps, dags. 9 apríl 1972, þar sem hreppsnefnd fer þess á leit með vísan til 27. gr. laga nr. 19/1964 að fá heimild ráðherra til að taka eignarnámi landspildu við norðurenda Lagarfljótsbrúar að stærð um 22 ha, sbr. meðfylgjandi uppdrátt, skal tekið fram, að skipulagsstjórn fjallaði um erindi þetta á fundum sínum 10. júlí og aftur 16. október 1972 og lét þá bóka, að hún væri meðmælt erindinu."

Með bréfi, dags. 13. febrúar 1973, samþykkir félagsmálaráðuneytið að fenginni þessari umsögn, að hreppsnefnd Fellahrepps tæki fyrrgreinda landspildu eignarnámi, að stærð um 22 ha. Í bréfinu er vísað í uppdrátt, sem fylgt hafi umsókninni. Með bréfi 12. janúar 1974 sendir Helgi Gíslason, oddviti Fellahrepps, Agli Sigurgeirssyni, formanni matsnefndar eignarnámsbóta, bréf, þar sem hann segist senda honum ljósrit þeirra bréfa, sem gengið hafi á milli hans og félagsmálaráðuneytisins varðandi eignarnám á landi því í hreppnum, sem þéttbýli sé að rísa á. Eigandi lands þessa sé Halldór Vilhjálmsson. Segir í bréfinu, að um erindi þetta þurfi ekki að fara fleiri orðum, ljósritin skýri það best, hvað við

sé átt. Matsnefndin hefur lagt bréf þetta fram sem beiðni um mat á landinu. Er matsmálið fyrst tekið fyrir þann 18. febrúar 1974, og eru þá mættir auk formanns nefndarinnar Helgi Gíslason, oddviti Fellahrepps, og Halldór Vilhjálmsson, eigandi landsins. Þá er beiðni sú, sem hér er um getið, lögð fram og jafnframt bréfaskipti oddvita Fellahrepps og félagsmálaráðuneytisins og heimild ráðuneytisins til eignarnámsins. Jafnframt er þar lagt fram ljósrit af bréfi hreppsnefndar Fellahrepps til Halldórs Vilhjálmssonar og svarbréf hans frá 14. febrúar 1972. Matsmálið er næst tekið fyrir þann 10. júlí 1974, og er þá lagt fram af hálfu eignarnema bréf, dags. 17. apríl 1974, frá hreppsnefnd Fellahrepps til formanns nefndarinnar. Segir í bréfinu, að hreppsnefndin hafi farið fram á heimild ráðuneytisins til að taka land Halldórs Vilhjálmssonar eignarnámi á þeim forsendum, að það væri eðlileg þróun byggðamála í hreppnum, að hreppsnefndin ásamt skipulagsstjórn ríkisins geti ráðið nokkru um tilhögun framkvæmda í landinu. Þá er vísað til heimildar ráðuneytisins og að beiðni um mat á landinu liggi fyrir hjá formanni nefndarinnar ásamt fleiri gögnum. Síðan óskar hreppsnefndin eftir því, að mati verði hraðað eins og unnt er og telur það nauðsynlegt vegna framkvæmda á landinu. Um frekari rökstuðning fyrir eignarnáminu segir í bréfi þessu: „Landeigandi hefur tregðast við að virða skipulagsuppdrætti þá, er hreppsnefnd og byggingarnefnd ásamt skipulagsstjóra hafa unnið eftir við mannvirkjagerð á landinu, og í nokkrum tilfellum jafnvel neitað um lóðir, svo sem lóð fyrir iðnaðarhús á þeim stað, er uppdráttur segir til um. Nú virðist landeigandi ekki vilja selja leigulóðir nema eftir þeirri tilhögun skipulags, sem hann hefur látið gera, án þess að hafa um það nokkur samráð við skipulagsstjórn."

Þá tjáir hreppsnefndin formanni matsnefndarinnar, að þeir séu í vanda staddir með áframhaldandi mannvirkjagerð á staðnum og fari því fram á, að mati verði hraðað og jafnframt að þeir fái umráðarétt landsins, sbr. 14. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Síðan lýsir hreppsnefndin því áliti sínu, að umrætt land fari ekki fram úr kr. 3.000.000 að verðmæti. Á þessum fundi er mætt af hálfu eignarnámsþola og lögð fram greinargerð, þar sem þess er krafist, að málinu verði vísað frá matsnefndinni. Rökstuðningur fyrir þeirri kröfu er sá, 1) að af hálfu eignarnema hafi ekki verið gerð sú grein fyrir matsbeiðninni, sem fyrir sé mælt í 4. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms, 2) að ákvörðun félagsmálaráðuneytisins um heimild til

eignarnámsins sé ógild. Á fundi matsnefndar 26. maí 1975 er frávísunarkröfu eignarnámsþola hafnað. Þá samþykkir matsnefndin jafnframt með tilvísun til 14. gr. laga nr. 11/1973, að hreppsnefnd Fellahrepps fái umráð nánar tilgreindra lóða. Umboðsmaður eignarnámsþola krafðist þá tryggingar skv. 14. gr. laga nr. 11/1973, og samþykkti matsnefndin, að eignarnemi setti bankatryggingu að fjárhæð kr. 1.500.000 fyrir framkvæmd þessara úrskurða. Þetta hefur verið framkvæmt. Mat á landinu er síðan enn til meðferðar hjá matsnefnd og er ekki lokið.

Stefnandi heldur því fram, að hvorki hreppsnefnd Fellahrepps, skipulagsstjórn né félagsmálaráðuneytið hafi leitað álits hans, áður en eignarnám var heimilað. Í greinargerð fyrir matsnefnd eignarnámsbóta rekur hann þau atriði, sem hann hefði viljað koma að, hefði álits hans verið óskað. Hann kveðst enga vitneskju hafa fengið um eignarnámsheimildina fyrr en heilu ári eftir að hún var veitt, eða í febrúarmánuði 1974. Þá hafi formaður matsnefndar eignarnámsbóta tilkynnt honum framkomna eignarnámsbeiðni.

Þá heldur stefnandi því fram, að við fyrirtekt málsins 26. maí 1975 hafi matsefnið allt í einu verið fært þannig til bókar, að það sé að halda áfram eignarnámsmati á landi Halldórs Vilhjálmssonar, Hlöðum við Lagarfljótsbrú, *ásamt tilheyrandi vatnsréttindum*. Segir hann, að skrifleg beiðni í þessa átt hafi ekki legið fyrir í málinu og af orðum eignarnámsheimildar gefi ekki tilefni til slíkrar útvíkkunar matsefnisins.

Með bréfi, dags. 7. júlí 1975, beindu matsmenn eignarnámsbóta þeirri fyrirspurn til félagsmálaráðuneytisins, hvort skilja ætti eignarnámsheimild ráðuneytisins til Fellahrepps frá 13. febrúar 1973 þannig, að vatnsréttindin væru innifalin í samþykki ráðuneytisins. Í svarbréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 9. júlí 1975, segir, að eignarnámsheimildin taki til allra eignarréttinda á landspildu stefnanda, þar með talin vatnsréttindi. Stefnandi telur, að framangreind eignarnámsheimild, svo sem hún kemur fram í bréfi félagsmálaráðuneytisins til Fellahrepps, dags. 13. febrúar 1973, og skýrð í bréfi sama ráðuneytis til matsnefndar eignarnámsbóta, dags. 9. júlí 1975, sé andstæð lögum og því ógild. Enn fremur telur stefnandi, að meðferð eignarnámsmatsmálsins fyrir matsnefnd eignarnámsbóta á grundvelli framangreindrar eignarnámsheimildar sé andstæð lögum og beri því að ómerkja meðferð málsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar aðallega á því, að það sé al-

menn regla íslensks réttar, að gefa beri væntanlegum eignarnámsþola kost á að gæta réttar síns, áður en ákvörðun um eignarnám er tekin eða heimild til eignarnáms veitt. Stefnanda hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um beiðni hreppsnefndar Fellahrepps, áður en leyfið var veitt. Þá telur hann fyrirliggjandi eignarnámsheimild of víðtæka, þar sem henni virðist ætlað að taka til vatnsréttinda, einkalóðar stefnanda og annarra lóða, sem búið sé að byggaja á, seldra og leigðra, svo og lóðar, sem stefnandi hafi sérstaklega óskað að halda eftir fyrir sig.

Um dómkröfu 2) segir stefnandi, að af hálfu eignarnema hafi ekki verið gerð sú grein fyrir matsbeiðninni sem fyrir sé mælt í 4. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Eignarnáminu sé ætlað að taka til lóða, sem stefnandi hafi leigt og selt úr landi sínu, þó sé eigendum þessara lóða ekki gefinn kostur á að gæta réttar síns fyrir matsnefnd eignarnámsbóta. Greinargerð hafi ekki verið lögð fram af hálfu eignarnema fyrr en eftir að mál þetta hafi verið þingfest fyrir bæjarþinginu. Þá vanti ýmis gögn frá eignarnema. Þrátt fyrir þessa ágalla sé ekki annað sýnt en matsnefnd eignarnámsbóta ætli að framkvæma mat sitt í einu og öllu eftir kröfum eignarnema. Við meðferð málsins fyrir matsnefndinni hafi ekki verið gætt eðlilegra réttarfarsreglna.

Stefndu hafa andmælt þessum skoðunum stefnanda.

Af hálfu ríkissjóðs er þeim fullyrðingum stefnanda alfarið mótmælt, að samþykki félagsmálaráðuneytisins fyrir eignarnámi Fellahrepps á landspildu við Lagarfljót hafi á nokkurn hátt verið áfátt. Því er haldið fram, að bæði forms- og efnisskilyrða hafi verið gætt í sambandi við samþykkt ráðuneytisins á eignarnámi hreppsins.

Þá er því sérstaklega mótmælt, að nokkur skylda hvíli á ráðuneytinu að leita álits eignarnámsþola. Leitun slíks álits sé hvergi lögboðin. Á það er bent, að það sé alls ekki eignarnámsákvörðun, sem felist í samþykki félagsmálaráðuneytisins, sú ákvörðun hafi fyrst verið tekin í hreppsnefnd Fellahrepps, einhvern tíma eftir að samþykki ráðuneytisins lá fyrir. Þá er á það bent, að leitað hafi verið umsagnar skipulagsstjórnar. Skipulagsstjórn sé allajafna í nánu sambandi við báða aðilja, þ. e. væntanlegan eignarnema og eignarnámsþola, þannig að viðhorf þeirra liggi fyrir, þegar skipulagsstjórn gefi umsögn sína. Afstaða stefnanda hafi þannig legið ljós fyri, þegar ráðuneytið samþykkti eignarnámið.

Þá er því haldið fram, að þau sjónarmið, sem stefnandi rekur í greinargerð sinni fyrir matsnefnd eignarnámsbóta og segist

hafa viljað koma að, hefði álits hans verið leitað, hafi öll verið kunn, er samþykki til eignarnáms var veitt. Reyndar skipti það ekki höfuðmáli, þar sem þau atriði séu þýðingarlaus með öllu og fjarri því að vera þess eðlis, að þau hefðu í nokkru breytt um þá ákvörðun, er tekin var.

Þá er því andmælt, að ákvörðun félagsmálaráðuneytisins sé of víðtæk. Það liggi í augum uppi, að 27. gr. skipulagslaga nái engan veginn tilgangi sínum, ef ekki felist jafnframt í henni heimild til að taka eignarnámi önnur fasteignarréttindi, sem landi eru tengd. Þá er sérstaklega mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda, að óheimilt sé að taka einstakar lóðir innan landareignar eignarnámi. Á það er bent, að fyrir liggi álit skipulagsstjórnar um, að hún telji eignarnám nauðsynlegt og það mat byggist á málavöxtum í heild.

Af hálfu Fellahrepps er því mótmælt, að það eigi að valda ógildingu leyfis félagsmálaráðuneytisins, að álits væntanlegs eignarnámsþola hafi ekki verið leitað. Ekkert sé í skipulagslögum, sem skyldi ráðuneytið til að leita álits væntanlegs eignarnámsþola. Þá vill hreppsnefndin benda á, að stefnanda máls þessa hafi verið fullkunnugt um það, löngu áður en leyfið var gefið út, að hreppsnefndin hafði óskað eftir slíkri eignarnámsheimild.

Þá er á það bent, að beiðni hreppsnefndarinnar til eignarnáms sé byggð á því, að henni sé nauðsynlegt af skipulagsástæðum að láta taka landið eignarnámi til byggingar húsa á landsvæðinu, en ekki sé farið sérstaklega fram á töku vatns- eða veiðiréttinda. Ljóst sé, að ef túlka eigi 27. gr. skipulagslaga skv. skilningi stefnanda, yrði aldrei hægt að beita henni um töku lands, er lægi að vatni eða ám, hversu brýn sem þörf sveitarfélags væri af skipulagsástæðum.

Af hálfu hreppsins er síðan dómkröfu 2) og málsástæðum þeim, sem stefnandi færir fyrir henni, mótmælt sem röngum og í því sambandi vitnað til framlagðrar greinargerðar hreppsnefndarinnar fyrir matsnefndinni.

Stefnandi kom fyrir dóminn þann 3. nóvember sl., og kom þá fram, að hann hafði eignast umdeilt land í kringum 1970 við fráfall frænku sinnar og fósturmóður. Sagði hann, að á árunum þar á eftir hefði oddviti Fellahrepps komið að máli við sig og þá oftast talað í fyrstu persónu og sagt: „Ég tek landið". Hann kvaðst hafa tekið þetta sem hvert annað rabb. Formlega fái hann að vita, að hreppsnefnd hafi áhuga á landinu, með bréfi nefndarinnar 5. janúar 1972, en þar sé farið fram á, að hann láti landið

af hendi. Hann hafi svarað þessu bréfi skriflega 14. febrúar 1972. Það næsta, sem hann frétti um málið, hafi verið um það bil ári seinna, 1974. Þá hafi allt í einu komið bréf frá félagsmálaráðuneytinu um, að eignarnámsheimild hefði verið veitt Fellahreppi. Þetta hafi komið sér mjög á óvart, þar sem áður hafi engar samningaviðræður farið fram milli hans og fyrirsvarsmanna Fellahrepps og ekkert annað en áðurgreind bréfaskipti. Þá hafi honum ekkert tilboð verið gert í landið. Hann var að því spurður, hvort félagsmálaráðuneytið eða starfsmenn þess hefðu haft samband við hann út af þessu máli. Hann kvaðst ekki geta sagt það, hann hefði einu sinni leitað ráða hjá Hjálmari Vilhjálmssyni, þáverandi ráðuneytisstjóra félagsmálaráðnueytisins, og það hafi verið eina viðtalið, sem hann hafi átt við þá í ráðuneytinu.

Vegna misræmis framburðar hans fyrir réttinum og þess, sem segir í stefnu, um, hvenær hann frétti af eignarnáminu, var hann nánar spurður um, hvort rétt væri, að hann hefði fengið að vita um eignarnámsheimildina með bréfi félagsmálaráðuneytisins eða hvort það sé fyrst með bréfi Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, að hann fái um það að vita. Stefnandi sagði þá, að það hefði verið fyrst með bréfi hæstaréttarlögmannsins. Hann hafi álitið hann vera boðbera ráðuneytisins.

Helgi Gíslason, oddviti Fellahrepps, hefur einnig komið fyrir dóm. Hann var að því spurður, hvenær áhugi hreppsnefndar hefði vaknað á því að fá land stefnanda í sína eigu. Hann sagði það hafa verið um 1972, að þeim var það ljóst, að nauðsynlegt mundi reynast, að hreppurinn eignaðist landið. Hann sagði þeim hafa orðið það ljóst, þar sem nýorðinn landeigandi, Halldór Vilhjálmsson, hefði ekki samþykkt þau atriði, sem skipulag þeirra heimtaði. Þeir hafi haft skipulagsuppdrátt af svæðinu. Viðræður hafi farið fram um landið, eins og fram komi í bréfi því, sem fram hefur verið lagt, dags. 5. janúar 1972. Halldór sé þar beðinn um landið, en svar hans sé neitandi. Þá sagði oddvitinn, að fyrri eiganda hefði verið sýndur einhver skipulagsuppdráttur af svæðinu og hann hefði verið hlynntur því öllu, sem þá hafði verið gert. Þá kom það fram, að þeir hefðu einnig viljað kaupa þær lóðir, sem Halldór hefur selt, en að þeir hafi ekki sett fram ósk um það við þá, sem þær lóðir eigi nú. Þá var hann að því spurður, hvort þeir hefðu skrifað Halldóri eða öðrum eigendum, áður en þeir fóru fram á heimild til eignarnáms við félagsmálaráðuneytið. Hann svaraði því neitandi. Sagði hann, að eftir að

þeir skrifuðu félagsmálaráðuneytinu og fengu leyfi þess til að taka landið eignarnámi, hefðu þeir ekki talið sig þurfa að skipta sér meir af því. Nánar aðspurður segir hann, að þeir muni ekki hafa tilkynnt stefnanda, a. m. k. ekki skriflega, að þeir mundu leita þess að fá tekið landið eignarnámi, en honum hafi verið það vel ljóst.

Samkvæmt málflutningi aðilja hér fyrir dóminum var álits stefnanda, Halldórs Vilhjálmssonar, ekki leitað, áður en félagsmálaráðuneytið veitti Fellahreppi samþykki sitt skv. 27. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 til eignarnáms landareignar hans o. fl. að Lagarfelli, Fellahreppi.

Skipulagslög bjóða ekki sérstaklega, að álits eignarnámsþola sé leitað, áður en samþykki skv. 27. gr. laganna er veitt. Koma því hér til álita almennar reglur um rétt eignarnámsþola til að koma að sjónarmiðum sínum, áður en slíkt samþykki er veitt. Eignarréttindi eru ein þeirra réttinda, sem sérstaklega eru varin í stjórnarskrá lýðveldisins, og má af því ráða, að stjórnarskrárlöggjafinn hefur talið eignarréttindi til mikilvægustu réttinda. Breyttar þjóðfélagsaðstæður hafa valdið því, að oft þarf að ganga á þennan rétt, og mikilvægi hans hefur ef til vill rýrnað. Það þykir þó ekki breyta því, að hér sem endranær, þegar um er að ræða skerðingu réttinda, sem varin eru í stjórnarskrá, verður að velja þá lagaskýringu, sem tryggir slík réttindi best og kemur helst til móts við þann, sem verður fyrir réttindaskerðingu. Í ýmsum lögum er mælt fyrir um, að stjórnvöld skulu leita álits þolanda, áður en leyfi er veitt. Þau ákvæði, sem í hérgreindu tilviki koma helst til skoðunar, eru ákvæði 144. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sem mæla fyrir um skyldu stjórnvalda til þess að gefa eignarnámsþola í þargreindum tilvikum kost á að láta uppi álit sitt, áður en leyfi er veitt. Þessi skylda er það víðfeðm skv. vatnalögum, að orða má, að hún sé almenn regla þeirra laga. Þótt ákvæði 144. gr. vatnalaga eigi hér ekki beint við, þykir óeðlilegt að fara öðruvísi með það álitaefni, sem hér er til umfjöllunar. Að ofangreindu athuguðu þykir rétt að líta svo á, að það sé grundvallarregla íslenskra laga, að stjórnvöld skuli gefa eignarnámsþola kost á að láta uppi athugasemdir sínar, áður en leyfi er veitt, til þess að eign hans sé tekin eignarnámi. Félagsmálaráðuneytið er því ekki talið hafa beitt réttum aðferðum við samþykkt eignarnáms Fellahrepps á eign stefnanda. Af því leiðir, að samþykki ráðuneytisins er ógilt.

Ráðuneytið þykir ekki hafa sannað, að niðurstaða þess gæti

ekki hafa orðið önnur, t. d. um víðfeðmi eignarnámsins, hefði stefnanda gefist kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Kemur því ekki til álita, hvort slík sönnun hefði breytt þessari niðurstöðu. Varakrafa stefnda ríkissjóðs kemur af sömu ástæðum ekki til álita. Þegar af þessari niðurstöðu leiðir, að dæma ber ómerka meðferð matsmálsins: Fellahreppur gegn Halldóri Vilhjálmssyni fyrir matsnefnd eignarnámsbóta, þar sem hún styðst ekki, sbr. ofanskráð, við fullgilda eignarnámsheimild.

Rétt er þó að taka fram, að matsbeiðni Fellahrepps fullnægir engan veginn reglum 4. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Af því virðist m. a. hafa leitt, að ákvæðum 5. gr. sömu laga varðandi aðra eignarnámsþola en stefnanda hefur ekki verið fullnægt.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að kröfur stefnanda eru teknar til greina. Samkvæmt þeirri niðurstöðu þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 400.000 í málskostnað.

Dómarinn lætur þess getið, að eins og mál þetta er vaxið og málflutningi er háttað, telji hann ekki hafi verið þörf vettvangsgöngu. Þá telur dómarinn, að réttara hefði verið að stefna félagsmálaráðuneytinu vegna þess sjálfs, en ekki vegna ríkissjóðs. Þar sem ráðuneytinu er þó stefnt, þykir þetta hér ekki eiga að valda stefnanda óhagræði.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

1) Ógilt er samþykki félagsmálaráðuneytisins til Fellahrepps til eignarnáms landareignar stefnanda, Halldórs Vilhjálmssonar, að Lagarfelli í Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, ásamt tilheyrandi vatnsréttindum.

2) Meðferð matsmálsins: Fellahreppur, Norður-Múlasýslu, gegn Halldóri Vilhjálmssyni fyrir matsnefnd eignarnámsbóta skal ómerk.

3) Stefndu, ríkissjóður og Fellahreppur, greiði in solidum stefnanda, Halldóri Vilhjálmssyni, kr. 400.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1980.

Nr. 111/1978. **Þórður Jóhannesson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Árna Ingibjörnssyni
(Garðar Garðarsson hdl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 1. júní 1978. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður fyrir báðum dómum verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Hinn 24. október 1980 fékk áfrýjandi dómkvadda tvo menn, er segja skyldu álit sitt um þessi atriði: „1. Var venjulegt á þeim tíma, er umrætt slys bar að höndum, og talið eðlilegt og forsvaranlegt, að stýrimaðurinn einn annaðist netadráttinn og enginn sérstakur maður væri við netarúlluna miðað við þær aðstæður allar, sem lýst er í áðurnefndum skjölum, og þá tekið tillit til stærðar bátsins? 2. Hefði það, að áliti matsmanna, getað komið í veg fyrir slysið, ef sérstakur maður hefði verið við netarúlluna í umrætt sinn?“

Hinir dómkvöddu menn segja svo í álitsgerð sinni 27. október 1980: „Svar okkar við fyrri spurningunni er já. Yfirleitt er ekki hafður maður við netarúlluna við téðar aðstæður á bátum af þeirri stærð, sem hér um ræðir . . .

Síðari spurningunni teljum við ekki hægt að svara með jái eða neii. Ekki er vafi á, að mjög aukið öryggi er af því að hafa mann við netarúlluna. Hvort það hefði forðað slysi

í umrætt sinn, er þó engin leið að fullyrða". Þá hefur verið lagt fram vottorð Sverris Bergmann læknis, sérfræðings í taugasjúkdómum, 30. október 1980. Segir þar svo: „Þessi sj. hefur fengið mikinn höfuðáverka með höfuðkúpubroti og leka á heilavökva. Jafnframt hefur hann fengið tilfærslu á vi. auga inn í höfuð, þannig að það er honum gagnslaust. Hann hefur einu sinni fengið heilahimnubólgu, sem rekja má til lekans á mænuvökva, en við þennan leka hefur síðan verið gert og heilahimnubólgur ekki endurtekið sig. Hann er ekki þjáður af höfuðverk, og hann hefur ekki fengið krampa eða yfirlið, og neurologisk brottfallseink. finnast ekki utan skyntruflana á svæði n. supra orbitalis v. megin, sem einnig má auðvitað rekja til áverkans á þetta svæði höfuðsins. Það, sem eftir situr, þ. e. a. s. sjónskerðingin og nefndur dofi, er varanlegt og verður auðvitað rakið beint til slyssins. Fullvíst má hinsv. telja, að hann hefur sloppið við að fá krampa varanlega upp úr áverka þessum, og ósennilegt er, að hann hafi skapað sér aneurysma á intracranial æðar. Telja má einnig fullvíst, að tekist hefur að gera við leka mænuvökvans og því sé ekki hætta á endurteknum heilahimnubólgum. Um tímabundin veruleg óþægindi vegna áverkans er ekki þörf langrar greinargerðar".

Af málflutningi má ætla, að stefndi hafi unnið sem næst fulla vinnu frá því á árinu 1973.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, bæði að því er varðar fébótaskyldu áfrýjanda og fjárhæðir, en upphafstími vaxta hefur ekki sætt andmælum.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 650.000 krónur.

Það athugast, að kveðja hefði átt tvo siglingafróða menn til setu í sjó- og verslunardómi við meðferð máls þessa.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórður Jóhannesson, greiði stefnda, Árna

Ingibjörnssyni, 650.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Keflavíkur 3. mars 1978.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Árni Ingibjörnsson, Eyjavöllum 13, Keflavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 25. mars 1977, gegn Þórði Jóhannessyni útgerðarmanni, Faxabraut 49, Keflavík, til greiðslu skaðabóta, kr. 6.158.466 auk 8% ársvaxta af kr. 7.028.393 frá 13. maí 1970 til 16. maí 1973, 9% ársvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvaxta frá þeim degi til 5. des. 1975, en 13% ársvaxta af kr. 6.158.466 frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þær kröfur, að stefnda yrði gert að greiða kr. 6.981.026 auk 7% ársvaxta af kr. 7.850.953 frá 13. maí 1970 til 16. maí 1973, 9% ársvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til 5. desember 1975 og loks 13% ársvaxta frá þeim degi af kr. 6.981.026 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, þar með talinn kostnaður við endurútreikning tryggingafræðings skv. reikningi.

Við munnlegan flutning málsins féllst stefndi á, að hækkun stefnukröfunnar og breyttri vaxtakröfu væri komið að án framhaldsstefnu, en hækkun þessi stafar af nýjum útreikningi á örorkutjóni stefnanda.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Til vara mótmælir stefndi stefnukröfunum sem of háum og krefst lækkunar á þeim.

II.

Í stefnu er málavöxtum þannig lýst: „Hinn 13. maí 1970 fór vélbáturinn Ólafur II KE-149, þá í eigu og gerður út af stefnda frá Keflavík, í róður til þess að taka upp netin að lokinni vetrarvertíð, en stefnandi var þá skráður 2. vélstjóri á bátinn. Þegar verið var að draga netatrossu um kl. 8.50 þennan morgun, vildi svo til, að „drekinn" hentist af rúllunni og inn á mitt dekk bátsins og lenti í höfði stefnanda og stórslasaði hann."

Ekki var hlutast til um að halda sjópróf vegna máls þessa fyrr en þann 15. júní 1970, og var þá tekin skýrsla af nokkrum skipstjórnarmönnum m/b Ólafs II. Samkvæmt skipsdagbók fyrir Ólaf II, KE 149, var gott veður á miðunum, eða NA gola 2—4 vindstig, þegar atvikið varð. Verið var að taka allar netatrossurnar í land. Þá segir í dagbókinni: „kl. 8.50, er við erum að enda við aðra trossuna, óklárast stertur á spilinu með þeim afleiðingum, að drekinn hendist inn fyrir rúllu og í höfuðið á Árna Ingibjörnssyni, og er hann mikið slasaður, sett er á fulla ferð og haldið áleiðis til Sandgerðis. Kl. 9.00 hef ég samband við Reykjavík radio og bið um aðstoð og tala við Hannes Hafst. og lækni, og ráðleggja þeir mér að halda til Sandgerðis á fullri ferð. Kl. 10.10 erum við í Sandgerði, og læknir tekur við manninum."

Við sjópróf skýrði skipstjórinn, Óli Jón Bogason, svo frá, að þeir hefðu verið að draga tveggja nátta fisk og hafi stýrimaður skipsins, Björn Þórhallsson, haft það starf með höndum að draga af spilinu, og stjórnaði hann jafnframt ganghraða þess. Ekki var hafður maður á rúllunni, enda slíkt yfirleitt ekki gert við aðstæður sem þessar. Skipið hafi verið ferðlaust og þeir átt eftir að draga inn um 90 metra langt færi og bauju, þegar slysið varð. Skipverjar voru að ljúka við að greiða úr, og var stefnandi bakborðsmegin við netaborðið í sem næst beinni línu frá rúllunni og spilinu. Skipstjórinn kvaðst hafa verið að koma frá talstöðinni og verið í miðju stýrishúsinu og þá séð drekann þeytast af netarúllunni og í höfuð stefnanda. Hafi stýrimaðurinn stöðvað spilið og hann þá séð, að óklárt var á spilinu. Spil bátsins er clíuspil, og er kúpling fyrir það bæði í stjórnpalli og á dekki. Hann gat þess, að á spilinu hefði verið netaskífa og hafi hann ekki vitað annað en að allur tækjabúnaður væri í lagi og hafi útbúnaður skipsins ekki bilað við slysið. Hann kvað skipshöfnina vera þaulvana sjómenn. Kvað hann það algert einsdæmi, að drekinn kæmi inn fyrir borðstokkinn með slíkum hætti.

Björn Þórhallsson stýrimaður gaf skýrslu við sjópróf auk þess sem hann hefur komið fyrir dóminn. Kvaðst hann hafa verið stýrimaður á m/b Ólafi II á 5 vertíðum, áður en slysið varð. Hann kvaðst hafa staðið eðlilega við spilhjólið umrætt sinn. Ekki kvaðst hann muna, með hversu miklum hraða hann dró, en taldi, að spilið hefði ekki snúist af fullum krafti, enda þess ekki þörf, þegar verið sé að draga drekann. Til þess að stöðva spilið þurfi að snúa kúplingshjólinu um það bil einn hring. Kúplingshjólið

er staðsett um það bil mitt á milli borðstokks og spils, þó aðeins aftar, og er auðvelt að teygja sig í kúplingshjólið frá spilinu. Ekki hafi verið hafður maður við rúlluna, enda sé það ekki venja, þegar lítið fiskast eins og í þetta sinn. Björn kvaðst álíta, að óklárast hefði á spilinu, um leið og „hnúturinn" kom inn á netaskífuna. Hann hafi þegar gripið til kúplingshjólsins til að stöðva spilið, en einn til tveir vafningar hafi verið komnir inn á spilið, áður en það stöðvaðist. Hann kvað tógið, sem nær frá netinu og bundið er í stroffu, sem er í enda drekakeðjunnar, hafa verið um 12 faðma á lengd. Hann gat ekki upplýst, hversu löng drekakeðjan hafi verið. Björn Þórhallsson kvað það fara eftir aðstæðum, hvort hann dragi með sama hraða, eftir að tekið sé til við að draga tógið. Tógið sagðist hann draga á skífunni, þar til stroffan í drekakeðjuna sé komin upp að skífunni, og sé þá spilið látið ganga áfram og drekanum kippt með handafli yfir rúlluna. Kvaðst hann ekki stöðva spilið og draga keðjuna eingöngu á koppnum, nema eitthvað sérstakt væri að. Hann kvað stefnanda hafa á allan máta staðið eðlilega að verki sínu. Hann upplýsti, að umræddur dreki hefði verið tveggja flauga og um 15—30 kílógrömm að þyngd. Umrætt sinn hafi verið lítið fiskirí og sé þá venjulega dregið með meiri hraða en þegar mikill fiskur sé í netunum. Fjarlægðina frá netarúllunni að spilinu kvað hann hafa verið u. þ. b. 1 metra.

Ragnar Brynjar Hjelm háseti hefur gefið skýrslu bæði við sjópróf og fyrir dóminum. Kvaðst hann hafa verið mikið til sjós og þá á netaveiðum, en þetta hafi verið fyrsta vertíð sín á m/b Ólafi II. Kvaðst hann hafa verið við störf á dekkinu, er slysið varð, og verið að leggja netin niður. Hafi hann fylgst með drekanum, þegar hann var að koma inn fyrir borðstokkinn. Segir hann, að drekinn hafi umsvifalaust flogið af rúllunni og inn á mitt dekk, þar sem hann lenti á höfði stefnanda. Kvaðst hann ekki hafa séð annað en að stýrimaðurinn hefði í umrætt sinn farið eins að og venjulega. Ekki sé venja að hafa mann við netarúlluna, þegar lítið fiskirí sé, eins og þarna var, og hafi aðferð við veiðarnar á m/b Ólafi II verið lík því, er hann átti að venjast á öðrum skipum. Þó taldi hann það óeðlileg vinnubrögð að draga tógið með sama hraða og netin. Í umrætt sinn hafi netin verið dregin með miklum hraða og þar sem tógið sé haft mislangt, sé ómögulegt að vita, hvenær keðjan kemur, ef enginn er við rúlluna. Hann segir, að drekakeðjan sé það stutt, að maðurinn við spilið hafi þá engan veginn tíma til að stöðva spilið, áður en drekinn komi inn, ef dregið er með þeim hraða sem gert

var umrætt sinn. Kvað hann vinnubrögð, er hann þekkti við að taka inn drekann, þau, að bæði væri maður á spili og rúllu. Maðurinn við rúlluna fylgist með því, þegar drekakeðjan kemur og hafi þá aðra höndina á kúplingunni. Keðjan sé síðan dregin hægt og á koppnum, sé hún það löng, að drekinn er ekki kominn að rúllu, þegar keðjan kemur inn á koppinn. Þegar drekinn er kominn upp á rúlluna, sé kúplað sundur og drekinn tekinn inn á handafli. Kvaðst hann aldrei hafa orðið vitni þess, að drekinn hefði komið inn með þeim hætti, er þarna gerðist. Eftir slysið hafi hann greitt úr spilinu og hafi þrjú högg verið á því, en keðjan hafi ekki verið komin inn á spilið. Hann telur, að keðjan hafi verið um tvo metra að lengd.

Stefnandi sagði fyrir dóminum og við sjópróf, að sig minnti, að venja hefði verið á bátnum að hafa mann við netarúlluna, enda hafi skipverjar verið nægjanlega margir á bátnum til þess að skipta þannig með sér verkum. Umrætt sinn hafi hann unnið við netaborðið við að skera af netunum steina og hringi og hafi hann staðið nokkurn veginn miðskips. Hann hafi ekki merkt neitt óeðlilegt við netadráttinn, en skyndilega fundið mikið högg á höfuðið. Hafi hann verið lagður á netaborðið og legið þar á leiðinni til lands. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að bilun hefði komið fram í spilinu eða öðrum tækjabúnaði bátsins, en það væri þó ekki útilokað, að eitthvað dót, er á dekkinu var, þ. e. netagrjót, hafi lent upp að hjöruliðnum á öxlinum og þannig komið í veg fyrir, að hægt var að stöðva spilið samstundis. Stefnandi kvaðst hafa verið búinn að vera í 4—5 ár á m/b Ólafi II, þegar slysið varð, en sjómennsku hafi hann stundað lengur. Kvaðst hann ekki minnast þess, að drekinn hefði áður komið inn með slíkum hætti og þarna var.

III.

Stefnandi byggir kröfugerð sína á hendur stefnda á því, að slysið hafi orðið vegna mistaka þeirra manna, sem stefndi beri fébótaábyrgð á, sbr. reglur um húsbóndaábyrgð og 8. gr. siglingalaga nr. 66 frá 1963. Einnig telur stefnandi stefnda bera ábyrgð á slysinu, þar sem um hættulegan atvinnurekstur sé að ræða. Umrætt sinn hafi netin verið dregin allt of hratt, án þess að maður væri við netarúlluna til þess að fylgjast með því, þegar drekinn kæmi að henni. Enn fremur hafi sami maðurinn bæði stjórnað spilinu og dregið af því um leið og ekki gætt nægilegrar varkárni við það verk sitt, þannig að óklárast hafi í spilinu, þeg-

ar hnúturinn (í drekakeðjuna) kom inn í spilskífuna, drekinn fest og því kippst af heljarafli inn á mitt þilfar bátsins, þegar hann losnaði. Þá hafi maðurinn, sem stjórnaði spilinu, ekki verið nógu viðbragðsfljótur að stöðva spilið, fyrr en þrjú brögð voru komin á það, og skipstjórinn hafi ekki fylgst nægjanlega vel með netadrættinum til þess að geta stöðvað spilið úr brúnni, þegar óklárt varð á því.

Enn fremur sé ekki hægt að útiloka, að slysið hafi átt sér stað vegna bilunar í spili eða öðrum tækjum bátsins, en ekki hafi verið hlutast til um að halda sjópróf vegna slyssins, þegar eftir að báturinn kom til lands, og beri stefndi hallann af því nú.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að meiðsli stefnanda hafi orðið fyrir algera óhappatilviljun, sem hann beri ekki ábyrgð á, hvorki hlutlæga né sakarábyrgð. Öll tæki bátsins hafi verið í lagi og áhöfnin hegðað sér í alla staði eðlilega við vinnu sína, þannig að um sakarábyrgð á vanbúnaði tækja eða skaðaverkum starfsmanna sé ekki að ræða. Hann bendir á, að venja sé að hafa ekki mann við netarúllu, þegar verið sé að draga net, sem lítill fiskur sé í. Komið hafi fram í málinu, að ekki hafi verið neitt óeðlileg við netadráttinn umrætt sinn og stýrimaðurinn hafi farið að eins og venjulega við dráttinn.

Eins og áður hefur komið fram, voru sjópróf ekki haldin vegna slyssins, fyrr en einum mánuði eftir að það gerðist, og hafði þá ekki verið haldið til haga þeim umbúnaði, sem í notkun var, þegar atburðurinn átti sér stað.

M/b Ólafur II sökk árið 1977, og gat dómurinn því ekki athugað aðstæður um borð í bátnum. Dómurinn verður því að byggja á upplýsingum aðilja varðandi útbúnað veiðarfæra m/b Ólafs II. Fram hefur komið, að tógið frá endaneti í stroffu í drekakeðju var um 12 faðmar að lengd. Einnig kom fram, að lengd drekakeðju hafi verið um 1—2 metrar, en ekki hefur upplýst, í hvorn enda drekans hún hafi verið lásuð.

Áhöfn m/b Ólafs II var að ljúka drætti netatrossu, og fram hefur komið, að dregið hafi verið af spilinu með meiri hraða en venja er til, vegna þess að lítill afli var í netunum. Ekki hefur komið fram, að hægt hafi verið á spili, þegar byrjað var að draga tógið. Þar sem ekki var maður við netarúllu til að gera stýrimanni aðvart, er hann dró af spilinu umrætt sinn, og hafði jafnframt með höndum stjórnun ganghraðastillingar, bar stýrimanni að sýna mun meiri varkárni við dráttinn, þar sem hann vissi, að drekinn var að nálgast. Stýrimanninum vannst því ekki

tími til að stöðva spilið, þegar drekakeðjan kom upp á rúlluna, með þeim afleiðingum, að drekinn hentist inn á dekk, þar sem hann lenti á stefnanda.

Að mati dómsins verður slys þetta því alfarið rakið til gáleysis stýrimanns m/b Ólafs II, og ber því stefndi óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda skv. 1. mgr. 8. gr. siglingalaga nr. 66 frá 1963.

Kröfur stefnanda sundurliðast þannig:

1.	Vegna tímabundinnar örorku	kr. 931.711
2.	Vegna varanlegrar örorku	— 6.171.917
3.	Miskabætur	— 1.500.000
4.	Útlagður kostnaður	— 96.792
		Samtals kr. 8.700.420

Frá þessari fjárhæð hefur stefnandi síðan dregið kr. 600.000, sem hann fékk greiddar úr ábyrgðartryggingu stefnda hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, kr. 100.000, sem einnig voru greiddar af Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f vegna samningsbundinnar slysatryggingar útgerðarmanna og sjómanna, og svo kr. 1.019.394, sem greiddar voru af Tryggingastofnun ríkisins.

Stefnukrafan nemur því kr. 6.981.026 auk vaxta og málskostnaðar.

Um lið 1 og 2.

Páll Sigurðsson læknir hefur metið örorku stefnanda. Örorkumat þetta er dagsett 10. jan. 1975, og segir þar meðal annars:

„Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, þá varð þessi maður fyrir slysi hinn 13. maí 1970. Slysið varð með þeim hætti, að slasaði, sem var að starfi sínu um borð í m/b Ólafi, fékk „dreka" í höfuðið og skaddaðist mjög illa. Hann var fluttur samdægurs á Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs, og liggur fyrir vottorð frá Jóni K. Jóhannssyni, þáverandi sjúkrahúslækni þar, dags. 17/7 '70, þar sem lýst er slysinu og fyrstu meðferð. Vottorð Jóns er svohljóðandi:

„Árni var fluttur á Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs að morgni þess 13. 5. s.l. Hafði hann við vinnu sína þann sama morgun um borð í m/b Ólafi fengið „dreka" í höfuðið, og við skoðun á spítalanum kom í ljós, að maðurinn var með fullri meðvitund, en þvert yfir enni hans var ca. 15 cm langur skurður, sem náði allt inn að ennisbeini, og var það mölbrotið á mörgum stöðum, og blæddi mikið úr. Heilahimnan fyrir innan var þó órifin. Röntgenmynd af höfði sýndi áðurnefnt brot og auk þess brot á efra

kjálkabeini báðum megin og á vinstra kinnbeini, ennfremur voru „gólfin“ á augntóftunum niðurþrýst. Þrátt fyrir þennan mikla höfuðáverka hafði maðurinn aldrei misst meðvitund, og lamanir voru ekki finnanlegar. Sárið á enninu var hreinsað upp og deyft, blæðing stöðvuð og beinabrotunum lyft og raðað saman og sárið síðan saumað saman. Bæði augu voru sokkin, eftir nokkurra daga dvöl á sjúkrahúsinu kom í ljós hægra augað, en hið vinstra hélst sokkið.

Almennt ástand fór batnandi, og greri sárið á enninu vel. Þann 26. 5. gat hann útskrifast af sjúkrahúsinu og fór þá að mínu ráði til tveggja augnlækna í Reykjavík, sem ráðlögðu, að maðurinn yrði sendur til Kaupmannahafnar á sjúkrahús þar, ef takast mætti að gera þannig við vinstri augntóftarbotninn, að augað fengist fram. Telja má, að maðurinn hafi verið úr allri lífshættu, er hann fór héðan af sjúkrahúsinu, en spurningin sé, hvort vinstra augað fái að halda sér. Að því er ég best veit mun hann enn vera í Kaupmannahöfn og óvíst ennþá um árangur aðgerða þar.“

Eins og fram kemur í vottorði Jóns, þá hafði ennisbeinið mölbrotnað við slysið, en auk þess efri kjálkabein báðum megin, og höfðu gólfin í augntóftum, einkum vinstra megin, þrýsts niður. Manninum var því ráðlagt að leita til augnlækna í Reykjavík, en þeir ráðlögðu, að hann yrði sendur til Kaupmannahafnar á sjúkrahús til þess að freista þess, hvort gera mætti við áverka í augntóft, einkum vinstra megin.

Samkvæmt bréfum, sem fyrir liggja frá sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn, þá hefur slasaði dvalist á taugaskurðdeild Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn frá 1. júní til 11. júní 1970, en verið fluttur á augndeild og útskrifast þaðan 28. 7. 1970. Þar var framkvæmd aðgerð á honum, en hún heppnast greinilega ekki.

Maðurinn var öðru sinni sendur á taugaskurðdeild Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn og dvaldist þar frá 29. 5. 1971 til 24. 6. 1971, og var það vegna mænuvökvarennslis.

Þá liggur fyrir vottorð frá Sverri Bergmann, sérfræðingi í taugasjúkdómum, dags. 30. 9. 1974, og er það vottorð svohljóðandi:

„Ég hef skoðað Árna Ingibjörnsson, f. 14. 1. 1950, til heimilis að Kirkjuvegi 13, Keflavík.

Þann 13. 5. 1970 varð þessi piltur fyrir slysi, er hann fékk þungan hlut á höfuðið. Höggið kom aðallega á enni slasaða vinstra megin, og brotnaði ennisbeinið og þak vinstri augntóftar. Við áverkann virðist mér, að hann hafi hlotið heilahristing, en ein-

kenni frá þeim hluta áverkans hafa hins vegar gengið vel til baka og valda ekki óþægindum.

Hann hefur einnig fengið taugaskemmdir í andlit, og er vegna þeirra dofinn vinstra megin á enni og með nokkuð truflað sársaukaskyn á vinstri kinn. Þetta út af fyrir sig veldur þó ekki teljandi óþægindum. Við áverkann hefur jafnframt komið gat eða göt á heilahimnur, þannig að mænuvökvi rann niður í kok og nefhol. Þetta hefur verið lagað með aðgerð, og eru ekki merki um slíkan leka nú.

Mestu máli skiptir, að áverkinn leiddi til þess, að vinstra auga hefur gengið verulega inn í höfuðið, og augnlok er lamað. Tilraunir til þess að færa augað fram á réttan stað hafa ekki borið árangur. Augað situr nú hulið alldjúpt inn í höfði. Hann hefur fulla sjón á því og hreyfingar þess eru eðlilegar, en hins vegar getur hann tæplega beitt augunum saman öðruvísi en að sjá tvöfalt. Veruleg rýrnun hefur orðið á augnumgjörðinni.

Ég hygg, að ástand þessa pilts m. t. t. afleiðinga slyssins muni ekki breytast frá því, sem nú er. Heilahristingseinkennin hafa horfið. Hann hefur ekki frekari einkenni um leka á mænuvökva (vert er þó að benda á, að erfitt er að vera fullviss um, hvort slík einkenni taki sig ekki upp aftur). Hann hefur varanlega dofa á vinstra enni og einnig truflun á skyni á vinstri kinn, sem ekki mun breytast nema þá hugsanlega með sérstökum aðgerðum. Tilraunir til þess að færa vinstra auga á réttan stað hafa ekki borið árangur. Ósennilegt er, að það sé fremur hægt nú, og erfitt myndi vera að koma í veg fyrir tvísýni. Rétt væri kannske að hafa álit augnlæknis á þessu síðastnefnda atriði."

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum 20. 10. 1974. Hann skýrir frá slysi og meðferð eins og fram kemur hér að framan. Hann kveðst hafa verið frá vinnu um það bil hálft ár eftir slysið. Vann þá um þriggja mánaða skeið, en varð þá að hætta vinnu að nýju og vann síðan ekkert þar til í ársbyrjun 1972, en hefur unnið síðan. Hann er sjómaður og er nú 2. vélstjóri eins og áður.

Núverandi óþægindi: Hefur engin not af vinstra auga. Kvartar um kláða og dofa í kringum augað. Dofinn nær aftur á höfuðið og niður á andlitið niður á efri vör. Kvartar einnig um þreytu í hægra auga vegna áreynslu á það.

Skoðun: Vinstra auga er alveg lokað, og maðurinn getur ekki opnað það. Allt augað er inndregið, og er þetta mjög áberandi. Ör er á enni áberandi, en vel gróið. Tilfinningaminnkun er á enni og í kringum allt vinstra auga og niður á kinn.

Óskað var eftir umsögn augnlæknis um augað, og í vottorði Úlfars Þórðarsonar, ódagsettu, en rituðu eftir að fyrrgreind skoðun fór fram, þá segir, að hægra auga sé eðlilegt, en að vinstra auga liggi langt inni í augntóftinni. Þar segir, að skoðun á auganu sé mjög erfið, en sjón á því sé 6/9 án glerja. Hins vegar telur augnlæknirinn, að augað komi manninum ekki að neinu gagni vegna diplopia, þar sem festingar allra augnvöðvanna hafi raskast og augað dregist um 2½ cm. inn í augntóftina. Auk þess sé greinileg bólga í augntóftinni, þar sem hvarmabólga sé ávallt í auganu, og stöku sinnum tæmist út úr því gröftur.

Maðurinn notar nú gleraugu.

Ályktun: Hér er um að ræða tæplega 25 ára gamlan mann, sem slasaðist við vinnu sína fyrir rúmlega 3½ ári. Við slysið hlaut hann mikið höfuðhögg, brot á ennisbeini og sköddun á andlitsbeinum, þannig að vinstra auga hefur gengið inn í augntóftina.

Eftir slysið fór hann tvívegis til Kaupmannahafnar til skurðaðgerða, annars vegar til að freista þess, hvort laga mætti stöðu augans, og hins vegar til að loka mænuvökvarennsli, sem var eftir slysið. Vökvarennslið tókst að stöðva, en hins vegar tókst ekki að hreyfa við stöðu augans.

Sem afleiðingu meiðslisins nú þá hefur maðurinn ör á enni, mikinn dofa í kringum vinstra auga niður á kinn og upp á höfuð og stöðubreytingu á vinstra auga, þannig að það hefur gengið langt inn í augntóftina. Enda þótt sjón sé á auganu, þá er það manninum algerlega ónothæft.

Af þessum sökum verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 6 mánuði 100% örorka.
Í 3 mánuði 50% —
Í 9 mánuði 100% —
Í 2 mánuði 75% —
Í 2 mánuði 50% —
Í 2 mánuði 35% —

og síðan varanleg örorka 25%."

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur með líkindareikningi reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli örorkumats Páls Sigurðssonar. Í fyrsta útreikningi hans, dags. 18. júlí 1975, segir hann:

„Samkvæmt örorkumati Páls Sigurðssonar læknis, dags. 10. 1. 1975, varð Árni Ingibjörnsson, Kirkjuvegi 13, Keflavík, fyrir

slysi 13. maí 1970. Telur læknirinn, að af völdum þessa slyss hafi Árni hlotið orkutap, er hann metur þannig:

Í 6 mánuði 100%
Í 3 mánuði 50%
Í 9 mánuði 100%
Í 2 mánuði 75%
Í 2 mánuði 50%
Í 2 mánuði 35%
Síðan til frambúðar 25%

Árni er sagður fæddur 14. janúar 1950 og hefur samkvæmt því verið 20 ára gamall, er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Samkvæmt upplýsingum yðar hafði hann þá stundað sjó lengi og verið 4—5 ár skipverji á m/b Ólafi KE-149, en þar var hann lögskráður II. vélstjóri, er slysið varð.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum fyrir starfsárin 1967—1973 voru launatekjur Árna þau ár sem hér segir:

Árið 1967 kr. 186.427,65
— 1968 — 254.323,61
— 1969 — 379.882,40
— 1970 — 249.763,28
— 1971 — 126.513,00
— 1972 — 353.173,40
— 1973 — 435.869,30

Til viðbótar ofangreindum launatekjum eru árin 1972 og 1973 tilgreindar hreinar tekjur af atvinnurekstri, kr. 89.802,00 fyrrnefnda árið og kr. 283.480,75 síðarnefnda árið.

Þegar slys verður á mönnum um tvítugsaldur, er sjaldgæft, að vinnutekjur slasaða árin fyrir slys reynist nothæfur grundvöllur áætlunar fram í tímann. Árni hefur orðið 17 ára í ársbyrjun 1967, og það ár eru dagar á sjó (greiddir fæðisdagar) taldir vera 256. Árið 1968 eru þeir 332 og árið 1969 291. Samanburður við vinnutekjur kvæntra sjómanna í Reykjavík (undirmanna á bátum, togurum og farskipum) samkvæmt úrtaksrannsókn á skattframtölum sýnir, að árið 1967 eru vinnutekjur Árna allmikið undir meðaltali sjómannstekna, en árið 1968 eru þær nokkuð yfir og 1969 verulega yfir slíku meðaltali.

Með hliðsjón af framanrituðu tel ég rétt að leggja vinnutekjur Árna fyrir slysið til grundvallar áætlun fram í tímann. Með tilliti til aldurs og vaxandi tekna Árna á því tímabili, sem hér um ræðir, þ. e. árunum 1967—1969, hef ég áætlað tekjur á þrjá vegu miðað við a) umreiknaðar meðaltekjur þriggja ára 1967—

1969, b) umreiknaðar meðaltekjur tveggja ára 1968—1969 og c) umreiknaðar tekjur ársins 1969. Umreiknaðar með tilliti til breytinga á fiskverði til sjómanna reiknast mér árstekjur þá verða sem hér segir:

	a) Kr.	b) Kr.	c) Kr.
Árið 1970, frá slysdegi	352.896.-	395.516.-	459.092.-
— 1971	505.826.-	566.916.-	658.043.-
— 1972	657.680.-	737.110.-	855.594.-
— 1973	888.534.-	995.844.-	1.155.918.-
— 1974	1.193.552.-	1.337.700.-	1.552.725.-
— 1975	1.550.386.-	1.737.630.-	2.016.940.-
Eftir þann tíma	1.617.161.-	1.812.469.-	2.103.808.-

Miðað við þennan þrenns konar tekjugrundvöll og tap vinnutekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 24 mánuði eftir slysið	Miðað við tekjugrv. a) Kr. 716.190.-	Miðað við tekjugrv. b) Kr. 802.686.-	Miðað við tekjugrv. c) Kr. 931.711.-
Vegna varanl. orkutaps síðan	3.537.488.-	3.964.718.-	4.602.015.-
Samtals	4.253.678.-	4.767.404.-	5.533.726.-

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins né öðrum aðilum.

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951—1960. Vextir eru reiknaðir 7% p. a. frá slysdegi til 16. maí 1973 og 9% p. a. eftir þann tíma. Ef reiknað væri með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum eftir það til 15. júlí 1974 og síðan 13% ársvöxtum til frambúðar, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi lækka um því sem næst 20,4% frá því, er að framan greinir.

Ekki hefur verið tekið tillit til hugsanlegra áhrifa slyssins á lífeyrisréttindi Árna, en tiltölulega lítill hluti tekna bátasjómanna er gjaldskyldur til lífeyrissjóðs."

Guðjón reiknar að nýju áætlað örorkutjón stefnanda þann 5. júní 1976, en þar segir m. a.:

„Í fyrri útreikning voru vinnutekjur fram í tímann áætlaðar á þrjá vegu, þ. e. miðað við:
a) Umreiknaðar meðaltekjur þriggja ára 1967—1969.
b) Umreiknaðar meðaltekjur tveggja ára 1968—1969.
c) Umreiknaðar tekjur ársins 1969.

Umreikningur miðaðist við breytingar á fiskverði til sjómanna. Þegar tillit er tekið til fiskverðshækkana og breytinga á hlutaskiptareglum, sem átt hafa sér stað síðan í júlí 1975, reiknast mér ofangreindar þrenns konar árstekjur verða sem hér segir frá og með árinu 1975:

	a) Kr.	b) Kr.	c) Kr.
Árið 1975	1.572.622.-	1.762.551.-	2.045.867.-
— 1976	1.883.702.-	2.111.200.-	2.450.559.-
Eftir þann tíma	1.904.867.-	2.134.922.-	2.478.093.-

Miðað við ofangreindar breytingar á tekjugrundvellinum reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	Miðað við tekjugrv. a) Kr.	Miðað við tekjugrv. b) Kr.	Miðað við tekjugrv. c) Kr.
Vegna tímabundins orkutaps í 24 mán.	716.190.-	802.686.-	931.711.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	4.035.089.-	4.522.415.-	5.249.356.-
Samtals	4.751.279.-	5.325.101.-	6.181.067.-

Í sambandi við framangreindan tekjugrundvöll skal á það bent, að þegar verkafólk í landi á í hlut, tek ég tillit til umsaminna grunnkaupshækkana 1. júlí, 1. október og 1. febr. n.k. (6% + 6% + 5%, sbr. rammasamning A.S.Í. og vinnuveitenda frá 28. febrúar s.l.). Um hliðstæðar ákvarðanir fiskverðs er ekki að ræða, og hefur því hér verið reiknað til frambúðar með núgildandi fiskverði. Til glöggvunar á því, hver áhrif breytingar, sem á næstu mánuðum kynnu að verða á fiskverði, hefðu á niðurstöðu útreikningsins, hef ég reiknað, hve mikill hluti framangreinds heildarverðmætis tapaðra vinnutekna er vegna tíma eftir júnílok 1976. Reiknast mér sú fjárhæð verða sem hér segir:

Miðað við tekjugrundvöll a) kr. 3.138.846.-
Miðað við tekjugrundvöll b) kr. 3.517.931.-
Miðað við tekjugrundvöll c) kr. 4.083.410.-

Hér hefur verið reiknað með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum eftir þann tíma. Ef reiknað er með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, síðan með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974 og eftir það með 13% ársvöxtum til frambúðar, reiknast mér heildarverðmæti tapaðra vinnutekna lækka um því sem næst 21,5% frá því, sem að framan greinir. Sá hluti verðmætisins, sem er vegna tíma eftir júnílok 1976, lækkar hins vegar um því sem næst 31,9%.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreiknings."

Tryggingafræðingurinn áætlar enn á ný örorkutjón stefnanda þann 26. janúar 1976 og áætlar þar sem fyrr tjónið á þrjá mismunandi vegu. Síðan segir í mati hans:

„Tímabilið frá slysdegi til ársloka 1974 er miðað við hinar umreiknuðu tekjur, eins og þær eru tilgreindar í útreikningnum frá 18/7 1975. Þegar tillit er tekið til fiskverðshækkana, sem síðan hafa orðið, svo og breytinga á hlutaskiptareglum 1976, reiknast mér umreiknaðar árstekjur frá og með árinu 1975 verða sem hér segir:

	a) Kr.	b) Kr.	c) Kr.
Árið 1975	1.572.622.-	1.762.551.-	2.045.867.-
— 1976	2.057.963.-	2.306.508.-	2.677.260.-
— 1977	2.883.596.-	3.231.854.-	3.751.349.-
Eftir þann tíma	3.607.579.-	4.043.274.-	4.693.198.-

Að þessu sinni er útreikningur á verðmæti tapaðra vinnutekna miðaður við 7% ársvexti frá slysdegi til 16. maí 1973, eftir það við 9% ársvexti til 15. júlí 1974 og síðan við 13% ársvexti til frambúðar. Miðað við tekjugrundvöll, sem að ofan greinir, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi með því móti verða sem hér segir:

	Miðað við tekjugrv. a) Kr.	Miðað við tekjugrv. b) Kr.	Miðað við tekjugrv. c) Kr.
Vegna tímabundins orkutaps í 24 mán.	716.190.-	802.686.-	931.711.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	4.744.244.-	5.317.217.-	6.171.917.-
Samtals	5.460.434.-	6.119.903.-	7.103.628.-

Um forsendur, aðrar en þær, sem varða hinar tilgreindu breytingar á tekjugrundvelli og vaxtagrundvöll, skírskotast til fyrri útreikninga."

Stefnandi byggir fjárhæðir kröfuliða 1 og 2 á líkindareikningi tryggingarfræðingsins þann 26. janúar 1978 við tekjugrundvöll c.

Stefndi hefur mótmælt kröfuliðum þessum sem of háum og bendir á í því sambandi, að stefnandi byggir kröfur sínar á hæstu fáanlegu útkomu úr örorkutjónsútreikningi tryggingafræðingsins. Þá telur hann enn fremur, að taka verði tillit til hagræðis við eingreiðslu og skattfrelsis slysabóta, sem stefnandi hafi ekki gert.

Dómendur hafa komist að þeirri niðurstöðu, að áverki sá, sem stefnandi hlaut, og afleiðing hans hafi leitt af sér skert aflahæfi stefnanda, jafnvel þótt svo, að tekjur stefnanda, eftir að hann hóf vinnu á ný, hafi ekki lækkað tiltölulega, eins og stefndi benti á í málflutningi. Við mat á tjónbótum til handa stefnanda skv. kröfuliðum þessum eru höfð til hliðsjónar örorkumat Páls Sigurðssonar læknis og líkindaútreikningar Guðjóns Hansen tryggingafræðings. Þá er enn fremur tekið tillit til hagræðis eingreiðslu og skattfrelsis bótanna svo og þeirra greiðslna, sem stefnandi hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, sem að framan er getið. Þegar þættir þessir eru virtir, þykja bætur samkvæmt kröfulið 1 og 2 hæfilega metnar á kr. 3.000.000.

Um 3. Þegar litið er til sjúkrasögu stefnanda og þess, sem fram hefur komið um afleiðingar slyssins, þykja miskabætur hæfilega metnar kr. 700.000.

Um 4. Kröfulið þessum hefur ekki verið tölulega mótmælt, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnanda vera kr. 3.796.792 (3.000.000 + 700.000 + 96.792). Ber stefnda að greiða stefnanda fjárhæð þessa með 7% ársvöxtum frá 13. maí 1970 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 650.000.

Dóm þennan kváðu upp Valtýr Sigurðsson, settur héraðsdómari, ásamt meðdómsmönnunum Ingólfi Falssyni skipstjóra og Jóni G. Kristjánssyni héraðsdómslögmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Þórður Jóhannesson, greiði stefnanda, Árna Ingi-

björnssyni, kr. 3.796.792 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. maí 1970 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 650.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1980.

Nr. 102/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Jónssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu er skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða, en því er einnig áfrýjað af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar.

Aðiljar hafa ekki æskt þess, að ákvæði héraðsdóms um skaðabætur verði tekið til endurskoðunar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. janúar 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 23. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 31/1980: Ákæruvaldið gegn Jóni Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 8. þ. m., gegn Jóni Jónssyni verkamanni, Írabakka 16, Reykjavík, fæddum 13. september 1946 í Reykjavík, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að falsa í ágúst 1979 nafn Ólafs Sigurjónssonar sem útgefanda á þrjá tékka á eyðublöð frá Sparisjóði vélstjóra og nota í viðskiptum í Reykjavík:

1. Nr. 808419, kr. 40.000, dagsettur 7. ágúst, til handhafa, með reikningsnúmeri 2618. Notaður til greiðslu á vörum í verslun Karnabæjar.

2. Nr. 808420, kr. 5.000, dagsettur sama dag, til handhafa, með reikningsnúmeri 732. Notaður til greiðslu á veitingum í Sjóbúðinni á Grandagarði.

3. Nr. 808423, kr. 92.540, dagsettur sama dag, til Guðmundar Andréssonar, gullsmíðavinnustofu. Keyptir skartgripir þar.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Í máli þessu hefur Karnabær h/f krafist þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða 40.000 kr. ásamt 4% mánaðarvöxtum frá 15. ágúst 1979 til greiðsludags (sbr. ákærulið 1). Þá hefur Gullsmíðavinnustofa Guðmundar Andréssonar s/f krafist bóta að fjárhæð 12.800 kr. (sbr. ákærul. 3).

Málsatvik eru þau, að aðfaranótt þriðjudagsins 7. ágúst 1979 kom ákærði til Reykjavíkur frá Þorlákshöfn með áætlunarbifreið og sat á leiðinni hjá Ólafi Sigurjónssyni úr Þorlákshöfn. Höfðu báðir komið með m/s Herjólfi frá Vestmannaeyjum um nóttina. Á leiðinni komst ákærði yfir veski Ólafs, að eigin sögn með þeim hætti, að Ólafur fékk ákærða veskið og bað hann

kaupa farseðil fyrir sig, og er ákærði hafði gert það, láðist honum að fá Ólafi veskið aftur. Í veskinu var m. a. tékkhefti Ólafs. Daginn eftir notaði ákærði í viðskiptum þrjá tékka, sem hann hafði gefið út á eyðublöð úr heftinu og falsað nafn Ólafs undir. Er þessum tékkum rétt lýst í ákæru, bæði gerð þeirra og notkun. Þá kemur fram af gögnum málsins, að síðdegis 7. ágúst kom ákærði að Sparisjóði vélstjóra til þess að selja þar tékka, en hitti þá svo á, að Ólafur var þar fyrir, og leiddi það til handtöku ákærða.

Við rannsókn málsins fannst veski Ólafs heima hjá ákærða og komst til skila. Ákærði greiddi tékka þann, sem hann hafði selt í Sjóbúðinni, og upp í tékka þann, sem hann hafði verslað fyrir í gullsmíðaversluninni, komust til skila 7.200 kr. í peningum og hringar þeir, sem ákærði hafði keypt þar, að verðmæti 72.540 kr. Er tekið tillit til þess í skaðabótakröfunni.

Ákærði hefur þannig framið brot þau, sem hann er ákærður fyrir og varða við 155. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði varð 1965 uppvís að nytjastuldi, en ákæru var frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

1966 5.000 kr. sekt fyrir ölvun við akstur
1967 10 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot
1968 4 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás
1972 3 mán. fangelsi fyrir nytjastuld og ölvun við akstur.
1973 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals
1973 2 mán. fangelsi fyrir hylmingu
1975 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað
1977 75 þús. kr. sekt fyrir ölvun við akstur
1979 (11. júní) 1 mán. fangelsi fyrir þjófnað

Refsing ákærða verður ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Skaðabótakröfurnar, sem ákærði hefur samþykkt, verða teknar til greina. Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Jónsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði:

1. Karnabæ 40.000 krónur ásamt 4% mánaðarvöxtum frá 15 ágúst 1979 til greiðsludags,

2. Gullsmíðastofu Guðmundar Andréssonar s/f 12.800 krónur.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Mánudaginn 17. nóvember 1980.

Nr. 163/1978. **Véltak h/f**
gegn
Hnit h/f.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Þegar mál þetta skyldi munnlega flutt í dag, var þess krafist af áfrýjanda, að málið yrði hafið.

Stefndi féllst á kröfu áfrýjanda um hafningu málsins, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu er mál þetta hafið. Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 200.000 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Véltak h/f, greiði stefnda, Hnit h/f, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. nóvember 1980.

Nr. 227/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðmundi Steinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1980, sem barst Hæstarétti 12. nóvember s. á. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ríkissaksóknara er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

10. nóvember 1980.

Ár 1980, mánudaginn 10. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Um kl. 1700 sl. laugardag handtók lögreglan í Reykjavík og að Goðheimum 19 hér í borg Guðmund Steinsson, fæddan 10. júlí 1961, grunaðan um fíkniefnamisferli.

Skömmu áður og í lögregluyfirheyrslu hafði Gunnar Ómar Gunnarsson, fæddur 14. september 1957, lýst meintum ítrekuðum hasskaupum sínum af Guðmundi þessum fáum dögum fyrr og nafngreindi Gunnar Lunddal Friðriksson sem beinan kaupanda af Guðmundi Steinssyni, en síðar þann, er á kom beinum viðskiptum á milli Gunnars Ómars Gunnarssonar og Guðmundar Steinssonar. Nefndur Gunnar Ómar staðfesti ofangreindan framburð hér fyrir dómi áðurgreindan laugardag.

Lögregla hefur stöðugt frá þeim tíma, en án árangurs til þessa, leitað Gunnars Lunddal Friðrikssonar, sem að öðru jöfnu er talinn búa á Hótel Vík.

Áðurnefndur Guðmundur Steinsson var yfirheyrður hér fyrir dómi klukkan liðlega 1500 í gær og bar þá af sér hvers konar meðhöndlun fíkniefna hér á landi, en kvaðst hafa prófað svonefnt

hassefni stöku sinnum í Kaupmannahöfn, þar dveljandi tímabilið nóv. 1979 — ágúst sl.

Dómari tók sér eftir nefnt þinghald frest til nánari ákvarðana Guðmund Steinsson varðandi, en hélt eftir það og hér fyrir dómi í gær fram yfirheyrslum yfir ýmsum aðiljum, sem ýmist höfðu verið síðustu daga handteknir með eða sagðir hafa keypt eða meðhöndlað á annan hátt hassefni, sem lýsingum samkvæmt virtist sömu gerðar og Gunnar Ómar Gunnarsson bar að hafa af Guðmundi Steinssyni ítrekað keypt.

Fyrr í dag var margnefndur Gunnar Ómar Gunnarsson enn rækilega yfirheyrður hér fyrir dómi um meint hasskaup af Guðmundi Steinssyni og lýsti þeim þá sundurliðað og allnákvæmlega.

Gunnar Ómar lýsti þá og tilteknum gesti, er verið hefði staddur hjá Guðmundi Steinssyni að Goðheimum 19 laugardaginn 1. nóv. sl., er Gunnar Ómar kom þar sem oftar til meintra hasskaupa. Taldi Gunnar gest þennan hafa orðið vitni að orðaskiptum Guðmundar Steinssonar og Gunnars Ómars, er tóku af tvímæli um erindi Gunnars.

Var þá þegar yfirheyrður af lögreglu Sigurður Haukur Engilbertsson, fæddur 9. júlí 1958, til heimilis að Básenda 2 hér í borg, enda lýsing Gunnars Ómars talin við þann aðilja eiga.

Sigurður þessi kvaðst þekkja Guðmund Steinsson frá sameiginlegri dvöl í Kaupmannahöfn og hafa heimsótt Guðmund að Goðheimum 19 fyrir skömmu og þá við sama tækifæri þangað komið hávaxinn dökkhærður aðili, sem Sigurður þessi við nánari myndbendingu taldi vera áður margnefndan Gunnar Ómar Gunnarsson.

Voru þá nú fyrir stundu og hér í dómi samprófaðir Gunnar Ómar Gunnarsson og Guðmundur Steinsson. Gunnar Ómar hélt fast við fyrri framburði um ítrekuð og tilgreind hasskaup af Guðmundi Steinssyni, en sá síðarnefndi bar slíku alfarið í mót og því einnig, að Gunnar Ómar Gunnarsson hefði nokkru sinni komið að Goðheimum 19.

NIÐURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Guðmund Steinsson fangelsisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan annars til ofanritaðs þykir hafa verið tekinn og

nýttur með eðlilegum hætti sá frestur, sem dómara er heimill lögum samkvæmt, til formlegrar ákvörðunar ofangreindan Guðmund Steinsson varðandi. Þar sem enn hefur ekki náðst til Gunnars Lunddal Friðrikssonar, sem nauðsynlegt þykir að yfirheyra í þessu sambandi, auk margra fleiri vegna núverandi stöðu rannsóknar, þykir í hennar þágu og auk ofanritaðs með vísan til 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 nauðsyn til bera að Guðmundur Steinsson, fæddur 10. júlí 1961, til heimilis að Goðheimum 19 hér í borg, sæti gæsluvarðhaldi, sem hæfilega þykir afmarkað við allt að 10 dögum.

Úrskurðarorð:

Guðmundur Steinsson, fæddur 10. júlí 1961, til heimilis að Goðheimum 19, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 10 dögum.

Þriðjudaginn 18. nóvember 1980.

Nr. 124/1978. **Samgönguráðherra f. h. Hafnamálastofnunar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Grími Guttormssyni og gagnsök
(Gylfi Thorlacius hrl.).

Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson, Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 20. júní 1978. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýj-

anda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að þeim verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda 85.432 krónur og að málskostnaður falli niður. Til þrautavara krefjast þeir lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 27. október 1978 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða sér 2.400.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 2. desember 1976 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Leggja verður til grundvallar, að samningur hafi komist á milli gagnáfrýjanda og Hafnamálastofnunar ríkisins þess efnis, að gagnáfrýjandi tækist á hendur köfun í Sandgerðishöfn haustið 1976. Af störfum þessum varð ekki af ástæðum, sem gagnáfrýjanda voru óviðkomandi. Verður að ætla, að gagnáfrýjandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni af þessum sökum, sem aðaláfrýjendum ber að bæta. Þykja bætur hæfilega ákveðnar í héraðsdómi, en rétt er, að vextir reiknist frá þingfestingardegi máls þessa í héraði, 2. desember 1976, eins og gagnáfrýjandi hefur krafist. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 270.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá 2. desember 1976.

Aðaláfrýjendur, samgönguráðherra f. h. Hafnamálastofnunar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Grími Guttormssyni, 270.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi í dag, höfðaði Grímur Guttormsson, Langholtsvegi 104,

Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Halldóri E. Sigurðssyni samgönguráðherra, Arnarhvoli, Reykjavík, fyrir hönd Hafnamálastofnunar ríkisins, og Matthíasi Á. Matthiesen fjármálaráðherra, Arnarhvoli, Reykjavík, fyrir hönd ríkissjóðs til greiðslu á kr. 2.400.000 auk 14% vaxta frá útgáfudegi stefnu og málskostnaði samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning breytti lögmaður stefnanda vaxtakröfu sinni á þann veg að krefjast 14% ársvaxta frá þingfestingardegi málsins, 2. desember 1976, til greiðsludags. Að öðru leyti voru dómkröfur óbreyttar frá því, sem greinir í stefnu.

Stefndu hafa gert þær dómkröfur að verða algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnanda verði einungis tildæmd fjárhæð, sem samsvari dagvinnulaunum hans í einn mánuð frá 23. október 1976 að telja. Til þrautavara er þess krafist, að stefnufjárhæð verði lækkuð að mati dómsins. Enn fremur er þess krafist til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Við munnlegan málflutning í dag breytti lögmaður stefndu dómkröfum sínum þannig að falla frá sýknukröfu og kröfu um málskostnað, en krefjast þess, að stefndu verði einungis dæmdir til þess að greiða stefnanda viku uppsagnarfrest, þ. e. dagvinnu miðað við taxta Félags ísl. kafara, eins og hann var í sept. 1976, sbr. dskj. nr. 4. Vara- og þrautavarakrafa stefndu voru óbreyttar. Einnig var þess krafist, að málskostnaður félli niður.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Mál þetta var fyrst dómtekið 6. mars sl., en síðan endurupptekið og flutt að nýju og dómtekið í dag.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að á síðastliðnu sumri hafi Einar Stefánsson, forstöðumaður áhaldahúss Hafnamálastofnunar ríkisins, ráðið stefnanda til að vinna köfunarvinnu við hafnargerð í Sandgerði. Stefnandi hafi á undanförnum árum unnið hjá Skeljungi h/f á milli þess sem hann hafi tekið að sér köfunarverkefni fyrir Hafnamálastofnun ríkisins, en þegar hann hafi verið ráðinn að hafnargerðinni í Sandgerði, hafi hann sagt upp starfi sínu hjá Skeljungi h/f. Í september 1976 hafi orðið ljóst, að framkvæmdir við hafnargerðina í Sandgerði mundu dragast vegna rannsókna í höfninni þar. Hafi stefnandi þá verið sendur vestur í Ísafjarðardjúp, þar sem hann hafi unnið við gerð

bryggju í Æðey. Hafi hann verið þar í 3 vikur, en við komuna til Reykjavíkur í byrjun október hafi honum verið tjáð af yfirverkfræðingi Hafnamálastofnunarinnar, Daníel Gestssyni, að hætt væri við að láta hann vinna að köfun í Sandgerði, án þess að nokkur skýring væri gefin.

Stefnandi telur, að miðað við samning þann, sem Félag íslenskra kafara hafi við Hafnamálastofnun ríkisins um kaup og kjör, hefðu laun hans við köfun og sprengingar í Sandgerðishöfn orðið kr. 200 þúsund á viku. Verkið mundi taka 3 mánuði, þannig að vinnulaun stefnanda hefðu samtals orðið um kr. 2.4 milljónir og sé stefnufjárhæðin þannig til orðin.

Stefnandi var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá stefnanda, að köfun fyrir Vita- og hafnamálastofnunina hafi verið aðalstarf hans í um 30 ár. Stefnandi kvaðst álíta, að svona um 75% af tekjum sínum væru þaðan runnin. Fyrir þessa stofnun hafi stefnandi eingöngu unnið sem kafari, nema í sumum tilfellum hafi hann verið verkstjóri, t. d. við byggingu slippsins á Norðfirði. Þá hafi stefnandi ráðið algerlega sjálfur, hvernig ætti að framkvæma verkið.

Þegar Einar Stefánsson réð stefnanda til starfa sumarið 1976, hafi verið talað um ákveðið verk, sem um var að ræða í höfninni í Sandgerði. Stefnandi kvaðst ekki hafa vitað nákvæmlega, hve langan tíma verkið mundi taka, en hann hafi vitað, að það mundi taka nokkra mánuði. Sjaldan sé talað um það, hve langan tíma svona verk taki, það sé oft margt, sem komi á daginn, þegar eigi að fara að vinna verkið, og vont sé að ákveða tímann. Stefnandi hafi fundið fjárhæðina kr. 200 þúsund á viku skv. taxta Kafarafélagsins, þegar kafað sé með tæki, sem kafarinn á sjálfur. Á þessum tíma hafi verið í gildi taxti, sem komi fram sem handskrifaðar tölur á dskj. nr. 4.

Stefnandi hafi ekki fengið fullnægjandi skýringu á því, hvers vegna hann hafi ekki fengið verkið, sem hann hafði verið ráðinn til. Fljótlega eftir að stefnandi hætti hjá Vita- og hafnamálastofnuninni, hafi hann farið að vinna hjá Skeljungi h/f. Þar vinni stefnandi sem smiður á smiðslaunum, en þar fyrir utan vinni hann alla köfun, sem Skeljungur h/f þurfi á að halda, og fyrir þau störf fái hann laun skv. samningi Félags íslenskra kafara.

Við köfun leggi stefnandi sjálfur til köfunarbúnað og séu leigutekjur af köfunarbúnaðinum verulegur hluti af tekjum kafara. Kafarar velji sér líflínumann, sem beri ábyrgð á áhöldum, tækjum og kafaranum, þegar hann er niðri, og einnig passi hann

tímann. Líflínumaður sé aðstoðarmaður kafarans. Stefnandi kvaðst greiða launaskatt og söluskatt eins og verktaki.

Einar Stefánsson, forstöðumaður áhaldahúss Vita- og hafnamálastofnunarinnar, var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá Einari, að hann hefði ráðið stefnanda til þess að vinna að köfun í Sandgerði. Vita- og hafnamálastofnunin hafi fastráðinn kafara í sinni þjónustu, sá kafari sé í fastri vinnu sem verkstjóri í bátasmíði og svo sé hann losaður úr því starfi til þess að fara í köfun, þegar þörf krefur. Á árinu 1976 hafi þessi kafari fengið kr. 1.6 milljón í laun frá Vita- og hafnamálastofnuninni fyrir köfun og þar fyrir utan sé hann á föstum mánaðarlaunum. Þá er stefnandi var ráðinn til köfunarvinnu í Sandgerði, hafi fastráðni kafarinn verið upptekinn. Síðan hafi orðið dráttur á því, að verkið færi af stað. Einar hafi þá beðið stefnanda að fara í aðra vinnu og hafi hann farið í köfun til Æðeyjar. Verkið hafi dregist það, að fastráðni kafarinn hafi verið orðinn laus, en Vita- og hafnamálastofnunin sé með samning við hann um að koma inn í þau verk, sem fyrir liggja. Stefnanda hafi verið boðin vinna innan áhaldahússins við starf, sem væri við hans hæfi. Stefnandi sé skipasmiður og fær sem slíkur og hafi Einar boðið honum vinnu við áhaldahúsið til þess að mæta einhverju í sambandi við þetta brot á ráðningu, en ekki hafi verið um köfun að ræða. Stefnandi hafi ekki tekið þetta starf.

Fram kom hjá Einari, að í flestum tilfellum sé það þannig, að kafari á frjálsum markaði sé kallaður til þess að framkvæma ákveðið tiltekið verk, sem honum sé skýrt frá og hann beðinn að koma til. Verkið sé þá skýrt fyrir kafaranum og það lagt fyrir hann og að einhverju leyti haft samráð við hann um framkvæmdina. Einar taldi það erfitt að svara því, hvort verkið í Sandgerði hefði átt að gefa stefnanda laun, sem væru a. m. k. kr. 200 þúsund á viku. Það sé margt, sem geti haft áhrif á vinnulaun í sambandi við þetta, t. d. veður, það geti hamlað því, að kafað sé nema stuttan tíma á viku. Ef verktími sé 4 eða 6 vikur og deilt upp í það með fullum vinnutíma, þá geti vel verið, að þetta geti komið svona út, en starf kafarans sé mjög háð utanaðkomandi hlutum, veðri og ýmsu og geti þetta breyst mjög mikið. Vikulaun geti jafnvel verið hærri, en þau geti líka verið miklu lægri.

Fram kom hjá Einari, að kafari vinni mjög sjálfstætt starf. Það liggi mjög í hans valdi allt verkið, hvernig það gengur og hvernig það er unnið. Oft og tíðum sé kafarinn oddamaður í verkinu og annar hluti hafnargerðarinnar standi svona í aðstoðar-

stöðu. Köfun sé mjög hættulegt starf. Undir flestum kringumstæðum komi kafari með ákveðinn mann með sér eða hann geti tilnefnt ákveðinn mann úr hópi manna sér til aðstoðar. Kafarinn hafi heimild til þess að ákveða sér sjálfur ákveðinn aðstoðarmann. Venjulega sé það þannig, að kafarinn leggi fram reikning fyrir vinnu sína og þá innheimti hann jafnframt aðstoðarmannslaunin, þá sé aðstoðarmaður ekki á launaskrá.

Núna sé samningsstaða Hafnamálastofnunarinnar og Kafarafélagsins þannig, að eldri samningur, sem launanefnd ríkisins hafi staðið að, sé fallinn úr gildi og annar samningur hafi ekki verið gerður, þannig að ekki sé um að ræða neinn samning. Núna sé greitt skv. reikningum. Reikningarnir séu byggðir á töxtum, sem Kafarafélagið hafi lagt fram. Taxtinn sé annars vegar fyrir kafara með atvinnurekandaútgjöldum og hins vegar fyrir kafara, þar sem sett sé inn verkstjóraálag. Það sé talið, að vinna þeirra sé oft þannig, að þeir séu verkstjórar, beri verkstjóraábyrgð á verkinu, og hafi þeir þess vegna taxta, þar sem verkstjóraálagi sé bætt á. Þessi taxti sé talinn gilda frá 1. mars 1977. Í október 1976 muni hafa verið farið eftir gildandi launasamningi um ráðningu kafara.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnandi hafi starfað að köfun í 36 ár og hvarvetna unnið sér hið ágætasta orð fyrir mikinn dugnað og hæfni í starfi. Hafi ekki verið fundið að störfum hans hjá Hafnamálastofnun ríkisins í þau 30 ár, sem hann hafi starfað fyrir það fyrirtæki. Sé riftun á verksamningi við hann gersamlega ástæðulaus og bótaskyld, enda hafi hann sagt upp starfi sínu hjá Skeljungi h/f vegna ráðningar sinnar að hafnargerðinni í Sandgerði. Hjá Skeljungi h/f hafi stefnandi unnið á vetrum, þegar minna hafi verið að gera við köfun.

Stefnandi telji, að vinnulaun sín fyrir köfun í Sandgerðishöfn hafi orðið 2.4 milljónir króna, sem er stefnukrafa málsins.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnukrafa málsins væri miðuð við laun stefnanda fyrir stefnda við hafnarframkvæmdir í Grindavík á árinu 1975. Á dskj. nr. 7 séu vikulaun stefnanda kr. 140.744, en þar sé ekkert köfunarálag og engin tækjaleiga. Leiga á kafaratækjum sé stór hluti af tekjum stefnanda. Á framlögðum skattframtölum sjáist tekjur stefnanda og við samanburð á tekjum áranna 1975 og 1976 megi sjá tjón stefnanda af riftun verksamningsins.

Stefnandi hafi fengið laun til 5. október 1976 fyrir störf sín fyrir stefndu í Æðey. Stefnandi hafi unnið ákveðið verk fyrir stefndu í Eyrarbakkahöfn 23. október 1976 og fyrir það hafi stefnandi fengið greitt og ekki meira.

Ekki sé á því byggt, að stefnandi hafi verið launalaus um tíma vegna þess, að ekki varð af umsaminni vinnu stefnanda fyrir stefndu. Heldur sé málið höfðað til heimtu bóta fyrir riftun á verksamningi. Samningur stefndu við stefnanda hafi verið verksamningur. Þessi fullyrðing er studd þeim rökum, að samið hafi verið um ákveðið verk, stefnandi sé tiltölulega sjálfstæður við framkvæmd verksins, stefnandi sé ekki í launþegafélagi, stefnandi megi sjálfur ráða sér aðstoðarmann, hann leggi sjálfur til dýr tæki og vélar, viðkomandi verk verði ekki unnið af öðrum en þeim, sem hafi leyfi eða löggildingu til þess að vinna verkið. Stefnandi telji fram til skatts sem atvinnurekandi og greiði söluskatt, aðstöðugjald, launaskatt og slysatryggingariðgjald. Á dskj. nr. 16 megi sjá verksamning, þar sem ekki sé samið um tiltekinn árangur, þar sé samið um ákveðið tímakaup í samræmi við samning Hafnamálastofnunar ríkisins og Félags ísl. kafara.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að haustið 1976 hafi mælst svo til milli stefnanda og Einars Stefánssonar, forstöðumanns áhaldahúss Vita- og hafnamálastofnunar, að stefnandi kæmi til starfa hjá stofnuninni vegna framkvæmda, sem þá hafi verið unnið að í Sandgerðishöfn. Ráðning þessi hafi verið munnleg, enda sé sá háttur almennt hafður á við ráðningu kafara til einstakra verkefna fyrir stofnunina. Allalgengt muni vera, að Hafnamálastofnunin ráði þannig kafara til starfa, auk þess sem einn fastráðinn kafari starfi hjá henni árið um kring. Stefnandi hafi síðan hafið störf 14. sept. 1976 og unnið, svo sem lýst sé í greinargerð stefnanda, til 15. okt. sl., en þá hafi honum verið sagt upp störfum með venjulegum fyrirvara og hafi launagreiðslum til hans lokið 23. okt. 1976.

Sýknukrafa stefndu er á því byggð, að uppsagnarfrestur sá, er stefnandi hafi notið, ein vika, sé í fullu samræmi við vinnusamband það, er tekist hafi á milli stefnanda og vinnuveitandans, Hafnamálastofnunar ríkisins, og launagreiðslur allar, er af því hafi leitt, hafi þegar verið inntar af hendi og á réttum tíma.

Svo sem fram komi í greinargerð stefnanda, hafi hann af og til um langt árabil starfað hjá stofnuninni við einstakar framkvæmdir hennar, þar sem starfsþekking hans hafi nýst. Þegar litið sé heildstætt á téðan starfstíma, verði ekki annað séð en

samband stefnanda og Hafnamálastofnunar sé svo lauslegt og tilviljanakennt, að hinn almenni og tiltölulega skammi uppsagnarfrestur vinnumarkaðarins gildi, jafnvel þótt réttur til lengri frests hafi getað stofnast í einstökum tilvikum þessi ár. Á þetta atriði muni ekki hafa verið reynt áður í samningum stofnunarinnar og kafara, þar sem starfstími þeirra hafi almennt átt sér sinn eðlilega enda við verklok og muni uppsögn aldrei hafa verið tíðkuð í þeim málum. Sé fjöldi vinnustunda stefnanda hjá stofnuninni frá uppsagnardegi til jafnlengdar 1975 athugaður, sbr. dómskjal nr. 6, þá komi í ljós, að þær nái engan veginn þeim mörkum, sem jafnað sé til samfelldrar vinnu í eitt ár eða lengur í 2. mgr., sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 16 frá 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, þannig að mánaðarfrestur sá, er greini í téðum lögum, eigi hér ekki við. Það er áréttað, sem fram kemur á dskj. nr. 6, að svokallaðar álagsstundir séu kaupgreiðslur, en ekki tímaeining, þegar reiknuð sé greiðsla fyrir hina eiginlegu köfun, sbr. 3. tl. kaupgjaldsákvæðis í samningi Félags kafara við Hafnamálastofnun á dskj. nr. 4.

Til vara er þess krafist, að uppsagnarfrestur stefnanda verði ákveðinn einn mánuður í samræmi við lög nr. 16 frá 1956 og 1. gr. tilvitnaðs kjarasamnings, enda réttlæti samband stefnanda og stofnunar ekki annan eða lengri uppsagnarfrest, og að laun fyrir þann tíma verði miðuð við fastakaup samkvæmt kjarasamningi fyrir 8 klt. vinnudag að frádregnum greiðslum vegna þeirrar viku, sem þegar hafa farið fram.

Þrautavarakrafa stefndu sé tilkomin vegna fullyrðinga í greinargerð stefnanda um, að kominn hafi verið á verksamningur milli aðilja málsins. Þessu er mótmælt af hálfu stefndu. Réttarstaða kafara beri að vísu örlítinn svip af verksamningi, en á móti komi heildarandi eða stefna í samningum kafara, s. s. það, að verklaun miðist við tímaeiningu, greiðslu í ýmsa sjóði (orlof, lífeyrir) o. fl. atriði, auk þess sem verkið sé að öllu leyti unnið á ábyrgð og undir stjórn Hafnamálastofnunar.

Stefnufjárhæðinni er sérstaklega mótmælt sem allt of hárri og órökstuddri. Vaxtakröfu er sérstaklega mótmælt, enda sé óljóst, við hvað hún miðist.

IV.

Álit dómsins.

Viðurkennt er, að stefnandi hafi af og til um langt árabil unnið hjá Hafnamálastofnun ríkisins við köfun. Stefnandi var

ráðinn haustið 1976 til köfunarstarfa fyrir Hafnamálastofnun ríkisins vegna hafnargerðar í Sandgerði. Af þessari vinnu stefnanda fyrir stofnunina varð ekki af ástæðum, sem ekki voru sök stefnanda.

Ósannað er, að stefnanda hafi verið greidd laun fyrir lengri tíma en hann vann fyrir Hafnamálastofnun ríkisins haustið 1976.

Þegar til þess er litið, sem fram er komið um eðli starfs stefnanda, svo og fullyrðinga af hálfu stefndu um, að starfstími kafara hafi almennt átt sér sinn eðlilega enda við verklok og muni uppsögn aldrei hafa verið tíðkuð í þeim málum, þá verður ekki á þá skoðun stefndu fallist, að vikuuppsagnarfrestur eigi við í sambandi stefnanda og stefndu. Sama er um ákvæði 1. gr. laga nr. 16 frá 1958. Þau þykja ekki eiga við um ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar.

Þegar til þess er litið, sem fram er komið um eðli starfs stefnanda, aðferðar Hafnamálastofnunar ríkisins við ráðningu kafara til einstakra verka svo og til framburðar stefnanda um, að hann hafi verið ráðinn í ákveðið verk, sem stefnandi hafi ekki vitað nákvæmlega, hve langan tíma tæki, en hann hafi vitað, að það mundi taka nokkra mánuði, þá þykir stefnandi hafa mátt reikna með köfunarstarfi fyrir Hafnamálastofnun ríkisins í a. m. k. 2—3 mánuði vegna hafnargerðar í Sandgerði, enda er fram komið, að verk þetta tók 11 vikur. Ekki hefur verið upplýst, hvað var greitt fyrir verk þetta. Þegar litið er til framlagðra skattframtala stefnanda, þykir stefnandi hafa sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir verulegu tekjutapi við það, að ekki varð af umsaminni vinnu hans fyrir stefndu við Sandgerðishöfn. Þar sem samningsrofin voru ekki sök stefnanda, þykja honum bera bætur vegna þeirra. Eftir atvikum þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 800.000 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 171.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, samgönguráðherra f. h. Hafnamálastofnunar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Grími Guttormssyni, kr. 800.000 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags og kr. 171.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. nóvember 1980.

Nr. 210/1980. **Ævar Guðmundsson**
gegn
Guðmundi Eyþórssyni.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Málið var sent Hæstarétti með bréfi sýslumannsins 30. október 1980, sem barst réttinum 4. nóvember. Fylgdi bréfinu kæra Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns 22. október, þar sem hann kærði „frávísunardóm", sem uppkveðinn var 9. október í aukadómþingsmálinu nr. 8/1980: Ævar Guðmundsson gegn Guðmundi Eyþórssyni. Um kæruheimild vísar lögmaðurinn til b liðar 21. gr. laga nr. 75/1973.

Kröfur kæranda eru, að „frávísunardómnum verði hrundið" og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Greinargerð hefur komið fram af hálfu stefnda, en engar kröfur.

Með áskorunarstefnu 23. maí 1980 höfðaði Ævar Guðmundsson, héraðsdómslögmaður í Reykjavík, mál fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu gegn Guðmundi Eyþórssyni, Brúarhlíð í Blöndudal, „til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 384.000,- ásamt 4,5% dráttarvöxtum á mán. eða brot úr mán. frá 5. 10. 1979 til greiðsludags, kr. 1.000,- í stimpilkostn. skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Skuld þessi er skv. einum víxli útgefnum og framseldum af Elco þann 1. 8. 1979, en samþykktum til greiðslu af stefnda, Guðmundi, þann 5. 10. 1979 í Búnaðarbanka Ísl., Blönduósi . . .".

Málið var tekið fyrir á aukadómþingi 20. júní 1980, og lagði umboðsmaður stefnanda fram stefnu og víxil. Þing

var sótt fyrir stefnda og frestur veittur. Næst var þingað í málinu 11. júlí, og var þá lögð fram greinargerð af hálfu stefnda. Segir þar, að stefndi hafi verið beittur svikum, og er krafist, að hann verði sýknaður af þeim sökum. Síðan segir í greinargerðinni: „Verði ekki á það fallist, þá geri ég kröfu til þess, að ekki verði um víxilmál að ræða . . . enda fullnægir víxillinn ekki víxillögum að fróðra manna sögn, þar sem undirskrift útgefanda er ólæsileg og firmað Elco er ekki skrásett firma og getur því ekki verið útgefandi víxilsins". Tekið er fram í greinargerðinni, að stefndi vildi koma að gagnkröfu í málinu. Þá var krafist málskostnaðar.

Næst var málið tekið fyrir á aukadómþingi Húnavatnssýslu 9. október 1980. Þing var sótt fyrir báða aðilja. Bókað var m. a.:

„Umboðsmaður stefnda ítrekar kröfur sínar . . . um, að mál þetta verði ekki rekið sem víxilmál, þar sem ekki sé um löglegan víxil að ræða.

Umboðsmaður stefnanda mótmælir þessum skilningi og krefst þess, að málið haldi áfram sem víxilmál".

Dómarinn kvað síðan upp úrskurð þann, sem kærður var og hér er til meðferðar.

Meðal skjala málsins er hinn umdeildi víxill. Virðist undirskrift útgefanda og framseljanda vera þessi: Elco E. Lövdahl.

Eins og fram kemur í því, sem rakið hefur verið, hefur þess verið krafist af hálfu stefnda, að hann megi koma að vörnum í málinu. Verður ráðið af greinargerð umboðsmanns stefnda, að vörnin sé sú, að útgefandi og framseljandi víxilsins hafi haft svik í frammi í viðskiptum við stefnda.

Hin kærða ákvörðun er að efni til sú, að vörnin skuli komast að í málinu. Kveða mátti upp úrskurð um þetta atriði, en í lögum nr. 75/1973 eða öðrum lögum er ekki að finna heimild til að kæra slíkan úrskurð sérstaklega til Hæstaréttar. Verður því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Stefndi krefst ekki kærumálskostnaðar. Verður kærumálskostnaður ekki dæmdur.

Það athugast, að hinn kærði úrskurður er ekki í því formi sem vera ber eftir 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður aukadómþings Húnavatnssýslu 9. október 1980.

Mál þetta er höfðað út af víxli, dagsettum 1. ágúst 1979 og samþykktum af Guðmundi Eyþórssyni, stefnda í máli þessu, til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, Blönduósi, þann 5. okt. 1979, útgefinn af Elco, að öðru leyti er undirskrift og áritun á bakhlið ólæsileg. Víxillinn er með áritun á bakhlið, svohljóðandi: Stimpill: Til Búnaðarbanka Íslands, Blönduósi (handskrifað) eða þeim er hann tilvísar. Landsbanki Íslands. Víxillinn ber ekki með sér, að hann hafi verið afsagður. Útgefandi hefur heldur ekki fallið frá afsögn.

Víxillinn er út gefinn af Elco. Það firma er ekki skráð í Reykjavík, Hafnarfirði né í Kópavogi samkvæmt upplýsingum viðkomandi embætta. Nafnið, sem skrifað er ofan í firmanafnið, er algerlega ólæsilegt og ekki tekið fram í stefnu, hvaða nafn eða hver hefur gefið víxilinn út annar en Elco, sem er óskrásett og er því ekki fullgild persóna að lögum. Á víxlinum er því veigamikill formgalli. Verður því fallist á þá kröfu stefnda með tilvísun til 1. og 2. gr. víxillaga nr. 93/1933 að úrskurða nefnda kröfu sem almenna kröfu, sem ekki fær meðferð víxilréttarmáls.

Ályktunarorð:

Skjal nr. 2 í máli þessu verður ekki talið víxill í merkingu víxillaganna, og verður mál þetta því ekki rekið sem víxilréttarmál.

Þriðjudaginn 18. nóvember 1980.

Nr. 146/1979. **Hreppsnefnd Grímsneshrepps**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Helga Steinari Karlssyni
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Lögveð. Synjað um lögtak. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 3. ágúst 1979. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og fógetarétti Reykjavíkur verði dæmt skylt að fara með lögtaksmálið og úrskurða um það.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar.

Hvorugur aðilja hefur krafist málskostnaðar.

Lögmaður áfrýjanda lýsti yfir því við munnlegan flutning málsins í fógetarétti, að hann teldi, að lögtaksmál þetta mætti reka á heimilisvarnarþingi gerðarþola. Hann krafðist síðan úrskurðar um þá kröfu sína, að með lögtaksmál þetta yrði farið fyrir fógetarétti Reykjavíkur.

Gerðarbeiðandi krafðist lögtaks fyrir fasteignaskatti, sem lagður var á fasteign í Grímsneshreppi í Árnessýslu, samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 8/1972. Fasteignaskattinum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign, sbr. 7. gr. sömu laga. Með hliðsjón af þessu og grundvallarreglu 78. gr. laga nr. 85/1936 gat lögtaksgerðin ekki farið fram nema á varnarþingi fasteignarinnar. Bar gerðarbeiðanda því að leggja beiðni sína fyrir fógeta í Árnessýslu, er síðan skyldi ráða málinu til lykta. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Í lögtakslögum nr. 29/1885 eru ekki sérstök ákvæði um, í hvaða lögsagnarumdæmi gerð skuli fara fram, en skv. ákvæði í 1. mgr. 7. gr. laganna fer um þetta eftir aðfararlögum nr. 19/1887. Í 2. mgr. 33. gr. þeirra laga segir: „Aðför skal að jafnaði hefja að heimili dómfellda, nema þegar fógeta þykir eftir atvikum vera ástæða til út af að bregða".

Nú er það að vísu svo, að í upphafi 78. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 segir: „Nú skal kröfu gera um dóm um réttindi yfir fasteign, innihald eða slit slíkra réttinda . . . og skal það mál sækja í þinghá, þar sem fasteign liggur . . ."

Hér er þess fyrst að gæta, að 78. gr. er í VII. kafla einkamálalaganna, en sá kafli er ekki meðal þeirra, sem eftir 223. gr. þeirra tekur til málsmeðferðar fyrir fógetarétti. Þá er þess að gæta, að ágreiningur aðilja er um lögmæti fasteignaskatts, en ekki eru gerðar kröfur um „réttindi yfir fasteign, innihald eða slit slíkra réttinda". Leiða báðar þessar ástæður til þeirrar niðurstöðu að mínu áliti, að ekki er eftir 78. gr. einkamálalaga skylt að byrja í Árnessýslu lögtak vegna fasteignaskattskröfu áfrýjanda.

Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1887 mátti áfrýjandi krefjast lögtaks hjá stefnda í Reykjavík, þar sem heimilisvarnarþing hans er. Lögtak í fasteign stefnda í Grímsneshreppi verður að sönnu ekki gert af fógeta í Reykjavík, en ég tel, að ekki séu efni til, að hann synji um lögtak, þótt svo sé. Var hér rétt, að hann frestaði lögtakinu til framhalds á eigninni sjálfri. Mátti gerðarbeiðandi síðan fá lögtakinu framhaldið í Árnessýslu.

Eftir þessu tel ég, að fella beri hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. júní 1979.

Með bréfi 23. maí þ. á. hefur Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður krafist þess f. h. Grímsneshrepps, að fram fari lögtak í eignum Helga Steinars Karlssonar, Búlandi 21 hér í borg, til tryggingar ógreiddum fasteignaskatti fyrir árið 1978, kr. 26.440

auk vaxta og kostnaðar, en skattur þessi er lagður á sumarbústað Helga Steinars Karlssonar, er stendur í landi jarðarinnar Öndverðarness I í Grímsnesi.

Það liggur fyrir, að framgangi lögtaks er mótmælt.

7. gr. núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972 segir, að fasteignaskatti fylgi lögveð í fasteign þeirri, er á er lagt, og skuli skattkrafan ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla.

Þegar á þetta er litið, verður að telja, að löggjafinn hafi ætlast til þess, að ganga skuli að eigninni sjálfri, og af því leiðir, að hvers konar innheimtuaðgerðir eiga að fara fram á varnarþingi hennar án tillits til persónulegs varnarþings eiganda.

Ber því að synja um meðferð umbeðinnar lögtaksgerðar í fógetarétti Reykjavíkur, og fer hún ekki fram.

Því úrskurðast:
Umbeðin lögtaksgerð fer ekki fram.

Fimmtudaginn 20. nóvember 1980.

Nr. 126/1979. **Alþýðuhúsið h/f**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Þorvaldi Ara Arasyni
(sjálfur).

Uppboð. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Jóhann Salberg Guðmundsson, bæjarfógeti á Sauðárkróki, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Úrskurði uppboðsréttar Sauðárkróks, uppkveðnum 12. júní 1979, er áfrýjað með stefnu 2. júlí s. á.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, „að synjað verði um framkvæmd umbeðins uppboðs á húseigninni Aðalgötu 7, Sauðárkróki," og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í áfrýjunarstefnu segir, að úrskurði uppboðsréttar sé áfrýjað „fyrir hönd Guðmundar Tómassonar hótelhaldara, Aðalgötu 7, Sauðárkróki, vegna Alþýðuhússins h.f., Sauðárkróki".

Við flutning málsins í Hæstarétti upplýsti lögmaður áfrýjanda, að Guðmundur Tómasson hefði keypt fasteignina Aðalgötu 7 af Alþýðuhúsinu h/f. Jafnframt lagði hann fram vottorð bæjarfógetans á Sauðárkróki, en þar segir, að samkvæmt veðmálaskrám embættisins sé Guðmundur eigandi nefndrar fasteignar samkvæmt afsali 18. janúar 1977, en þinglýstu 13. apríl s. á.

Þar eð stefndi gekk að hinni veðsettu eign, Aðalgötu 7, til lúkningar veðskuldinni, bar að beina uppboðslögsókninni að þinglýstum eiganda hennar. Í þessu sambandi er athugavert, að ekki verður séð, að aflað hafi verið veðbókarvottorðs um eignina, eins og bar að gera, sbr. ákvæði 6. gr. laga nr. 57/1949.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er Alþýðuhúsið h/f ranglega talið uppboðsþoli í stað Guðmundar Tómassonar og því gert að greiða málskostnað.

Vegna þessa galla á meðferð uppboðsmálsins verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og vísa málinu ex officio heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Sauðárkróks 12. júní 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 12. júní, var á uppboðsþingi Sauðárkróks, sem haldið var í skrifstofu uppboðshaldara að Víðigrund 5 á Sauðárkróki, kveðinn upp úrskurður í uppboðsþingsmálinu nr. 4/1979: Þorvaldur Ari Arason gegn Alþýðuhúsinu h/f.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar eftir munnlegan flutning 31. f. m., er þess krafist af uppboðsbeiðanda, Þorvaldi Ara Arasyni lögfræðingi, Sólvallagötu 63, Reykjavík, að seld verði á nauðungaruppboði húseign uppboðsþola nr. 7 við Aðalgötu á Sauðárkróki til lúkningar eftirstöðvum skuldar að fjárhæð kr. 880.000 auk vaxta og kostnaðar, þar með talin málflutningslaun. Skuldin er sundurliðuð í uppboðsbeiðni þannig: Afborgun kr. 80.000, sem bar að greiða 15. júní 1978, 8% ársvextir af kr. 880.000 frá 15. nóvember 1977 til 15. júní 1978, kr. 41.067, 3% vanskilavextir á mánuði af kr. 121.067 frá 15. júní 1978 til 21. ágúst 1978, eftirstöðvar kr. 800.000, 8% ársvextir af þeirri fjárhæð frá 15. júní 1978 til 15. ágúst 1978, kr. 10.667, 3% vanskilavextir á mánuði af kr. 810.667 frá 15. ágúst 1978 til greiðsludags, kr. 78.091 í innheimtuþóknun og fyrir að rita beiðni um uppboð kr. 5.000.

Uppboðsþoli, Alþýðuhúsið h/f á Sauðárkróki, hefur mótmælt framgangi uppboðs og krafist málskostnaðar úr hendi uppboðsbeiðanda.

Uppboðsbeiðandi hefur krafist uppboðs þess, sem hér um ræðir, á grundvelli veðskuldabréfs, sem útgefið er af uppboðsþola til handhafa 19. janúar 1973, upphaflega að fjárhæð kr. 1.600.000, tryggðs með veði í húseigninni nr. 7 við Aðalgötu á Sauðárkróki. Skuldina ber að greiða á næstu 10 árum frá útgáfu með gjalddögum 15. júní og 15. nóvember ár hvert, kr. 80.000 hvert sinn, og var fyrsti gjalddagi 15. nóvember 1973. Skuldabréfið hefur uppboðsbeiðandi gjaldfellt skv. ákvæðum bréfsins sjálfs vegna vanskila á greiðslu afborgunar og vaxta, sem ljúka skyldi 15. júní 1978, og krafist nauðungaruppboðs á veðinu til lúkningar höfuðstóli skuldarinnar með vöxtum og kostnaði, eins og að framan greinir. Skuldabréfið var til innheimtu í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Er greiðsla hafði eigi borist 28. júlí 1978, var bréfið sótt og tekið úr bankanum. Uppboðsbeiðandi tilkynnti uppboðsþola með bréfi, sem var dagsett 31. júlí 1978 og póstlagt að morgni sama dags, að skuldabréfið væri gjaldfellt skv. heimild í því sjálfu og að skuldara væri gefinn kostur á að greiða eftirstöðvarnar með vöxtum og áföllnum kostnaði fyrir 15. ágúst

1978. Þann 14. s. m. fékk uppboðsbeiðandi skeyti frá uppboðsþola, þar sem gjaldfellingu skuldabréfsins er mótmælt og jafnframt tekið fram, að fyrir milligöngu Búnaðarbanka Íslands hefðu kr. 128.330 verið greiddar þann 25. júlí. Síðla dags. 31. júlí 1978 tilkynnti bankinn uppboðsbeiðanda, að greiðsla þessi hefði borist bankanum. Af hálfu uppboðsbeiðanda fékk Landsbankinn fyrirmæli um að endurgreiða þessa peninga, svo sem hann og gerði sama dag, 31. júlí. Ástæðu fyrir gjaldfellingu skuldabréfsins kveður uppboðsbeiðandi vera þá, að hann hafi verið orðinn þreyttur á því, að skuldari hafi eigi staðið við skýra skuldbindingu í skuldabréfinu um að greiða afborganir og vexti á réttum gjalddögum. Áritanir á skuldabréfið bera með sér of seinar greiðslur sem hér segir:

Greiðsla pr. 15. nóv. 1977 innt af hendi 6. des. 1977 eða 20 dögum síðar
Greiðsla pr. 15. júní 1977 innt af hendi 1. júlí 1977 eða 15 dögum síðar
Greiðsla pr. 15. nóv. 1976 innt af hendi 15. des. 1976 eða 30 dögum síðar
Greiðsla pr. 15. júní 1976 innt af hendi 29. júlí 1976 eða 44 dögum síðar
Greiðsla pr. 15. nóv. 1975 innt af hendi 14. jan. 1976 eða 59 dögum síðar

Þá tekur uppboðsbeiðandi fram, að hann hafi áður orðið að leita sér aðstoðar lögmanna til þess að innheimta afborganir og vexti, svo sem áritanir á skuldabréfið beri með sér. Kveðst hann hvað eftir annað hafa gefið uppboðsþola eftir gjaldfellingu, en nú kveður uppboðsbeiðandi nóg af slíku komið og því hafi hann ákveðið að binda enda á þessi viðskipti með því að innheimta skuld þessa að fullu.

Af hálfu uppboðsþola er það tekið fram, að Guðmundur Tómasson, fyrirsvarsmaður Alþýðuhússins h/f, hafi verið staddur á Sauðárkróki þann 25. júlí 1978 og þá viljað greiða afborgun og vexti, sem í vanskilum voru, af téðu skuldabréfi, sem hann vissi vera til innheimtu í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Uppboðsþoli fór í útibú Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki og óskaði aðstoðar bankastarfsmanna við greiðslu. Það kom í hlut Þormars Ingimarssonar, sem þá var starfsmaður bankaútibúsins, að gera þetta. Hann átti símtal við starfsstúlku í verðbréfadeild Landsbankans í Reykjavík, og gaf hún upp fjárhæðina kr. 128.330, gjaldfallna afborgun 15. júní 1978 með vöxtum og dráttarvöxtum. Sú fjárhæð var útbúin í gíróseðil og framsend frá útibúinu 25. júlí 1978, og var gíróseðillinn greiðslustimplaður sama dag. Þann 28. júlí 1978 tók eigandi eða umráðamaður skuldabréfsins það úr innheimtu í Landsbankanum. Þegar áðurgreindur gíróseðill hafði borist bankanum, eigi síðar en 2. ágúst 1978, var af hálfu verðbréfadeildar bankans vegna uppboðsþola haft tal af

uppboðsbeiðanda, en hann neitaði að taka við greiðslunni. Þann 4. ágúst 1978 barst uppboðsþola bréf uppboðsbeiðanda, dags. 31. júlí s. á., þar sem skuldinni var sagt upp og greiðslu allrar skuldarinnar með vöxtum og kostnaði krafist. Uppboðsþoli mótmælti gjaldfellingu skuldabréfsins í símskeyti til uppboðsbeiðanda, dags. 4. ágúst s. á. Verðbréfadeild Landsbankans endursendi uppboðsþola innborgaðar kr. 128.330 í gíróseðli 2. ágúst s. á. Síðar var þessi fjárhæð greidd til geymslu (depositum) í Landsbanka Íslands. Síðan hefur uppboðsþoli greitt til geymslu í sama banka kr. 106.667 þann 2. nóv. 1978. Fjárhæðir þessar hafa verið greiddar uppboðsbeiðanda skv. sérstöku samkomulagi milli lögmanna málsaðilja, og er þar tekið fram, að þær greiðslur skuli eigi hafa áhrif á spurninguna um heimild til gjaldfellingar skuldabréfsins. Uppboðsþoli reisir mótmæli sín gegn framgangi uppboðs á því, að uppsögn í bréfi uppboðsbeiðanda, dags. 31. júlí 1978, hafi eigi verið send og eigi borist uppboðsþola fyrr en eftir að hann hafði greitt af skuldabréfinu til vörslumanns þess, verðbréfadeildar Landsbankans, og óheimilt sé að beita uppsagnarákvæðum skuldabréfs sem þessa, þegar greitt hafi verið til rétts vörslumanns skv. upplýsingum hans um vanskil. Uppboðsþoli bendir á, að greiðsla hafi borist vörslumanni bréfsins 2. ágúst 1978, en uppsögn skuldarinnar borist uppboðsþola 4. ágúst s. á. Þá mótmælir uppboðsþoli framgangi uppboðs á grundvelli þeirrar staðhæfingar, að uppsögn skuldabréfsins sé gölluð. Telur hann þar fyrst koma til, að vextir af skuldabréfinu miðaðir við 15. júní 1978 séu ranglega reiknaðir, og enn fremur sé bersýnilega óheimilt og óréttmætt að láta uppsögn gilda frá 15. júní 1978, eins og útreikningur dráttarvaxta frá uppboðsbeiðanda gefi til kynna. Telur uppboðsþoli fyrsta mögulegan uppsagnardag vera 30. júní 1978.

Í framangreindu veðskuldabréfi, sem lagt er til grundvallar dómkröfum í máli þessu, eru venjuleg og hefðbundin ákvæði um gjaldfellingu. Meðal annars eru þar ákvæði, sem segja, að ef vextir og afborganir eru eigi greiddar innan 14 daga frá gjalddaga, sé skuldin öll fallin í gjalddaga án nokkurs fyrirvara. Samkvæmt þessu átti að greiða áfallna afborgun og vexti af téðu skuldabréfi fyrir 30. júní 1978. Þetta ákvæði ber að skýra þannig, að skuldareigandi þurfi eigi að þola greiðsludrátt af hálfu skuldara umfram það, sem í skuldabréfinu greinir. Í samræmi við þetta og þar sem það enn fremur er komið fram, að uppboðsþola var kunnugt um greiðslustað, var uppboðsbeiðanda heimilt að

gera höfuðstól skuldabréfsins gjaldfallinn með vöxtum og innheimtukostnaði skv. ákvæðum bréfsins, eins og á stóð, er hann tók bréfið úr innheimtu Landsbanka Íslands 28. júlí 1978, enda sendi hann uppboðsþola tilkynningu um þetta 31. s. m. Þótt uppboðsþoli hafi komið greiðslu áfallinna vaxta og afborgunar í útibú Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki til flutnings 25. júlí 1978, barst sú greiðsla eigi til Landsbankans, sem var réttur greiðslustaður, fyrr en 31. s. m., og hafði uppboðsbeiðandi þá tekið skuldabréfið úr bankanum og einnig sent frá sér tilkynningu til uppboðsþola um gjaldfellingu skuldabréfsins, svo sem frá er greint hér að framan. Það verður eigi talið, að téð greiðsla uppboðsþola geti, eins og atvikum var háttað, bundið hendur uppboðsbeiðanda til þess að fella skuldabréfið allt í gjalddaga samkvæmt ákvæðum þess, eftir að verulegur greiðsludráttur hafði orðið af hálfu uppboðsþola að þessu sinni, auk þess sem verulegur dráttur hafði átt sér stað af hans hálfu nokkuð oft undanfarin ár. Þótt uppboðsþoli sætti sig eigi við útreikning uppboðsbeiðanda á vanskilavöxtum út af greiðslu, sem átti að fara fram skv. téðu skuldabréfi 15. júní 1978, breytir það eigi niðurstöðu málsins, þar eð síðar á að vera unnt að koma að leiðréttingu á slíku, eftir því sem efni kann til að standa.

Með vísun til framanritaðs verður niðurstaðan sú, að fallist verður á, að umbeðið nauðungaruppboð skuli ná fram að ganga.

Eftir atvikum þykir rétt að úrskurða uppboðsþola til að greiða uppboðsbeiðanda upp í málskostnað kr. 250.000.

Ályktarorð:

Umbeðið uppboð skal ná fram að ganga.

Uppboðsþoli, Alþýðuhúsið h/f, skal greiða uppboðsbeiðanda, Þorvaldi Ara Arasyni, kr. 250.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1979.

Nr. 118/1979. **Ingvar Björnsson**
(Þórólfur Kr. Beck hdl.)
gegn
bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h.
bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
(Sigurður Helgason hrl.).

Sáttaumleitan. Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1979. Hann krefst þess, „að stefndi verði dæmdur til að árita afsal, dags. 16. janúar 1979, á milli Byggingarfélags alþýðu annars vegar og Sigmundar Magnússonar hins vegar og stefnanda um fjögurra herbergja íbúð að Sléttahrauni 28, Hafnarfirði, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum sem og bílskúr, en eignarhlutinn, sem í afsalinu getur, er 8,8% fjölbýlishússins nr. 28—30 við Sléttahraun í Hafnarfirði, um, að Hafnarfjarðarbær hafni forkaupsrétti að nefndum eignarhluta í áðurgreindu fjölbýlishúsi". Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný skjöl.

Samkvæmt ákvæðum 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1950, svo og 78. gr. hinna fyrrnefndu laga bar héraðsdómara að leita sátta um dómkröfur aðilja í þinghaldi 20. febrúar 1979, eftir að stefndi hafði lagt fram greinargerð af sinni hálfu, sbr. 2. mgr. 106. gr. laganna. Ekki sést, að héraðsdómari hafi leitað sátta í málinu, og verður því að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er sátta bar að leita samkvæmt framansögðu, og vísa mál-

inu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði frá 20. febrúar 1979 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Sáttaumleitun dómara gat farið fram í þinghaldi 20. febrúar 1979 og hefði samkvæmt 2. málsgr. 106. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 verið rétt, að svo hefði verið gert. Í þinghaldi þessu voru tekin fyrir mörg mál, og var mál þetta hið 12. í röðinni. Samkvæmt sömu lagagrein var heimilt að fresta sáttatilraun. Ef sáttaumleitun dómara á að vera meira en nafnið tómt, þarf hann að hafa kynnt sér mál rækilega. Til þess hafði hann ekki tóm í framangreindu þinghaldi. Í næsta þinghaldi, hinn 13. mars 1979, varð útivist af hálfu stefnda og málið þá dómtekið samkvæmt kröfu stefnanda, sbr. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Ég tel því, að það varði ekki heimvísun málsins, þó að sáttaumleitun hafi farist fyrir.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að vísa beri málinu heim í hérað, er ekki efni til, að ég leggi efnisdóm á málið.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. mars 1979.

Mál þetta, sem var dómtekið 13. þ. m., hefur Ingvar Björnsson héraðsdómslögmaður, Miðvangi 10, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 27. janúar sl., á hendur Kristni Guðmundssyni bæjarstjóra f. h. bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að árita afsal, dags. 16. janúar 1979, á milli Byggingarfélags alþýðu annars vegar og Sigmundar Magnússonar hins vegar og stefnanda um fjögurra herbergja íbúð að Sléttahrauni 28, Hafnarfirði, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum sem og bílskúr, en eignarhlutinn, sem í afsalinu getur, er 8.8% fjölbýlishússins nr. 28—30 við Sléttahraun í Hafnarfirði, um, að Hafnarfjarðarbær hafni forkaupsrétti að nefndum eignarhluta í áðurgreindu fjölbýlishúsi og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af stefnda hálfu hefur komið fram greinargerð og verið lögð fram nokkur dómskjöl, en þingsókn hefur síðan fallið niður af hálfu stefnda.

MÁLAVEXTIR.

Þann 1. júlí 1969 gerðu Byggingarfélag alþýðu, Hafnarfirði, og stefnandi með sér kaupsamning, þar sem byggingarfélagið selur stefnanda íbúð í húsinu nr. 28 við Sléttahraun, svo sem lýst er í kröfugerð stefnanda. Kaupverð var ákveðið kr. 945.668.60, en af því hafði kaupandi þá greitt kr. 495.668.60. Afganginn, kr. 450.000, skuldbatt stefnandi sig til að greiða með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, vexti og afborgun fyrirfram fyrir hvern mánuð í senn fyrstu daga hvers mánaðar, kr. 2.463 (afborgun og vextir) á mánuði í óslitinni röð á næstu 42 árum frá 1. febrúar 1968 að telja, þó í fyrsta sinn 1. febrúar 1968. Miðað var við vísitölu byggingarkostnaðar 345 stig. Í kaupsamningnum kemur fram, að kaupandi hafði þá þegar tekið við íbúðinni. Þá er tekið fram, að seljandi hafi forkaupsrétt að íbúðinni í hvert skipti sem hún verði seld, og má verð íbúðarinnar ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar, eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Stofnendur Byggingarfélags alþýðu í Hafnarfirði hafa forgangsrétt til kaupa eða leigu á íbúðinni fyrir þeim, er síðar ganga í félagið, en þegar þeir hafa allir fengið íbúð í húsum félagsins, skulu aðrir félagsmenn hafa forgangsrétt í þeirri röð, sem þeir hafa innritast í það.

Kaupandi skuldbindur sig til að hlíta í einu og öllu lögum og

reglum þeim, er seljandi kann að setja viðvíkjandi hinni seldu íbúð, svo og ákvæðum þeim, sem felast í lögum um verkamannabústaði nr. 60/1962, reglugerðum samkvæmt þeim lögum og öllum þeim breytingum, er á téðum lögum eða reglugerðum kunna settar að verða.

Önnur ákvæði þessa samnings þykja ekki skipta hér máli.

Stefnandi virðist hafa greitt fyrstu greiðslu upp í íbúðarkaupin 3. ágúst 1967. Lán hefur verið tekið til byggingarinnar í Byggingarsjóði verkamanna 20. janúar 1969, upphaflega 5.400.000 krónur, áhvílandi á 12 íbúðum. Húsasmíðin virðist hafa hafist á árinu 1966 og lokið í september 1968.

Þann 20. janúar 1978 óskaði stefnandi eftir því, að dómkvaddir yrðu matsmenn til að meta hæfilegt söluverð íbúðarinnar. Er tekið fram í matsgerðinni, að um söluverð íbúðarinnar gildi 6. gr. laga 60/1962, sbr. 26. gr. laga nr. 30/1970. Óskað er, að tillit sé tekið til þess, að seljanda verði heimilað að greiða upp eftirstöðvar láns til Byggingarsjóðs verkamanna, 411.951 kr., samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 60/1968, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 30/1970. Þá er lýst endurbótum, sem gerðar höfðu verið á eigninni. Í matsgerðinni eru endurbætur þessar metnar á 385.000 krónur og verðmætaaukning vegna frágangs á lóð, götu og bílgeymslu á 530.000 krónur. Þá er tekið fram, að til grundvallar matinu sé lögð meðalvísitala á byggingartímanum 312.5 stig. Söluverðið er síðan reiknað á fjóra mismunandi vegu.

1. Miðað við, að heimilt sé að greiða lánið að fullu og viðmiðunarvísitala 312.5, söluverð 10.748.988 krónur.
2. Miðað við, að heimilt sé að greiða lánið að fullu og viðmiðunarvísitala 345 stig, söluverð ..... 9.835.306 krónur.
3. Miðað við, að óheimilt sé að greiða lánið og viðmiðunarvísitala 312.5 stig, söluverð 6.944.243 krónur.
4. Miðað við, að óheimilt sé að greiða lánið og viðmiðunarvísitala 345 stig, söluverð .. 6.428.755 krónur.

Þann 4. apríl 1978 bauð stefnandi stefnda forkaupsrétt samkvæmt matinu á 11.726.169 krónur, miðað við þágildandi byggingarvísitölu og staðgreiðslu. Tekið er fram í bréfinu, að svar skuli berast fyrir 20. apríl 1978. Þann 5. apríl 1978 óskaði stefndi eftir að fá matsgerð, og myndrit hennar var sent stefnda 12. apríl 1978. Þann 17. apríl 1978 ritaði stefndi Byggingarfélagi alþýðu svohljóðandi bréf:

„Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 13. þ. m. voru lögð fram

forkaupsréttartilboð frá Lögmannsskrifstofu Ingvars Björnssonar og Péturs Kjerúlf, dags. 4. þ. m., að íbúðum í verkamannabústaðnum að Sléttahrauni 28—30. Íbúðir þessar eru eign Hermanns Bjarnasonar og Ingvars Björnssonar.

Bæjarráð telur forkaupsrétt ekki boðinn í samræmi við lög nr. 30/1970, sérstaklega þar sem uppsett söluverð brýtur í bága við ákvæði 26. gr. nefndra laga. Ennfremur á Byggingaf. alþýðu forkaupsrétt að þessum íbúðum til handa félagsmönnum á undan Hafnarfjarðarbæ, skv. 18. gr. reglugerðar nr. 272/1970. Þar sem ekki verður séð, að Byggingaf. alþýðu hafi verið boðinn forkaupsréttur, þá vísar bæjarráð framkomnum forkaupsréttartilboðum til stjórnar Byggingarfél. alþýðu til meðferðar í samræmi við framangreind laga- og reglugerðarákvæði, en mun síðar taka afstöðu til tilboðanna, ef Byggingarf. alþýðu ákveður að hafna þeim, enda í báðum tilvikum gengið út frá, að matsverð þeirra sé í samræmi við ákv. 26. gr. l. 30/1970. Hjálagt fylgja fyrrnefnd forkaupsréttartilboð."

Í bréfi byggingarfélagsins til stefnda, dags. 12. maí 1978, segir m. a.:

„Íbúðir þessar höfðu verið auglýstar lögum samkvæmt. Dómkvaddir höfðu verið matsmenn til að meta íbúðirnar í samræmi við lög og félagsmönnum okkar boðnar íbúðirnar á því verði. Þar sem enginn félagsmanna Byggingarfélags alþýðu vildi kaupa nefndar íbúðir, var seljendum þeirra tjáð, að Byggingarfélagið félli frá forkaupsrétti vegna þeirra. Var seljendum íbúðanna tjáð þessi ákvörðun, áður en þeir buðu Hafnarfjarðarbæ forkaupsrétt að íbúðunum."

Þann 24. maí 1978 sendi stefndi félagsmálaráðuneytinu bréf, þar sem bæjarráð óskar eftir umsögn ráðuneytisins um grundvöll matsgerðarinnar. Beiðni þessi var ítrekuð með bréfi 5. október 1978. Svar ráðuneytisins barst með bréfi 11. október 1978. Er þar vísað í meðfylgjandi umsögn Húsnæðismálastofnunar ríkisins frá 12. júní 1978.

Í álitsgerðinni segir m. a.:

„Umræddar íbúðir eru byggðar af Byggingarfélagi alþýðu í Hafnarfirði, og á því félagið forkaupsrétt á þeim á undan Hafnarfjarðarbæ, sbr. 18. gr. reglugerðar 272/1970. Byggingarfélag alþýðu hefur hafnað forkaupsrétti, eins og fram kemur í bréfi félagsins til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. maí 1978, og bar þá að bjóða Hafnarfjarðarbæ forkaupsréttinn í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 272/1970.

Forkaupsréttartilboð umboðsmanna seljenda er þó augljóslega gert á röngum forsendum að því er varðar grundvöll þann, er möt íbúðanna eru byggð á. Matsgerðir og sölutilboð gera ráð fyrir, að lán, sem á íbúðunum hvílir úr Byggingarsjóði verkamanna, séu greidd upp og að seljendur þeirra njóti verðhækkunar á heildarverði íbúðanna. Þar sem hér er um íbúðir að ræða, sem eigendur hafa einungis átt í 10 ár, brýtur þessi matsgrundvöllur og sölutilboð byggt á honum í bága við ákvæði 26. gr. laga nr. 30/1970 og 16. gr. reglugerðar nr. 272/1970, en samkvæmt þeim væri ýtrast heimilt, að helmingur eftirstöðva lánsins úr Byggingarsjóði verkamanna væri greiddur upp í þeim tilvikum, er hér ræðir um, og matið síðan framkvæmt á þeim grundvelli.

Samkvæmt framansögðu er augljóst, að íbúðir þessar hafi ekki verið boðnar Hafnarfjarðarbæ til kaups í samræmi við gildandi lög og reglugerð um þetta efni."

Á 1912. fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar fór bæjarráð fram á við stjórn byggingarfélagsins, að hún léti fara fram yfirmat. Samþykkt var, að bæjarráð tæki afstöðu til forkaupsréttartilboðs, þegar yfirmatið lægi fyrir.

Þann 16. janúar 1979 greiddi stefnandi eftirstöðvar síns hluta af byggingarláninu frá Byggingarsjóði verkamanna, 407.325 krónur og 24.439 krónur í vexti, jafnframt var eignarhluti hans leystur úr veðböndum.

Þann 16. janúar 1979 gaf Byggingarfélag alþýðu út afsal fyrir íbúðinni til Sigurmundar Magnússonar, sem stefnandi samþykkti. Tekið er fram, að kaupandi hafi gert skil á greiðslu kaupverðs samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 10. desember 1977, og að kaupandi hafi fengið eignina afhenta lausa til fullra umráða frá og með 1. mars 1978. Þá segir, að þar sem hvorki félagsmenn né Byggingarfélag alþýðu í Hafnarfirði né Hafnarfjarðarbær hafi neytt forkaupsréttar, sé kaupanda frjálst að selja íbúðina framvegis án nokkurra kvaða, sbr. niðurlagsákvæði 26. gr. laga nr. 30/1970. Þá er tekið fram, að Hafnarfjarðarbær eigi forkaupsrétt.

Þann 19. janúar 1979 óskaði stefndi eftir dómkvaðningu yfirmatsmanna til að meta hæfilegt söluverð. Í matsbeiðninni segir, að matsbeiðandi vilji ekki una matinu, þar sem það sé grundvallað á 6. gr. laga 60/1962, en ekki gildandi lögum um verkamannabústaði nr. 30/1970, við ákvörðun matsverðs skuli taka tillit til þess, að seljanda sé heimilt að greiða helming eftirstöðva láns úr Byggingarsjóði verkamanna skv. 26. gr. laga 30/1970,

enda hafi seljandi átt íbúðina í 10 ár, miðað sé við byggingarvísitölu 345 stig, yfirmatið verði jafnframt byggt á þeirri vísitölu, sem gilti, þegar undirmatsgerðin fór fram, einnig reikni matsmenn matsverð miðað við byggingarvísitölu á yfirmatsdegi, matskostnaður verði reiknaður með í söluverði.

Þann 25. janúar sl. var synjað þinglýsingar á áðurnefndu afsali, dags. 16. janúar 1979.

Stefnandi, sem áður hafði selt Sigmundi Magnússyni rétt sinn til íbúðarinnar, segist hafa farið með afsalið til byggingarfulltrúa og óskað áritunar um, að Hafnarfjarðarbær félli frá forkaupsrétti. Hann segir, að bæjarverkfræðingurinn hafi synjað um áritunina á afsalið. Hann kveðst þá hafa farið á fund lögfræðings Hafnarfjarðarbæjar og óskað eftir því við hann, að hann annaðhvort áritaði afsalið um höfnun forkaupsréttar eða, ef Hafnarfjarðarbær vildi neyta forkaupsréttar, að afsalið yrði áritað þar að lútandi. Hann kveður lögfræðinginn hafa synjað því. Hann kveðst síðan sjálfur hafa lagt afsalið inn til þinglýsingar og kveður synjunina um þinglestur hafa byggst á því, að áritun Hafnarfjarðarbæjar um höfnun forkaupsréttar skorti.

MÁLSÁSTÆÐUR.

Í stefnu er játað, að Hafnarfjarðarbær eigi forkaupsrétt samkvæmt 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, en stefnandi kveðst telja, að synjun um áritun byggist ekki á skipulagsástæðum. Þá er kannast við, að Hafnarfjarðarbær eigi forkaupsrétt samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 272/1970, sbr. 26. gr. laga nr. 30/1970, en ályktað, að þar sem Hafnarfjarðarbær hafi ekki nýtt sér þessa heimild þrátt fyrir forkaupsréttartilboð, bresti stefnda algerlega heimild til að synja um áritun á afsal.

Í greinargerð stefnanda kemur fram, að hann telur, að hann hafi átt þann rétt, sem lög gera ráð fyrir til verðbótaálags og endurgreiðslu á byggingarsjóðsláni, þar sem hann hafi verið búinn að eiga íbúðina í 10 ár. Þá kemur fram, að hann telur, að regla 8. tl. 6. gr. laga 60/1962 hafi átt við rétt hans í þessu efni, en upphaflega var kveðið svo á í þeirri lagagrein, að ef maður hefði átt íbúðina í 10 ár, mætti hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiddi upp lánið. Þá er bent á, að í þeim lögum hafi ekkert ákvæði verið um forkaupsrétt sveitarsjóðs. Stefnandi kveðst telja, að eldri lögin eigi að gilda um þær íbúðir, sem komið var upp fyrir gildistöku laga 30/1970, þar sem þau lög séu með íþyngjandi ákvæðum, en í stað íþyngjandi

ákvæða sé sett ákvæði um mun hærri lán úr Byggingarsjóði verkamanna og hin almennu lán Húsnæðismálastjórnar.

Forkaupsréttartilboð sitt skýrir hann með því, að það hafi verið í samræmi við venju, en Hafnarfjarðarbær hafi til þess tíma aldrei neytt forkaupsréttar að íbúð Byggingarfélags alþýðu í Hafnarfirði.

Við dómtöku málsins lýsti stefnandi því yfir, að hann teldi, að lög 30/1970, sbr. reglugerð 272/1970, giltu eingöngu um þær íbúðir, sem byggðar hefðu verið eftir gildistöku laganna, enda fjármögnun slíkra íbúða mun hagkvæmari fyrir kaupendur en eldri reglugerð gerði ráð fyrir. Í því sambandi vitnaði hann í 22. og 25. gr. nefndra laga og benti á, að samkvæmt 4. gr. laga 60/1962 hafi eingöngu verið um að ræða lán úr Byggingarsjóði verkamanna og að lán það, sem hann fékk, hafi aðeins numið 47.59% kaupverðs.

Stefnandi hefur lagt fram allmörg skjöl, sem eiga að styrkja þá staðhæfingu, að stefndi hafi aldrei neytt forkaupsréttar skv. löggjöfinni um verkamannabústaði og að af hálfu Byggingarsjóðs verkamanna sé litið svo á, að heimilt sé að greiða upp lán eftir 10 ár samkvæmt eldri lögum.

Af stefnda hálfu hefur verið vakin athygli á því, að ekki sé ljóst, hvernig aðild stefnanda sé háttað, þar sem afsalið, sem málið snýst um, sé frá Byggingarfélagi alþýðu til Sigmundar Magnússonar.

Þá er byggt á því, að stefnda hafi verið heimilt að árita umrætt afsal, vegna þess að ekki hafi verið framfylgt lagaákvæðum varðandi sölu íbúðarinnar og framboð forkaupsréttarins.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að matið sé byggt á röngum forsendum. Á það er bent, að í kaupsamningi stefnanda og Byggingarfélags alþýðu sé tekið fram, að kaupandi verði að sætta sig við væntanlegar breytingar á lögum og reglugerðum.

Því er haldið fram, að lög 30/1970 gildi um réttarsamband aðiljanna og að Hafnarfjarðarbær eigi sem forkaupsréttarhafi samkvæmt þeim lögum rétt á því að biðja um yfirmat.

ÁLT DÓMSINS.

Þar sem þingsókn hefur fallið niður af hálfu stefnda, verður að dæma málið eftir framkomnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu verjanda, samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Þegar litið er til þeirra réttinda, sem stefnandi öðlaðist með kaupsamningi hans og Byggingarfélags alþýðu, og ákvæða eldri laga og yngri um rétt kaupenda að íbúðum í verkamannabústöðum og þeirrar ábyrgðar, sem gera verður ráð fyrir, að stefndi beri samkvæmt kaupsamningi gagnvart hinum nýja kaupanda, verður að telja, að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn dóms um það, hvort stefndi eigi forkaupsrétt að íbúð hans, og hvort forkaupsréttur hafi verið löglega boðinn fram og loks, hvort hugsanlegur forkaupsréttur stefnda hafi með einhverjum hætti fallið niður. Form kröfugerðar stefnanda þykir ekki standa efnisdómi í vegi.

Með lögum nr. 35 8. maí 1965 var síðasta málslið 8. tl. 6. gr. laga 60/1962 um verkamannabústaði breytt, og hljóðaði ákvæðið eftir breytinguna þannig:

„Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstövum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu."

Þetta ákvæði hefur síðan haldist efnislega óbreytt.

Samkvæmt þessu hafa gilt óbreyttar reglur um rétt stefnanda til að njóta verðhækkunar við greiðslu eftirstöðva byggingarsjóðslánsins við sölu frá því áður en stefnandi keypti íbúð sína.

Samkvæmt 4. gr. laga 60/1962 mátti lánsfjárhæð úr Byggingarsjóði verkamanna vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðarinnar. Lán byggingarsjóðsins skyldu vera affallalaus og greiðast upp á 42—75 árum.

Samkvæmt 22. gr. laga 30/1970 skal íbúðareigandi leggja fram 20% byggingarkostnaðar, Byggingarsjóður ríkisins veita hámarkslán, sem samkvæmt 8. gr. laganna má nema allt að 3/4 hlutum verðmætis íbúðar, og endurgreiðast á 25 árum með 4% vöxtum og hlutfallslegri viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu frá lántökutíma. Þá skal Byggingarsjóður verkamanna veita lán til 42 ára með 2% vöxtum auk 1.8% aukagjalds, en þessi lán má ekki vísitölubinda.

Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. laga 30/1970 má enginn, sem eignast hefur íbúð í verkamannabústað, selja hana, nema sveitarstjórn hafi áður hafnað forkaupsrétti. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem

samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns úr Byggingarsjóði verkamanna og eftir stendur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram, en hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

Samkvæmt 6. mgr. er íbúðareiganda frjálst að selja íbúðina, ef sveitarstjórn hafnar forkaupsrétti, enda greiði hann að fullu áhvílandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að stefnandi átti ekki rétt á að njóta verðhækkunar af verði allrar íbúðarinnar. Af yfirmatsbeiðni stefnda virðist ljóst, að af hans hálfu er miðað við, að stefnandi hafi mátt njóta verðhækkunar, miðað við, að hann hefði átt íbúðina í 10 ár, og þykir þannig mega miða við, að kaupverðið hafi mátt reikna á þeim grundvelli. Matsfjárhæðin, sem stefnandi byggir á, virðist þá ekki byggð á réttum grundvelli.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður ekki fallist á það með stefnanda, að forkaupsréttarákvæði laga 30/1970 nái ekki til eldri íbúða sökum þess, að lánakjör séu hagstæðari samkvæmt nýju lögunum, og ekki verður talið, að önnur rök, byggð á lagaskilasjónarmiðum, eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu, sbr. 7. kafla reglugerðar nr. 272/1970.

Telja verður, að Byggingarsjóði verkamanna sé heimilt að taka við greiðslu eftirstöðva lána úr sjóðnum án tillits til ákvæða 3. mgr. 26. gr. laga 30/1970, sbr. 6. mgr. sömu greinar. Í viðtöku á greiðslu eftirstöðva lánsins felst þannig ekki viðurkenning á heimild til handa stefnanda til að njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, enda mundi viðtaka greiðslu af hálfu Byggingarsjóðs verkamanna ekki geta bundið stefnda. Þá þykir það ekki geta skipt máli um úrlausn þessa máls, þótt stefndi kunni áður að hafa hafnað forkaupsrétti án þess að gera athugasemdir út af útreikningi kaupverðs.

Samkvæmt þessu þykir bera að leggja til grundvallar, að stefndi hafi átt forkaupsrétt að íbúð stefnanda, en að honum

hafi ekki verið löglega boðinn forkaupsréttur. Virðist bera að líta svo á, að stefnda sé ekki skylt að taka afstöðu til þess, hvort hann neytir forkaupsréttar, fyrr en fyrir liggur löglegt forkaupsréttartilboð. Þykir því bera að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessum málalokum og þar sem fallið hefur niður þingsókn af hálfu stefnda, þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði, skal fyrir hönd bæjarstjórnar Hafnarfjarðar vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ingvars Björnssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1980.

Nr. 114/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Emil Grétari Ásgeirssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fyrir Hæstarétt. Ber það með sér, að hinn 29. apríl 1980 var ákærði með dómi sakadóms Reykjavíkur sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki gerð sérstök refsing.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Ber að staðfesta úrlausn hans um sök ákærða. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin, sbr. 72. gr. almennra hegningarlaga, fangelsi 4 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Emil Grétar Ásgeirsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. apríl 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 17. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 231/1980: Ákæruvaldið gegn Emil Grétari Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 1. þ. m., gegn Emil Grétari Ásgeirssyni, Kvíabólsstíg 3, Neskaupstað, nú refsifanga að Litla-Hrauni, fæddum 12. maí 1937 í Reykjavík.

„Ákærða er gefið að sök að hafa dag einn í síðari hluta desember 1979 stolið 186.000 krónum úr skáp í húsinu nr. 41 við Nesveg í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Hinn 30. jan. sl. sneri Aðalheiður Líkafrónsdóttir, Nesvegi 41, sér til rannsóknarlögreglu ríkisins og tilkynnti, að hún hefði í desember, sennilega hinn 22., orðið fyrir því, að 186 þús. kr. hefði verið stolið úr læstum skáp á heimili hennar, og hefði ákærði játað, að hann hefði verið þar að verki.

Rannsóknarlögreglumaður tók skýrslu af ákærða hinn 13. f. m. Í skýrslu þessari, sem ákærði kannast við, að hann hafi gefið og undirritað, viðurkenndi ákærði afdráttarlaust, að hann hefði tekið peningana. Hann hefði verið staddur ásamt Aðalheiði hjá frænku sinni í Álfheimum 72, náð þar af henni húslyklunum, farið í leigubíl heim til Aðalheiðar og þar inn, rifið bakhlið úr skápnum og náð peningunum, en um upphæðina kveðst hann ekki geta sagt með vissu.

Ákærði neitaði því í fyrstu, er hann kom fyrir dóm við meðferð málsins, að hann hefði tekið peningana, kannaðist þó við, að hann hefði viðurkennt töku þeirra fyrir Aðalheiði og síðar fyrir rannsóknarlögreglu. Hann kvaðst hafa búið til þá sögu, að hann hefði farið úr Álfheimum vestur á Nesveg til þess að taka peningana. Síðan lét ákærði þess getið, að peningarnir hefðu ekki verið nema um 40 þús. kr. Ákærði var þá spurður, hvort það þýddi, að hann hefði tekið peningana, og sagði hann nú, að hann vissi til þess, að peningarnir hefðu verið teknir, er hann hefði verið heima hjá Aðalheiði við drykkju með fleira fólki. Féð hefði verið notað til greiðslu á útgjöldum við drykkjuna. Ákærði kvaðst ekki vita, hver hefði tekið peningana, og taldi sig ekki vita nöfn á þeim, sem þarna hefðu verið viðstaddir.

Að svo búnu lýsti ákærði yfir því, að hann vildi breyta framburði sínum og viðurkenna peningatöku frá Aðalheiði. Hann lýsti atvikum svo, að þau hefðu farið saman á ball í Glæsibæ og hann hefði verið búinn að ná peningunum úr skápnum, áður en þau fóru þangað. Hann kvaðst hafa verið búinn að sjá Aðalheiði fara í skápinn til þess að sækja peninga. Ákærði hélt því fram, að fjárhæðin hefði ekki farið fram úr 40.000 kr.

Aðalheiður kom síðan fyrir dóm. Hún sagði, að þau ákærði hefðu farið saman á ball í Glæsibæ, að því búnu heim til hennar, en síðan inn í Álfheima, þar sem þau hefðu hafst við um nóttina og fram eftir næsta degi. Þá hefðu þau farið saman heim til hennar og hafi nú komið í ljós, að búið var að taka peningana. Ákærði hefði ekki þá þegar kannast við, að hann hefði verið þar að verki, en viðurkennt það fyrir sér nokkrum dögum síðar. Aðalheiður kvaðst viss um, að fjárhæðin hefði numið 186.000 kr. Hún

hefði verið nýbúin að fá greiddar um 200.000 kr. frá Tryggingastofnuninni og ekki verið búin að eyða nema litlu af því. Hún kvaðst hafa tekið 6.000 kr. úr skúffunni, áður en hún fór á ballið.

Aðalheiður segir, að kvöldið, sem hún fór í Glæsibæ með ákærða, hafi ekki verið hjá henni aðrir gestir en hann.

Ákærði kvaðst ekki draga vætti Aðalheiðar í efa. Sig hefði minnt, að fleiri gestir hefðu verið þarna um kvöldið, en vera mætti, að hann ruglaði þar saman kvöldum. Ekki kvaðst hann heldur vilja rengja skýrslu Aðalheiðar um fjárhæðina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir mega telja sannað, að ákærði hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök og varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur sætt þessum refsidómum:

15. des. 1961 5 mánaða fangelsi fyrir árás, þjófnað, svik og hylmingu.

27. mars 1965 2 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld og umferðar- og áfengislagabrot.

25. febr. 1966 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

18. apríl 1966 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

29. júní 1967 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

26. febr. 1968 2 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.

30. maí 1975 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.

14. okt. 1975 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og svik.

8. des. 1976 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og svik.

5. sept. 1979 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og gripdeild.

Brotaferill ákærða er langur, en brot hans er ekki stórfellt. Verður refsing hans ákveðin 60 daga fangelsi.

Aðalheiður Líkafrónsdóttir hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða sér 186.000 kr., og hefur ákærði samþykkt kröfuna. Ber að taka kröfu þessa til greina. Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Emil Grétar Ásgeirsson, sæti fangelsi 60 daga.
Ákærði greiði Aðalheiði Líkafrónsdóttur 186.000 kr.
Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Fimmtudaginn 27. nóvember 1980.

Nr. 33/1980. **Ákæruvaldið**
(Jónatan Sveinsson, settur saksóknari)
gegn
Birni Vilmundarsyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa útfyllt og undirritað gjaldeyrisumsóknir þær, er getur í 1. til 5. tl. og 7. til 10. tl. í ákæru, á þann veg, er þær bera með sér. Heldur hann því fram, að hann hafi haft heimild þeirra Pálínu Jónsdóttur, Jóns Torfa Snæbjörnssonar og Ingu Jennýjar Þorsteinsdóttur til að sækja um gjaldeyri fyrir þeirra hönd og undirrita með nöfnum þeirra umsóknir þær, er nöfn þeirra bera. Kveðst ákærði og hafa haft heimild Gunnars heitins Jóhannssonar til að sækja um gjaldeyri vegna verslunarinnar Antikhúsgagna og undirrita þær tvær umsóknir, er getur í 9. og 10. tl. ákæru, svo sem þar greinir, þá fyrri með nafnrituninni Gunnar Jóhannsson auk þess sem undir umsóknina er stimplað Antikhúsgögn og þá síðari með stöfunum Bj, rituðum undir umsóknina, þar sem stimplað er Antikhúsgögn.

Verður nú nánar vikið að einstökum ákæruliðum.

Um 1., 3. og 5. tölulið.

Pálína Jónsdóttir er ekki sjálfri sér samkvæm í framburðum sínum um, hvort hún hafi veitt ákærða heimild til að undirrita með sínu nafni gjaldeyrisumsóknir þær, er undir þessum töluliðum getur, áður en ákærði afhenti þær í viðkomandi bönkum. Við yfirheyrslu í sakadómi Reykjavíkur 18. febrúar 1977 kveðst hún ekki minnast þess að hafa gefið neinum manni umboð til að rita nafn sitt undir skjöl varð-

andi innflutning á húsgögnum. Jafnframt getur hún þess, að fyrir mörgum árum hafi hún og eiginmaður sinn gefið dóttur þeirra Hólmfríði umboð til að binda þau almennt fjárhagslega.

Í sakadómi Reykjavíkur 21. maí 1979 skýrði Pálína Jónsdóttir svo frá, að ákærði hefði fyrir hennar hönd sótt um gjaldeyri þann, er í ákæruliðum þessum getur, og hefði hann haft fullkomna heimild hennar til að rita nafn hennar undir gjaldeyrisumsóknirnar. Þótt þessi framburður Pálínu Jónsdóttur sé ekki í samræmi við fyrri framburð hennar um þetta atriði og skipti þeirra um innflutning húsgagna fyrir hana, þykir þó óvarlegt annað en byggja á honum um sakarmat að því er þessi ákæruatriði varðar. Að svo vöxnu máli verður staðfest úrlausn héraðsdóms um sýknu ákærða af sakargiftum þessara töluliða ákæru.

Um 4. tölulið.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um sýknu ákærða af ákæruatriði þessu.

Um 6. tölulið.

Undir gjaldeyrisumsókn þessa er eingöngu vélritað nafn Ingu Jennýjar Þorsteinsdóttur. Hún kannaðist ekkert við skjal þetta, er henni var kynnt það fyrir dómi.

Á dómþingi sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1979, er þau voru samprófuð Inga Jenný Þorsteinsdóttir og ákærði, voru bornar undir ákærða gjaldeyrisumsóknir þær, er bera nafn Ingu Jennýjar. Kannaðist hann við þær allar nema þá, er undir þessum tölulið ákæru greinir, dags. 28. maí 1973. Kvaðst hann ekki muna, hvort hann hefði afhent skjal þetta í banka. Er ósannað, að ákærði hafi svo gert. Ber að sýkna ákærða af broti samkvæmt þessum tölulið ákæru.

Um 2., 7. og 8. tölulið.

Inga Jenný Þorsteinsdóttir hefur neitað því, að ákærði hafi haft heimild til að rita nafn hennar undir gjaldeyrisumsóknir þær, er í þessum töluliðum getur. Undir gagnstæða fullyrðingu ákærða hefur ekki verið rennt nægum stoðum. Ber því að staðfesta úrlausn héraðsdóms um sök ákærða að því er varðar sakargiftir, er í þessum töluliðum ákæru getur. Varða

brot þessi við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um 9. og 10. tölulið.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi að beiðni og samkvæmt heimild Gunnars heitins Jóhannssonar, eiganda fyrirtækisins Antikhúsgagna, undirritað gjaldeyrisumsóknir þær, er getur undir þessum tölulíðum, með þeim hætti, sem að framan er lýst og nánar greinir frá í hinum áfrýjaða dómi.

Engar skýrslur voru teknar af Gunnari heitnum Jóhannssyni vegna máls þessa, hvorki af hálfu ríkisskattstjóra né fyrir sakadómi, en Gunnar lést 9. janúar 1979, að því er fram kom í málflutningi fyrir Hæstarétti.

Hvorki Hjörtur Þór Gunnarsson, sonur Gunnars heitins Jóhannssonar, né Hrafnhildur Gunnarsdóttir, er starfaði við afgreiðslu í versluninni Antikhúsgögnum, kannast við, að Gunnar Jóhannsson hafi staðið að innflutningi húsgagna, svo sem nánar er rakið í héraðsdómi. Ekki verður heldur séð, að sala þeirra húsgagna, sem ákærði flutti inn til landsins fyrir þann gjaldeyri, er getur í gjaldeyrisumsóknum þessum, hafi á nokkurn hátt verið frábrugðin sölu annarra húsgagna á vegum ákærða í versluninni.

Framburður ákærða um, að hann hafi haft heimild til að rita nafn Gunnars Jóhannssonar undir gjaldeyrisumsóknina dags. 4. nóvember 1974 og stimpla undir hana svo og stimpla undir gjaldeyrisumsóknina 29. apríl 1975 nafn Antikbúðarinnar fær ekki stoð í gögnum málsins. Verður því úrlausn héraðsdóms staðfest um sök ákærða varðandi sakargiftir þessara töluliða ákæru. Eru brot þessi réttilega heimfærð undir 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði, en fullnustu refsingar þykir mega fresta, og falli hún niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 700.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 700.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Vilmundarson, sæti fangelsi 5 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 700.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 700.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. ágúst 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 22. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 292/1979: Ákæruvaldið gegn Birni Vilmundarsyni, sem tekið var til dóms 17. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. maí 1978, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Birni Vilmundarsyni, forstjóra, Ægisíðu 94, Reykjavík, fæddum 8. september 1927 í Reykjavík, fyrir skjalafals með því að hafa á árunum 1971—1975 falsað nafnritanir undir gjaldeyrisumsóknir til íslensku gjaldeyrisbankanna og komist þannig yfir erlendan gjaldeyri, sem hann notaði til greiðslu á erlendum kostnaði vegna umfangsmikils innflutnings á notuðum húsgögnum, „antik", á fyrrgreindu tímabili. Ákærði flutti húsgögnin inn ýmist í eigin nafni eða í nafni eiginkonu sinnar, en í nokkrum tilvikum heimildarlaust í nafni þeirra sömu aðila og hann tilgreindi í hinum fölsuðu gjald-

eyrisumsóknum sem umsækjendur gjaldeyrisins. Hinar fölsuðu gjaldeyrisumsóknir eru þessar:

1. Umsókn, dagsett 2. maí 1973, til Landsbanka Íslands fyrir 1.150 þýskum mörkum til greiðslu á ferðakostnaði, með nafnrituninni Pálína Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 26, Reykjavík.
2. Umsókn, dagsett 10. október 1973, til Landsbanka Íslands fyrir 150 dollurum til greiðslu á ferðakostnaði, með nafnrituninni Inga Jenný Þorsteinsdóttir, Álftamýri 40, Reykjavík.
3. Umsókn, dagsett 11. október 1971, til Landsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á notuðum húsgögnum, með nafnrituninni Pálína Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 26, Reykjavík.
4. Umsókn, dagsett 11. apríl 1972, til Útvegsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á húsgögnum, með nafnrituninni Jón T. Snæbjörnsson, Bræðraborgarstíg 26, Reykjavík.
5. Umsókn, dagsett 27. september 1972, til Útvegsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á húsgögnum, með nafnrituninni Pálína Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 26, Reykjavík.
6. Umsókn, dagsett 28. maí 1973, til Útvegsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á húsgögnum, með nafnrituninni Inga Jenný Þorsteinsdóttir, Álftamýri 40, Reykjavík.
7. Umsókn, dagsett 9. júní 1973 til Útvegsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á húsgögnum, með nafnrituninni Inga Jenný Þorsteinsdóttir, Álftamýri 40, Reykjavík.
8. Umsókn, dagsett 17. apríl 1974, til Útvegsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á húsgögnum, með nafnrituninni Inga Jenný Þorsteinsdóttir, Álftamýri 40, Reykjavík.
9. Umsókn, dagsett 4. nóvember 1974, til Landsbanka Íslands fyrir 5.000 dönskum krónum til greiðslu á húsgögnum, með nafnrituninni Gunnar Jóhannsson, Vesturgötu 3, Reykjavík, yfirstimplað með firmanafninu Antikhúsgögn.
10. Umsókn, dagsett 29. apríl 1975, til Landsbanka Íslands fyrir 5.000 dönskum krónum til greiðslu á húsgögnum, undir

umsóknina stimplað með firmanafninu Antikhúsgögn, Vesturgötu 3, Reykjavík, en nafnritun ólæsileg.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki sætt kæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 5. mars 1976 ritaði skattstofa Reykjavíkur ríkisskattstjóra bréf varðandi skattamál Björns Vilmundarsonar, ákærða í máli þessu. Segir í bréfinu á þessa leið:

„Með tilvísun til 3. málsgr. 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt leyfi ég mér hér með að vísa máli Björns Vilmundarsonar, Ægisíðu 94 hér í borg, til yðar til frekari rannsóknar.

Við athugun hér á skattstofunni hefur komið í ljós, að umræddur aðili hefur flutt til landsins allt frá árinu 1971 verulegt magn af antikhúsgögnum án þess að gera grein fyrir því á framtölum sínum fyrir viðkomandi ár. Inn í þetta mál blandast einnig skyldmenni gjaldanda búsett í öðru skattumdæmi".

Rannsóknadeild ríkisskattstjóra hóf rannsókn í málinu, og beindist hún m. a. að skattframtölum Gunnars Jóhannssonar, Hátúni 12, eiganda verslunarinnar Antikhúsgagna, síðast að Vesturgötu 3 hér í borg. Kom í ljós við rannsókn málsins, að ákærði Björn hafði með höndum innflutning á antikhúsgögnum og látið í verslunina Antikhúsgögn í umboðssölu. Að aflokinni rannsókn á skattframtölum Gunnars Jóhannssonar hjá rannsóknadeild ríkisskattstjóra sendi ríkisskattstjóri málið með bréfi, dags. 13. október 1976, til ríkissaksóknara með ósk um, að því yrði vísað til meðferðar sakadóms til rannsóknar á tilteknum atriðum, sem í bréfinu eru nánar tilgreind. Vísaði ríkisaksóknari málinu til sakadóms Reykjavíkur með bréfi, dags. 15. október 1976, með kröfu um, að dómsrannsókn færi fram í því. Hafði Þórir Oddsson, aðalfulltrúi yfirsakadómara, rannsóknina á hendi, en dómari málsins fékk það til meðferðar eftir útgáfu ákæru.

Verður nú rakið það, er fram hefur komið í máli þessu um atferli það, sem ákærða er gefið að sök í ákæru, og annað það, sem máli þykir skipta í sambandi við það.

Í skýrslu frá rannsóknadeild ríkisskattstjóra, dags. 30. september 1976, um rannsókn á skattframtölum Gunnars Jóhannssonar, eiganda Antikbúðarinnar, gjaldárin 1972—1976, bókhaldi hans

vegna verslunarinnar rekstrarárin 1971—1975 og söluskattsskýrslum sömu rekstrarára segir m. a. á þessa leið:

„Á þeim árum, sem athugun þessi náði til, rak gjaldandi verslun með antikhúsgögn. Hóf hann rekstur verslunarinnar Antikhúsgögn á árinu 1969. Með tilkynningu til firmaskrár Reykjavíkur, dags. 18. júní 1969, var tilkynnt, að hann og Þuríður Kristjánsdóttir, þá eiginkona hans, ræku í sameiningu og með ótakmarkaðri ábyrgð fyrirtæki í Reykjavík undir nafninu Antikhúsgögn s.f. Tilgangur félagsins var sagður þessi: Kaup, sala og umboðssala á nýjum og notuðum húsgögnum, listmunum og skyldum vörum. Jafnframt var þess getið, að firmað væri sjálfstæður skattaðili. Með tilkynningu, dags. 21. desember 1970, var tilkynnt, að Þuríður hefði gengið úr firmanu 29. júlí 1970 og gjaldandi ræki það frá þeim tíma sem einkaeigandi með ótakmarkaðri ábyrgð.

Nefnd verslun var upphaflega rekin í leiguhúsnæði að Síðumúla 14, síðar að Hátúni 4 og loks, eða frá árinu 1971, í leiguhúsnæði að Vesturgötu 3 í Reykjavík.

Samkvæmt upplýsingum borgarfógetans í Reykjavík fékk gjaldandi smásöluleyfi hinn 31. maí 1956. Leyfið var endurnýjað 20. júní 1969 til 20. júní 1974, en hefur ekki verið framlengt frá þeim tíma, sbr. l. nr. 41, 1968.

Eigi hefur verið unnt að krefja gjaldanda skýringa á rekstri verslunarinnar og skattskýrslum hans. Samkvæmt fyrirliggjandi vottorði læknis og öðrum gögnum málsins hefur gjaldandi verið verulega sjúkur maður.

Af gögnum málsins verður ráðið, að gjaldandi hafi verið við afgreiðslustörf í versluninni eitthvað fram á árið 1974. Frá því um mitt ár 1974 hefur aðallega unnið þar við afgreiðslustörf Hrafnhildur Guðmundsdóttir. Þá liggur fyrir, að m. a. Hjörtur, sonur gjaldanda, hefur aðstoðað föður sinn við rekstur verslunarinnar, einkum seinni árin.

II.

Gjaldandi taldi fram til skatts og skilaði undirrituðum skattframtölum fyrir gjaldárin 1972, 1973, 1974 og 1975, og með þeim framtölum fylgja óundirrituð rekstraryfirlit vegna reksturs á nefndri verslun fyrir rekstrarárin 1971, 1972, 1973 og 1974. Gjaldandi taldi ekki fram til skatts fyrir gjaldárið 1976, og voru því gjaldstofnar áætlaðir og opinber gjöld ákvörðuð í samræmi við það. Gjaldandi skilaði söluskattsskýrslum fyrir öll söluskattstímabil umrædd rekstrarár.

III.

Í tilefni af athugun þessari var gjaldandi beðinn um að leggja fram bókhald, bókhaldsgögn og önnur gögn vegna verslunar sinnar fyrir rekstrarárin 1971, 1972, 1973, 1974 og 1975. Voru af hálfu gjaldanda lögð fram ýmis gögn vegna reksturs verslunarinnar nefnd ár, og eru þau gögn aðallega kostnaðarfylgiskjöl.

Fyrir liggur, að ekkert bókhald hefur verið fært vegna reksturs verslunarinnar, og engin annars konar skráning hefur verið haldin yfir sölu og gjöld verslunarinnar nefnd ár.

Útilokað hefur reynst að sannreyna réttmæti einstakra liða á reikningsyfirlitum, er fylgja framtölum gjaldárin 1972, 1973, 1974 og 1975, með því að kanna gögn þau, er lögð hafa verið fram. Einnig er útilokað að sannreyna sölu á árinu 1975. Þá hefur og reynst útilokað að sannreyna réttmæti söluskattsskýrslna rekstrarárin 1971, 1972, 1973, 1974 og 1975, enda nánast engin gögn meðal framlagðra gagna um sölu í versluninni þau ár.

IV.

. . .

Eins og áður greinir, hefur gjaldandi haft með höndum umboðssölu, aðallega á svokölluðum antikvörum. Reynt var að afla upplýsinga um það, hverjir hefðu aðallega sett vörur í umboðssölu í verslun gjaldanda. Af nokkrum framlögðum gögnum af hálfu gjaldanda má ráða, að ýmsir aðilar hafi sett muni í umboðssölu í nefndri verslun. Útilokað hefur reynst að rekja, hverjir þessir aðilar eru nánar, hversu mikið af vörum þeir hafa látið í umboðssölu og hvernig uppgjöri hefur verið háttað milli þeirra og gjaldanda.

Upplýsingar og gögn eru til hjá rannsóknardeildinni um það, að Björn Vilmundarson, Ægisíðu 94, Reykjavík, hafi látið nokkurt magn af antikvörum í umboðssölu í verslun gjaldanda á árunum 1971, 1972, 1973, 1974, 1975 og fyrri hluta ársins 1976. Ekkert gagn er meðal framlagðra gagna af hálfu gjaldanda, sem sýnir, að nefndur aðili hafi sett vörur í umboðssölu í versluninni á þeim árum.

Samkvæmt upplýsingum og gögnum um viðskiptahætti í versluninni var algengt, að munir væru seldir með afborgunarkjörum í því formi, að kaupendur samþykktu víxla fyrir hluta af kaupverðinu. Upplýsingar liggja einnig fyrir um það, að það hafi verið almenn regla, að eigendur þeirra muna, sem seldir voru í umboðssölu í versluninni, hafi fengið afhenta þá víxla,

sem vörðuðu sölu á þeirra munum. Liggur ekki annað fyrir en að þeir hafi fengið þá víxla afhenta óútgefna, en síðan hafi eigendur gefið þá út. Þannig liggja fyrir upplýsingar um það, að nefndur Björn hafi fengið afhenta þá víxla, er stöfuðu frá sölu á hans húsgögnum.

Björn Vilmundarson hefur verið beðinn um gögn og upplýsingar um viðskipti sín við verslun gjaldanda á umræddum árum. Hefur hann engin gögn lagt fram, og upplýsingar þær, sem hann hefur gefið rannsóknardeildinni, veita eigi fræðslu um sölu hans í versluninni á nefndum árum. . . .

VII.

Gjaldandi er bókhaldsskyldur skv. lögum nr. 51, 1968 um bókhald og er skylt að færa tvíhliða bókhald.

Af því, sem hér að framan hefur verið rakið, er ljóst, að skattframtöl gjaldanda og söluskattsskýrslur fyrir þau ár, sem rannsökuð voru, eru háð miklum annmörkum, og verða hér raktir þeir helstu, en að öðru leyti er vísað til þess, sem rakið er í skýrslunni hér að framan, og til annarra gagna málsins:

1. Gjaldandi hefur ekkert bókhald fært rekstrarárin 1971, 1972, 1973, 1974 og 1975. Ársreikningar þeir, sem fylgja skattframtölum gjaldárin 1972, 1973, 1974 og 1975, og söluskattsskýrslur rekstrarárin 1971, 1972, 1973, 1974 og 1975 styðjast því ekki við tilskilið bókhald. Þá hefur eigi verið haldin neins konar skráning á seldum vörum í versluninni og greiddum kostnaði. Er útilokað að rekja einstaka liði á ársreikningum og sölu skv. söluskattsskýrslum til þeirra gagna, sem lögð hafa verið fram, enda veita framlögð gögn og upplýsingar ófullnægjandi fræðslu um rekstur og fjárreiður verslunar gjaldanda á umræddum árum.

2. Útilokað hefur reynst að fá tæmandi upplýsingar um þá aðila, sem selt hafa muni í umboðssölu í verslun gjaldanda og sölur fyrir hvern þeirra.

Í skýrslunni er m. a. fjallað um viðskipti eins af þeim aðilum, sem upplýsingar liggja fyrir um, að hafi selt muni í umboðssölu í verslun gjaldanda öll umrædd ár, þ. e. Björns Vilmundarsonar, en ekkert af framlögðum gögnum af hálfu gjaldanda sýnir, að þau viðskipti hafi átt sér stað. Gögn málsins bera það með sér, að viðskipti Björns við verslunina hafa verið með sérstökum hætti. Hefur hann og aðstoðað gjaldanda við gerð skattframtals hans, a. m. k. vegna gjaldáranna 1973, 1974 og 1975 og við gerð þeirra

ársreikninga, er þeim fylgja. Þá hefur og nefndur aðili aðstoðað gjaldanda við gerð söluskattsskýrslna, a. m. k. á árunum 1974 og 1975. Einnig liggur fyrir, að Björn greiddi með ávísun á bankareikning sinn tollstjóranum í Reykjavík sölugjald samkvæmt tveimur söluskattsskýrslum vegna gjaldanda árið 1973, sjö árið 1974 og sjö árið 1975.

Eins og rakið er í skýrslunni, hefur Björn selt nokkurt magn af antikvörum í umboðssölu í verslun gjaldanda. Verður eigi annað séð af gögnum málsins en öll sala hans (svo) í versluninni sé haldið utan ársreikninga, skattframtala og söluskattsskýrslna gjaldanda öll umrædd ár. Útilokað hefur reynst að fá tæmandi upplýsingar um heildarsöluverð þeirra muna Björns, sem seldir voru í versluninni. Eins og rakið er í skýrslunni, kom í ljós við athugun á bankaviðskiptum Björns, að hann hefur selt bönkum viðskiptavíxla, sem stöfuðu flestir frá vörusölu í verslun gjaldanda. . . .

Af öllu því, sem hér hefur verið rakið að framan, er ljóst, að gjaldandi hefur ekkert bókhald fært vegna verslunar sinnar rekstrarárin 1971, 1972, 1973, 1974 og 1975, sbr. lög nr. 51, 1968 um bókhald og IV. kafla reglugerðar nr. 169, 1970 um söluskatt. Þá hefur gjaldandi verulega vanframtalið sölu á ársreikningum, er fylgja skattframtölum gjaldárin 1972, 1973, 1974 og 1975, og á söluskattsskýrslum öll nefnd rekstrarár".

Við rannsókn máls þessa kom fram, að ákærði og kona hans hafa sjálf flutt inn samkvæmt aðflutningsskýrslum og vörureikningum talsvert magn af antikvörum, en málið er ekki höfðað vegna innflutnings þessa, þannig að gögnum um hann verða ekki gerð nánari skil.

Verða nú raktar gjaldeyrisumsóknir þær, er í ákæru greinir:

1. Umsókn til Landsbanka Íslands, dagsett 2/5 1973 (dskj. 111), með undirskriftinni Pálína Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 26, R. Sótt er um 1.150 þýsk mörk vegna ferðar á eigin vegum. Á umsóknina er stimplað án farseðils. Umsóknin var samþykkt 2. maí 1973 og afgreidd 4. sama mánaðar.

2. Umsókn til Landsbanka Íslands, dagsett 10/10 1973 (dskj. 112), með undirskriftinni Inga Jenný Þorsteinsd., Álftamýri 40. Sótt er um 150 sterlingspund vegna ferðakostnaðar. Á umsóknina er stimplað án farseðils. Umsóknin var samþykkt 11. október 1973 og afgreidd 12. sama mánaðar.

3. Umsókn til Útvegsbanka Íslands, dagsett 9. júní 1973 (dskj.

115 og 123), með undirskriftinni, sem einnig er vélrituð, Inga Jenný Þorsteinsdóttir, Álftamýri 40, R. sími 36102. Sótt er um 500 sterlingspund til greiðslu á húsgögnum til Robert Parry, Edinburgh. Umsóknin var samþykkt 14. júní, og á henni er stimpill gjaldeyriseftirlits Seðlabankans 3. júlí 1973, en eigi verður ráðið, hvenær afgreiðsla gjaldeyris fór fram.

4. Umsókn til Útvegsbanka Íslands, dagsett 17. apríl 1974 (dskj. 116 og 124), með undirskriftinni, sem einnig er vélrituð, Inga Jenný Þorsteinsdóttir, Álftamýri 40, R. Sótt er um 500 sterlingspund til greiðslu á húsgögnum til Robert Parry, Edinburgh. Á umsóknina er stimpill gjaldeyriseftirlits Seðlabankans með dagsetningunni 4. apríl 1974, en eigi verður ráðið, hvenær gjaldeyririnn var greiddur.

5. Umsókn til Útvegsbanka Íslands, dagsett 11/10 1971 (dskj. 117), með undirskriftinni, sem einnig er vélrituð, Pálína Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 26, R. Sótt hefur verið um 600 sterlingspund, en strikað yfir töluna og skráð 500 í staðinn, til greiðslu á notuðum húsgögnum til Robert Parry, Edinburgh. Umsóknin var samþykkt 21. október 1971, en eigi verður ráðið, hvenær hún var afgreidd.

6. Umsókn til Útvegsbanka Íslands, dagsett 11/4 1972 (dskj. 119), með undirskriftinni Jón T. Snæbjörnsson, Bræðraborgarstíg 26, R. sími 20252. Sótt er um 500 sterlingspund til greiðslu á húsgögnum til Robert Parry, Edinburgh. Umsóknin var samþykkt 13. apríl 1972, en eigi verður ráðið, hvenær hún var afgreidd.

7. Umsókn til Útvegsbanka Íslands, dagsett 27. sept. 1972 (dskj. 120), með undirskriftinni, sem einnig er vélrituð, Pálína Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 26, sími 20252. Sótt er um 500 sterlingspund til greiðslu á húsgögnum til Robert Parry, Edinburgh. Umsóknin var samþykkt 27. september 1972 og afgreidd 28. sama mánaðar.

8. Umsókn til Útvegsbanka Íslands, dagsett 28. maí 1973 (dskj. 122), með vélrituðu nafninu Inga Jenný Þorsteinsdóttir sem undirskrift, Álftamýri 40, R. sími 36102. Sótt er um 500 sterlingspund til greiðslu á húsgögnum til Robert Parry, Edinburgh. Umsóknin var samþykkt 30. maí 1973, en eigi sést, hvenær hún var afgreidd.

9. Umsókn til Landsbanka Íslands, dagsett 4/11 1974 (dskj. 125), með undirskriftinni stimplinum Antikhúsgögn og þar fyrir neðan nafnrituninni Gunnar Jóhannsson, Vesturgata 3, R. Sótt

er um 5.000 danskar krónur til greiðslu á húsgögnum til Möbelkælderen, Guldberggade 9, Kbh. Umsóknin var samþykkt 1. nóvember 1974 og afgreidd 7. sama mánaðar.

10. Umsókn til Landsbanka Íslands, dagsett 29. apríl 1975 (dskj. 126), með undirskriftinni stimplinum Antikhúsgögn og ofan í hann stafirnir Bj. Vesturgata 3, Reykjavík. Sótt er um 5.000 danskar krónur til greiðslu á húsgögnum til Möbelkælderen, Guldberggade 9, Köbenhavn.

Í málinu hafa verið lagðar fram aðflutningsskýrslur ásamt vörureikningum og farmskírteinum um innflutning á antikhúsgögnum á nafni framangreindra aðilja sem hér segir:

Inga J. Þorsteinsdóttir.

Samkvæmt aðflutningsskýrslu, dags. 29/6 1973 (dskj. 66), flutti Inga J. Þorsteinsdóttir inn frá Englandi antikhúsgögn 222 að tölu og 5000 kg að þyngd, og er fob verð þeirra 500 sterlingspund, en önnur gögn um innflutning á hennar nafni liggja ekki fyrir. Símanúmer ákærða 20252 er á umsókn þessari.

Pálína Jónsdóttir.

Samkvæmt aðflutningsskýrslu, dags. 22/11 1971 (dskj. 78), flutti Pálína Jónsdóttir inn frá Englandi fornmuni, 55 að tölu og 580 kg að þyngd, og er fob verð þeirra 322,50 sterlingspund, og samkvæmt aðflutningsskýrslu hinn 23/12 sama ár (dskj. 81) flutti hún inn frá Danmörku stóla og húsgögn 13 c11, 1400 kg að þyngd, og er fob verðið 1.620 danskar krónur.

Samkvæmt aðflutningsskýrslu, dags. 2/3 1972 (dskj. 86), flutti Pálína inn frá Danmörku sófa og húsgögn 5 c11, 175 kg að þyngd, og er fob verðið 1.375 danskar krónur, og samkvæmt aðflutningsskýrslu hinn 15/10 sama ár (dskj. 91) flutti hún inn frá Englandi fornhúsgögn, 59 pakka, 1.350 kg að þyngd, og er fob verðið 317 sterlingspund.

Samkvæmt aðflutningsskýrslu, dags. 23/3 1973 (dskj. 95), flutti Pálína inn frá Englandi forngripi 2 cont (188 hluti skv. vörureikningi og farmskírteini), 10500 kg að þyngd, og er fob verðið 352 sterlingspund.

Jón Torfi Snæbjörnsson.

Samkvæmt aðflutningsskýrslu, dags. 8/5 1972 (dskj. 99), flutti Jón Torfi Snæbjörnsson inn frá Skotlandi fornhúsgögn, er voru 57 að tölu og 700 kg að þyngd, og er fob verð þeirra 230 sterlings-

pund, og samkvæmt aðflutningsskýrslu hinn 24. sama mánaðar (dskj. 102) flutti hann inn, einnig frá Skotlandi, 2 cont + 24 stk. (72 stk. samkvæmt vörureikningi) af fornhúsgögnum, er voru 900 kg að þyngd, og er fob verð þeirra 270 sterlingspund.

Antikhúsgögn.

Samkvæmt aðflutningsskýrslu, dags. 11/12 1974 (dskj. 69), fluttu Antikhúsgögn, Vesturgötu 3 hér í borg, inn frá Danmörku 2 stk. (svo) af antikhúsgögnum (50 hluti skv. vörureikningum) 4300 kg að þyngd, og er fob verð þeirra 5.000 danskar krónur, og samkvæmt aðflutningsskýrslu, dags. 13/5 1975 (dskj. 74), flutti verslunin inn, einnig frá Danmörku, 3 cont með antikhúsgögnum (49 hluti skv. vörureikningum) 4500 kg að þyngd, og er fob verð þeirra 5.000 danskar krónur.

Ákærði, Björn Vilmundarson, mætti fyrst hjá rannsóknadeild ríkisskattstjóra til skýrslugjafar hinn 5. mars 1976 vegna athugunar á skattframtölum hans skattárin 1972, 1973 og 1974. Verður nú rakið það í skýrslu ákærða, sem snertir mál þetta.

Ákærði kveður innflutning hans og konu hans, Hólmfríðar Snæbjörnsdóttur, á húsgögnum á árunum 1972—1974 ekki hafa verið í söluskyni, heldur hafi þau flutt inn húsgögn til að eignast ákveðna hluti á heimili þeirra. Hafi þau þurft að kaupa heil vörupartí til að ná þessum hlutum og látið vini og kunningja fá úr þeim á kostnaðarverði það, er þau tóku ekki sjálf. Sumum húsgögnunum hafi þurft að fleygja vegna þess, að í þeim var ýmiss konar óþverri, svo sem maðkar og pöddur. Þá hafi nokkrir hlutir verið látnir í umboðssölu í versluninni Antikhúsgögnum.

Ákærði kveðst hafa keypt antikhúsgögn af J. C. Resby, sem er prófessor við Edinborgarháskóla, en rekur verslun með antikhúsgögn í Edinborg, og auk þess flutt inn húsgögn frá tveimur aðiljum í Danmörku. Kveður ákærði þau hjónin yfirleitt hafa farið utan, þegar þau keyptu antikhúsgögn.

Borin voru undir ákærða svarbréf Ingu J. Þorsteinsdóttur til skattstofu Reykjavíkur, dags. 13. janúar 1975, og yfirlýsing, er hún gaf á skattstofunni hinn 23. júní sama ár, en greint verður frá skjölum þessum í þætti Ingu Jennýjar hér á eftir.

Ákærði kvaðst ekki vita nákvæmlega um réttmæti þessarar yfirlýsingar, en vísa um það til eiginkonu sinnar. Þau hjónin hafi tekið á móti sendingu þeirri, sem hér er um að ræða.

Bornar voru undir ákærða þrjár aðflutningsskýrslur vegna

innflutnings Pálínu Jónsdóttur, Bræðraborgarstíg 22 (svo), á antikhúsgögnum á árunum 1971, 1972 og 1973 og tvær aðflutningsskýrslur vegna innflutnings Jóns Torfa Snæbjörnssonar, Bræðraborgarstíg 26 hér í borg, á antikhúsgögnum á árinu 1972.

Ákærði kveður þennan innflutning hafa verið sér algerlega óviðkomandi, en þó kunni hann að hafa veitt þessum aðiljum einhverja aðstoð við innflutninginn og jafnvel fengið eitthvað af þessu til eigin nota.

Ákærði kveðst hafa aðstoðað Gunnar Jóhannsson, eiganda verslunarinnar Antikhúsgagna, við gerð skattframtala fyrir gjaldárin 1973, 1974 og 1975 og við gerð reikningsyfirlita, sem þeim skattframtölum fylgja, eftir tilsögn og þeim gögnum, sem hann sá hjá Gunnari og Hirti, syni Gunnars. Hann hafi og veitt aðstoð við gerð söluskattsskýrslna, a. m. k. á árunum 1974 og 1975. Árið 1975 gerði hann söluskattsskýrslurnar ásamt Hrafnhildi Guðmundsdóttur, starfsstúlku í versluninni, og voru þær byggðar á sneplum, er lágu í versluninni, og minni ákærða og Hrafnhildar um, hvað selt hefði verið á hverjum tíma. Ákærði kvaðst ekki muna, hvenær hann hóf að selja antikhúsgögn í versluninni Antikhúsgögnum.

Ákærði Björn mætti aftur til skýrslugjafar hjá rannsóknadeild ríkisskattstjóra hinn 9. apríl 1976. Var borin undir hann aðflutningsskýrsla, dags. 11. desember 1974, nr. 00281-1974, um innflutning verslunarinnar Antikhúsgagna, Vesturgötu 3, á antikhúsgögnum og hann spurður um hlutdeild hans í þeim innflutningi. Ákærði kvað Gunnari Jóhannssyni, eiganda verslunarinnar, hafa verið mikið kappsmál að hafa einhverjar þess háttar vörur til sölu í verslun sinni. Hann hafi langað til að hefja innflutning á slíkum vörum og beðið ákærða að aðstoða sig við það. Ákærði kveðst síðan hafa keypt vörur þær, sem um er getið á aðflutningsskýrslu þessari í Danmörku, er hann var þar staddur. Hafi upphaflegur tilgangur verið, að verslunin Antikhúsgögn yrði eigandi þessara hluta, en þegar þær komu til landsins, hafi Gunnar verið veikur. Hafi ákærði því leyst vörurnar út og greitt innflutningsverð þeirra. Vörurnar hafi verið fluttar í Antikbúðina og seldar þar. Hann hafi síðan fengið endurgreiddan útlagðan kostnað vegna vörusendinga þessara. Ákærði kvaðst engin afskipti hafa haft af sölu varanna og ekki fengið greiddan ferðakostnað vegna þessara innkaupa. Ástæðan fyrir því, að ákærði lét Gunnari þessa aðstoð í té, hafi verið sú, að Gunnar komst ekki sjálfur vegna sjúkleika.

Svo sem áður greinir, er undirskrift umsækjanda á gjaldeyrisumsókninni fyrir framangreindum húsgögnum: Antikhúsgögn og nafnritunin Gunnar Jóhannsson.

Hin aðflutningsskýrslan vegna innflutnings verslunarinnar Antikhúsgagna er dagsett 13. maí 1975, nr. 34671-1975. Undirskrift umsækjanda á gjaldeyrisumsókninni fyrir húsgögnum þeim, er þar greinir, er Antikhúsgögn og stafirnir Bj., svo sem áður er rakið.

Ákærði kom fyrst fyrir dóm vegna máls þessa hinn 19. janúar 1977. Var ákærði spurður um innflutning hans sjálfs á antikhúsgögnum og viðskipti hans við verslunina Antikhúsgögn. Ákærði kvað ástæðuna fyrir innflutningi þessum, sem fór fram á árunum 1971—1975, hafa verið þá, að hann og kona hans hafi haft áhuga á að eignast slíka muni á heimili þeirra. Því var þannig varið, að þau urðu að eignast þá á tiltölulega ódýran hátt og urðu að leita að þeim erlendis. Þau höfðu athugað þetta hér heima, en fannst bæði dýrt og erfitt að eignast munina hér. Þau höfðu áhuga á sérstökum hlutum, og urðu þau þess vegna að kaupa marga hluti í einu erlendis, sem margir voru lélegir og illa farnir. Var þá töluverður fjöldi keyptur í einu lagi. Þegar vörurnar komu hingað til lands, voru þær fluttar í fyrstu heim til ákærða, en sá innflutningur, sem ákærði átti þátt í síðast á árinu 1974 og 1975, fór niður á Vesturgötu 3 eða í geymslu á bak við húsið.

Ákærði telur, að hann hafi byrjað að setja muni í umboðssölu í verslunina Antikhúsgögn árið 1972, en man það ekki nákvæmlega. Hann hafi gert það á þessum árum: 1973, 1974, 1975 og 1976. Hann kvaðst engin gögn hafa yfir þetta nema fyrir árið 1976. Sá hann ekki ástæðu til að halda neinar skýrslur um það, enda taldi hann sig ekki bókhaldsskyldan. Hann hafði ekkert uppgjör sjálfur við Gunnar Jóhannsson, eiganda verslunarinnar.

Ákærði kom aftur fyrir dóm hinn 24. mars sama ár. Honum voru kynntar aðflutningsskýrslur á dskj. nr. 9, 10, 22, 25, 26, 27, 28, 30, 37, 39, 40, 45, 48, 53, 62, 63, 66, 74, 78, 81, 86, 91, 95, 99, 102 og 106 varðandi húsgögn. Ákærði sagði, að á skýrslum þeim, sem séu á nafni hans, eiginkonu hans Hólmfríðar og Ingu J. Þorsteinsdóttur, sé um að ræða innflutning hans sjálfs og fjölskyldu hans. Aðflutningsskýrslur á nafni Pálínu Jónsdóttur, Jóns Torfa Snæbjörnssonar og Kristjáns J. Ólafssonar sé ekki hans innflutningur. Að því er varðar innflutning á nafni Antikhúsgagna tók ákærði fram eftirfarandi: „Á árinu 1974, þá bað eigandi Antik-

verslunarinnar, Gunnar Jóhannsson, mig um að kaupa fyrir sig einhverjar vörur, þar sem hann hefði þá litlar vörur til sölu í búð sinni, og að hans þrábeiðni þá gerði ég það, þar sem hann treysti sér ekki til að gera slíkt sjálfur. Þegar fyrri sendingin kom til landsins, þá var Gunnar orðinn lasinn og gat ekki staðið í því að leysa vörurnar út, og þá gerði ég það sjálfur. Vörurnar fóru þarna niður í búð að Vesturgötu 3 eða í vörugeymsluna, en tilkynningin frá skipafélaginu og annað þessu samfara kom að sjálfsögðu í búðina. Ég heimsótti Gunnar öðru hvoru, og hafði hann alla tíð þá trú, að hann kæmi aftur í verslunina, og hann ítrekaði fyrri beiðni sína til mín að kaupa fyrir sig einhverjar vörur, og þess vegna er einnig síðari sendingin tilkomin eða sú, sem kom á árinu 1975. En það fór með hana eins og þá fyrri, að ég leysti hana út og gerði síðan grein fyrir þeim innflutningi á minni skattskýrslu það ár, þ. e. rekstrarárið 1975".

Ákærði kveðst hafa talið það eðlilegt, að þetta færi inn á hans skattskýrslu, því að hann hafði greitt kostnaðinn við þetta, en Gunnar var orðið ekkert í búðinni og veikur. Pappírar varðandi þessa sendingu komu í verslunina, og þar fékk ákærði þá afhenta til að koma þeim áleiðis til skipaafgreiðslu Jes Zimsen, sem annaðist tollafgreiðslu. Ákærði kvaðst vilja ítreka það, að þetta hafi verið gert að þrábeiðni eiganda verslunarinnar, Gunnars Jóhannssonar, þó að ákærði vildi ekkert skipta sér frekar af þessum málum en orðið var, þar sem hann var orðinn fastur starfsmaður hjá ríkinu. Ákærði hafði lofað Gunnari að gera þetta, því að hann var orðinn ófær um það, en Gunnar var mjög ýtinn og frekur maður, en duglegur þrátt fyrir lömun sína.

Ákærði var beðinn að gefa skýringar á innflutningi Pálínu Jónsdóttur skv. aðflutningsskýrslum á dskj. nr. 78, 81, 86, 91 og 95, en Pálína hafði í réttarhaldi hinn 18. febrúar 1977 skýrt frá því, að innflutningur samkvæmt þessum skýrslum væri henni með öllu óviðkomandi. Ákærði kvaðst mótmæla því og vilja gjarnan heyra framburð hennar. Ákærði kvaðst hafa aðstoðað hana við þennan innflutning, fengið einhverja hluti af þessu sjálfur, hent sumu af því og hjálpað henni að losa sig við það, sem hún vildi ekki eiga, með því að reyna að selja þetta fyrir kostnaðarverði. Hann muni ekkert um það, hverjir fengu þetta, og ekki heldur, hvort munirnir úr þessum sendingum hafi verið seldir í versluninni Antikhúsgögnum.

Ákærði kveðst enga skýringu geta gefið á því, hvers vegna

Pálína Jónsdóttir lýsi því yfir, að innflutningur á hennar nafni sé henni óviðkomandi.

Lesinn var fyrir ákærða hluti af framburði Pálínu Jónsdóttur frá orðunum, fyrir mættu eru lögð dómskjöl nr. 78—98, og ákærði spurður, hvað hann vilji segja um þennan framburð hennar. Ákærði sagði, að eftir að dómari hefði lesið þennan framburð fyrir sig, teldi hann, að það hefði verið að rugla fullorðna konu. Hins vegar vildi hann geta þess, að það sé ekkert launungarmál, að síðan hann kvæntist Hólmfríði Snæbjörnsdóttur, hafi fjármál sín og fjölskyldu hennar fléttast þó nokkuð saman. Ákærði kveðst ekki hafa gögn í höndunum um uppgjör við Pálínu vegna þessa innflutnings. Þetta sé bara þeirra prívat fjölskyldumál. Það hafi ekki verið til neitt uppgjör þeirra á milli og hann viti ekki, hvað hafi orðið af öðrum gögnum.

Ákærði kvað verslunina Antikhúsgögn hafa selt í umboðssölu að hluta muni fyrir þau hjónin, sem þau vildu ekki eiga sjálf. Gunnar Jóhannsson hafi haft allan hátt á þessu, en ákærði var ánægður, ef hann sjálfur fékk kostnaðarverð. Ýmis gangur var á því, hver verðlagði hlutina í versluninni. Gunnar vildi gjarnan hafa hátt verð, ef hlutir voru verðmerktir, til þess að geta síðan gefið viðkomanda verulegan afslátt. Ákærði man ekki, hvað hann greiddi versluninni mörg prósent í sölulaun vegna sölu í hans þágu. Hann fékk yfirleitt það verð fyrir sína hluti, sem hann óskaði eftir. Í einstaka tilvikum var ekki tiltekin ákveðin prósenta af söluverði hlutar, sem Gunnar Jóhannsson skyldi fá í sölulaun. Ákærði kveðst ekki muna, hvað prósentan var há í þeim tilvikum. Árið 1976 heldur hann, að hún hafi verið 15—25%, en þá greiddi hann söluskatt sjálfur. Var þá um að ræða vörur, sem ekki hafði verið greiddur af söluskattur í tolli.

Ákærði kveðst aldrei hafa gert söluskattsskýrslu fyrir Gunnar Jóhannsson, en hann hafi hins vegar aðstoðað Hrafnhildi Guðmundsdóttur eitthvað við gerð þeirra á árunum 1974 og 1975. Var sú aðstoð í því fólgin að reyna að komast að því, hvað ætti að greiða háan söluskatt, en ekki lá fyrir í búðinni nákvæm skrá um sölu. Vitneskja ákærða um söluna hafi meira verið byggð á minni Hrafnhildar. Gunnar Jóhannsson hafi tjáð honum einu sinni, að hann hefði reynt að leita sér upplýsinga hjá yfirvöldum um það, hvort ætti að greiða söluskatt af gömlum hlutum, sérstaklega væri um innfluttar vörur að ræða, sem greiddur hefði verið söluskattur af í tolli. Ákærði heldur, að Gunnar hafi ekki fengið

nein skrifleg svör um þetta, þótt hann viti það ekki nákvæmlega. Þó var það skilningur hans, að ekki bæri að greiða söluskatt aftur af sömu vöru, væri búið að greiða hann í tolli. Ákærði gerir ráð fyrir, að Hrafnhildur hafi undirritað söluskattsskýrslurnar. Í þeim tilvikum, sem hann aðstoðaði við gerð söluskattsskýrslna, gekk Hrafnhildur frá þeim og greiddi söluskattinn. Ákærði kvaðst vilja taka fram, að þetta hafi verið gert í greiðaskyni við Gunnar, sem var fjarverandi vegna veikinda. Ákærði lánaði Hrafnhildi oft fyrir söluskattinum, og var það gert upp seinna.

Ákærði var spurður um, hvort hann hefði haft eitthvert eftirlitskerfi til að fylgjast með þeim vörum, sem hann lét í sölu í verslunina. Hann kvaðst hafa númerað einu sinni nokkra hluti, sem hann átti, og einhverjir munir hafi farið í búðina með þessum númerum. Hann nóteraði þetta niður í smávasabók hjá sér. Þetta kerfi er notað sums staðar erlendis, en ekki gat ákærði skýrt það nánar og sagði, að hann teldi sér það ekki skylt. Hann kvað það af og frá, að þessi númer hefðu táknað t. d. fjölda muna, sem hann hafði til sölu.

Að sögn ákærða var í flestum tilvikum um greiðslur með víxlum að ræða, þegar munir voru seldir fyrir hann. Víxlarnir voru oft allt kaupverðið, stundum með örlítilli útborgun, en örsjaldan, að hlutur fengist greiddur út í hönd. Bankar keyptu víxlana af ákærða, aðallega Landsbankinn, aðalbanki. Ef víxlar greiddust ekki í bankanum, voru þeir bakfærðir á reikning ákærða. Sumir þeirra voru innheimtir af lögmanni, en sumir féllu um sjálfa sig, að sögn ákærða, og töpuðust.

Ákærði Björn kom enn fyrir dóm hinn 6. september 1977. Var honum kynnt umsókn, dagsett 11. apríl 1972, til Útvegsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á húsgögnum, með undirrituninni Jón T. Snæbjörnsson (dskj. 119). Ákærði var spurður um það, hvort hann kannaðist við rithöndina á skjalinu. Sagðist hann hafa ritað það, enda hefði hann haft fullt umboð Jóns Torfa Snæbjörnssonar til að útfylla umsókn þessa og sækja um gjaldeyrisleyfi fyrir Jón Torfa. Hann sagðist ekki telja, að það hefði skipt neinu máli, þótt hann hefði ekki undirritað umsóknina fyrir hönd nefnds manns. Hann hefði ekki haft skriflegt umboð frá Jóni Torfa, enda hefði hann talið það óþarft. Starfsfólk bankans hefði engar athugasemdir gert við þetta. Ákærði sagði, að tildrögin til þess, að hann sótti um þennan gjaldeyri, hefðu verið þau, að Jón Torfi hefði um þessar mundir búið hjá þeim Hólmfríði, konu ákærða. Jón Torfi var nýskilinn og ætlaði að

eignast innbú á nýjan leik, að ákærða minnir. Ákærði var spurður um það, hvort Jón Torfi hefði lagt fram peninga til greiðslu á gjaldeyrinum, og sagði hann, að það væri bara einkamál þeirra Jóns Torfa.

Ákærða var því næst sýnd umsókn, dagsett 2. maí 1973, til Landsbanka Íslands fyrir 1.150 þýskum mörkum til greiðslu á ferðakostnaði, með undirrituninni Pálína Jónsdóttir (dskj. 111). Ákærði var spurður um það, hvort hann kannaðist við rithöndina á skjalinu, og sagðist hann hafa ritað það. Tilefni þess hefði verið það, að þau hjón ætluðu að bjóða Pálínu í ferðalag með þeim, en ekki hefði orðið úr því. Gjaldeyririnn liggi enn ónotaður heima hjá honum. Á umsóknina er stimplað „Án farseðils". Ákærði kvaðst ekki hafa hugmynd um, hvernig á því stæði. Ákærða minnir, að hann hafi framvísað farseðli, þegar hann sótti um gjaldeyrinn, en man ekki, hvar farseðillinn var keyptur. Ef farseðill hafi verið keyptur, hafi honum verið skilað aftur.

Þá var ákærða kynnt umsókn, dagsett 11. október 1971, til Landsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á notuðum húsgögnum, með undirrituninni Pálína Jónsdóttir (dskj. 117). Ákærði var spurður um það, hvort hann kannaðist við rithöndina undir skjali þessu. Sagðist hann hafa skrifað undir umsóknina, enda hefði hann haft fullt umboð til þess frá Pálínu. Pálínu hefði langað til að eignast gömul húsgögn og hann hjálpað henni til þess. Pálína hefði dvalist hjá þeim Hólmfríði á þessum tíma. Ákærði var spurður um það, hvort ekki hefði verið eðlilegra, að Pálína hefði sjálf undirritað umsóknina. Hann sagðist ekki sjá, að það hefði skipt neinu máli. Hann hefði haft fullt umboð til að undirrita umsóknina fyrir hana og hún beðið hann að sjá um þetta fyrir sig. Pálína hefði lagt fram fé til kaupa á gjaldeyrinum.

Ákærða var kynnt umsókn, dagsett 27. september 1972, til Útvegsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á húsgögnum, með undirrituninni Pálína Jónsdóttir (dskj. 120). Hann var spurður um það, hvort hann kannaðist við rithöndina undir skjalinu. Ákærði sagðist hafa sjálfur ritað undir það. Hann minnti, að Pálína eða fjölskylda hennar hefði lagt fram peninga vegna gjaldeyriskaupanna.

Ákærða var sýnd umsókn, dagsett 10. október 1973, til Landsbanka Íslands fyrir 150 enskum pundum til greiðslu á ferðakostnaði, með undirrituninni Inga Jenný Þorsteinsd. (dskj. 112). Hann viðurkenndi að hafa ritað umsókn þessa. Hann kvað til-

drög þess hafa verið þau, að hann hefði átt leið í banka þennan dag og Inga Jenný Þorsteinsdóttir beðið hann um að sækja um þetta fyrir sig. Minnir ákærða, að hún hafi þá verið búsett hjá honum.

Ákærða var sýnd umsókn, dagsett 9. júní 1973, til Útvegsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á húsgögnum (viðbót), með undirrituninni Inga Jenný Þorsteinsd. (dskj. 115 og 123). Kannaðist hann við að hafa skrifað umsókn þessa. Kvað hann þau hjón og Ingu Jennýju hafa flutt inn húsgögn og þurft á viðbótarleyfi að halda. Þau hjón hefðu lagt fram peningana til gjaldeyriskaupanna. Þau hjón og Inga Jenný hefðu flutt inn húsgögn sameiginlega, en þegar til kom hafi þau hjónin eignast þau alfarið. Þeirri spurningu, hvort Inga Jenný hefði hvergi komið nærri innflutningnum, svaraði ákærði þannig, að auðvitað hefði henni verið fullkunnugt um þennan innflutning. Ákærði var spurður um, hvort Inga Jenný hefði gefið honum eða þeim hjónum heimild til að nota nafn sitt undir gjaldeyrisumsóknir. Hann svaraði því til, að hann teldi sig vera búinn að lýsa þessu, eins og þetta var, og gögn liggi fyrir um þetta hjá skattrannsóknadeildinni.

Þá var ákærða sýnd umsókn, dagsett 17. apríl 1974, til Útvegsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á húsgögnum, með undirskriftinni Inga Jenný Þorsteinsdóttir (dskj. 116 og 124). Er hin fyrrnefnda afrit, en báðar eru með undirrituninni Inga Jenný Þorsteinsdóttir. Ákærði kvaðst kannast við undirskriftirnar og hefði hann undirritað skjöl þessi samkvæmt fullkomnu umboði Ingu Jennýjar.

Ákærði var spurður um það, hvaða atvik hefðu legið til þess, að hann undirritaði skjölin. Hann sagðist áður hafa skýrt frá því, að þetta hefði verið sameiginlegur innflutningur þeirra og að hann hefði haft fullt umboð til að undirrita þessar beiðnir.

Ákærða var sýnd umsókn, dagsett 4/11 1974, til Landsbanka Íslands fyrir 5.000 dönskum krónum til greiðslu á húsgögnum. Undirskrift umsækjanda er Antikhúsgögn (stimpill) og nafnritunin Gunnar Jóhannsson (dskj. 125). Ákærði kvaðst hafa undirritað umsóknina samkvæmt beiðni Gunnars Jóhannssonar. Hann hefði ekki haft skriflegt umboð til þess frá honum, heldur hafi þetta verið samkvæmt munnlegri beiðni. Ákærði var spurður um, hver hefði lagt fram peninga til gjaldeyriskaupanna. Sagðist hann hafa skýrt frá því áður í réttarhaldi 24. mars sama ár, hvernig þessi innflutningur væri tilkominn. Ákærði var spurður, hvort

hann gæti endurtekið það. Hann sagðist óska eftir því að sjá framburðinn frá 24. mars. Dómarinn sagði ákærða, að ekki væri um það að ræða. Ákærði sagði, að Gunnar Jóhannsson hefði verið orðinn lasinn á þessum tíma og verið lítið í búðinni, að sig minnti. Hann hefði beðið sig að kaupa fyrir sig húsgögn erlendis og ákærði orðið við beiðni hans. Þegar vörurnar komu til landsins, var Gunnar ófær um að leysa þær út, og ákærði gerði það sjálfur. Framangreind sending hefði verið þar á meðal.

Ákærða var og sýnd umsókn, dagsett 26. (sic) apríl 1975, til Landsbanka Íslands fyrir 5.000 dönskum krónum til kaupa á húsgögnum. Undirskrift umsækjanda er Antikhúsgögn (stimpill) og stafirnir Bj. (dskj. 126). Ákærði kannaðist við að hafa undirritað skjal þetta. Hann var spurður um það, hvaða atvik hefðu legið til þess. Ákærði sagðist vilja endurtaka það, að hann hefði gefið skýringar á því áður í sakadómi, en gæti endurtekið þær, ef dómari óskaði. Hann sagði, að Gunnar Jóhannsson, eigandi verslunarinnar Antikhúsgagna, hefði ítrekað við sig í byrjun ársins 1975 að reyna að kaupa einhver húsgögn fyrir hann, svo að hann gæti haldið versluninni gangandi. Ákærði hefði orðið við þessari beiðni hans, en ákærði vildi taka það sérstaklega fram, að hann hefði ekki aðstoðað neinn annan mann við þetta en Gunnar Jóhannsson, þar sem hann hefði verið ófær um það sjálfur og ákærði dáð mjög þrek hans og dugnað. Hann hafi verið búinn að reka fyrirtæki í áratugi, og jafnvel barnaheimili, í hjólastól. Hins vegar vildi ákærði líka geta þess, að þegar hér var komið sögu, hefði hann verið ófús að skipta sér frekar af þessum málum og nefnt það við aðstandendur Gunnars, hvort hann vildi selja búðina. Hafði ákærði þá í huga nákominn ættingja sinn, sem vildi koma sér upp sjálfstæðri atvinnu. Svar Gunnars var algerlega neikvætt, og sagðist hann ætla að reka búð sína áfram. Síðar á þessu ári, þ. e. 1975, orðaði hann það einnig við þetta sama fólk, að það keypti af sér í umboðssölu þau húsgögn, sem hann ætti hjá því, en úr því hafi ekki orðið.

Í þinghaldi 21. september 1977 var ákærði spurður um það, hve mikill hluti innflutningsins hefði farið til eigin nota. Hann sagði, að í umræddu bréfi til skattrannsóknadeildar hefði hann gert grein fyrir tilgangi þessa innflutnings, sem þau hjónin hefðu staðið að, en hann var sá að eignast antikhúsgögn á heimili þeirra, en þau var erfitt að fá hér heima. Í bréfinu kemur jafnframt fram, að munir þeir, sem þau fluttu inn, hafi verið fleiri en þeir, sem þau notuðu. Þau hafi átt hluti í einhvern tíma og látið þá síðan

kannske af hendi, ef þeir voru ekki að smekk þeirra. Um þennan innflutning hélt ákærði enga skrá og geti hann því miður ekki sagt, hve mikill hluti innflutnings hefði farið á heimili þeirra.

Ákærði var spurður um, hvaða vinir og kunningjar það hefðu verið, sem hann seldi muni. Hann kveðst ekki geta blandað vinum sínum og kunningjum inn í þetta mál. Það hafi tekið þá stefnu bæði í blöðum og með alls konar rógi og sé það ástæðan til þess, að hann vilji ekki blanda þeim inn í þetta.

Ákærði hélt enga skrá um, hve mikill hluti innflutningsins þetta var, og geti því miður ekki tjáð sig um það, hvað þetta hafi verið margir hlutir eða mikið magn. Þessir hlutir voru látnir á kostnaðarverði, og minnir ákærða, að þetta hafi verið greitt í peningum eða með víxlum, hann man það ekki nákvæmlega.

Ákærði auglýsti antikmunina til sölu í dagblöðum eftir því, sem þótti heppilegast.

Ákærði var spurður um, hve mikið magn af munum hann hefði sett í umboðssölu í verslunina Antikhúsgögn, Vesturgötu 3. Hann sagðist telja, að um þetta efni hefði áður verið rætt, annað hvort í skattrannsóknadeild eða í sakadómi. Hann væri farinn að rugla þessu saman á öllum þessum tíma, sem þessi rannsókn hefði staðið, en það væri að nálgast 2 ár, og vísaði hann til þess, sem hann hefði áður sagt um þetta. Ákærði hélt engar skrár um þetta, taldi það ekki á neinn hátt nauðsynlegt og geti því miður ekki sagt til um, hvað þetta var mikið. Það sé ágiskun frá sinni hendi, er greini í bréfi hans, dags. 18. mars 1976, sbr. dskj. nr. 131, að hann telji það hafa verið „mikinn minni hluta seldra húsgagna að magni til". Telji hann, að ágiskun hans sé nærri réttu lagi.

Ákærði var nánar spurður um, hve miklu magni hann hefði fleygt og hvar það hafi verið. Hann sagði, að eins og komið hefði fram, hefðu húsgögnin verið sett í upphitaðan bílskúr eða upphitað húsnæði og eftir dálítinn tíma hefðu komið í ljós margvíslegir gallar, bæði trjámaðkur, mölur og ýmislegt fleira af því tagi, þannig að hlutnum hafi orðið að henda. Annað hvort hafi þetta verið brotið og hent í ruslatunnurnar eða fenginn sendibíll með þetta upp á hauga.

Þá óskaði ákærði bókað eftirfarandi:

„Varðandi ummæli dómarans um innflutning Ingu Jennýjar Þorsteinsdóttur, þá vil ég vísa í bókun, sem gerð var 6. september, en þar kom fram, að hugmyndin hefði verið, að þetta yrði sameiginlegur innflutningur hennar og okkar hjónanna, en reyndin varð sú, að hann varð okkar eign alfarið, og ég ítreka það, að

þetta var henni fullkunnugt um. Hún var heimilismanneskja hjá okkur og fylgdist að sjálfsögðu með öllum okkar athöfnum. Hún gætti barns okkar, og við gerðum henni margvíslegan greiða, t. d. fór ég eða mín kona margar ferðir í Tryggingastofnun ríkisins til að reyna að útvega henni lífeyri eftir mann, sem var starfsmaður ríkisins, en hún hafði verið gift í örfáa mánuði. Til þessara erinda höfðum við engin skrifleg umboð frekar heldur en til annarra erinda, sem komu fram í framangreindri bókun frá 6. september s.l., en hún er kannske búin að gleyma þessu líka. Í þessu sambandi á ég sérstaklega við umsóknir um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi og ferðakostnað".

Þá óskaði ákærði að taka fram varðandi innflutning Pálínu Jónsdóttur vegna ummæla dómara fyrr í þessu réttarhaldi: „Að um samskipti okkar Pálínu í þessu efni var rætt í dómsrannsókn, að mig minnir 24. mars eða 19. janúar s.l., en því miður ruglast ég í þessu, því ég hef ekki fengið endurrit af þessum réttarhöldum. Innflutningur Pálínu var hennar eign, enda lagði hún fram fé til kaupanna. Að öðru leyti vil ég ekki orðlengja um þetta atriði frekar, en vísa til skjala og bókana, sem liggja fyrir í málinu."

Í yfirheyrslunni hinn 9. apríl 1976 fór rannsóknadeild ríkisskattstjóra þess á leit við ákærða, að hann léti í té öll þau gögn, er liggja til grundvallar rekstrarreikningi þeim fyrir árið 1975, sem fylgi skattframtali hans gjaldárið 1976. Með ódagsettu bréfi til skattrannsóknadeildarinnar lét ákærði í té umbeðin gögn. Verður af gögnum þessum eigi annað ráðið en ákærði telji sig hafa verið innflytjanda og eiganda húsgagna þeirra, er flutt voru inn á nafni verslunarinnar Antikhúsgagna skv. aðflutningsskýrslum, dags. 13/5 og 22/10 árið 1975, en hin síðarnefnda var greidd hjá tollstjóra 7. nóvember sama ár.

Vitnið Hólmfríður Snæbjörnsdóttir deildarstjóri, eiginkona ákærða, mætti hjá rannsóknadeild ríkisskattstjóra hinn 9. apríl 1976 til skýrslugjafar vegna máls þessa.

Vitnið var innt eftir því, hvort þau hjónin hefðu flutt inn antikvörur í nafni annarra. Hún kvað þau hafa verið raunverulega innflytjendur þeirra antikmuna, sem fluttir voru inn í nafni Ingu J. Þorsteinsdóttur samkvæmt aðflutningsskýrslu, dags. 29. júní 1973, nr. 49586/1973, enda hafi þau fjármagnað þá sendingu. Vitnið kveðst ekki muna, hvort Inga Jenný hafi fengið einhverja muni úr sendingunni. Inga Jenný hafi fengið hjá því antikmuni, en úr hvaða sendingu þeir hafi verið, man vitnið ekki. Nánar til-

tekið hafi hún fengið borð og sófasett og hafi hún greitt fyrir það annað hvort með peningum eða vinnu.

Vitnið kveðst aðspurt hafa samið svarbréf til skattstofunnar í Reykjavík, dags. 13. janúar 1975, er hér á eftir verður rakið í þætti Ingu Jennýjar, við fyrirspurn skattstofunnar til Ingu J. Þorsteinsdóttur, Álftamýri 40 í Reykjavík, dags. 11. desember 1974. Borið var undir vitnið það innihald svarbréfsins, er varðar innflutning á antikmunum, og kveður vitnið það vera lýsingu á því, sem raunverulega gerðist, og vísar jafnframt til þess, sem það hefur áður sagt hér að framan.

Borin var undir vitnið yfirlýsing, sem það er sagt hafa gefið á skattstofunni í Reykjavík 5. júní 1975, og kveður það yfirlýsinguna vera efnislega rétta að öðru leyti en því, að húsgögnin úr þessari sendingu hafi að einhverju leyti farið til nota á heimili þeirra hjóna, eitthvað hafi verið selt, en miklu hafi verið hent.

Varðandi áðurnefnt svarbréf til skattstofunnar í Reykjavík, dags. 13. janúar 1975, óskaði vitnið eftir að taka fram eftirfarandi: Vitnið telur, að skömmu eftir að Inga Jenný fékk fyrirspurnarbréfið frá skattstofunni, dags. 11. des. 1974, hafi hún haft samband við þau hjón og óskað liðsinnis þeirra við svari til skattstofunnar. Vitnið telur sig hafa fengið bréfið frá skattstofunni sent frá Ingu Jenný og telur sig hafa samið svarbréfið, dags. 13. janúar 1975. Efni svarbréfsins hafi verið gert í samráði við Ingu Jennýju í síma og það síðan sent henni til undirritunar. En vitnið kveðst ekki vita, hvernig sendingu bréfsins til skattstofunnar hafi verið háttað.

Vitnið var innt eftir þátttöku þeirra hjóna í innflutningi á antikhúsmunum samkvæmt tveimur aðflutningsskýrslum með nafni bróður vitnisins, Jóns Torfa Snæbjörnssonar, en aðflutningsskýrslur þessar eru dags. 24. maí 1972, nr. 37086—1972, og 8. maí 1972, nr. 32463—1973, og þremur aðflutningsskýrslum með nafni móður vitnisins, Pálínu Jónsdóttur, en aðflutningsskýrslur þessar eru dags. 23. mars 1973, nr. 20889—1973, 15. okt. 1972, nr. 76070—1972, og 22. nóv. 1971, nr. 89528—1971. Vitnið kveður þau antikhúsgögn, sem Pálína og Jón Torfi hafi flutt inn samkvæmt nefndum aðflutningsskýrslum, hafa verið eign þeirra, þ. e. Pálínu og Jóns Torfa, og hafi þau lagt fram fé til kaupa á þeim. Hins vegar hafi þau vitnið og Björn annast val á húsgögnunum og innflutning þeirra með aðstoð Jes Zimsen. Vitnið tók fram, að um þetta leyti hefði móðir

þess og Jón Torfi, bróðir þess, búið á heimili þeirra hjóna að Bræðraborgarstíg 26 í Reykjavík.

Með fyrirspurnarbréfi skattstjórans í Norðurlandsumdæmi eystra, dags. 16. desember 1974, til Snæbjörns Sigurðssonar, föður vitnisins, var hann inntur eftir innflutningi eiginkonu sinnar á vörum samkvæmt innflutningsskýrslum á árinu 1973. Borin var undir vitnið athugasemd skattstofunnar, dags. 6. janúar 1975, áritуð á afrit af áðurnefndu fyrirspurnarbréfi, svohljóðandi: „6/1 Hólmfríður Snæbjörnsdóttir hringdi í Rúnar. Segir hér vera um að ræða húsgögn til einkanota. Skriflegt svar verður sent". Vitnið kveður þetta rétt eftir sér haft. Borið var undir vitnið svarbréf, dags. 6. janúar 1975, til skattstofunnar á Akureyri við áðurnefndu fyrirspurnarbréfi. Vitnið kveðst hafa samið bréfið og borið efni þess undir foreldra sína.

Vitnið segir, að eins hafi verið staðið að kaupum á þessum húsmunum samkvæmt nefndum sex aðflutningsskýrslum, þ. e. Ingu Jennýjar, Pálínu og Jóns Torfa, og staðið var að þeirra eigin kaupum á húsmunum, þ. e. þau hjónin hafi verið í Englandi og gert kaupin þar.

Þá var borin undir vitnið aðflutningsskýrsla, dags. 11. desember 1974, nr. 00281—1974, vegna innflutnings á húsgögnum, merkt Antikhúsgögn, Vesturgata 3, Reykjavík.

Vitnið kveðst ekki hafa haft nein afskipti af innflutningi þessum, en vísaði í því sambandi á ákærða að því leyti sem þau hjónin kunni að hafa haft afskipti af innflutningi þessarar sendingar.

Vitnið tók fram, að í desember 1974 hefði það talið sig vera búið að afla sér þeirra antikhúsgagna, sem það hafði hug á að eignast, og hafði þá engan áhuga á frekari kaupum á slíkum munum. Það hafi ekki haft nein afskipti af innflutningi húsgagna á árinu 1975.

Vitnið Hólmfríður kom fyrir dóm hinn 29. mars 1978. Voru því kynntar aðflutningsskýrslurnar á dskj. nr. 9, 10, 22, 25, 26, 27, 28, 30, 37, 39, 40, 45, 48, 53, 62, 63, 66, 69, 74, 78, 81, 86, 91, 95, 99, 102 og 106 og það spurt um, hvort það gæti upplýst, á hvers vegum þessi innflutningur væri.

Vitnið skýrði frá því varðandi sendingu skv. aðflutningsskýrslu á dskj. nr. 63 (svo), að því væri kunnugt um þessa sendingu og telji það þetta vera sendingu, sem maður þess flutti inn fyrir Gunnar Jóhannsson vegna veikinda hans. Vitnið hugsar að kostnaðurinn við þessa sendingu hafi skipst á milli Björns og Gunnars

Jóhannssonar, alla vega fóru þau skaðlaus út úr þessu. Það sagði, að þar sem svo langt væri um liðið síðan þetta var, sé ekki gott að muna þetta, annars telji það, að Björn hafi gert grein fyrir þessum innflutningi á skattskýrslu árið 1976.

Vitnið sagðist kannast við aðflutningsskýrslu á dskj. nr. 66. Sending þessi, sem er á nafni Ingu Jennýjar Þorsteinsdóttur, sé sannast sagna á þess vegum, þótt það hafi ekki verið ætlunin í byrjun. Tildrögin að því, að Inga Jenný ætlaði upphaflega að eiga þessa sendingu, hafi verið þau, að hún annaðist húshjálp hjá vitninu og gætti barns þess. Hjá þeim hjónum sá hún mublur, sem þau höfðu látið gera upp, og langaði hana þá til að eignast slíkar mublur sjálfa. Inga Jenný spurði vitnið, hvort hún gæti ekki eignast mublur eins og móðir vitnisins, og sagði vitnið, að það væri áreiðanlega allt í lagi. Inga Jenný vildi þó hafa vaðið fyrir neðan sig og vildi geta valið og hafnað. Telur vitnið, að hún hafi álitið sig eiga meiri rétt á þessari sendingu, ef hún væri á hennar nafni.

Þegar sendingin kom til landsins, greiddu þau hjónin hana, eins og upphaflega var ákveðið, en jafnvel var ætlunin, að vitnið hjálpaði Ingu Jennýju til að fá víxillán til að greiða sendinguna. Sending þessi var sett inn í skúr hjá þeim að Bræðraborgarstíg 26, að því er vitnið minnir. Þegar þær Inga Jenný voru að þrífa húsgögnin, leist henni ekki meira en svo á þau og óskaði ekki eftir að fá neitt úr sendingunni, enda leit vitnið ekki svo á, að þessi sending væri neitt sérstaklega á hennar vegum, heldur var þetta svona rabb í milli þeirra.

Vitninu var skýrt frá því, að Inga Jenný hefði eindregið neitað því að vera viðriðin þennan innflutning eða vita nokkuð um hann og hafi hún unnið eið að framburði sínum. Vitnið sagði, að því þætti mjög leitt að heyra það, að Inga Jenný hefði unnið eið að framburði sínum.

Var lesið fyrir vitnið úr framburði Ingu Jennýjar varðandi þetta.

Vitnið kvaðst telja framburðinn alrangan, sérstaklega tilvitnanir í samtöl við Björn Vilmundarson, því að þau töluðust eiginlega alltaf við í viðurvist vitnisins.

Varðandi aðflutningsskýrslu á dskj. nr. 69 kvað vitnið þess að geta, að þar sé Björn að flytja inn fyrir Gunnar Jóhannsson og vísist til svara varðandi aðflutningsskýrslu á dskj. nr. 63 (svo) hér að framan, þó þannig, að sú sending sé að öllu leyti vegna

Gunnars Jóhannssonar og komi því ekki fram á skattframtali þeirra Björns.

Varðandi aðflutningsskýrslu á dskj. nr. 74 eigi sömu skýringar við og við aðflutningsskýrslu á dskj. nr. 63 hér að framan.

Um aðflutningsskýrslur á dskj. nr. 78, 81, 86, 91 og 95 þá sé það að segja, að þetta sé innflutningur Pálínu Jónsdóttur, móður vitnisins. Vitnið kveðst enga skýringu geta gefið á því, að í réttarhaldi hinn 18. febrúar 1977 kveður Pálína, móðir þess, þennan innflutning sér með öllu óviðkomandi. Vitnið kveður hana hafa lagt út fyrir þessum sendingum og hafi hún fengið féð að mestu hjá föður þess. Pálína, móðir þess, hafi afhent þeim hjónunum féð til að standa straum af kostnaðinum og hafi það verið aðalreglan, að vitnið veitti því viðtöku.

Vitnið man eftir því, að einu sinni tók móðir þess víxil í Búnaðarbankanum, aðalbanka, vegna kaupa þessara.

Lesið var fyrir vitnið úr framburði Pálínu Jónsdóttur í þinghaldi 18. febrúar 1977 varðandi þessi atriði. Vitnið sagði, að eftir því, sem því heyrðist, væri framburður Pálínu fyrir kaffihlé sannleikanum samkvæmur, en mótsögn í síðari hluta framburðarins, sem gefinn var eftir kaffi. Vitnið getur ekki gefið skýringu á þessum mótsögnum, nema þá þær, að hún hafi verið orðin þreytt.

Vitninu voru kynntar aðflutningsskýrslur á dskj. nr. 99 og 102, þ. e. varðandi vörur, sem fluttar voru inn á nafni Jóns Snæbjörnssonar, og spurt, hvað það vildi segja um þær. Vitnið kvað þetta vera Jón Torfa, bróður þess. Tildrögin að þessum innflutningi hafi verið þau, að hann hafi búið hjá því eftir skilnað og séð hjá þeim húsgögn. Þau hafi annast innflutninginn á þessum varningi, en hann greitt þessar sendingar sjálfur. Reikningar hafi verið eitthvað lausir og geti það ekki munað eftir einstökum atriðum.

Vitnið var spurt, hvort það hefði beðið Ingu Jennýju Þorsteinsdóttur um að undirrita fyrir það gjaldeyrisumsókn. Það svaraði því neitandi og kvaðst geta fullyrt, að það hefði aldrei beðið hana um það.

Vitninu var kynnt gjaldeyrisumsóknin á dskj. nr. 110. Kvaðst það ekki kannast við skjal þetta.

Vitninu var kynnt gjaldeyrisumsókn móður þess á dskj. nr. 111. Það kvaðst ekki hafa séð umsóknina áður, en það kannist við peningana. Móðir þess hafi ætlað með því til útlanda, en ekki orðið af því. Hún hafi margsinnis hætt við á síðustu stundu að fara í ferðir með því. Í þetta sinn hafi það keypt farseðil og sótt um gjaldeyri. Tók það gjaldeyrinn, en þegar ferðin var ekki

farin, var farmiðanum skilað, en bankanum tilkynnt, að gjaldeyririnn yrði notaður í einhverja næstu ferð, og var honum því ekki skilað aftur. Rithöndin á skjalinu sé Björns. Vitnið kveður umsóknina ekki hafa verið ritaða með vitund Pálínu, en tilgangurinn hafi verið að hvetja hana til að koma með því. Á þeirri stundu, sem þetta var afráðið, vissi Pálína ekki um þetta. Þetta sé eitthvað svipað því og þegar maður kaupir jólagjöf.

Vitninu var kynnt gjaldeyrisumsóknin á dskj. nr. 112. Kvaðst það ekki kannast við þetta skjal, en því væri kunnugt um, að Björn hefði sótt um gjaldeyri fyrir Ingu Jennýju, og eigi hann rithöndina undir skjalinu.

Vitnið sagði, að því væri ekki kunnugt um, hvers vegna Björn undirritaði ekki skjalið fyrir hönd Pálínu, en þetta sé ef til vill frá því komið, það hafi verið að ræða það við Björn, að það gæti verið sama að skrifa undir eitthvert skjal fyrir hönd einhvers eins og að rita nafn viðkomandi, því að í báðum tilvikum þyrfti að sanna lögfullt umboð sitt, ef vefengt væri, og því væri það sama, hvor hátturinn væri hafður á.

Vitninu var kynnt gjaldeyrisumsóknin á daskj. nr. 117. Kvað það Björn Vilmundarson hafa undirritað hana. Gjaldeyririnn var notaður til kaupa á notuðum húsgögnum, og var þetta gert með vitund Pálínu, móður þess.

Vitninu var sýnd gjaldeyrisumsókn með undirrituninni Jón T. Snæbjörnsson (dskj. nr. 119). Vitnið kvaðst ekki muna sérstaklega eftir skjali þessu, en hafa þó vitað um það. Því sýnist, að Björn Vilmundarson hafi undirritað það.

Vitninu var sýnd gjaldeyrisumsókn með undirrituninni Pálína Jónsdóttir (dskj. 120). Það var spurt, hvort það kannaðist við skjal þetta. Það kvaðst ekki muna það, en hafa alla vega vitað um skjalið. Því sýnist Björn hafa undirritað það.

Vitninu var sýnd gjaldeyrisumsóknin á dskj. nr. 122 með nafninu Inga Jenný Þorsteinsdóttir, vélrituðu. Vitnið kvað sér vera kunnugt um skjal þetta. Skjalið hafi verið notað í sambandi við kaup á húsgögnum, en það viti ekki, í hvaða sendingu þau voru.

Þá voru vitninu sýndar gjaldeyrisumsóknir með undirrituninni Inga Jenný Þorsteinsdóttir, Álftamýri 40 (dskj. 123 og 124). Vitnið kveðst hafa vitað um þessi skjöl, enda hafi þau verið gerð skv. samkomulagi þeirra Ingu Jennýjar. Björn Vilmundarson hafi undirritað skjöl þessi.

Loks voru vitninu sýndar gjaldeyrisumsóknirnar með stimplin-

um Antikbúðin (dskj. nr. 125 og 126). Það kvaðst hafa vitað um þessi skjöl. Björn Vilmundarson hafi undirritað þau bæði.

Vitnið kvaðst ítreka það, að Björn Vilmundarson hefði haft fullt umboð til að ganga frá öllum gjaldeyrisumsóknum samkvæmt framantöldum skjölum fyrir viðkomandi aðilja og að formið á undirskriftunum megi að nokkru kenna því, að vitnið hafi skýrt honum frá því, að það form jafngilti því, að hann skrifaði undir f. h. eða e. u. viðkomandi aðilja og eigið nafn undir, en í hvoru tveggja tilvikinu þyrfti að sanna heimildina, ef hún yrði vefengd.

Vitnið Gunnar Bergmann Sigurðsson framkvæmdastjóri, til heimilis að Norðurbrún 16 hér í borg, hefur skýrt frá því, að hann hafi veitt ýmsum aðstoð við frágang tollskjala.

Aðstoðin er fólgin í því að taka á móti innflutningspappírum og gera tollskýrslur samkvæmt þeim pappírum, sem fram eru lagðir. Það er mismunandi, hvað hver og einn biður um. Stundum er pantaður bíll og varan sótt og flutt til eiganda. Eigandi vörunnar leggur út fyrir tolli, flutningsgjöldum og kostnaði eða einhver fyrir hans hönd. Það kemur þó fyrir, að fyrirtæki vitnisins leggur út fyrir þessum kostnaði, en þó ekki nema búið sé að tryggja því greiðslu frá vörueiganda eða einhverjum fyrir hans hönd fyrirfram eða um leið. Stundum er hringt á undan til viðskiptavina og þeir spurðir, hvort óhætt sé að leysa vöruna út, og ef svarið er jákvætt, er það gert, og kemur þá greiðslan á eftir.

Til að ganga frá aðflutningsskýrslum kveðst vitnið þurfa að hafa bankastimplaða innkaupareikninga og frumrit farmskírteinis. Þá getur þurft alls konar fleiri gögn, og fer það eftir tegund vörunnar, t. d. bifreiðalýsingu, EFTA vottorð, aldursvottorð og fl. Til grundvallar vöruverði á aðflutningsskýrslum í sambandi við innflutning á antikhúsgögnum liggur vörureikningur, fylgibréf og reikningar flutningsaðilja (fragtreikningar). Vátryggingariðgjald er reiknað samkvæmt ákveðinni reglu í tollögum og starfsfólk vitnisins fyllir út aðflutningsskýrslur. Fyrirtæki vitnisins fær umboð frá viðskiptavinum til að ganga frá tollskjölum, síðan það var gert að skilyrði, en vitnið man ekki, hvenær það var.

Vitnið kveðst hafa fengið skriflegt umboð frá Birni Vilmundarsyni, þegar tollstjóri setti þessar reglur.

Gögn þau, sem stuðst er við við gerð aðflutningsskýrslna, fara sum til tollsins, en önnur fara með reikningi til eigandans. Fyrir-

tæki vitnisins heldur eftir afriti af tollskýrslu og þeirra eigin reikningi, enda hefur það með ekkert annað að gera.

Vitnið man ekki, hvenær aðstoð fyrirtækis þess við gerð aðflutningsskýrslna hófst að því er Björn Vilmundarson varðar, en það gæti hafa verið í kringum 1971 eða 1972 eða um það bil. Björn kom sennilega eins og allir aðrir viðskiptavinir og bað um að ganga frá aðflutningsskýrslu fyrir sig. Vitnið man ekki eftir neinum öðrum vörum en antikhúsgögnum, sem Björn Vilmundarson flutti inn.

Vitnið var spurt um, hvort það hefði vitað um það, að Björn hafði afskipti af innflutningi antikhúsgagna fyrir aðra en sjálfan sig. Það kvað Björn hafa komið með pappírana til fyrirtækis þess og það talið hann ætíð vera innflytjanda að öllu saman, þegar það var viðstatt. Vitnið hefur gengið frá aðflutningsskýrslum fyrir aðra en Björn, sem flytja inn antikmuni. Það man ekki nöfn í því sambandi, en Björn hefur verið langstærstur af þeim, sem fyrirtækið hefur gert aðflutningsskýrslur fyrir. Vitnið var spurt um, hvort það hefði veitt Birni aðstoð við flutning úr tolli á vörum, sem hann flutti inn.

Vitnið kveðst halda, að í flestum tilvikum hafi verið pantaður bíll fyrir Björn og varan verið send heim til hans eða á aðra staði, sem hann óskaði eftir að fá hana. Vitnið fór einu sinni sjálft með vöruna heim til hans á Bræðraborgarstíg.

Var í flestum tilvikum pantaður bíll frá sendibílastöðinni á kostnað Björns, en stundum var fólk frá fyrirtækinu viðstatt, er vara var sótt í pakkhús. Í enn öðrum tilvikum kom það fyrir, að maður frá fyrirtækinu fylgdi vörunni til Björns.

Vitnið var spurt um, í hvaða ástandi vara sú, sem Björn flutti inn, hefði verið. Það kvað þetta hafa verið rusl, að það mundi segja í þetta eina skipti, sem það sá vöruna. Þessu var hrúgað ópökkuðu inn í gámana. Var áklæðið rifið og tætt og húsgögnin liðuð. Að mati vitnisins var ekki hægt að nota húsgögn þessi eins og þau voru.

Hinn 16. desember 1974 ritaði skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra Snæbirni Sigurðssyni, Grund í Hrafnagilshreppi, eiginmanni Pálínu Jónsdóttur, bréf. Segir þar m. a.: „Samkvæmt innflutningsskýrslum hefur eiginkona yðar flutt inn vörur fyrir kr. 327.000 á s.l. ári. Ekki virðist getið um þessi vörukaup á framtali yðar. Skýringar óskast. Gerið grein fyrir, í hvaða tilgangi varan var flutt inn, og leggið fram innflutningsskjöl".

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir svaraði bréfi þessu f. h. Snæbjörns

Sigurðssonar með bréfi, dags. 6. janúar 1975. Segir þar á þessa leið:

„Í sambandi við bréf yðar frá 16. des. s.l. vil ég geta þess, að eiginkona mín, Pálína Jónsdóttir, hugðist setjast að í Reykjavík og bjó þar um tíma. Í þessu sambandi fékk hún leyfi til að kaupa nokkuð af húsgögnum erlendis frá. Vegna mikils kostnaðar við flutning o. fl. varð hún þó að farga nokkru af þeim til skyldmenna, sem tóku að sér greiðslu þeirra. Því miður get ég ekki lagt fram skjöl yfir innflutning þennan, þar sem þau af einhverjum ástæðum hafa farið forgörðum, en fullyrði að söluskattur og tollur hefur réttilega verið greiddur".

Vitnið Pálína Jónsdóttir, Grund í Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu, kom fyrir sakadóm Eyjafjarðarsýslu vegna máls þessa hinn 11. júní 1976. Vitnið er tengdamóðir ákærða, Björns Vilmundarsonar.

Vitnið skýrði frá því, að það hefði flutt inn húsgögn þau, er um getur á dómskjölum 9—25 og þá voru lögð fram. Vitnið kvað kaup þessi þannig tilkomin, að þau Hólmfríður Snæbjörnsdóttir, dóttir þess, og maður hennar, ákærði Björn Vilmundarson, hefðu keypt húsgögn þessi fyrir það erlendis. Vitnið kveðst hafa lagt fram fé til kaupanna að öllu leyti ásamt Snæbirni Sigurðssyni, eiginmanni þess. Vitnið kvaðst engin gögn eiga um innflutninginn. Björn hefði séð um að fá húsgögnin tollafgreidd og greiða vörurnar í banka, en vitnið hefði aðeins fjármagnað kaupin. Vitnið kvaðst eiga af því, sem innflutt var, 2 stóla, einn tveggja manna sófa og útskorinn lampa í fílslíki, en aðra muni hafi þau Björn og Hólmfríður selt fyrir það. Hafi það fengið greiðslur frá þeim, þannig að það hafi komið fjárhagslega skaðlaust frá þessum innflutningi, en ekki meir. Vitnið kveðst ekki vita betur en umræddir munir hafi verið seldir á sem næst kostnaðarverði, a. m. k. hafi það ekki haft neinn hagnað af þessum innflutningi og því ekki neitt verið tekið fram um innflutninginn á skattskýrslu þeirra hjóna.

Vitnið kveður ástæðuna fyrir innflutningnum hafa verið þá, að það hafi séð fallega antikmuni hjá þeim Birni og Hólmfríði, og hafa vitað, að hægt var að fá húsgögn þessi á mjög hagstæðu verði. Kveðst vitnið því hafa ákveðið að reyna, hvort það gæti ekki komist yfir húsgögn á hagstæðu verði.

Vitnið kveðst hafa séð alla þá muni, sem það flutti inn, en Björn Vilmundarson hafi tekið að sér að koma húsgögnunum í geymslu. Hafi þau verið geymd í bílskúr að Brekkustíg 17. Vitn-

ið kveðst ekkert hafa selt af húsgögnunum sjálft. Það kveðst bæði hafa frétt hjá Birni og séð það sjálft, að mikið af húsgögnunum var gallað og afföll verið mikil. Björn hafi sagt því, að talsvert miklu af húsgögnunum hefði þurft að henda, en um hve mikið magn var að ræða, veit vitnið ekki.

Í niðurlagi framburðar vitnisins segir, að lesið hafi verið fyrir það dskj. nr. 4, (þ. e. skýrsla skattrannsóknarstjóra) svo og framburðir varðandi innflutning þess á húsgögnum á dskj. nr. 5 og 6 (framburðir Björns Vilmundarsonar og Hólmfríðar Snæbjörnsdóttur). Sagði vitnið, að þetta væri í meginatriðum allt rétt, en orðalagið á dskj. nr. 4 væri villandi, þar sem segir, að það hafi heimilað Birni að nota nafn þess á þeim pappírum, er til þessa innflutnings þyrfti.

Vitnið kom fyrir sakadóm Reykjavíkur hinn 18. febrúar 1977. Vitnið var spurt um, hvort það hefði kynnt sér efni skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra. Sagðist það aldrei á ævinni hafa gert það og ekki þurfa að gera. Það hefði bóndi sinn gert. Það hefði aldrei séð skýrsluna, einungis heyrt talað um hana. Synir þess hefðu talað um, að alltaf væri verið að rekast í skattamálum. Vitnið kveðst ekki vita, hvers vegna skýrslunni hafi ekki verið svarað. Það sendi öll bréf viðskiptalegs eðlis til Sigurðar, elsta sonar þess, sem býr á Höskuldsstöðum, síðan Snæbjörn missti minnið ári áður.

Vitnið var spurt, hvort það hefði staðið að innflutningi. Það kvaðst hafa beðið Björn Vilmundarson að kaupa fyrir sig eitthvað innanstokks í íbúð þess að Brekkustíg 17 hér í borg. Það átti ekkert innbú í íbúðina, var hætt að búa og vildi flytja sig nær dóttur þess. Innflutningur þessi átti sér stað í kringum 1972 og 1973, um það leyti sem það var að flytja í íbúðina að Brekkustíg 17. Vitnið kveður hér hafa verið um að ræða 2 stóla, 2ja manna sófa og veglegan lampa í fílslíki. Þetta var það eina, sem vitnið festi kaup á af húsgögnum, og bað það Björn Vilmundarson um að ráðstafa hinu. Það kveðst mundu hafa eignast fleira, hefði það verið áfram hér fyrir sunnan. Það hafði komið til Reykjavíkur laust upp úr áramótum 1973 og flutt inn í íbúðina í apríl, en farið norður aftur í desember sama ár.

Vitninu datt fyrst í hug að fara að flytja inn húsgögn, þegar það sá húsgögn hjá Hólmfríði og Birni, en það kom til þeirra á árinu 1973. Þau höfðu verið að útvega sér innanstokksmuni, og þegar það frétti, að þetta væri allt frjálst, bað það Björn um að flytja inn fyrir sig líka.

Með því að þetta sé frjálst, á vitnið við það, að það mætti flytja þetta inn.

Vitnið var spurt um, hvort innflutningur samkvæmt aðflutningsskýrslu nr. 89528 1971, sem vitninu var sýnd (dskj. nr. 78), hefði í raun og veru verið á vegum þess. Sagði það, að hann hefði hlotið að vera það. Það hafi verið búið að biðja Björn um að útvega því munina og hann bara átt að miða við það í innflutningi sínum. Vitnið lét þær óskir í ljós við Björn, að það vildi fá í þess hlut fyrst og fremst stóla og sæti, en síðan gæti annað komið „eftir behag". Vitnið vissi ekki, hvar vörur þessar voru keyptar. Björn hefði sjálfur keypt og valið vörurnar, en það hefði aldrei spurt hann um það. Hann sagði því, að hann hefði keypt þetta í einu „holli" og mikið af þessu hefði bara verið rusl. Vitnið fór aldrei sjálft utan til að velja. Kveðst það ekki þekkja neina aðilja erlendis, sem selja antikmuni. Vitnið átti peninga sjálft til að fjármagna kaupin og lagði út fyrir allri sendingunni.

Var um að ræða móðurarf þess, sem það átti prívat og hafði aldrei lagt inn í bú þeirra Snæbjarnar. Vitnið var spurt um, hvort það væri ekki rétt, að það hefði tekið víxillán til að greiða með húsgögn, og svaraði það því játandi. Það geti vel verið, að það eigi einhver gögn um þessi viðskipti. Björn hafi bara fengið peninga í hendur frá því til kaupanna og síðan hafi það fengið þá muni, sem það þurfti. Björn hafi síðan ráðstafað hinu og látið það fá peninga til baka. Var vitninu alveg sama, þótt hann hefði einhvern hagnað af þessu, en það sé af og frá, að Björn hafi notað nafn þess í heimildarleysi.

Vitnið var spurt, hvort það hefði greitt Birni með ávísunum eða peningum. Það sagði, að hann hefði vitað um inneign þess í Búnaðarbankanum í Mosfellssveit og hann hefði sennilega tekið út úr bókinni.

Vitnið kveðst geta reiknað saman ennþá, hvað þessi viðskipti hafi kostað það, en það eigi engin gögn um þau. Vitnið kveðst ekki hafa séð um að útvega tilskilin leyfi, þ. e. innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, vegna innflutningsins og það hafi ekki spurt um, hver hafi gert það. Björn hljóti að hafa útvegað gjaldeyri og og undirritað gjaldeyrisumsóknir. Það hafi ekki þurft að koma nálægt þessu.

Vitnið kveðst ekki hafa fengið í einu lagi þá muni, sem það fékk í þess hlut. Lampann fékk það á undan svo og píanóið, en stólarnir hafi komið síðar. Vitnið kveðst hvorki hafa gefið Jes Zimsen skriflegt né munnlegt umboð til að taka vörur úr tolli

og greiða innflutningsgjöld af þeim. Það hafi aldrei verið beðið um neitt og vísa alfarið á Björn með það.

Vitnið var spurt um, hvað hefði orðið um vöruna, eftir að hún kom til landsins. Svaraði vitnið á þá leið, að hvernig hefði það átt að vita það, það hefði aldrei verið spurt um neitt.

Vitnið kveðst ekki hafa skoðað allar sendingarnar til hlítar, sem voru á nafni þess, heldur bara þær sendingar, sem teknar voru heim á Bræðraborgarstíg 26 og Brekkustíg 17, Reykjavík. Það hafi ekki vitað, hvort þeir munir, sem það fékk, hafi verið úr einhverri af þeim sendingum, sem það var skrifað fyrir. Dóttir þess hafi vitað nokkurn veginn um smekk þess.

Vitninu voru kynntar aðflutningsskýrslur og önnur skjöl varðandi sendingarnar (dskj. 78—98). Það sagði, að því fyndist þetta mikið magn og að Björn yrði að svara fyrir þetta.

Vitnið var spurt, hvort það gæti ekki svarað því nánar, hve mikil fjárútlát það hefði haft af þessum viðskiptum, og lagt fram einhver gögn um þetta atriði. Það kvaðst vera margbúið að segja, að það gæti ekki munað alla þessa hluti og tölur. Það megi vel vera, að Björn hafi lagt út fyrir sendingunum úr eigin vasa. Að minnsta kosti hafi það ekkert uppgjör eða gögn í höndunum. Þá var vitnið spurt, hvers vegna hefðu verið keyptir svona margir hlutir samkvæmt dskj. nr. 78 til 98 á þess nafni, ef það hafi fengið aðeins örfá stykki í þess hlut. Það kvaðst vera búið að segja það, að það hefði beðið Björn að selja úr þessum sendingum, og það varpi því á hann að svara fyrir það, en því sé alveg ósárt um það, þótt Björn hafi haft einhvern hagnað af þessu, vegna fyrri greiða við það. Það hafi aldrei áður séð framangreind skjöl.

Vitnið var spurt um, hvort það væri raunverulegur innflytjandi húsgagna samkvæmt aðflutningsskýrslum á dskj. nr. 78, 81, 86, 91 og 95. Vitnið kvað innflutning þennan vera sér með öllu óviðkomandi, en það vildi sjálft eignast eitthvað af húsgögnum, úr því að Björn Vilmundarson stóð í þessum innflutningi.

Vitnið var spurt, hvort það teldi, að Björn Vilmundarson hefði haft ástæðu til að ætla, að hann gæti notað nafn þess á aðflutningsskýrslur án þess vitundar. Vitnið svaraði því játandi að því leyti sem það hefði beðið hann að kaupa fyrir það húsgögn. Það vilji leggja þessa nafnanotkun þannig út fyrir Birni, að það hafi verið að tala um, að það vantaði húsgögn til eigin þarfa.

Vitnið kveðst ekki sjálft hafa verið látið undirrita nokkra pappíra í sambandi við innflutning á húsgögnum. Hólmfríður hafi þá gert það, sem þurfti til þess. Það kveðst heldur ekki hafa

gefið neinum umboð til að rita nafn þess undir skjöl varðandi innflutning á húsgögnum, að það muni til, en vill þó taka fram, að fyrir mörgum árum hafi þau hjónin gefið dóttur þeirra Hólmfríði munnlegt umboð til að binda þau um fjárskuldbindingar almennt.

Vitninu var sýnt fyrirspurnarbréf frá skattstofu Norðurlandsumdæmis eystra, dags. 16. desember 1974, varðandi framangreindan innflutning (dskj. nr. 128) og það spurt, hvort það hefði séð það áður.

Vitnið kvaðst fyrst hafa séð bréf þetta hinn 11. júní 1976 í sakadómi Akureyrar.

Því var og sýnt svarbréf við framangreindu bréfi, undirritað af Hólmfríði Snæbjörnsdóttur (dskj. nr. 129).

Vitnið kveðst fyrst hafa séð bréf þetta hinn 11. júní 1976 í sakadómi Akureyrar, og var því ekki kunnugt um, er það var samið.

Vitninu voru sýndar gjaldeyrisumsóknir á dskj. nr. 111, 117 og 120 með undirrituninni Pálína Jónsdóttir, Bræðraborgarstíg 26.

Vitnið neitaði að hafa undirritað umsóknir þessar og kveðst ekki kannast við rithöndina.

Vitnið Pálína Jónsdóttir mætti enn í dómi 21. maí sl. Var framburður þess í sakadómi Eyjafjarðarsýslu hinn 11. júní 1976 lesinn í heyranda hljóði. Vitnið kvaðst staðfesta framburðinn, en tók fram, að eftirfarandi orðalag væri ónákvæmt, „en mætta segir, að orðalagið á dskj. 4 sé villandi, þar sem segir, að hún hafi heimilað Birni að nota nafn sitt á þeim pappírum, er til þessa innflutnings þyrfti".

Þá var framburður vitnisins frá 18. febrúar 1977 í sakadómi Reykjavíkur lesinn í heyranda hljóði. Vitnið tók fram varðandi spurninguna: „Hafið þér kynnt yður efni skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra?", að það hafi misskilið spurninguna og talið, að átt hafi verið við skattframtal.

Þá vill vitnið gera athugasemd við spurninguna: „Eruð þér raunverulegur innflytjandi skv. aðflutningsskýrslum á dskj. nr. 78, 81, 86, 91 og 95?" Bókað er eftir vitninu sem svar við spurningunni, að þessi innflutningur sé því með öllu óviðkomandi. Vitnið sagði, að þetta hlyti að vera einhver ruglingur. Því hafi fundist spurningar rannsóknardómarans áleitnar og ruglingslegar. Þá var vitnið nýkomið frá stórum uppskurði og illa fyrirkallað í þinghaldinu. Tók vitnið fram, að þetta svar væri alls ekki rétt.

Vitnið kveðst að öðru leyti ekkert sérstakt hafa fram að færa varðandi framburðinn

Vitnið skýrði frá því, að ákærði, Björn Vilmundarson, hefði sótt um 1.150 þýsk mörk fyrir þess hönd til Landsbanka Íslands 2. maí 1973 til greiðslu á ferðakostnaði, 11. október 1971 til Landsbanka Íslands 500 ensk pund til greiðslu á notuðum húsgögnum og 27. september 1972 til Útvegsbanka Íslands 500 ensk pund til greiðslu á húsgögnum. Ákærði hafði ekki skriflegt umboð frá vitninu, en vitnið lýsti því yfir, að hann hefði haft fullkomið umboð eða heimild til þessa erindisrekstrar fyrir það og að rita nafn þess undir umsóknina. Vitnið fékk sjálft nokkuð af húsgögnunum, en öðrum ráðstafaði ákærði fyrir það. Vitnið fjármagnaði húsgagnakaupin í upphafi, en ákærði eða Hólmfríður greiddu því aftur andvirði þeirra húsgagna, sem ákærði seldi.

Svo sem áður greinir, flutti vitnið Jón Torfi Snæbjörnsson, Grund í Hrafnagilshrepppi, Eyjafjarðarsýslu, inn frá Englandi samkvæmt aðflutningsskýrslu, dagsettri 8. maí 1972, fornhúsgögn að fob verði 230 sterlingspund. Einnig flutti hann inn frá Skotlandi samkvæmt aðflutningsskýrslu, dagsettri 24. maí 1972, fornhúsgögn að fob verði 270 sterlingspund.

Vitnið kom fyrir sakadóm Eyjafjarðarsýslu hinn 17. maí 1976. Voru því kynnt framangreind gögn. Kannaðist það við að hafa staðið að innflutningi þessum, sem var 1600 kg að þyngd, en einstakir hlutir í sendingunni um 129 að tölu. Vitnið kvaðst hafa keypt húsgögnin fyrir milligöngu umboðsmanns síns, ákærða Björns Vilmundarsonar, mágs síns, og hefði hann tekið húsgögnin í sína vörslu. Vitnið kvaðst hvorki hafa greitt andvirði húsgagnanna, aðflutningsgjöld, söluskatt né annað, en ákærði hefði innt greiðslur þessar af hendi. Það kveðst ekki muna, hvort það hafi greitt ákærða eitthvað af fé því, sem hann lagði út. Vitnið vissi ekki, hvað varð um húsgögnin, að öðru leyti en að það hafi fengið einn skáp og einn píanóstól. Vitnið sagði síðar í framburðinum, að það hefði ekki greitt skuld þess við ákærða og þeir ákærði ekkert rætt það mál. Vitnið kveðst ekki minnast þess að hafa gefið ákærða umboð til að selja húsgögnin fyrir útlögðum kostnaði hans.

Vitnið Jón Torfi kom fyrir sakadóm Reykjavíkur hinn 7. mars 1977. Vitnið var spurt um það, hvort það hefði kynnt sér efni skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra, og svaraði það því játandi. Sagðist það hafa lesið hana og svo væri hún í höndum lögfræðings þess. Vitnið kvaðst hafa staðið að innflutningi

og minnir, að það hafi verið í maí 1972 sem það flutti inn forn húsgögn. Vitnið sagðist halda, að það hefði séð framangreindar aðflutningsskýrslur nr. 32463 og 37086/1972 (dskj. 99 og 102) og að þetta væru skýrslurnar varðandi innflutninginn. Vitnið kvaðst ekki muna, hvar það sá þær fyrst, hvort það hafi verið að Bræðraborgarstíg hjá ákærða, Birni Vilmundarsyni, en það sá þær hjá deildarstjóra við embætti ríkisskattstjóra. Vitninu leist ekkert á húsgögn þau, er í skýrslunum greinir, og bað umboðsmann sinn, Björn Vilmundarson, að losa sig við þau. Vitnið kveðst hafa hafið innflutning á antikmunum, þar sem það langaði til að eignast sæmilegar mublur.

Vitnið man ekki, hvar það bjó á árinu 1972. Það hafði á leigu herbergi uppi á Miklubraut 66, og svo var það mikið hjá Hólmfríði Snæbjörnsdóttur, systur þess, er bjó við Bræðraborgarstíg. Þá minnir það, að það hafi haft á leigu herbergi í Eskihlíð 14, en vorið 1972 var það hjá ákærða Birni og Hólmfríði. Vitnið kveðst ekki muna, hvar vörurnar, þ. e. húsgögnin, hafi verið keypt. Ákærði Björn, umboðsmaður þess, hafi gert það, og jafnframt spurði vitnið, hvort það hefði ekki verið í Bretlandi. Vitnið kveðst hafa keypt vörurnar, en ákærði Björn hafi valið þær eða maður fyrir hann. Vitnið var spurt um, hvort það hefði gefið ákærða Birni til kynna, hvers konar húsgögn það vildi eignast. Vitnið kvað það upphaflega hafa verið þannig, að það hefði séð falleg húsgögn hjá Birni og þá hafi það langað til að eignast sófasett. Það tiltók þó ekki neitt sérstakt í því sambandi. Vitnið kveðst ekki þekkja neina sérstaka aðilja erlendis, sem versla með antikmuni. Vitnið man ekki, hvernig það fjármagnaði kaupin á húsgögnunum. Það kveðst bara hafa fengið lánað fé. Heldur það, að ákærði hafi hjálpað því í því efni eins og fleiru. Vitnið kveðst ekki vera búið að greiða þetta ennþá. Það minnir, að það hafi tekið víxillán og að eitthvað hafi verið greitt, en annars kveðst það ekki muna þetta lengur. Það kveðst hafa greitt þetta til Björns. Vitnið kveður reikninga hafa verið ákaflega lausa milli þeirra Björns og eigi hvorki það né Björn gögn um greiðslurnar til Björns. Vitnið kvað það bara vera sitt einkamál, hvernig það gerði upp við Björn, þótt engin gögn væru til, og það myndi lítið sem ekkert um viðskipti þessi.

Vitnið kveðst hafa séð húsgögnin, þegar þau komu til landsins, bæði niður á hafnarbakka og að Bræðraborgarstíg 26. Voru þau óinnpökkuð og ekki í góðu ásigkomulagi, að því fannst. Vitnið sá ekki um að útvega innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir

húsgögnunum, en bað Björn um að gera það fyrir sig. Vitnið kveðst ekki þora að segja um það, hvort það hafi sjálft ritað undir gjaldeyrisumsóknina, en heldur, að Björn, sem var umboðsmaður þess, hafi gert það. Vitnið gaf Jes Zimsen hvorki skriflegt né munnlegt umboð til að taka vörurnar úr tolli og greiða af þeim innflutningsgjöld. Umboðsmaður þess hafi sjálfsagt gert það. Þegar vörurnar komu til landsins, bað vitnið um að verða losað úr þessu. Býst það við, að sumt af vörunum hafi verið nýtt (svo), en öðrum verið fleygt. Vitnið fékk 2 muni, skáp og stól, úr sendingunum. Öðrum munum var ekki ráðstafað að fyrirmælum vitnisins. Vitnið tók þá muni, er það fékk í þess hlut, að Bræðraborgarstíg 26, og kvað það þá vera heima hjá sér á Grund. Vitnið kveðst halda fast við það, að umræddur innflutningur hafi verið algerlega á þess vegum, en ekki á vegum systur þess eða Björns.

Vitninu var sýnd gjaldeyrisumsókn, dagsett 11. apríl 1972, til Útvegsbanka Íslands, fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á húsgögnum, með nafnrituninni Jón T. Snæbjörnsson, (dskj. 119) og spurt um það, hvort rithönd þess væri á skjali þessu. Svaraði vitnið því neitandi. Kvaðst það ekki kannast við rithöndina. Því þætti sennilegt, að umboðsmaður þess, ákærði Björn, hefði gert það. Hann hefði haft fullt leyfi til þess.

Hinn 11. desember 1974 sendi skattstofa Reykjavíkur Ingu Jennýju Þorsteinsdóttur áskorun um að láta í té skýringar á innflutningi hennar á antikhúsgögnum að fjárhæð kr. 444.382, þar eð þessa innflutnings væri eigi getið á skattframtali hennar árið 1974.

Svar við bréfi þessu er dagsett 13. janúar 1975 og er óundirritað, en með vélrituðu nafni Ingu Jennýjar. Ekki liggur fyrir, hvenær bréf þetta barst skattstofunni. Í bréfi þessu segir svo m. a.:

„Í sambandi við bréf yðar frá 11. desember sl. vil ég geta þess, að ég fékk leyfi til að kaupa nokkuð af gömlum húsgögnum erlendis frá. Hins vegar gerði ég mér ekki grein fyrir hinum mikla kostnaði, sem var þessu samfara, m. a. flutningsgjaldi o. fl. Varð ég því að farga þeim til skyldmenna og vina, sem tóku að sér greiðslu þeirra. Löglegir tollar og söluskattur var greiddur af þessum húsgögnum."

Með bréfi hinn 6. febrúar 1975 tilkynnti skattstjórinn í Reykjavík Ingu Jennýju, að tekjur hennar hefðu verið hækkaðar um kr. 500.000 vegna ósvaraðs fyrirspurnarbréfs frá 11. desember 1974.

Virðist því skattstjóri ekki hafa verið búinn að fá framangreint bréf 13. janúar 1975.

Hinn 19. febrúar 1975 ritar skattstjóri Ingu Jennýju bréf, og segir í því m. a.:

„Í framhaldi af óundirrituðu svarbréfi yðar, dagsettu 13/1 1975, við bréfi skattstofunnar frá 11/12 1974 er hér með fallið frá fyrirhugaðri tekjuhækkun kr. 500.000.

Varðandi skýringu yðar á innflutningi antikhúsgagna fyrir kr. 444.382 getur skattstofan ekki fallist á hana, nema gerð sé ýtarleg grein fyrir, hverjir fengu húsgögnin og hvernig kostnaður skiptist á milli þeirra. Einnig er þess óskað, að þér leggið fram vörureikninga yfir þennan innflutning".

Þessu bréfi var ekki svarað, og tilkynnti þá skattstjóri Ingu Jennýju með bréfi, dags. 28. apríl 1975, um hækkun tekna að fjárhæð kr. 500.000 vegna ósvaraðs fyrirspurnarbréfs.

Hið næsta, sem gerðist í málinu, var það, að Hólmfríður Snæbjörnsdóttir, eiginkona ákærða Björns, kom á skattstofu Reykjavíkur 5. júní 1975. Er eftirfarandi frásögn af viðtali við hana bókuð af starfsmanni skattstjórans:

„Hún sagði, að hún og maður hennar, Björn Vilmundarson, Ægisíðu 94, hefðu raunverulega staðið að baki innflutningi á antikhúsgögnum skv. aðflutningsskýrslu nr. 49586 þann 4/7 1973. Skv. tollskýrslum er verðmæti þessara vara 444.382 kr., að þyngd 5 tonn. Hólmfríður sagði, að á skuldahlið framtals þeirra hjóna vantaði yfirdráttarskuld við Landsbanka Íslands. Hún sagði, að húsgögnin hefðu farið til nota í íbúð þeirra hjóna að Ægisíðu 94".

Hinn 23. júní 1975 kom Inga Jenný á skattstofu Reykjavíkur og gaf svohljóðandi yfirlýsingu:

„Ég undirrituð Inga J. Þorsteinsdóttir, nafnnr. 4550-0403, Álftamýri 40, Rvk., lýsi því hér með yfir, að innflutt antik húsgögn samkvæmt aðflutningsskýrslu nr. 49586, dagsettri 29/6 1973, eru mér á engan hátt viðkomandi, þó þessi skýrsla sé skráð á mitt nafn.

Á þessum tíma vann ég við húshjálp og barnagæslu hjá hjónunum Birni Vilmundarsyni (1357-3638), Ægisíðu 94, og Hólmfríði Snæbjörnsdóttur. Þau báðu mig að skrifa undir gjaldeyrisumsókn að upphæð £ 500, um leið fullvissuðu þau mig, að hér væri aðeins um formsatriði að ræða, sem hefði enga sérstaka þýðingu. Og gerði ég það í grandaleysi".

Með bréfi, dagsettu sama dag og að framan greinir, tilkynnti

skattstjórinn í Reykjavík Ingu Jennýju, að með hliðsjón af framkomnum upplýsingum hefði hann fallið frá fyrirhugaðri tekjuhækkun þeirri, sem henni var tilkynnt með bréfinu frá 28. apríl 1975.

Vitnið Inga Jenný Þorsteinsdóttir húsmóðir, Álftamýri 40, var fyrst yfirheyrt í máli þessu hjá rannsóknadeild ríkisskattstjóra mánudaginn 29. mars 1976. Vitninu var skýrt frá því, að það væri kvatt til vitnisburðar til að upplýsa um innflutning á húsgögnum samkvæmt aðflutningsskýrslu nr. 49586/1973, en það er skrifað fyrir innflutningi á skýrslu þessari. Vitnið kvað innflutning þennan alls ekki vera á þess vegum, heldur annað hvort á vegum ákærða, Björns Vilmundarsonar, eða Hólmfríðar Snæbjörnsdóttur eða þeirra beggja, en það kvaðst hafa starfað hjá þeim hjónum við húshjálp og barnagæslu, fyrst að Bræðraborgarstíg 26 og síðar að Ægisíðu 94 hér í borg, af og til á þessum tíma allt fram á vorið 1974. Vitnið kveður þess einu afskipti af innflutningi þessum hafa verið að skrifa undir gjaldeyrisumsókn og á henni hafi fjárhæð líklega verið ótilgreind. Hafi það undirritað þá gjaldeyrisumsókn að beiðni og í greiðaskyni við Hólmfríði Snæbjörnsdóttur, en á engan hátt hafa haft hugmynd um, hvað til stóð eða að hverju gjaldeyrisumsóknin laut.

Með bréfi skattstofunnar í Reykjavík, dags. 11. des. 1974, var vitnið meðal annars beðið að gefa skýringu á umræddum innflutningi. Voru skattstofunni gefnar skýringar á innflutningnum með óundirrituðu bréfi vitnisins, dags. 13. janúar 1975.

Vitnið skýrði frá því, að þegar því hefði borist fyrirspurnarbréf skattstofunnar, hefði það haft samband við ákærða Björn, sem lét Ormar Snæbjörnsson sækja fyrirspurnarbréfið til þess. Hafi ákærði lofað að sjá um að svara bréfinu og koma málinu út úr heiminum. Áðurnefnt svarbréf var kynnt vitninu. Kvaðst það enga aðild hafa átt að samningu þess, heldur hafi ákærði eða Hólmfríður samið bréfið og sent það á skattstofuna í Reykjavík án þess að bera efni þess undir það og að láta það skrifa undir. Borið var undir vitnið svar ákærða Björns, er hann gaf og bókað var eftir honum við skýrslutöku hjá rannsóknadeild ríkisskattstjóra hinn 5. mars 1976 varðandi áðurnefnt svarbréf. Vitnið kveður svar það, sem þá var bókað eftir Birni um þetta, rangt. Hafi þetta gerst eins og það hefur lýst hér að framan.

Vitnið Inga Jenný var yfirheyrt í dómi 8. febrúar 1977 og staðfesti þá framangreinda skýrslu. Vitnið telur sig hafa hafið hússtörf hjá ákærða Birni Vilmundarsyni og konu hans vorið 1972.

Þau bjuggu þá að Bræðraborgarstíg 26. Vitnið kveðst hafa komið einu sinni til tvisvar í viku og tekið til í íbúð þeirra. Haustið 1973 keyptu þau íbúð að Ægisíðu 94. Flutti vitnið með þeim þangað og tók að sér að annast barn þeirra. Vitnið var hjá þeim að það telur til mánaðamóta maí/júní árið eftir.

Vitnið neitar því með öllu að hafa flutt inn antikhúsgögn þau, er greinir á aðflutningsskýrslu nr. 49586/1973 (dskj. 66). Það kveðst ekki geta gefið skýringu á því, hvers vegna nafn þess sé á aðflutningsskýrslunni, það hafi ekki gefið leyfi til þess að nafn þess væri notað í þessu skyni.

Vitnið kveðst hvorki hafa gefið skipaafgreiðslu Jes Zimsen skriflegt né munnlegt umboð til að undirrita slíka skýrslu eða gera neitt fyrir sig. Það sé þar alveg ókunnugt og ekki vita til þess, að það þekki neina, er þar vinna. Vitnið kannast ekki við að hafa fengið tilkynningu eða bréf heim til sín varðandi framangreinda vörusendingu.

Vitnið kveðst fyrst hafa fengið vitneskju um, að nafn þess tengdist innflutningi á antikhúsgögnum, þegar það fékk fyrirspurnarbréf frá skattstofu Reykjavíkur, en það hafi þó ekki verið fyrr en það fékk seinna bréfið frá skattstofunni, að það skildi, hvað um var að vera. Það sneri sér þá til ákærða Björns, enda hafði það engan annan, sem það gat snúið sér til. Var það og farið að gruna, að hann væri eitthvað viðriðinn mál þetta. Hafði það heyrt um, að hann væri eitthvað bendlaður við þessi antikhúsgögn samkvæmt aðflutningsskýrslu nr. 49586/1973.

Vitnið var beðið að gera grein fyrir utanlandsferðum sínum síðustu 6 ár. Vitnið skýrði frá því, að það eigi tvær dætur, sem báðar bjuggu í Malmö. Það heimsótti aðra 1970, en hina árið 1973, að það minnir í júlí. Þá fór það á heilsuhæli í Rúmeníu 25. ágúst 1974 með ferðaskrifstofunni Landsýn. Það kveðst ekki hafa ferðast á vegum annarra ferðaskrifstofa.

Vitnið kveðst einu sinni hafa undirritað gjaldeyrisumsókn fyrir ákærða Björn og Hólmfríði Snæbjörnsdóttur. Var það vorið 1973, eða sama árið og það fór til Svíþjóðar. Voru tildrög þess þau, að Hólmfríður spurði vitnið, hvort það mundi ekki vilja lána henni nafn þess, því að þau hjónin ætuðu utan og vantaði meiri gjaldeyri. Vitnið kveðst hafa spurt Hólmfríði, hvort það gæti ekki komið því illa, því að það ætlaði sjálft utan á árinu. Hólmfríður sagði það ekki vera, því að vitnið mundi ekki nota nema þess eigin gjaldeyri. Kveðst vitnið því hafa jánkað þessu eins og óvitabarn. Vitnið undirritaði umsóknina heima hjá Hólm-

fríði að Bræðraborgarstíg 26 að afloknu samtali þeirra. Ekki nefndi Hólmfríður neina fjárhæð, og vitnið spurði ekki um það. Hún nefndi heldur ekki, til hvers hún ætlaði að nota gjaldeyrinn. Vitnið kveður þetta vera í eina skiptið, sem það undirritaði gjaldeyrisumsókn fyrir ákærða og Hólmfríði, og man það ekki eftir að hafa undirritað annað fyrir þau.

Vitnið sótti sjálft um ferðagjaldeyri, þegar það fór til Svíþjóðar árið 1973, en ferðaskrifstofan Landsýn sótti um fyrir það vegna Rúmeníufararinnar árið eftir. Vitnið sótti sjálft um 100 dollara viðbót vegna ferðar þessarar og fékk þá fjárhæð.

Vitninu var sýnt frumrit umsóknar (dskj. 112) um ferðagjaldeyri til Landsbanka Íslands, dagsett 10. október 1973, fyrir 150 sterlingspundum með undirskriftinni Inga Jenný Þorsteinsd., Álftamýri 40. Það kvaðst ekki kannast við umsókn þessa og aldrei hafa séð þetta skjal. Rithönd þess sé ekki á því og þekki það hana ekki.

Vitninu var og kynnt umsókn, dagsett 9. júní 1973 (dskj. 115 og 123), til Útvegsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á húsgögnum með nafninu Inga Jenný Þorsteinsdóttir, Álftamýri 40 R. Vitnið kvaðst aldrei áður hafa séð skjal þetta og undirskriftin sé ekki sín. Það kannist ekki við undirskriftina og viti ekki, hver hafi ritað þetta.

Vitninu var kynnt umsókn, dagsett 17. apríl 1974 (dskj. 116 og 124), til Útvegsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til greiðslu á húsgögnum, með undirrituninni Inga Jenný Þorsteinsdóttir, Álftamýri 40 R. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð skjal þetta áður og undirritunin væri ekki sín. Það viti ekki, hver eigi þessa rithönd undir skjalinu og ekki geta skýrt þetta.

Vitnið kveðst hafa orðið vart við það, að húsgögn í antikstíl voru flutt inn á heimili ákærða og Hólmfríðar, en varð ekki vart við gáma. Það varð heldur ekki vart við fólk, sem væri að skoða húsgögn.

Vitnið Inga Jenný var aftur yfirheyrt í sakadómi 9. september sama ár og að framan greinir. Er framburður þess þá endurtekning á framburðinum frá 8. febrúar að miklu leyti, en þar sem þar greinir nánar frá, verður nú rakið. Vitnið neitaði sem áður að hafa flutt inn nokkur antikhúsgögn. Vitnið kveðst fyrst hafa fengið vitneskju um, að nafn þess tengdist innflutningi á antikhúsgögnum, þegar hringt var til þess að Ægisíðu 94, að það telur frá Eimskip, og því tjáð, að komin væri sending af antikmunum til þess. Vitnið, sem vissi ekki neitt, hringdi í ákærða

Björn og skýrði honum frá þessu. Ákærði sagðist skyldu athuga þetta, og vissi vitnið ekkert meira um þetta.

Þegar vitnið fékk bréfið frá skattstofu Reykjavíkur, kveðst það hafa hringt í ákærða eins og óviti og sagt honum frá þessu. Hafi hann boðist til að nálgast bréfið og svara því. Vitnið ræddi ekki í þetta skipti við ákærða um það, hvernig á því stæði, að það væri skráð fyrir innflutningi þessum. Var það ekki fyrr en það fékk annað bréf frá skattstofu Reykjavíkur, að það spurði ákærða í símtali, hvort það væri rétt, að antikhúsgögn hefðu verið flutt inn á nafni þess. Vitnið kveðst ekki muna, hvernig ákærði orðaði svarið, en hann spurði það, hvort Hólmfríður hefði ekki beðið það leyfis til að nota nafn þess. Vitnið svaraði því til, að hún hefði eitthvað verið að spyrja um nafn þess, en það hefði aldrei náð neitt lengra, því að það hefði ekki svarað þessu. Vitnið sagði ákærða jafnframt, að það mundi aldrei hafa samþykkt, að nafn þess væri notað í sambandi við innflutning á antikhúsgögnum. Vitnið kveðst hafa vitað, að eitthvað húsgagnabrask var á þeim ákærða og Hólmfríði, en þorir ekkert að segja um, hvort þau hafi verið að flytja þetta inn fyrir sig sjálf eða aðra.

Vitnið var spurt, hvort það hefði undirritað gjaldeyrisumsókn fyrir Björn Vilmundarson eða Hólmfríði Snæbjörnsdóttur. Það kvaðst hafa gert það fyrir Hólmfríði einu sinni eins og óviti. Hafi tildrög þess verið þau, að Hólmfríður hafi spurt það á árinu 1973, hvort það vildi lána henni nafn þess til að fá út á það gjaldeyri. Spurði vitnið hana, hvort það gæti ekki komið sér illa, því sjálft ætlaði það til Malmö. Hún sagði, að það mundi ekki koma neitt við vitnið. Vitnið ritaði því undir eitthvað blað. Ekki vissi það, til hvers Hólmfríður ætlaði að nota gjaldeyrinn, enda spurði það ekki um það.

Vitnið man ekki, hvers konar blað það skrifaði undir. Það minnir, að um prentað form hafi verið að ræða, en man þetta þó ekki nógu vel til að geta svarað því hreinu svari (svo). Undirritun skjalsins fór fram í eldhúsinu á Bræðraborgarstíg, og voru ekki aðrir þar en þær Hólmfríður. Vitnið heldur, að þetta sé eina skiptið, sem það undirritaði eitthvert skjal fyrir þau Hólmfríði og Björn.

Vitnið kveður Hólmfríði enga fjárhæð hafa tilgreint, er hún hugðist sækja um, áður en það undirritaði skjalið fyrir hana.

Varðandi gjaldeyrisumsókn, dagsetta 28. maí 1973 (dskj. nr. 122), til Útvegsbanka Íslands fyrir 500 enskum pundum til kaupa á húsgögnum skýrði vitnið frá því, að það hefði aldrei augum

litið skjal þetta og vissi ekki, til hvers það hefði verið notað. Undir framangreinda umsókn er vélritað nafnið Inga Jenný Þorsteinsdóttir, Álftamýri 40 R., en nafnritun vantar.

Vitnið kveðst ýmist rita nafn sitt Inga Jenný Þorsteinsdóttir eða Inga J. Þorsteinsdóttir, en telur, að hið síðara sé algengara.

Vitnið var spurt um, hvort það hefði orðið vart við einhver umsvif með húsgögn á Bræðraborgarstíg eða Ægisíðu heima hjá þeim Birni eða Hólmfríði. Það sagðist ekki hafa orðið vart við nein umsvif með húsgögn eða gáma með húsgögnum í. Það vissi, að þau eignuðust antikhúsgögn, en vissi ekki, hvar þau fengu þau.

Vitnið var spurt um, hvort það hefði orðið vart við, að fólk kæmi og keypti húsgögn af þeim Birni eða Hólmfríði. Svaraði það því neitandi. Þegar það var hjá þeim á Bræðraborgarstíg, var það í húsverkum 3 til 4 tíma á dag, og þau voru venjulegast í vinnunni á meðan.

Vitnið staðhæfði sem áður í lok framburðar síns, að það væri hundrað prósent öruggt um, að það hefði hvorki gefið ákærða Birni, Hólmfríði né öðrum nokkurn tíma munnlegt eða skriflegt umboð til að flytja inn húsgögn eða annan varning í nafni þess. Það hefði aldrei verið beðið um það og aldrei gert það sjálft.

Framburður ákærða Björns í þinghaldi 6. september 1977 varðandi gjaldeyrisumsóknina á dskj. nr. 112 var lesinn upp fyrir vitnið og það spurt, hvað það vildi segja um hann. Svar vitnisins var á þá leið, að þetta væri ósatt.

Þá var lesið úr framburði ákærða í sama þinghaldi varðandi gjaldeyrisumsóknina á dskj. nr. 115 og vitnið spurt um það, hvað það vildi segja um hann. Vitnið sagði, að þetta væri ósatt með öllu. Því hefði aldrei verið boðið að taka þátt í innflutningnum með þeim, þ. e. ákærða og konu hans. Það hefði sjálfsagt aldrei þegið það og hefði heldur ekkert vit á því.

Fyrir vitnið var lesinn framburður ákærða í sama þinghaldi varðandi gjaldeyrisumsóknina á dskj. nr. 123. Var vitnið spurt um, hvað það vildi segja um framburðinn. Vitnið sagði, að sama svar ætti hér við og svar þess við umsókninni á dskj. 115, er áður greinir.

Loks var lesinn framburður ákærða varðandi gjaldeyrisumsóknina á dskj. nr. 116 og 124. Vitnið sagði, að þetta væri bara hrein og bein ósannindi. Það hefði ekkert annað orð yfir það.

Vitnið staðfesti síðan framburð sinn með eiði.

Vitnið Inga Jenný var samprófuð við ákærða Björn hinn 21.

maí sl. Var lesið úr framburði vitnisins það, er snertir gjaldeyrisumsóknir með nafni þess á dskj. nr. 112, 122, 115 (123) og 116 (124). Kvaðst vitnið staðfesta það, er þar greinir, og í engu vilja breyta því.

Vitninu voru sýnd ljósrit framangreinda skjala. Vitnið neitaði með öllu að hafa beðið ákærða um að sækja um gjaldeyri þann, er á umsóknunum greinir, eða veitt honum leyfi til að rita nafn þess á þau.

Einnig var lesið úr framburði ákærða frá 6. og 21. september 1977 það, er snertir gjaldeyrisumsóknir með nafni Ingu Jennýjar Þorsteinsdóttur á dómskjölum þeim, er að framan greinir. Kvaðst ákærði halda fast við framburð sinn og í engu vilja breyta honum. Ákærði sá nefnd skjöl og kannaðist við að hafa ritað á þau nafn Ingu Jennýjar nema á dómskjal nr. 122, þar sem nafn hennar er einungis vélritað. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort hann hefði afhent skjal þetta í bankanum. Vitnið kvaðst ekki kannast við skjal þetta. Ákærði kvaðst hafa haft heimild vitnisins til þess að undirrita framangreind þrjú skjöl og vísaði til framburðar síns um það.

Samprófun bar ekki árangur, og hélt hvort fast við framburð sinn.

Verjandi ákærða spurði vitnið, hvort það hefði eignast antikhúsgögn á árunum 1973 og 1974. Sagðist það hafa keypt einn ruggustól af ákærða, en ekki annað.

Vitnið kveðst hafa farið úr vistinni hjá ákærða aðallega vegna heilsuleysis, en í og með vegna þess, að ákærði vildi ekki greiða því kauphækkun, og sagði, að hann teldi það ekki eiga rétt á henni.

Skattayfirvöld áætluðu skatt á vitnið á þessu tímabili vegna innflutnings á húsgögnum, en það kveðst ekki muna upphæðina. Skattur þessi var felldur niður. Kunningi vitnisins, Sverrir Meyvantsson, fór til skattstjóra og ræddi við hann. Vitnið kvað skattinn hafa verið felldan niður, þegar skattstjóri fór að athuga skattframtöl þess og ákærða Björns, að það minnir 3 ár aftur í tímann.

Ákærði spurði vitnið, hvort það minntist þess ekki að hafa fengið tilkynningu frá gjaldeyrisyfirvöldum um það, að það hefði fengið gjaldeyrisleyfi fyrir húsgögnum, og afhent honum tilkynninguna. Vitnið kvaðst ekki minnast þess.

Ákærði sýndi í dóminum tilkynningu til vitnisins frá Eimskipafélagi Íslands (ljósrit). Spurði ákærði, hvort vitnið hefði fengið

tilkynningu frá yfirvöldum eða öðrum aðiljum um innflutning á húsgögnum.

Minnir vitnið, að það hafi verið í þremur tilvikum. Það hringdi í ákærða, og sendi hann eftir tilkynningunum.

Samprófun reyndist árangurslaus.

Vitnið Hólmfríður Snæbjörnsdóttir var samprófuð við vitnið Ingu Jennýju.

Var lesið úr framburði vitnisins Ingu Jennýjar um viðskipti hennar og samskiptin við Hólmfríði að því er framangreindar gjaldeyrisumsóknir varðar og innflutning húsgagna í því sambandi. Kveðst vitnið halda fast við framburð sinn. Var og lesið upp úr framburði vitnisins Hólmfríðar Snæbjörnsdóttur það, er vitnið varðar, og kvaðst það staðfesta framangreindan framburð í öllum atriðum.

Fór fram samprófun um það, er á milli ber í framburðum vitnanna.

Vitnið Inga Jenný óskaði ekki að taka neitt sérstakt fram varðandi framburð vitnisins Hólmfríðar og kvaðst vísa í framburð sinn.

Vitnið Hólmfríður kvaðst halda fast við framburð sinn um, að vitnið Inga Jenný hefði undirritað umsókn um gjaldeyri til húsgagnakaupa. Vitnið Inga Jenný kveður þetta hafa verið löngu áður og á meðan vitnið Hólmfríður bjó við Bræðraborgarstíg og vísaði til framburðar síns um þetta atriði.

Vitnið Pétur Jónsson bifreiðarstjóri, Álfheimum 40, mætti í dómi 21. maí sl. Vitnið hefur skýrt frá því, að þau Inga Jenný Þorsteinsdóttir hafi búið saman á árunum 1971—1974, síðast að Álftamýri 40 hér í borg. Inga Jenný vann hjá þeim hjónum Birni Vilmundarsyni og Hólmfríði Snæbjörnsdóttur á þessum tíma við heimilisstörf. Vitnið kveður Ingu Jennýju hafa haft mikinn áhuga á gömlum eða antikhúsgögnum. Eftir að hún fór að vinna hjá þeim Birni og Hólmfríði, kveður vitnið hana hafa farið að skýra minna frá ýmsu, er hana snerti.

Vitnið ók Ingu Jennýju oft heim til þeirra Björns og Hólmfríðar að Ægisíðu 94. Vitnið minnist þess, að í eitt skipti árið 1973, er það ók henni þangað, bað hún það að fara aftur heim til þeirra, er þau voru komin að Ægisíðu 94, til að ná í gjaldeyrisumsókn eða gjaldeyrisbréf, sem hún þyrfti að láta Björn fá. Sneri vitnið við og sótti bréfið. Inga Jenný sagði vitninu, að hún þyrfti að afhenda Birni gjaldeyrisbréfið, þar sem hann væri að fara til útlanda til að kaupa húsgögn fyrir hana og Hólmfríði.

Vitnið kvaðst minnast þess, að Inga Jenný hefði fengið antikhúsgögn inn á sitt heimili, á meðan sambúð þeirra stóð. Man vitnið, að hún fékk ruggustól, sófa og sófaborð.

Vitnið kveður Ingu Jennýju hafa verið í einhverju húsgagnabraski, á meðan sambúð þeirra stóð. Nefnir vitnið í því sambandi, að það hafi flutt húsgögn í a. m. k. tvö skipti fyrir hana frá húsi við Bræðraborgarstíg, þar sem þau bjuggu áður, að Vesturgötu 3. Voru þetta ruggustólar og borð. Vitnið veit ekki, hvort Inga Jenný var að selja þessi húsgögn, en hún talaði við fatlaðan mann, sem var í búðinni.

Vitnið kveður Ingu Jennýju ekki hafa unnið neitt annað en að hússtörfum hjá Birni og Hólmfríði, og veit það ekki, hvað hún fékk greitt í laun.

Vitnið segir, að þær Hólmfríður og Inga Jenný hafi orðað það við sig að selja fyrir sig húsgögn úti á landi, en vitnið ók þangað á vöruflutningabíl. Vitnið taldi öll tormerki á því, og varð ekki af því.

Aðspurt af verjanda skýrði vitnið frá því, að það hefði orðið vart við það, að Inga Jenný hefði haft mikinn áhuga á antikhúsgögnum.

Að ósk saksóknara var eftirfarandi spurning lögð fyrir vitnið: „Er vitninu kunnugt um, að Inga Jenný Þorsteinsdóttir hafi veitt Birni Vilmundarsyni, þrisvar sinnum á árinu 1973 og einu sinni á árinu 1974 umboð til þess að sækja um gjaldeyri til innflutnings á húsgögnum?“

Svar vitnisins var á þessa leið: „Nei, mér var ókunnugt um það“.

Þá spurði verjandi ákærða, hvort vitnið hefði rekist á Ingu Jennýju á síðari árum. Sagðist vitnið hafa hitt hana á dansleik á þessu ári og farið með henni heim til hennar ásamt Svanbjörgu Hróbjartsdóttur, Laugarnesvegi 43. Þegar þangað kom, sagði hún við vitnið, að ef það stæði ekki með sér í þessu máli, skyldi það fá að vita, hvar Davíð keypti ölið. Vitnið vissi ekki, hvað Inga Jenný átti við. Svanbjörg, sem með þeim var, fór inn í stofuna, og brast þá Inga Jenný í grát. Sagðist hún hafa svarið fyrir rétti, en nefndi ekki nánar, um hvað væri að ræða. Gæti það kostað sig 3—4 mánaða fangelsi, ef vitnið stæði ekki með sér í þessu mublumáli. Síðan var ekki rætt meira um þetta. Inga Jenný var undir áhrifum áfengis framangreint sinn, að sögn vitnisins, en Svanbjörg var alsgáð.

Vitnið kvað enga óvild vera á milli þess og Ingu Jennýjar.

Þegar vitnið hafði verið kvatt fyrir dóm í máli þessu, hringdi það föstudaginn 18. maí til Ingu Jennýjar og spurði hana, hvað hún væri að blanda því í þetta mál. Hún gaf loðin svör, en sagðist ekkert vera að blanda vitninu í málið. Vitnið sagði henni, að hún væri einmitt að því, en hún neitaði því og sagði, að það væri frekar vitnið sjálft, þar sem það hefði viðurkennt fyrir Hólmfríði Snæbjörnsdóttur að hafa ekið húsgögnum frá Bræðraborgarstíg að Vesturgötu að beiðni hennar. Inga Jenný neitaði að hafa verið með vitninu í bifreiðinni framangreint sinn og talað við fatlaðan mann.

Vitnið kvað Hólmfríði Snæbjörnsdóttur hafa hringt til þess á Breiðdalsvík í janúar sl. og spurt það, hvort það hefði ekið húsgögnum frá Bræðraborgarstíg að Vesturgötu. Vitnið svaraði því játandi og sagðist vel muna eftir að hafa gert það í tvö skipti að beiðni Ingu Jennýjar.

Vitnin Inga Jenný og Pétur Jónsson voru samprófuð, og var framburður Péturs Jónssonar lesinn í heyranda hljóði.

Vitnið Inga Jenný kvað framburð vitnisins Péturs vera að mestu uppspuna og rugl. Hið eina, sem væri rétt í framburðinum, væri það, að vitnið Pétur hefði einu sinni ekið fyrir það 2—3 stólum, sem vitnið vissi ekki, hver átti, frá Bræðraborgarstíg 26 að Vesturgötu 3. Þá kannast vitnið við, að vitnið Pétur hafi komið heim til þess einu sinni á þessu ári, en það, sem hann segi um það, er þar gerðist, sé meira eða minna úr lagi fært. Vitnið kveður Pétur hafa hringt til sín fimmtudaginn 17. maí sl.

Samræmi náðist ekki í framburðum vitnanna, og var frekari samprófun þýðingarlaus.

Vitnið Pétur Jónsson vann eið að framburði sínum.

Vitnið Svanbjörg Hróbjartsdóttir húsmóðir, Laugarnesvegi 43, hefur mætt í dómi.

Vitnið kveður Pétur Jónsson, Álfheimum 40, vera kunningja sinn. Vitnið kannast við Ingu Jennýju Þorsteinsdóttur.

Vitnið kveðst hafa verið á dansleik í Lindarbæ með Pétri Jónssyni í marsmánuði á þessu ári. Kom Inga Jenný að borðinu til þeirra og fór að tala við Pétur. Inga Jenný var eitthvað með áfengisáhrifum. Hún bauð vitninu og Pétri heim til sín eftir dansleikinn, og fóru þau með henni þangað.

Vitnið kveður þau Pétur og Ingu Jennýju hafa farið eitthvað að deila, er heim til hennar kom. Man vitnið, að Inga Jenný sagði við Pétur eitthvað á þá leið, að ef hann ekki stæði með sér í málinu, skyldi hann fá að vita, hvar Davíð keypti ölið. Vitnið kveðst

ekki hafa kært sig um að hlusta á orðaskipti þeirra Péturs og Ingu Jennýjar, enda taldi það, að það væri sér óviðkomandi, sem þau voru að ræða um. Fór vitnið inn í annað herbergi og vissi ekki frekar um viðræður þeirra. Inga Jenný var æst og eitthvað miður sín, að sögn vitnisins.

Vitnið kveðst hafa spurt Pétur Jónsson um það daginn eftir, um hvað þau Inga Jenný hefðu verið að ræða nóttina áður. Sagði hann, að það væri út af gömlu máli og eitthvað í sambandi við mublur.

Gunnar Jóhannsson, Hátúni 12 hér í borg, eigandi Antikbúðarinnar, lést á þessu ári. Var hann aldrei yfirheyrður í máli þessu, þar eð talið var þýðingarlaust að reyna það vegna heilsubrests hans.

Í bréfi Gylfa Thorlacius héraðsdómslögmanns, dagsettu 8. apríl 1976, til ríkisskattstjóra segir á þessa leið um heilsufar Gunnars:

„Eins og fram mun koma í vottorði Páls Sigurðssonar, læknis, varðandi heilsu Gunnars, þá hefur hann verið sjúklingur langtímum saman og er sem stendur lítt eða ekkert hægt að ræða við hann, og mjög takmarkað hvað hægt er að taka mark á svörum hans við spurningum".

Vottorð Páls Sigurðssonnar læknis um Gunnar Jóhannsson er ódagsett, en móttekið í skrifstofu ríkisskattstjóra skv. áritun hinn 21. apríl 1976. Segir í vottorðinu á þessa leið:

„Viðvíkjandi Gunnari Jóhannssyni, fæddur 9. 2. 1922, vistmaður á Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12, Reykjavík.

Samkvæmt beiðni þá eru gefnar eftirfarandi upplýsingar um ofannefndan mann:

Gunnar Jóhannsson hefur haft vaxandi vöðvarýrnun frá unglingsárum (dystrophia musculorum progressiva) og hefur nú um mörg undanfarin ár verið algjörlega lamaður á öllum útlimum og hálsi.

Þar að auki haft hjartasjúkdóm og háan blóðþrýsting síðan 1969 og hefur oftar en einu sinni fengið heilablæðingu.

Maðurinn hefur margsinnis legið á sjúkrahúsum vegna sjúkdóma sinna, en dvalist að staðaldri á Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar síðan 7. 7. 1973 og dvelur þar nú.

Ástand hans er nú þannig, að hann er algjörlega lamaður, getur ekki borðað sjálfur og á mjög erfitt með að renna niður mat. Hann á einnig mjög erfitt með mál og getur aðeins hvíslað.

Síðan hann fékk heilablæðingu hefur borið á því, að hann

væri ekki algjörlega áttaður á stað og stund og einkum nú síðustu mánuði áberandi, að hann er ekki alveg raunhæfur.

Ég tel, að ástand hans sé þannig, að ekki sé réttlætanlegt að leggja á hann neina yfirheyrslu fyrir dómi og þó slík yfirheyrsla færi fram, er vafasamt að treysta því, samanber það, sem áður er sagt, að hann fylgist fyllilega með því, sem er rætt um, eða svari spurningum þannig, að svörum hans megi treysta".

Í öðru bréfi Gylfa Thorlacius héraðsdómslögmanns til ríkisskattstjóra, dags. 13. október 1976, segir á þessa leið m. a.:

„Vísa til bréfs yðar, dags. 30. sept. s.l., til Gunnars Jóhannssonar, Hátúni 12, Reykjavík, og skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra um athugun á skattframtölum hans gjaldárin 1972, 1973, 1974 og 1975 og 1976, bókhaldi hans vegna rekstraráranna 1971, 1972, 1973, 1974 og 1975 og söluskattsskýrslum sömu rekstrarára. Sonur Gunnars, Hjörtur Gunnarsson, Leirubakka 18, Reykjavík, hefur kynnt sér skýrsluna og reynt að kynna föður sínum efni hennar, en árangurslaust, og vísast til ástæðna þar um til vottorðs Páls Sigurðssonar, læknis, en vottorð hans er fylgiskjal nr. 21 með fyrrgreindri skýrslu. Þá hef ég einnig í dag rætt við Pál Sigurðsson, lækni, og hann tjáði mér, að ástand Gunnars væri enn óbreytt og tilgangslaust með öllu væri að reyna að kynna honum skýrsluna. Vegna þessa er ekki hægt að svo stöddu að taka afstöðu til efnisþátta málsins. Hins vegar óskar Hjörtur, sonur Gunnars, eftir því, að fram komi, að hann dragi mjög í efa, að vörur þær, sem fluttar eru inn með Reykjafossi 27. nóv. 1974 og með Tungufossi 13. apríl 1975, fylgiskj. nr. 10 og 11 með skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra, séu á vegum föður hans, Gunnars Jóhannssonar".

Vitnið Hjörtur Þór Gunnarsson trésmiður, Leirubakka 18 hér í borg, sonur Gunnars heitins Jóhannssonar, mætti í dómi 26. janúar 1977. Vitnið kveðst hafa hafið afskipti af rekstri verslunarinnar Antikhúsgagna, þegar veikindi föður þess voru orðin það mikil, að hann gat ekki stundað atvinnurekstur sinn sjálfur. Hafi það verið líklega í júní 1974, en snemma á því ári var hann hættur að geta ekið bifreið sinni sjálfur vegna lömunar, og ók vitnið honum þá til og frá vinnu. Vitnið kveður engan í raun og veru hafa beðið sig að sjá um reksturinn, heldur hafi þetta lent á því. Voru afskipti þess helst í því fólgin að taka við sölulaunum og sjá um að leggja þau inn á banka og greiða húsaleigu, rafmagn, hita og símakostnað.

Vitnið kveður allar vörur í versluninni hafa verið í umboðs-

sölu og hafi Björn Vilmundarson átt meiri hluta þeirra. Að því er vitnið best veit, útvegaði Björn föður þess mestan hluta varanna, sem voru í versluninni, og telur vitnið, að það hafi byrjað árið 1971 eða 1972, án þess að það geti fullyrt um það. Auk þess kom fólk utan úr bæ með einn og einn hlut.

Vitnið kveðst vera alveg öruggt um, að þeir, sem önnuðust rekstur verslunarinnar, stóðu ekki í beinum innflutningi, enda hafi faðir þess ekkert fjármagn haft til þess. Vitnið var spurt um, hvort því væri kunnugt um, að hann hefði haft slíkt í hyggju með aðstoð Björns Vilmundarsonar. Vitnið sagði, að þeir synir Gunnars hefðu einhvern tíma haft á orði við hann, af hverju hann færi ekki út í það að flytja sjálfur inn. Hann hefði svarað því til, að hann hefði hvorki heilsu, fjármagn sé sambönd til að standa í því, enda þyrfti hann í raun og veru ekki á því að halda, þar sem Björn Vilmundarson útvegaði honum vörur og greiddi honum umboðslaun vegna sölu þeirra.

Vitninu voru kynntar aðflutningsskýrslur á dskj. 69 og 74, þar sem verslunin Antikhúsgögn er talin innflytjandi á antikhúsgögnum, í hvort skipti að fob verði 5.000 danskar krónur. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að verslunin hefði staðið að innflutningi þessum, og telja áreiðanlegt, að hann sé á vegum Björns Vilmundarsonar.

Vitnið tók fram, að það minntist þess, að einhvern tíma hafi komið bréf frá tollyfirvöldum eða skipaafgreiðslu og hafi Hrafnhildur Guðmundsdóttir, afgreiðslustúlka í versluninni, afhent Birni Vilmundarsyni bréfið, en efni þess veit vitnið ekki.

Vitnið kveður Björn Vilmundarson hafa séð um gerð söluskattsskýrslna og söluskattsskil frá því það hóf afskipti af rekstrinum. Björn sendi Hrafnhildi Guðmundsdóttur með skýrslurnar til tollstjóra, þar sem hún undirritaði þær og greiddi með ávísun frá Birni. Hún afhenti Birni afrit af skýrslunum með greiðslustimpli, en það fékk ekki þessar skýrslur í hendur og sá þær aldrei, áður en rannsókn máls þessa hófst. Að tilmælum skattrannsóknarstjóra kveðst vitnið hafa safnað saman öllum þeim gögnum, er vörðuðu verslunina og það fann í fórum föður þess. Telur vitnið líklegt, að það hafi þá séð skýrsluna fyrst.

Vitnið var spurt, hvaða gögn hefðu verið lögð til grundvallar við gerð söluskattsskýrslna. Það skýrði svo frá, að næstum eingöngu hefði verið selt fyrir Björn, eftir að það hóf afskipti af rekstrinum, og Björn hafi gert söluskattsskýrslurnar eftir því, sem selt var. Vitninu er ekki kunnugt um, hvort Björn hafi gert

söluskattsskýrslur fyrir föður þess, áður en það hóf afskipti af rekstrinum, en gerir ráð fyrir því, þótt það geti ekki fullyrt um það.

Björn Vilmundarson sá um að gera skattframtöl og semja rekstraryfirlit, sem fylgdu framtölunum fyrir gjaldárin 1974 og 1975, að því er vitnið best veit. Afhenti vitnið honum þau gögn, er það hafði undir höndum, að beiðni föður þess. Björn sendi skattskýrslu fyrir gjaldárið 1975 í verslunina ásamt einhverjum gögnum. Undirritaði vitnið hana fyrir hönd föður þess og sendi hana að því búnu.

Vitnið var spurt um það, hvort því væri kunnugt um, af hvaða ástæðu skattframtali fyrir árið 1976 hefði ekki verið skilað. Vitnið sagðist hafa snúið sér til Björns Vilmundarsonar eins og áður með gerð framtalsins. Hann hafi beðist undan að gera framtalið, enda hafi þá rannsókn verið hafin á rekstri verslunarinnar og hann ekki viljað hafa frekari afskipti af þessum gögnum. Vitnið sneri sér þá til lögmanns föður þess, og sneri hann sér til endurskoðunarskrifstofu Þorgeirs Sigurðssonar. Starfsmenn þar treystu sér ekki til að ganga frá framtali eða efnahags- og rekstrarreikningi vegna ófullnægjandi gagna, enda lá ekki ljóst fyrir, hver salan var rekstrarárið 1975.

Vitnið var spurt um sölukerfi það, sem farið hefði verið eftir. Það kvað Björn hafa komið með vörurnar í búðina. Hann hefði haft lykil að búðinni og því getað komið með þær hvenær sem var. Hann hefði tekið vörurnar upp og merkt með verðmiða. Vörurnar hafi verið seldar fyrir hann gegn ákveðinni þóknun, sem var 10% af heildarútsöluverði, þegar það hóf afskipti af rekstrinum. Vitnið kveðst hafa komist fljótlega að því, að þessi þóknun var ekki nægileg til að standa undir rekstrinum. Fór það því til föður þess og leitaði ráða hjá honum. Það spurði hann m. a., hvort hann vildi ekki hætta rekstrinum. Hann vildi það ekki í þeirri von, að hann gæti hafið þar störf á ný. Niðurstaðan varð sú, að það hafði samband við Björn og fór fram á 20% sölulaun. Varð samkomulag um 15%.

Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvernig samkomulag hafi verið milli Björns og föður þess, áður en það kom til sögunnar. Þegar vara hafði selst, var verðmiðinn tekinn af henni og haldið til haga. Björn hringdi öðru hverju og spurðist fyrir um, hvort eitthvað hefði selst af hans munum. Ef svo var, kom hann venjulega samdægurs og gerði upp við Hrafnhildi. Tók hann peningana og gaf henni ávísun fyrir sölulaunum, sem Hrafnhildur af-

henti síðan vitninu. Vitnið lagði andvirði ávísunarinnar inn á gíróreikning 1086 við Útvegsbanka Íslands. Ekki voru þó öll sölulaun lögð inn á þennan reikning, þar sem það greiddi ýmis persónuleg útgjöld föður þess og laun Hrafnhildar beint.

Vitnið kvað númer hafa verið á hverjum hlut auk verðmiðans, og hafði það einnhverja þýðingu fyrir Björn, en aldrei kveðst það hafa spurt hann um, hvað númerin táknuðu. Taldi vitnið, að um væri að ræða eitthvert kontrol á vörum þeim, sem hann átti. Þetta númerakerfi gilti einungis um vörur Björns og var komið á, þegar afskipti vitnisins hófust af versluninni. Kerfi þetta hafði enga þýðingu fyrir verslunina.

Húsgögnin voru seld í versluninni ýmist gegn staðgreiðslu eða með afborgunarkjörum. Var þá einn þriðji til helmingur greiddur út, en afgangurinn með víxlum, oftast til 6 mánaða. Væri um aðra greiðsluskilmála að ræða, var haft samband við Björn, þegar um stærri hluti var að ræða.

Björn tók víxlana, um leið og hann greiddi sölulaunin. Víxlarnir voru samþykktir af kaupendum, en óútgefnir. Björn útvegaði víxileyðublöð þau, sem notuð voru í versluninni.

Vitnið veit ekki til, að skriflegir kaupsamningar hefðu verið gerðir, eftir að það hóf afskipti af rekstri verslunarinnar.

Vitnið kveður Björn hafa þekkt einhvern mann að nafni Jóhann, sem gerði við húsgögn fyrir hann. Sumir hlutirnir voru nýbólstraðir, en ekki veit vitnið, hver gerði það. Aðrir hlutir þörfnuðust lítillar eða engrar viðgerðar og voru seldir í því ásigkomulagi, sem þeir voru í. Þá kom fyrir, að afsláttur var veittur í samráði við Björn. Björn sá um að flytja vörurnar í verslunina, koma þeim fyrir, þrífa þær og verðleggja. Vörurnar komu alltaf í sendibifreið, sem hann hafði fengið frá sendibílastöð utan úr bæ. Kom sumt beint frá skipaafgreiðslu, en annað kom viðgert. Björn hafði geymslu til umráða í bakhúsi við Vesturgötu 3, þar sem hann geymdi húsgögn.

Vitnið kveður Björn Vilmundarson hafa séð um að auglýsa fyrir verslunina og hafi hann greitt auglýsingakostnaðinn.

Vitnið var spurt, hvers vegna rekstri verslunarinnar hefði verið hætt. Það sagði, að þegar rannsókn hefði hafist hjá rannsóknadeild ríkisskattstjóra, hefði Björn hætt að útvega muni í verslunina og þar með hefði enginn grundvöllur verið lengur fyrir áframhaldandi rekstri hennar.

Vitnið kom aftur fyrir dóm 15. september 1977. Var fyrri framburður þess lesinn í heyranda hljóði, og kvaðst það staðfesta hann.

Vitninu var sýnd umsókn, dagsett 4. nóvember 1974, til Landsbanka Íslands fyrir 5.000 dönskum krónum til greiðslu á húsgögnum með stimplinum Antikhúsgögn og nafnrituninni Gunnar Jóhannsson, Vesturgötu 3, R. (dskj. 125).

Vitnið kvað þetta ekki vera undirskrift föður þess, hann hefði aldrei skrifað svona. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um, hver hefði undirritað skjalið. Vitnið kveðst halda, að faðir þess hafi verið kominn alveg í rúmið 4. nóvember 1974, er skjalið var undirritað, og minnir það, að hann hafi þá verið orðinn ófær um að skrifa.

Umsókn, dagsett 29. apríl 1975, til Landsbanka Íslands fyrir 5.000 dönskum krónum til greiðslu á húsgögnum var og sýnd vitninu, en undir umsókn þessari er stimpillinn Antikhúsgögn og stafirnir Bj (dskj. 126).

Vitnið var spurt um, hvort það kannaðist við undirskriftina undir skjalinu, og kvað það þetta vera undirskrift Björns Vilmundarsonar. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að faðir þess hefði gefið Birni skriflegt eða munnlegt umboð til að nota nafn hans eða skuldbinda versluninna. Vitnið kvaðst sjálft aldrei hafa gefið Birni slíkt umboð og hann hafi aldrei nefnt það við sig, að hann væri að flytja inn á vegum verslunarinnar.

Lesið var fyrir vitnið úr framburði ákærða Björns og það spurt, hvað það vildi segja um svar Björns varðandi framangreinda umsókn og innflutninng. Vitnið kvaðst ekki vita það. Ef hann segðist vera að flytja inn fyrir verslunina, hvers vegna væri hann þá að greiða henni ákveðinn hundraðs hluta í sölulaun? Það skilji ekkert í manninum að segja þetta.

Í skýrslu hjá rannsóknadeild ríkisskattstjóra greinir Hjörtur Gunnarsson frá því, að ákærði Björn, sem hafi haft til umráða lykla að versluninni Antikhúsgögnum og geymsluhúsnæði í bakhúsi við verslunina, hafi skilað lyklunum nokkru eftir að rannsókn máls þessa hófst. Ákærði hafi eingöngu haft þessa lykla til að geta komið með húsgögn í verslunina á lokunartíma hennar. Ákærði sé hvorki eignar- né rekstraraðili að versluninni, svo að vitninu sé kunnugt um. Hins vegar hafi eingöngu verið unnt að starfrækja verslunina, a. m. k. frá haustinu 1974, vegna þess, að ákærði útvegaði henni húsgögn til sölu.

Vitnið Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Austurbrún 6 hér í borg, var yfirheyrt í dómi 27. janúar 1977. Vitnið kveðst hafa hafið störf í versluninni Antikhúsgögnum um áramótin 1973—1974. Var vitnið að hjálpa Gunnari Jóhannssyni vegna sjúkleika hans. Vitnið annaðist afgreiðslustörf í versluninni og hafði í laun 150 kr.

á tímann. Gunnar greiddi sjálfur vitninu launin, en síðan Hjörtur, sonur hans, fyrir hönd hans, eftir að Gunnar hætti afskiptum af rekstrinum. Fyrsta árið, sem vitnið vann í versluninni, var hún opin frá kl. 1000—1800, en síðari tvö árin frá kl. 1200—1800. Á meðan vitnið var viðloðandi við verslunina, starfaði Gunnar þar einungis auk þess.

Vitnið kveður verslunina sjálfa ekki hafa haft á hendi innflutning húsgagna og segir ekkert dæmi til slíks. Þegar seldir voru munir í versluninni í umboðssölu, voru oftast tekin 10% í sölulaun, en stundum 20%. Þegar munir voru teknir í sölu, voru þeir færðir í stílabók, sem vitnið veit ekki, hvar er niður komin. Munir frá einum aðilja, sem verslunin seldi aðallega fyrir, voru þó ekki færðir þar. Heyrði það frekar til undantekninga, að vörur kæmu frá öðrum. Vitnið hafði ekkert bókhald með höndum og veit ekki til þess, að neitt bókhald hafi verið fært fyrir verslunina. Þegar vörur voru seldar fyrir þennan eina aðilja, sem vitnið minntist á, þ. e. Björn Vilmundarson, voru tekin 10% sölulaun af heildarútsöluverði muna, en ella 20%. Vitnið kveður viðskiptin við Björn hafa farið þannig fram, að hann hafi komið með vörur í verslunina. Þegar vitnið hafði selt þær, hafði það samband við Björn eða hann við það og lét hann vita um söluna. Kom hann þá venjulega samdægurs, veitti viðtöku söluandvirðinu og greiddi versluninni sölulaun. Munir þeir, sem Björn kom með í verslunina, voru auðkenndir með merkimiðum, er á var skráð númer og verð vörunnar. Munir annarra, er verslunin seldi fyrir, voru hins vegar ekki merktir.

Vitnið kveður Gunnnar Jóhannsson hafa veitt sölulaununum móttöku og síðan Hjört, son hans, er Gunnar gat ekki lengur verið í versluninni, og lagði hann það inn á reikning nr. 1086 við Útvegsbanka Íslands.

Þegar selt var gegn staðgreiðslu, var ætíð veittur 10% afsláttur, en þegar selt var með afborgunarskilmálum, var 1/3 hluti greiddur út í peningum, en afgangurinn á víxlum til 6 mánaða, vaxtalaust. Þegar hlutur var seldur með afborgunum, var stundum gerður kaupsamningur, en stundum ekki. Var samningurinn gerður í tvíriti. Fékk kaupandinn annað eintakið og Björn Vilmundarson hitt, ef hann átti vöruna. Kaupsamningsform var einungis notað,, þegar um vörur Björns var að ræða. Hafði Gunnar látið útbúa kaupsamningseyðublöð, á meðan verslunin var til húsa í Síðumúla 14. Kaupsamningsformið var einkum notað, þegar um stærri viðskipti var að ræða, og að beiðni Björns voru

alltaf jafnframt samþykktir víxlar fyrir eftirstöðvum kaupverðsins. Ekkert afrit var eftir af kaupsamningi í versluninni, þegar afrit hafði verið afhent Birni. Björn veitti og viðtöku víxlum þeim, sem kaupendur höfðu samþykkt vegna kaupa á vörum frá honum. Sama fyrirkomulag var í versluninni að því er varðaði aðra, sem áttu þar muni í umboðssölu. Björn fékk einungis í hendur víxla, sem voru samþykktir vegna sölu á hans eigin munum. Vitnið kveður eiginlega allt í versluninni hafa verið selt fyrir Björn, aðeins einn og einn hlutur fyrir aðra.

Miðum þeim, sem voru á húsgögnum Björns, var haldið til haga, og tók hann þá, um leið og hann gerði upp. Vitnið veit ekki, hvað hann gerði við þessa miða. Þegar Björn hafði fengið afhenta merkimiðana, peningana, víxlana og kaupsamningana, um leið og hann gerði upp, lágu engar upplýsingar fyrir um sölu í versluninni.

Vitnið kveður ekkert hafa verið skráð um dagsölu í versluninni, einungis verið tekið á móti sölulaunum.

Vitnið var spurt um, við hvað hefði verið stuðst, þegar söluskattsskýrslur voru gerðar. Vitnið kvað Björn hafa séð um að gera skýrslurnar. Hann bað vitnið ekki um upplýsingar um söluna í versluninni, þegar hann gerði þær. Fór hann með skýrslurnar heim til sín og kom með þær útfylltar. Bað hann síðan vitnið að fara með þær og borga þær. Lét hann vitnið alltaf hafa ávísun til að greiða með söluskattinn, a. m. k. man vitnið ekki betur. Þessi háttur var hafður á allan tímann, á meðan vitnið vann í versluninni. Vitnið kveðst ekki vita um, hvort andvirði vara, sem seldar voru fyrir aðra en Björn, séu inni í heildarsölu, sem getið er um á söluskattsskýrslu. Vitnið skýrði Birni aldrei frá sölu í versluninni fyrir aðra, og það telur, að hann hafi ekki fylgst með því. Björn hafi vitað vel um sölu fyrir aðra og verið mjög illa við, að það væri gert.

Vitnið kveður Björn hafa látið flytja muni í verslunina. Hafi venjulega komið með þá tveir menn af sendibílastöð og borið þá þangað inn. Vitnið vissi ekki, hvaðan munirnir komu. Þeir voru stundum í umbúðum, en ekki alltaf. Vitnið kveður sumar vörurnar hafa verið seldar eins og þær komu, en sumar hafi verið gert við og Björn séð um það. Verslunin hafði sjálf aldrei frumkvæði að því að láta gera við vörur.

Þegar það kom fyrir, að kaupandi kvartaði vegna galla á vörum, var reynt að láta gera við þær eða gefa afslátt á kaupverði, og vildi fólk það frekar. Var áður haft samband við Björn, og

tók hann ákvörðun um, hvað gera skyldi. Væri um viðgerð að ræða, sá Björn um hana, en ekki verslunin.

Vitnið kveðst ekki vita fyrir víst, hver gerði ársreikning fyrir Gunnar Jóhannsson, en hafa heyrt, að það hafi verið Björn Vilmundarson.

Í skýrslu hjá rannsóknadeild ríkisskattstjóra hinn 22. mars 1976 greinir vitnið frá því, að það hafi ekki útfyllt þær söluskattsskýrslur, sem það hafi undirritað og skilað greiðslu fyrir á árunum 1974 og 1975. Ákærði, Björn Vilmundarson, hafi fyllt út söluskattsskýrslur þær, er það undirritaði, og hafi ákærði gert það eftir því, sem það sagði honum eftir minni. Engar skráðar upplýsingar um sölu verslunarinnar hafi legið fyrir. Það kveðst hafa greitt söluskatt skv. skýrslunum ýmist með peningum, sem það fékk hjá ákærða eða Hirti Gunnarssyni.

Vitnið Páll Einarsson húsvörður, Hátúni 12, kveðst hafa þekkt Gunnar heitinn Jóhannsson, er rak Antikbúðina. Vitnið skýrði frá því, að þrátt fyrir lömun hefði Gunnar heitinn verið andlega heill. Vitnið minnist þess, að það kom sumarið 1975 í Antikbúðina til að kaupa spegil, og var Gunnar sjálfur við afgreiðslu í versluninni. Vitnið kynntist Gunnari á áratugnum 1950—1960, og hittust þeir af og til upp frá því. Þeir bjuggu m. a. um 2 ára skeið í sama húsi.

Með bréfi samgönguráðuneytisins, dags. 12. nóvember 1976, var ákærða Birni að eigin ósk veitt lausn frá starfi forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins um stundarsakir, meðan rannsókn stæði vegna meintrar aðildar hans að meintum brotum verslunarinnar Antikhúsgagna og þar til niðurstaða lægi fyrir í málinu. Ákærða var endanlega veitt lausn frá starfinu með bréfi nefnds ráðuneytis, dags. 13. júlí 1978, frá 1. ágúst það ár skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og með tilliti til sakamálsrannsóknar og málshöfðunar á hendur honum.

Niðurstöður.

Pálína Jónsdóttir.

Ákærði, Björn Vilmundarson, hefur haldið því fram, að Pálína Jónsdóttir, tengdamóðir hans, hafi verið innflytjandi antikhúsgagna þeirra, er að framan greinir. Hann hafi aðstoðað hana við innflutninginn og haft fulla heimild frá henni eða umboð til að rita nafn hennar undir gjaldeyrisumsóknir, dags. 2. maí 1973 og

11. október 1971 til Landsbanka Íslands og 27. september 1972, til Útvegsbanka Íslands vegna innkaupa á húsgögnum.

Pálína hefur staðfest, að ákærði hafi haft heimild frá sér til þessa erindisrekstrar fyrir hana og að rita nafn hennar undir umsóknirnar. Hún hafi fjármagnað kaupin í upphafi og fengið sjálf nokkuð af húsgögnunum, en ákærði og kona hans endurgreitt henni andvirði þeirra húsgagna, sem ákærði seldi.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að ákærði hafi haft leyfi frá Pálínu til að undirrita umsóknirnar með nafni hennar, og ber því að sýkna hann af ákærunni fyrir það atferli. Dómsrannsókn hófst í máli þessu hinn 17. maí 1976, og er sök því ekki fyrnd að því er varðar nafnritun ákærða á umsókn, dags. 11. október 1971, sbr. 2. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, ef um sök teldist hafa verið að ræða, en verjandi ákærða hefur haldið því fram, að um fyrningu sé að ræða.

Jón Torfi Snæbjörnsson.

Ákærði Björn hefur haldið því fram, að vitnið Jón Torfi Snæbjörnsson, mágur hans, hafi verið innflytjandi þeirra húsgagna, er á aðflutningsskýrslum með nafni hans greinir. Hafi hann haft fullt umboð frá vitninu til að útfylla og rita nafn þess undir gjaldeyrisumsókn, dags. 11. apríl 1972, til Útvegsbanka Íslands vegna kaupa á húsgögnunum.

Vitnið Jón Torfi kveðst hafa staðið að framangreindum innflutningi. Hafi hann verið algerlega á þess vegum, en umboðsmaður þess, ákærði Björn, annast hann fyrir það. Ákærði hafi haft fullt leyfi til að undirrita fyrir það gjaldeyrisumsóknina vegna kaupa á húsgögnunum.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að ákærði hafi haft heimild til að undirrita gjaldeyrisumsóknina með nafni Jóns Torfa, og ber því að sýkna hann af ákærunni fyrir það atferli.

Inga Jenný Þorsteinsdóttir.

Undir gjaldeyrisumsókn í 6. tl. ákæru, dags. 28. maí 1973, sem ákærði kveðst hafa útbúið og notað í Útvegsbanka Íslands, er einungis vélritað nafn Ingu Jennýjar Þorsteinsdóttur, en nafnritun er ekki á umsókninni. Er því ekki um það að ræða, að ákærði hafi falsað nafnritun Ingu Jennýjar Þorsteinsdóttur undir skjal þetta, svo sem honum er gefið að sök í ákæru, og ber því að sýkna hann af ákærunni að því leyti.

Í 2. tl. ákæru er talað um umsókn fyrir 150 dollurum, en hið rétta er, að um 150 sterlingspund er að ræða, svo sem umsóknin ber með sér. Verjandi hefur reifað þessa skekkju í málsvörn og hún ekki komið að sök. Leiðir þessi skekkja því ekki til sýknu af þessu ákæruatriði.

Svo sem að framan er rakið, hefur ákærði viðurkennt að hafa útbúið gjaldeyrisumsóknir, dags. 10/10 1973, 9/6 1973 og 17/4 1974, og ritað nafn Ingu Jennýjar Þorsteinsdóttur undir þær. Umsóknin, dags. 10/10 1973, er til Landsbanka Íslands vegna kaupa á ferðagjaldeyri, en hinar til Útvegsbanka Íslands vegna kaupa á húsgögnum. Ákærði framvísaði umsóknum þessum í framangreindum bönkum og fékk þær afgreiddar. Notaði hann gjaldeyrinn til kaupa á húsgögnum, sem hann flutti inn. Ákærði telur sig hafa haft heimild Ingu Jennýjar til að nota nafn hennar með framangreindum hætti. Hafi hugmyndin verið sú, að þetta yrði sameiginlegur innflutningur Ingu Jennýjar og ákærða og konu hans, þótt reyndin yrði sú, að þetta varð innflutningur hans og konu hans. Inga Jenný hafi verið heimilismanneskja hjá þeim og fylgst að sjálfsögðu með athöfnum þeirra. Framburður Hólmfríðar Snæbjörnsdóttur fer og í sömu átt um þetta og framburður ákærða.

Inga Jenný hefur hins vegar eindregið mótmælt þessu og staðhæft, að hún hafi aldrei leyft ákærða slíka notkun á nafni sínu og ekkert um það vitað fyrr en síðar. Hún neitar að hafa verið þátttakandi í þessum húsgagnainnflutningi ákærða.

Ákærði ritaði nafn Ingu Jennýjar undir framangreindar umsóknir án nokkurs fyrirvara um, að hann hefði heimild eða umboð frá henni til þess. Hlýtur það að leggja ákærða þá skyldu á herðar að sanna, að hann hafi haft slíka heimild. Inga Jenný starfaði á heimili ákærða og átti því að vera auðvelt fyrir hann að ná til hennar og fá hana sjálfa til að undirrita umsóknirnar, ef samþykki hennar var fyrir hendi. Svo sem aðflutningsskýrslur bera með sér, var um talsvert magn húsgagna að ræða, sem flutt var inn á nafni Ingu Jennýjar, en frásögn hennar af fjárhag sínum gefur ekki tilefni til að álíta, að hún gæti staðið í slíkum innflutningi, enda kveður ákærði, að hann og kona hans hafi lagt fram féð til gjaldeyriskaupanna. Ekki liggur heldur fyrir, svo óyggjandi sé, að húsgagn það eða húsgögn, sem Inga Jenný keypti af ákærða, hafi verið úr umræddum sendingum.

Samkvæmt framansögðu og með tilvísan til annarrar háttsemi ákærða, sem að framan greinir, telst sannað, að hann hafi ritað

nafn Ingu Jennýjar undir margnefndar gjaldeyrisumsóknir án heimildar frá henni og því orðið sekur um skjalafals.

Gunnar Jóhannsson.

Ákærði hefur kannast við, eins og í framburði hans greinir, að hafa undirritað gjaldeyrisumsóknir, dags. 4/11 1974 og 29. apríl 1975, sem eru með stimpli verslunarinnar Antikhúsgagna. Á fyrrgreindu umsóknina er skráð nafn eiganda verslunarinnar Gunnars Jóhannssonar, en á þá síðargreindu stafirnir Bj. Báðum umsóknunum, sem eru vegna kaupa á húsgögnum, framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands og fékk þær afgreiddar. Gjaldeyrinn notaði hann síðan til kaupa á antikhúsgögnum, sem flutt voru inn á nafni verslunarinnar.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi gert þetta að beiðni Gunnars Jóhannssonar, enda hafi verslunin verið aðili að þessum innflutningi. Þegar vörurnar hafi verið komnar til landsins, hafi Gunnar verið orðinn veikur og ákærði leyst þær út. Hann hafi flutt vörurnar í verslunina Antikhúsgögn og fengið greiddan útlagðan kostnað vegna þeirra. Um síðari sendinguna segir ákærði, að hann hafi gert grein fyrir þeim innflutningi á skattskýrslu sinni árið 1976 fyrir rekstrarárið 1975.

Gunnar Jóhannsson var aldrei hægt að yfirheyra vegna sjúkleika hans. Hjörtur, sonur Gunnars, er vann við rekstur verslunarinnar Antikhúsgagna, eftir að faðir hans hætti, en á þeim tíma, sem umræddur innflutningur fór fram, og Hrafnhildur Guðmundsdóttir, er starfaði þar við afgreiðslu, hafa skýrt frá því, að viðskipti ákærða við verslunina Antikhúsgögn hafi einungis verið fólgin í því, að verslunin hafi tekið húsgögn í umboðssölu af honum. Vita þau engin dæmi þess, að verslunin hafi tekið þátt í innflutningi húsgagna. Að sögn Hjartar nefndi ákærði það aldrei við hann, að hann væri að flytja inn á vegum verslunarinnar, og í viðtali hefði faðir þess sagt, er hann var spurður, hvers vegna hann færi ekki út í innflutning, að hann hefði hvorki heilsu, fjármagn né sambönd til að standa í slíku.

Aðferð sú, sem ákærði notaði við undirritun framangreindra gjaldeyrisumsókna, er óvenjuleg. Hefur ákærði ekki fært sönnur á, að innflutningur á nafni verslunarinnar Antikhúsgagna hafi verið á hennar vegum og að Gunnar Jóhannsson hafi veitt honum heimild til að nota nafn sitt og verslunarinnar á gjaldeyrisumsóknirnar, svo sem ákærði gerði. Með tilvísan til þess, er nú hefur verið rakið, og annarrar háttsemi ákærða í máli þessu telst

sannað, að hann hafi með notkun gjaldeyrisumsóknanna orðið sekur um skjalafals.

Varðar skjalafals ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 3 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta, þar sem ákærði hefur ekki áður gerst sekur um lögbrot og orðið að láta af opinberu starfi, og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.000.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Vilmundarson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. nóvember 1980.

Nr. 42/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Birni Ragnari Morthens
(Helgi V. Jónsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnssoon, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu er að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar. Einnig er málinu að því er ákærða einan varðar áfrýjað af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar, en hér fyrir dómi krafðist ríkissaksóknari staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þ. á m. yfirlýsing Landsbanka Íslands þess efnis, að ákærði hafi hinn 6. nóvember 1979 lokið að fullu greiðslu víxils þess, sem mál þetta er af risið.

Samkvæmt vottorði 25. þ. m., undirrituðu af Sveini Ólafssyni vélstjóra, hefur ákærði starfað við vélgæslu í Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi „allt frá apríl 1979 til dagsins í dag og gegnt því starfi með ágætum."

Þá liggur fyrir vottorð um, að ákærði hafi kvænst 13. október 1979.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefur ákærði hvorki sætt kæru né refsingu.

Málsatvik eru greind í héraðsdómi, og varðar brot ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga verður ákærða dæmd refsing í einu lagi fyrir þjófnaðarbrot þau, framin 29. júlí 1978, er dómur 6. desember 1978 fjallar um, og skjalafals það, sem ákærði er saksóttur fyrir í máli því, er hér er til úrlausnar. Við ákvörðun refsingar verður höfð hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin

fangelsi 5 mánuði. Eftir atvikum þykir mega skilorðsbinda refsingu ákærða, þannig að hún falli niður að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið. Komi refsing til framkvæmda, þykir rétt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að 6 daga gæsluvarðhald ákærða, sbr. dóm sakadóms Reykjavíkur 6. desember 1978, komi henni til frádráttar.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Ákærði og X komu fyrir dóm við þingfestingu málsins hinn 21. mars 1979, en ekki í önnur skipti. Voru þeir þá yfirheyrðir saman í dóminum. Er það andstætt 4. mgr. 77. gr., sbr. 4. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Ragnar Morthens, sæti fangelsi 5 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að þrem árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Komi refsingin til framkvæmda, skal frá henni draga 6 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. mars 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 21. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 98—99/1979: Ákæruvaldið gegn Birni Ragnari Morthens og X, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 14. þ. m., gegn:

1. Birni Ragnari Morthens bifreiðarstjóra, Stigahlíð 93, fæddum 20. desember 1956 í Reykjavík,
2. X,

„fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að falsa nafnið Jón Róbertsson, Bauganesi 40, en það er íslenskt nafn John A. Boulter, sem ákærðu þekkja, sem útgefanda og framseljanda á víxil að fjárhæð kr. 100.000, með útgáfudegi 22. desember 1977 og gjalddaga 19. mars 1978, en ákærði Björn Ragnar var samþykkjandi, en Kára Sigurðsson fengu ákærðu sem ábeking, og selja síðan víxilinn í Landsbanka Íslands og nota andvirðið til greiðslu farmiða fyrir ákærða Björn Ragnar til útlanda.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur (sic) til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Hinn 23. desember 1977 keypti Landsbanki Íslands víxil af ákærða Birni Ragnari. Víxillinn var upphaflega að fjárhæð 150.000 kr., samþykktur af ákærða Birni, útgefandi talinn Jón Róbertsson, Bauganesveg (sic) 40, og framseljandi auk hans Kári Sigurðsson. Bankinn keypti víxilinn, þó aðeins fyrir 100.000 kr.

Sannað þykir með framburði ákærðu og öðrum gögnum að nafnritunin Jón Róbertsson er fölsuð.

Ákærðu höfðu áformað að fara saman til Danmerkur, en skorti á farareyri. Þeim kom saman um að selja víxil í því skyni, og ritaði X nafn Jóns Róbertssonar í heimildarleysi á víxilinn, en Björn sá svo um að selja hann.

X segist hafa verið búinn að ræða það við kunningja sinn John Boulter, Bauganesi 40, sem hann hafi talið ganga undir nafninu Jón Róbertsson, að gefa út víxil fyrir þá, en hann hafi þó aldrei lofað því. Viðurkenna ákærðu afdráttarlaust, að nafnið Jón Róbertsson sé ritað á víxilinn, án þess John Boulter vissi neitt um það.

Með notkun falsaðs skjals í lögskiptum hafa ákærðu unnið til

refsingar samkvæmt 155. gr. alm. hegningarlaga, enda verður að telja þá báða aðalmenn að broti þessu.

Ákærði X hefur aldrei fyrr verið kærður fyrir lagabrot, en Björn hefur sætt þessum refsingum:

1974 3/6 2 mánaða varðhald, skilorðsbundið 2 ár, fyrir brot gegn 219. og 259. gr. hegningarlaga og áfengis- og umferðarlögum.

1975 18/5 43.000 króna sekt fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf (dómssátt).

1975 20/1 10.000 kr. sekt fyrir sams konar brot (dómssátt).

1976 12/1 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 244., sbr. 256. gr. hegningarlaga (dómssátt).

1978 6/12 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga (tvö þjófnaðarbrot).

Auk þess hefur ákærði 29. maí á sl. ári gengist undir 300 kr. sekt í Borgardómi Kaupmannahafnar fyrir brot gegn 276. og 287. gr. hegningarl. dönsku (þ. e. minni háttar þjófnaðarbrot).

Með áðurnefndum dómi 3. des. sl. (sic) var ákærði Björn sekur fundinn um tvö þjófnaðarbrot, framin hér í borg 29. júlí 1978. Í því máli hefur ekki legið fyrir sekt sú, er hann sættist á í Kaupmannahöfn.

Samkvæmt reglum 60. gr. alm. hegningarlaga þykir nú rétt að taka upp skilorðsdóm ákærða frá 6. des. 1978 og dæma um öll brotin í einu lagi. Gætt verður ákvæða 77. og 78. gr. alm. hegningarlaga en skjalafalsbrot ákærða er framið, áður en dómurinn 6. des. var kveðinn upp. Refsing ákærða verður ákveðin 5 mánaða fangelsi, og þegar litið er til ferils ákærða, þykja eigi skilyrði til þess að skilorðsbinda refsinguna, enda verður talið, að skilorðsbinding refsingar hefði ekki komið til mála í dóminum 6. des., ef þá hefði einnig verið dæmt um skjalafalsbrotið. Í dóminum 6. des. er kveðið á um, að 6 daga gæsluvarðhald dragist frá refsingu, ef hún komi til framkvæmda, og ber að taka það dómsákvæði upp í þennan dóm.

Refsing X verður ákveðin 60 daga fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá verða ákærðu dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar in solidum.

Landsbanki Íslands hafði sett fram fjárkröfu við rannsókn málsins. Dómurinn fékk upplýsingar um það frá bankanum við

meðferð máls þessa, að ákærði Björn hefði greitt hluta af kröfunni til bankans og samið um kröfuna að öðru leyti. Krafan hefur því ekki verið tekin til úrlausnar í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði Björn Ragnar Morthens sæti fangelsi 5 mánuði. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hans 6 daga.

Ákærði X sæti fangelsi 60 daga. Fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum kostnað sakarinnar.

Föstudaginn 28. nóvember 1980.

Nr. 184/1978. **Hjörtur Aðalsteinsson**
gegn
Svani Pálssyni.

Mál fellt niður. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Þegar mál þetta skyldi munnlega flutt 28. þ. m., óskaði áfrýjandi þess, að málið yrði hafið.

Stefndi samþykkti, að málið yrði hafið, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framangreindu ber að hefja mál þetta. Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 300.000 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Hjörtur Aðalsteinsson, greiði stefnda, Svani

Pálssyni, 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. nóvember 1980.

Nr. 3/1979. **Guðrún Austmar Sigurgeirsdóttir**
gegn
Birni Magnússyni
f. h. Faxa h/f vegna þrotabús
Franklíns Friðleifssonar.

Mál fellt niður. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Þegar mál þetta skyldi munnlega flutt 28. þ. m., óskaði áfrýjandi þess, að málið yrði hafið.

Stefndi samþykkti, að málið yrði hafið, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framangreindu ber að hefja mál þetta. Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda, sem greitt hefur kostnað við ágripsgerð, málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 400.000 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Guðrún Austmar Sigurgeirsdóttir, greiði stefnda, Birni Magnússyni f. h. Faxa h/f vegna þrotabús Franklíns Friðleifssonar, 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. desember 1980.

Nr. 4/1980. **Sæljón h/f**
gegn
Kristjáni Jenssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sæljón h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. desember 1980.

Nr. 204/1980. **Hildur Eysteinsdóttir**
gegn
Margréti Lilju Guðmundsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hildur Eysteinsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 9.500 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. desember 1980.

Nr. 104/1980. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gústaf Grönvold
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Benedikt Sigurjónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Við ákvörðun refsingar ber að leggja til grundvallar viðurlög þau, sem greinir í 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem í gildi voru, þegar ákærði framdi brot sitt, en viðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Dráttur sá, sem varð á uppsögu héraðsdóms, hefur ekki verið nægilega réttlættur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gústaf Grönvold, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 30. desember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 19. desember 1977, höfðað gegn Gústaf Grönvold leigubifreiðarstjóra, Eyrargötu 6, Ísafirði, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 13. nóvember 1977 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ö 2388 frá heimili sínu, þar til bifreið ákærða hafnaði utan vegar og festist í snjóruðningi hjá Seljalandsvegi við Grænagarð.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði, sem er fæddur 21. desember 1944 í Reykjavík, telst sakhæfur og hefur samkvæmt sakavottorði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1965 9/11 í Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 5. gr. umferðarlaga.

1966 4/8 í Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 4. og 5. gr. umferðarlaga.

1969 25/5 í Kópavogi. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 51. gr. umferðarlaga.

1969 29/10 í Kópavogi. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á reglum um stöðumæla.

Málavextir verða hér raktir samkvæmt skýrslum lögreglunnar á Ísafirði, framburðum vitna og ákærða sjálfs.

Sunnudaginn 13. nóvember, kl. 0310, var hringt á lögregluvarðstofuna á Ísafirði. Sá, sem hringdi, kvaðst heita Gústaf Grönvold, og bað hann um að verða sóttur af lögreglunni að Grænagarði I, Ísafirði, þar eð hann hefði verið að aka bifreið sinni út af undir áhrifum áfengis. Lögreglumenn fóru á staðinn og hittu þar fyrir Gústaf Grönvold, ákærða í máli þessu, og fóru með hann á lögreglustöðina á Ísafirði. Er þangað kom, neitaði ákærði að svara spurningum lögreglunnar.

Vitnið Kristinn Friðbjörn Ásgeirsson lögregluvarðstjóri kom hér fyrir dóminn hinn 17. nóv. 1977. Kristinn kvað Gústaf Grönvold hafa hringt á lögreglustöðina og óskað eftir því að verða sóttur að Grænagarði. Þegar honum hafi verið tjáð, að lögreglan gæti ekki sinnt því vegna anna, hafi hann sagt, að þeir yrðu að

koma strax, því hann hefði álpast ölvaður af stað á bifreið sinni, og hann vildi gera hreint fyrir sínum dyrum, þó að það kostaði hann ökuskírteinið. Er Gústaf síðar kom á lögreglustöðina í fylgd lögreglunnar, hafi hann neitað að svara spurningum, sem fyrir hann voru lagðar. Læknir hafi komið á lögreglustöðina og tekið blóð úr ákærða til alkóhólákvörðunar.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Torfi Einarsson lögregluþjónn kom hér fyrir dóminn hinn 15. nóv. 1977. Kvað Torfi, að hann hefði verið ökumaður á bifreið lögreglunnar, Í 2259, aðfaranótt 13. nóv. 1977, bifreiðin væri af gerðinni Ford Cortina, tveggja dyra. Um kl. 3 hafi Kristinn Ásgeirsson varðstjóri kallað upp bifreiðina og tilkynnt, að Gústaf Grönvold hefði verið að láta vita af því, að hann hefði verið að aka bifreið sinni ölvaður út í snjóruðning við Grænagarð. Er þeir lögreglumenn komu að Grænagarði I, hafi ákærði staðið fyrir utan húsið, hann hafi verið léttklæddur, jakkalaus. Ákærði hafi verið tómhentur og útilokað, að hann hefði getað haft vín meðferðis. Gústaf hafi sest aftur í við hlið Magnúsar Þórðarsonar lögregluþjóns. Á leiðinni á lögreglustöðina hafi ákærði spurt, hvort þeir (þ. e. lögregluþjónarnir) tækju af honum prófið. Honum hafi verið svarað því til, að þeir væru engir dómarar. Ákærði hafi þá spurt, hvort tekið yrði úr honum blóð, og hafi honum verið svarað, að það kæmi í ljós, er á lögreglustöð kæmi. Ákærði hafi þá sagt, að hann hefði þarna gert vitleysu að vera að þvælast svona á bílnum. Vitnið kvaðst hafa fylgt ákærða á lögregluvarðstofu og rætt við hann, áður en reynt var að taka af honum skýrslu. Ákærði hafi þá sagt, að það væri mikið mál fyrir sig að missa ökuréttindi, þar sem hann væri atvinnubifreiðarstjóri, og mundi hann því reyna eins og hann gæti til að halda réttindum sínum. Vitnið vann drengskaparheit að framburði sínum.

Vitnið Kristján Rafn Guðmundsson lögregluþjónn kom hér fyrir dóminn hinn 14. nóv. 1977. Kristján lýsti aðdraganda að för lögreglunnar að Grænagarði í umrætt sinn á sama veg og vitnið Torfi Einarsson. Ákærði hafi verið léttklæddur, er hann settist inn í lögreglubifreiðina, og útilokað hafi verið, að ákærði hefði haft meðferðis áfengi né getað neytt þess í lögreglubifreiðinni. Vitnið kveðst hafa rætt við ákærða allan tímann, sem hann var í lögreglubifreiðinni. Ákærði hafi spurt, hvort þeir, þ. e. lögreglumennirnir, tækju af honum prófið, og kveðst vitnið hafa svarað honum því til, að þeir væru ekki dómarar. Þá hafi ákærði

spurt, hvort tekið yrði úr honum blóð, og hafi hann fengið það svar, að það kæmi í ljós, er á varðstofu kæmi. Ákærði hafi þá sagt, að þarna hefði hann gert stóran feil að fara á bifreið sinni í þessu ástandi. Þetta hafi hann margendurtekið á leiðinni á lögreglustöðina. Ákærði hafi virst rólegur á leiðinni.

Vitnið vann drengskaparheit að framburði sínum.

Vitnið Magnús Friðrik Þórðarson lögregluþjónn kom hér fyrir dóminn hinn 15. nóv. 1977.

Magnús lýsti aðdraganda þess, að farið var inn að Grænagarði í umrætt sinn, á sama veg og vitnin Torfi Einarsson og Kristján Rafn Guðmundsson.

Vitnið kvað útilokað, að ákærði hefði getað neytt áfengis í lögreglubifreiðinni. Ákærði hafi setið við hlið sér í bifreiðinni, og kvaðst vitnið ekki hafa haft af honum augun allan tímann. Vitnið greindi frá orðaskiptum þeirra lögreglumanna og ákærða á sama veg og áðurnefnd vitni.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Guðdís Sæunn Guðmundsdóttir kom fyrir dóminn hinn 13. nóv. 1977. Vitnið kvaðst hafa verið sofandi þá um nóttina, er ákærði, Gústaf Grönvold, barði að dyrum, og hafi honum verið hleypt inn. Gústaf hafi verið mjög æstur, en vitninu hafi skilist, að hann hefði verið að aka bifreið sinni út af. Ákærði hafi fengið að hringja í lögregluna, og kveðst vitnið hafa heyrt ákærða segja í símann, að hann hefði verið að aka út af við Grænagarð. Vitnið kvað ákærða hafa verið tómhentan, er hann kom inn, og farið úr jakka sínum inni. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Júlíana Pálsdóttir, sambýliskona ákærða, kom fyrir dóminn hinn sama dag og kveðst hafa skilið við bifreiðina Ö 2385 við heimili sitt kvöldið áður. Vitnið kvað sig og ákærða vera þá einu, er hefðu lykla að bifreiðinni.

Ákærði kom einnig fyrir dóminn hinn 13. nóv. 1977. Hann kveðst hafa verið að drekka áfengi kvöldið áður og um nóttina. Ekki vildi hann svara því, hvað mikið áfengi hann hefði drukkið. Ákærði kvaðst ekki hafa ekið bifreið, eftir að hann byrjaði að drekka áfengi daginn áður. Ákærði neitaði að hafa hringt til lögreglunnar. Þegar hann var spurður, hvernig hann hefði komist inn að Grænagarði, svaraði hann: „Það man ég ekkert.“ Síðan, er ákærði var spurður sömu spurningar, þá svaraði hann því til, að hann hefði komist þangað inn eftir í einhverjum bíl, ekki mundi hann hvernig bifreið né hver ók henni. Ákærði kvaðst

hafa farið úr bifreiðinni við Grænagarð, en hann neitaði að svara spurningu þess efnis, hvort hann ætlaði að hitta einhvern þar.

Er ákærði var spurður, hvenær hann hefði hætt drykkju, kvaðst hann hafa hætt, eftir að á lögreglustöð kom. Aðspurður um nánari tímasetningu, hvort hann hefði drukkið vín, eftir að lögreglan hafði afskipti af honum, kvaðst ákærði eftir okkurt hik hafa drukkið hálfa flösku af víni úr fleyg, sem hann hefði haldið á í lögreglubifreiðinni, en ekki vissi hann, hvað um fleyginn varð.

Ákærði kom aftur fyrir dóminn 10. janúar 1978, og vísaði hann þar til fyrri framburðar síns aðspurður um það, hvort hann hefði verið að aka bifreiðinni Ö 2388 hinn 13. nóv. 1977.

Í skýrslu lögreglunnar í umrætt sinn um útlit ákærða er sagt, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, andlit þrútið, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot, jafnvægi stöðugt og málfar skýrt.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða kl. 0351 hinn 13. nóv. 1977, fannst við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu 2.02‰ af alkóhóli.

Skipaður verjandi ákærða, Jón E. Ragnarsson, lagði fram vörn í málinu, þar sem hann krafðist sýknu af öllum sakaratriðum og til vara mildustu refsingar. Sýknukrafan er studd þeim rökum, að ekki sé komin fram lögfull sönnun á sekt ákærða. Yfirlýsingar hans við vitni hafi aðeins verið sjálfsásökun, fram sett í ölvunarvímu. Ákærði hafi, er af honum bráði, staðfastlega neitað að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn.

Álit dómsins.

Í framburði vitna máls þessa kemur glöggt fram, að ákærði hafi borið við þau, að hann hafi undir áhrifum áfengis ekið bifreið sinni, Ö 2388, út af Seljalandsvegi við Grænagarð, Ísafirði, aðfaranótt hins 13. nóv. 1977. Framburður hans þá er greinargóður og skýringar á atferli hans trúverðugar. Þegar ákærði er á leið á lögregluvarðstofu, fer hann að velta fyrir sér afleiðingum undanfarandi atburða. En það er ekki fyrr en á lögreglustöð er komið, að ákærði sér, að það hafi verið frumhlaup hjá honum að kalla á lögreglu. Má hér benda á orðaskipti ákærða við vitnið Torfa Einarsson, þar sem ákærða verður fullkomlega ljóst, að atferli hans mun leiða til ökuleyfissviptingar og atvinnumissis. Eftir það neitar ákærði staðfastlega öllum sakargiftum

og einnig að hafa áður borið að hafa ekið bifreiðinni Ö 2388 út af þá skömmu áður og tilkynnt um það til lögreglu. Eigi getur ákærði eftir það gert grein fyrir því, með hverjum hann komst að Grænagarði, og er reyndar tvísaga um það atriði.

Samkvæmt framburði vitna, er öll hafa unnið eið eða drengskaparheit að framburði sínum, og framanröktu verður að telja, að eigi verði vefengt með skynsamlegum rökum, að nægileg sönnun sé fram komin um, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í ákæruskjali. Varðar það við refsiákvæði þau, er þar greinir. Refsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög 54/1976, svo og samkv. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög 52/1978, og 2. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 50.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og sæti ákærði varðhaldi í 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 12 mánuði frá dómsbirtingu að telja.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Dóm þennan kvað upp Guðmundur Sigurjónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði. Skylt er að geta þess, að uppsaga dóms í máli þessu hefur dregist úr hömlu, en eftir að vörn barst í málinu hinn 15. ágúst, hafa orðið tafir vegna sumarleyfa og embættisanna dómara, eftir að því lauk.

Dómsorð:

Ákærði, Gústaf Grönvold, greiði kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs, en sæti ella varðhaldi í 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar, kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 1. desember 1980.

Nr. 19/1979. **Úrsúla Margrét Kristjánsdóttir**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Þórði B. Bachmann
Björgu Kristófersdóttur og
Brunabótafélagi Íslands
(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. janúar 1979. Krefst hún þess, að stefndu verði dæmd til að greiða sér óskipt 6.355.580 krónur með 13% ársvöxtum frá 18. október 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl. Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur enn á ný reiknað með líkindatölum tjón áfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku hennar af völdum bifreiðaslyss þess, sem um er fjallað í málinu. Segir í bréfi hans 18. nóvember 1980, að miðað við sömu forsendur og í fyrri áætlunum og 9% ársvexti nemi vinnutekjutap áfrýjanda á slysdegi 11.435.800 krónum, en 7.483.200 krónum, ef miðað sé við 13% ársvexti.

Dómur hefur ekki gengið í opinberu máli á hendur stefnda Þórði samkvæmt ákæru 6. maí 1976.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi eigi byggt kröfu sína um fébætur úr hendi stefndu á reglu 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi og gögnum máls varð árekstur inn á veginum á milli hápunkts hæðarbungunnar við Hrafnaklett og rimlahliðs Borgarnesmegin við bunguna, en sá vegarkafli er um 225 metra langur.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda Hæstaréttar um það, hvar árekstur hafi orðið milli bifreiðanna P 844 og M 449.

Ljósmyndir af skemmdum á bifreiðunum og önnur gögn málsins benda til þess, að bifreiðin P 844 hafi verið á röngum vegarhelmingi, er ökumaður hennar varð var við bifreiðina M 449. Aðalákomustaðir virðast hafa verið framendi M 449 um miðju og vinstra framhorn P 844. Það og framburður stefnda Þórðar B. Bachmann benda til þess, að reynt hafi verið að sveigja P 844 til hægri, þ. e. af röngum vegarhelmingi inn á réttan. Við þær aðstæður væru eðlileg viðbrögð ökumanns frekar að auka hraða en að draga úr honum eða eins og segir í framburði stefnda Þórðar B. Bachmann, „fannst mér ökumaður gera tilraun til að rífa bifreið sína yfir á réttan vegarhelming". Var þess því ekki að vænta, að hemlaför sæjust eftir P 844. Með því að aka á röngum vegarhelmingi, þ. e. vinstri vegarhelmingi miðað við akstursstefnu, hefur ökumaður P 844 brotið ákvæði 1. og 2. málsgr.

45. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og bar hann því meginsök á árekstrinum.

Vegur á árekstrarstað er 9 metra breiður, og svo sem greinir í héraðsdómi, eru kantar hans lágir. Bifreiðinni M 449 hafði rétt verið ekið um hæðarbungu og beygju, er árekstur varð. Þar bar ökumanni samkvæmt 2. málsgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 að aka við hægri vegarbrún. Samkvæmt uppdrætti lögreglu og öðrum gögnum voru hemlaför eftir bifreiðina M 449 32 metra löng, og voru för vinstri hjóla rétt við miðlínu akbrautar. Milli hemlafara eftir hægri hjól M 449 og vegarbrúnar þeim megin var mikið pláss, a. m. k. heil bílbreidd, og hefði ökumaður M 449 því haft nóg svigrúm til þess að víkja til hægri, ef hann hefði haft fullt vald á bifreiðinni.

Þó að lengd hemlafara eftir M 449 sanni ekki, að bifreiðinni hafi verið ekið með meiri hraða en 70 kílómetra á klst., þykir hún og það, að ökumaður gat ekki vikið bifreiðinni til hægri, veita vissu fyrir því, að hann hafi brotið gegn ákvæðum 1. málsgr., 2. málsgr. og e liðar 3. málsgr. 49. gr. umferðarlaga. Ekki þykir varhugavert að slá því föstu, að unnt hefði verið að forðast árekstur þennan, ef stefndi Þórður B. Bachmann, ökumaður M 449, hefði stillt ökuhraða bifreiðar sinnar svo í hóf, að hann hefði haft fullkomna stjórn á henni. Ber hann því hluta sakar.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að skipta tjóni af framangreindum bifreiðaárekstri að tiltölu við sök ökumanna samkvæmt 68. gr. umferðarlaga. Tel ég rétt að skipta sök þannig, að 2/3 hlutar tjónsins komi á bifreiðina P 844, en 1/3 hluti tjónsins á bifreiðina M 449.

Þar sem meiri hluti dómenda Hæstaréttar hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sýkna beri stefndu í málinu, þykir mér eigi ástæða til þess að tjá mig um efni bótaréttar áfrýjanda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 12. nóvember 1976, af Úrsúlu Margréti Kristjánsdóttur, Hrísdal 1, Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu, gegn Þórði B. Bachmann, Berugötu 30, Borgarnesi, Björgu Kristófersdóttur,

sama stað, og Brunabótafélagi Íslands, Laugavegi 103, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða henni in solidum kr. 6.355.580 með 13% ársvöxtum frá 18. okt. 1975 til 21. nóv. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, þó þannig, að dæmdur verði sá áskilnaður stefnanda til handa, að stefndi greiði honum hæstu lögleyfðu vexti, ef hækkaðir verða, eins og þeir ákveðast á hverjum tíma til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hennar, en til vara, að sök verði skipt, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sáttatilraunir hafa ekki borið árangur í máli þessu.

Málavextir.

Atvik þessa máls eru þau, að laugardaginn 18. október 1975, um kl. 1800, varð árekstur á þjóðvegi nr. 531 við Hrafnaklett, sem er við norðaustanverðan útjaðar Borgarness, á milli fólksbifreiðar stefnanda, P 844 (Toyota, árg. 1974) og fólksbifreiðar stefndu Bjargar, M 449 (Mercedes Benz, árg. 1962). Bifreið stefnanda var ekið í átt frá Borgarnesi. Henni ók Halldór Finnbogason Arndal, til heimilis að Árdal í Andakílshreppi, en stefnandi sat í framsæti bifreiðarinnar hægra megin. Bifreið stefndu Bjargar var ekið í átt til Borgarness af eiginmanni hennar, stefnda Þórði Bachmann, en farþegi í framsæti hægra megin var bróðir Þórðar, Guðjón að nafni. Bifreiðin M 449 var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Brunabótafélagi Íslands.

Við Hrafnaklett er blindhæð, sem bifreiðinni M 449 var ekið yfir, en brekka er niður af henni í átt til Borgarness, og í brekkunni varð áreksturinn. Bifreiðarnar skemmdust mjög mikið og eru taldar ónýtar. Svo virðist af myndum af bifreiðunum að dæma, sem lagðar hafa verið fram í málinu, að vinstra framhorn bifreiðarinnar P 844 hafi orðið fyrir höggi, en því sem næst miður framendi bifreiðarinnar M 449. Ökumaður bifreiðarinnar P 844 lést af völdum meiðsla, sem hann hlaut í árekstrinum, og aðrir, sem í bifreiðunum voru, hlutu allir meiðsli. Stefnandi hefur verið metinn 25% öryrki vegna meiðslanna, sem hún hlaut.

Lögreglan í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu kom á árekstursstaðinn, skömmu eftir að áreksturinn varð, og segir í skýrslu sinni, að við áreksturinn hafi bifreiðin P 844 hafnað á hliðinni, en búið hafi verið að velta henni á hjólin, þegar hún kom á staðinn. Á

vettvangsuppdrætti, sem lögregluskýrslunni fylgir, sést, að vegurinn á þessum stað er u. þ. b. 9 metra breiður. Hemlaför eftir bifreiðina M 449 eru sýnd vera rúml. 31 metri, samsíða hægri vegarbrún miðað við aksturssstefnu bifreiðarinnar. Hemlaför eftir vinstri hjól eru sýnd vera 4.4 metra frá hægri vegarbrún. Bifreiðin er sýnd eftir árekstrinn með vinstra framhorn út af vegarbrúninni, þannig að hún hefur snúist við í árekstrinum og myndar u. þ. b. 45° horn við vegarbrún. Engin bremsuför eru eftir bifreiðina P 844, en bifreiðin sýnd með vinstra framhorn lítillega út fyrir vegarbrúnina, og myndar hún tæplega 90° horn við hana. Brak úr bifreiðinni er sýnt á veginum í tæplega 2 metra fjarlægð frá bifreiðinni og á vegbrúninni í 5 metra fjarlægð á svæði í allt að 12 metra fjarlægð. Í lögregluskýrslunni segir, að yfirborð vegarins hafi verið malborið, fast og slétt. Dagsbirta hafi verið, veðrið bjart, en færið blautt. Lýsingu á skemmdum á bifreiðunum er ekki að finna í lögregluskýrslunni.

Hér á eftir verða raktir framburðir þeirra, sem komu fyrir lögreglu og gáfu skýrslu vegna þessa áreksturs.

Hinn 6. maí 1976 var gefin út ákæra á hendur stefnda Þórði fyrir meint brot á tilteknum ákvæðum almennra hegningarlaga og umferðarlaga. Hinn 31. maí 1978 fór fram rannsókn í sakadómsmálinu í sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Framburðir þeirra, sem komu fyrir sakadóminn, verða og raktir eftir því sem ástæða þykir til.

Lögmenn aðilja lýstu því yfir, að þeir mundu leggja til grundvallar í málinu skýrslur aðilja og vitna fyrir lögreglu og í sakadómi, og kváðust því ekki mundu leiða þá fyrir réttinn. Þó kom stefnandi fyrir réttinn, eins og hér verður rakið.

Dómur hefur ekki fallið í sakamálinu.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir lögreglu 13. nóvember 1975. Hún kvaðst hafa verið farþegi í hægra framsæti í bifreið sinni, sem Halldór Finnbogason hefði ekið. Ástæðan til þess, að Halldór ók bifreiðinni, hefði verið sú, að kvöldið áður hefði hún lánað honum bifreiðina. Síðari hluta næsta dags hefði hann komið til sín á bifreiðinni og þá hefðu þau farið að „rúnta“, en ekki kvaðst hún muna, hvort þau hefðu verið að fara eitthvað sérstakt, þegar slysið varð. Halldór hefði ekið eðlilega. Stefnandi kvaðst ekkert muna eftir sér, frá því þau hefðu verið stödd í Borgarnesi nokkru fyrir slysið, þar til hún hefði komið til meðvitundar á Borgarspítalanum í Reykjavík.

Þegar stefnandi kom hér fyrir réttinn 3. okt. sl., gat hún ekki

greint nánar frá tildrögum slyssins en í skýrslu lögreglu greinir. Hún kvaðst einu sinni áður hafa ekið með Halldóri heitnum og taldi hann hafa verið sæmilegan ökumann. Heilsu sína kvað hún vera sömu og lýst sé í örorkumati frá 22. sept. 1976, en líðan sín hafi batnað við, að naglar hafi verið teknir úr lærlegg. Hún hefði ekki fengið bætur af neinu tagi fyrir tjón sitt.

Stefndi Þórður, ökumaður bifreiðarinnar M 449, kom fyrir lögreglu 25. október 1975 og skýrði svo frá, að hann hefði ekið til Borgarness á um 60—70 km hraða og verið með lágan ljósgeisla. Þegar hann nálgaðist hæðina, hafi hann skipt í þriðja gír og dregið úr ferð, áður en hann hafi komið í beygjuna, en átt mun vera við beygju, sem er á veginum, áður en komið er á blindhæðina á leið til Borgarness. Þegar hann hafi komið úr beygjunni upp á háhæðina, hafi hann séð P 844 koma á móti sér og hafi bifreiðin verið komin rétt norður yfir pípuhliðið. Sér hafi fundist bifreiðin P 844 vera svo innarlega á veginum, að hún væri rétt við lausamölina á sínum kanti. Hann hafi þá þegar hemlað og kallað til farþega síns einhver varnaðarorð, en ekki tekist að koma í veg fyrir áreksturinn. Hann hafi séð rétt fyrir áreksturinn, að bifreiðin P 844 hafi beygt til hægri miðað við akstursstefnu hennar og sér hafi fundist ökumaðurinn gera tilraun til þess að rífa bifreiðina yfir á réttan vegarhelming, án árangurs. Þegar áreksturinn hafi orðið, hafi sér fundist bifreið sín við það að vera stöðvuð.

Hinn 11. nóv. 1977 kom stefndi Þórður á nýjan leik fyrir lögreglu. Hann kvað fyrri skýrslu sína fyrir lögreglu rétta, en kvaðst ekkert geta sagt um, hvort uppdráttur af árekstursstað væri réttur eða ekki, því að hann hefði ekki haft aðstöðu til að kanna vettvang eða fylgjast með, þegar vettvangur var mældur.

Hinn 31. maí 1978 gaf stefndi Þórður skýrslu fyrir sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Stefndi lýsti aðdraganda árekstursins með sama hætti og fyrir lögreglu, og þykir því ekki ástæða til þess að rekja hér framburð hans að því leyti, heldur aðeins þau atriði, sem hann skýrði frá til viðbótar því, sem fram kemur í lögregluskýrslu.

Stefndi kvaðst vara fæddur 9. júlí 1949 og hafa fengið ökuskírteini út gefið 13. júlí 1966 og eignast bifreið 17 ára gamall. Hann hafi alla tíð ekið bifreið og talið sig vera vanan ökumann á þeim tíma, er áreksturinn varð. Bifreiðin M 449 hafi verið skráð á nafn eiginkonu hans Bjargar, en þau hafi keypt bifreiðina af Ásgeiri Péturssyni sýslumanni og verið búin að eiga hana

alllengi. Bifreiðin hafi verið í mjög góðu lagi og hafi hann verið vanur akstri hennar og annarra álíkra stórra fólksbifreiða. Þann dag, sem árekstur inn varð, hafi hann ásamt bróður sínum Guðjóni verið á rjúpnaveiðum í Þverárhlíð í Borgarfjarðarsýslu. Þeir hafi verið að koma úr þeirri veiðiferð, þegar áreksturinn varð. Stefndi kvaðst ekki hafa verið á neinn hátt miður sín við akstur inn eða óeðlilega þreyttur eða syfjaður og eigi hefðu þeir neytt áfengis þennan dag eða þá nýlega. Stefndi kvaðst hafa ekið með ljósum, vegna þess að ryk hefði verið á vegum í Borgarfirði, en í Borgarnesi hefði verið þurrt veður og ekki ryk á slysstaðnum. Skammt fyrir ofan Kárastaðaafleggjarann hefði hann ekið fram úr tveim bílum, en þá hefði hann verið á u. þ. b. 70 km hraða. Stefndi taldi, að bifreið stefnanda hefði verið í u. þ. b. hundrað metra fjarlægð, þegar hann kom auga á hana af hæðinni. Ekki kvaðst hann geta fullyrt um akstur shraða hennar, en staðhæfði, að bifreiðinni hefði verið ekið á röngum vegarhelmingi, algerlega í akstursstefnu sína. Hann kvaðst hafa snarhemlað, um leið og hann hefði skynjað árekstur shættuna, en taldi, að hann hefði hvorki sveigt bifreið sinni til hægri né vinstri. Stefndi neitaði því að hafa ekið fram úr bifreið Bjarna Ólafssonar, V 1159, á 120 km hraða. Hraðinn hefði verið verulega minni.

Bjarni Ólafsson, Reynigrund 51, Kópavogi, kom fyrstur á árekstursstaðinn. Hann gaf skýrslu fyrir lögreglu 19. október 1975 og sagðist hafa verið á leið í bifreið sinni, V 1159, til Borgarness og ekið á 70 km hraða. Bifreiðin M 449 hafi dregið sig uppi við Kárastaði og hafi hann gefið ökumanni hennar merki um að aka fram úr, sem hann hafi gert án nokkurs hiks. Miðað við ökuhraða sinnar bifreiðar teldi hann sennilegt, að bifreiðinni M 449 hafi verið ekið fram úr sér á allt að 100—120 km hraða, því að bifreiðin hafi horfið sér sjónum á örskammri stund. Hann hafi síðan komið að slysstaðnum við Hrafnaklett. Bjarni lýsti því, að bifreiðin P 844 hefði legið á vinstri hlið á hægri vegarhelmingi miðað við akstursstefnu og hafi framendinn vitað til suðurs, þannig að bifreiðin hafi verið því sem næst í 45° við vegarbrúnina.

Bjarni gaf ekki skýrslu fyrir sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Magnús Thorvaldsson, Brákarbraut 11, Borgarnesi, kom fyrir lögreglu 21. nóvember 1975, en hann kom næstur á eftir Bjarna Ólafssyni á slysstaðinn. Hann skýrði m. a. svo frá, að við mót vega nr. 531 og 54 hefði bifreiðunum M 449 og V 1159 verið

ekið fram úr sér og hafi bifreiðin M 449 verið á undan. Sjálfur hafi hann ekið á 50—55 km hraða og taldi, að hvorugri hinni bifreiðinni hefði verið ekið of hratt. Magnús sagði, að hemlaför hefðu ekki sést eftir P 844, en hemlaför M 449 hefðu vísað eilítið inn að miðlínu vegar. Þar sem þau hafi endað, hafi verið tildráttarför til austurs.

Magnús kvaðst hafa átt orðaskipti við ökumann bifreiðarinnar M 449 og hafi hann látið þau orð falla, að bifreiðin P 844 hefði komið beint á móti sér og hafi hann frosið á hemlunum.

Magnús kom fyrir sakadóm Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. maí 1978. Hann skýrði frá atvikum á sama hátt og fyrir lögreglu. Hann sagði enn fremur, að árekstur bifreiðanna hefði greinilega orðið með þeim hætti, að vinstri framhorn þeirra hefðu rekist saman.

Guðjón Bachmann, bróðir stefnda Þórðar, kom fyrir lögreglu 11. nóv. 1977. Hann kvaðst ekkert muna eftir árekstrinum, annað en það eitt, að Þórður hefði kallað til sín og hafi hann rétt verið búinn að líta upp, þegar áreksturinn varð.

Guðjón gaf ekki skýrslu fyrir sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Ólafur Helgi Jóhannesson, lögreglumaður í Borgarnesi, kom fyrir sakadóm Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. maí 1978. Hann skýrði m. a. frá því, að hann hefði gert teikningu af árekstursstaðnum á sínum tíma, en byggt hana á mælingum, sem Björn Þorbjörnsson lögreglumaður hefði gert. Hann kvað engin viðvörunarmerki vera á þjóðveginum við blindhæðina við Hrafnaklett, en kvaðst ekki vilja fullyrða, að hæðin væri blindhæð að mati Vegagerðarinnar.

Þórður Sigurðsson, lögregluvarðstjóri í Borgarnesi, kom fyrir sakadóm Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Hann ritaði þá lögregluskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu. Hann staðfesti skýrsluna í öllum atriðum. Hann kvaðst ekki vita til þess, að Halldór heitinn hefði neitt gerst brotlegur í umferð.

Björn Þorbjörnsson, lögreglumaður í Borgarnesi, kom fyrir sakadóm Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Hann annaðist mælingar á árekstursstaðnum og taldi afstöðuteikninguna rétta. Hann sagði m. a., að hemlaför bifreiðarinnar M 449 hefðu verið mjög skýr og greinileg. Áreksturinn hefði bersýnilega verið mjög harður. Björn kvaðst álíta, að skemmdirnar á bifreiðinni P 844 hefðu bent til þess, að bifreiðin M 449 hefði lent á henni vinstra megin

að framan og mætti af því ráða, að bifreiðin P 844 hafi verið að taka nokkra hægri beygju.

Ólafur Jónsson læknir mat örorku stefnanda, og er örorkumatið dags. 22. sept. 1976. Við mat örorkunnar lá fyrir áverkavottorð Guðjóns Guðmundssonar, yfirlæknis á Akranesi, dags. 5. mars 1976, tvö vottorð Leifs Jónssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, dags. 13. febrúar og 24. september 1976, og tvö vottorð Sigurjóns H. Ólafssonar tannlæknis, dags. 4. mars og 22. september 1976.

Ályktun Ólafs Jónssonar læknis í örorkumati er svohljóðandi:

„Hér er um að ræða 24 ára gamla matráðskonu af Snæfellsnesi, sem slasaðist í bílslysi fyrir tæpu ári og hlaut við slysið þrefalt brot á neðri kjálka og kurlað brot á vinstri lærlegg. Auk þess hlaut hún skurðsár í andlit, áverka á brjósthol með pneumothorax og áverka á nýru.

Meðferð fólst í því, að kjálkar voru víraðir saman, og munu kjálkabrotin hafa gróið á eðlil. tíma. Lærleggsbrotið var fest með nagla og skrúfum, og mun það sömuleiðis hafa gróið á eðlil. tíma. Afleiðingar kjálkabrotsins eru þær, að bit tanna hægra megin er skakkt, og veldur það verulegum óþægindum við að tyggja og, að sögn, nokkrum þreytuverk í hægri kjálkalið, sem er mest áberandi, er liðurinn er hreyfður meira en eftir allra minnstu þörfum.

Lærleggsbrotið gréri með 2½ cm. styttingu og 10° útrotation á lærlegg, en af þeim sökum er nauðsynlegt, að stúlkan gangi á hækkuðum skóm. Hún kvartar auk þess um óþægindi í vinstra hné, og verður að telja líklegt, að þau óþægindi stafi af snúningi á fætinum, sem nemur um 10°, eins og að framan greinir.

Ekki kvartar slasaða um einkenni frá höfði, þótt líklegt sé, að hún hafi fengið verulegan heilahristing við slysið, þar sem hún virðist hafa fengið retrograd amnesi, og auk þess mun hún hafa gleymt og kveðst ekki muna ennþá, hvað skeði 2 fyrstu dagana eftir slysið. Áverkar á brjóstholi og kviðarholi virðast ekki hafa valdið varanlegum skemmdum.

Samkvæmt þeim upplýsingum, er fyrir liggja, og að áliti sérfræðinga eru skaðar þeir, er af slysinu hlutust, þ. e. a. s. kjálkabrotið og lærleggsbrotið, þess eðlis, að ekki mun vera hægt að lagfæra þær skekkjur, sem þar eru, og eru því engar frekari aðgerðir áformaðar í sambandi við slys þetta, og er því tímabært að meta örorku þá, er af slysinu hlaust, og telst hún hæfilega metin:

100% í 4 mánuði
Síðan 50% næstu 3 mánuði
Síðan 25% varanleg."

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda, fyrst 4. nóv. 1976, en síðan 18. okt. 1978, og eru kröfur stefnanda um bætur fyrir örorkutjón byggðar á síðari útreikningnum. Í útreikningnum segir m. a. svo:

„Hér er um svo unga konu að ræða, að ekki er unnt að leggja tekjur hennar næstu árin fyrir slysið til grundvallar áætlun um væntanlegar tekjur síðar. Auk þess bera skattframtöl með sér, að Úrsúla stundaði nám í Húsmæðraskólanum á Varmalandi veturinn 1972—1973. Það kemur fram í örorkuvottorðinu, að Úrsúla starfaði sem matráðskona. Þess vegna miða ég tekjur og tekjutap framvegis við kaup matreiðslukvenna samkvæmt samningum Verkakvennafélagsins Framsóknar. Niðurstaðan er þessi:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1. árið eftir slysið	825.400	451.700
2. árið eftir slysið	1.036.200	259.000
3. árið eftir slysið	1.815.100	453.800
Síðan árlega	2.186.100	546.500

Höfuðstólsandvirði framangreinds vinnutekjutaps á slysdegi hefi ég fundið annars vegar með 9% ársvöxtum og hins vegar með 13% ársvöxtum. Niðurstöður eru þessar:

	9% vextir	13% vextir
Vegna tímabundinnar örorku	353.200	350.200
Vegna varanlegrar örorku	5.390.800	3.779.600
Samtals kr.	5.744.000	4.129.800

Notaðar eru dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra bóta frá Tryggingastofnun ríkisins né skatta."

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Örorkubætur ..... kr. 5.744.000
2. Miskabætur vegna þjáninga, lýta o. fl. ..... — 500.000
3. Fatatjón ..... — 30.000
4. Óbættur hluti af verðmæti P 844 ..... — 50.000

5. Kostnaður vegna ferða vegna lækninga ..... kr. 20.000
6. Gleraugu ..... — 11.580

Samtals kr. 6.355.580

Þá kveðst stefnandi hafa orðið að greiða ýmiss konar kostnað vegna vottorða, röntgenmynda o. fl. vegna slyssins og nemi hann samtals kr. 106.490. Taka eigi tillit til þessa kostnaðar við ákvörðun málskostnaðar í málinu. Stefnandi hefur lagt fram reikninga yfir þennan kostnað.

Málsástæður.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að stefndi Þórður hafi valdið árekstrinum með stórkostlega ógætilegum akstri. Hann hafi ekið langt yfir lögleyfðum hámarkshraða, eins og hemlaför eftir bifreið hans sýni, en hámarkshraði sé 70 km á klst. á þessum stað, og gera megi ráð fyrir, að hemlaförin hefðu orðið mun lengri, áður en hann stöðvaðist, ef árekstur inn hefði ekki orðið. Þá beri vitnið Bjarni Ólafsson, að stefndi Þórður hafi ekið fram úr sér á 100—120 km hraða. Þótt vitnið Magnús Thorvaldsson vilji lítið gera úr ökuhraða Þórðar, þá beri að gæta þess, að hann sé sveitungi hans. Ummerki á slysstað, svo sem það, að bifreið stefnanda kastist mikið til hliðar, skemmdir á bifreiðunum og meiðslin á fólkinu gefi og til kynna, að stefndi Þórður hafi ekið geysihratt. Uppdráttur af árekstursstað sýni, að bifreiðinni M 449 hafi verið ekið mjög innarlega á veginum, en mjög sé brýnt, að við blindhæðir sé dregið úr hraða og ekið við vegbrún.

Ekkert komi fram í gögnum málsins um, að bifreið stefnanda hafi verið ekið of hratt eða of innarlega á veginum. Eftir bifreið stefnanda hafi engin hemlaför verið sýnileg, en hún láti undan höggi, en gefi ekki högg. Því sé alls ósannað, að bifreið stefnanda hafi verið ekið of hratt.

Stefndi Þórður hafi með akstri sínum brotið gróflega gegn ýmsum mikilvægum reglum umferðarlaga, svo sem 26. gr., 37. gr., 45. gr., 1. og 2. mgr., 47. gr., 1. mgr., 49. gr., 1. og 2. mgr. og 3. mgr. d), e) og f), 50. gr., 1. og 2. mgr.

Bótaréttur stefnanda byggist aðallega á 1. mgr. 67. gr., en til vara á 68. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 69. gr., gagnvart stefndu Björgu og 69. gr., 3. mgr., gagnvart stefnda Þóri, en 70. gr., 3. mgr., sbr. 1. mgr., og 74. gr., 2. mgr., gagnvart hinu stefnda vátryggingarfélagi.

Varðandi eignatjón stefnanda þá byggist bætur vegna þess á

því, að stefndi Þórður eigi einn sök á árekstrinum. Varðandi líkamstjón stefnanda gegni öðru, þar sem sök skipti ekki máli, því að stefnandi njóti hlutlægs bótarétar skv. 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga, en farþegi í bifreið, sem jafnframt sé eigandi bifreiðarinnar, eigi ekki að vera verr settur en hver annar farþegi, sem rétt eigi skv. þessari lagagrein.

Stefnandi hafi hlotið mikil meiðsli og af þeim hlotið bæði tímabundna og varanlega örorku. Örorkutjón stefnanda hafi verið reiknað út á grundvelli örorkumats og annarra forsendna, sem raktar séu í örorkuútreikningnum. Á þessu byggist krafa stefnanda um bætur fyrir örorkutjón.

Ljóst sé af læknisgögnum, að stefnandi hafi hlotið stórvægileg meiðsli og liðið mikil harmkvæli af völdum þeirra. Hún muni búa við þjáningar og óþægindi ævilangt. Þá hafi hún hlotið lýti, m. a. sé vinstri fótur að mun styttri en sá hægri.

Fatnaður sá, sem stefnandi hafi verið í, hafi ónýst gersamlega, en fötin hafi orðið að skera utan af henni.

Bifreið stefnanda hafi verið húftryggð, en stefnandi hafi borið 50 þúsund kr. sjálfsáhættu, sem krafist sé, að stefndu greiði.

Stefnandi hafi þurft að fara nokkrar ferðir frá heimili sínu á Snæfellsnesi til Reykjavíkur vegna lækninga og eigi hún að fá þann kostnað greiddan.

Þá hafi gleraugu stefnanda ónýst og eigi hún að fá það tjón bætt.

Rök stefndu fyrir aðalkröfu eru þau, að ökumaður P 844 hafi einn valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi og með ólögmætum hætti. Hann hafi ekið á röngum vegarhelmingi, sem auk þess að vera ólöglegt hafi í þessu tilfelli verið stórháskalegt, þar sem blindhæð hafi verið framundan og beinlínis valdið því, hvernig farið hafi. Öll gögn málsins sýni og sanni, að frásögn stefnda Þórðar að aðdraganda slyssins sé rétt. Þórður hafi ekið á u. þ. b. 70 km hraða á réttum vegarhelmingi, eins og hemlaför eftir bifreið hans sýni. Fyrst að árekstur hafi orðið, sé ljóst, að bifreið stefnanda hafi verið ekið á röngum vegarhelmingi. Nóg rúm hafi verið á veginum til að mætast, en þarna hafi hann verið u. þ. b. 9 m breiður. Hemlaför bifreiðarinnar M 449 þurfi ekki að sýna hraða hennar. Vegurinn hafi verið laus malarvegur, blautur og undan brekku hafi verið að fara. Snögg hemlun skilji eftir sig löng hemlaför, enda þótt hraðinn sé ekki mikill. Bifreiðin M 449 hafi verið því sem næst ferðlaus, þegar áreksturinn varð, hún kastist aftur á bak sem tildráttarför hennar til austurs sýni. Ekki

sé hægt að leggja frásagnir vitna um ökuhraða Þórðar til grundvallar ökuhraða hans á árekstursstaðnum. Sé litið til rannsókna, sem gerðar hafi verið erlendis á hemlaförum bifreiða miðað við hraða, megi telja beinlínis sannað, að Þórður hafi ekið á hæfilegum hraða, en undir öllum kringumstæðum verði að telja ósannað, að hraðinn hafi verið of mikill miðað við aðstæður.

Verksummerki á slysstað sýni, að ökuhraði bifreiðarinnar P 844 hafi verið úr öllu hófi, en við árekturinn hafi hún kastað bifreiðinni M 449 í öfuga aksturssteﬁnu. Bifreiðin P 844 hafi ekki kastast aftur á bak, heldur áfram, og hafi hún oltið á vinstri hlið. Brak úr bifreiðinni hafi kastast áfram í aksturssteﬁnu hennar, sem sýni, að ökuhraðinn hafi verið mikill. Engin hemlaför hafi verið eftir bifreiðina og hafi hún því haldið áfram á fullri ferð. Vitnið lögreglumaðurinn Björn Þorbjörnsson beri, að skemmdir á bifreiðinni P 844 hafi sýnt, að hún hafi beygt til hægri, um leið og árekturinn varð.

Með aksturslagi sínu hafi ökumaður bifreiðarinnar P 844 brotið gegn ákvæðum 26. gr., 37. gr., 45. gr., 1. og 2. mgr., 47. gr., 1. mgr., 49. gr., 1., 2. og 3. mgr. d), e) og f), 50. gr., 1. og 2. mgr., laga nr. 40/1968 og eigi því óskipta sök á slysinu.

Af þessu leiði, að stefnandi verði að bera tjón sitt óbætt, en um bótarétt hennar fari eftir almennum skaðabótareglum, sbr. 68. gr. laga nr. 40/1968, og jafngildi sök ökumanns eigin sök tjónþola, sbr. og 3. mgr. 67. gr. sömu laga, en því sé alfarið mótmælt, að hlutlægar bótareglur, sbr. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968, eigi hér við. Engin rök mæli með því, að eigandi bifreiðar eigi að vera betur settur, hvað þetta snerti, þegar hann sé farþegi í bifreið sinni en þegar hann aki henni sjálfur. Þessar staðhæfingar styðjist við erlenda og innlenda dómvenju, sem sé í samræmi við kenningar fræðimanna.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefndu, eigi að skipta sök í hlutfalli við sök ökumanna bifreiðanna og á því byggt sem áður, að stefnandi verði að sæta „identifikation" með ökumanni sínum og skiptingu tjónsins í samræmi við það auk þess sem stefnukröfur eigi að lækka verulega.

Örorkumati sé mótmælt sem of háu. Örorka 100% sé metin í 4 mánuði, sem sé of langur tími, en stefnandi hafi verið farin að vinna fullt starf innan 3 mánaða frá slysdegi. Hún vinni og fullt starf á þeim tíma, sem hún sé metin 50% öryrki. Ekki sé um sannanlegt rauntjón að ræða vegna varanlegrar örorku. Þá beri að meta til lækkunar hagræði af skattfrelsi og eingreiðslu

bóta, ef til komi. Verði höfð hliðsjón af líkindareikningi tryggingafræðings, beri að miða líkindatölur við gildandi vaxtaforsendur og meta til lækkunar bóta, að í örorkumötum lækna gæti miskasjónarmiða. Af sömu ástæðum beri að lækka sérkrafðar miskabætur stefnanda, sem mótmælt sé sem allt of háum og í raun tvíkröfðum. Töluliðum 3, 4, 5 og 6 í kröfugerð stefnanda sé ekki mótmælt tölulega.

Krafa stefnanda um að fá tildæmda hæstu lögleyfða vexti eigi að sæta frávísun og mótmælt sé, að dæma eigi 16% og 19% vexti, því að þessir vextir séu hagstjórnartæki stjórnvalda, en ekki raunvextir.

Niðurstaða.

Í málinu hafa verið lagðar fram glöggar ljósmyndir af þeim kafla þjóðvegar nr. 531, þar sem áreksturinn varð. Af uppdrætti lögreglu og ljósmyndum sést, að áreksturinn hefur orðið u. þ. b. 26 metra suðvestan við rimlahlið, sem er á þjóðveginum rétt neðan blindhæðarinnar við Hrafnaklett, en breidd rimlahliðsins nemur breidd vegarins. Á uppdrætti lögreglu er þjóðvegurinn sýndur um 9 metra breiður, og samkvæmt ljósmyndum eru kantar hans lágir. Því virðist ekki hafa verið neinum vandkvæðum bundið að mætast á þessum kafla vegarins.

Líkur benda til þess, að ökuhraði bifreiðarinnar M 449 hafi verið töluverður, en þó verður að telja ósannað, að hann hafi verið meiri en óhætt var miðað við eðlilegar aðstæður.

Á uppdrætti lögreglu sést, að hemlaför bifreiðarinnar M 449 eru á þeim vegarhelmingi, þar sem bifreiðinni bar að aka miðað við aksturssstefnu, þó nærri miðlínu vegarins, en hvergi yfir hana. Hemlaförin eru samsíða vegarbrúninni.

Af ljósmyndum af bifreiðunum að dæma virðist sem vinstra framhorn bifreiðarinnar P 844 hafi rekist á miðjan framenda bifreiðarinnar M 449, en það bendir til þess, að bifreiðin P 844 hafi verið á ská á veginum, þegar áreksturinn verður, en bifreiðin M 449 beint fyrir, eins og hemlaför hennar sýna. Hemlaför mældust ekki eftir bifreiðina P 844, sem bendir til þess, að ökumaður hennar hafi ekki gert tilraun til að draga úr hraða hennar með hemlun, áður en áreksturinn varð.

Af atvikum málsins, eins og þau liggja fyrir, verður ekki dregin önnur ályktun en sú, að áreksturinn hafi orðið á hægri vegarhelmingi miðað við aksturssstefnu bifreiðarinnar M 449. Þar af leiðir, að ökumaður bifreiðarinnar P 844 hefur gerst brotlegur

við 37. gr., 1. mgr., 45. gr., 1. og 2. mgr., og 47. gr., 1. mgr., laga nr. 40/1968.

Þó að stefndi Þórður þyki ekki í akstri sínum hafa að fullu farið eftir fyrirmælum í 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1968, þykja samt ekki efni til að leggja sök á árekstrinum á hann, sbr. 68. gr. sömu laga.

Samkvæmt framansögðu þykir verða að leggja óskipta sök á árekstrinum á ökumann bifreiðarinnar P 844, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda um greiðslu bóta fyrir óbætt tjón á bifreið hennar.

Stefnandi er farþegi í eigin bifreið, þegar áreksturinn verður. Hún hafði lánað ökumanni bifreiðarinnar hana til afnota.

Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968 ber eigandi ábyrgð á vélknúnu ökutæki sínu og er fébótaskyldur vegna tjóns, sem það veldur. Ekki skiptir í því sambandi máli, hvort eigandi ekur sjálfur eða einhver, sem hann hefur lánað ökutækið. Í tilviki, eins og hér um ræðir, að eigandi er farþegi í eigin ökutæki, verður skv. tilvitnaðri lagagrein hér að framan að telja, að um líkamstjón hans og miska fari eftir 68. gr., en ekki ákvæðum 67. gr. laga nr. 40/1968. Þar af leiðir, að bótaréttur stefnanda ræðst m. a. af því, hver sök ökumannsins á árekstrinum var. Að framan var öll sök á árekstrinum lögð á ökumann bifreiðar stefnanda. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda um greiðslu bóta fyrir líkamstjón og miska.

Niðurstaða dómsins er því sú, að sýkna beri stefndu af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Friðgeir Björnsson, settur borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Þórður B. Bachmann, Björg Kristófersdóttir og Brunabótafélag Íslands, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Úrsúlu Margrétar Kristjánsdóttur, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. desember 1980.

Nr. 137/1978. **Garðhús h/f**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
bæjarstjóranum í Grindavík
f. h. bæjarsjóðs
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu er áfrýjað með stefnu 9. ágúst 1978. Krefst áfrýjandi þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða honum 855.000 krónur í fébætur ásamt 9% ársvöxtum frá 1. maí 1973 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar ásamt vöxtum sem að framan segir. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Deila málsaðilja fyrir Hæstarétti snýst um verðmæti fiskhjalla þeirra, er voru að tilhlutan stefnda fjarlægðir af leigulandi áfrýjanda á þann hátt, er getur í héraðsdómi.

Með vísan til þess, sem segir í hinum áfrýjaða dómi og lýtur að verðmæti hjalla þessara, svo og með tilliti til þess, að eigi hafa fengist upplýsingar um aldur efniviðar þeirra, þykir mega fallast á niðurstöðu héraðsdóms.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður í Hæstarétti verði látinn falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Grindavíkur 11. maí 1978.

I

Mál þetta, sem dómtekið var þann 2. maí sl., var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. júní 1975 og birtri 21. júní s. á.

Stefnandi málsins er hlutafélagið Garðhús í Grindavík.

Stefndi er Eiríkur Alexandersson bæjarstjóri f. h. Grindavíkurkaupstaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 874.000 með 9% ársvöxtum frá 1. maí 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kostnað sakarinnar að skaðlausu. Til vara er krafist lægri upphæðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og greiðslu málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu, en án árangurs.

II

Málavöxtum er þannig lýst af hálfu stefnanda: Með afsali, dags. 2. nóvember 1972, seldi hlutafélagið Fiskverkun í Grindavík hlutafélaginu Garðhúsum í Grindavík „fiskhjalla þá, sem standa fyrir ofan tún fasteignarinnar Vesturbraut 10 (Garðhús) í Grindavík, ásamt landi því, er greindir fiskhjallar standa," eins og segir í afsalsbréfinu. Gerningi þessum var þinglýst 21. mars 1973 með þeirri athugasemd af hálfu þinglýsingarvaldsmanns, að afsalsgjafa skorti þinglýsta eignarheimild. Forráðamenn Garðhúsa h/f eru allt að einu þeirrar skoðunar, að félagið hafi unnið eignarhefð á tilgreindu landi eða landspildu. Staðhæfingu forráðamanna Garðhúsa h/f um þetta atriði er þó andmælt af forráðamönnum félags eigenda Járngerðarstaða og Hóps í Grindavík, sem halda því fram, að landspildan, sem áðurgreindir fiskhjallar eða fisktrönur standa á (eða réttara sagt stóðu á), hafi eingöngu verið leigð Fiskverkun h/f frá ári til árs.

Ágreiningur varðandi eignarrétt yfir landinu er til meðferðar í bæjarþingsmálinu nr. 184/1975: Garðhús h/f gegn félagi Járngerðarstaða og Hóps.

Í bréfi landeigenda Járngerðarstaða og Hóps, dags. 2. mars 1973, til stjórnarformanns Garðhúsa h/f var því haldið fram, að umræddir fiskhjallar væru á óskiptu sameignarlandi, og þess getið, að landið hefði verið skipulagt til íbúðarhúsabygginga. Þess var jafnhliða óskað, að hjallarnir yrðu fjarlægðir af landinu sem fyrst, þar sem um leiguafnot Garðhúsa h/f (eða Fiskverkunar h/f) hafi verið um að ræða. Enginn uppsagnarfrestur var tilnefndur í bréfi þessu.

Bréfi landeigenda Járngerðarstaða og Hóps var svarað 9. apríl 1973 af hálfu lögmanns Garðhúsa h/f. Var öllum afskiptum landeigenda Járngerðarstaða og Hóps andmælt að því er varðaði landspildu þá, sem fiskhjallarnir stóðu á. Í bréfinu er þess getið, að stefndi telji sér óskylt að rýma landið og muni hann verja rétt sinn.

Enn bar svo til, að forráðamenn Garðhúsa h/f fengu þann 16. mars 1973 bréf frá sveitarstjóranum í Grindavík. Þar voru ítrekuð tilmæli landeigenda Járngerðarstaða og Hóps frá 2. mars 1973 þess efnis, að fiskhjallarnir yrðu fjarlægðir, og það án tafar.

Nokkru eftir að bréf sveitarstjórans barst forráðamönnum Garðhúsa h/f, voru fyrir tilverknað forráðamanna stefnda margnefndir fiskhjallar Garðhúsa h/f, 38 að tölu, rifnir niður og trönurnar (ásar, toppar og spírur) fjarlægðar.

Birgir Guðnason, framkvæmdastjóri Garðhúsa h/f, hefur komið fyrir dóminn. Skýrði hann svo frá, að umræddir fiskhjallar hefðu um áramótin 1972—1973 verið leigðir Hafbliki h/f ásamt fiskverkunarhúsi og íbúðarhúsi. Leigusamningur var gerður til eins árs, og var hann framlengdur um hálft ár 1974 að því er húsið snertir. Kvað hann Hafblik h/f hafa greitt kr. 64.500 í leigu á mánuði. Hann kvað það hafa gerst áður en honum barst bréf landeigenda Járngerðarstaða og Hóps, dags. 2. mars 1973, að stefndi hafi látið grafa í sundur veg að hjöllunum, en er kvartað hafði verið yfir því, var vegurinn lagfærður að nýju. Hann kvað umrædda hjalla ekki hafa verið notaða um 2ja ára skeið, áður en þeir voru rifnir, enda hafi þá ekki almennt verið verkuð skreið í landinu. Þegar hjallarnir voru rifnir, hafði ekki verið kominn skreiðarverkunartími, en þó hafi verið búið að hengja upp lítið eitt af fiski. Hann kvað mikinn hluta hjallanna hafa verið vel nothæfan, en ekki hafi verið þörf á að halda öllum hjöllunum við. Hins veggar hafi þeim verið að nokkru leyti við haldið, þar til þeir voru síðast notaðir, en það var áður en Garðhús h/f keypti þá. Hann kvað starfsmenn stefnda hafa byrjað

á því að aka út fyrir byggðina nokkrum bílförmum af því hjallaefni, sem þeir rifu fyrst, en síðan hafi hjöllunum verið ýtt saman á staðnum og kveikt í. Hann sagði, að sennilega á tímabilinu frá því er honum barst bréf landeigenda þar til honum barst bréf sveitarstjórans í Grindavík, það er í fyrri hluta marsmánaðar 1973, hafi sveitarstjórinn átt tal við hann um mál þetta. Mætti (sic) bauð þá honum sem málamiðlun, að stefndi yfirtæki hjallana og landið á sama verði og Garðhús h/f hafði greitt, en því boði var hafnað. Þá skýrði Birgir svo frá, að honum væri ókunnugt um hefð þess efnis í Grindavík, að land undir fiskhjalla væri leigt vægu verði, enda verði hjallarnir að víkja fyrirvaralaust vegna bygginga.

Eiríkur Alexandersson, nú bæjarstjóri í Grindavík, hefur komið fyrir dóminn. Hann skýrði svo frá, að skömmu eftir eldgosið í Vestmannaeyjum í janúar 1973 hefði verið farið fram á, að reist yrðu „viðlagasjóðshús" í Grindavík, og hafi umrætt landsvæði, þar sem fiskhjallarnir stóðu, orðið fyrir valinu. Hafi samningar tekist við landeigendur, þ. e. Járngerðarstaða og Hóps. Landeigendur hafi tjáð sér erfiðleika við að fá forsvarsmenn Garðhúsa h/f til að fjarlægja fiskhjallana af landinu og hafi hann þá ítrekað kröfuna um brottflutning hjallanna með bréfi og símskeytum. Þar sem ekki voru sýnd nein viðbrögð í þá átt að fjarlægja fiskhjallana, heldur þvert á móti farið að hengja á þá fisk, hafi af hálfu stefnda verið brugðið á það ráð að grafa skurð í veginn að hjöllunum og síðan eftir gefna viðvörun hafi hjallarnir verið fjarlægðir. Fyrst hafi hluti þeirra verið rifinn niður og ekið með efnið út fyrir byggðina, en það hafi verið tafsamt, einkum vegna þess, að spírurnar voru svo ónýtar, að þær brotnuðu unnvörpum í meðförum, og beinlínis hættulegt að vinna verkið á þann hátt. Var þá brugðið á það ráð að ýta trönunum saman og kveikja í þeim. Hann kveður umrædda hjalla hafa verið mjög lélega og ónothæfa, að undanskildum tveim-þrem bilum, sem leigutakinn hafi notað til að hengja á. Hann sagði, að þegar land væri leigt undir hjalla í Grindavík, væri ávallt ákveðið, að hjallarnir yrðu að víkja fyrir byggingum eða öðrum mannvirkjum, hvort sem leigusali hafi verið hreppurinn eða einstaklingar og hvort sem um hafi verið að ræða skriflegan eða munnlegan samning. Þeir aðiljar, sem verkað hafa skreið í Grindavík nú undanfarin ár, hafa byggt nýja hjalla, enda voru þeir gömlu allir ónýtir og kaupstaðurinn fjarlægt þá með samþykki eigenda. Hann kvað framlagðar ljósmyndir á dskj. nr. 18—28 hafa verið teknar, skömmu

eftir að fiskur var hengdur upp í hjallana á vegum Hafbliks h/f og skömmu áður en hafist var handa um að rífa hjallana.

Kristján Ragnar Sigurðsson, bæjarverkstjóri í Grindavík, kom fyrir dóminn. Kvaðst hann hafa stjórnað vinnuflokki á vegum stefnda við að rífa fiskhjallana og hafi hann fengið fyrirmæli um það frá Eiríki Alexanderssyni. Hann kvað nokkru af efninu hafa verið ekið brott í hrúgu utan við bæinn. Þessi aðferð hafi síðan reynst ótæk, vegna þess hve efnið var ónýtt og brotgjarnt, þannig að spírurnar brotnuðu og heilu stæðurnar hrundu og bifreiðarstjórarnir neituðu að vera þar nálægt með vörubifreiðarnar. Hafi þá hjöllunum verið ýtt saman í hrúgu og kveikt í. Hann kveður trönurnar hafa verið mjög gamlar og fúnar. Minntist hann þess, að er hann starfaði sem vörubifreiðarstjóri og ók fiski að þessum hjöllum fyrir 8 árum, hafi spírurnar verið lélegar. Eitthvað hafi síðan verið skipt um langbönd, en engin þeirra hafi þó verið ný. Hann kveður engan hluta umræddra hjalla hafa verið nothæfan með eðlilegum hætti, enda hafi Þórarinn Sigurðsson, forsvarsmaður Hafbliks h/f, hengt upp miklu strjálla en eðlilegt var og aðallega til endanna og á uppistöðunum. Hann kveður spírur, eins og hér var um að ræða, almennt endast í tvö til þrjú ár.

III

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að þótt deilt sé um eignarrétt yfir landi því, er fiskhjallarnir stóðu á, hafi eignarréttur hans á hjöllunum verið óvefengjanlegur frá útgáfu afsalsbréfs 2. nóv. 1972.

Niðurrif hjallanna og brottflutningur þeirra af landinu án undangengins dómsúrskurðar hafi verið löglaus og andstæður ákvæðum norskra laga 6. bók 14—6, beint eða „per analogia", svo og skv. fordæmisreglum.

Þá er því haldið fram, að tilgreind háttsemi starfsmanna stefnda hafi verið brot á réttarfarslögum og 260. gr. almennra hegningarlaga, enda ósannað, að hjallarnir hafi verið verðlausir. Þá bendir stefnandi á, að ekki hafi verið færðar fram sönnur um það, að önnur þau atvik hafi verið fyrir hendi, sem réttlæti brottflutning hjallanna með áðurgreindum hætti. Af því leiði, að stefndi, bæjarsjóður Grindavíkur, vegna afskipta starfsmanna stefnda verði að bera fébótaábyrgð á atvikinu.

Við mat á bótafjárhæðinni telur stefnandi, að hafa beri hliðsjón af 37. gr. og 38. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingasamn-

inga. Á tjónstímanum 1973 var verðlag á hjallatimbri (verðmæti eins skreiðarhjalls) sem hér greinir samkvæmt upplýsingum, er stefnandi hefur aflað:

4 ásar	á kr.	1.250	per stk.	kr. 6.000
60 spírur	á kr.	400	per stk.	— 24.000
40 toppar	á kr.	400	per stk.	— 16.000
				Kr. 46.000

Hjallarnir voru 38 talsins og nemi því endurkaupsverðmæti þeirra á tjóndegi samtals kr. 1.748.000. Þar sem fiskhjallarnir hafi ekki verið nýir, þá er tjónið bar að, þyki hæfilegt að draga 50% frá því verðmæti, og fæst þannig stefnukrafan.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti, þar sem niðurrif hjallanna hafi verið unnið að fyrirmælum félags landeigenda Járngerðarstaða og Hóps og starfsmenn stefnda hafi aðeins verið framkvæmdaraðiljar á vegum þeirra. Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu á því, að stefnanda hafi verið skylt að flytja hjallana af landinu og þá að þola brottflutning þeirra, þar sem kröfu um það hafi ekki verið sinnt. Brottflutningur hjallanna hafi aðeins verið eðlilegur þáttur í því að viðhalda hreinlæti og snyrtimennsku í Grindavík, enda hafi stefnanda skort stoð í samningi um, að hjallarnir mættu standa á landinu áfram.

Þá hefur stefndi mótmælt bótakröfu stefnanda tölulega, þar sem hjallarnir hafi verið algerlega verðlausir á umræddum tíma vegna aldurs þeirra.

IV

Eigi verður að mati dómsins fallist á þá málsástæðu stefnda, að hann hafi aðeins unnið að niðurrifi fiskhjallanna í umboði félags landeigenda Járngerðarstaða og Hóps og að beiðni þeirra og sé hann þar af leiðandi ekki réttur aðili málsins. Starfsmenn stefnda önnuðust niðurrif umræddra fiskhjalla, án þess að félag landeigenda Járngerðarstaða og Hóps hefði afskipti af því, hvernig að verkinu var staðið. Með hliðsjón af því svo og öðrum afskiptum stefnda af máli þessu þykir rétt, að stefnandi geti beint bótakröfum sínum að stefnda.

Stefnda var kunnugt um mótmæli stefnanda um brottflutning fiskhjallanna. Niðurrif þeirra án undangenginnar dómsmeðferðar verður að telja andstætt lögum, enda verður ekki fallist á það sjónarmið stefnda, að brýnir almenningshagsmunir hafi legið við greint sinn. Stefndi er því fébótaábyrgur gagnvart stefnanda

vegna brottflutnings fiskhjallanna og eyðileggingar efniviðs þeirra. Við bótakröfu stefnanda er þetta að athuga: Á dómskjali nr. 4 er margföldunarskekkja, og ætti verð eins fiskhjalls að vera kr. 45.000, en ekki kr. 46.000, og er þá átt við einn sjálfstæðan hjall. Þegar hjallar eru sambyggðir, eins og venja er til og þarna var gert, nýtast ásar og toppar allt að því helmingi betur. Samkvæmt þessu hefði kaupverð 38 sambyggðra hjalla á verðlagi 1973 varla verið meira en kr. 1.200.000—1.300.000 eftir því, hvernig þeim var raðað upp. Myndir þær, sem fyrir liggja, dskj. 18—28, bera með sér, að hjallarnir hafa yfirleitt verið illa farnir, enda þótt undirbygging nokkurra ása hafi verið styrkt. Mjög mikið af spírum er horfið og það, sem eftir er, væntanlega mikið fúið, enda óhjákvæmilegt miðað við aldur. Þar sem timbrið var brennt, eftir að hjallarnir voru rifnir, verður það ekki metið nákvæmlega til verðs, en miðað við það, sem að framan er sagt, og með tilliti til þess, hvernig háttar til með sönnunaraðstöðu í málinu, telst hæfilegt mat á hjöllunum, þegar þeir voru rifnir, kr. 250.000.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 90.000 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Valtýr Sigurðsson, settur héraðsdómari, sem hefur farið með málið frá því í október 1977, ásamt meðdómsmönnunum dr. Jakob Sigurðssyni framkvæmdastjóra og Jóni G. Kristjánssyni lögfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Eiríkur Alexandersson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Grindavíkur, greiði stefnanda, Garðhúsum h/f, kr. 250.000 með 9% ársvöxtum frá 1. maí 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 90.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. desember 1980.

Nr. 174/1978. **Ingibjörg Pálsdóttir**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Hallgrími Magnússyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Byggingargallar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1978. Hún krefst aðallega sýknu af öllum dómkröfum stefnda, en til vara sýknu að svo stöddu af kröfunum. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Heildarfjárhæð krafna stefnda á hendur áfrýjanda námu samtals 817.918 krónum, þar með talin þóknun fyrir handlöngun, 186.604 krónur. Af þessari fjárhæð hefur áfrýjandi þegar greitt 240.000 krónur, þannig að eftir standa 577.918 krónur, sem stefndi krefur um í máli þessu. Áfrýjandi hefur aðeins haft uppi andmæli gegn kröfum áfrýjanda um þóknun fyrir handlöngun.

Fallast má á þá úrlausn héraðsdóms, að áfrýjanda beri að greiða sérstaklega fyrir handlöngun og að 30% af uppmælingarfjárhæð sé ekki ósanngjörn þóknun, enda ósannað, að um annað gjald hafi verið samið. Verður því lagt til grundvallar, að miða beri við fyrrgreinda kröfu stefnda, 577.918 krónur.

II.

Í héraðsdómi eru ítarlega raktar skoðunar- og matsgerðir þær, sem áfrýjandi hefur látið fram fara vegna múrvinnu

þeirrar, er stefndi lét vinna við hús hennar og um er fjallað í málinu. Matsgerðir þessar sýna, að vinnubrögð stefnda og manna þeirra, er hann ber ábyrgð á, hafa eigi verið svo vönduð og vel af hendi leyst sem krefjast verður um slík verk. Ber stefnda að bæta áfrýjanda það tjón, sem hún hefur beðið af gölluðum vinnubrögðum.

Umræddar matsgerðir sýna, að áfrýjandi hefur orðið fyrir nokkru tjóni. Á hinn bóginn liggur fjárhæð tjóns áfrýjanda ekki ljós fyrir. Stafar þetta meðal annars af því, hve seint hún hófst handa um að afla öruggra gagna um galla á múrvinnunni og hvað kosta mundi úr þeim að bæta. Þá höfðu gólf þau í stofum, sem um er fjallað, verið klædd viði, er hinir síðari matsmenn komu til vettvangsskoðunar. Urðu því gallar á gólfílögn ekki skoðaðir, en vegna viðarklæðningarinnar reynir ekki á gólfílögnina. Af þessum sökum þykir verða að ákveða bætur til áfrýjanda að álitum með einni fjárhæð. Þykja bætur þær, er áfrýjanda ber að greiða, hæfilega ákveðnar 285.000 krónur.

Samkvæmt þessu verða úrslit máls þessa þau, að áfrýjandi verður dæmd til að greiða stefnda 292.918 krónur (577.918 ÷ 285.000) auk vaxta, svo sem krafist er.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður. Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ingibjörg Pálsdóttir, greiði stefnda, Hallgrími Magnússyni, 292.918 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. júní 1975 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um I. kafla. Að öðru leyti tel ég, að dómur ætti að vera svohljóðandi:

II.

Áfrýjandi taldi vinnu þá, sem stefndi lét í té og metin var til peningaverðs með 4 uppmælingum og tveimur frádráttaruppmælingum, vera gallaða. Svo sem greinir í héraðsdómi, voru tvisvar sinnum dómkvaddir skoðunar- og matsmenn til þess m. a. að segja til um galla og meta, hversu mikið kostaði að bæta úr þeim. Niðurstaða hins fyrra mats frá 21. maí 1974, 35.000 krónur, var tekin til greina í héraðsdómi, og verður sú úrlausn staðfest, en málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað.

III.

Síðari matsgerðin, frá 22. febrúar 1978, varðaði galla á verkinu, sem áfrýjandi taldi hafa komið síðar fram, og annað tjón. Verður fjallað um einstaka liði hér á eftir í sömu töluröð og í matsgerð og héraðsdómi greinir:

1. Styrkleiki gólfílagnar í stofum.
Fallast ber á þá skoðun héraðsdóms, að sannað sé, að styrkleiki gólfílagnar í stofuálmu sé ófullnægjandi, eða eins og segir í vottorði Rannsóknastofu byggingariðnaðarins og forsendum héraðsdóms: „léleg með tilliti til styrkleika". Kostnað við brottnám ílagnar og lagningu að nýju meta matsmenn á 278.000 krónur. Áfrýjandi hefur ekki firrt sig rétti til bóta með því að láta klæða gólf þessi tréflögum eða „parket" eða því að láta hjá líða að skipta um múrhúðunarlag á gólfunum eða framkvæma aðrar viðgerðir. Verður ekki fallist á þá skoðun héraðsdóms, að áfrýjandi „hafi fyrir tómlæti glatað rétti til þess að bera þetta fyrir sig nú". Ber því að taka kröfulið þennan til greina.

2. a) Gólfílögn í bílskúr. Matsmenn telja, að ekki sé óhæfa að nota sams konar efni í gólfílögn í bílskúr og notað er í íbúðarherbergi og benda á leið til þess að vernda ílögnina í hjólförum með því að líma gúmmírenninga á gólfið. Kostnað við skipti á gólfílögn meta þeir á 83.000 krónur. Ekki verður á það fallist með héraðsdómi, að áfrýjandi þurfi að sæta því að bjarga gólffleti bifreiðageymslu sinnar með þeim úrræðum, sem matsmenn benda á. Ber að taka kröfulið þennan til greina að fullu.

b) Endurmúrun veggja og lofts í bílskúr. Matsmenn telja að endurmúra þurfi einn vegg og loft bílskúrsins og meta kostnað á 44.000 krónur. Í matsbeiðni vegna síðara matsins, sem varð hluti dómkvaðningar, var til þess ætlast, að ekki yrði metið í síðara matinu neitt, sem fyrra matið næði til. Héraðsdómur lækkar fjárhæð samkvæmt þessum lið í 9.500 krónur „til viðbótar við hið fyrra mat". Héraðsdómur virðist leggja það til grundvallar, að hluti kostnaðar samkvæmt þessum tölulið sé innifalinn í hinu fyrra mati, þrátt fyrir framangreint ákvæði í dómkvaðningu. Ekki verður með vissu ráðið af samanburði matsgerðanna, hvort svo sé. Þykir verða að staðfesta ákvæði héraðsdóms um þennan lið.

3. og 4. Um þykkt loftplötu og naglhald í veggjum. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms, sem eru í samræmi við matsgerð, um, að ekki séu efni til að dæma bætur vegna þessara liða.

5. Hæð gólfílagnar og þykkt. Fallast má á niðurstöðu héraðsdóms um þennan lið að öðru leyti en því, að leggja ber til grundvallar niðurstöðu matsmanna um kostnað, 60.000 krónur.

6. Lækkun eldhúsborðs vegna of þykkrar gólfílagnar. Með skírskotun til forsendna ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms, sem er í samræmi við matsgerð, um, að ekki séu efni til að dæma bætur vegna þessa liðs.

7. Salernisskál of nálægt gólfi vegna of þykkrar gólf-

ílagnar. Með skírskotun til forsendna ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um, að ekki séu efni til að dæma bætur samkvæmt þessum lið.

8. Múrlos í loftum. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um þennan lið, sem er í samræmi við matsgerð. Bótafjárhæð 13.000 krónur.

9. Bætur fyrir afnotamissi og óþægindi. Fallast má á ákvæði héraðsdóms um þennan lið, sem er í samræmi við matsgerð, um að ekki séu efni til að dæma bætur. Heildarbætur samkvæmt þessum kafla eru 443.500 krónur.

IV.

Samkvæmt því, er að framan greinir, ber að taka dómkröfu stefnda, 577.918 krónur, til greina, en á móti því komi til skuldajöfnuðar bótakröfur áfrýjanda samkvæmt II og III hér að framan, 35.000 krónur og 443.500 krónur, samtals 478.500 krónur. Ber því að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda mismuninn, 99.418 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. júní 1975 til greiðsludags.

Eftir þessum málsúrslitum og með hliðsjón af málsatvikum öllum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda kostnað vegna dómkvaðninga, matsgerða og sérfræðirannsókna, samtals 250.000 krónur, en að öðru leyti beri hvor aðili sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ingibjörg Pálsdóttir, greiði stefnda, Hallgrími Magnússyni, 99.418 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. júní 1975 til greiðsludags.

Stefndi, Hallgrímur Magnússon, greiði áfrýjanda, Ingibjörgu Pálsdóttur, kostnað vegna dómkvaðninga, matsgerða og sérfræðirannsókna, 250.000 krónur, en að öðru leyti ber hvor aðili sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júlí 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 27. júní sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 13. febrúar 1976, af Hallgrími Magnússyni múrarameistara, Fellsmúla 9 hér í borg, gegn frú Ingibjörgu Pálsdóttur, Skildinganesi 33 hér í borg, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 577.918 með 13% ársvöxtum frá 1. júní 1975 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins. Til vara krefst stefnandi þess, að stefnda greiði kr. 537.104 með 13% ársvöxtum frá 1. júní 1975 til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefnda krefst þess aðallega, að hún verði sýknuð algerlega af kröfum stefnanda, en til vara, að hún verði sýknuð að svo stöddu. Stefnda krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Ítarlegar sáttaumleitanir dómsins báru engan árangur.

Málavextir.

Stefnandi tók að sér að vera múrarameistari að húsi, er stefnda lét reisa að Skildinganesi 33 hér í borg. Vinna stefnanda og manna hans fór fram snemma árs og fram í apríl 1975. Gerði stefnandi stefndu reikning fyrir vinnu sína, í mars 1975, fyrir múrverk það, sem þegar var unnið, samtals kr. 821.969. Stefnda hafði fyrirfram greitt stefnanda kr. 40.000 í febrúar 1975. Stefnda athugaði uppmælingar þær, sem reikningurinn byggðist á, og taldi þá, að annað og meira hefði verið mælt upp en unnið hafði verið, og einnig að vinna væri þar talin, sem ekki hefði verið unnin. Óskaði hún eftir leiðréttingu, en greiddi kr. 200.000 upp í reikninginn. Stefnda taldi og, að gallar hefðu komið fram á verki stefnanda í húsbyggingunni. Ágreiningur kom upp milli aðilja um þessi atriði, og leitaði stefnandi til lögmanns síns í maí 1975. Lögmaðurinn krafði stefndu um greiðslu eftirstöðva reikninga stefnanda, sem taldar voru nema kr. 577.918, og höfðu þá frádráttarmælingar verið dregnar frá. Krafðist hann einnig vaxta og innheimtukostnaðar. Lögmaður stefndu svaraði bréfi þessu með bréfi, dags. 3. júní 1975, og bar fram andmæli stefndu um, að upphaflegur reikningur hefði ekki verið réttur, að hún hefði ekki fengið að sjá fjórðu uppmælinguna, sem gerð var, og einnig var nefnt, að gallar hefðu komið fram á verkinu. Stefnda fékk dómkvadda matsmenn hér á bæjarþinginu hinn 10. apríl 1975 til þess að skoða húðun í húsi stefndu „og segja til um, af hverju los það í húðuninni, sem vart hefur orðið við, stafi, hvort búast megi við frekara losi en þegar hefir komið fram og meta, hvað

muni kosta að bæta úr, bæði því, sem nú þegar hefir losnað svo og því, sem hætta kann að vera á, að losni frá síðar, ef um slíkan galla sé að ræða á verkinu í heild."

Hinir dómkvöddu matsmenn skoðuðu húsið 5. maí 1975 að viðstöddum lögmönnum aðilja og stefnanda og öðrum þeim, sem unnið höfðu við bygginguna. Lýsti stefnandi því yfir, að hann væri reiðubúinn að lagfæra þá galla á múrverkinu, sem fram hefðu komið á vinnu hans manna. Af hálfu stefndu var þá á það bent, að nokkrar viðgerðir hefðu þegar verið gerðar á vegum stefnanda, en þær hefðu að nokkru mistekist. Matsmenn skoðuðu allt húsið og skiluðu mati sínu 21. maí 1975. Töldu þeir orsakir losunar á múrhúð vera ýmsar og samverkandi, múrhúðað hefði verið í bleytu og raka og ekki hefði endanlega verið gengið frá þaki hússins og leki frá því hefði e. t. v. átt meginþátt í losuninni. Töldu matsmenn ekki ástæðu til að óttast losun síðar umfram það, sem orðið var. Töldu þeir kosnað við viðgerðir á þeim hnökrum á múrverki, sem þeir lýstu, hæfilega metinn á kr. 35.000.

Lögmaður stefndu ritaði stefnanda svofellt bréf, dags. 3. júlí 1975:

„Hr. múrarameistari
Hallgrímur Magnússon,
Fellsmúla 9, Rvk.

Ég vísa til matsgerðar þeirra Diðriks Helgasonar og Óttars P. Halldórssonar, sem dagsett er 21. maí 1975, varðandi byggingu hússins nr. 33 við Skildinganes, hér í borg, svo og samningaumleitana þeirra, sem síðan hafa átt sér stað, bæði vegna matsgerðar þessarar og mistaka í sambandi við steypu á gólfplötu hússins, en sem til þessa hafa borið næsta lítinn árangur.

Til viðbótar ofangreindu hefir nú komið í ljós, að húðun á gólfum í suðurhluta hússins er talin léleg að styrkleika til og að loftplata hússins mun vera um þriðjungi þykkari en vera ber samkvæmt teikningu.

Að öllu þessu athuguðu telur umbj. m., að óhjákvæmilegt sé, að skipt verði um múrarameistara að húsinu nú þegar, enda hefir mér skilizt í viðræðum okkar, að þér séuð ekki mótfallinn slíkri ráðstöfun.

Ég vil enn á ný ítreka, að umbj. m. er, hve nær sem er, reiðubúin að gera upp reikninga við yður, að sjálfsögðu að frádregnum kostnaði og bótum fyrir það tjón, sem hún hefir beðið vegna mistaka í sambandi uppsteypu hússins og húðun þess bæði á loft-

um, veggjum og gólfum, en á þessum mistökum telur hún yður bera bótaábyrgð að öllu leyti.

Afrit bréfs þessa er sent lögmönnum yðar, Ólafi Þorgrímssyni og Kjartani Reyni Ólafssyni, hæstaréttarlögmönnum, Háaleitisbraut 68, hér í borg.

Virðingarfyllst,
Jón Bjarnason".

Stefnda hafði, er bréf þetta var ritað, látið fara fram athugun á styrkleika gólfílagnar í húsinu, og var gerð kúlufaraprófun á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Niðurstaða prófunar þessarar var sú, að gólfílögnin var talin léleg með tilliti til styrkleika í stofu og borðstofu, en eðlileg í svefnherbergisálmu hússins.

Ekki samdist aðiljum, og höfðaði stefnandi mál þetta. Undir rekstri málsins fékk stefnda dómkvadda matsmenn hinn 12. maí 1977 hér í bæjarþinginu til þess að skoða og meta eftirfarandi atriði:

„1. Samkvæmt kúlufaraprófun á gólfum nefnds húss, sem framkvæmd var hinn 27. júní af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, telst gólfílögn í suðurhlið hússins (stofu og borðstofu) léleg með tilliti til styrkleika.

Óskað er mats á því, hvað kosti að fjarlægja hina lélegu gólfílögn og leggja aðra í staðinn með eðlilegum styrkleika.

2. Gólfílögn í bílskúr óskast athuguð varðandi styrkleika og þykkt, og ef hún reynist ekki eðlileg, óskast sömuleiðis metið, hvað kosti að fjarlægja þá ílögn og leggja aðra með eðlilegum styrkleika í staðinn. Ennfremur styrkleiki húðunar á veggjum og kostnaður við úrbætur, reynist styrkleika áfátt.

3. Talið er, að við steypu á loftplötu hafi platan orðið miklu þykkari en hún eigi að vera samkvæmt teikningu.

Skoðun óskast á þessu, og reynist svo vera, óskast metið, hvaða kostnaðarauka slík yfirþykkt hafi haft í för með sér, í vinnu og efni, svo og hvort plötuþykktin hafi torveldað smíði og festingu þaksperra og þaks og þá hvaða kostnaðarauka það hafi haft í för með sér svo og hvort líklegt sé, að þetta hafi áhrif á endingu þaksins.

4. Talið er, að mjög lélegt naglhald sé í öllum útveggjum.

Athugað verði í því sambandi, hvort efni í múrhúðun sé lélegt og/eða hvort múrhúðunin á útveggjunum nái ekki eðlilegri þykkt, og reynist svo vera, hvað kosti að bæta úr því.

5. Talið er, að við steypu á gólfplötu hafi orðið mistök varðandi hæðarpunkta eða platan ekki verið steypt lárétt.

Þessi atriði verði skoðuð og athuguð þykkt húðunar á gólfum í forstofum, eldhúsi, þvottaherbergi, baðherbergi og svefnherbergisálmu.

Reynist þykkt húðunar það óeðlileg, óskast metið, hvern kostnaðarauka það hafi haft í för með sér, svo og hvort rekja megi til þeirrar þykktar sprungur þær og missig, sem fram hefir komið í flísalögðum gólfum, og ef svo er, hvað kosti að bæta úr.

6. Talið er, að gólf í eldhúsi hafi af framangreindum ástæðum orðið það hátt, að ekki hafi náðst eðlileg hæð á borðum í eldhúsinu.

Þetta atriði óskast skoðað, og reynist borðin vera óeðlilega lág, óskast metið, hvaða leið sé þar til úrbóta, til þess að eðlileg borðhæð náist, og hvað slík framkvæmd kosti.

7. Í snyrtiherbergi er salernisskál af sérstakri gerð, þ. e., sem hengd er á vegginn, en stendur ekki á gólfi.

Festingar fyrir skál þessa voru steyptar í vegginn við uppsteypu hússins og þá, að því er virðist, miðað við venjulega þykkt á ílögn í gólf.

Miðað við núverandi gólfhæð er skálin staðsett of lágt á veggnum, þannig að hagræðið við að hafa hana hangandi á vegg í stað þess að standa á gólfi nýtist ekki. Auk þess veldur núverandi hæð skálarinnar frá gólfi óþægindum við notkun.

Því óskast skoðað, hvort ílögn í gólfinu sé óeðlilega þykk, og sé svo, hvað kosti að færa skálina upp á veggnum sem því nemur.

8. Í maí mánuði 1975 fór fram mat, þar sem húðun hafði losnað af loftum og veggjum. Talið er, að nú hafi orðið vart frekari losunar á múrhúðuninni.

Óskast þetta kannað með hliðsjón af fyrri matsgerð og metið, hvað kosti að bæta úr allri losun á múrhúðun, að sjálfsögðu að frádregnu því, sem áður hefir verið metið.

9. Loks óskast metið tjón vegna framangreindra aðgerða, þar á meðal afnotamissir húsnæðis, flutningur húsgagna og önnur óþægindi."

Hinir dómkvöddu matsmenn skoðuðu vettvang með aðiljum og lögmönnum þeirra 10. október 1977. Matsgerð sinni luku þeir 22. febrúar 1978, og kemur þar fram eftirfarandi:

„1. *Gólf í stofu og borðstofu.* Þessi gólf eru nú lögð parketti og því ekki unnt að skoða gólfílögn. Jón Bjarnason, hrl., óskaði eftir, að matsmenn mætu, hversu mikið kosti að fjarlægja gólf-

ílögnina og leggja aðra, miðað við að ekkert parkett væri á gólfinu.

2. *Bílskúr.* Nokkuð hafði verið höggvið í gólfílögn, og virtist hún ekki mjög sterk. Múrhúðun á vegg rispaðist auðveldlega undan múrhamri. Krefst sérstakrar rannsóknar.

3. *Þykkt loftplötu.* Matsbeiðandi taldi, að loftplata hefði orðið miklu þykkari en hún eigi að vera. Matsmenn óskuðu eftir, að fram yrðu lagðar teikningar af húsinu svo og reikningar þeirrar steypustöðvar, sem seldi steinsteypu í loftplötuna. Jón Bjarnason, hrl, kvaðst mundu koma þessum gögnum til matsmanna.

4. *Lélegt naglhald.* Matsbeiðandi telur naglhald óeðlilega lítið í útveggjamúrhúðun. Sérstök rannsókn nauðsynleg.

5. *Þykkt gólfílagnar.* Matsbeiðandi telur ílögn of þykka. Upplýst, að í hluta af gólfum átti að vera geislahitun. Bent var á sprungur í gólfflísum. Matsmenn töldu nauðsynlegt, að upplýst yrði, hvernig verkframkvæmd hefði verið háttað, t. d. í hvernig áföngum gólfplata og sökklar hefðu verið steyptir og í plötuna lagt.

6. *Borðhæðir í eldhúsi.* Borðhæð við gluggavegg reyndist vera 87 cm. Bent var á ósamræmi í hæð einstakra innréttingarhluta.

7. *Salernisskál í snyrtiherbergi.* Efri brún salernisskálar reyndist vera í 36 cm hæð frá gólfi. Bent var á aðra skál, þar sem þessi hæð er 40 cm.

8. *Laus múrhúðun.* Bent var á ýmsa staði í hjónaherbergi, gangi í svefnherbergisálmu, nyrðra og syðra svefnherbergi svo og í fatahengi, þar sem talið var, að múrhúð hefði losnað, eftir að mat fór fram í maí 1975.

Fundi var nú slitið, en jafnframt ákveðið, að matsmönnum yrðu útvegaðar teikningar og aðrar upplýsingar. Þá varð að samkomulagi, að matsmenn tilkynntu lögmönnum um frekari skoðun á vettvangi síðar.

Um miðjan nóvember sl. höfðu eftirfarandi gögn borist matsmönnum:

a. Verkfræðiteikningar, gerðar á Verkfræðiskrifstofu Stefáns Ólafssonar, merktar verk 2974, blöð nr. 301, 302, 303 og 304.

b. Hluti af geislahitunarlögn (teikning).

c. Byggingarnefndarteikningar gerðar af ARKO. Þrjú blöð nr. 101, 102 og 103.

d. Reikningur frá Steypustöðinni h.f., dags. 1. nóvember 1974. . . .

Í lok janúarmánaðar 1978 var enn boðað til skoðunarfundar að

Skildinganesi 33. Auk matsmanna voru viðstödd á fundinum: Jón Bjarnason, hrl., Ingibjörg Pálsdóttir, Kjartan R. Ólafsson, hrl., og Hallgrímur Magnússon.

Mælingar voru gerðar á eldhúsinnréttingum, einkum hæð eininga og afstöðu þeirra til glugga. Þá voru athuganir gerðar á naglhaldi víðsvegar í útveggjum. Þetta var gert með því að reka granna nagla í veggina og reyna því næst á þá.

Farið var yfir öll loft í íbúðinni til þess að kanna losun á múr. Múrhúðun var einnig skoðuð í bílskúr, og voru menn frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins fengnir til að gera kúlufarapróf á gólflílögn í skúrnum.

Mælingar voru gerðar á stærð allra glugga í húsinu og hæð þeirra frá endanlegu gólfi. Fundi var því næst slitið.

Matsmenn gengu á fund verkfræðinga Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar til öflunar frekari gagna, en í ljós kom, að þar voru ekki fyrir hendi frekari upplýsingar en þær, sem matsmenn höfðu þegar fengið og töldu, að kæmu að gagni.

Þá áttu matsmenn fund með arkitekt hússins, Jóni Kaldal, og afhenti hann tvær teikningar:

a. Grunnmynd og snið af eldhúsi, dags. í nóv. 1974.

b. Teikningu af gluggum og hurðum, dags. í ágúst 1974.

Í byrjun febrúarmánaðar bárust matsmönnum niðurstöður rannsóknar á styrkleika múrílagnar frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, og fylgir skýrsla hér með.

Niðurstöður matsmanna:

1. Kostnað við að fjarlægja gólfílögn í stofu og borðstofu og leggja í gólfið á ný metum við á kr. 278.000 — TVÖ HUNDRUÐ SJÖTÍU OG ÁTTA ÞÚSUND KRÓNUR — og er þá miðað við, að ekkert parkett væri á gólfinu.

2. Í skýrslu Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins um styrkleika bílskúrsgólfs segir m. a.: „Gólfílögnin í bifreiðageymslunni, sem prófuð var, hefur auðsjáanlega verið steypt með pússningasandi. Harka ílagnarinnar mundi hafa verið talin viðunandi í íbúðarherbergi, en í bifreiðageymslu verður að gera verulega meiri kröfur um hörku ílagnar í gólfi.“

Matsmenn eru ekki þeirrar skoðunar, að óhæfa sé að nota í gólfílögn í bílskúr samskonar efni og notað er í íbúðarherbergi. Auðvelt er að gera ráðstafanir til að vernda ílögnina í hjólförum, t. d. með því að líma gúmmírenninga á gólfið.

Kostnað við að brjóta ílögnina burtu og setja aðra sterkari

í staðinn metum við á kr. 83.000 — ÁTTATÍU OG ÞRJÚ ÞÚSUND KRÓNUR. —

Matsmenn eru þeirrar skoðunar, að múrhúðun á þeim vegg bílskúrs, sem liggur að íbúð, svo og á lofti skúrsins sé það léleg, að endurmúra þurfi þessa fleti. Við metum kostnað við þetta verk á kr. 44.000 — FJÖRUTÍU OG FJÖGUR ÞÚSUND KRÓNUR. —

3. Matsmenn hafa komist að þeirri niðurstöðu, að þykkt loftplötu sé eðlileg og í samræmi við teikningar.

4. Matsmenn hafa komist að þeirri niðurstöðu, að naglhald og þykkt múrhúðunar í útveggjum sé eðlileg.

5. Með tilliti til vandaðs frágangs á gólfum töldu matsmenn sér ekki fært að gera marktækar mælingar á þykkt gólfílagnar með því að brjóta (eða bora) upp gólfílögnina í húsinu. Í stað þess gerðu matsmenn mælingar á afstöðu gólfs og glugga í öllu húsinu og litu á brún ílagnar, þar sem hana mátti sjá. Niðurstaða okkar er sú, að ílögnin sé um 3 cm þykkari en hún hefði átt að vera samkvæmt venju og þeim teikningum, sem fyrir liggja. Viðbótarkostnað við ílögn í forstofum, eldhúsi, þvottaherbergi, baðherbergi og svefnherbergisálmu metum við á kr. 60.000 — SEXTÍU ÞÚSUND KRÓNUR —.

Í þessum lið metum við eingöngu viðbótarkostnað vegna ílagnarinnar sjálfrar, en ekki áhrif, sem aukin þykkt kann að hafa haft á dyraumbúnað o. a. þ. u. l. Við teljum ekki, að aukning gólfílagnar hafi getað valdið sprungum og missigi, sem getið er í matsbeiðni.

6. Við mælingar á eldhúsinnréttingu kom í ljós, að borðhæð er um 3 cm minni en ráð er fyrir gert á teikningum. Þykir matsmönnum einsýnt, að gólfhæð hafi skammtað borðhæðina. Ekki telja matsmenn borðhæð „óeðlilega" lága, þó svo að tilhneiging sé til að hafa borð hærri, eða allt að 89—90 cm há. Ekki kunna matsmenn neina raunhæfa aðferð við að bæta úr borðhæð aðra en þá að fara með borðplötu upp fyrir gluggakistu, en líta verður svo á, að þeirri aðferð hafi verið hafnað, þegar innréttingin var sett upp.

7. Eins og fram er komið, telja matsmenn, að ílögn hafi orðið um 3 cm þykkari en reiknað hafði verið með. Kemur þetta heim við það, að salernisskál sé í lægra lagi. Kostnað við að hækka skálina um 3 cm teljum við rétt metinn á kr. 65.000 — SEXTÍU OG FIMM ÞÚSUND KRÓNUR —.

8. Við athugun matsmanna á múr í loftum kom í ljós, að múrlos, sem kallar á viðgerð, var aðeins á einum stað, þ. e. a. s. í

nyrðra svefnherbergi um 1 m² austur af loftljósstæði. Við metum kostnað við þessa viðgerð á kr. 13.000 — ÞRETTÁN ÞÚSUND KRÓNUR — .

9. Matsmenn telja ekki, að afnotamissir húsnæðis vegna þeirra aðgerða, sem að framan eru greindar, sé það mikill, að hann verði metinn. Óþægindi vegna sömu aðgerða treystum við okkur ekki til að meta. Viðgerðarkostnað höfum við metið með hliðsjón af því, að búið er í húsinu og að ráðstafanir yrði að gera vegna innbús.

Heildarupphæð þessa mats er samkvæmt ofanskráðu kr. 543.000 — FIMM HUNDRUÐ FJÖRUTÍU OG ÞRJÚ ÞÚSUND KRÓNUR — .

Reykjavík, 22. febrúar 1978.
Árni Guðmundsson,
Ragnar Ingimarsson".

Byggingameistari hússins, Emil Gíslason trésmíðameistari, hefur tvívegis komið fyrir dóminn. Hefur hann borið, að hann hafi tekið hæðarpunkta fyrir gólfplötu og hafi þeir verið merktir við útveggi hússins. Þar sem geislahitun átti að vera í svefnálmu hússins, hafi hann sett hæðarpunkta þeirrar álmu 5 cm neðar, en þar hafi átt að vera u. þ. b. 60 cm breið rauf fyrir geislana meðfram veggnum, en gólfið jafnhátt gólfinu í stofuálmunni að öðru leyti. Þetta hafi hann sagt stefnanda, en síðan hafi gólfið verið steypt miðað við þessa hæðarpunkta, þannig að það varð allt hærra í stofuálmunni en í svefnálmunni og aflíðandi á kafla þar á milli, en engin rauf fyrir geislana. Í svefnálmu hafi því verið lögð miklu meiri gólfílögn fyrir vikið. Hæð gólfílagnarinnar hafi verið ákveðin miðað við hæsta punkt á hinu steypta gólfi, sem hafi verið dálítil bunga í stofunni, og telji hann, að eftir því hafi verið farið. Ílögnin hafi að hans mati verið léleg og veik og fljótlega hafi borið á því, að gengist hafi upp úr gólfunum, þegar menn fóru að vinna á því.

Ólafur Sigurður Guðmundsson, pípulagningameistari að húsinu, hefur hér fyrir dómi borið, að hæðarmunurinn á hæsta og lægsta punkti á gólfinu í baðherbergi hafi verið 10—11 cm. Áríðandi hafi verið að fá rétta hæð á salernisskál, sem hanga átti á vegg, og hafi þá átt að miða við fullunnið gólf. Hafi hann stillt hreinlætistækjunum eftir punkti þeim, sem hann fann, áður en gólfið var pússað, en þegar búið hafi verið að fullvinna gólfið, þá hafi komið fram 1—2 cm skekkja og hafi múrarinn sett of mikla ílögn í gólfið sem þessu nemi. Baðherbergisgólfið hafi allt verið

steypt lægra en önnur gólf, þar sem geislarnir hafi átt að vera í því öllu, en ekki aðeins í rauf meðfram veggjum eins og í svefnálmu.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir kröfur sínar alfarið á framlögðum reikningum, sem byggðir eru á uppmælingum á verki stefnanda og frádráttarmælingum að viðbættum reikningum fyrir handlang, 30%, og sundurliðar þannig:

15.3.	Uppmæling nr. 1591, verk nr. 2402, bílskúr, geymsluhúðun	kr. 55.765	
	Uppmæling nr. 1593, verk nr. 2403, gróf- og fínhúðun	kr. 398.973	
	Uppmæling nr. 1710, verk nr. 2404, grófhúðun	kr. 179.703	
	Handlang 30% af kr. 625.096	kr. 187.528	
15.5.	Uppmæling nr. 1710, verk nr. 2598, fínhúðun o. fl.	kr. 70.520	
	Handlang 30% af kr. 69.481	kr. 20.844	
10.4.	Frádráttarmælingar:		
	Uppmæling nr. 2599, frádráttur frá mælingu nr. 2404		kr. 14.122
	Uppmæling nr. 2600, frádráttur frá mælingu nr. 2403		kr. 59.525
	Handlang 30% af kr. 72.562		kr. 21.768
	Innborgað af stefndu		kr. 240.000
	Mismunur		kr. 577.918
		Samtals kr. 913.333	kr. 913.333

Eftir standi stefnufjárhæðin, sem stefnda hafi ekki fengist til að greiða þrátt fyrir ítrekaðar greiðsluáskoranir og samningaumleitanir. Stefnda hafi neitað að greiða reikningana upphaflega vegna galla, sem hún hafi talið vera á verki stefnanda. Hún hafi beðið um, að dómkvaddir matsmenn mætu þessa galla, og það hafi verið gert. Þeir hafi talið, að fínpússning væri laus á nokkrum stöðum, og hafi talið kostnað við úrbætur kr. 35.000. Stefnandi hafi frá upphafi sagt, að hann mundi sjálfur lagfæra það, sem þyrfti að lagfæra, og hafi þess verið getið við fund matsmannanna. Nú skyldi ætlað, að stefnda hefði greitt að loknu þessu mati, en ekki hafi sú orðið raunin á. Hún hafi borið fyrir sig ýmislegt annað og neitað greiðslu, þannig að stefnandi hafi orðið

að stefna henni fyrir dóminn. Undir rekstri málsins hafi hún loks beðið um nýtt mat á því, sem hún taldi galla á verki stefnanda. Mat þetta hafi dregið málið nokkuð, en það sé ítarlegt og vandlega unnið og rétt sé að athuga það nánar, þar sem stefnda byggi kröfu sína um sýknu á því, að þar komi fram, að stefnandi hafi valdið henni tjóni og bótakröfur hennar eigi að koma til frádráttar stefnukröfum með skuldajöfnuði.

1. liður sé málinu algerlega óviðkomandi. Matsmenn meti á engan hátt, hvort gólfið sé gallað, heldur hvað kosti að fjarlægja gólfílögnina. Það komi aldrei til, þar eð parket sé á gólfinu og verði áfram.

2. liður matsins segi matsmenn, að sé ekki óeðlilegur og komi hann því ekki til greina. Múrhúðun á vegg bílskúrsins hafi þegar verið metin og komi sá liður ekki til álita.

3. Matsmenn segi, að loftplatan sé eðlileg.

4. Matsmenn segi, að naglhald og þykkt múrhúðunar sé eðlileg.

5. Matsmenn telji, að ílögnin í gólfum sé um 3 cm þykkari en hún hefði átt að vera samkvæmt venju og teikningum og að þetta hafi valdið viðbótarkostnaði, kr. 60.000. Hér bendi stefnandi á, að trésmíðameistarinn, Emil Gíslason, hafi tekið hæðarpunkta fyrir gólfplötunni og ílögn í hana og sé þetta stefnanda því óviðkomandi.

6. Matsmenn hafi ekki talið hæð á eldhúsborðum „óeðlilega lága". Stefnandi bendir og á, að fram sé komið í málinu, að ekki hafi verið talið, að ílögn í gólfin í eldhúsi og stofu hafi gert gólfin of há. Stefnda hafi augsýnilega ekki viljað, að eldhúsborðin næðu upp fyrir gluggakistu, og það sé hennar mál, en ekki stefnanda.

7. Matsmenn telji, að salernisskál á vegg sé í lægra lagi og að kostnaður við að hækka hana sé kr. 65.000. Þetta sé stefnanda alfarið óviðkomandi, þar sem trésmíðameistarinn hafi, eins og áður segi, gefið upp hæðarpunkta fyrir gólfið. Pípulagningameistarinn hafi síðan ráðið hæð þess salernis og hann hafi farið eftir sínum eigin mælingum og það sé einnig stefnanda óviðkomandi.

8. Matsmenn telji, að múrlos í loftum sé aðeins á einum stað, þar sem viðgerðar sé þörf, og þar sé kostnaður metinn kr. 13.000. Stefnandi bendir á, að hann hafi ætíð boðist til að lagfæra múrhúðun, ef hún væri ekki í lagi, og það hafi gilt um þetta loft eins og önnur. Stefnandi bendir einnig á, að í ljós sé leitt í málinu, að orsök þessarar losunar hafi verið hitastigið, sem múrað var við. Þetta hafi verið gert, þar sem stefnda hafi rekið svo mikið

á eftir verkinu, og hún hafi sjálf lýst því hér fyrir dómi. Stefnandi hafi aldrei neitað því, að þetta mætti lagfæra, enda boðist til þess, en varakrafa hans í málinu byggist á því, að hann taki á sig kostnaðinn, sem matsmennirnir hafi talið vera við lagfæringu á múrlosi, kr. 35.000 í fyrra matinu, og þessi liður í því síðara. En þessi liður í mati, sem miðað sé við verðlag í febrúar 1978, kr. 13.000, eigi að reiknast á verðlagi í maí 1975 og sé hæfilegt að telja hann metinn á kr. 4.000 miðað við verðlag í maí 1975. Stefnandi bendir og á, að stefnda eigi ein að bera matskostnað, þar sem mötin hafi einungis leitt í ljós óverulega hnökra á vinnu stefnanda og að síðara matið sé mestmegnis um þætti, sem ekki komi máli þessu við.

Stefnda styður aðalkröfu sína um sýknu þeim rökum, að hún hafi frá upphafi bent á, að gallar væru á verki stefnanda við húsbygginguna og að hún ætti að fá bætur fyrir þá. Því hafi henni verið rétt að krefja stefnanda um leiðréttingar og skýringar á reikningum sínum, en það hafi ekki fengist. Stefnandi hafi borið ábyrgð á öllu múrverki hússins og hafi hún ítrekað beðið um, að verk þetta væri vandað. Stefnandi hafi hins vegar ekki verið viðstaddur nærri alltaf, þegar steypt var, og margháttuð mistök hafi orðið á verkinu. Stefnda hafi að lokum viljað fá annan múrarameistara að húsinu og ritað stefnanda bréf þess efnis, dags. 3. júlí 1975. Stefnandi hafi ekki svarað þessu og því hafi hún snúið sér til byggingarfulltrúans í Reykjavík og farið þess á leit, að skipt yrði um múrarameistara á húsinu. Þá hafi stefnandi brugðist illa við og gert allt, sem hann gat, til þess að tefja byggingu hússins. Eftir að deila þessi var komin fyrir dómstólinn, hafi stefnda farið fram á nýtt mat, sem staðfest hafi álit hennar á göllum þeim, sem á verki stefnanda voru, og sé heildarniðurstaða mats þessa kr. 543.000, sem komi til skuldajafnaðar á móti kröfu stefnanda. Áður hafi matsmenn metið kostnað við úrbætur á múrlosi, kr. 35.000, og virðist stefnandi nú hafa viðurkennt þann kröfulið stefndu. Undir rekstri málsins hafi ítarlegar skýrslur verið gefnar hér fyrir dómi og í ljós hafi komið, að stórfelld mistök hafi átt sér stað í steypun gólfplötu hússins. Platan hafi átt að seypast lárétt, og raufir áttu að vera þar, sem geislahitun skyldi koma í útveggi. Stefnandi hafi ekki gert þetta eins og vera bar, heldur sleppt að steypa gólfplötuna í réttri hæð í svefnálmu. Hann geti ekki eftir á reynt að skella skuldinni á trésmíðameistarann, sem tekið hafi hæðarpunkta fyrir hann, þar sem verk þetta hafi alfarið verið á ábyrgð stefnanda sem múrara-

meistara. Hann hafi einnig borið ábyrgð á hæðarpunktum þeim, sem ákveðnir voru fyrir ílögnina í gólfið, sem reynst hafi of há. Þetta hafi valdið margvíslegu tjóni, eins og fram sé komið í álitsgerðum. Einnig sé ílögnin í gólfunum svo léleg, að fljótlega hafi farið að gangast upp úr henni, og við mælingu hafi styrkleiki hennar hreinlega ekki náð mælingu, eins og mælingarblaðið sýni. Hér sé um svo alvarlegan galla á húsinu að ræða, að stefnda verði að fá bætur fyrir. Þegar hið ítarlega mat þeirra Árna Guðmundssonar múrarameistara og dr. Ragnars Ingimarssonar byggingaverkfræðings, dags. 22. febrúar 1978, hafi verið gert, hafi verið búið að leggja parketgólf á stofuna. Því hafi verið beðið um mat á því, hvað kosti að fjarlægja hina lélegu ílögn og leggja aðra í staðinn, þetta sé nauðsynlegt að gera, þegar ílögnin sé svo léleg sem raun beri vitni. Mat þeirra sýni, svo ekki verði um villst, að verk stefnanda var svo gallað, að stefnda eigi að fá bætur fyrir. Matið sé svo skýrt, að þar þurfi litlu við að bæta. Stefnda bendi þó á eftirfarandi atriði:

1. lið beri að líta á sem ekkert parket væri á gólfinu og þar sé unnt að hafa gólfið í bílskúrnum til hliðsjónar, þar sem upplýst sé, að um sömu ílögn sé að ræða.

2. liður fjalli um gólfið og múrhúðun í bílskúr. Stefnda telji, að lítið sé unnið við að fá gólf múrað, ef síðan þurfi að vernda ílögnina með gúmmírenningum, eins og matsmenn bendi á.

3. Vitni hafi borið í málinu, að loftplata hússins sé of þykk og hafi verið hætta á, að hún héldist ekki uppi.

4. Sama sé um naglhald og þykkt múrhúðunar á útveggjum, hér stangist álit vitna og matsmanna á.

Önnur atriði matsins skýri sig alfarið sjálf og beri að leggja álit matsmanna um viðgerðarkostnað til grundvallar.

Varakröfu sína um sýknu að svo stöddu styður stefnda þeim rökum, að rannsókn fari nú fram í sakadómi Reykjavíkur á verðlagningu á ákvæðisvinnu múrara. Í ljós hafi komið haustið 1975, að einingarverð taxtaeininga við ákvæðisvinnu múrara væri byggð á röngum forsendum, og hafi verðlagsyfirvöld farið fram á rannsókn á þessu. Ekki sé unnt að ákveða réttilega, hverja greiðslu stefndu beri að greiða fyrir sjálft uppmælingarverðið, þegar svo sé ástatt, og beri því að sýkna hana að svo stöddu.

Stefnda hefur einnig andmælt kröfu stefnanda um gjald fyrir handlang. Um þetta hafi ekki verið samið, og engar reglur skyldi stefndu til að greiða þetta.

Niðurstaða.

Krafa stefndu um sýknu af kröfum stefnanda byggist á mötum þeim, sem gerð hafa verið í máli þessu, dags. 25. maí 1975 og 22. febrúar 1978. Verða þau nú athuguð.

Diðrik Helgason múrarameistari og Óttar P. Halldórsson verkfræðingur skoðuðu húðun á húsi stefndu og töldu, að brjóta þyrfti upp múrhúðun, þar sem holhljóð hafði fundist á útbreiddum svæðum, og töldu viðgerðarkostnað hæfilega metinn kr. 35.000. Á þetta mat verður fallist að öllu leyti, og verður viðgerðarkostnaður þessi dreginn frá stefnukröfum.

Árni Guðmundsson múrarameistari og dr. Ragnar Ingimarsson byggingaverkfræðingur mátu aðra galla, sem stefnda taldi vera á verki stefnanda, og skiluðu mati sínu 22. febrúar 1978. Verður það nú athugað.

1. Styrkleiki gólfílagnar. Með framburði vitna, sem studd eru vottorði Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um kúlufaraprófun, má telja sannað af hálfu stefndu, að gólfílögn í stofuálmu sé léleg með tilliti til styrkleika. Upplýst er, að stefnda hafi látið setja parket í stofu og borðstofu. Mjög lítið reyni því nú á styrkleika ílagnarinnar og engar skemmdir hafi komið í ljós af þessum sökum. Verði parket þetta fjarlægt, getur komið til að festa þurfi yfirborð ílagnarinnar með sérstöku lakki eða á annan hentugan hátt. Dómurinn telur, að þarna sé um galla að ræða, sem hugsanlega komi til með að bæta þurfi. Upplýst er einnig, að ekkert hafi verið gert af stefndu hálfu til þess að styrkja þennan gólfflöt, meðan hann var enn sjáanlegur, og verður því að telja, að stefnda hafi fyrir tómlæti glatað rétti til þess að bera þetta fyrir sig nú. Verður þessi þáttur kröfu stefndu því ekki tekinn til greina.

2. Dómurinn fellst á það álit matsmanna, að ekki sé óhæfa að nota í gólfílögn í bílskúr sama efni og notað sé í íbúðarherbergi. Kúlufaraprófun hefur sýnt, að ílögn þessi sé eðlileg að styrkleika, og verður ekki fallist á hér, að um galla sé að ræða, sem stefnanda beri að bæta.

Dómurinn fellst á, að endurmúra þurfi fleti á bílskúrsvegg, og telur, að miðað við fyrra matið sé kostnaður við viðgerð á þessum lið hæfilega talinn kr. 9.500 til viðbótar við hið fyrra mat.

3. Dómurinn fellst á, að þykkt loftplötu sé eðlileg og í samræmi við teikningar.

4. Dómurinn fellst á niðurstöðu matsmanna um þennan lið.

5. Hæð gólfílagnar og þykkt. Upplýst er, að trésmíðameistari hússins hafi tekið hæðarpunkta fyrir gólfílögn. Það firrir stefn-

anda ekki ábyrgð á, að ílögnin verði ekki of mikil. Upplýst er, að ílögnin sé þykkari en hún hefði átt að vera, og fellst dómurinn á, að stefnda hafi orðið fyrir viðbótarkostnaði við ílögnina þess vegna. Telst tjón hennar af þessum sökum hæfilega metið kr. 26.500, sem stefnanda ber að bæta stefndu.

6. Dómurinn fellst á niðurstöður matsmanna um þennan lið.

7. Ýmsar samverkandi orsakir geta hafa valdið því, að pípulagningameistaranum hafi ekki tekist að stilla vatnssalerni í rétta hæð án þess að stækka úrtak í vegg eða gera aðrar ráðstafanir. Þótt ílögnin sé talin 3 cm of þykk, er ekki sannað, að hæð gólfsins eftir pússninguna sé samsvarandi of há, þar sem fram er komið, að steypt gólfplata var of lág í svefnherbergisálmu. Stefnandi verður því ekki talinn bera ábyrgð á þessum kröfulið.

8. Dómurinn telur, að stefnandi beri ábyrgð á þessum kröfulið, og fellst á mat matsmanna á viðgerðarkostnaði, kr. 13.000.

9. Dómurinn fellst á niðurstöðu matsmanna um þennan lið. Dómurinn telur, að 30% fyrir handlang sé eðlilegt, og þar sem ekki var um annað samið, verður sá þáttur lagður til grundvallar.

Niðurstaða verður því sú, að móti kröfum stefnanda komi til skuldajafnaðar kröfur stefndu, sem samtals nema kr. 84.000, og verður fjárhæð þessi dregin frá stefnukröfunum.

Varakrafa stefndu um sýknu að svo stöddu byggist á fullyrðingum um, að krafa stefnanda sé ranglega reiknuð. Þetta er alfarið ósannað af stefndu hálfu og kemur því ekki til álita.

Stefndu verður því gert að greiða stefnanda kr. 577.918 að frádregnum kr. 84.000, eða kr. 493.918 með vöxtum, eins og krafist er.

Stefnda hefur greitt kostnað hinna dómkvöddu matsmanna, kr. 33.800 fyrir fyrra matið, en kr. 189.918 fyrir hið síðara, og er þetta hluti málskostnaðar. Miðað við niðurstöðu dóms þessa er rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason, settur borgardómari, Ásmundur Ólason byggingafræðingur, og Stefán Hermannsson verkfræðingur.

Dómsorð:

Stefnda, Ingibjörg Pálsdóttir, greiði stefnanda, Hallgrími Magnússyni, kr. 493.918 með 13% ársvöxtum frá 1. júní 1975 til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. desember 1980.

Nr. 235/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Erni Ingólfssyni.

Kærumál. Farbann. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur kært til Hæstaréttar, sbr. 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, ákvörðun sakadóms Reykjavíkur 26. f. m. um, að honum sé meinuð brottför af Íslandi allt til 1. mars 1981 eða þar til annað verður ákveðið.

Gögn máls bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 1. þ. m. og greinargerð skipaðs réttargæslumanns varnaraðilja 3. s. m. svo og greinargerð ríkissaksóknara.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist aðallega, að hin kærða ákvörðun um farbann verði ómerkt og málinu vísað frá dómi, en til vara, að ákvörðunin verði úr gildi felld. Þá krefst réttargæslumaðurinn þóknunar fyrir flutning máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari krefst þess aðallega, „að kærða verði gert að halda sér hér á landi og innan íslenskrar lögsögu fyrst um sinn og þar til mál kærða verður tekið fyrir á ný og annað ákveðið.

Til vara er krafist staðfestingar á ákvörðun dómara, þó þannig, að í stað 1. mars 1981 komi 1. júlí 1981".

Með skriflegri kröfugerð rannsóknarlögreglu ríkisins 10. nóvember 1980, sem lögð var fram á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sama dag, var þess krafist, að sakadómur legði farbann á varnaraðilja og meinaði honum för af landinu allt til 1. apríl 1981. Segir í kröfugerðinni, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi um nokkurra mánaða skeið unnið að rannsókn á umfangsmiklum ætluðum fjársvikum varnaraðilja og annars manns. Rannsakaðar hafi verið 4 kærur á hendur varnar-

aðilja og 6. f. m. hafi ríkissaksóknara verið send mál þessi til ákvörðunar og meðferðar.

Á dómþinginu 10. nóvember var varnaraðilja kynnt kröfugerð þessi. Að beiðni hans var honum veittur frestur til fimmtudagsins 17. f. m. til að skila greinargerð. Þá er og fært til bókar: „Einnig er honum kynnt sú ákvörðun dómarans, að honum sé óheimilt að fara af landi brott, en sú ákvörðun verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra sólarhringa".

Þingað var aftur í málinu í sakadómi Reykjavíkur 26. nóvember 1980. Voru þá lagðar fram greinargerðir ríkissaksóknara og skipaðs réttargæslumanns varnaraðilja, dags. 13. nóvember. Í greinargerð ríkissaksóknara segir, að tekið sé undir kröfur rannsóknarlögreglunnar „og þá í þeirri mynd, að dómari leggi fyrir kærða samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 74/1974 að halda sér hér á landi og innan íslenskrar lögsögu fyrst um sinn og þar til mál ákærða verður tekið fyrir á ný og annað ákveðið". Af hálfu skipaðs réttargæslumanns varnaraðilja var þess krafist, að kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins yrði hrundið. Einnig var krafist þóknunar til réttargæslumanns vegna þessa þáttar málsins.

Í þinghaldi þessu er fært til bókar:

„Sigurður Örn Ingólfsson er sakaður um stórfellda fjársvik. Rannsóknarlögregla ríkisins sendi ríkissaksóknara mál hans til ákvörðunar 6. þ. m. Fjarvist kærða á þessu stigi málsins kynni að tefja meðferð þess og valda réttarspjöllum. Ákveðst því með tilvísun til 72. gr. laga nr. 74/1974 að meina honum brottför af Íslandi allt til 1. mars 1981 eða þar til annað verður ákveðið.

Kl. 15.50 er Sigurði Erni Ingólfssyni og lögmanni hans, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hrl., kynnt ofanrituð ákvörðun. Hann kveðst óska eftir að kæra ákvörðun þessa til Hæstaréttar Íslands.

Dómarinn tekur fram, að vegabréf Sigurðar Arnar hefur verið í vörslu dómarans frá 11. þ. m., en þá afhenti hann dómaranum það".

Við upphaf þinghaldsins 26. nóvember var dómara kunn-

ugt, að varnaraðili mótmælti því, að farbannið næði fram að ganga. Bar dómara að kveða upp rökstuddan úrskurð um það, hvort varnaraðili skyldi sæta farbanni. Þann úrskurð mátti varnaraðili kæra til æðra dóms samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Að svo vöxnu er máli þessu vísað heim í hérað, og ber héraðsdómara að kveða upp rökstuddan úrskurð um farbannskröfuna.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað heim í hérað, og ber dómara að kveða upp rökstuddan úrskurð um framangreinda kröfu.

Mánudaginn 8. desember 1980.

Nr. 18/1979. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
gegn
Halldóri E. Malmberg
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Skattamál. 12. gr. lögtakslaga nr. 29/1880. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. janúar 1979. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og staðfest verði lögtak það, sem gert var að kröfu hans í húseign stefnda nr. 94 við Sörlaskjól hinn 4. apríl 1978, að því er tekur til 504.350 króna. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bæjarþingsstefna í máli þessu var gefin út 17. maí 1978, en ekki 7. maí, eins og misritast hefur í hinum áfrýjaða dómi.

Aðiljar lýstu skriflega yfir því við þingfestingu máls í héraði, að útilokað væri, að sátt kæmist á í málinu fyrir sáttamönnum. Samkvæmt því og með vísun til 15. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 þykir hafa verið nægilegt, að héraðsdómari leitaði sátta með aðiljum, svo sem hann gerði.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði stefnda, Halldóri E. Malmberg, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Benedikts Sigurjónssonar.

Í máli þessu telur stefndi, að sér hafi verið heimilt á árunum 1974, 1975 og 1976 að draga frá tekjum sínum og eiginkonu sinnar 50% af hreinum tekjum hennar af framreiðslustarfsemi samkvæmt upphafsákvæðum 2. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 7/1972, og ákveða þannig tekjuskattsstofn sinn. Áfrýjandi telur hins vegar, að beita hafi átt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 7/1972 og 2. gr. laga nr. 11/1975, svo sem skattstjórnaryfirvöld gerðu.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 7/1972, er það skilyrði sett, til þess að því ákvæði verði beitt, að teknanna sé ekki aflað hjá félagi eða fyrirtæki, sem hjónin annað hvort eða bæði eða ófjárráð börn þeirra

eigi eða reki að verulegu leyti. Það er hin almenna regla í íslenskum skattarétti, að menn skuli greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum. Undanþágur frá þeirri almennu reglu verður að skýra þröngt. Af því leiðir, að fyrrgreint orðalag um fyrirtæki og félög verður að túlka rúmt, þannig að það taki til starfsemi, enda þótt ekki sé um fyrirtæki að ræða í venjulegri merkingu. Eiginkona stefnda hafði í þjónustu sinni við starfsemina aðstoðarfólk, sem hún greiddi laun og greiddi launatengd gjöld vegna þess. Þessi laun og gjöld dró hún frá brúttótekjum sínum af starfseminni og afganginn taldi hún sín laun. Hér var því um rekstur að ræða, sem samkvæmt eðli sínu fellur undir lagareglu þá, sem hér er um fjallað, enda skiptir ekki máli, þótt tekjur konunnar af starfseminni ákvæðust af samningi Félags framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda.

Samkvæmt þessu teljum við, að hrinda beri hinum áfrýjaða dómi og staðfesta lögtak það, sem gert var 4. apríl 1978 til tryggingar 504.350 krónum, og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 250.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. janúar 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. desember 1978, hefur Halldór E. Malmberg, Sörlaskjóli 94 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 7. maí 1978, á hendur gjaldheimtustjóranum í Reykjavík f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík með vísan til 12. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar „til ónýtingar á lögtaksgerð, sem gerð var hinn 4. apríl 1978 í eignarhluta stefnanda í húsinu nr. 94 við Sörlaskjól hér í borg, að því er varðar kr. 504.350.00 af samtals kr. 534.869.00, sem lögtakið var gert fyrir". Eru dómkröfur stefnanda þær, „að hin umstefnda lögtaksgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í."

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að stefnandi og eiginkona hans, Sigríður O. Malmberg, eru framreiðslumenn. Hafa þau á undanförnum ár-

um starfað hvort í sínu veitingahúsinu að þeirri iðn. Ekki eru þau eigendur veitingahúsanna eða veitingamenn þar. Auk þess að vinna sjálf við framreiðslustörf hefur Sigríður fengið sér aðstoðarfólk. Hefur hún greitt aðstoðarfólkinu laun og greitt önnur gjöld, sem því fylgja, svo sem lífeyristryggingargjald, launaskatt, atvinnuleysistryggingargjald o. fl. Við framtöl til skatts árin 1974, 1975 og 1976 taldi stefnandi fram á skattframtölum sínum tekjur Sigríðar af framreiðslustörfum hennar og aðstoðarfólks hennar að frádregnum þeim launum, sem hún hafði greitt aðstoðarfólki sínu, og gjöldum, sem hún hafði greitt í því sambandi, en taldi fram undir frádráttarliðnum „50% af tekjum eiginkonu" helming af þessum nettótekjum hennar. Álagning opinberra gjalda á stefnanda mun síðan hafa farið fram að skattframtölum hans óbreyttum. Fram kemur, að með bréfi, dags. 22. nóvember 1976, hafi skattstjórinn í Reykjavík tilkynnt stefnanda, að hann hygðist breyta skattlagningu hans framangreind þrjú ár á þeim grundvelli, að ekki væru fyrir hendi lagaskilyrði til að veita honum heimild til að draga helming af nettótekjum Sigríðar frá framtöldum tekjum á skattframtölum hans. Af hálfu stefnanda var þessari fyrirætlan mótmælt með bréfi, dags. 29. nóvember 1976. Með skattbreytingaseðlum, dags. 23. febrúar og 1. mars 1977, tilkynnti skattstjórinn í Reykjavík stefnanda, að skattframtöl hans árin 1974, 1975 og 1976 hefðu verið tekin til úrskurðar að nýju og hækkuð um samtals kr. 438.566. Með kæru, dags. 10. mars 1977, kærði stefnandi þessar breytingar á opinberum gjöldum sínum. Krafðist hann þess, að hálfar tekjur eiginkonu sinnar yrðu dregnar frá framtöldum tekjum, þar sem um launatekjur væri að ræða. Með þremur úrskurðum, uppkveðnum 17. maí 1977, úrskurðaði skattstjórinn í Reykjavík, að ekki yrði fallist á kröfu stefnanda, þar sem eiginkona hans starfaði sjálfstætt sem þjónn í veitingahúsi og teldi fram kostnað vegna þessara starfa. Yrði því að líta svo á, að um atvinnurekstur væri að ræða og því yrði aðeins fallist á hámarksfrádrátt vegna starfa eiginkonu við atvinnurekstur, eða kr. 84.700 gjaldárið 1974, kr. 134.000 gjaldárið 1975 og kr. 167.000 gjaldárið 1976. Var kæru stefnanda þar með hafnað og ákveðið, að opinber gjöld hans skyldu standa óbreytt. Með kæru, dags. 2. júní 1977, kærði stefnandi þessa úrskurði skattstjórans til ríkisskattanefndar. Kom fram í kærunni, að stefnandi og eiginkona hans væru bæði lærðir framreiðslumenn og störfuðu hjá sínu fyrirtækinu hvort, en þar væru þau talin launþegar, þótt þau greiði hjálparfólki sínu

laun og greiði af þeim sökum aðstöðugjald, tryggingar og launaskatt. Þau séu þó á engan hátt ábyrg fyrir skattgreiðslum þessa hjálparfólks, heldur beri viðkomandi veitingahús ábyrgð á þeim. Hjónin séu því bæði launþegar að lögum og bresti lagaheimild til að synja stefnanda um að draga helming af launum eiginkonunnar frá framtöldum tekjum, enda fái hún laun sín greidd frá aðilja, sem líti á hana sem launþega. Með úrskurði ríkisskattanefndar 15. desember 1977 var kröfu stefnanda hafnað. Er í úrskurðinum gerð svofelld grein fyrir kröfum aðilja og málsatvikum:

„Árið 1973 eru tekjur eiginkonu kæranda frá Veitingahúsinu Borgartúni 32 og frá Lækjarmótum h.f. samtals kr. 1.520.724.00. Þar af eru greidd vinnulaun til aðstoðarfólks kr. 536.205.00 auk launatengdra gjalda. Árið 1974 eru tekjur frá Klúbbnum kr. 2.086.559.00 þar frá dragast vinnulaun til aðstoðarfólks kr. 861.949.00 auk launatengdra gjalda og aðstöðugjalds. Árið 1975 eru framtaldar tekjur fyrir framreiðslustörf í Klúbbnum kr. 1.958.458.00 að frádregnum vinnulaunum til aðstoðarfólks, launatengdum gjöldum o. fl. kr. 884.868.00 verða hreinar tekjur eiginkonunnar kr. 1.073.590.00.

Litið er svo á, að 3. mgr. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt taki til þeirrar starfsemi, er í málinu greinir, enda þykir bera að skýra orð greinarinnar „fyrirtæki eða félög" það rúmt, að þau taki til þessarar starfsemi. Ber samkvæmt þessu að staðfesta úrskurð skattstjóra."

Hinn 4. apríl 1978 var gert lögtak í eignarhluta stefnanda í húsinu nr. 94 við Sörlaskjól í Reykjavík til tryggingar opinberum gjöldum, samtals kr. 534.860, og er þar um að ræða fjárhæðir framangreindra skattbreytinga og dráttarvexti, kr. 65.784, auk fjárhæðar, sem ekki er mótmælt af stefnanda og hann hefur þegar greitt. Stefnandi mætti við lögtakið, en hafði þar ekki uppi varnir. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta á grundvelli ákvæða 12. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Krafa stefnanda er byggð á því, að framreiðslumenn séu tvímælalaust launþegar, sem taki laun sín hjá því veitingahúsi, sem þeir starfa hjá. Félag framreiðslumanna, sem sé stéttarfélag stefnanda og eiginkonu hans, sé aðili að Alþýðusambandi Íslands. Semji félagið um kaup og kjör félagsmanna sinna við Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, sem sé samband vinnuveitenda við veitingastarfsemi. Í kjarasamningi þessara aðilja sé kveðið á um

laun framreiðslumanna og önnur starfskjör, svo sem orlof og launagreiðslur í veikindum og fjarveru vegna slysa. Þetta og fleiri atriði sýni ótvírætt, að framreiðslumenn séu launþegar og taki laun sín hjá viðkomandi veitingamanni. Starfstekjur eiginkonu stefnanda séu því launatekjur hennar. Fólk það, sem aðstoðað hafi eiginkonu stefnanda við vinnu hennar, starfi á ábyrgð veitingahússins, enda ákveði fyrirsvarsmenn þess fjölda aðstoðarfólksins, en það starfi eingöngu, þegar mikið sé að gera. Óumdeilt sé, að stefnandi og eiginkona hans hafi ekki unnið hjá sama veitingamanni. Einnig sé óumdeilt, að hvorki stefnandi, eiginkona hans né ófjárráða börn þeirra séu eignaraðiljar að veitingahúsi því, sem hún hafi starfað við. Samkvæmt ákvæðum skattalaga sé heimilt að draga frá tekjum kostnað við að afla þeirra. Sú ákvörðun skattayfirvalda við skattlagningu stefnanda að heimila aðeins frádrátt á tekjum eiginkonu hans samkvæmt ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 68/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1972, sé ekki byggð á lögmætum grundvelli, enda fái túlkun skattayfirvalda á ákvæði þessu ekki staðist. Eigi stefnandi kröfu til, að beitt verði ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um tekju- og eignarskatt við skattlagningu tekna eiginkonu hans, eins og þær voru taldar fram á skattframtölum hans, enda sé með engu móti hægt að líta svo á, að hún hafi aflað teknanna hjá félagi eða fyrirtæki, sem hún reki.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að eiginkona stefnanda hafi ekki aflað tekna þeirra, sem fram koma á skattframtölum hans, sem launþegi. Því eigi stefnandi ekki rétt á að njóta frádráttar skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971 um tekju- og eignarskatt, heldur beri að beita ákvæði 3. mgr. 3. gr. laganna, sbr. lög nr. 7/1972. Megi líta á eiginkonu stefnanda sem vinnuveitanda í skilningi skattalaga, þar sem hún hafi haft starfsfólk í þjónustu sinni. Hún hafi greitt fólki þessu laun, og einnig hafi hún greitt ýmis gjöld, sem launagreiðslum fylgi, svo sem slysatryggingargjald, gjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, launaskatt og aðstöðugjald. Sé um að ræða gjöld, sem þeir greiði, sem einhvern atvinnurekstur stunda, og falli þau undir frádráttarheimild A liðar 11. gr. laga um tekju- og eignarskatt. Við mat á því, hvort framteljandi hafi með höndum atvinnurekstur, byggi skattayfirvöld á því, hvort í skattframtali hans séu þeir gjaldaliðir, sem heimilt sé að draga frá tekjum samkvæmt A lið 11. gr. laga um tekju- og eignarskatt. Í skattframtölum sínum hafi stefnandi skipt þessum rekstrarfrádrætti til helminga á hvort hjónanna og líti hann því á þau bæði

sem rekstraraðilja. Stefnandi geti hins vegar ekki notið hagræðis ákvæða skattalaga bæði sem launþegi og rekstraraðili, en það felist í kröfugerð hans.

Eins og mál þetta liggur fyrir, snýst það um beitingu ákvæða 3. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1972, við skattlagningu tekna eiginkonu stefnanda við framreiðslustörf við framtal til skatts samkvæmt ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna. Eru ákvæði 3. mgr. 3. gr. laganna svohljóðandi: „ — Þegar gift kona vinnur við fyrirtæki eða félag, sem hjónin, annað hvort eða bæði, eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, á hún rétt á því, að helmingur launa hennar eða áætlaðs hluta hennar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, verði dreginn frá sameiginlegum tekjum hjónanna. Aldrei skal þó koma hærri fjárhæð til frádráttar af þessum sökum en nemur 1/4 hluta persónufrádráttar hjóna samkvæmt B-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr. — “ Fram hefur komið, að samkvæmt kjarasamningum Félags framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda hafi framreiðslumönnum verið heimilt að fá sér fólk til aðstoðar við framreiðslustörfin. Laun sín fá framreiðslumenn greidd sem þjónustugjald, og er það ákveðinn hundraðshluti af verði veitinga að frádregnu þjónustugjaldi og söluskatti. Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, hefur runnið til eiginkonu stefnanda þjónustugjald af verði veitinga þeirra, sem hún og aðstoðarfólk hennar hefur selt. Hefur hún svo greitt aðstoðarfólki sínu laun og innt af hendi gjöld, sem launagreiðslum fylgja og áður er getið. Verður ekki talið, að fyrirkomulag þetta valdi því, að líta verði svo á beint eða samkvæmt lögskýringarreglum, að við framreiðslustörf sín hafi eiginkona stefnanda unnið við fyrirtæki eða félag, sem hún á eða rekur. Verður því ekki talið, að ákvæðum 3. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972, verði beitt um tekjur eiginkonu stefnanda af framreiðslustörfum árin 1973, 1974 og 1975 við skattlagningu þeirra. Ekki er það á valdi dómstólsins að fjalla frekar um skattlagningu þessa. Verður því að líta svo á, að skattlagning sú, sem fjallað er um í málinu, sé ekki byggð á réttum grundvelli og beri því að fella niður lögtak það, sem gert var 4. apríl 1978 í eignarhluta stefnanda í húsinu nr. 94 við Sörlaskjól að því er tekur til kr. 504.350. Verður að telja bæjarþingi Reykjavíkur heimilt að fjalla um málið á þessum grundvelli samkvæmt 12. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám

án undangengins dóms eða sáttar, enda komu ekki fram í fógetaréttinum varnir af hálfu gjaldþola.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 150.000 í málskostnað.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Lögtak það, sem hinn 4. apríl 1978 var lagt á eignarhluta stefnanda, Halldórs E. Malmberg, í húsinu nr. 94 við Sörlaskjól hér í borg, skal falla niður að því er tekur til kr. 504.350.

Stefndi, gjaldheimtustjórinn í Reykjavík f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík, greiði stefnanda kr. 150.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. desember 1980.

Nr. 198/1980. **Steinunn Agla Gunnarsdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Auði Sigurðardóttur Wölstad
Arnþóru Sigurðardóttur
Þorsteini Sigurðssyni
Kristrúnu Haraldsdóttur
Guðmundi Helga Haraldssyni og
Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta,
skiptaráðanda í Reykjavík,
f. h. dánarbús Sigurðar Jónssonar
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Lífsgjöf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Málið dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson,

Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu upphaflega með stefnu 10. febrúar 1978. Því máli var vísað frá Hæstarétti með dómi 3. október 1980. Áfrýjendur áfrýjuðu málinu af nýju með stefnu 20. október 1980 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og gjafabréf Sigurðar Jónssonar frá 13. mars 1975 verði metið gilt og íbúð þeirri, er þar um ræðir, verði haldið utan við skipti á dánarbúi hans. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi annarra stefndu en dánarbús Sigurðar Jónssonar.

Stefndu, aðrir en dánarbú Sigurðar Jónssonar, krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Af hendi dánarbús Sigurðar Jónssonar eru engar kröfur gerðar í málinu.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hefur áfrýjandinn Guðrún orðið lögráða og tekið sjálf við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal ljósrit af kaupsamningi um íbúð þá, sem um er fjallað í málinu, dagsettum 3. janúar 1958.

Með skráningu gjafabréfsins hjá stjórn Byggingarfélags verkamanna og að fengnu samþykki stjórnarinnar til eignaryfirfærslu hafði Sigurður heitinn firrt sig rétti til að fá sjálfur afsal fyrir íbúðinni eða ráðstafa henni til annarra. Eins og á stóð, höfðu þessar aðgerðir hliðstæð réttaráhrif og hann hefði látið þinglýsa eignaryfirfærslu til áfrýjenda. Þegar þetta er virt, verður að telja, að hér hafi verið um lífsgjöf að ræða og að afnot Sigurðar heitins af íbúðinni og greiðslur í því sambandi svo og skattframtöl hans og áfrýjenda breyti hér engu um. Samkvæmt þessu verða kröfur áfrýjenda til greina teknar.

Málskostnaður í héraði falli niður. Stefndu, aðrir en dánarbú Sigurðar Jónssonar, greiði áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 400.000 krónur.

Dómsorð:

Gjafabréf Sigurðar Jónssonar frá 13. mars 1975 til áfrýjenda, Steinunnar Öglu Gunnarsdóttur og Guðrúnar Gunnarsdóttur, telst gilt sem lífsgjöf, og skal íbúð þeirri, sem þar er um fjallað, haldið fyrir utan skipti á dánarbúi Sigurðar Jónssonar.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndu Auður Sigurðardóttir Wölstad, Arnþóra Sigurðardóttir, Þorsteinn Sigurðsson, Kristrún Haraldsdóttir og Guðmundur Helgi Haraldsson greiði áfrýjendum 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Við það verður að miða, að Sigurður Jónsson hafi verið búinn að greiða meira en helming kaupverðs íbúðar sinnar, er hann gerði gjafabréf sitt 1 ári og 10 mánuðum fyrir andlát sitt. Hafi hann því þegar á þessum tíma átt heimtingu á því samkvæmt 2. gr. kaupsamnings síns við byggingarfélagið að fá afsal fyrir íbúðinni. Sama rétt hlutu áfrýjendur að eiga sem réttartakar hans. Hafði þeim samkvæmt því átt að vera í lófa lagið að fá afsal fyrir íbúðinni á sitt nafn og að láta þinglýsa þeirri eignarheimild. Þetta gerðu áfrýjendur þó ekki. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar um afnot Sigurðar af íbúðinni, greiðslur gjalda, skatta og skyldna af henni og sér í lagi um það, að hann, en eigi áfrýjendur, taldi sér íbúðina eftir sem áður til eignar á skattframtali, tel ég, að staðfesta beri úrskurðinn um, að umræddur löggerningur skuli eigi metinn lífsgjöf. Enn fremur ber að staðfesta ákvæði úrskurðarins um málskostnað. Þá tel ég rétt, að áfrýjendur greiði stefndu 350.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. desember 1977.
Úrskurð þennan er að finna á bls. 1561—1567 að framan.

Fimmtudaginn 11. desember 1980.

Nr. 146/1978. **Ólafur Rúnar Gunnarsson**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Birni Önundarsyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Útivist áfrýjanda í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Engin ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, en áfrýjandi, er eigi sótti þing í héraði, telur, að þau gögn, sem lágu fyrir héraðsdómi, hafi nægt til sýknu.

Mál þetta er risið af árekstri bifreiða, sem varð á eystri akbraut Hafnarfjarðarvegar rétt sunnan við Fossvogslækinn 4. janúar 1978. Vegurinn var blautur og hált og snjóruðningar á jöðrum hans. Bifreiðunum R 47881, sem áfrýjandi ók, og R 49742, sem var eign stefnda, en Önundur Sigurjón Björnsson ók, var báðum ekið norður Hafnarfjarðarveginn.

Lögreglan var til kvödd og gerði uppdrátt af vettvangi. Ökumenn bifreiðanna gáfu báðir skýrslu fyrir lögreglu.

Áfrýjandi kveðst hafa ekið á um 50 km hraða á vinstri akrein, en R 49742 hafi verið um 20 m á undan á hægri akrein. Henni hafi síðan verið ekið yfir á vinstri akreinina í veg fyrir sig, rétt áður en áreksturinn varð. Þegar bifreiðin hafi verið komin yfir á vinstri akreinina, hafi hún lent í snjóþunga og ökumaður hennar misst vald á henni, ekki náð að aka áfram og ekki komist eðlilega inn á akreinina. Kvaðst hann fyrst hafa hemlað, en séð, að það mundi ekki duga. Þá hafi hann sleppt hemlunum og reynt að beygja fram hjá bifreiðinni. Það hafi ekki tekist og hafi vinstra framhorn sinnar bifreiðar lent á vinstra afturhorni R 49742. Ökumaður bifreiðarinnar R 49742 kveðst hafa ekið norður Hafnarfjarðarveginn, fyrst eftir hægri akreininni, en síðan skipt um akrein og fært sig nær vinstri vegarkantinum eins langt og hann taldi fært, en færð hafi verið mjög erfið. Þá hafi bifreið sín lent í meiri ófærð og farið að rása. Hafi hann þá dregið úr hraða bifreiðarinnar, sem ekki hafi verið mikill fyrir, og ætlað að reyna að koma bifreiðinni upp á eyjuna, sem er á milli akbrautanna. Þá hafi bifreiðinni R 47881 verið ekið aftan á bifreið sína. Hann kveðst hafa verið búinn að aka talsverðan spöl á vinstri akreininni, þegar áreksturinn varð.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, og gögnum máls að öðru leyti verður að telja, að áfrýjandi hafi átt yfirgnæfandi sök á árekstri bifreiðanna og skemmdum þeim, sem urðu á bifreið stefnda. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt því verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 150.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur Rúnar Gunnarsson, greiði stefnda, Birni Önundarsyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. júní 1978, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. og 15. júní sl., af Birni Önundarsyni lækni, Brekkugerði 9, Reykjavík, gegn Ólafi Rúnari Gunnarssyni, Hjallavegi 42, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 190.740 með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 4. janúar 1978 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Til réttargæslu er stefnt Ragnari Ingimarssyni f. h. Hagtryggingar h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að þann 4. janúar 1978 hafi bifreið stefnda, R 47881, sem sé skylduábyrgðartryggð hjá réttargæslustefnda, verið ekið aftan á bifreið stefnanda, R 49742. Vátryggingarfélagið hafi neitað að greiða nema 2/3 hluta viðgerðartjóns samkv. reikningum og sé málið höfðað til heimtu 1/3 hluta reikninganna, sem stefnandi hafi sjálfur orðið að greiða. Stefnukrafan sé þannig sundurliðuð:

1. 1/3 reiknings frá Armi s/f ..... kr. 129.273
2. 1/3 reiknings Bifreiðaverkstæðis Gunnars Sigurgíslasonar ..... — 31.677
3. Afnotatjón í 10 daga ..... — 30.000

Samtals kr. 190.940

Greiðslutilmæli hafi ekki borið árangur.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öðru leyti, að rétt þykir að dæma ársvexti, sem reiknast 16% frá 4. janúar 1978 til 21. febrúar s. á., en 19% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 42.100.

Dóminn kvað upp Sigríður Ólafsdóttir.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Rúnar Gunnarsson, greiði stefnanda, Birni Önundarsyni lækni, kr. 190.740 með 16% ársvöxtum frá 4. janúar 1978 til 21. febrúar s. á., en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 42.100 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. desember 1980.

Nr. 123/1978. **Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður**
f. h. umboðsmanna lista óháðra kjósenda
í Reykjaneskjördæmi, V listans
(sjálfur)
gegn
Útvarpsráði
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Lögbann. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1978. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að viðurkennt verði, að taka hefði átt lögbannskröfu áfrýjanda til greina. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Til vara er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 48. gr. laga nr. 75/1973 hefur málið verið flutt sérstaklega um frávísunarkröfu stefnda.

V listinn, listi óháðra kjósenda í Reykjaneskjördæmi við alþingiskosningar 1978, var skipaður einstaklingum, sem ekki höfðu með sér neins konar skipulagðan félagsskap. Verður að ætla, að Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður, sem var efsti maður listans, reki mál þetta vegna sín og annarra frambjóðenda sem málsaðilja.

Líta verður svo á, að útvarpsráði sé stefnt fyrir Hæstarétt vegna Ríkisútvarpsins. Með vísan til 6. gr. útvarpslaga nr. 19/1971 þykir ráðið vera bært til fyrirsvars, eins og málinu er háttað.

Framboðsþættir þeir, sem lögbannskrafa áfrýjanda fyrir

fógeta laut að, voru allir sýndir í júní 1978 í sjónvarpi. Áfrýjandi krefst þess því ekki lengur, að lögbannskrafan nái fram að ganga. Leiðir það og af eðli lögbanns sem bráðabirgðaaðgerðar og af beinum ákvæðum 26. gr. laga nr. 18/1949, að lögbann verður ekki lagt við athöfnum, sem lokið er.

Krafa áfrýjanda fyrir Hæstarétti er ný krafa. Dómur um hana yrði að efni til dómur um lögmæti þeirra ákvarðana útvarpsráðs, sem lögbannskrafan laut að. Um það atriði hefur ekki verið dæmt á fyrra dómstigi. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 8. júní 1978.

Gerðarbeiðandi, Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður, hefur krafist þess f. h. umboðsmanna lista óháðra kjósenda í Reykjanesumdæmi, V listans, að lagt verði lögbann á flutning fjögurra fyrirhugaðra sjónvarpsþátta, þ. e. „Framboðsfundur í sjónvarpssal" þann 18. júní, „Setið fyrir svörum" dagana 13. og 14. júní, „Hringborðsumræður" þann 21. júní og „Lokayfirlit" þann 24. júní. Krafist er málskostnaðar í máli þessu.

Af hálfu gerðarþola er því mótmælt, að umbeðin gerð nái að ganga fram. Málskostnaðar er krafist til handa gerðarþola.

Málið var tekið til úrskurðar í gær.

Í máli þessu hefur komið fram yfirlit yfir fyrirhugaða kosningadagskrá sjónvarpsins fyrir alþingiskosningar, er fram eiga að fara þann 25. þessa mánaðar. Er skjal þetta lagt fram sem rskj. 2 og er á þessa leið:

„Fyrir alþingiskosningarnar

a. *Flokkakynning*

Dagana 5., 6. og 7. júní verði sjónvarpað flokkakynningum. Þeir flokkar, sem bjóða fram í öllum kjördæmum, fái 30 mín. til umráða eftir sömu reglum og áður. Aðrir flokkar og framboðslistar fái styttri tíma í samræmi við fjölda fram-

boðslista þeirra. Þættirnir yrðu teknir upp 1. júní og hinn 2. júní.

b. *Framboðsfundur í sjónvarpssal*
Sunnudaginn 18. júní kl. 15:00—18:00 verði framboðsfundur í sjónvarpssal og samtímis útvarpað frá þeim fundi. Ræður verði stuttar og umferðir a. m. k. 5. Aðgöngumiðum fyrir áhorfendur verði dreift jafnt milli flokkanna. Salurinn verði opinn, svo að ræðufólk geti notað hvíldarherbergi. Sjónvarpið velji vanan mann til að stjórna fundinum.

c. *Setið fyrir svörum*
Fulltrúar þeirra flokka, sem bjóða fram í öllum kjördæmum, sitji fyrir svörum í sjónvarpi 13. og 14. júní. Flokkarnir skulu tilnefna spyrjendur úr andstöðuflokki þess, sem situr fyrir svörum. Hver þáttur skal vera 30 mín. og 2 sjónvarpað annað kvöldið, en 3 hitt kvöldið.

d. *Hringborðsumræður*
Miðvikudagskvöldið 21. júní kl. 21:30—23:00 verði hringborðsumræður í beinni útsendingu í sjónvarpi með formönnum flokkanna.

e. *Lokayfirlit*
Laugardagskvöld fyrir kjördag svari einn fulltrúi frá hverjum flokki spurningum fréttamanns sjónvarps: Hvaða mál hefur borið hæst í kosningabaráttunni? Hvað hefur einkennt kosningabaráttuna? Hver eru lokaorð þíns flokks til kjósenda? Hver svari fyrir sig, ekki lengur en 3—4 mínútur.

f. *Flokkakynning* verði í hljóðvarpi, 10 mínútur á alla flokka jafnt. Skal dreifa kynningunni á tímanum kl. 19:30—20:00 dagana 12.—16. júní".

V listinn, listi óháðra í Reykjaneskjördæmi, hefur fengið aðgang að flokkakynningu í a lið rskj. 2. En gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að þann 1. þessa mánaðar hafi útvarpsráð allsendis hafnað kröfum umboðsmanna listans um frekari þátttöku í hinni fyrirhuguðu sjónvarpskynningu, þ. e. skv. b, c, d og e liðum. Í lögbannsbeiðni er hér talið, að þessi synjun sé brot á rétti aðstandenda listans, og er vísað til 3. gr. laga 19/1971, og ótvírætt, að Ríkisútvarpið skuli í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðis-

legar grundvallarreglur og gæta óhlutdrægni gagnvart stefnum og flokkum. Nánari grein er gerð fyrir þessum sjónarmiðum í bréfi til formanns útvarpsráðs, dags. 26. maí sl., en það er lagt fram í máli þessu og er á þessa leið:

„Þann 25. maí kl. 11 f. h. voru mættir í fundarherbergi Sjónvarpsins 11 fulltrúar allra þeirra flokka (eða lista), sem bjóða fram við komandi alþingiskosningar. Fimm af þessum fulltrúum eru fyrir starfandi stjórnmálaflokka, fimm fulltrúar þeirra, sem aðeins bjóða fram í einu kjördæmi, og svo einn fulltrúi fyrir flokk, er býður fram í tveimur kjördæmum. Á þessum fundi kom í ljós, að þær upplýsingar, er lágu fyrir um væntanlega dagskrá og tilhögun fyrir komandi alþingiskosningar, voru nú í fyrsta sinn kynnt þeim sex aðiljum, sem ekki höfðu áður starfað sem stjórnmálaflokkar. Einnig var upplýst, að allir fimm starfandi stjórnmálaflokkar höfðu, að því okkur skildist á þessum fundi, haft samráð um alla gerð þessarar dagskrár og fyrirkomulag í þessu sambandi. Á þessum fundi komu fram ákveðin tilmæli frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að fresta liðnum flokkakynningu, sem fram á að fara dagana 5., 6. og 7. júní, og var ástæðan, að of stutt væri liðið frá sveitarstjórnarkosningum.

Við umboðsmenn lista óháðra kjósenda í Reykjaneskjördæmi getum fyrir okkar leyti fallist á þetta sjónarmið. Að okkar mati komu þó fram á þessum sama fundi aðrar upplýsingar, er snerta tilhögun dagskrár í sjónvarpi, sem við teljum mjög ranglátar og viljum mótmæla kröftuglega, og verður hér á eftir nánar vikið að þessum athugasemdum.

Tekið skal fram, að undrun sætir, að jafn þýðingarmikið mál eins og tilhögun dagskrár fyrir kosningar verði nær einvörðungu útkljáð af fulltrúum starfandi stjórnmálaflokka, sem eðlilega gætu haft hagsmuni af því að takmarka tjáningarmöguleika nýrra framboða af mjög skiljanlegum ástæðum.

Munu nú sett fram okkar sjónarmið.

1. Í hinni almennu flokkakynningu (sbr. liður a.) er þeim, sem bjóða fram í einu kjördæmi, ætlaðar 5 mínútur til kynningar framboði sínu. Hér teljum við, að ekki megi beita höfðatölureglunni, og viljum í því sambandi benda á, að ekki er svo við haft milli stjórnmálaflokkanna, enda þótt stærðarmunur þeirra sé mikill. Það er, að okkar mati, ekki hægt að tala um raunhæfa flokkakynningu, nema lágmarkstími verði 10—15 mínútur fyrir hvert framboð.
2. Á sama upplýsingarblaði kemur fram, að undir liðunum

b, c, d og væntanlega e er þessum nýju framboðum ekki ætlaður nokkur tími. Hér er um að ræða framboðsfundi í sjónvarpssal, setið fyrir svörum, og hringborðsumræður, eða að frá 7. júní til kosningadags koma aðeins stjórnmálaflokkarnir fram í þessum fjölmiðli. Er þessu fyrirkomulagi harðlega mótmælt, enda stangast slík tilhögun algjörlega á við grundvallarreglur lýðræðis og mannréttinda. Jafnframt er ákvæði um frjálsa stofnun félaga svo og bann við tjáningarfrelsi gróflega brotin með slíkum ákvörðunum.

Við viljum einnig vekja athygli á 3. gr. útvarpslaga, þar sem lýst er, að gæta skuli fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum.

Framangreind tilhögun fær því ekki staðist gagnvart grundvallarreglum laga og verður af okkar hálfu, ef ekki fæst leiðrétting, notað hvert það tækifæri lögum samkvæmt til leiðréttingar á þessu ranglæti.

3. Undir lið f, þ. e. flokkakynning í hljóðvarpi, er öllum flokkum ætlaður jafn tími, verður af okkar hálfu að lýsa undrun yfir þessum rausnarskap. Er engu líkara en slæm samviska fulltrúa stjórnmálaflokkanna hafi ráðið þarna ferðinni.

Verði af hálfu útvarpsráðs fallist á sanngjarnar leiðréttingar á ofangreindum málum, erum við reiðubúnir að sætta okkur við minni tíma en starfandi stjórnmálaflokkar í hljóðvarpinu.

Virðingarfyllst.
Umboðsmenn lista óháðra kjósenda,
Dr. Vilhjálmur G. Skúlason,
Sigurður Helgason".

Bréf þetta ber áritun um móttöku Péturs Guðfinnssonar þann 26. maí 1978.

Málsvörn gerðarþola er á þessa leið, svo sem hún kemur fram í greinargerð:

„Krafa gerðarbeiðanda um, að lagt verði lögbann við því, að fluttir verði í sjónvarpi fjórir þættir, sem snerta undirbúning kosninga til Alþingis, er reist á þeim rökum, að útvarpsráð hafi með ákvörðun um tilhögun þáttanna mismunað þeim, sem standa að framboði V-Listans í Reykjaneskjördæmi með því að ætla þeim minni rétt en stjórnmálaflokkum, sem hafa átt fulltrúa á Alþingi, og þannig brotið gegn ákvæði l. 19/1971, 3. gr., 3. mgr.

Í lokamálsgrein í rskj. 3 segja fyrirsvarsmenn gerðarbeiðanda, að þeir séu reiðubúnir að sætta sig við minni tíma en stjórnmálaflokkar í hljóðvarpinu. Af þessu má ráða, að þeir telji ekki óeðlilegt, að þeim sé ætlaður nokkru styttri tími í sjónvarpsdagskrá en starfandi stjórnmálaflokkum. Gerðarbeiðandi virðist því telja, að útvarpsráð hafi ekki metið réttilega, hvernig skipta ætti kynningar- og umræðutíma í sjónvarpi milli framboðsaðilja. Hann ætlar dómstólunum að meta, hvað sé hæfilegur tími handa V-listanum í sjónvarpsdagskránni, til þess að jafnvægi náist.

Þetta stríðir gegn ákvæðum útvarpslaganna. Í 6. gr. þeirra segir:

„Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum og leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda . . . Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar."

Í þessum síðustu orðum liggur, að æðri stjórnvöld en útvarpsráð geta ekki breytt tilhögun dagskrár, og því síður geta dómstólar gert það.

Hvergi er bein lagaheimild fyrir því, að dómstólar geti með dómi bannað, að tilteknir þættir skuli fluttir í sjónvarpi *vegna þess eins,* að ekki hafi verið gætt fyllstu óhlutdrægni, og það leiðir ekki af 60. gr. stjórnarskrárinnar eða grundvallarreglum laga, að dómstólar geti þetta.

Með tilvísun til l. 18/1949, 1. gr. og 26. gr., krefst ég þess, að beiðni þeirri um lögbann, sem hér liggur fyrir, verði hafnað, þar sem það er ekki á valdi dómstóla að kveða á um efni sjónvarpsdagskrár og eigi heldur að banna flutning sjónvarpsþátta, þó að telja mætti, að í þeim væri ekki gætt fyllstu óhlutdrægni.

Í 26. gr. l. 18/1949 er gert ráð fyrir, að leggja megi lögbann við athöfn stjórnvalds, ef (1) dómstólar eiga úrlausn máls eða (2) telja má þann, sem fer með framkvæmdarvald, hafa farið út fyrir valdsvið sitt.

Útvarpsráð hefir fjallað um stjórnmálakynningu og stjórnmálaumræður í sjónvarpi fyrir væntanlegar alþingiskosningar með sama hætti og lengi hefir tíðkast. Sömu sjónarmið liggja að baki ákvörðunum þess og gert hafa við alþingiskosningar á undanförnum árum. Ráðið miðar við, að það sé í samræmi við lýðræðislegar grundvallarreglur að hafa hliðsjón af því, í hve mörgum kjördæmum flokkur hefir menn í framboði, þegar metið er, hve langur tími flokknum er ætlaður í takmörkuðum dagskrártíma til að kynna viðhorf sín og stefnumið.

Það kemur fram í málsskjölum í þessu máli, að gerðarbeiðandi virðir þessi sjónarmið, þó að hann meti á annan hátt en útvarpsráð, hver séu hin eðlilegu hlutföll milli dagskrártíma stjórnmálaflokkanna.

Útvarpsráð verður með engu móti talið hafa farið út fyrir valdsvið sitt með því að ákveða tilhögun sjónvarpsdagskrár um stjórnmálaumræður á þann hátt sem gert hefir verið. Í l. 18/1949, 26. gr., síðustu málsgrein, felst því ekki heimild til lögbanns af því tilefni, sem gerðarbeiðandi ber fyrir sig. Einnig með tilvísun til þessa lagaákvæðis er þess því krafist, að framkominni beiðni um lögbann verði hafnað.

Ekki er hægt að líta fram hjá því, að lögbann við flutningi þeirra sjónvarpsþátta, sem hér er rætt um, mundi raska mjög rétti annarra stjórnmálaflokka en þeirra samtaka, sem að V-listanum í Reykjaneskjördæmi standa. Verður að telja mjög óeðlilegt og reyndar gagnstætt almennum réttarfarsreglum að kveða upp úrskurð um lögbannsbeiðni þá, sem hér liggur fyrir, án þess að þeim stjórnmálaflokkum sé gefið tækifæri til að gæta réttar síns í lögbannsmálinu, sem orðið geta fyrir verulegri réttarskerðingu, ef fógetarétturinn úrskurðar, að lögbann skuli lagt við flutningi hinna umræddu sjónvarpsþátta.

Ef til lögbanns kemur, verður sjónvarpið að kosta miklu til breyttrar dagskrár á þeim tíma, sem stjórnmálakynningu og umræðum hefir verið ætlaður. Er það mat forráðamanna sjónvarpsins, að kostnaður vegna breyttrar dagskrár verði að minnsta kosti kr. 1.500.000.- á klukkustund, en þættirnir, sem krafist er, að bannað verði að flytja, taka 7½ klst. Kostnaður sjónvarpsins vegna breyttrar dagskrár verður því eigi lægri en kr. 11.250.000.-.

Því hefir verið lýst af hálfu gerðarbeiðanda, að mál út af lögbannsbeiðni þessari verði rekið á öllum dómstigum, ef þörf krefjist. Málskostnaður gæti því orðið mjög mikill, því að um háar fjárhæðir er að ræða. Er þess því krafist, að trygging fyrir greiðslu tjóns og miskabóta verði ákveðin kr. 12.500.000.-".

Gerðarbeiðandi mótmælir sjónarmiðum þeim, er fram koma í greinargerð gerðarþola, og sérstaklega kröfum um lögbannstryggingu.

Í lögbannsmáli þessu verður ekki lagður á það neinn dómur, hvort rétt var að synja aðstandendum V listans um þá þátttöku í fyrirhugaðri kosningadagskrá sjónvarps, sem þeir halda fram, að þeir eigi heimting á. En þó segja mætti, að þeir séu að einhverju vanhaldnir af ákvörðunum útvarpsráðs í þessu efni, leiðir

engan veginn af því, að þeir eigi rétt til, að þátttaka af hendi annarra framboðslista skuli falla niður. Ber því að neita um hina umbeðnu lögbannsgerð.

Framkomnar málskostnaðarkröfur verða ekki teknar til greina, og fellur málskostnaður niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögbannsgerð fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 16. desember 1980.

Nr. 10/1978. **Meyvant Meyvantsson**
(Sigurður Helgason hrl.)
gegn
Steypustöðinni h/f
(Skúli Pálsson hrl.).

Umboð. Skuldamál. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1978. Hann krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 648.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 30. nóvember 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 31%

ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en vexti.

Í samræmi við kröfur þær, sem Steypustöðin h/f gerði í héraði, var áfrýjanda gert að greiða dráttarvexti, 2.5% á mánuði. Fyrir Hæstarétti hefur stefndi gert aðra vaxtakröfu. Verður hún tekin til greina, þó þannig, að ársvextir verða ekki dæmdir hærri en 30%, þar sem hinum áfrýjaða dómi hefur eigi verið gagnáfrýjað. Ekki er ágreiningur milli aðilja um það, frá hvaða degi áfrýjandi skuli greiða vexti, ef til komi.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Meyvant Meyvantsson, greiði stefnda, Steypustöðinni h/f, 648.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 30. nóvember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Áfrýjandi greiði stefnda 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 13. desember 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 30. nóv. sl., höfðaði Steypustöðin h/f, Sævarhöfða 4, Reykja-

vík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 6. apríl 1977, gegn Meyvant Meyvantssyni, Skipasundi 3, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 648.000 ásamt 2.5% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 30. nóv. 1976 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krafðist í greinargerð aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda yrði gert að greiða málskostnað að mati dómsins. Varakröfu gerði stefndi um verulega lækkun á stefnukröfunum og að málskostnaður yrði látinn falla niður.

Við munnlegan málflutning féll lögmaður stefnda frá varakröfu sinni og krafðist þess, að stefndi yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda yrði gert að greiða málskostnað að mati dómsins.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Mál þetta er höfðað til greiðslu tveggja reikninga, sá fyrri þeirra er dags. 15. nóv. 1976 yfir 8550 tunnur grús, á kr. 72 hver eining, eða samtals kr. 615.600, og sá seinni, dags. 30. nóv. 1976, yfir 450 tunnur grús, á kr. 72 hver eining, eða samtals kr. 32.400. Samtals gera reikningar þessir kr. 648.000. Fyrri reikningurinn er stílaður á íþróttahús Árbæjarskóla, Meyvant Meyvantsson, og sá seinni á íþróttavallarhús Árbæjar, Meyvant Meyvantsson.

Halldór Jónsson, forstjóri stefnanda, var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá forstjóra stefnanda, að fyrirsvarsmenn stefnanda hefðu samið við stefnda út af þeim viðskiptum, sem málið er af risið. Samið hafi verið um afslátt á verðinu gegn staðgreiðslu. Fyrirsvarsmenn stefnanda hafi vitað, að stefndi hafi tekið að sér sem undirverktaki að framkvæma ákveðið verk fyrir Pétur Gunnarsson. Vakin var athygli forstjóra stefnanda á því, að ein af nótunum, sem fylgir reikningnum á dskj. nr. 3, þ. e. nóta nr. 9933, væri ekki kvittuð um móttöku. Forstjóri stefnanda sagði, að það kæmi oft fyrir, þegar verið væri að afhenda grús, að þegar einn bíllinn kæmi, þá væri enginn á staðnum til þess að kvitta nótuna og þá væri það bara látið bíða með kvittunina.

Pétur Sverrir Gunnarsson byggingameistari var yfirheyrður vegna máls þessa. Hann kvaðst hafa verið aðalverktaki við byggingu íþróttavallarhúss Árbæjar. Stefndi hafi verið undirverktaki og hafi hann tekið að sér að grafa fyrir húsinu og fylla upp með

grús grunn og bílastæði framan við íþróttavallarhúsið. Samningur hafi verið munnlegur. Samið hafi verið um, að stefndi gengi inn í ákveðið tilboð, sem varðaði jarðvinnu á þessari byggingu, þ. e. uppgröft fyrir húsinu og fyllingu inn í grunn og fyllingu á bílastæði utan við húsið eða framan við húsið. Menn þeir, sem unnu verkið, hafi verið starfsmenn stefnda og hann hafi greitt þeim laun. Pétur afhenti réttinum uppgjör, dskj. nr. 7. Stefndi hafi gengið inn í tilboð á bls. 1 á dskj. nr. 7, að undanskildu 10% af heildartilboðstölunni. Stefndi hafi tekið að sér eftirtalda þætti, sem taldir séu á bls. 1 á dskj. nr. 7: 01, gröftur fyrir húsi, 02, gröftur fyrir lögnum í grunni í fyllingu, 04, gröftur undan fyllingu í plani, 01, fylling í grunn, 02, fylling í bílastæði, 03, fylling yfir lagnir í grunni að nýju. Stefndi hafi fengið greiddar fjárhæðir þær, sem greindar eru á bls. 2 og 3 á dskj. nr. 7, og meira til, þ. e. kr. 45.900 vegna liðs 02, undir lið 1-101. Uppgjör á dskj. nr. 7 sé fullnaðaruppgjör Péturs við stefnda nema 5%, sem stefndi eigi inni hjá Pétri og Pétur aftur inni hjá Reykjavíkurborg.

Pétur Sv. Gunnarsson andmælti því, að stefndi hefði tekið við vöru þeirri, sem málið er af risið, í umboði og á ábyrgð hans. Pétur sagði, að sér væri ókunnugt um samninga stefnda við Steypustöðina.

Fram kom hjá stefnda, að hann hefði fengið menn í það að grafa fyrir byggingu íþróttavallarhúss Árbæjar og fylla af grús. Stefndi hafi tekið út peninga hjá Pétri Sveinbjörnssyni, mun eiga að vera Pétri Sv. Gunnarssyni, öðru hverju og stefndi kvittað fyrir og svo hafi Pétur látið stefnda hafa uppgjör í sambandi við þetta og stefndi borgað þessa reikninga, sem hann kvittaði á fyrir þá, sem unnu við gröftinn. Stefndi kvaðst sjálfur ekki hafa unnið við gröftinn, en ráðið menn til að vinna við gröftinn og fengið peninga hjá Pétri og borgað. Stefndi kvaðst ekki bera ábyrgð á þessu verki og hafa aldrei gert neinn samning við Pétur. Stefndi hafi aldrei verið skráður verktaki að þessu verki. Stefndi sagði, að talað hefði verið um afslátt á verði grúsarinnar í sambandi við steypu. Í sambandi við staðgreiðslu hafi verið talað um, að þetta mundi gerast upp, þegar peningar kæmu frá Pétri. Þá er stefndi var fyrir dómi, var vakin athygli hans á reikningunum á dskj. nr. 3 og 4 og að nóturnar væru allar móttökukvittaðar af honum nema ein. Stefndi var spurður að því, hvort hann hefði verið á staðnum og tekið á móti þessu öllu. Játaði stefndi því. Fram kom hjá stefnda, að hann hefði bæði samið um kaupin og tekið á móti vörunni. Stefndi viðurkenndi að hafa

undirritað reikninginn á dskj. nr. 7. Stefndi kvaðst hafa undirritað reikninginn sem fulltrúi Péturs og ítrekaði að hafa aldrei skrifað undir neina verksamninga við þetta verk. Aðspurður um það, hvort stefndi hafi ekki fengið greiddar fjárhæðirnar á dskj. nr. 7, neitaði stefndi því ekki, en kvaðst alltaf hafa átt eftir að tala við Pétur, en það hafi verið miklu meira, sem hann lagði út heldur en hann fékk.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi verið undirverktaki við smíði íþróttavallarhúss Árbæjarskóla, þegar hann tók út grúsina. Þess vegna hafi reikningarnir á dskj. nr. 3 og 4 fyrst verið stílaðir á það hús. Stefndi hafi keypt grúsina sjálfur persónulega, með því að hann hafi verið sjálfstæður undirverktaki, og því séu reikningarnir réttilega stílaðir á hann. Reikningarnir séu skrifaðir út skv. gildandi verðlista þess tíma, er úttekt fór fram, en samið hafi verið um lægra verð, ef um staðgreiðslu yrði að ræða, enda hafi henni verið lofað, en þar sem ekki var staðið við það, séu forsendur fyrir afslætti brostnar.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að ljóst væri, að dæma beri stefnda til greiðslu dómkröfunnar, enda væru fullyrðingar af hálfu stefnda um aðildarskort ósannaðar, sbr. framburð Péturs Sv. Gunnarssonar. Í þessu sambandi var bent á 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7 frá 1936 og Hrd. 1969, bls. 490. Stefndi hafi játað að hafa ráðið menn til starfa og að hafa greitt laun.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa á því reist, að stefndi eigi ekki aðild að máli þessu. Hann hafi tekið við varningi þeim, sem stefnandi sendi til byggingar íþróttavallarhússins við Árbæ, í umboði og á ábyrgð Péturs Sv. Gunnarssonar húsasmiðs, Hraunbæ 142, Reykjavík. Þetta hafi forsvarsmönnum stefnanda verið fullkunnugt. Staðhæfingu lögmanns stefnanda á dskj. nr. 2 um, að stefndi hafi keypt grús sjálfur persónulega, með því að hann hafi verið sjálfstæður undirverktaki, er andmælt sem rangri og ósannaðri.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, þar sem hann væri ekki aðili málsins, sbr. framburð Péturs Sv. Gunnarssonar á bls. 13 í endurriti. Stefnandi eigi að krefja verktakann um greiðslu, þar sem grúsin hafi verið seld verktakanum. Stefnda varði ekkert um það, um hvaða verð hafi verið samið.

IV.

Álit dómsins.

Stefndi hefur viðurkennt að hafa samið við stefnanda um kaup á vöru þeirri, sem stefnandi krefur stefnda um greiðslu á. Stefndi hefur viðurkennt að hafa tekið við vörunni. Stefndi hefur viðurkennt að hafa undirritað reikninginn á dskj. nr. 7, en sú undirritun er greiðslukvittun á reikning frá stefnda til Péturs Sv. Gunnarssonar húsasmíðameistara vegna íþróttavallarhúss við Árbæjarvöll. Þegar litið er til dskj. nr. 7, ofangreindrar viðurkenningar stefnda, framburðar Péturs Sv. Gunnarssonar svo og framburðar forstjóra stefnanda, þá verður að telja, að stefnda beri að sanna, að hann eigi ekki að greiða hina umstefndu skuld. Það hefur hann ekki sannað, og þar sem stefndi hefur fallið frá varakröfu sinni um lækkun stefnufjárhæðar, verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 109.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Eyvindur Valdimarsson verkfræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Meyvant Meyvantsson, greiði stefnanda, Steypustöðinni h/f, kr. 648.000 með 2.5% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 30. nóv. 1976 til greiðsludags og kr. 109.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. desember 1980.

Nr. 2/1979. **Hans Kristinsson**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Gunnari Einarssyni
(Stefán Pálsson hrl.).

Uppboð. Skuldabréf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. janúar 1979. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og hið umbeðna uppboð á íbúð á 2. hæð til hægri að Safamýri 56 í Reykjavík látið fram fara á ábyrgð áfrýjanda. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl. Af þeim kemur m. a. fram, að afborganir og vextir af veðskuldabréfum þeim, sem um er fjallað í máli þessu og greiða átti 1. mars 1979 og 1. mars 1980, voru greiddar inn á geymslureikning í Landsbankanum hinn 1. mars 1979 og 3. mars 1980. Þá kemur fram, að stefndi hefur selt hina veðsettu íbúð. Var afsal dagsett 18. júní 1979 og því þinglýst 27. s. m.

Áfrýjandi telur, að framangreindar greiðslur á geymslureikningi í Landsbankanum hafi verið haldnar ýmsum annmörkum. Úr því verður ekki skorið í þessu máli, hvort svo hafi verið, þar sem greiðslur þessar voru inntar af hendi eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða úrskurðar.

Áfrýjandi beindi kröfu sinni um uppboð réttilega að stefnda, sem var eigandi íbúðar þeirrar, sem hann krafðist uppboðs á. Stefndi var enn þinglýstur eigandi íbúðarinnar, þegar áfrýjunarstefna var gefin út. Verður ekki talið, að

máli skipti við endurskoðun hins áfrýjaða úrskurðar, þótt stefndi hafi nú afsalað íbúðinni, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949 og 54. gr. laga nr. 85/1936.

Veðskuldabréf þau, sem í málinu greinir, eru handhafabréf. Afborgana og vaxta átti því að vitja til stefnda. Samkvæmt venju, sem telja verður alþekkta, gat áfrýjandi þó með hæfilegum fyrirvara mælt fyrir um það, að stefndi innti greiðslurnar af hendi í þeim bönkum, sem áfrýjandi telur sig hafa falið skuldabréfin til varðveislu og innheimtu. Ósannað er, að áfrýjandi hafi krafið stefnda þess, að greiðsla yrði reidd þar af hendi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hans Kristinsson, greiði stefnda, Gunnari Einarssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Við teljum, að heimilt sé í þessu hæstaréttarmáli að leggja dóm á það, hvort eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða úrskurðar hafi orðið vanskil af hendi stefnda, sem sjálfstætt eða ásamt öðru renni stoðum undir kröfu hans um uppboð. En þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að annari niðurstöðu um þetta atriði, er ekki ástæða til, að við tökum afstöðu til krafna áfrýjanda að því leyti sem þær eru studdar þessum rökum.

Með þessari athugasemd erum við samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 8. desember 1978.

Gerðarbeiðandi, Hans Kristinsson, Akraseli 34 hér í borg, hefur krafist þess, að 4ra herbergja íbúð á 2. hæð til hægri m. m. í húsinu nr. 56 við Safamýri, þinglýst eign Gunnars Einarssonar, Engjavegi 59 á Selfossi, verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar veðskuldum á þessa leið: Kr. 277.468, sem eru vextir frá 1. mars 1977 til 1. mars 1978, 2.312.226 kr., 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 607.788 frá 1. mars 1978 til 5. apríl 1978, 12% ársvöxtum af kr. 1.981.906 frá 1. mars 1978 til 29. mars 1978, 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 1.981.906 frá 29. mars 1978 til greiðsludags, innheimtulaunum og kostnaði við uppboðið, en að frá dregnum kr. 659.253.

Gerðarbeiðandi krefst þess, að gerðarþoli verði úrskurðaður til að greiða málskostnað vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Gerðarþoli hefur krafist þess, að synjað verði um uppboðið. Hann krefst þess, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til þess að greiða sér málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór þann 6. þessa mánaðar.

Í máli þessu liggja fyrir 4 veðskuldabréf, hvert að fjárhæð kr. 660.636.25, gefin út til handhafa þann 21. júní 1976 af Gunnari Einarssyni, Hamrahlíð 25, og meðundirrituð af Ingibjörgu Guðmundsdóttur. Skuldirnar skal greiða með jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta skipti þann 1. mars 1977, ásamt 12% ársvöxtum, sem reiknast frá 1. mars 1976. Til tryggingar skuldunum er veðsett með samhliða 4. veðrétti 4ra herbergja íbúð á 2. hæð t. h. í húsinu nr. 56 við Safamýri ásamt því, er þeim eignarhluta fylgir. Tíðkanleg ákvæði eru í bréfunum um, að verði ekki staðið í skilum með afborganir og vexti, séu skuldirnar í gjalddaga fallnar án fyrirvara og megi þá sem endranær á gjalddaga taka veðið fjárnámi án dóms eða selja á uppboði án dóms eða aðfarar skv. 1. gr. laga 57/1949.

Bréf þessi eru undirrituð í tveggja votta viðurvist, og þeim er athugasemdalaust þinglýst þann 23. júní 1976. Hvert þeirra ber áritun um greidda afborgun, kr. 82.580, og vexti, kr. 79.277, hvort tveggja þann 4. mars 1977, og um að eftirstöðvar hvers bréfanna séu þá kr. 578.056.

Það liggur fyrir, að í nóvember 1976 hefur Gunnar Magnús Einarsson flutt heimilisfang sitt frá Hamrahlíð 25 að Engjavegi 59 á Selfossi, sbr. þjóðskrárvottorð, rskj. 16.

Tómas Gunnarsson héraðsdómslögmaður ritar gerðarþola, Gunnari Einarssyni, bréf þann 29. mars 1978 og kveðst hafa ofannefnd veðskuldabréf með höndum. Tvö þeirra hafi undanfarið verið til innheimtu í Búnaðarbanka Íslands og tvö í Landsbanka Íslands og hafi gerðarþoli látið undan fallast að greiða umsamdar afborganir og vexti þann 1. mars þrátt fyrir ítrekaðar kröfur bankanna. Er nú krafist tafarlausrar greiðslu á hinum gjaldföllnu kr. 607.788 ásamt 3% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. mars 1978 til greiðsludags og innheimtulaunum, kr. 60.314. Enn fremur segir í bréfi þessu, að ákveðið hafi verið að gjaldfella allar eftirstöðvar veðskuldanna, og er skorað á gerðarþola að ganga til samninga um greiðslu þeirra. Er gerðarþola settur frestur til 10. apríl til þess að greiða eða semja um greiðslu þessara fjárhæða. Sjá hér rskj. 13.

Gerðarþoli svarar bréfi þessu þann 5. apríl. Hann segist engar tilkynningar hafa fengið um verustað veðskuldabréfanna fyrri en með bréfinu á rskj. 13 og kveðst senda kr. 607.786 til greiðslu afborgana og vaxta, kr. 36.467 í dráttarvexti og kr. 15.000 í ómakslaun lögmanns. Mótmælt er eindögum eftirstöðva veðskuldanna. Bréf þetta er lagt fram sem rskj. 14 í máli þessu, og hefur Tómas Gunnarsson ritað á skjalið: „Samhljóða frumrit og ávísun móttekið í dag sem uppígreiðslu. Reykjavík, 5. apríl 1978", og ritað nafn sitt undir.

Hann áréttar síðan eindögun veðskuldanna í bréfi til gerðarþola þann 26. apríl 1978 og getur þess, að sú greiðsla, er fram fór þann 5. sama mánaðar, hafi verið ónóg að því er viðkom greiðslu lögmannskostnaðar. Er enn skorað á gerðarþola að greiða eftirstöðvar veðskuldanna, svo komist verði hjá uppboði, og gerðarþola gefinn frestur til þeirra hluta til 10. maí.

Uppboðsbeiðni er dagsett þann 7. júlí 1978. Gerðarþola er á tíðkanlegan hátt tilkynnt um framkomna uppboðsbeiðni 29. ágúst, auglýsing send til birtingar þann 14. september og birtist í 72., 75. og 79. tbl. Lögbirtingablaðsins 1978. Var uppboðið tekið fyrir á skrifstofu uppboðsréttarins þann 16. nóvember sl. og þá frestað til 18. desember.

Með bréfi sínu til uppboðshaldara, dags. 16. nóv. sl., mótmælti Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður því f. h. gerðarþola, að uppboð næði fram að ganga. Var uppboð tekið fyrir þann 21. sama mánaðar og þá ákveðið, að sérstakt uppboðsréttarmál skyldi rekið um framkominn ágreining. Er það mál hér til úrskurðar.

Málsútlistun gerðarbeiðanda byggir á því, að gerðarþoli hafi

gerst sekur um svo veruleg vanskil, að réttlæti fyllilega eindögun veðskuldanna og eftirfarandi uppboð. Hér sé um að ræða handhafabréf og þau hafi verið í innheimtu í bönkum hér í borg, tvö í Landsbanka Íslands, tvö í Búnaðarbanka Íslands. Gerðarþoli hafi greitt skilvíslega það, sem honum bar þann 1. mars 1977, og er leið að gjalddaga 1978 hafi hann þannig haft að vísu að ganga um greiðslustað, eða a. m. k. hefði hann þá getað fengið allar upplýsingar um breytta handhöfn með því að leita til banka þessara. En nú hafi brugðið svo við, að gerðarþoli hafi látið undan fallast að greiða þrátt fyrir kröfur banka. Nánast um miðjan mars hafi gerðarbeiðandi komið í bankana til að grennslast fyrir um greiðslur, en er allt sat við sama, hafi hann óskað þess, að tilkynningar yrðu ítrekaðar, og er engin greiðsla hafði borist þann 29. mars, hafi hann tekið bréfin til innheimtuaðgerða. Nú hafi gerðarþola verið tilkynnt um eindögun allra eftirstöðva veðskuldanna, svo sem að framan er lýst. Það sé að vísu trúlegt, að bankarnir hafi tilkynnt gerðarþola um handhöfn til þess heimilisfangs, sem skuldabréfin greina, að því er Búnaðarbankanum viðkom, eða að Safamýri 56, að því er Landsbankanum viðkom, sbr. vottorð þess banka á rskj. 21. Megi þannig vera, að þær hafi ekki borist honum, enda þótt hann muni oft hafa vitjað póstsendinga til sín á síðarnefnda staðinn. En allt slíkt hljóti að vera á ábyrgð gerðarþola sjálfs, hann hafi áður borgað afborganir og vexti af skuldunum í nefndum bönkum, hafi því mátt vita, að bréfin mundu vera þar til innheimtu og hafi því borið að eiga upptök að því að láta bankana vita um aðsetursskiptin.

Því er mótmælt af gerðarþola hálfu, að um nokkurn uppboðsgrundvöll sé að ræða. Veðskuldabréfin séu gefin út til handhafa og nefni ekki greiðslustað, þar af leiðandi sé gjalddagi ekki kominn, fyrr en handhafi segi til sín á heimili greiðanda. Er mótmælt, að gerðarþoli hafi nokkuð vitað um handhafa eða mátt vita, fyrr en honum barst bréfið á rskj. 13, en þá hafi hann þegar í stað brugðið við og borgað allt, er honum bar, og auk þess utan skyldu dráttarvexti og lögmannskostnað. Í þessu sambandi skipti engu máli, þótt gerðarþoli hafi áður greitt af skuldabréfunum í hinum tilteknu bönkum, og að sjálfsögðu hafi hann gert skyldu sína með því að tilkynna aðsetursskipti til þjóðskrár, það hafi þá verið handhafa bréfanna að leita þangað um upplýsingar, ef honum sýndist.

Þar eð hér er um handhafabréf að ræða, hafði gerðarþoli ekki

skyldu til að greiða, fyrr en handhafi sagði til sín. Gegn mótmælum gerðarþola er ekki sannað, að hann hafi vitað eða mátt vita um handhöfn veðskuldabréfanna, fyrr en bréf lögmanns gerðarbeiðanda, dagsett 29. mars 1978, var komið til hans, en þá greiddi gerðarþoli strax hinar áföllnu afborganir og vexti. Verður því að telja, að yfirlýsing gerðarbeiðanda um eindögun allra veðskuldanna hafi verið staðlaus svo og hin síðar fram komna uppboðsbeiðni á þeim grundvelli.

Er synjað um framgang uppboðs, og verður málskostnaður í uppboðsréttarmáli þessu lagður á gerðarbeiðanda. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 80.000.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboð nær ekki fram að ganga.

Gerðarbeiðandi, Hans Kristinsson, Akraseli 34, greiði gerðarþola, Gunnari Einarssyni, Engjavegi 59, kr. 80.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. desember 1980.

Nr. 245/1980. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Erni Ingólfssyni.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. þ. m., sem barst Hæstarétti 16. s. m. Greinargerð skipaðs réttargæslumanns varnar-

aðilja barst Hæstarétti 17. þ. m. og einnig greinargerð ríkissaksóknara.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst réttargæslumaðurinn þess, að honum verði dæmd þóknun úr ríkissjóði vegna flutnings máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari krefst þess, að varnaraðilja verði meinuð för af landinu til 1. apríl 1981, svo sem upphaflega var krafist af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir sakadómi Reykjavíkur hinn 10. nóvember sl., en öðrum meðkærðu hafi verið gert að sæta farbanni til þess dags.

Svo sem í hinum kærða úrskurði getur, er varnaraðili kærður fyrir fjársvik, sbr. 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk þess sem grunur leikur á, að hann kunni að hafa átt þátt í skjalafalsbroti, sbr. 155. gr. sömu laga.

Ákæra hefur ekki verið gefin út á hendur varnaraðilja vegna brota þeirra, sem hann er kærður fyrir, en rannsóknargögn voru send ríkissaksóknara til ákvörðunar 6. f. m.

Rannsókn í máli varnaraðilja er viðamikil, og þörf kann að vera frekari rannsóknar og nærveru hans.

Ber að svo vöxnu máli að taka til greina kröfu um að meina varnaraðilja brottför af landinu allt til 1. apríl 1981, sbr. 72. gr. laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Í greinargerð skipaðs réttargæslumanns varnaraðilja fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, er farið óviðurkvæmilegum orðum um rannsóknarlögreglumenn og þeir bornir órökstuddum sökum um að hafa eigi farið að lögum við kröfugerð í máli þessu. Ber að átelja hæstaréttarlögmanninn fyrir ummæli þessi og ásakanir.

Dómsorð:

Varnaraðilja, Sigurði Erni Ingólfssyni, er óheimil brottför af landinu allt til 1. apríl 1981.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1980.

Ár 1980, föstudaginn 12. desember, var á dómþingi sakadóms

Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins að Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Sigurður Örn Ingólfsson, fæddur 7. júlí 1935, sat í gæsluvarðhaldi frá 4. júlí 1980 til 20. ágúst 1980 samkvæmt fimm úrskurðum sakadóms Reykjavíkur. Í greinargerð, sem fylgdi kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins 1. ágúst 1980 um framlengingu gæsluvarðhaldsvistar hans, er sakarefninu lýst þannig:

„RLR mál nr. 1360/80.

Þann 8. maí s.l. barst RLR kæra Jóns Sveinssonar, hdl., f. h. Hauks Ármannssonar, Stillholti 14, Akranesi, vegna ætlaðra fjársvika Edvards Lövdahl. Málsatvik eru í stuttu máli þessi:

Þann 25. apríl s.l. seldi Haukur Ármannsson Edvardi Lövdahl bifreið sína af gerðinni Toyota Cressida, station, árgerð 1978, með skráningarnúmerinu E-93. Umsamið kaupverð var kr. 5.900.000, og skyldi það greiðast með þremur víxlum að upphæð 1.500 þúsund kr. með gjalddaga 5/5 1980, kr. 2.200.000 með gjalddaga 15/6 1980 og kr. 2.200.000 með gjalddaga 15/7 1980. Víxlarnir voru allir samþykktir af fyrirtækinu Kambi h.f. pr. pr. Kambur h.f. Óskar G. Hansson, P. O. box 5524, Reykjavík, og útgefnir af kaupanda Edvardi Lövdahl, Kríuhólum 2, Reykjavík, og framseldir af sama og ábektir af Erni Ingólfssyni. Fyrsti víxillinn, sem gjaldféll 5/5 s.l., var afsagður sökum greiðslufalls í Reykjavík. Svo sem gögn málsins bera með sér, gengu kaup þessi til baka, en skaðabótakröfu Hauks Ármannssonar að fjárhæð kr. 418.205 hefur Edvard Lövdahl alfarið vísað á bug. Óskar G. Hansson samþykkti víxla f. h. Kambs h.f., samtals að fjárhæð kr. 40 milljónir, auk víxla að fjárhæð kr. 20 milljónir persónulega, sem lofað var, að yrðu stimplaðir af fyrirtækinu síðar. Þess skal getið, að Óskar hefur borið, að hann hafi átt að fá starf við fyrirtækið Kamb h.f. og hafi það verið forsendan fyrir því, að hann féllst á að rita nafn sitt á víxla þessa. Ekki er vitað, hvort fleiri víxlar en taldir voru hér að framan hafi farið í umferð, en kærðu Edvard Lövdahl og Örn Ingólfsson segja svo ekki vera. Ekki hefur reynst unnt að kanna, hvort staðhæfing kærðu um þetta atriði sé rétt.

RLR mál nr. 1805/80.

Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur borist kæra Steingríms Þórissonar á hendur Erni Ingólfssyni fyrir fjársvik. Telur Steingrímur, að kærði hafi vélað hann til að kaupa borstól, sem hafi

verið ónýtur og ónothæfur. Kaupverðið var kr. 16.8 milljónir, sem greitt var með 48 víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 350.000. Í ljós hefur komið, að nokkrum vikum áður hafði Örn Ingólfsson fengið umræddan bor upp í bílaviðskipti, og var hann metinn á u. þ. b. 3 milljónir kr. Kærði hefur alfarið neitað að hafa beitt svikum í þessum viðskiptum.

RLR mál nr. 1931/80.

Svo sem málsatvik bera með sér í máli nr. 1537/80, rakti RLR feril vara til Ágústs Salómónssonar á Ísafirði. Hann skýrði svo frá, að kærðu Edvard Lövdahl og Örn Ingólfsson hafi vélað sig, drukkinn, til að taka í umboðssölu ýmsan varning gegn víxlum að fjárhæð samtals um 25 milljónir króna. Víxlar þessir hafi átt að vera til tryggingar því, að varningurinn seldist, og skyldi þeim skilað, ef svo færi, að varningurinn seldist ekki. Honum hafi þó tekist að fá víxlana til baka, en enn hefur ekki verið skilað víxlum að fjárhæð um 1.4 milljónir króna. Kærðu hafa viðurkennt að hafa staðið að þessum viðskiptum, en hvor um sig segist aðeins hafa verið hinum til aðstoðar eða milligöngumaður. Kærðu eru grunaðir um að hafa útbúið stimpla með nafninu Ágúst Salómónsson heildverslun, án samráðs við Ágúst og stimplað síðan víxlana til þess að gera þá auðseljanlegri. Voru víxlarnir síðan notaðir í bílaviðskiptum. Fram hefur komið í málinu, að kærðu seldu þennan sama varning þeim Jóhanni Ósland Jósepssyni og Guðmundi Ársælssyni, en kaup þeirra við Ágúst Salómónsson gengu til baka, og voru víxlar að fjárhæð kr. 23 milljónir og 640 þúsund, sem Ágúst Salómónsson hafði samþykkt, rifnir á flugvellinum á Ísafirði, svo sem nánar greinir frá í gögnum málsins. Rannsókn hefur þó leitt í ljós, að Ágúst Salómónsson mun hafa skrifað upp á fleiri víxla en í fyrstu var talið, og ekki er vitað, um hve háa fjárhæð þar er að ræða. Vitað er um víxla í umferð að fjárhæð 3 milljónir kr. umfram þær 23 milljónir og 560 þúsund kr., sem áður er getið og voru rifnir.

Við skýrslutöku af þeim Jóhanni Ósland Jósepssyni og Guðmundi Ársælssyni, sem sóttir voru til Kaupmannahafnar, kom einnig fram, að þeir höfðu í sameiningu keypt vélar í síldarverksmiðjunni í Djúpuvík af þeim Erni Ingólfssyni og Edvard Lövdahl fyrir 130 milljónir króna. Kaupverðið var greitt með víxlum, og telur Jóhann Ósland, að hann hafi gefið þá alla út, en Guðmundur Ársælsson samþykkt þá alla. Við húsleit, sem fram fór á heimili Edvards Lövdahl að Hörpugötu 12, Reykjavík, fannst

61 víxill að fjárhæð samtals kr. 65.650.000 undir rúmdínu. Víxlar þessir eru vegna vélakaupanna í síldarverksmiðjunni í Djúpuvík. Mjög mikið misræmi er í framburðum kærðu Arnar Ingólfssonar og Edvards Lövdahl um tilhögun þessara viðskipta, og ber brýna nauðsyn til að rannsaka það mál betur. Örn Ingólfsson bar það fyrir dómi þann 18. júlí s.l., að hann hefði rifið alla víxla vegna vélakaupanna í Djúpuvíkurverksmiðjunni, og þrátt fyrir að honum hafi verið bent á, að Edvard Lövdahl hefði aðra sögu að segja, breytti hann ekki framburði sínum um þetta atriði. Svo sem áður greinir, fannst 61 víxill í rúmi Edvards Lövdahl, og talið er, að Örn Ingólfsson hafi sjálfur sett í umferð a. m. k. 4 víxla að fjárhæð kr. 2.4 milljónir, en Rannsóknarlögreglu ríkisins hafa borist ljósrit tveggja þessara víxla, samtals að fjárhæð um 1.550 þúsund kr.

RLR mál nr. 1939/80.

Við yfirheyrslu vegna máls RLR nr. 1537/80 yfir Arngrími Pálmasyni kom fram, að hann taldi sig hafa verið gróflega svikinn í viðskiptum við Edvard Lövdahl og Örn Ingólfsson. Ber Arngrímur, að hann hafi selt þeim Edvard og Erni Ingólfssyni Chevrolet station bifreiðina, F-464, sem verðmetin var á 2.5 milljónir kr., og fengið greitt með skartgripum, sem þeir sögðu vera að verðmæti sömu upphæðar, en í ljós hafi komið, að verðmæti skartgripanna hafi aðeins verið um kr. 265.000 eða þar um bil. Kannast hvorugur við að hafa sjálfur staðið að þessum viðskiptum, en vísa hvor á annan um það atriði, en hins vegar var bifreiðin strax seld aftur Óskari G. Hanssyni í Vestmannaeyjum fyrir kr. 4.350.000 í víxlum."

Engin veruleg breyting hefur orðið á sakarefni frá 1. ágúst sl., er því var lýst á framangreindan hátt.

Kærða var sleppt úr gæsluvarðhaldi 20. ágúst 1980. Eigi var þá gerð krafa af hálfu ákæruvaldsins um, að honum yrði meinuð för af landinu. Hinn 6. nóvember 1980 var mál hans sent ríkissaksóknara til ákvörðunar. Með skriflegri kröfugerð rannsóknarlögreglu ríkisins 10. nóvember 1980 var þess krafist, að sakadómur legði farbann á kærða og meinaði honum för af landinu allt til 1. apríl 1981. Í greinargerð ríkissaksóknara 13. nóvember 1980 segir, að tekið sé undir kröfu rannsóknarlögreglunnar, „og þá í þeirri mynd, að dómari leggi fyrir kærða samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 74/1974 að halda sig hér á landi og innan íslenskrar lögsögu fyrst um sinn og þar til mál ákærða verður tek-

ið fyrir á ný og annað ákveðið.“ Í greinargerð skipaðs réttargæslumanns kærða, dagsettri 13. nóvember, var þess krafist, að kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins yrði hrundið.

Með ákvörðun sakadóms Reykjavíkur 26. nóvember 1980 var kærða með tilvísun til 72. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála meinuð brottför af Íslandi allt til 1. mars 1981 eða þar til annað yrði ákveðið.

Sigurður Örn Ingólfsson kærði ofangreinda ákvörðun til Hæstaréttar, sbr. 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Dómur gekk í málinu 4. desember 1980. Var dómsorðið svohljóðandi: „Kærumáli þessu er vísað heim í hérað, og ber dómara að kveða upp rökstuddan úrskurð um framangreinda kröfu.“

Með bréfum sakadóms Reykjavíkur 9. desember 1980 var skipuðum réttargæslumanni kærða, ríkissaksóknara og rannsóknarlögreglu ríkisins gefinn kostur á því að koma nýjum gögnum á framfæri við dóminn. Í greinargerð réttargæslumanns kærða 10. desember var þess krafist, að kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um farbann á Sigurð Örn Ingólfsson yrði hrundið. Jafnframt krafðist réttargæslumaðurinn þóknunar vegna þessa þáttar málsins. Með bréfi rannsóknarlögreglu ríkisins 11. desember sl. voru ítrekaðar þær kröfur, sem hafðar voru uppi í málinu þann 10. nóvember 1980. Engin ný gögn bárust frá ríkissaksóknara.

Krafa rannsóknarlögreglu ríkisins var lögð fram með vísan til 8. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 9. gr. laga nr. 107/1976 og 74. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 12. gr. laga nr. 107/1976 um framhaldsrannsókn. Eins og áður greinir, var tekið undir kröfuna af hálfu ríkissaksóknara

Mál kærða er flókið og umfangsmikið. Ósamræmi er mikið í framburði kærða og annarra, sem tengjast máli hans. Ákvörðunar ákæruvaldsins um áframhaldandi meðferð málsins er eigi að vænta fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Fjarvist kærða kæmi ekki aðeins í veg fyrir áframhaldandi meðferð á máli hans, heldur kynni hún að horfa til málspjalla í þeim málum, sem tengjast máli kærða. Er því rétt samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 74/1974 að meina kærða för af Íslandi í ákveðinn tíma. Ákveðst sá tími til 1. mars 1981.

Málskostnaður verður ekki dæmdur á þessu stigi málsins.

Úrskurðarorð:

Sigurði Erni Ingólfssyni er meinuð för af Íslandi fram til 1. mars 1981.